

5

Kaflar 9-11

- 9: Atvik frá 20. október 2008 - takmörkun á flutningsgetu, Alcoa o.fl.
- 10: Atvik frá 20. október 2008 - verðhækkanir, Norður-Ameríka o.fl.
- 11: Niðurstaða um brot Samskipa frá júní 2008 til byrjunar árs 2009

BROT SAMSKIPA GEGN BANNI VIÐ ÓLÖGMÆTU SAMRÁÐI





9. ATVIK FRÁ 20. OKTÓBER 2008 – TAKMÖRKUN Á FLUTNINGSGETU, ALCOA O.FL. 688

9.1. Inngangur	688
9.1.1. Yfirlit yfir samskipti frá 20. október 2008 til og með janúar 2009.....	692
9.2. Nokkur mikilvæg atriði tengd flutningsþjónustu fyrir Alcoa	694
9.2.1. Samskip töldu sig eiga tilkall til alls áflutnings Alcoa fyrir Evrópumarkað	695
9.2.2. Alcoa var mjög mikilvægur viðskiptavinur.....	698
9.2.3. Samskip fara fram á að Alcoa greiði hærra verð	699
9.3. Samskip segjast vera að ljúka samningum við Eimskip	701
9.4. Samskipti 22. október 2008 og atvik í kjölfarið	704
9.4.1. Samskipti m.a. Samskipa og Eimskips 22. október 2008	704
9.4.2. Eimskip fjallar um „nýtt Evrópukerfi Samskipa“	707
9.4.3. Tilboð Eimskips til Alcoa 24. október 2008	711
9.4.4. Skýringar (S)forstj, (E)forstj o.fl.....	716
9.5. Samskip og Eimskip draga úr flutningsgetu	719
9.6. Samskipti vegna leiguskipa Samskipa í nóvember 2008	721
9.7. Viðauki Samskipa og Alcoa 24. nóvember 2008:	726
9.7.1. Samskip hækka verulega verð gagnvart Alcoa.....	727
9.7.2. Samanburður á verði Eimskips og Samskipa gagnvart Alcoa	731
9.8. Um tilboð Eimskips og „mikið“ ónýtt rými í skipum til Íslands	732
9.9. Verulegri verðhækkun viðhaldið gagnvart Alcoa	733
9.10. Upplýsingar frá Alcoa	735
9.11. „Alsæla“ Eimskips: Reglubundnir flutningar fyrir Alcoa frá nóvember 2008	741
9.11.1. Frekari atvik tengd Alcoa í nóvember til desember 2008	741
9.11.2. Atvik tengd Alcoa á árinu 2009	745
9.11.3. Atvik tengd Alcoa á árinu 2010	748
9.11.3.1. Eimskip um Alcoa flutninga: „algjör snilld“.....	748
9.11.3.2. Alcoa leitar til Samskipa um lækkun á verði í október 2010	749
9.11.4. Atvik tengd Alcoa á árunum 2011 - 2012	751
9.11.5. Samantekt	753
9.12. Annað samstarf Samskipa og Eimskips vegna takmörkunar á flutningsgetu	755
9.12.1. Samstarf vegna flutninga frá Reykjavík til Reyðafjarðar og gámasamstarf.....	756
9.12.1.1. Flutningar fyrir „félaganna“	760
9.12.1.2. Skýringar stjórnenda	764
9.12.2. „Útvíkkað neyðarsamkomulag“/„Almennur slot sharing samningur“ o.fl.	768
9.12.2.1. Samskip senda Eimskip tillögu að auknu samstarfi í sjóflutningum milli Íslands og annarra Evrópulanda	769
9.12.2.2. Flutningar Eimskips fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja	770
9.12.2.3. Skýringar stjórnenda	772
9.12.3. Hraðflutningar frá Rotterdam til Reykjavíkur	775
9.12.4. Flutningar milli Íslands og Bretlands, Noregs o.fl. viðkomuhafna	777
9.12.4.1. Skýringar stjórnenda	778
9.12.5. Flutningar milli Íslands og Norður – Ameríku	780

10. ATVIK FRÁ 20. OKTÓBER 2008 – VERÐHÆKKANIR, NORÐUR-AMERÍKA O.FL. 781



10.1. Upprifjun	781
10.2. Viðræður í lok október og nóvember 2008 um Norður-Ameríku samstarfið	797
10.3. Framkvæmdastjórar landflutninga funda á ný	803
10.4. Unnið að verulegum verðhækkunum í lok október og nóvember 2008	805
10.4.1. Samhliða undirbúningur að verðhækkun í inn- og útflutningi	805
10.4.2. Forstjóri Samskipa taldi verðhækkunar fyrir árið 2009 „ <i>komnar í gegn</i> “ en mikil verðsamkeppni erlendis.....	807
10.4.3. Fjallað um hækkun á verði á stjórnarfundum Samskipa Holding	812
10.4.4. Eimskip „ <i>fiktur</i> “ í formúlu BAF og frekari undirbúningur á hækkun á verði	816
10.4.5. Íslenska samráðsaðferðin og gert ráð fyrir takmarkaðri samkeppni á árinu 2009	820
10.4.6. Samráð um álagningu karagjalds í landflutningum	823
10.4.7. „ <i>Eruð þið eitthvað klikkuð? Hver samþykkir 80% hækkun?</i> “	828
10.5. Fundir fyrirtækjanna og önnur atvik í desember 2008	834
10.5.1. Fundur Samskipa og Eimskips 4. desember 2008 og atvik í kjölfar hans	834
10.5.2. Fundur 23. desember og atvik í kjölfar hans.....	842
10.5.3. Færsla í dagbók forstöðumanns hjá Samskipum ((S)forstö-innfl1)	845
10.5.4. Fyrirtækin undirbúa verðhækkun í byrjun árs 2009	848
10.6. Fundur, verðhækkun og önnur atvik í byrjun árs 2009	854
10.6.1. Fundur Samskipa og Eimskips 7. janúar 2009	856
10.6.2. Atvik tengd nýjum Norður-Ameríku samningi	857
10.6.3. Stjórnarfundur Samskipa Holding 12. janúar 2009	863
10.6.4. Verðhækkun Samskipa og Eimskips í janúar 2009.....	866
10.6.5. Undrun og óánægja vegna verðhækkana Eimskips og Samskipa	873
10.7. Framgangur annarra verkþátta í „Nýtt upphaf“ verkefninu	876
10.7.1. Skipaafgreiðsla	876
10.7.2. „Short sea“ og frystigeymslur	880
10.7.2.1. Containerships	883
10.7.2.2. Kloosterboer.....	885
10.7.2.3. Eimskip-CTG, Silver Sea og Green Reefers	886
10.7.3. Aukið samstarf í Færeyjum – Ógn frá BWS.....	887
10.7.3.1. Starfsemi Samskipa og Eimskips í Færeyjum	888
10.7.3.2. Blue Water Shipping	890
10.7.3.3. Rætt um aukið samstarf Samskipa og Eimskips í Færeyjum.....	891
11. NIÐURSTAÐA UM BROTT SAMSKIPNA FRÁ JÚNÍ 2008 TIL BYRJUN ÁRS 2009	893
11.1. Aðstæður á flutningamörkuðum	893
11.2. Lagasjónarmið	893
11.2.1. Sjálfstæði keppinauta og æskileg óvissa eru afar mikilvæg á fákeppnismörkuðum ..	893
11.2.2. Samráð sem hefur að markmiði að raska samkeppni	894
11.2.3. Samfelld samráð	895
11.2.4. Undirbúningur og framkvæmd á samráði sem hefur það markmiði að raska samkeppni ..	895
11.2.5. Sönnun.....	896
11.2.6. Gildi viðurkenningar á þátttöku í ólögmættu samráði.....	897
11.3. Ólögmætt samráð sem var fyrir hendi í byrjun júní 2008	897
11.4. Undirbúningur aukins ólögmæts samráðs	897
11.4.1. Janúar 2008 til 20. maí 2008.....	897
11.4.1.1. Eimskip.....	898
11.4.2. 20. maí til 6. júní 2008	899



11.5. Stjórnarformenn og forstjórar ákveða 6. júní 2008 að hefja verkefni sem hafði að markmiði að raska samkeppni.....	900
11.6. Auknu samráði hrint í framkvæmd sumarið 2008.....	905
11.6.1. Fundur 23. júní 2008 í Rotterdam	905
11.6.2. Fundur í höfuðstöðvum Samskipa hf.....	905
11.6.3. Fundir, samtöl og tölvupóstsamskipti milli annarra lykilstjórnenda	905
11.6.4. Samskipti stjórnenda á Íslandi frá 10. júní til og með 4. júlí 2008	906
11.6.5. Samhliða unnið að verðhækkunum og auknu samstarfi	909
11.6.6. Viðræður Eimskips og Samskipa í viku 28 2008 (líklegast 9. júlí)	910
11.6.7. 14. júlí 2008: Vísað til viðræðna og fyrirhugaðra viðræðna við Eimskip.....	912
11.6.8. Samtöl 21. og 22. júlí 2008.....	913
11.6.9. Samtöl 24. júlí 2008.....	914
11.7. Fundur stjórnarformanna 25. júlí 2008	915
11.8. Eimskip takmarkar í byrjun ágúst 2008 flutningsgetu í Evrópuflutningum	917
11.9. Vísað til markaðsskiptingar Samskipa og Eimskips	918
11.10. Viðræður og verðhækkunarir í ágúst-september 2008.....	918
11.10.1. Samtal 6. ágúst 2008.....	919
11.10.2. Fundur og verðhækkun á landflutningum í ágúst 2008.....	919
11.10.3. Fundur 14. ágúst 2008 - Hækkun og samræming á BAF	920
11.10.4. Símtal 27. ágúst 2008	922
11.10.5. Símtal 28. ágúst 2008 og álagning karagjalds	922
11.10.6. Veruleg verðhækkun Samskipa 1. september 2008	923
11.10.7. Aðeins áhyggjur af erlendum keppinautum	923
11.10.8. Frekari verðhækkunarir	924
11.10.9. Yfirlit yfir atburðarrás frá september 2008	925
11.11. Landflutningar: Markaðsskipting og unnið að auknu samstarfi haustið 2008 .	925
11.11.1. Símtal 8. september 2008.....	925
11.11.2. Fundur 9. september 2008.....	925
11.11.3. Frekari viðræður og niðurstaða 16. september 2008	926
11.11.4. Fundur 17. september 2008	926
11.11.5. „Mikil tækifæri“ í samvinnu við Samskip.....	927
11.11.6. Mælt fyrir um áframhaldandi viðræður við Samskip.....	927
11.11.7. Fundur 16. október 2008	927
11.11.8. Fundir 22. og 30. október 2008	928
11.11.9. Niðurstaða	928
11.12. Sjóflutningar: Undirbúningur á frekari takmörkun á flutningsgetu og auknu samstarfi haustið 2008.....	928
11.12.1. Fundur fyrirhugaður 4. september 2008	929
11.12.2. Fyrirhuguðum fundi frestað	929
11.12.3. Fundir 5. og 17. september 2008.....	930
11.12.4. Samtal 1. október og fundur 6. október 2008	933
11.12.5. Viðræður og tölvupóstsamskipti 14.-21. október 2008.....	936
11.12.6. Samskip segjast vera að ljúka samningum við Eimskip og viðræður 22. október 2008 938	
11.12.7. Eimskip sendir Alcoa tilboð 24. október 2008	940
11.13. Flutningsgeta takmörkuð og verð hækkað gagnvart Alcoa	941
11.13.1. Samskip takmarka flutningsgetu í lok október 2008	941
11.13.2. Eimskip takmarkar flutningsgetu 17. nóvember 2008	942
11.13.3. Samskip hækka verð og draga úr þjónustu gagnvart Alcoa 24. nóvember 2008	942
11.13.4. Eimskip hefja reglubundna flutninga á áli Alcoa	943
11.13.4.1. „Skilgreint verklag“	943
11.13.4.2. „Alsæla“ Eimskips – Samskip gátu varist kröfum Alcoa um verðlækkun	944
11.13.5. Gögn frá forstjórum Samskipa og Eimskips	944
11.13.5.1. „Stóru málin“ hjá forstjóra Samskipa	944
11.13.5.2. Forstjóri Eimskips uppfærir verkefnalistann sinn	946



11.13.5.3.	Verðhækkunir „komnar í gegn“ og nýir samningar við Eimskip	947
11.13.6.	Niðurstaða	948
11.14.	Stuðningsaðgerðir tengdar takmörkun á flutningsgetu	949
11.14.1.	Sjóflutningar milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar og gámasamstarf	949
11.14.2.	Almennur slotsamningur	951
11.14.3.	Flutningar milli Íslands og Færeyja	952
11.14.4.	Flutningar frá Rotterdam til Reykjavíkur	953
11.14.5.	Flutningar milli m.a. Bretlands og Íslands	953
11.14.6.	Skipið sem Samskip hættu að nota í lok október 2008.....	954
11.15.	Aðgerðir til að draga úr samkeppni í útflutningi á frystum fiski.....	955
11.16.	Samtal 6. nóvember 2008 um Containerships	956
11.17.	Fundur 24. nóvember 2008. Aukið samstarf í Færeyjum kannað	957
11.18.	Viðræður og undirbúningur verðhækkana sem tilkynnt var um í nóvember 2008 og janúar 2009.....	958
11.18.1.	Hækkun á landflutningum á ferskum fiski í september/október 2008.....	959
11.18.2.	„Massive increases“ og von um mjög góða afkomu Samskipa	960
11.18.3.	„Limited competition“ og samráð um álagningu karagjalds.....	962
11.18.4.	Verðhækkun Eimskips 19. og 27. nóvember 2008.....	963
11.18.5.	Fundur 4. desember 2008 og BAF	964
11.18.5.1.	„BAF á alla“	965
11.18.5.2.	BAF hækkað	966
11.18.5.3.	Tökum „BAF beint frá Eimskip“	968
11.18.6.	Samtal 8. desember 2008 og ákveðið að hækka verð í janúar 2009	969
11.18.7.	Samskipti 17.-23. desember 2008	971
11.19.	Samskipti lykilstjórnenda 7. og 8. janúar 2009	972
11.19.1.	Samstarf í skipaafgreiðslu	972
11.19.2.	Nýr Norður-Ameríku samningur og samstarf „utan samnings“	973
11.20.	Samskip tilkynna um verðhækkun 23. janúar 2009	976
11.21.	Niðurstaða um verðhækkunir eftir fund fyrirtækjanna í júní 2008 til febrúar 2009	977



9. ATVIK FRÁ 20. OKTÓBER 2008 – TAKMÖRKUN Á FLUTNINGSGETU, ALCOA O.FL.

9.1. Inngangur

3297. Í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH 29. september 2008 til (S)stjórnarm-fjármstj (fjármálastjóra Samskipa Holding og stjórnarmanns Samskipa hf.) kom fram að verið væri að vinna í „stóru“ málunum og að „mynd“ yrði komin á þetta 20. október 2008. Þessi „stóru“ mál voru samkvæmt tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH: Siglingakerfið, frekari hækkun á verði og Alcoa, sbr. kafli 8.16.11.
3298. Í þessum kafla verður fjallað um atvik í hinu ólögsmæta samráði Samskipa og Eimskips frá og með 20. október 2008. Verður m.a. lýst tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH 20. október 2008 þar sem hann greindi (S)frkvstj-MCL frá því að Samskip væru um það bil að ljúka samningum við Eimskip og Alcoa. Þá verður fjallað um fund stjórnenda Eimskips og Samskipa 22. október 2008, takmörkun fyrirtækjanna á flutningsgetu í sjóflutningum í lok október og nóvember sama ár og sameiginlega úrlausn fyrirtækjanna á viðfangsefnum sem fylgdu takmörkun á flutningsgetu og breytingum á siglingakerfum. Var hér um ræða mikilvæga áfanga í samráði fyrirtækjanna sem fólst í framkvæmd á „Nýtt upphaf“ verkefninu.
3299. Áður en að vikið er atvikum frá og með 20. október 2008 ber að rifja upp hvað felst í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið. Í sáttinni viðurkennir Eimskip að hafa á árunum 2008-2013 átt í „samskiptum og samstarfi við Samskip“ sem hafi falið í sér alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Um hafi verið að ræða „samfellt samráð“ sem hafi falist í eftirfarandi aðgerðum sem „gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærukynningu Eimskips frá 9. júní 2008:
- 1.1 Samráð við Samskip á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi.
 - 1.2 Samráð við Samskip um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum. Samráð þetta var umfangsminna á lokaári rannsóknartímabilsins (á árinu 2013).
 - 1.3 Samráð við Samskip um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum. Samráð þetta var umfangsminna á lokaári rannsóknartímabilsins (á árinu 2013).
 - 1.4 Samráð við Samskip um landflutningaþjónustu á flutningaleiðum á Íslandi og skiptingu á mörkuðum á tilteknum flutningaleiðum.
 - 1.5 Samráð við Samskip um sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda, um gagnkvæma leigu eða lán á gámum og aðrar aðgerðir sem miðuðu að því að raska samkeppni í flutningsþjónustu.
 - 1.6 Samráð við Samskip um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku þegar ekki var í gildi undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga."
3300. Hér ber að áréttta að samtímagögn eru í fullu samræmi við þessa viðurkenningu Eimskips á alvarlegum samráðsbrotum.
3301. Til stuðnings þessu vísar Samkeppniseftirlitið til umfjöllunar um samtímagögn í köflunum hér að framan frá janúar 2008 til 20. október 2008. Þau sýna undirbúning, upphaf og framkvæmd á „Nýtt upphaf“ verkefninu. Hér skipta ekki síst máli gögnin sem sýna annars vegar samskipti stjórnenda Samskipa og Eimskips og hins vegar efni þeirra samskipta.



3302. Nokkur dæmi um einkar mikilvæg gögn fram að því að Eimskip breytti siglingakerfi sínu og dró úr flutningsgetu í ágúst 2008 eru: (1) gögnin sem sýna fund (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)stjform og (E)forstj 6. júní 2008, (2) glærukynningin sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir, (3) minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv dags. 7. og 9. júlí 2008, (4) gögn sem saman sýna samskipti Samskipa og Eimskips í viku 28 (líklega 9. júlí 2008), (5) fundargerð vegna fundar stjórnar Samskipa Holding 14. júlí 2008 og glærukynning (S)aðaleig-stjform-SH á þeim fundi, (6) gögnin sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk send frá undirmanni (S)frkvstj-millilandasv um kvöldið 24. júlí 2008, (7) gögnin sem sýna fund Eimskips og Samskipa 25. júlí 2008 og (8) gagnið sem sýnir að strax eftir fundinn með Eimskip 25. júní 2008 átti (S)aðaleig-stjform-SH fund með (S)stjform-S og var efni fundarins „New Beginning“.
3303. Gögnin sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk í hendur kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008 sýna að Samskip bjuggu yfir trúnaðarupplýsingum um fyrirhugaða breytingu á siglingakerfi Eimskips. Sú breyting kom sem fyrr segir til framkvæmda í ágúst 2008 og fól í sér takmörkun á flutningsgetu Eimskips í áætlanarsiglingum til og frá Evrópu. Var hér um að ræða mikilvægan áfanga í verkþættinum „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í „Nýtt upphaf“ verkefninu, sbr. glærukynningin sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir.
3304. Áfram var unnið að aðgerðum vegna frekari takmörkunar á flutningsgetu á flutningamarkaðnum í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið. Að því er snertir Samskip sýna m.a. gögnin sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk í hendur kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008 að samvinna við Eimskip var til athugunar í tengslum við útfærslur á breyttu siglingakerfi og takmörkun á flutningsgetu Samskipa. Var m.a. til skoðunar að Eimskip tæki að sér að annast hluta af útflutningi „fyrir“ Samskip á áli Alcoa til Evrópu. Höfðu hugmyndar tengdar auknu samstarfi við Eimskip komið fram hjá Samskipum áður en fundurinn 6. júní 2008 var haldinn. Í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv til (S)aðaleig-stjform-SH 7. febrúar 2008 komu fram róttækar hugmyndir um aðgerðir til að bregðast við ef innflutningur drægist verulega saman. Í þeim fólst að minnka flutningsgetu, gera slotsamninga við Eimskip – samnýta kerfi og endursemjja við Alcoa. Samningur Samskipa við Alcoa var þá rétt fjögurra mánaða gamall. Samtímagögn sýna að þessar hugmyndir voru ítarlega ræddar og þróaðar áfram hjá lykilstjórnendum og aðaleiganda Samskipa. Var í því samhengi m.a. vísað ítrekað til hækkunar á verði gagnvart Alcoa.
3305. Eftir fund Eimskips og Samskipa 25. júlí 2008 funduðu (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl 14. ágúst og 5. september 2008. Í aðdraganda og í kjölfar þessara funda (S)frkvstj-millilandasv með Eimskip vann hann að endurskoðun siglingakerfa og málefnum tengdum Alcoa. Vistaði hann m.a. glærukynningu daginn eftir fundinn með Eimskip 5. september 2008, þar sem var m.a. gert ráð fyrir svokallaðri „ALCOA min“ útfærslu. Í því fólst að Samskip myndu takmarka flutningsgetu í siglingakerfinu og ekki lengur sinna allri flutningsþörf Alcoa frá Reyðarfirði til Evrópu. Eimskip tæki þá að sér flutning á umframflutningum af álinu sem Samskip myndu ekki sinna. Þremur dögum eftir fund með Eimskip, 8. september 2008, gerði (S)aðaleig-stjform-SH stjórn Samskipa Holding grein fyrir endurskoðun á siglingakerfi fyrirtækisins og m.a. samstarfi við Eimskip.
3306. Fundargerð vegna fundar (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl 15. september staðfestir að til skoðunar var hjá Samskipum og Eimskip að tryggja Eimskip aðkomu að flutningum Samskipa á áli fyrir Alcoa. Tengdist þetta eins og áður greinir ólögmetu samráði fyrirtækjanna um endurskoðun siglingakerfa, takmörkun á flutningsgetu og samnýtingu flutningakerfa.
3307. Eins og áður sagði kom fram í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH frá 29. september 2008 að verið væri að vinna í „stóru“ málunum (siglingakerfið, frekari hækkun á verði og Alcoa) og að „mynd“ yrði komin á þetta 20. október 2008. Gögn málsins sýna að það gekk eftir að mál fóru að skýrast í október.
3308. (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl funduðu aftur 6. október 2008 og daginn eftir vann (S)frkvstj-millilandasv í skjölum þar sem m.a. voru settar fram sviðsmyndir um að mikilvægir viðskipavinir myndu færast á milli Samskipa og



Eimskips. Annars vegar að viðskipti Eimskips við Ölgerðina myndu færast til Samskipa og viðskipti Samskipa við Elkem færðust til Eimskips. Hins vegar að Ölgerðin yrði áfram hjá Eimskip og Elkem áfram hjá Samskipum.

3309. Í kjölfar fundarins 6. október 2008 áttu umræddir lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips í enn frekari samskiptum, þ.e. dagana 14., 15., og 16. október 2008 þar sem unnið var að verkþáttum í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Sýna gögnin m.a. að Samskip sömdu drög að víðtækum samstarfsamningi við Eimskip í sjóflutningum og Eimskip lýsti því yfir við Samskip 15. október 2008 að fyrirtækið væri tilbúið „að skoða allt“.
3310. Áður en atvikum frá og með 20. október 2008 verður lýst með nákvæmum hætti er rétt að gefa hér yfirlit yfir tileknar aðgerðir sem tengdust hinu ólögsmæta samráði Samskipa og Eimskips haustið og veturinn 2008:
- Samskip tilkynntu í lok október 2008 um breytingu á siglingakerfi sínu sem fól í sér að dregið yrði verulega úr flutningsgetu til og frá Íslandi, með því að fækka skipum í siglingum milli Íslands og annarra Evrópulanda úr fjórum í þrjú. Við þetta dró m.a. úr getu Samskipa til að flytja ál fyrir Alcoa frá Reyðarfirði til Evrópu. Reykjavík varð ekki lengur viðkomuhöfn á Leið 2. Þannig var í raun fækkað um tvö skip í siglingum frá Evrópu til Reykjavíkur. Með breytingunni drógu Samskip þannig einnig verulega úr getu fyrirtækisins til innflutnings til helstu innflutningshafnar landsins. En í þessu fólst einnig að á Leið 2 fluttu Samskip nær að öllu leyti eingöngu tóma gáma frá Evrópu til Reyðarfjarðar. Með þessu fyrirkomulagi var verulegu flutningsframboði haldið frá innflutningsmarkaðnum.
 - Á sama tíma hófst undirbúningur á því að Eimskip myndi sinna hluta af flutningi Samskipa á áli fyrir Alcoa til Evrópu. Þetta gekk eftir. Hófst reglubundnir flutningar Eimskips á áli fyrir Alcoa til Evrópu í lok nóvember 2008. Eftir að þeir flutningar hófust ríkti mikil ánægja innan Eimskips með þau viðskipti og voru orð eins og „alsæla“ og „snilld“ notuð af stjórnendum fyrirtækisins.
 - Þrátt fyrir að hafa með þessari breytingu á siglingakerfinu dregið úr þjónustu gagnvart Alcoa náðu Samskip þann 24. nóvember 2008 fram mjög mikilli verðhækkun á flutningum fyrir Alcoa. Vegna samráðs fyrirtækjanna var enginn ótti í herbúðum Samskipa um að Eimskip myndi bregðast við þessari stöðu með því að bjóða Alcoa betri kjör og reyna að ná til sín öllum flutningum fyrir fyrirtækið. Samtímagögnum Samskipa og Eimskips ber hér saman að öllu leyti.
 - Þrátt fyrir „mikið“ vannýtt rými í skipum Eimskips sýna samtímagögn fyrirtækisins enga raunverulega tilburði í samkeppni við Samskip, svo sem með því að leitast eftir að bjóða Alcoa flutningsþjónustu áli til Evrópu umfram umfram það sem samráðið við Samskip gerði ráð fyrir.
 - Samtímagögnin sýna að Eimskip var sátt við að aðeins hluti af viðskiptunum við Alcoa færu „til“ fyrirtækisins. Er þetta einnig í samræmi við skýringar Alcoa um að Eimskip hafi eingöngu sagst reiðubúið að flytja hluta af áli Alcoa til Evrópu (25%). Þar að auki sýna samtímagögn ótvírætt að Eimskip lagði sig fram um að vera til taks svo Samskip gætu sinnt viðskiptum við Alcoa, sbr. t.d. tölvupósta [\(E\)frkvstj-skiparekst](#) frá 20. nóvember 2008 og umfjöllun hér á eftir. Þannig valdi Eimskip að vinna með Samskipum þrátt fyrir að að vita af mikilli verðhækkun Samskipa til Alcoa. Var þetta fyrirkomulag báðum flutningafyrirtækjunum hagkvæmt og birtingarmynd samráðs fyrirtækjanna.
 - Eimskip gerði þann 11. nóvember 2008 breytingu á siglingakerfi sínu sem fól í sér að dregið var úr flutningsgetu með því að fækka skipum í siglingum milli Íslands og Norður-Ameríku úr tveimur í eitt. Var það í samræmi við framangreindar forsendur í minnisblöðum [\(S\)frkvstj-millilandasv](#), dags. 7. og 9. júlí 2008.
3311. Til að stuðla að gleggri heildarmynd er rétt að hafa í huga að breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu Eimskips og Samskipa í ágúst og október/nóvember 2008 sköpuðu tiltekin



viðfangsefni. Líkt og breytingarnar sjálfar voru þessi viðfangsefni hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu og unnu fyrirtækin saman að lausnum á þeim. Dæmi um þessi viðfangsefni eru eftirfarandi:

- Í ágúst 2008 felldi Eimskip niður viðkomur Austurleiðar fyrirtækisins á Íslandi. Þetta skapaði viðfangsefni í samráði Eimskips og Samskipa sem sneri að því að tryggja að Eimskip myndi áfram bjóða upp á þjónustu í flutningum milli Íslands og Færeyja og áfram til Bretlands og meginlands Evrópu. Tók þetta m.a. til þess að tryggja áfram útflutning Eimskips á ferskum fisk frá Austurlandi til Bretlands.
- Í lok október 2008 felldi Samskip niður viðkomur fyrirtækisins á Leið 2 á Suðvesturlandi. Eftir þessa breytingu voru því engir sjóflutningar á vegum Samskipa frá Reykjavík og Grundartanga til Reyðarfjarðar. Sem áður segir ákváðu Samskip að hætta að flytja tóma gáma sjóleiðina í eigin siglingakerfi frá Reykjavík og Grundartanga til Reyðarfjarðar. Þetta var mjög þýðingarmikið þar sem flutningakerfi Samskipa fyrir Alcoa byggði að hluta á því nota tóma innflutningsgáma (sem langflestir komu til Suðvesturlands) til að flytja út ál Alcoa til Evrópu. Viðfangsefni í samráði Samskipa og Eimskips á seinni hluta árs 2008 tók m.a. til þess að tryggja og staðsetja tóma gáma fyrir útflutning frá Reyðarfirði.
- Fækkun skipa og takmörkun á flutningsgetu hjá Samskipum hafði áhrif á flutninga Samskipa á svokallaðri „Rotterdam express“ leið sem flutti ferskvörur eins og grænmeti- og ávexti frá Rotterdam til Íslands. Viðfangsefni í samráði Samskipa og Eimskips á seinni hluta árs 2008 tók m.a. til þessara flutninga.
- Fækkun skipa og takmörkun á flutningsgetu hjá Samskipum þýddi að fyrirtækið var ekki lengur með beina tengingu fyrir útflutning frá Reykjavík til Færeyja. Viðfangsefni í samráði Samskipa og Eimskips á seinni hluta árs 2008 tók m.a. til þessara flutninga.
- Tryggja nægjanlegt gámaflæði eftir breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu.
- Síðast en ekki síst dró fækkun skipa og siglingakerfisbreyting Samskipa í nóvember 2008 úr flutningsgetu og þar með þjónustu fyrirtækisins til þess að flytja ál fyrir Alcoa frá Íslandi til Evrópu. Viðfangsefni í samráði Samskipa og Eimskips tók til þessara flutninga

3312. Allt voru þetta fyrirsjáanleg viðfangsefni vegna m.a. fyrirhugaðra breytinga á siglingakerfi Samskipa sem komu á endanum til framkvæmda í lok október 2008. Á sama tíma og unnið var að þessum breytingum voru Samskip og Eimskip í ítrekuðum samskiptum. Heildstætt mat á samtímagögnum sýnir að fyrirtækin unnu að því að leysa m.a. framangreind viðfangsefni. Með ólögmetum samstilltum aðgerðum og samningum Samskipa og Eimskips gátu Samskip gert breytingar á siglingakerfi sínu án þess að þurfa að óttast um viðbrögð Eimskips. Endurspeglar samtímagögn og aðgerðir fyrirtækjanna hið ólögmeta samráð fyrirtækjanna á þessum tíma.

3313. Með framangreindum breytingum á siglingakerfum Eimskips og Samskipa, sem tóku gildi í ágúst og október/nóvember 2008, er ljóst að bæði fyrirtækin drógu verulega úr flutningsgetu í áætlunarsiglingum milli Íslands og annarra landa. Með ólögmetu samráði drógu fyrirtækin bæði úr getu og hvata til að keppa sín á milli og sköpuðu þannig aukna möguleika á því að halda verði uppi eða ráðast í verðhækkanir. Þessar breytingar auðvelduðu fyrirtækjunum einnig að festa í sessi ólögmeta skiptingu á mikilvægum viðskiptavinum. Þessu ólögmeta ástandi viðhéldu fyrirtækin á flutningamarkaði í rúm fjögur ár. Er þessu lýst nánar hér á eftir.

3314. Í athugasemdum Samskipa við AI mótmælti fyrirtækið því að það hafi haft ólögmett samráð við Eimskip um breytingar á siglingakerfi og takmörkun á flutningsgetu. Sjónarmið Samskipa breyta ekki framangreindu en nánar er fjallað um þau í köflum 25.25 og áfram.

3315. Atvik sem tengjast flutningum fyrir Alcoa eru mikilvæg í atburðarrásinni haustið og veturinn 2008. Áður en fjallað verður ítarlega um atvik frá og með 20. október 2008 er nauðsynlegt að víkja einnig



að þýðingarmiklum atriðum sem tengjast flutningaþjónustu fyrir Alcoa. Áður en vikið er að því er þó gagnlegt að fara yfir og draga saman samskipti Samskipa og Eimskips frá 20. október 2008 til og með janúar 2009, sbr. nánari umfjöllun um samskipti fyrirtækjanna kafla 7.7.

9.1.1. Yfirlit yfir samskipti frá 20. október 2008 til og með janúar 2009

3316. Samkeppniseftirlitið telur gagnlegt að gefa yfirlit yfir samskipti m.a. lykilstjórnenda Eimskips og Samskipa frá 20. október og fram á byrjun árs 2009.

- 2008 Minna ber hér á að (E)frkvstj-alþjsv hefur upplýst um fund sem hann og (E)forstj áttu með (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjórnarm-fjármstj og (S)frkvstj-millilandasv í húsakynnum Samskipa í Kjarlövogi þar sem rædd voru þau verkefni sem fram koma í glærुकynningunni „Verkefnið Nýtt upphaf“. (E)frkvstj-alþjsv taldi fyrst að fundurinn hefði verið haldinn haustið 2008 en var svo ekki viss.¹⁷¹⁷ Samkeppniseftirlitið telur að þessi fundur hafi verið haldinn á árinu 2008 eftir að (E)forstj tók við sem forstjóri 21. maí 2008. Um hafi verið að ræða fund „vinnuhópsins“ samkvæmt glærुकynningunni „Verkefnið Nýtt upphaf“.
- 20.10.08 (S)frkvstj-millilandasv sendi tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins, „Slotsamningar í siglingakerfinu“. Fjallar pósturinn um „tímabundna útvíkkun“ á „neyðarsamkomulagi“. (E)frkvstj-flutnkerf svaraði samdægurs, sbr. kafla 9.3.
- 21.10.08 (S)forstö-innfl1 sendi tölvupóst til (E)forstö-innfl , (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv vegna „Nýtt upphaf“, verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.2.
- 22.10.08 Samskipti (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfl, (S)forstö-flutnstj, (E)frkvstj-innanl og (E)svæðisstj1 á Reyðarfirði. Þar greindu Samskip Eimskip frá viðkvæmum upplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins, sbr. kafla 9.4.1.
- 23.10.08 Tölvupóstur sem (E)frkvstj-flutnkerf sendi (E)forstö-flutnstý kl. 10:20 sýnir að (E)frkvstj-flutnkerf hafi aflað viðkvæmra upplýsinga frá Samskipum, sbr. kafla 9.4.2.
- 28.10.08 Tölvupóstsamkipti milli (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu.“ (E)frkvstj-flutnkerf, (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl fengu afrit, sbr. kafla 10.2.
- 29.10.08 Fundur (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl, sbr. kafla 10.3.
- 30.10.08 Símtal (E)fulltr.flutnstý og (S)starfsm í gámastýringardeildum Eimskips og Samskipa, sbr. kafla 8.17.16.
- 30.10.08 (E)frkvstj-innanl bókaði í dagbók sína fund milli kl. 15:30 og 16:30 með heitinu „(S)frkvstj-innanl ?“. Ekki er ljóst hvort þessi fundur var haldinn, sbr. kafla 10.3.
- 30.10.08 (S)forstö-innfl1 sendi tölvupóst til (E)forstö-innfl vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu.“ ((E)frkvstj-flutnkerf, (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl fá afrit), sbr. kafla 10.2.

¹⁷¹⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 33 – 41, 50 og 129 og áfram.



- 04.11.08 Tölvupóstsamskipti milli (E)frkvstj-flutnkerf og undirmanns (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-skiparek, vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 9.6.
- 05.11.08 Tölvupóstsamskipti milli (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl (afrit til (E)frkvstj-Eimísl, (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv) vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.2.
- 06.11.08 Tölvupóstsamskipti milli (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 (afrit til (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-Eimísl) vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.2.
- 06.11.08 Tölvupóstsamskipti milli (S)frkvstj-millilandasv og (E)forstö-innfl (afrit til (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-Eimísl og (E)frkvstj-flutnkerf) vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.2.
- 08.11.08 (S)frkvstj-VDM sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst og gerði honum grein fyrir samskiptum við (E)frkvstj-Contain þann 6. nóvember 2008. Varðaði „Nýtt upphaf“ verkefnið „Samstarf í „Short sea“ þjónustu“, sbr. kafla 10.9.
- 12.11.08 Tölvupóstur (E)frkvstj-skiparekst til (E)forstj 13. nóvember 2008 sýnir viðræður milli Samskipa og Eimskips deginum áður um málefni sem varðar „Nýtt upphaf“ verkefnið „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 9.12.1.
- 17.11.08 (S)forstö-innfl1 boðar í tölvupósti til (S)frkvstj-N-Am að hann muni hafa samband við (E)forstö-innfl , sbr. kafla 10.4.7.
- 19.11.08 Tölvupóstsamskipti milli (S)frkvstj-millilandasv og (E)forstö-innfl vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.4.7.
- 24.11.08 Framkvæmdastjóri Samskipa í Færeyjum, (S)frkvstj-Færeyj, gerði (S)aðaleig-stjform-SH grein fyrir samskiptum við framkvæmdastjóra Eimskips í Færeyjum, (E)frkvstj-Færeyj, þar sem rætt hefði verið aukið samstarf fyrirtækjanna, sbr. kafla 10.7.
- 04.12.08 Fundur (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl , (E)frkvstj-Eimísl og (E)frkvstj-flutnkerf. Á þeim fundi var a.m.k. rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.5.1.
- 05.12.08 (S)kostneftirl sendi tölvupóst til (E)forstö-innfl (afrit til m.a. (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli) sem varðaði uppgjör vegna samráðs fyrirtækjanna í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku.
- 08.12.08 Tölvupóstsamskipti milli (E)frkvstj-Eimísl, (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutnkerf (afrit til m.a. (S)forstö-innfl1) vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.5.1.
- 08.12.08 (E)frkvstj-Eimísl vísar í tölvupósti sínum til, sendum til (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutnkerf, til símtals við (S)frkvstj-millilandasv sama dag, sbr. kafla 10.5.1.
- 09.12.08 Tölvupóstsamskipti milli (S)forstö-innfl1 og (E)frkvstj-Eimísl (afrit til m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutnkerf) vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“. Lagði (S)forstö-innfl1 til að hann og (E)frkvstj-Eimísl myndu ræða saman í síma, sbr. kafla 10.5.1.



- 11.12.08 Tölvupóstsamskipti milli (E)frkvstj-Eimísl, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (E)frkvstj-flutnkerf vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.5.1.
- 17.12.08 (S)forstö-innfl1 sendi tölvupóst til (E)forstö-innfl1. Rætt var um atriði tengd ólögmeðu samráði fyrirtækjanna í flutningum milli Íslands og Evrópu („neyðarsamkomulagið frá 2001 x 2“) og verðsamráð (samráð um 50% afslátt), sbr. kafla 10.5.4.
- 18.12.08 Tölvupóstsamskipti milli (E)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 (afrit til m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstj og (E)frkvstj-Eimísl) vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.5.1.
- 19.12.08 Tölvupóstsamskipti milli (E)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv (afrit sent til m.a. (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstj og (E)frkvstj-Eimísl) vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.5.1.
- 23.12.08 Fundur (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl1, (E)frkvstj-Eimísl og (E)frkvstj-flutnkerf. Á fundinum var a.m.k. rætt um „Nýtt upphaf“ „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.5.2.
- 29.12.08 Tölvupóstur frá (E)frkvstj-Eimísl til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl1). Varðar „Nýtt upphaf“ verkefnið „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.5.2.
- 29.12.08 (E)frkvstj-Eimísl upplýsir í tölvupósti að hann og (S)forstö-innfl1 hafi rætt saman í síma fyrir um daginn, sbr. kafla 10.5.2.
- 30.12.08 Tölvupóstsamskipti milli (S)forstö-innfl1 og (E)frkvstj-Eimísl (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv) vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.5.2.
- 31.12.08 Tölvupóstsamskipti milli (S)forstö-innfl1 og (E)frkvstj-Eimísl (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv) vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.5.2.
- 05.01.09 Tölvupóstur frá (S)forstö-innfl1 til (E)frkvstj-Eimísl (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv) vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.6.
- 07.01.09 Fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)forstö-innfl1, (E)frkvstj-Eimísl og (E)frkvstj-flutnkerf. Á fundinum var a.m.k. rætt um „Nýtt upphaf“ „Slotsamningar í siglingakerfinu“ og skrifað undir nýjan samning um samstarf Samskipa og Eimskips vegna Norður-Ameríku flutninga, sbr. kafla 10.6.1
- 08.01.09 Tölvupóstsamskipti (E)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv (afrit til (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-Eimísl o.fl.) vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 10.6.2.

9.2. Nokkur mikilvæg atriði tengd flutningsþjónustu fyrir Alcoa

3317. Alcoa Fjarðarál var umfangsmikill kaupandi flutningsþjónustu hér á landi á rannsóknartímabilinu. Atvik tengd flutningsþjónustu fyrir Alcoa tengdust þeim þætti samráðs Samskipa og Eimskips sem hófst í



kjölfar fundar fyrirtækjanna 6. júní 2008 og tók til takmörkunar á flutningsgetu og breytingu siglingakerfa. Í samræmi við sjónarmið samkeppnisréttar um sönnun í samráðsmálum er mikilvægt að meta gögn vegna Alcoa heildstætt með öðrum gögnum málsins en horfa ekki einangrað á þau.

3318. Varðandi atvik vegna Alcoa er gagnlegt að rifja hér upp eftirfarandi um flutningsviðskipti Alcoa hér á landi:

- Eftir útboð samdi Alcoa í október 2007 við Samskip um útflutning á áli fyrirtækisins til Evrópu. Gilti sá samningur í fimm ár, sbr. kafla 6.5. Þótt upphaflega hafi verið gert ráð fyrir útflutningi á önnur markaðssvæði varð reyndin sú að nánast öll framleiðsla Alcoa var á rannsóknartímabilinu flutt til Evrópu. Alcoa var því mjög mikilvægur viðskiptavinur Samskipa.
- Samtímagögn sýna að það var krefjandi verkefni að gera breytingar á siglingakerfum og takmarka flutningsgetu haustið 2008 vegna þess ójafnvægis sem var í innflutningi annars vegar og útflutningi hins vegar. Slæmar horfur í efnahagsmálum, sem áttu eftir að versna til muna við fall viðskiptabankanna í október 2008, leiddu til þess að innflutningur fór minnkandi. Aftur á móti voru aðstæður aðrar í útflutningi og mikill vöxtur í kortunum, einkanlega vegna aukinnar framleiðslu stóriðjuvera eins og Alcoa, sbr. m.a. kafla 6.1 og 6.5. Þetta fól í sér mikla áskorun, sem ekki síst fyrir Samskip. Augljóst var að of mikil takmörkun á flutningsgetu hefði gert Samskipum ómögulegt að sinna útflutningi fyrir Alcoa. Sýna framangreind gögn að það var hluti af samráði fyrirtækjanna að leysa þessar áskoranir.
- Í framhaldi af útboði Alcoa gerði Eimskip í febrúar 2007 samning til fimm ára um að Eimskip annaðist alla skipaafgreiðslu fyrir Alcoa í Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði, þ.e. lestun og losun á gámaeiningum, sbr. kafla 6.5. Í þessu sambandi ber jafnframt að hafa í huga að Eimskip og Samskip tóku þegar sama ár (2007) upp ólögmett samstarf í Mjóeyrarhöfn sem dró úr sjálfstæði þeirra sem keppinauta um m.a. flutninga til og frá höfninni. Þannig annaðist Eimskip losun og lestun skipa Samskipa í Mjóeyrarhöfn, hvort heldur um var að ræða flutninga Samskipa fyrir Alcoa eða aðra viðskiptavini. Af þessum sökum bjó Eimskip yfir nákvæmum upplýsingum um alla flutninga Samskipa um höfnina, en keppinautum er óheimilt að miðla slíkum upplýsingum sín á milli. Er slík miðlun upplýsinga enn alvarlegri þegar um er að ræða fákeppnismarkað. Þetta nána samstarf, samskiptin og upplýsingamiðlunin auðvelduðu síðan fyrirtækjunum að stilla saman strengi sína þegar þau ákváðu að gera breytingar á siglingakerfum sínum á árinu 2008. Þetta samstarf keppinautanna í Mjóeyrarhöfn fór gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. kafla 5.12. Engin undanþága var í gildi skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga, hvorki vegna hafnarþjónustusamstarfs vegna flutninga á vörum Alcoa né annarra viðskiptavina. Þá ber að hafa í huga að „Nýtt upphaf“ verkefnið tók til skipaafgreiðslu, sbr. kafla 7.5.4.

9.2.1. Samskip töldu sig eiga tilkall til alls álútflutnings Alcoa fyrir Evrópumarkað

3319. Eins og fram kemur í kafla 6.5 samdi Samskip við Alcoa Fjarðarál 10. október 2007 um að annast flutninga á framleiðslu fyrirtækisins í gámum til Evrópu. Með samningnum skuldbatt Alcoa sig til þess að flytja framleiðslu sína í gámum með skipum Samskipa til Rotterdam eða annarra hafna á meginlandi Evrópu eða austurströnd Bretlands. Með samningnum skuldbundu Samskip sig því til að hafa vikulega viðkomu á Reyðarfirði og í Rotterdam eða öðrum viðkomuhöfnum í Evrópu. Samningurinn gilti í rúmlega fimm ár eða til 31. desember 2012.

3320. Þótt til greina kæmi að framleiðslan færi á Bandaríkjamarkað gerði Alcoa við undirritun samningsins ráð fyrir að „*allt að 100% framleiðslunnar*“ færi á Evrópumarkað.¹⁷¹⁸ Samtímagögn sýna að það gekk eftir.

¹⁷¹⁸ „Flytja álið til Evrópu“, dags. 11.10.2007. Morgunblaðið. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1169299/>.



3321. Í athugasemdum Samskipa er bent á að samningur fyrirtækisins við Alcoa frá október 2007 hafi ekki tekið til þess að fyrirtækið myndi annast allan gámaflutning fyrir Alcoa á áli til Evrópu. Samskip hafi eingöngu átt tilkall til að flytja 200.000 tonn af áli til Evrópu á ári en ekki alla framleiðslu fyrirtækisins. Alcoa hafi því haft svigrúm til að semja við aðra flutningsaðila. Sé því rangt hjá Samkeppniseftirlitinu að undir samninginn við Alcoa hafi fallið allur útflutningur á áli Alcoa til Evrópu, sbr. mgr. 1019 – 1020, 1026, 1069 – 1070 og 1074 í athugasemdum Samskipa við AI.

3322. Samkeppniseftirlitið bendir á að í 3. gr. samningsins segir eftirfarandi um flutninga Samskipa:

„AF¹⁷¹⁹ anticipates that its smelter facility at full capacity will be a maximum of 340,000 MT per annum. AF will ship with Samskip all volume of cargo on a port basis to Rotterdam or other Continental European or East Coast UK port as mutually agreed by the parties. AF will use its best efforts to transport an estimated minimum of 200,000 MT per annum with Samskip.“¹⁷²⁰

3323. Þá er ljóst að túlkun Samskipa í athugasemdum við AI er ekki í samræmi við skýr samtímagögn stjórnenda fyrirtækisins. Þau gögn sýna að Samskip túlkuðu samninginn við Alcoa þannig að Samskip sætu að öllum útflutningi Alcoa á áli til Evrópu. Nefna má hér dæmi um slík gögn:

- Samningur Samskipa við Alcoa var sem fyrr segir undirritaður 10. október 2007. Þann 26. nóvember 2007 útbjó forstöðumaður útflutningsdeildar Samskipa áætlun deildarinnar fyrir árið 2008. Þar segir: „Alcoa Fjarðarál ráðgerir að full framleiðsla verði komin á í byrjun árs 2008. Áætlun útflutningsdeildar gerir ráð fyrir 315.000 tonna útflutningi frá Fjarðaráli, aðallega inn á Rotterdam.“ Einnig segir: „Samkvæmt nýundirrituðum samningi milli Samskipa og Alcoa mun Samskip sjá um allan flutning á framleiðslu Alcoa sem fer til Evrópu.“ Síðar segir í áætluninni: „Áætlun Samskipa gerir því ráð fyrir að flytja 315.000 tonn nær eingöngu til Rotterdam [...]“¹⁷²¹

- (S)frkvstj-millilandasv var aðstoðarforstjóri Samskipa og sá framkvæmdastjóri fyrirtækisins sem bar ábyrgð á þessum flutningum fyrir Alcoa. Í minnisblöðum (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008, er gerð grein fyrir tilteknum „staðreyndum“ sem tengdust tillögum Samskipa um stórfellt samráð við Eimskip, sbr. kafla 8.9.4 og 8.9.7.4. Í því sambandi var eftirfarandi tekið fram:

„Samskip unnu útboð/verðkönnun Alcoa um alla flutninga á framleiðsluvörum fyrirtækisins til Evrópu.“

- Í áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2009, sem unnin var í desember 2008, segir: „Alcoa Fjarðarál ráðgerir að full framleiðsla verði komin á í byrjun árs 2009. Áætlun útflutningsdeildar gerir ráð fyrir 354.000 tonna útflutningi frá Fjarðaráli, aðallega inn á Rotterdam.“ Síðar segir jafnframt:

„Samkvæmt samningi milli Samskipa og Alcoa mun Samskip sjá um allan flutning á framleiðslu Alcoa sem fer til Evrópu. Þessi samningur er í gildi til ársins 2012.“¹⁷²²

- Þann 3. desember 2009 sendi forstöðumaður útflutningsdeildar Samskipa skjalið „Áætlun UTFL 2010.pdf“ til m.a. (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv. Þar kom hið sama fram og

¹⁷¹⁹ Alcoa Fjarðarál.

¹⁷²⁰ Upphafsaðkvæði 3. gr. samningsins (um „SCOPE OF TRAFFIC & LOGISTICS“) hljóðar svo í heild sinni: „AF anticipates that its smelter facility at full capacity will be a maximum of 340,000 MT per annum. AF will ship with Samskip all volume of cargo on a port basis to Rotterdam or other Continental European or East Coast UK port as mutually agreed by the parties. AF will use its best efforts to transport an estimated minimum of 200,000 MT per annum with Samskip. Samskip will call Mjóeyri or Reydarfjörður and ports within Continental Europe/East Coast UK on a weekly container liner service. Notwithstanding the above, Samskip will call the port of Rotterdam on a weekly basis, unless otherwise agreed by AF with six (6) months prior written notice.“ Afhent skjal frá Alcoa Fjarðarál. Afhent þann 31.10.2017. „Transportation Agreement for Export Freight Shipments, Alcoa and Samskip“.

¹⁷²¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Áætlun UTFL 2008 aðalskjal – final.doc“, bls. 9 og 31. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.707426.

¹⁷²² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „PDF- Áætlun UTFL 2009 aðalskjal.pdf“, bls. 9 og 33. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.830433.



áður: „Samkvæmt samningi milli Samskipa og Alcoa mun Samskip sjá um allan flutning á framleiðslu Alcoa sem fer til Evrópu. Þessi samningur er í gildi til ársins 2012.“, sbr. kafla 9.11.2.

3324. Með vísan til framangreindra ummæla stjórnenda Samskipa í samtímagögnum er ljóst að fyrirtækið leit svo á að það ætti tilkall til að flytja alla framleiðslu Alcoa fyrir Evrópumarkað. Í skýrslutöku (S)aðaleig-stjform-SH hjá lögreglu sagði hann Samskip hafa verið með „alla flutningana fyrir Alcoa“.¹⁷²³ Í samræmi við þetta kom fram í fréttatilkynningu Alcoa frá október 2007 að fyrirtækið hafi „samið við Samskip um að annast flutninga á framleiðslu fyrirtækisins til Evrópu næstu fimm árin“ og haft er eftir forstjóra Alcoa að með þessum samningi „verða Samskip tengiliður við viðskiptavinum okkar í Evrópu.“¹⁷²⁴
3325. Hér ber einnig að líta til þess að áður en aukið samráð Samskipa og Eimskips hófst í júní 2008 hafði Eimskip þó í eitt skipti flutt álfarm fyrir Alcoa á Evrópumarkað. Í mars 2008 leitaði Alcoa til Eimskips um útflutning á áli sem ekki komst með skipi Samskipa í lok ársfjórðungsins.¹⁷²⁵ Gögnin sýna að Samskip hafi ekki verið sátt við að annar aðli kæmi að flutningum fyrir Alcoa. Í tölvupósti (E)svæðisstj1 til (E)forstö-flutnstý (afrit sent til m.a. (E)frkvstj-innanl og (E)forstö-útl) kom fram að Eimskip hefði fengið beiðni frá Alcoa um að flytja 150-200 gáma af áli til Rotterdam um mánaðarmótin mars/apríl. (E)svæðisstj1 áframsendi tölvupóstinn til (E)forstö-útl þar sem hann upplýsti að Alcoa væri að óska eftir sanngjörnu tilboði í þennan flutning. Sagði hann ennfremur að:
- „einhver 50 þús. tonn til Evrópu geti verið opin fyrir öðrum en Samskipum? Heyri að Samskipamenn séu æfir??“.
3326. (E)frkvstj-innanl svaraði síðar sama dag: „þetta er mjög spennandi tækifæri fyrir okkur, besta mál!“.¹⁷²⁶ Tilboðið frá Eimskip lá fyrir 27. mars 2008.¹⁷²⁷ Alcoa gekk að tilboðinu en framkvæmdastjóri innkaupa hjá Alcoa tiltók sérstaklega við Eimskip:
- „Við göngum að þessu. Þetta er hátt en þar sem um einskiptis tilraun er að ræða og engin fram tíðar skuldbinding um frekari viðskipti er í þessum viðskiptum falin, þá látum við gott heita.“¹⁷²⁸
3327. Í lok annars ársfjórðungs 2008 flutti Eimskip aftur einn tilfallandi flutning af áli Alcoa til Evrópu.¹⁷²⁹ Var þetta stuttu eftir að fundur Samskipa og Eimskips fór fram 6. júní 2008 og aukið samráð fyrirtækjanna hófst. Engin samtímagögn hafa fundist sem sýna óánægju Samskipa með þann flutning Eimskips. Stuttu síðar var innan Samskipa hafin umræða hjá stjórnendum um aðkomu Eimskips að flutningum fyrir Samskip á áli Alcoa, sbr. tölvupóst (S)forstö-útl dags. 11. júlí 2008, sem fjallað er um í kafla 8.9.6. Samhliða því að stjórnendur Samskipa og Eimskips áttu í kjölfarið ítrekaða fundi á seinni hluta árs 2008 sýna samtímagögn beggja fyrirtækjanna umræðu þeirra um takmörkun á flutningsgetu og umræðu um samstarf Samskipa og Eimskips vegna álfutninga Alcoa á Evrópumarkað.
3328. Í ljósi framangreinds áréttrar Samkeppniseftirlitið að framangreind umfjöllun Samskipa í athugasemdum við AI um samninginn við Alcoa er ekki í samræmi við skýr samtímagögn. Hafa síðar tilkomin sjónarmið fyrirtækisins því takmarkaða þýðingu. Til viðbótar má benda á að ekki fæst séð að umfjöllun stjórnenda Samskipa í samtímagögnum sé í ósamræmi við orðalag 3. gr. samningsins

¹⁷²³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 74.

¹⁷²⁴ Var gerð grein fyrir þessari fréttatilkynningu í Morgunblaðinu 14.10.2007. Sjá: „Samskip annast álfutninga fyrir Alcoa Fjarðarál“, 14.10.2007. Morgunblaðið, aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1169906/>.

¹⁷²⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.202491.

¹⁷²⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.202476.

¹⁷²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.521861.

¹⁷²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.521861. Sjá einnig tölvupóstsamskipti um innheimtu reikninga vegna þessa. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.274767. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.535864. Afritað gagn frá Samskipum. „Alcoa Export_Statistics.xls“, vistað á heimasvæði [...], dags. 11.09.2008, kl. 09:16. Doc. ID. 0.7.33.5184. Í dálki skjalsins „Fjöldi gáma í EIMU skip“ eru einu flutningar sem Eimskip flutti í mars 2008 (viku 14), samtals 115 gámar (virðast af skjalinu vera flutningur Eimskips á Samskipa gámum í skipi Eimskips).

¹⁷²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.217275. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.527271.



við Alcoa. Um er að ræða samning við skipafélag sem átti að sjá um alla flutninga á áli Alcoa til Evrópu. Þegar samningurinn var undirritaður lá ekki fyrir hvenær Alcoa myndi ná að framleiða 340 þúsund tonn af áli. Með hliðsjón af skuldbindingum Samskipa samkvæmt samningnum var eðlilegt að fyrirtækin hafi samið um að tiltekið lágmark yrði ávallt flutt með Samskipum til hafna í Evrópu. Verður að skilja samninginn þannig að í ljósi skuldbindinga Samskipa hafi Alcoa skuldbundið sig til að gera það sem í þess valdi stæði til að flytja að lágmarki 200.000 tonn á ári til Evrópu. Í því felst aftur á móti ekki að í samningnum hafi verið lagt til grundvallar að Alcoa myndi takmarka flutning með Samskipum við 200.000 tonn eða að sá hluti framleiðslunnar væri umfram þetta lágmark yrði fluttur með öðrum skipafélögum til Evrópu. Framangreind áætlun forstöðumanns útflutningsdeildar Samskipa frá 26. nóvember 2007 er t.d. í fullu samræmi við þetta. Þar er vísað til upplýsinga frá Alcoa um að full framleiðsla verði komin á í ársbyrjun 2008 og gert ráð fyrir í áætluninni að Samskip muni á árinu 2008 flytja 315.000 tonna áli fyrir Alcoa til Evrópu. Slíkt hefði ekki verið lagt til grundvallar í rekstri fyrirtækisins af stjórnendum Samskipa ef umfjöllun fyrirtækisins í athugasemdum við AI væri rétt en nánar er fjallað um þau sjónarmið Samskipa í kafla 25.28.

3329. Óháð því hvort Samskip töldu sig eiga tilkall til alls flutnings á álframleiðslu Alcoa fyrir Evrópumarkað er ljóst að samráð Samskipa og Eimskips í tengslum við álflutning Alcoa samræmdist ekki 10. gr. samkeppnislaga og var til þess fallið að raska samkeppni á flutningamarkaði með alvarlegum hætti. Í stað þess að hegða sér með sjálfstæðum hætti á markaði og taka ákvarðanir upp á eigin spýtur sýna samtímagögn að samkomulag varð um að Eimskip tæki að sér flutning á því umframmagni af áli sem ekki kæmist með skipi Samskipa eftir að fyrirtækið takmarkaði flutningsgetu sína og breytti siglingakerfi sínu. Samtímagögnin sýna jafnframt að fyrirtækin voru afar ánægð með þetta fyrirkomulag. Alcoa þurfti aftur á móti að greiða mun hærra verð en það hafði samið um fyrir flutningana, sbr. umfjöllun í kafla 9.11. Í þessu sambandi er athygli vakin á því að Eimskip og Samskip stunduðu ólögmetna markaðsskiptingu um mikilvæga viðskiptavinum, en Alcoa var óumdeilanlega afar mikilvægur viðskiptavinur allt rannsóknartímabilið. Eins og fram kemur í kafla 14 ríkti „friður“ á markaðnum.

9.2.2. Alcoa var mjög mikilvægur viðskiptavinur

3330. Eins og fram kemur hér að framan var eitt af markmiðum „Nýtt upphaf“ verkefnis Samskipa og Eimskips að endurskoða siglingakerfi og meta aukið samstarf fyrirtækjanna. Gögnin sýna að eitt af viðfangsefnum var m.a. að takmarka flutningsgetu í innflutningi en á sama tíma geta sinnt vaxandi útflutningi frá Íslandi, fyrir m.a. Alcoa. Hér að framan hefur einnig verið fjallað um mikilvægi stórra viðskiptavina hjá Eimskip og Samskipum, sbr. kafla 6.3. Birtist það m.a. í því að af viðskiptum við um 3.300 viðskiptavinum Eimskips alls í árslok 2007 stafaði um 80% af veltu í sjóflutningum frá 200 stærstu viðskiptavinum. Í gögnum frá apríl 2009 kemur fram að í innflutningi stafaði um helmingur af veltu frá 20 stærstu viðskiptavinum. Með svipuðum hætti kemur fram í gögnum frá Samskipum frá október 2009 að 38 stærstu viðskiptavinir fyrirtækisins í sjóflutningum stóðu að baki um 66% af tekjum þess af sjóflutningum.
3331. Stórir viðskiptavinir Eimskips og Samskipa voru ekki eingöngu mikilvægir vegna tekjuhlíðar í rekstrarreikningi flutningafyrirtækjanna. Þannig gat mikilvægi kaupenda á flutningaþjónustu einnig birst í því að flutningafyrirtækin sömdu þá við viðskiptavininn til lengri tíma með það fyrir augum að tryggja sem best nýtingu skipakerfis þeirra og lágmarka fastan einingakostnað (kostnaðarhlíðin).
3332. Varðandi mikilvægi flutningsþjónustu til Alcoa skal þess einnig getið að samdráttur hér á landi eftir hrúnið 2008 kom misjafnlega niður á flutningum einstakra vöruflokka til og frá Íslandi. Ekki varð samdráttur í t.d. innflutningsmagni á nauðsynjavörum (eins og mat og drykk og ódýrari húsgögnum) og útflutningi tengdum stóriðju og sjávarafurðum. Út frá sjónarhóli samkeppni flutningafyrirtækja eins og Samskipa og Eimskips hefðu kaupendur flutningaþjónustu í fyrrnefndum vöruflokkum (þ.á m. Alcoa) því haustið 2008 átt að verða ennþá mikilvægari en áður fyrir rekstur flutningafyrirtækjanna (og kaupendastyrkur þeirra meiri en ella).



3333. Á árinu 2008 og lengst af á rannsóknartímabilinu voru stóriðjufyrirtækin á meðal allra stærstu og mikilvægustu viðskiptavina Eimskips og Samskipa, sérstaklega í útflutningi og einkum þegar miðað er við flutningsmagn (þyngd), en raunar einnig þegar mælt er í tekjum, sbr. kafla 6.5. Alcoa var þeirra stærst, með um 340.000 tonna framleiðslugetu á ári.
3334. Alcoa var á rannsóknartímabili þessa máls í viðskiptum við bæði Eimskip og Samskip. Sem fyrr segir samdi Alcoa við Samskip um útflutning á áli til Evrópu árið 2007.¹⁷³⁰ Eimskip sá aftur á móti um alla skipaafgreiðslu fyrir Alcoa í Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði en í því fólst meðal annars uppskipun á 690.000 tonnum af súráli á ári og öllum aðföngum til álframleiðslu, svo og öll lestun á áli til útflutnings sem nam á fjórða hundrað þúsund tonnum á ári. Einnig var í gildi samningur milli Alcoa og Eimskips um landflutninga hér á landi, innflutning á rafskautum frá Mosjoen í Noregi og útflutning á rafskautaleifum til endurvinnslu í Noregi, sbr. umfjöllun í kafla 6.5. Alcoa hefur afhent Samkeppniseftirlitinu umrædda samninga.¹⁷³¹
3335. Eins og lýst er í kafla 6.5 tilkynnti Eimskip í fjölmiðlum á árinu 2007 að það hafi gert samkomulag við Alcoa um útflutning á áli sem næmi 40.000 tonnum af áli til Bandaríkjanna. Í gögnum málsins er á hinn bóginn ekki að finna stoð fyrir því að það samkomulag hafi verið í gildi eða unnið á grundvelli þess. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að árið 2007 var gert ráð fyrir því hjá Alcoa að allt að 100% af álframleiðslu fyrirtækisins færi markað í Evrópu, en hluti framleiðslunnar gæti verið seldur á markað í Bandaríkjunum. Í reynd fór það svo að nær öll álframleiðsla Alcoa á rannsóknartímabilinu fór á Evrópumarkað.

9.2.3. Samskip fara fram á að Alcoa greiði hærra verð

3336. Í samtímagögnum Samskipa frá sumri og hausti 2008, sem tengdust verkþáttum í „Nýtt upphaf“ verkefninu, var sem áður segir fjallað um „stóru myndina“ eða „stóru málin“, þ.e. um breytingar á siglingakerfi, samstarf við Eimskip og skipti á „slottum“, verðhækkanir o.fl. Í því samhengi var gjarnan vísað til útflutningsþjónustu Samskipa á áli fyrir Alcoa til Evrópu. Var stillt upp

¹⁷³⁰ Í Morgunblaðinu 14. október 2007 var samningi Alcoa og Samskipa lýst svo: „ALCOA Fjarðaál hefur samið við Samskip um að annast flutninga á framleiðslu fyrirtækisins til Evrópu næstu fimm árin. Meginhluti framleiðslu Alcoa Fjarðaáls fer á Evrópumarkað. Flutningarnir munu stórauka umsvif Samskipa á Íslandi.

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Alcoa.

Árleg framleiðslugeta 346 tonn

Það voru [...], forstjóri Alcoa Fjarðaáls, og [...], forstjóri Samskipa, sem undirrituðu samninginn í dag í upplýsingamiðstöð Alcoa Fjarðaáls og Fjarðabyggðar við Sómastaði í Reyðarfirði.

Árleg framleiðslugeta Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði er áætluð um 346 þúsund tonn og verður meginhluti framleiðslunnar sendur á Evrópumarkað. Umsvif Samskipa á Íslandi munu því stórukast með samningnum. Heildarvöruútflutningur frá Íslandi eykst um tæpan fjórðung í tonnum talið með tilkomu Fjarðaáls.

„Þetta er mikilvægur og hagstæður samningur fyrir Alcoa Fjarðaál. Með honum verða Samskip tengiliður við viðskiptavinum okkar í Evrópu. Ég reikna með því að þessir flutningar muni einnig koma öllu Norðausturlandi til góða og að þeir muni breyta flutningamynstri á landinu öllu,“ sagði [...], forstjóri Alcoa Fjarðaáls við undirritun samningsins.

Skipafloði Samskipa stækkar

„Við hjá Samskipum væntum mikils af þessu samstarfi við Alcoa Fjarðaál. Við höfum annast gríðarlega mikla flutninga fyrir stóriðjuframkvæmdirnar hér eystra og höfum í tengslum við þá flutninga eftir siglingakerfi okkar til muna. Við erum núna með vikulegar siglingar til Reyðarfjarðar en það er ljóst að þessi samningur við Alcoa Fjarðaál mun leiða til stækkunar á skipafloða okkar og jafnframt aukinnar almennrar flutningsgetu þegar flutningarnir verða komnir á fullan skrið,“ sagði [...], forstjóri Samskipa.

Í fréttatilkynningunni er sagt að Alcoa Fjarðaál muni jöfnum höndum framleiða hreint ál, ýmiskonar álblöndur fyrir margvíslega iðnaðarframleiðslu og álvíra sem notaðir eru í háspennustrengi. Reikna má með að útflutningsverðmæti framleiðslu Fjarðaáls muni nema um 50-60 milljörðum króna á ári, miðað við álverð og gengi gjaldmiðla eins og það er nú.

„Stefnt er að enn frekari uppbyggingu Samskipa eystra í kjölfar samningsins en félaginu hefur þegar verið úthlutað lóð á athafnasvæði Mjóeyrarhafnar. Ekki verður greint frá einstökum efnisatriðum samningsins,“ segir ennfremur í fréttatilkynningunni.“ Sjá: „Samskip annast álflutninga fyrir Alcoa Fjarðarál“, 14.10.2007. Morgunblaðið, aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1169906/>.

¹⁷³¹ Afhent skjöl frá Alcoa Fjarðaál. Afhent þann 31.10.2017. „Stevedoring Agreement Reyðarfjörður Harbor between Alcoa Fjarðaál and Eimskip“. Samningur undirritaður 21.12.2006. „Framlenging á hafnarvinnusamningi milli ALCOA og Eimskips“. Samningur undirritaður 17.12.2011. „Third Amendment Agreement to the Stevedoring Agreement between Alcoa Fjarðaál and Eimskip“. Samningur undirritaður 20.02.2013. „Contract of Affreightment between Alcoa Fjarðaál and Hf. Eimskipafélag Íslands from September 3rd 2007 to September 2nd 2012“. „Addendum to the Contract of Affreightment between Eimskip and ALCOA, dated 6th day of November, 2007 (the Contract).“ Afhent skjal frá Alcoa Fjarðaál. Afhent þann 3.11.2017. „Þjónustusamningur Alcoa Fjarðaál og H.F. Eimskipafélags Íslands um flutning milli áætlunarstaða innanlands. Samningur um flutninga á landi.“ Samningur undirritaður 1.12.2007.



sviðsmyndum þar sem m.a. var gert ráð fyrir að Samskip hættu flutningum fyrir Alcoa¹⁷³² eða að flutningsgeta Samskipa yrði takmörkuð og auknu samstarfi við Eimskip komið á, m.a. tengdu flutningum fyrir Alcoa t.d. með því að Eimskip myndi taka að sér flutning á hluta af álinu til Evrópu „fyrir“ Samskipa, flytja tóma gáma til Reyðarfjarðar og samþykkja Steinweg (fyrirtækið sem annaðist hafnarþjónustu í Rotterdam vegna útflutnings á áli Alcoa) sem „depot“ í Rotterdam, sbr. t.d. gögnin sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk send frá (S)forstö-flutnstj að kvöldi 24. júlí 2008 og kafla 8.13.¹⁷³³ Í skjölum starfsmanna Samskipa frá júlí 2008 um endurmat á siglingakerfum var stefnt að því að gerðar yrðu breytingar á samningi fyrirtækisins við Alcoa og m.a. var aukið samstarf við Eimskip sem áður segir grundvöllur þessara breytinga, sbr. kafla 8.13.1.

3337. Samtímis því að Samskip gripu til verulegra gjaldskrárhækkana þann 1. september 2008 vann (S)aðaleig-stjform-SH að því og gaf fyrirmæli til samstarfsmanna sinna um að grípa til enn frekari aðgerða, m.a. með verðhækkunum gagnvart lykilverðskiptavinum eins og Alcoa, sbr. kafla 8.15.11.
3338. Í framhaldi af fyrirmælum (S)aðaleig-stjform-SH var strax hafist handa og undirbjuggu Samskip tillögur um breytingar á samningi sínum við Alcoa um útflutning á áli til Evrópu. Samskip óskuðu síðan eftir fundi með Alcoa Inc. sem var haldinn í Bandaríkjunum þann 15. september 2008.¹⁷³⁴ Föluðust Samskip sem áður segir eftir mikilli verðhækkun á samningi sínum við Alcoa frá október 2007.
3339. Í þessu samhengi verður að hafa í huga fund sem m.a. (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl áttu stuttu áður, þann 5. september 2008, þar sem fjallað var um breytingar á siglingakerfum og viðskipti við Alcoa.¹⁷³⁵ Einnig vísast til glærukynningar (S)frkvstj-millilandasv degi síðar um takmörkun á flutningsgetu Samskipa og samstarf við Eimskip, svokölluð „ALCOA mín“ leið. Einnig ber að rifja upp áður nefnd tölvupóstsamskipti innan Eimskips 10. – 11. september 2008 (milli m.a. (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl) og fundargerð vegna fundar (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl 15. september 2008 (sama dag og Samskip funduðu með Alcoa í Pittsburgh í Bandaríkjunum, sbr. framangreinda umfjöllun). Samkvæmt þessum gögnum fjölluðu umræddir framkvæmdastjórar hjá Eimskip um útflutning á áli Alcoa til Evrópu og möguleika á því að tryggja að Eimskip gæti fengið „fast magn“ af flutningum Samskipa fyrir Alcoa til Evrópu.
3340. Í framhaldi af fundi Samskipa með Alcoa 15. september 2008 sendu Samskip 19. september 2008 tillögu um verulega verðhækkunina til Alcoa.¹⁷³⁶
3341. Hvergi kemur fram í samtímagögnum að Samskip hafi óttast að þessi krafa um verulega verðhækkun gagnvart hinu erlenda stórfyrirtæki myndi leiða til þess að Alcoa viðskiptin myndu færast til Eimskips eða leiða til atburðarásar þar sem samkeppni myndi aukast.
3342. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (S)frkvstj-millilandasv funduðu eins og áður greinir þann 6. október 2008 um atriði sem tengdust „Nýtt upphaf“ verkefninu. Eins og rökstutt er í kafla 8.17.5 og 8.17.17 telur Samkeppniseftirlitið að á fundinum hafi aftur m.a. verið rætt um þann þátt „Nýtt upphafs“ verkefnisins sem tók til siglinga milli Íslands og annarra Evrópuríkja. Hafi verið rætt um siglingakerfin og takmörkun á flutningsgetu og tengd málefni eins og flutninga fyrir Alcoa.
3343. Tveimur dögum eftir fund (S)frkvstj-millilandasv með Eimskip, eða þann 8. október 2008 hafnaði Alcoa því að ganga að verðhækkun Samskipa, sbr. umfjöllun í kafla 8.17.9.¹⁷³⁷ Samkvæmt

¹⁷³² Áætlanir Samskipa gerðu einnig ráð fyrir að í stað viðskipta sem Samskip létu frá sér fengi fyrirtækið einhver önnur viðskipti í staðinn, t.d. að Samskip hætti að sigla til Grundartanga og láti þar með frá sér viðskipti við Elkem en fái í staðinn frá Eimskip viðskipti við Byko. Sjá kafla 8.16.2.3 og 8.16.9.

¹⁷³³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Siglingakerfi – hagræðing xls.“. Fannst vistað á [...] Doc. ID. 0.7.33.16246. Fannst einnig á heimasvæði [...] Doc. ID. 0.7.33.31337.

¹⁷³⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum við Alcoa Inc. Sjá m.a. tölvupóst [...] Doc. ID. 0.7.33.798228. Sjá einnig síðari tölvupósta um sama efni milli sömu aðila, m.a. tölvupóstur [...] Doc. ID. 0.7.33.801249.

¹⁷³⁵ Sjá kafla 8.16.2.

¹⁷³⁶ Afrituð tölvuskjal frá Samskipum. „Alcoa Samskip Addendum 19-09-08.doc“ og „Import 07.xls“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.804420. Í fylgiskjöllum er að finna tillögu Samskipa til Alcoa um viðauka á samningi aðila um útflutning á áli til Evrópu.

¹⁷³⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.810905.

upplýsingum Samskipa áttu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv fund með Alcoa þann 10. október 2008. Samtímagögn sýna að á þeim tíma hafi Samskip sett fram kröfu um breytingu á samningnum við Alcoa vegna takmörkunar á flutningsgetu og áfram gerð sú krafa af hálfu Samskipa að verð myndi hækka, þótt aðeins hafi liðið dagar frá því að Alcoa hafði hafnað fyrirætlunum Samskipa um að hækka verð í samningi fyrirtækjanna.

3344. Hér ber að áréttta að sama dag og Samskip halda því fram að hafa átt fund með Alcoa, var útbúin viðskiptaáætlun hjá Eimskip fyrir árið 2009, þar sem fram kom að eitt helsta tækifæri Eimskips á Austurlandi væri möguleiki á því að hluti flutninga Samskipa fyrir Alcoa frá Reyðarfirði til Evrópu myndi færast til Eimskips („Samskip ? hluti til Eimskips“). (E)svæðisstj1 sendi áætlunina til (E)frkvstj-innanl daginn eftir, þann 11. október 2008, sbr. umfjöllun í kafla 8.17.14.

9.3. Samskip segjast vera að ljúka samningum við Eimskip

3345. Hér ber á ný að rifja upp að (S)aðaleig-stjform-SH lýst því yfir í lok september 2008 að „mynd“ yrði komin á „stóru málin“ 20. október 2008. Þessi stóru mál voru Alcoa, siglingakerfið og áframhaldandi hækkun á verði. Þá ber áréttta að (S)forstö-innfl1 hafði 15. október 2008 á fundi með öðrum lykilstjórnendum Samskipa verið falið að ræða við Eimskip um „almenn t slotverð“ og sama dag sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf og lagði til að Eimskip og Samskip myndu gera „almennan slot sharing samning“ (samstarfsamning í sjóflutningum tengdum Íslandi). (E)frkvstj-flutnkerf svaraði samdægurs og sagði Eimskip tilbúið „að skoða allt“ með Samskipum.
3346. (S)frkvstj-millilandasv svaraði þeim tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf kl. 09:23 mánudaginn 20. október 2008. Í honum sagði:
- „Sæll [(E)frkvstj-flutnkerf] okkar hugmyndir eru að gera þetta sem tímabundna útvíkkun á neyðarsamkomulagi sbr. meðfylgjandi [...]“¹⁷³⁸*
3347. Meðfylgjandi voru drög að víðtæku samkomulagi um samstarf Eimskips og Samskipa í sjóflutningum til og frá Íslandi. Kom þar m.a. fram að Eimskip og Samskip vilji;
- „nýta flutningakerfi hvors annars í meira mæli en áður.“*
3348. Er þessu skjali lýst nánar í kafla 9.12.2.
3349. Sagði einnig í framangreindum tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv að ljóst væri að samþykki Samkeppniseftirlitsins þyrfti fyrir þessu samkomulagi (sem samkvæmt efni sínu fól m.a. í sér flutningasamstarf og verðsamráð keppinauta með 90 - 95% markaðshlutdeild) og spurði hann (E)frkvstj-flutnkerf hvort Eimskip væri sáttt við að Samskip myndu senda Samkeppniseftirlitinu þetta samkomulag. (E)frkvstj-flutnkerf framsendi samkomulagið til (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-Eimísl og spurði þá: „Hvernig lýst ykkur á þessi verð?“¹⁷³⁹ Minntist hann hins vegar ekki á þörfina fyrir undanþágu skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga.
3350. (E)frkvstj-flutnkerf svaraði einnig samdægurs framangreindum tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv og sagði: „Við skoðum þetta og kem til baka.“ Stuttu síðar sama dag sendi (E)frkvstj-flutnkerf annan tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og í honum sagði: „Okkur finnst þetta vera í lægri kantinum viljum sjá EUR 200 hækkan á þessi verð þar sem þetta er stack/stack, heyri frá þér.“¹⁷⁴⁰
3351. Árla morguns sama dag, 20. október 2008, birti Lloyd's List frétt á vefnum: „Samskip trims vessel capacity on Icelandic services“.¹⁷⁴¹ Fréttin var stutt og vísað til samtals blaðamannsins við (S)aðaleig-

¹⁷³⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.438179.

¹⁷³⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.438179.

¹⁷⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.33354.

¹⁷⁴¹ „Samskip trims vessel capacity on Icelandic services“, 20.10.2008. Lloyd's List. Aðgengilegt á slóð: <https://lloydslist.maritimeintelligence.informa.com/LL083886/Samskip-trims-vessel-capacity-on-Icelandic-services>.



stjform-SH. Kom fram í fréttinni að Samskip myndu hætta að sigla einu skipi í þjónustu við Ísland án þess að það væri útlistað nánar.

3352. Klukkan 07:52 að íslenskum tíma fékk **(S)aðaleig-stjform-SH** tölvupóst frá stjórnanda Samskipa erlendis sem spurði hvort fréttin væri rétt og spurði m.a. hvenær þetta yrði tilkynnt innanhúss.¹⁷⁴²
3353. Klukkan 8:56 sama morgun sendi **(S)aðaleig-stjform-SH** tölvupóst til stjórnanda Samskipa erlendis sem viðbrögð við fyrrnefndri frétt Lloyd's (til **(S)frkvstj-N-Am**, **(S)frkvstj-Holland** o.fl.), afrit fór til stjórnanda Samskipa á Íslandi; **(S)frkvstj-millilandasv**, **(S)frkvstj-MCL**, **(S)stjórnarm-fjármstj**, **(S)forstö-umb.erl**, **(S)frkvstj-Jóna** og **(S)frkvstj-fjárm**. Heiti póstsins var „Iceland service – capacity“. Í tölvupósti **(S)aðaleig-stjform-SH** kom fram eftirfarandi: "Hi - it is out in the market that we, Samskip, are reducing capacity on Iceland. Can confirm that we are working on this, negotiations still taking place with shipowner and no conclusion there. The idea would be to operate Arnafell / Helgafell on same route as is today, and Akrafell on route between Reydarfjordur, Faroe Island, Rotterdam and UK, and then redeliver Hvassafell - but nothing concluded yet as said."¹⁷⁴³
3354. Klukkan 11:59 áframsendi **(S)aðaleig-stjform-SH** þennan tölvupóst til **(S)forstö-markaðs**, forstöðumanns samskiptadeildar Samskipa (afrit til **(S)frkvstj-millilandasv**) og sagði: „Vinsamlega láta fréttina fylgja með og umorða það sem ég segi, á íslensku, til forstöðumanna innanhúss, hafa sem algjört trúnaðarmál“.
3355. Stuttu síðar sendi **(S)forstö-markaðs** tölvupóst til **(S)aðaleig-stjform-SH** (afrit sent til **(S)frkvstj-millilandasv**):
- „má þetta vera svona?
- Trúnaðarmál*
- Í nýjasta blaði Loyd's List er frétt um Samskip, þar sem sagt er að félagið fækki skipum í ferðum til og frá Íslandi. Hið rétta í málinu er, að verið er að skoða þann möguleika að breyta siglingakerfi félagsins þannig að Arnarfell og Helgafell verði óbreytt, Akrafell sigli milli Reykjavíkur, Reyðarfjarðar, Færeyja, Rotterdam og UK en Hvassafellinu verði skilað. Viðræður standa yfir milli Samskipa og eiganda skipsins en endanlega ákvörðun hefur ekki verið tekin.
- Vinsamlega farið með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál, vísið fyrirspurnum utanhúss sem kunna að berast til **[(S)forstö-markaðs]** og takið á innanhúss fyrirspurnum í samræmi við ofangreint."
3356. **(S)frkvstj-millilandasv** svaraði: „Flott“.¹⁷⁴⁴
3357. Síðar sama dag, kl. 15:59 þann 20. október 2008, sendi **(S)aðaleig-stjform-SH** tölvupóst til **(S)aðaleig-stjform-SH**. Meðfylgjandi honum voru drög að lengri frétt um Samskip í tímaritinu Lloyd's List. Í drögunum var vitnað til samtals blaðamannsins við **(S)aðaleig-stjform-SH** og **(S)frkvstj-MCL**. Kom fram að Samskip myndu fækka skipum, sem hefðu sinnt flutningum til og frá Íslandi, um eitt. Bað **(S)aðaleig-stjform-SH** **(S)aðaleig-stjform-SH** um að lesa yfir drögin og sagði að þetta hefði verið greinin sem hefði átt að birtast en „head-lines“ hafi birst úr henni þennan sama morgun (sbr. umfjöllun hér að framan um styttri frétt Lloyd's).¹⁷⁴⁵
3358. Skömmu seinna sama dag, kl. 16:22 þann 20. október 2008, sendi **(S)aðaleig-stjform-SH** tölvupóst til **(S)frkvstj-MCL**. Greindi **(S)aðaleig-stjform-SH** frá því að hann hefði rætt við **(S)aðaleig-stjform-SH** og bað hann **(S)frkvstj-MCL** að hafa samband við blaðamanninn hjá Lloyd's List og biðja hann um að fresta birtingu á fréttinni til fimmtudagsins 23. október 2008. Samkvæmt tölvupósti **(S)aðaleig-**

¹⁷⁴² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.516871. Afritaður tölvupóstur [...] Doc. ID. 0.7.33.516878.

¹⁷⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.516896.

¹⁷⁴⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti. [...] Doc. ID. 0.7.33.517127.

¹⁷⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.517361.



stjform-SH var ástæða þess að hann og (S)aðaleig-stjform-SH vildu fresta birtingu lengri útgáfu af fréttinni eftirfarandi:

„We are today, tuesday and wed.day finalizing agreements with vessel owner and Alcoa and Eimskip, and would be great if this can be delayed till Thursday.“¹⁷⁴⁶

3359. Framangreind ummæli (S)aðaleig-stjform-SH 20. október 2008, um samninga við Eimskip skulu sett í samhengi við að 20. október 2008 og næstu daga á eftir áttu sér stað samskipti milli Samskipa og Eimskips varðandi m.a. almennt slotverð og hið „útvíkkaða neyðarsamkomulag“, sbr. umfjöllun hér að framan. Einnig vísast til tölvupósts (S)aðaleig-stjform-SH 2. nóvember 2008 þar sem hann sendi sjálfum sér minnislista. Eitt atriði á lista (S)aðaleig-stjform-SH var: „Eimskip – nýir samningar“, sbr. umfjöllun hér síðar.
3360. Sama kvöld og (S)aðaleig-stjform-SH sagði Samskip vera að ljúka samningum við m.a. Eimskip, sendi (S)frkvstj-MCL tölvupóst til áðurnefnds blaðamanns Loyd's List (og (S)aðaleig-stjform-SH), þar sem hann óskaði eftir að ræða við blaðamanninn um breytingar á drögum að fréttinni.¹⁷⁴⁷ Gögnin sýna símtal (S)frkvstj-MCL við blaðamanninn daginn eftir og sama dag sendi (S)frkvstj-MCL athugasemdir við drög að frétt Loyd's til blaðamannsins.¹⁷⁴⁸ Að morgni 22. október 2008 var (S)frkvstj-MCL ennþá í samskiptum við (S)aðaleig-stjform-SH vegna breytingatillagna Samskipa á drögum fréttarinnar. Samkvæmt gögnum málsins var fyrirhugað að birta lengri útgáfu af fréttinni 28. október 2008.¹⁷⁴⁹ Líkt og í styttri frétt Loyd's bera gögn málsins með sér að í lengri útgáfu fréttarinnar hafi verið fjallað um starfsemi Samskipa erlendis og hér á landi og Samskip væru að fækka um eitt skip í flutningum tengdum Íslandi með því að leggja öðru stærra skipi fyrirtækisins sem sigldi á Leið 2. Aðrar upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar Samskipa, eins og um fyrirhugaða siglingaáætlun o.s.frv., komu ekki fram í fréttinni.¹⁷⁵⁰ Þær upplýsingar voru fyrst birtar opinberlega þegar Samskip tilkynnti breytingu á siglingakerfinu 31. október 2008, sbr. umfjöllun hér síðar.
3361. Samkvæmt framangreindum tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH til (S)frkvstj-MCL 20. október 2008 voru Samskip um það bil að ljúka samningum sem tengdust breytingum á siglingakerfinu og við Alcoa og Eimskip. Eins lýst verður hér á eftir áttu Samskip og Eimskip í samskiptum miðvikudaginn 22. október 2008 og sátu þann dag fund með Alcoa. Fyrir hönd Samskipa var (S)frkvstj-millilandasv þátttakandi í þeim samskiptum.
3362. Hér ber og að líta til þess að daginn áður, þann 21. október 2008, boðaði (E)forstö-innfl þá (E)frkvstj-flutkerf og (E)frkvstj-EimÍsl til innanhússfundar hjá Eimskip. Fundinn átti að halda í hádeginu 23. október 2008 og átti að ræða samstarf við Samskip. Nánar tiltekið var fundarefnið eftirfarandi:
- „Samskip samningur ex USA og Neyðarsamkomulag um gámaflutninga“.¹⁷⁵¹*
3363. Samkvæmt þessu ætluðu stjórnendur Eimskips, sem átt höfðu í samskiptum við (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1, að hittast daginn eftir samskipti Eimskips og Samskipa á Reyðarfirði til þess að ræða tvö málefni sem féllu undir verkþáttinn „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í „Nýtt upphaf“ verkefninu, sbr. glærुकyningin sem (E)frkvstj-albjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir. Var hér um að ræða annars vegar samstarf í sjóflutningum til og frá Norður-Ameríku og hins vegar samstarf í sjóflutningum milli Íslands og annarra Evrópulanda.
3364. Í mgr. 1030 – 1031 í athugasemdum Samskipa við AI er fjallað um tölvupóst (S)aðaleig-stjform-SH til (S)frkvstj-MCL frá 20. október 2008. Staðhæfa Samskip m.a. að (S)aðaleig-stjform-SH hafi verið

¹⁷⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.517383.

¹⁷⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.521140.

¹⁷⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.518157.

¹⁷⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] ID. 0.7.33.518983. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.518157. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.521140. Sjá hér einnig mgr. 41 í athugasemdum Samskipa við AI.

¹⁷⁵⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.518973.

¹⁷⁵¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.440258.



að fyrirbyggja að upplýsingar um breytingar á siglingakerfi Samskipa yrðu opinberar áður en þeir, sem höfðu beina hagsmuni af breytingunum, þar með talið Eimskip sem rekstraraðili hafnarsamnings Alcoa í Mjóeyrarhöfn, gætu upplýst sitt fólk og gert viðeigandi ráðstafanir innanhús. Tilvísun (S)aðaleig-stjform-SH í tölvupóstinum til samkomulags við Eimskip segja Samskip að varði þjónustu Eimskips til Samskipa við lestun og losun skipa í Mjóeyrarhöfn. Eins og fjallað er um í kafla 25.29 eru þessar skýringar Samskipa ekki í samræmi við samtímagögn.

3365. Þá eru þessar skýringar Samskipa í athugasemdum við AI ekki í samræmi við síðar framkomnar skýringar Samskipa í bréfi fyrirtækisins 13. júní 2022. Í því bréfi staðhæfa Samskip að gæta hafi átt trúnaðar innan Samskipa um upplýsingar um breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins, sbr. tölvupóstsamskipti (S)aðaleig-stjform-SH og starfsmanns samskiptadeildar Samskipa ((S)forstömarkaðs) frá 20. október 2008. Segja Samskip að þá hafi ennþá staðið yfir viðræður við eiganda Hvassafells og því hafi ekki verið upplýst um breytingarnar hvorki innanhúss né opinberlega. Farið hafi verið fram á að trúnaðar væri „gætt innan Samskipa um þetta efni, þ.e. stöðu mála gagnvart eiganda skipsins og þá jafnframt hugsanlegar breytingar á siglingakerfi félagsins“.

3366. Dregur þetta ósamræmi úr trúverðugleika umfjöllunar Samskipa.

9.4. Samskipti 22. október 2008 og atvik í kjölfarið

9.4.1. Samskipti m.a. Samskipa og Eimskips 22. október 2008

3367. Þann 22. október 2008 var haldinn fundur Eimskips, Samskipa og Alcoa. Fulltrúar Eimskips voru (E)frkvstj-innanl og (E)svæðisstj1. Fulltrúar Samskipa á fundinum voru (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-útfl.

3368. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um samskipti Eimskips og Samskipa 22. október 2008.¹⁷⁵² Þar af leiðandi afhentu fyrirtækin ekki gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum eða í tengslum við hann. Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við andmælaskjöl í málinu.

3369. Samtímagögn sýna að Samskip og Eimskip áttu í samskiptum 22. október 2008. A.m.k. fór fram fundur þann dag á Reyðarfirði sem var nefndur í samtímagögnum: „Joint meeting of Eimskip Terminal, Samskip and Alcoa to review terminal Operations and cooperation“.¹⁷⁵³

3370. Eins og fram hefur komið var Alcoa í viðskiptum bæði við Samskip (flutningur á áli til Evrópu) og Eimskip (m.a. skipaafgreiðsla á Reyðarfirði). Að kvöldi 22. október 2008 sendi (E)frkvstj-innanl, sem átti í samskiptunum af hálfu Eimskips þennan dag, tölvupóst til (E)forstj og (E)frkvstj-EimÍsl (afrit til (E)svæðisstj1) og lýsti því hvað hafði verið rætt. Segir í tölvupóstinum að fundurinn hafi staðið yfir í um tvær klukkustundir og Samskip og Alcoa hafi sagst vera ánægð með þjónustu Eimskips á Reyðarfirði. Samkvæmt frásögn (E)frkvstj-innanl var einnig ljóst að Samskip og Eimskip áttu einnig samskipti um eitt af „stóru málum“ Samskipa og viðfangsefni „Nýtt upphaf“ verkefnisins, þ.e. breytingu á siglingakerfinu og fækkun skipa. Samkvæmt tölvupósti (E)frkvstj-innanl hafi eftirfarandi verið rætt milli fyrirtækjanna;

„að Samskip ætla að hætta með annað skipið og vera með beinar siglingar á RFJ án viðkomu í REY og verða á RFJ á 8-9 daga fresti.“

3371. Einnig upplýsti (E)frkvstj-innanl um að Samskip muni senda Eimskip nýja siglingaáætlun og að Samskip séu;

¹⁷⁵² Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.

¹⁷⁵³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.515817. Sjá einnig afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.249723.



„með þessu að reyna að bregðast við minnkandi magni í flutningum og sigla líklega áfram á IMM og RTM en sleppa FOTHO.“

3372. Einnig segir (E)frkvstj-innanl að þetta styrki stöðu Eimskipa á Austurlandi og skapi möguleika fyrir Eimskip að „ná einhverju magni af áli inn í okkar línuskip frá RFJ, (E)frkvstj-skiparekst er að vinna í því. Einnig er ljóst að miðað við þau verð sem að við teljum að séu í gangi milli Alcoa og S-line [Samskip] þá verður þungur róður framundan hjá þeim en (E)frkvstj-flutnkerf ætlaði að reikna aðeins út hvernig kostnaðarmyndin hjá þeim liti út.“
3373. (E)forstj svaraði þessum tölvupósti og sagði:
„Frabaert felagar, ljós í myrkrinu“.¹⁷⁵⁴
3374. Áðurnefndur tölvupóstur (E)frkvstj-innanl 22. október 2008 er skýrt samtímagagn. Samkvæmt honum er ljóst að Samskip höfðu veitt helsta keppinaut sínum upplýsingar um áform sín varðandi mjög mikilvæg samkeppnisleg atriði. Þegar af þeirri ástæðu var upplýsingamiðlunin milli keppinautanna sjálfstætt brot gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. umfjöllun um ólögmaet upplýsingaskipti í kafla 4.6.3.
3375. Hér ber og að líta til þess að þennan sama morgun og Samskip greindu Eimskip frá fyrirætlun sinni um að hætta með eitt skip sendi (S)forstö-flutnstj tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv og greindi frá því að hann hefði haft samband við erlenda skipafélagið Maersk og kannað hvort það félag hefði þörf fyrir eitt skip Samskipa (Akrafell eða Hvassafell). Tók (S)forstö-flutnstj fram að hann hefði beðið Maersk um trúnað um þessa fyrirspurn:
„Bað um að þetta væri privat.“¹⁷⁵⁵
3376. Telur Samkeppniseftirlitið að þessi orð (S)forstö-flutnstj séu enn frekar til vitnis um að Samskip hafi veitt Eimskip viðkvæmar upplýsingar á fundinum á Reyðarfirði. Í innanhússgögnum Samskipa kom eins og áður segir jafnframt fram að um „algjört trúnaðarmál“ væri að ræða.¹⁷⁵⁶ Sömuleiðis eru sterkar vísbendingar um að Samskip hafi fyrir fundinn einnig verið búin að veita Eimskip þessar upplýsingar um takmörkun á flutningsgetu og upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á siglingaáætlun fyrirtækisins, sbr. nánar hér að framan og á eftir. Samræmist það markmiði fyrirtækjanna með „Nýtt upphaf“ verkefninu og samskiptum vegna þess, sbr. m.a. fundi fyrirtækjanna 5. september og 6. október 2008. Er það einnig í samræmi við viðurkenningu Eimskipa í sáttinni á alvarlegu ólögmaetu samráði við Samskip á þessum tíma. Ber og almennt að horfa til þess að ítrekuð samskipti fyrirtækjanna frá miðju ári 2008 voru til þess fallin að draga úr sjálfstæði þeirra, æskilegri óvissu á markaði og þeirri samkeppni sem gat ríkt á milli fyrirtækjanna. Þau samskipti sem áttu sér stað milli fyrirtækjanna 22. október 2008 fela í sér eitt þeirra atriða sem litið er til við heildarmat á háttsemi fyrirtækjanna.
3377. Í mgr. 55 í svarbréfi Samskipa dags. 13. júní 2022 er staðfest að gæta hafi átt trúnaðar innan Samskipa um upplýsingar um breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins, sbr. tölvupóstsamskipti (S)aðaleig-stjform-SH og starfsmanns samskiptadeildar Samskipa ((S)forstö-markaðs) frá 20. október 2008. Segja Samskip að þá hafi ennþá staðið yfir viðræður við eiganda Hvassafells og því hafi ekki verið „tímabært“ að „tilkynna formlega um þessar breytingar, hvorki innanhúss né opinberlega“. Farið hafi verið fram á að trúnaðar væri „gætt innan Samskipa um þetta efni, þ.e. stöðu mála gagnvart eiganda skipsins og þá jafnframt hugsanlegar breytingar á siglingakerfi félagsins“. Samskip á hinn bóginn byggja á því að tölvupóstur (S)aðaleig-stjform-SH, ásamt tölvupóstsamskiptum (S)frkvstj-Imming1 og (S)aðaleig-stjform-SH 20. október 2008 og tölvupóstur

¹⁷⁵⁴ Undirstrikanir SE. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.249723.

¹⁷⁵⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.518631.

¹⁷⁵⁶ Sjá einnig um trúnað um upplýsingarnar sem er árétttaður í tölvupósti hjá æðstu stjórnendum Samskipa. Þar kemur m.a. fram 20.10.2008 að upplýsingarnar um breytingu á skipakerfinu séu „algjört trúnaðarmál“. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. „Re: Fw: Iceland service – capacity“, dags. 20.10.2008, kl. 11:59, 13:38 og 13:43. Doc. ID. 0.7.33.517127.



(S)aðaleig-stjform-SH til stjórnenda Samskipa erlendis sama dag, staðfesti að engar upplýsingar hafi farið frá Samskipum til Eimskips um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins. Eins og rakið er í kafla 25.30.1 er þeim sjónarmiðum Samskipa hafnað. Gögnin sýna skýrlega að það var Samskip sem miðluðu upplýsingunum til Eimskips, sbr. tölvupóst (E)frkvstj-innanl til (E)forstj og (E)frkvstj-EimÍsl (afrit til (E)svæðisstj1) dags. 22. október 2008, sbr. einnig tölvupóst (E)frkvstj-skiparekst, til (E)frkvstj-flutkerf og (E)forstö-flutnstý 22. október 2008 um „nýtt Evrópukerfi Samskipa“, sbr. umfjöllun kafla 9.4.2. Trúnaðarupplýsingarnar gátu ekki komið annars staðar frá miðað við lýsingar Samskipa. Um var að ræða upplýsingar sem fyrirtækið sjálft „flokkaði“ eða skilgreindi í samtímagögnum sem „algjört trúnaðarmál“. Var um að ræða viðkvæmar upplýsingar í samkeppnislegu tilliti og fór miðlun Samskipa á upplýsingunum til Eimskips gegn bannreglu 10. gr. samkeppnislaga, sbr. umfjöllun hér að framan.

3378. Einn þáttur í samráði Samskipa við Eimskip vegna siglingakerfisbreytinganna og takmörkunar á flutningsgetu var samnýting á flutningakerfum vegna sjóflutninga milli Íslands og Færeyja. Þegar samskipti áttu sér stað milli Samskipa og Eimskips 22. október 2008 höfðu fyrirtækin m.a. unnið að þeim þætti samráðsins, sbr. m.a. drög að „útvíkkuðu neyðarsamkomulagi“ sem unnin voru með aðkomu (S)frkvstj-millilandasv en hann hafði átt í ítrekuðum samskiptum við Eimskip m.a. 22. október 2008, sbr. umfjöllun um samtímagögn í köflum 8.16.5, 8.17 og 8.19.
3379. Þegar fyrirtækin áttu í samskiptum 22. október 2008 sýna samtímagögn sem stafa frá (S)frkvstj-millilandasv (sem sat umræddan fund á Reyðarfirði) að Samskip voru á þeim tíma ennþá að undirbúa hvað skyldi gera með viðkomu í Færeyjum.¹⁷⁵⁷ Í frásögn (E)frkvstj-innanl af fundinum til yfirmanna sinna sagði hann að Samskip myndu „líklega“ sigla áfram á viðkomuhafnir í Immingham og Rotterdam en sleppa Færeyjum. Sýnir þetta hversu nákvæmum upplýsingum Samskip miðluðu til keppinautarins um undirbúning og ákvarðanir fyrirtækisins. Engu að síður fór það svo að fyrirtækið ákvað að hafa viðkomu í Færeyjum á Leið 2, sbr. nánari á eftir umfjöllun um tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv frá 29. október 2008.
3380. Fundur Eimskips, Samskipa og Alcoa átti sér stað fyrir hádegi þann 22. október 2008. Fram kemur í framangreindum tölvupósti (E)frkvstj-innanl, að kvöldi þessa dags, að Samskip og Alcoa muni funda eftir hádegi og næsta dag. Ljóst er að í þeim viðræðum átti m.a. að ræða áfram um verðlagningu á þjónustu Samskipa, sbr. m.a. tölvupóst (S)aðaleig-stjform-SH þann 22. október til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útl þar sem (S)aðaleig-stjform-SH bað þá að hafa samband við sig áður en þeir hefji viðræður við Alcoa næsta dag.¹⁷⁵⁸
3381. Lyktaði viðræðum Samskipa og Alcoa rúmum mánuði síðar, 24. nóvember 2008, með því að samið var um breytingar á rúmlega árgömlum samningi frá 10. október 2007. Breytingarnar fólu einkum í sér mjög mikla verðhækkun á þjónustunni (131% hækkun á flutningsgjaldi), ásamt því að þjónusta til Alcoa var skert verulega, sbr. nánari umfjöllun í kafla 9.7. Höfðu Samskip því náð því fram að draga verulega úr flutningsgetu samhliða því að hækka verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini.
3382. Í samtímagögnum Samskipa og Eimskips frá tímabilinu júlí 2008 til 22. október 2008 er eins og áður segir fjallað um þann möguleika að Eimskip taki að sér hluta af flutningum Samskipa á áli fyrir Alcoa til Rotterdam. Í samræmi við þennan aðdraganda lýsti (E)frkvstj-innanl því í tölvupóstinum til (E)forstj og (E)frkvstj-EimÍsl (eftir samskipti fyrirtækjanna 22. október 2008) að möguleiki væri að Eimskip myndi fá hluta af þessum flutningum Samskipa. Sem fyrr sagði svaraði (E)forstj tölvupósti (E)frkvstj-innanl með þessum orðum: „Frabaert felagar, ljós i myrkrinu“. Eins og lýst verður ríkti síðan mikil ánægja innan Eimskips með að fyrirtækið hefði fengið til sín hluta af þeim álútlutningi sem féll undir samning Samskipa við Alcoa, sbr. nánari umfjöllun í kafla 9.11.

¹⁷⁵⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „pom skipapæling.xls“, vistað á heimasvæði [...] Doc. ID. 0.7.33.25561. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „skipapæling.xls“, vistað á heimasvæði [...] Doc. ID. 0.7.33.24802.

¹⁷⁵⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.519160.

3383. Samkeppniseftirlitið bendir á að daginn fyrir fundinn á Reyðarfirði óskaði Alcoa eftir því að Eimskip gerði tilboð í flutning á álfarmi frá Reyðarfirði til Rotterdam um miðjan og í lok desember 2008, sbr. tölvupóst [\(E\)frkvstj-skiparekst](#) til starfsmanns Eimskips í flutningsstýringu (afrit til [\(E\)frkvstj-flutnkerf](#), [\(E\)forstö-flutnstý](#), [\(E\)deildstj-útf1](#) og [\(E\)forstö-útf1](#)). Tölvupósturinn var sendur í tilefni af því að Eimskip skipulagði áætlun skipa yfir „jól/áramót“ 2008. Áréttu ber að þessi beiðni Alcoa tók ekki til þess að Eimskip hefði fasta aðkomu að flutningum á álinu til Evrópu. Í tölvupóstinum sagði [\(E\)frkvstj-skiparekst](#) þetta um Alcoa: „Á fundi með fulltrúum Alcoa í gær kom fram að þeir hefðu hug á því að senda ál með okkur frá Reyðarfirði til Rotterdam annars vegar upp úr miðjum desember og hins vegar í lok desember (komið um borð eigi síðar en 31/12). Þeir eru ekki með neinar upplýsingar um magn, á þessu stigi og snéru spurningunni við þannig að þeir biðja okkur um að senda sér okkar möguleika á þessu dæmi og við biðja þig um að hugleiða það og stilla því upp mv. Norðurleiðarskipin, svo og *Blikur*.“¹⁷⁵⁹
3384. Samkeppniseftirlitið bendir á að áður hafði Eimskip, í lok ársfjórðunga fyrir á árinu 2008, komið að afmörkuðum flutningi fyrir Alcoa á álförnum til Rotterdam, sbr. umfjöllun í kafla 9.2.1. Af frásögn [\(E\)frkvstj-skiparekst](#) má ráða að beiðni Alcoa 21. október 2008 hafi verið sambærileg fyrri tveimur tilvikunum, þegar Eimskip undir lok ársfjórðunga mars og júní hafði flutt fyrir Alcoa afmarkaða farma þar sem Alcoa hafði tekið skýrt fram að engin „*fram tíðar skuldbinding um frekari viðskipti [væri] í þessum viðskipum falin*“, sbr. tölvupóst Alcoa til Eimskips dags. 28. mars 2008 og umfjöllun í kafla 9.2.1. Tengdist framangreint fyrirkomulagi á því hvernig uppgjöri á starfsemi Alcoa á Reyðarfirði var háttað gagnvart móðurfélaginu.
3385. Beiðni Alcoa til Eimskips 21. október 2008, sbr. tölvupóst [\(E\)frkvstj-skiparekst](#), tók m.ö.o. eins og áður segir ekki til tilboðs í reglubundinnar aðkomu Eimskips að flutningum, með því að sinna umframflutningum á því sem Samskip gátu ekki sinnt vegna siglingakerfisbreytinganna. Um það höfðu Samskip og Eimskip hins vegar átt í samskiptum um í kjölfar fundar fyrirtækjanna 6. júní 2008.
3386. Við rannsókn þessa máls hefur Samkeppniseftirlitið ekki fundið að samstarfsmenn [\(E\)frkvstj-skiparekst](#) hjá Eimskip hafi svarað tölvupóstinum hans um beiðni Alcoa um afmarkaðan flutning í lok desember 2008. Það er skiljanlegt enda höfðu [\(E\)forstö-útf1](#), [\(E\)deildstj-útf1](#) og [\(E\)frkvstj-Holl](#) þá þegar þann dag hafið vinnu að þeim aðgerðum að Eimskip myndi, í samræmi við samráð við Samskip, koma með reglubundnum hætti að flutningum á áli fyrir Alcoa sem Samskip gátu ekki sinnt vegna takmörkunar á flutningsgetu, sbr. umfjöllun í kafla 9.4.2 og 9.4.3. Fundur Samskipa, Eimskips og Alcoa var eins og áður segir haldinn fyrir hádegi 22. október 2008. Samtímagögn sýna að eftir hádegi þann dag (og næstu daga) fjölluðu stjórnendur Eimskips annars vegar um siglingakerfi og takmörkun á flutningsgetu Eimskips og Samskipa og hins vegar undirbjuggu þeir að Eimskip myndi taka að sér hluta af álfutningum Alcoa til Rotterdam. Verður nú vikið að þessu.

9.4.2. Eimskip fjallar um „nýtt Evrópukerfi Samskipa“

3387. Í áðurnefndum tölvupósti [\(E\)frkvstj-innanl](#) til [\(E\)forstj](#) og [\(E\)frkvstj-EimÍsl](#) að kvöldi 22. október 2008 var greint frá því að [\(E\)frkvstj-flutnkerf](#) og [\(E\)frkvstj-skiparekst](#) hefðu þegar eftir samskiptin við Samskip hafið vinnu sem tengdist fyrirhugaðri takmörkun á flutningsgetu Samskipa og aðkomu Eimskips að flutningum á áli Alcoa til Rotterdam. Þetta á sér stoð í öðrum gögnum málsins.
3388. Samtímagögn sýna þannig að [\(E\)frkvstj-flutnkerf](#) og [\(E\)frkvstj-skiparekst](#) og undirmenn þeirra hófust þegar handa við að skoða „nýtt Evrópukerfi Samskipa“ og reikna kostnað Samskipa af breyttu siglingakerfi. Þetta má sjá af tölvupóstsamskiptum starfsmanna Eimskips dagana 22. – 24. október 2008. Verður nú vikið að þessum samskiptum en þau gögn, metin heildstætt með öðrum gögnum málsins, sýna framgang samráðs Samskipa og Eimskips. Þau sýna aukin heldur að ekki eingöngu hafði verið miðlað upplýsingum milli Samskipa og Eimskips um áform Samskipa um breytingar á Leið 2

¹⁷⁵⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.273579.



heldur bjó Eimskip jafnframt yfir upplýsingum um að Samskip áformuðu að halda siglingaáætlun á Leið 1 óbreytti.

3389. Að loknum tveggja klukkustunda fundi Eimskips, Samskipa og Alcoa á Reyðarfirði 22. október 2008 sendi (E)frkvstj-skiparekst, sem var stjórnandi hjá Eimskip og bar ábyrgð á skiparekstri fyrirtækisins, tölvupóst kl. 14:32 til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-flutnstý. Tölvupósturinn bar heitið „Útreikningar vegna Evrópu“. Í honum sagði:

„Erum klárir að ræða heilt yfir kostnað okkar við hinar ýmsu útfærslur á siglingakerfinu í Evrópu til næstu vikna/mánaða þ.m.t. að sleppa FRK og taka Blikur út og erum búnir að reikna út hvað nýtt Evrópukerfi Samskipa kemur til með að kosta, en þar vantar inn útreikninga á 2 x 900 teu skipa S-Line [Samskip] mv. þá rútu sem þau eiga að fara á.

Getum við breytt eitthvað okkar kerfi?

Hef reiknað kostnað vegna álskipsins þeirra [Samskipa]

Hver er staðan vegna US/CA hvað varðar útreikninga?''¹⁷⁶⁰

3390. Af tölvupósti (E)frkvstj-skiparekst verður ráðið að eftir hádegi 22. október 2008 bjó hann yfir upplýsingum um „nýtt Evrópukerfi Samskipa“ þrátt fyrir að Samskip greindu ekki opinberlega frá þeim breytingum sem það fæli í sér fyrr en viku síðar.

3391. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að forstjóri Samskipa, (S)aðaleig-stjform-SH, hafði tveimur dögum áður sent tölvupóst til starfsmanns Samskipa þar sem hann kvað upplýsingar um breytingarnar vera „algjört trúnaðarmál“ (m.a. upplýsingar um óbreytta Leið 1: „The idea would be to operate Arnafell / Helgafell on same route as is today“). Jafnframt er vakin athygli á framangreindum tölvupósti (S)forstö-flutnstj til (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv 22. október 2008 þar sem (S)forstö-flutnstj greindi frá því að hann hefði haft samband við erlenda skipafélagið Maersk og kannað hvort Maersk hefði þörf fyrir eitt leiguskip Samskipa (Akrafell eða Hvassafell). Í samræmi við viðskiptalega þýðingu upplýsinganna kvaðst (S)forstö-flutnstj hafa beðið Maersk um trúnað um fyrirsurnina. Við blasir því að þær upplýsingar sem Samskip miðluðu til Eimskips voru afar viðkvæmar með tilliti til þeirrar samkeppni sem átti að ríkja á milli fyrirtækjanna.

3392. Sama dag, kl. 16:04, svaraði (E)forstö-flutnstý tölvupósti (E)frkvstj-skiparekst og sendi afrit til (E)frkvstj-flutnkerf þar sem hann kvað verið vera að reikna út áhrifin af því að fækka frekar skipum Eimskips í siglingum til og frá Evrópu (taka út skipið Blik). Hann tók einnig fram að búið væri að kanna áhrif þess að fækka skipum í Norður-Ameríku siglingum úr tveimur í eitt. Um áform Samskipa á Leið 1 tók (E)forstö-flutnstý eftirfarandi fram:

„Við tökum saman siglingakostnaðinn á Helgafelli/Arnarfelli [þ.e. skipum Samskipa]. Er ekki klárt að hringurinn þeirra verður REY-GRT-REY-VESIMM-RTM-CUX-VAR-AAR-KOL-REY.“¹⁷⁶¹

3393. Daginn eftir, kl. 9:27 svaraði (E)frkvstj-flutnkerf tölvupósti (E)forstö-flutnstý og sagði: „(E)starfsm-flutnstýr2 var byrjaður að reikna út kostnaðinn hjá samkeppnisaðilum okkar ég veit ekki hvað langt hann var kominn með“. Þremur mínútum síðar, kl. 09:30, svaraði (E)frkvstj-skiparekst tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf og spurði vegna áforma Samskipa um Leið 2: „Ætlar Samskip að henda Færeyjum alveg út, en mér vitanlega á Alcoaskipið [þ.e. skip Samskipa á Leið 2, Hvassafell] ekki að koma þar við, því það er kynnt sem „dedicated“ skip?''¹⁷⁶² (E)frkvstj-flutnkerf svaraði stuttu síðar, kl. 9:39, og sagði:

¹⁷⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.33736.

¹⁷⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.33927.

¹⁷⁶² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.33901.



„Ég veit það ekki hef ekki komist að því en hitti [(E)frkvstj-innanl] áðan hann sagði mér að hann hafði heyrt að S-Line ætluðu RFJ – RTM – IMM – RFJ sem ég trúir ekki því þá þurfa þeir að keyra allri IMM vörunni frá RFJ – Rvk??“¹⁷⁶³

3394. (E)forstö-flutnstý svaraði tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf nokkrum mínútum síðar. Í tölvupóstinum birti (E)forstö-flutnstý skjáskot af heimasíðu Samskipa um siglingaáætlun hjá Hvassafelli (Leið 2) þá vikuna, þ.e. 23. – 29. október 2008 (ekki ný siglingaáætlun Samskipa sem var tilkynnt um 31. október 2008) og sagði: „Virðist vera RFJ-KOL-RTM-IMM-RFJ“. Vegna Leiðar 1 spurði (E)forstö-flutnstý yfirmenn sína ((E)frkvstj-skiparekst og (E)frkvstj-flutnkerf): „En Arnarfell/Helgafell fara áfram á IMM er það ekki og gætu hugsanlega [tekið] eitthvað af innflutningnum. [...]“
3395. (E)frkvstj-flutnkerf svaraði (E)forstö-flutnstý (afrit til (E)frkvstj-skiparekst) kl. 10:20: „Jú, ARN / HEL þau [skip Samskipa á Leið 1] fara áfram þessa rútu REY – IMM – RTM – CUX – VAG – ARH – KOL – REY en HVA [Leið 2] fer á RFJ – KOL – RTM – IMM – RFJ – KOL þeir [Samskip] koma þá með að umskipa IMM vörunni í KOL í veg fyrir ARN / HEG“.¹⁷⁶⁴
3396. Þann 24. október 2008 (kl. 10:20) framsendi (E)forstö-flutnstý áðurnefndan tölvupóst (E)frkvstj-flutnkerf frá 23. október 2008 til undirmanns og bað hann um að hefjast handa: „Getur þú vinsamlega tekið fyrir slotkostnað hjá Samskip þegar þú kemur aftur. Þeir verða með 2 skip á „gömlu rútnni“ [Leið 1] og eitt á milli RFJ/RTM (sem hugsanlega kemur eitthvað við í Færeyjum og IMM) [Leið 2].“¹⁷⁶⁵
3397. Í fyrrnefndum tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf staðfesti hann við undirmann sinn þau áform Samskipa að halda óbreyttri siglingaleið á Leið 1. Upplýsingar um áform Samskipa, um að halda siglingaleið á Leið 1 óbreyttri frá eldra kerfi, voru ekki opinberar á þessum tíma. Hvorki á heimasíðu Samskipa né á öðrum vettvangi. Samkeppniseftirlitið hefur ekki fundið samtímagögn sem sýna (E)frkvstj-flutnkerf hafi fengið þessar upplýsingar í hendur frá öðrum en Samskipum. Sé litið til gagna málsins, t.a.m. áðurnefnds tölvupósts (E)frkvstj-skiparekst um „nýtt Evrópukerfi Samskipa“, og eðli upplýsinganna er óhætt að leggja til grundvallar að upplýsingarnar hafi komið frá Samskipum.
3398. Þá er óhjákvæmilegt að horfa til þess að (E)frkvstj-flutnkerf hafði og átti á þessum tíma í ítrekuðum samskiptum við (S)frkvstj-millilandasv, sem gegndi stöðu framkvæmdastjóra hjá Samskipum og bar ábyrgð á siglingakerfi fyrirtækisins m.a. aukið samstarf vegna sjóflutninga tengdum sömu viðkomuhöfnum. Voru upplýsingaskipti fyrirtækjanna um viðskiptalega mikilvæg málefni hluti af ólögum samráði þeirra, sbr. umfjöllun í köflum 8.8, 8.15.6, 8.16.2, 8.17.5 og 8.19 og sátt Eimskips frá 16. júní 2021.
3399. Benda má á að siglingaáætlun á Leið 1 varðaði starfsemi Alcoa ekki á nokkurn hátt. Voru þetta viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar.
3400. Í þessu sambandi skal bent á að fyrirtækin höfðu áður látið hvort öðru í té upplýsingar um þær breytingar sem þau hugðust gera siglingakerfum fyrirtækjanna, sbr. umfjöllun í kafla 8.13 um atvik 24. og 25. júlí 2008. Eins og þar er rakið bjuggu Samskip þá yfir trúnaðarupplýsingum um áform Eimskips um fyrirhugaða breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins og takmörkun á flutningsgetu þrátt fyrir að ekki væri tilkynnt um þær fyrr en 1. ágúst sama ár.
3401. Í þessu samhengi ber hér einnig að hafa í huga önnur atvik málsins sem áttu sér stað í október 2008, samanber samskipti (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv um meðal annars „útvíkkað neyðarsamkomulag“, samráð um Norður-Ameríku flutninga og verðhækkunaraðgerðir hjá báðum fyrirtækjunum, sjá umfjöllun í kafla 8.19. Þar hafði (E)frkvstj-flutnkerf m.a. greint (S)frkvstj-

¹⁷⁶³ Undirstrikun SE. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.25386.

¹⁷⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.33927. Hjá [...].

¹⁷⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.76776.



millilandasv frá því að Eimskip væri tilbúið að „skoða allt“ varðandi umfangsmikið aukið samstarf við Samskip í sjóflutningum.

3402. Þótt það hafi ekki úrslitaáhrif hér þá má rifja upp að rúmum tveimur klukkustundum eftir áður nefndan tölvupóst (E)frkvstj-flutnkerf (með upplýsingum um fyrirhugaðar breytingar Samskipa) átti (E)frkvstj-flutnkerf bókaðan fund með (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl (fundur milli kl. 12 og 13 þann 23. október 2008). Allir þessir stjórnendur Eimskips ((E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl) höfðu samkvæmt fyrirmælum og að undirlagi (E)forstj séð um þann hluta „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til sjóflutninga og siglingakerfisins og átt í ítrekuð samskiptum við stjórnendur Samskipa allt frá miðju ári 2008. Samkvæmt fyrirliggjandi fundarboði var umfjöllunarefni fundarins tengt samráði Eimskips og Samskipa á þessum tíma: „Samskip samningur ex USA og Neyðarsamkomulag um gámaflutninga“.
3403. Samkvæmt umræddum tölvupóstsamskiptum Eimskips 22. – 23. október 2008 og fundi (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl 23. október 2008 var innan Eimskips, mjög skömmu eftir fund Eimskips og Samskipa á Reyðarfirði, fjallað um annars vegar fyrirhugaða takmörkun Samskipa á flutningsgetu í siglingum milli Íslands og annarra Evrópulanda og breytta siglingaáætlun, og hins vegar fyrirhugaða takmörkun á flutningsgetu Eimskips í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku, auk mögulegrar frekari takmörkunar á flutningsgetu Eimskips í Evrópusiglingum. Varðandi Norður-Ameríku flutninga ber aftur að hafa í huga að í minnisblöðum (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008, var m.a. gert ráð fyrir að Eimskip myndi draga úr flutningsgetu í siglingum milli Íslands og Norður-Ameríku. Var nánar tiltekið gengið út frá að Eimskip myndi fara úr tveggja skipa kerfi á leiðinni til og frá Norður-Ameríku í eitt skip, sbr. kafla 8.9.5 Gekk það eftir í nóvember 2008, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.
3404. Endurspeglar tölvupóstsamskipti (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-flutnstý dagana 22. og 23. október 2008 þannig ólöglegt samráð fyrirtækjanna á þessum tíma. Í þessu sambandi er aftur áréttað að tölvupóstsamskipti Eimskips 22. – 24. október 2008 tóku hvort tveggja til til áforma Samskipa um Leið 1 og Leið 2.
3405. Tölvupóstsamskipti Eimskips 22. – 24. október 2008 vegna Leiðar 2 eru í samræmi við umræðuefni Samskipa og Eimskips 22. október 2008, sbr. tölvupóst (E)frkvstj-innanl 22. október 2008 til (E)forstj o.fl. Samtímagögn sýna að hjá Samskipum lá ekki fyrir endanleg útfærsla um viðkomuhafnir á Leið 2, þ.e. hvort skip Samskipa á Leið 2 myndu hafa viðkomu í Færeyjum eða Immingham (sbr. tölvupóst (E)forstö-flutnstý 24. október 2008 um breytta rútu á Leið 2: „[...] sem hugsanlega kemur eitthvað við í Færeyjum og IMM“).
3406. Tölvupóstsamskipti Eimskips 22. – 24. október 2008 og umræða þar um Leið 2 var því í fullu samræmi við samtímagögn Samskipa frá þessum tíma sem sýna að fyrirtækið hafði á þessum tíma ekki tekið endanlega ákvörðun um viðkomu í Færeyjum og Immingham. Staðfestir tölvupóstur (E)frkvstj-innanl 22. október 2008 og tölvupóstsamskipti innan Eimskips 22. – 24. október 2008 að fyrirtækið bjó yfir nákvæmum upplýsingum frá Samskipum sem voru viðkvæmar með tilliti til þeirrar samkeppni sem átti að ríkja á milli fyrirtækjanna.
3407. Til viðbótar skal áréttar varðandi viðkomu í Færeyjum að af samtímagögnum er ljóst að Samskip unnu þá þegar að þessum þætti með Eimskip, sbr. umfjöllun um gögn málsins sem sýna samskipti og samstarf fyrirtækjanna tengt sjóflutningum milli Íslands og Færeyja. Í dæmaskyni má vísa til fyrirliggjandi tölvupósts (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-millilandasv rétt fyrir miðnætti 15. október 2008 sem fjallaði um „Útvíkkað neyðarsamkomulag“ Samskipa og Eimskips. Í póstinum kom þetta fram: „Við heyrðum í Eimskip í dag varðandi flutning frá Reykjavík til Færeyja í næstu viku. Þeir ætla að senda okkur verð í það í fyrramálið. Nota það sem innlegg í nýjan neyðarsamning. Heyrumst á morgun“, sbr. umfjöllun í kafla 8.19.3. Tengjast þessi samskipti ljóslega fyrirhugaðri breytingu Samskipa á Leið 2 sem fyrst var kynnt opinberlega 31. október 2008. Sambærileg samskipti voru



milli fyrirtækjanna um flutninga Samskipa fyrir Eimskip frá Reyðarfirði til Færeyja á Leið 2, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.5, 8.17.3, 8.19.2, 8.19.3 og 9.12.2.

3408. Endanleg útfærsla Samskipa á þeim breytingum sem voru gerðar á Leið 2 lá fyrir 29. október 2008, sbr. kafla 9.7, og var sem áður segir tilkynnt um hana 31. október 2008. Ákvað fyrirtækið að endingu að hafa viðkomu í Færeyjum og Immingham á Leið 2. Sú staðreynd breytir ekki því að tölvupóstsamskipti Eimskips dagana 22.–24. október 2008 sýna að Samskip veittu Eimskip upplýsingar um áform sín og gat Eimskip á þeim grundvelli tekið ákvarðanir og lagt mat á mikilvæga þætti í eigin rekstri. Með þessu var áfram dregið úr sjálfstæði fyrirtækjanna og æskilegri óvissu, sem 10. gr. samkeppnislaga er ætlað að vernda, og er sérstaklega mikilvæg þegar um fákeppnismarkað er að ræða, sbr. umfjöllun í kafla 4.6.3.2. Með háttsemi sinni brutu Samskip og Eimskip því með alvarlegum hætti gegn 10. gr. samkeppnislaga.
3409. Í mgr. 1054 – 1056 í athugasemdum Samskipa við AI kemur fram að tölvupóstsamskipti Eimskips 22. – 24. október 2008 hafi aðeins falið í sér greiningu Eimskips á kostnaði Samskipa. Sú vinna Eimskips hafi átt sér stað „án nokkra samskipta eða upplýsinga frá Samskipum“. Séu tölvupóstsamskipti Eimskips „skýr sönnun þess að félögin [hafi] ekki [átt] í ólögætum samskiptum um þetta efni.“ Ef „samsæriskenningar“ Samkeppniseftirlitsins séu réttar um „samstarf félaganna um breytingar á siglingakerfum og viðskipti við Alcoa, þá [sé] væntanlega augljóst að Eimskip hefði ekki þurft að standa í greiningu sem þessari heldur hefði félagið þá haft allar upplýsingar frá Samskipum. Svo [sé] ekki enda [séu] kenningar stofnunarinnar að öllu leyti rangar“. Á þetta er ekki unnt að fallast með Samskipum. Þær upplýsingar sem fram koma í tölvupóstsamskiptunum er í eðli sínu upplýsingar sem keppinautar eiga ekki að búa yfir. Hvað sem því líður er rétt að hafa í huga að um ólöglegt samráð er að ræða þótt aðeins sé miðlað ákveðnum upplýsingum og er ekki áskilið að miðlað sé öllum eða tæmandi upplýsingum um þær ákvarðanir sem eru ráðgerðar. Nánar er fjallað um þessi og önnur sjónarmið Samskipa vegna tölvupóstsamskipta Eimskips 22.–24. október 2008 í kafla 25.30.2.

9.4.3. Tilboð Eimskips til Alcoa 24. október 2008

3410. (E)forstö-útfli var forstöðumaður útflutningsdeildar Eimskips og bar því ábyrgð á m.a. útflutningi á áli gagnvart (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstj. Fram kemur í dagbók (E)forstö-útfli að hann hafi setið innanhúsfund með (E)deildstj-útfli 22. október 2008 frá kl. 13:00-14:30. Fundarheitið var: „Naflastrengsskurður: Taka 1“. Í dagbókinni eru listuð upp helstu mál fundarins og m.a. eftirfarandi: „Samskips málefni + Önnur 3rd party tengsl ...“¹⁷⁶⁶
3411. Þetta umræðuefni var ekki skýrt nánar en heitið á þessum dagskrárlíð gefur til kynna að ræða átti m.a. málefni sem vörðuðu Samskip.
3412. Rifja ber upp að samtímagögn sýna að (S)forstö-útfli átti samskipti við Eimskip þennan dag, 22. október 2008, ásamt yfirmanni sínum, (S)frkvstj-millilandasv. Eins og fram hefur komið var (S)forstö-útfli forstöðumaður útflutningsdeildar Samskipa og bar því ábyrgð á útflutningi á áli fyrir Alcoa gagnvart (S)frkvstj-millilandasv.
3413. Liggur því fyrir að sama dag og (S)forstö-útfli fundaði fyrir hönd Samskipa með Eimskip og Alcoa fundaði sá sem bar ábyrgð á útflutningi Eimskips á m.a. áli ((E)forstö-útfli) með samstarfsmanni og ræddi um málefni sem vörðuðu tengsl við Samskip. Til viðbótar sýna samtímagögn að sama dag kom (E)forstö-útfli að undirbúningi á fyrirhuguðum útflutningi á áli til Rotterdam, sbr. neðangreind tölvupóstsamskipti.

¹⁷⁶⁶ Afrituð dagbók frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.272167.



3414. Eftirfarandi tölvupóstasmskipti áttu sér stað milli (E)deildstj-útf1 og (E)frkvstj-Holl (framkvæmdastjóra Eimskips í Hollandi) þennan dag, 22. október 2008. Var afrit af þessum samskiptum sent til (E)forstö-útf1 :

- Klukkan 15:41 (að íslenskum tíma) sendi (E)deildstj-útf1 tölvupóst til (E)frkvstj-Holl. Heiti tölvupóstsins er „Alcoa – RTM Rate – Confidential“. Þar segir (E)deildstj-útf1 frá því að Eimskip sé að vinna í að finna verð fyrir Alcoa í flutninga til Rotterdam. Unnið sé að því að tryggja Eimskip 2.100 tonn vikulega. Af tölvupóstinum má ráða að legið hafi á því innan Eimskips að leggja fram tilboð til Alcoa í reglubundinn flutning á áli til Evrópu, því (E)deildstj-útf1 segir í lok tölvupóstsins: „Can you review these rates for me ASAP. I need to send rates latest tomorrow.“¹⁷⁶⁷
- Kl. 16:15 svaraði (E)frkvstj-Holl og benti á að spurningin snerist um það hvort Eimskip gæti „call directly the Steinweg terminal or not“.¹⁷⁶⁸

Hér skal rifjað upp að Steinweg var fyrirtæki sem annaðist hafnarþjónustu fyrir Alcoa í höfninni í Rotterdam. Sá Steinweg um að afferma skip Samskipa, losa ál úr gámum og veita Alcoa vöruhúsaþjónustu vegna flutninga Samskipa á áli frá Reyðarfirði til Rotterdam.

Hér skal einnig rifjað upp að í tillögunum sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk sendar kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008 var fjallað um Steinweg í tengslum við takmörkun á flutningsgetu og að Eimskip tæki að sér hluta af flutningum „fyrir“ Samskipa vegna Alcoa. Segir um þetta í skjalinu: „Ef Eimskip afhenda tóma gáma á RFJ [Reyðarfjörður] og samþykkja Steinweg sem depot í RTM [Rotterdam] ná báðir aðilar að hagræða: Eimskip sparar THC í RTM og Samskip kemst af með fær[r]i gáma“, sbr. kafla 8.13.1. Til viðbótar ber að líta til þess að þann 5. september 2008, sama dag og m.a. (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl hittust á fundi, fjallaði (E)frkvstj-skiparekst um Steinweg og Samskip í tölvupósti til (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)deildstj-útf1, sbr. kafla 8.16.2.

- Klukkan 16:20¹⁷⁶⁹ sama dag, 22. október 2008, svaraði (E)deildstj-útf1 spurningu (E)frkvstj-Holl um hvort skip Eimskips myndu hafa beina viðkomu hjá Steinweg með ál Alcoa:

„No, we will not call Steinweg directly

Samskip is asking for a huge rate increase..... Samskip is changing there [svo] schedule, there will be one dedicated ship sailing on 8,5 days schedule from Rotterdam to Reyðarfjordur.“¹⁷⁷⁰

Sýnir tölvupósturinn að Eimskip ákvað að hafa ekki beina viðkomu hjá Steinweg í Rotterdam með ál Alcoa. Eimskip notaðist hins vegar við annan hafnarþjónustuaðila í höfninni í Rotterdam en Steinweg. Samkvæmt fyrirleggjandi upplýsingum var því skilgreinda „verklagi“¹⁷⁷¹ þannig komið upp að Eimskip flutti ál Alcoa frá Mjóeyrarhöfn til Rotterdam, ýmist í gámum á vegum Eimskips eða gámum á vegum Samskipa. Í höfninni í Rotterdam losaði Eimskip álið hjá öðrum hafnarþjónustuaðila en Steinweg en Eimskip kom síðan tómu gámunum yfir til Steinweg. Þótt Eimskip hafi ekki haft beina viðkomu í Steinweg þá varð sá hafnarþjónustuaðili „depot“ í Rotterdam fyrir bæði fyrirtækin í samræmi við áður nefnd samtímagögn Samskipa frá 24. júlí 2008, sbr. nánari umfjöllun í kafla 9.12.

Sem fyrr segir var (E)frkvstj-Holl jafnframt greint frá því í tölvupóstinum að Samskip væru að fara fram á verulega verðhækkun gagnvart Alcoa og að Samskip væru að breyta siglingaáætlun og yrði framvegis með eitt „dedicated“ skip á 8,5 daga áætlun frá Rotterdam til Reyðarfjarðar.

¹⁷⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.273490.

¹⁷⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.273570.

¹⁷⁶⁹ Kl. 18:20 að hollenskum tíma.

¹⁷⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.208115.

¹⁷⁷¹ Sjá hér mgr. 502 í athugasemdum Samskipa við AII.



- (E)frkvstj-Holl svaraði (E)deildstj-útf1 fáeinum mínútum síðar. Taldi hann að ekki væri vitað hvort Alcoa væri að skoða aðra flutningsaðila eins og Wilson, sem hafði þá hafið álfútlutning fyrir Alcan í Straumsvík í Hafnarfirði. Hafði (E)frkvstj-Holl ýmsar spurningar til Alcoa um framkvæmd hafnarþjónustunnar í Steinweg og atriði tengd gámastýringu og tómum gámum.¹⁷⁷²
- 14 mínútum síðar eða kl. 17:13 svaraði (E)deildstj-útf1. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst af samskiptunum að hjá Eimskip á Íslandi var þegar búið að ákveða hvernig ætti að fara með „Steinweg“ þáttinn í tilboðsgerðinni til Alcoa:

„We will offer based on free out Steinweg.

Pls. give us rate based on that we have to pay for the empty move back to vessel / barge / truck.”¹⁷⁷³

3415. Hér ber að setja í samhengi að áðurnefndur tölvupóstur (E)frkvstj-innanl sama dag, 22. október 2008, var sendur æðstu stjórnendum Eimskips að kvöldi til, nánar tiltekið kl. 21:39.¹⁷⁷⁴ Fyrirnefndur tölvupóstur (E)deildstj-útf1 var sendur fyrir þennan dag, eða kl. 16:20 að íslenskum tíma. Báðir þessir tölvupóstar sýna að Eimskip yfir mikilvægum upplýsingum um breytingu á siglingakerfi og -áætlun Samskipa ásamt upplýsingum um mikla verðhækkun Samskipa til Alcoa. Óháð nákvæmri tímasetningu á miðlun upplýsinganna milli Samskipa og Eimskips, þá er ljóst að hin ólögmeta upplýsingamiðlun var afleiðing og órjúfanlegur þáttur af ólögmetu samráði Samskipa og Eimskips, m.a. um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum fyrirtækjanna.
3416. Morguninn eftir, kl. 11:28 þann 23. október 2008, hélt (E)frkvstj-Holl áfram samskiptunum og sendi drög að tilboði til Alcoa til (E)deildstj-útf1 og (E)forstö-útf1. Kvaðst (E)frkvstj-Holl vera búinn að ræða við m.a. Steinweg. Kemur m.a. fram hjá honum;
- *„got a mail now from Steinweg that they have changed the system or will change for 2009 the system where the conditions will be free out laden / free in empty so we will not be invoiced for any handling's [svo] at Steinweg and they will all charge to Alcoa (somebody has been listening to me last night)“*
 - *„the transit custom doc. will be the only revenue we will have in RTM on these boxes. This might be risky in case Steinweg will start creating this doc. or arrange the custom clearance at Uniport i.e. the work will be gone but also the revenue for us/Eimskip. Either we need to create something per cont. or the revenue on the THC would be for us :-)“¹⁷⁷⁵*
3417. Virða ber þennan tölvupóst (E)frkvstj-Holl, og neðangreint tilboð Eimskips til Alcoa, í samhengi við framangreinda umfjöllun um Steinweg og Eimskip í 1) skjali sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk sent kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008 þar sem fjallað er um Steinweg í tengslum við aukið samstarf Samskipa og Eimskips, 2) tölvupóst (E)frkvstj-skiparekst frá 5. september 2008 um álfútlutning fyrir Alcoa og Steinweg, 3) glærुकyningu (S)frkvstj-millilandasv frá 6. september 2008 um „Alcoa min“ leið við takmörkun á flutningsgetu Samskipa, en þar kom fram í skýringum (S)frkvstj-millilandasv að Samskip myndu með þeirri breytingarútfærslu fullnýta flutningsgetu og að umframmagn fyrir Alcoa færi með keppinautum til Rotterdam (Eimskip) og 4) á stjórnarfundum Samskipa Holding 8. september 2008 hafði (S)aðaleig-stjform-SH gert stjórn Samskipa Holding grein fyrir skoðun á samstarfi við Eimskips vegna breytinga á siglingakerfi Samskipa á Íslandi, sbr. og umfjöllun hér að framan og á eftir.
3418. Tilboð Eimskips til Alcoa um reglubundin álfútlutning til Evrópu var lagt fram strax í kjölfar samskipta Samskipa og Eimskips 22. október 2008, eða nánar tiltekið 2 dögum síðar, þann 24. október 2008,

¹⁷⁷² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.273772.

¹⁷⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.273839.

¹⁷⁷⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.249723.

¹⁷⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.274662.



sbr. tölvupóst (E)deildstj-útfl1 til Alcoa. Þar segir: „Attached is our offer for export with our weekly service out of Reydarfjordur. In case you have any questions then please contact me.”¹⁷⁷⁶

3419. Í viðhengi framangreinds tölvupósts er minnisblað með tilboði Eimskips í útflutning á áli til Rotterdam, nánar tiltekið 2.000 tonnum á viku. Í tilboðinu er kveðið á um að Eimskip noti Steinweg vegna Alcoa viðskiptanna í Rotterdam. Í „Shipping term” tilboðsins er sérstaklega kveðið á um að tómir gámar séu innifaldir í „free out truck/barge”. Þá er kveðið á um að utan tilboðsverðs sé „All handling of containers at Steinweg Beatrixhaven Terminal, including „free in” truck/barge for empty containers”.¹⁷⁷⁷ Tilboðsverð Eimskips til Alcoa tók því til hluta af flutningum Alcoa á áli til Evrópu og var tilboðið áþekkt eða ívið hærra en hækkað verð Samskipa til Alcoa. Hið nýja verð Samskipa var 15 USD hjá á tonn en tilboðsverð Eimskips var 15,50 USD á hvert tonn, sbr. umfjöllun í kafla 9.7.2.
3420. Alcoa svaraði ekki tölvupósti (E)deildstj-útfl1 með tilboði Eimskips í nefnda flutninga. Samtímagögn sýna að nokkru síðar, 4. nóvember 2008, hafi stjórnandi hjá Eimskips gefið undirmanni sínum fyrirmæli um að þrýsta ekki á Alcoa þar sem þetta væri „undir control” gagnvart Alcoa, sbr. tölvupóst (E)frkvstj-skiparekst til (E)svæðisstj1 og umfjöllun hér síðar. Samtímagögn Eimskips frá sama tíma staðfesta að á meðal stjórnenda Eimskips var vissa um að fyrirtækið myndi fá hluta viðskipta Samskipa við Alcoa. Gekk það enda eftir því samkvæmt gögnum málsins sendu Alcoa tölvupóst 25. nóvember 2008 til Eimskips, þar sem óskað var eftir aðkomu Eimskips að álflutningum sem Samskip kæmu ekki til með að geta sinnt, sbr. nánari umfjöllun hér síðar.
3421. Virða ber áðurnefndan tölvupóst (E)frkvstj-Holl frá 23. október 2008 og tilboð Eimskips til Alcoa 24. október 2008 í samhengi við skjalið „Siglingakerfi – hagræðing.xls” sem (S)forstö-flutnstj (undirmaður (S)frkvstj-millilandasv sem sat, auk (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útfl, fundinn með Eimskip og Alcoa 22. október 2008) sendi (S)aðaleig-stjform-SH kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008, sbr. umfjöllun í kafla 8.13.1.
3422. Á síðunni (e. sheet) „3 skip” í framangreindu skjali er m.a. fjallað um að Samskip takmarki flutningsgetu með því að fækka um eitt skip og Eimskip annist hluta af álútflutningi Alcoa fyrir Samskip, ásamt tengdum atriðum um Steinweg, tóma gáma og THC gjald í Rotterdam. Rétt er að rifja upp þessa síðu, sbr. eftirfarandi skjáskot. Þar er sýnt mat Samskipa á ávinningi (í milljónum króna) ekki aðeins Samskipa heldur einnig Eimskips af því að Samskip fækki skipum í þrjú. Eins og sjá má var matið brotið niður í ýmsa liði og komu m.a. fram áætlaðar tekjur Eimskips af álútflutningi „fyrir Samskip” og af innflutningi á grænmeti, einnig „fyrir Samskip”:

Samskip		
Árlegur spamaður v/ færri skipa (eitt skip út)	530	Sinnum RFJ með einu skipi á 10,5 daga tíðni
T/C risk á 4. skipinu	-50	Áhætta v/ framleigu á Akrafelli eða Hvassafelli
Tapaðar tekjur v/ minni flutningsgetu - 60.000 t af áli	-50	Flutningsgeta skerðist um 100.000 tonn
Aukakostnaður v/ færslu milli terminala með ál í RTM	-30	
Töpuð framlegð í útflutningi frá FO	-30	
Grænmeti fyrir BÚR	-50	Að því gefnu að hægt verði að semja við EÍ um fóst slot í viku á Suðurleið fyrir þetta tapast ekki öll framlegðin (annars tapast öll velta -80 mkr)
Ávinningur p.a.	320	
Eimskip		
Tekjur af álútflutningi fyrir Samskip	50	
Tekjur af innflutningi á grænmeti fyrir Samskip	50	
Ávinningur p.a.	100	

Ef Eimskip afhenda tóma gáma á RFJ og samþykkja Steinweg sem depot í RTM ná báðir aðilar að hagræða:
Eimskip sparar THC í RTM og Samskip kemst af með færri gáma

3423. Framangreindur tölvupóstur (E)frkvstj-Holl frá 23. október 2008 og tilboð Eimskips til Alcoa daginn eftir er í samræmi við það sem lagt var upp með í þessu skjali Samskipa frá 24. júlí 2008. Eimskip

¹⁷⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.208402.

¹⁷⁷⁷ Tilboð Eimskips til Alcoa í sjóflutning þann 24.10.2008 var það sama og var í tilboði Eimskips til Alcoa 27.03.2008 en þá í einn álfarm. Sjóflutningsgjald í tilboði Eimskips var því áfram USD 15,50 á tonn þótt seinna tilboðið hafi tekið til umfangsmeiri og reglubundinna flutninga. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.204605.



fengi hluta af álflutningum Alcoa til Rotterdam, Steinweg yrði samþykkt sem „depot“ í Rotterdam og „Eimskip sparar THC“.

3424. Í áðurnefndri glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv 6. september 2008, sem bar heitið „Siglingakerfi Samskipa – Aðlögun kerfa að minnkandi innflutningsmagn“, var fjallað um nokkra útfærslur við takmörkun á flutningsgetu Samskipa. Daginn áður hafði (S)frkvstj-millilandasv átt fund með Eimskip. Með svokallaðri „Alcoa min“ leið í glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv var gert ráð fyrir takmörkun á flutningsgetu og skertri flutningsþjónustu Samskipa fyrir Alcoa. Í skýringum um þá leið kom fram að Samskip myndu þá fullnýta skip fyrirtækisins „frá landinu en umframmagn [svo] færi með keppinautum [Eimskip]“.¹⁷⁷⁸ Þetta ber og að virða í samhengi við fleiri samtímagögn því, í kjölfar þess að Samskip hóf að flytja með breyttu siglingakerfi í lok október 2008, var fyrirkomulagið þannig að Eimskip sinnti fyrir Samskip umframflutningum á áli sem Samskip sinntu ekki fyrir Alcoa. Til viðbótar framangreindu skal árétta að samkvæmt upplýsingum Samskipa var fyrirkomulagið með þeim hætti að Eimskip notaði ekki alltaf eigin gáma við flutning á áli Alcoa frá Mjóeyrarhöfn til Rotterdam. Mestur hluti framleiðslu Alcoa var þvert á móti lestaður í gáma Samskipa. Eimskip flutti þannig álið „oft á tíðum“ í gámum í eigu Samskipa frá Mjóeyrarhöfn til Rotterdam. Allir álgámar (hvort sem voru í eigu Samskipa eða Eimskips eða fluttir með Samskip eða Eimskip) enduðu hjá Steinweg í Rotterdam. Samkvæmt upplýsingum Samskipa var fyrir hendi „skilgreint“ verklag um þessa flutninga, sbr. umfjöllun í mgr. 502 í athugasemdum Samskipa við AII. Hvassafell, skip Samskipa á Leið 2, var síðan nýtt til að flytja tóma gáma frá Steinweg í Rotterdam til Reyðarfjarðar, sem aftur voru notaðir í útflutning Samskipa og Eimskips fyrir Alcoa frá Mjóeyrarhöfn.
3425. Fyrirliggjandi eru afrituð og afhent gögn sem sýna framkvæmd á hinu ólögmeða samráði árin 2009 fram á árið 2013, þ.e. þegar Eimskip flutti umframmagn af áli Alcoa sem ekki komst í skip Samskipa og þegar Samskip og Eimskip þurftu að reiða sig á hvort annað til að hafa næga tóma gáma á Reyðarfirði vegna Alcoa-flutninga fyrirtækjanna, sbr. umfjöllun hér á eftir í kafla 9.4.3, 9.11, 9.12.1 og 11.13.4.
3426. Í mgr. 1045 – 1046 í athugasemdum Samskipa við AI segir fyrirtækið að samskipti innan Eimskips um Steinweg o.fl. dagana 22. – 23. október 2008 hafi verið vangaveltur innan Eimskips sem virtust allar hafa lotið að því að aðilum hafi verið ljóst að það sem ekki færi með Samskipum til Evrópu færi með Eimskip, „innan þess svigrúms sem félagið [Alcoa] hafði skv. samningum sínum við Samskip“. Gera Samskip sömuleiðis athugasemdir við ályktanir um umfjöllun Eimskips um Steinweg. Þetta hafi einungis tengst undirbúningi Eimskips fyrir tilboð til Alcoa vegna flutninga til Rotterdam. Í mgr. 1064 í athugasemdum Samskipa við AI er m.a. byggt á því að fyrirliggjandi gögn sýni að Eimskip hafi séð tækifæri í skertri þjónustu Samskipa við Alcoa og fylgdist grannt með til að ná auknum viðskiptum við Alcoa. Samskip og Eimskip hefðu ekki sammælt um einhvers konar skiptingu á viðskiptunum. Slíkar „kenningar“ Samkeppniseftirlitsins væru fullkomlega tilhæfulausar. Fjallað er nánar um þessar skýringar Samskipa í kafla 25.30. Eins og þar kemur fram er ekki fallist á að ályktanir eftirlitsins styðjist ekki við gögn málsins. Undirstrika ber að atvik vegna Alcoa eru eitt af fleirum sem renna stoðum undir ólögmeæt samráð Samskipa og Eimskips tengdu breytingu á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu. Þrátt fyrir „mikið“ laust flutningsrými Eimskips, þekkingu Eimskips á flutningum fyrir stóriðjufyrirtæki og augljóst mikilvægi Alcoa sem kaupanda flutningsþjónustu hér á landi, er samkvæmt fyrirliggjandi samtímagögnum hvergi að finna vísbendingu um fyrirætlan Eimskips um að sækja á Samskip, með það fyrir augum að ná meira flutningsmagni frá Alcoa en hentaði Samskipum og breytingum Samskipa á siglingakerfi fyrirtækisins. Það má því segja að hluti Alcoa viðskiptanna hafi flust frá Samskipum „til“ Eimskips, í sátt og samlyndi Samskipa og Eimskips. Þessum ólögmeðu aðgerðum viðhéldu fyrirtækin uns Alcoa skipti um flutningsaðila á árinu 2013.

¹⁷⁷⁸ Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum málsins og skýringum Samskipa var með „keppinautum“ í glærुकynningu [...] verið að vísa til Eimskips, sbr. mgr. 865 í athugasemdum Samskipa við AI.

9.4.4. Skýringar (S)forstj, (E)forstj o.fl.

3427. Við rannsókn málsins veittu sem áður segir hvorki Samskip né Eimskip upplýsingar um samskipti fyrirtækjanna 22. október 2008.

3428. Við skýrslutöku hjá lögreglu var áður nefndur tölvupóstur (E)frkvstj-innanl til (E)forstj, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)svæðisstj1 að kvöldi 22. október 2008 lagður fyrir (S)frkvstj-millilandasv, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjvsv:

- Árétta ber að samkvæmt gögnum málsins átti (S)frkvstj-millilandasv í samskiptum við Eimskip á Reyðarfirði 22. október 2008. Við skýrslutöku hjá lögreglu sagðist (S)frkvstj-millilandasv ekki muna eftir fundinum með Eimskip „*eitthvað sérstaklega*“. Sagðist hann heldur ekki muna hvað fyrirtækin hefðu rætt þar. Sagði (S)frkvstj-millilandasv að Alcoa hefði boðað umræddan fund og þetta hafi ekki verið fundur Samskipa með Eimskip. Þrátt fyrir að vísa til minnisleysis um umræðuefni fundarins sagði (S)frkvstj-millilandasv að á fundinum hefði „*væntanlega*“ verið rætt um „*operational mál*“. Aðspurður af hverju Samskip hafi á fundinum veitt Eimskip upplýsingar um fyrirhugaða breytingu á siglingakerfi og siglingaáætlun fyrirtækisins sagði (S)frkvstj-millilandasv að Alcoa hefði þurft að „*upplýsa þá [Eimskip] sem sína verktaka*“.¹⁷⁷⁹
- Í skýrslutöku (E)forstj hjá lögreglu var hann spurður um umræddan tölvupóst (E)frkvstj-innanl til hans þar sem fjallað var um umræðuefni fundarins 22. október 2008. Gaf (E)forstj þá skýringu að Eimskip hafi þjónustað Alcoa á höfninni á Reyðarfirði og Samskip hafi á fundinum verið að upplýsa Alcoa um breytingar „*og við náttúrulega heyrum það væntanlega*“.¹⁷⁸⁰
- Í skýrslutöku (E)frkvstj-alþjvsv hjá lögreglu var hann spurður um tölvupóst (E)frkvstj-innanl og upplýsingamiðlun Samskipa á fundinum 22. október 2008. (E)frkvstj-alþjvsv sagðist ekki þekkja til framangreinds en gat sér til um að miðlun upplýsinganna hefði tengst hafnarþjónustu Eimskips fyrir Samskip á Reyðarfirði.¹⁷⁸¹
- Í skýrslutöku (S)aðaleig-stjform-SH sagðist hann aðspurður ekki hafa haft vitneskju um að á fundinum á Reyðarfirði 22. október 2008 hafi fulltrúar Samskipa miðlað til Eimskips upplýsingum um fyrirhugaða breytingu á siglingaáætlun Samskipa. Þá játaði (S)aðaleig-stjform-SH að Eimskip og Samskip hefðu þarna verið með samning sín á milli um hafnarþjónustu í Mjóeyrarhöfn á þessum tíma. Fram til ársins 2010 hefði „*láðst að senda*“ samninginn til Samkeppniseftirlitsins. Svör (S)aðaleig-stjform-SH í skýrslutökunni varðandi þær upplýsingar sem Samskip miðluðu til Eimskips á fundinum voru eftirfarandi:

HS: Þurfti Eimskip á þessum tíma, af því þú talar um að þetta tengist þarna þessari starfsemi, þessari framkvæmd og þessum samningi á Mjóeyrarhöfn. Til þess að framkvæma þá [hafnar]þjónustu, þarf maður að vita hvort að skipið hjá Samskip komi við í Reykjavík eða ekki?

(S)aðaleig-stjform-SH Nei, það held ég ekki, nema, ég veit það ekki, nema með öllum gámum og slíkt, þetta er svakalega mikið magn sem er verið að flytja þarna út og hverri viku og það er alveg gríðarlegt gámamagn og þess háttar.

HS Mhm.

(S)aðaleig-stjform-SH Þannig að það er bara mjög mikilvægt og við höfum [kannski hætt]¹⁷⁸² vikuna seinna og það bara mjög mikilvægt að hérna að þeir sem eru að framleiða þjónustuna séu upplýstir og allt það.

¹⁷⁷⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 142 – 144.

¹⁷⁸⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 222 – 224.

¹⁷⁸¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 228 – 230.

¹⁷⁸² Skýrslutaka [...] hjá lögreglu, mín 02:33:48.



HS Ókei. Af hverju þarf hafnarþjónusta að vita hvernig gámastýring aðilans er?

(S)aðaleig-stjform-SH Nei ég hugsa það, ég hugsa að þetta sé alveg svakalega mikil hérna rekstrarleg hérna verk [sem]¹⁷⁸³ þarf til að það gangi til.¹⁷⁸⁴

3429. Má sjá af þessu að framburður (S)aðaleig-stjform-SH er óskýr um það hvort Samskip hafi, vegna þjónustu Eimskips í Mjóeyrarhöfn þurft að veita Eimskip upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á siglingahöfnum og gámastýringu.
3430. Eins og fram hefur komið telur Samkeppniseftirlitið ljóst af tölvupósti (E)frkvstj-innanl frá 22. október 2008 og öðrum gögnum málsins að Samskip gengu á fundinum eða samskiptum í tengslum við hann mun lengra í upplýsingagjöf til Eimskips en sem hugsanlega gæti hafa tengst framkvæmd hafnarþjónustu Eimskips í Mjóeyrarhöfn. Á þessum grunni eru áður nefndar skýrslur annarra stjórnenda ((S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-flutnstj, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv), þar sem þeir vísa einnig til hafnarþjónustusamstarfs Eimskips og Samskipa sem ástæðu ítarlegrar upplýsingamiðlunar á fundinum, heldur ekki trúverðugar.
3431. Í skýrslutöku (E)forstj hjá lögreglu gerði hann einnig lítið úr mikilvægi upplýsingamiðlunar Samskipa til Eimskips þegar hann aðspurður sagði að það hefði ekki skipt neinu máli fyrir Eimskip þótt Samskip hafi á þessum tíma verið að takmarka flutningsgetu. Þessar skýringar (E)forstj eru ótrúverðugar að mati Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið bendir á að forsendur og breytingar á siglingakerfi og siglingaáætlunum flutningafyrirtækja eru afar viðkvæmar og mikilvægar upplýsingar í rekstri þeirra, sbr. t.d. framburð (E)frkvstj-alþjsv í skýrslutöku hjá lögreglu um mikilvægi þessara ákvarðana í rekstri fyrirtækjanna.¹⁷⁸⁵ Viðræður og upplýsingagjöf um þess háttar upplýsingar milli flutningafyrirtækja er ótvírætt til þess fallið að draga úr óvissu milli keppinautanna og takmarka samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga, sér í lagi á fákeppnismarkaði þar sem keppinautarnir eru nær einráðir eins og Samskip og Eimskip voru á rannsóknartímabilinu.
3432. Í skýrslutökum (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv hjá lögreglu voru einnig bornir undir þá áður nefnd tölvupóstsamskipti (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-flutnstý og (E)frkvstj-skiparekst dagana 22. – 23. október 2008. Ríftja ber upp að um er að ræða samskipti innan Eimskips sem áttu sér stað strax í kjölfar samskipta Eimskips og Samskipa 22. október 2008. Í þessum tölvupóstsamskiptum má meðal annars sjá (E)frkvstj-flutnkerf setja fram upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á siglingaáætlun Samskipa, bæði um óbreytta Leið 1 og breytingar á Leið 2 hjá keppinautum. Voru sakborningarnir spurðir út þetta í skýrslutökunni hjá lögreglu:
- Hvorki (E)forstj né (E)frkvstj-alþjsv sögðust þekkja það hvernig fyrrnefndir undirmenn þeirra hafi fengið umræddar upplýsingar um breytingu Samskipa á siglingakerfi og -áætlun. Aðspurður um tengsl (E)frkvstj-flutnkerf við Samskip sagði (E)forstj að (E)frkvstj-flutnkerf væri fyrrverandi starfsmaður Samskipa.¹⁷⁸⁶
 - Í skýrslutöku (S)aðaleig-stjform-SH voru framangreind tölvupóstsamskipti (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-flutnstý frá 22. og 23. október 2008 borin undir hann. Aðspurður sagðist (S)aðaleig-stjform-SH ekki þekkja til meðferðar Samskipa á upplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi og -áætlunum.¹⁷⁸⁷
 - Í skýrslutöku hjá lögreglu neitaði (S)frkvstj-millilandasv því aðspurður að (E)frkvstj-flutnkerf hefði fengið upplýsingarnar frá honum eða öðrum hjá Samskipum.¹⁷⁸⁸

¹⁷⁸³ Skýrslutaka [...] hjá lögreglu, mín 02:34:08.

¹⁷⁸⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 139 – 141.

¹⁷⁸⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 231.

¹⁷⁸⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 230 og 233. Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 225 og 227.

¹⁷⁸⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 141 – 142.

¹⁷⁸⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 144 – 145.

3433. Að mati Samkeppniseftirlitsins er framangreindur framburður (S)aðaleig-stjform-SH, um þekkingarleysi hans á meðferð trúnaðarupplýsinga hjá fyrirtækinu, ótrúverðugur. (S)aðaleig-stjform-SH var forstjóri Samskipa á þessum tíma. Fyrir liggur að breytingar á siglingakerfum og siglingaáætlunum eru meðal stærsta ákvarðana í starfsemi flutningafyrirtækja. Þekkingarleysi (S)aðaleig-stjform-SH er því hvorki í samræmi við stöðu hans né eðli þeirrar starfsemi sem um ræðir.
3434. Samkvæmt glærुकynningu Eimskips 8. og 9. júní 2008 um „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa sat (S)aðaleig-stjform-SH í „vinnuhópi“ með (E)forstj og (E)frkvstj-alþjvsv. Þekkingarleysi (S)aðaleig-stjform-SH samræmist ekki samtímagögnum sem sýna óumdeilanlega að hann hafði ríka aðkomu að ákvörðunum fyrirtækisins og meðferð upplýsinga við siglingakerfisbreytingu Samskipa árið 2008 og aftur við breytingu fyrirtækisins árið 2013, sbr. umfjöllun í köflum 6, 7, 8 og 9. Í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH til samstarfsmanns 20. október 2008 sagði hann til að mynda að upplýsingarnar, um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi og -áætlun Samskipa, væru „algjört trúnaðarmál“ sbr. kafla 9.3. Meðferð Samskipa á upplýsingum sýna að upplýsingar um fyrirhugaða breytingu voru sagðar „prívat“. Fyrst 30. og 31. október 2008 var tilkynnt opinberlega um breytingarnar af hálfu Samskipa.
3435. Framburður (S)frkvstj-millilandasv í skýrslutöku hjá lögreglu, um að upplýsingarnar hafi ekki komið frá Samskipum, er ekki í samræmi við gögn málsins. Samkvæmt samtímagögnum leit Samskip á þetta sem algjört trúnaðarmál og engin stoð í gögnum málsins að þriðji aðili hafi miðlað upplýsingunum til Eimskips. Til viðbótar skal rifja upp að (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutnkerf voru í síendurteknum samskiptum m.a. þessa daga októbermánaðar árið 2008. Þar áttu þeir í viðræðum um afar mikilvæga þætti starfsemi fyrirtækjanna, og þar sem (E)frkvstj-flutnkerf lýsti því t.a.m. yfir að Eimskip væri tilbúið að „skoða allt“ varðandi aukið samstarf við Samskip á þeim markaði sem upplýsingar (E)frkvstj-flutnkerf í tölvupósti hans 23. október 2008 tengdust (þ.e. sjóflutningi). Áréttá skal að áður en þessi gögn frá Eimskip voru borin undir (S)frkvstj-millilandasv í skýrslutöku lögreglu hafði hann fyrr í skýrslutökunni kosið að neita að tjá sig um samskipti sín við starfsmenn og stjórnendur Eimskips (þ.á m. (E)frkvstj-flutnkerf).¹⁷⁸⁹ Það vekur því óhjákvæmilega athygli að (S)frkvstj-millilandasv kaus þarna síðar í skýrslutökunni að tjá sig og neita því aðspurður að upplýsingar (E)frkvstj-flutnkerf væru frá honum eða Samskipum komnar. Er þetta til þess fallið að draga úr trúverðugleika framburðar (S)frkvstj-millilandasv.
3436. Í skýrslutöku hjá lögreglu vísaði (S)frkvstj-millilandasv sömuleiðis til þess að það gæti hafa verið Alcoa sem hafi látið (E)frkvstj-flutnkerf fá upplýsingarnar um óbirta breytingu Samskipa á siglingaáætlun.¹⁷⁹⁰ Þessi framburður (S)frkvstj-millilandasv á sér ekki stoð í gögnum málsins. Eins og tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf frá 23. október 2008 sýnir óumdeilanlega aflaði (E)frkvstj-flutnkerf sér á skömmum tíma ítarlega upplýsinga um fyrirhugaða óbirta breytingu keppinautarins um t.d. viðkomuhafnir fyrir bæði Leið 1 og 2 og fyrirkomulag Samskipa í Færeyjum vegna flutninga frá Íslandi til Immingham í Bretlandi. Líkt og áður greinir voru þetta upplýsingar um Leið 1 sem höfðu ekkert að gera með þjónustu Samskipa fyrir Alcoa á Reyðarfirði eða hafnarþjónustu Eimskips. Umrædd ágiskun (S)frkvstj-millilandasv, um að (E)frkvstj-flutnkerf gæti hafa fengið upplýsingarnar frá Alcoa, er því ekki í samræmi við samtímagögn.
3437. Í skýrslutökum hjá lögreglu voru einnig borin undir (E)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH ummæli (E)frkvstj-skiparekst í tölvupósti hans 23. október 2008, þ.e. þar sem (E)frkvstj-skiparekst fjallaði um fyrirhugaða breytingu Samskipa á skipakerfinu og að „Alcoaskipið“ hefði verið „kynnt“ honum sem „dedicated“ skip, sbr. umfjöllun hér að framan um tölvupóstinn.

¹⁷⁸⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 17.

¹⁷⁹⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 144 – 145.



- Í skýrslutöku (E)forstj sagðist hann ekki vita til hvaða kynningu (E)frkvstj-skiparekst væri að vísa. Spurði (E)forstj hvort upplýsingarnar gætu hafa komið frá Alcoa en sagðist í sömu andrá ekki vita þetta og hann hefði ekki verið viðriðinn „í þessu“.¹⁷⁹¹
- Aðspurður sagði (S)aðaleig-stjform-SH í skýrslutöku hjá lögreglu ekki þekkja það til hvaða kynningu (E)frkvstj-skiparekst hafi verið að vísa til. Einnig sagði (S)aðaleig-stjform-SH aðspurður ekki þekkja það hvort Samskip hefðu haldið kynningu fyrir Eimskip. Þó útilokaði (S)aðaleig-stjform-SH ekki að það hefði farið fram kynning og tengdi það þá „sértækri“ þjónustu vegna Alcoa: „Sko ef að eitthvað væri, eitthvað slíkt, þá er það bara tengt því að þetta er mjög sértæk þjónusta sem er verið að reka þarna og það þarf þá til að hlutir gangi upp þegar er búið að breyta kerfi og, og Alcoa er, er hérna fyrirtækið sem að hérna er verið að framleiða þjónustuna fyrir.“¹⁷⁹²

3438. Rifja ber upp að í umræddum tölvupósti (E)frkvstj-skiparekst kom fram eftirfarandi: „Ætlar Samskip að henda Færeyjum alveg út, en mér vitanlega á Alcoaskipið [þ.e. skip Samskipa á Leið 2, Hvassafell] ekki að koma þar við, því það er kynnt sem „dedicated“ skip?“ Hvorki í þessum samskiptum né í öðrum gögnum málsins má finna stoð fyrir þeim hugleiðingum (E)forstj að Alcoa hafi kynnt (E)frkvstj-skiparekst fyrirætlanir Samskipa um eitt álskip. Hafa ber í huga að áður í umræddum samskiptum hafði (E)frkvstj-skiparekst fjallað um það sem hann nefndi sjálfur „nýtt Evrópukerfi Samskipa“, sbr. umfjöllun hér að framan um tölvupóst (E)frkvstj-skiparekst 22. október 2008, sem sendur var strax í kjölfar fundar Samskipa og Eimskips ásamt Alcoa á Reyðarfirði.

3439. Þá eru skýringar (E)forstj um að hann hafi ekki verið viðriðinn þessi atvik ekki í samræmi við samtímagögn, sbr. t.a.m. tölvupóst (E)frkvstj-innanl að kvöldi 22. október 2008 til m.a. (E)forstj og viðbrögð (E)forstj við honum („Frabaert felagar, ljós í myrkrinu“) og tölvupóst (E)forstj 13. nóvember 2008 til (E)frkvstj-skiparekst í tengslum við ólögmetan slotsamning Samskipa og Eimskips vegna sjóflutningum til og frá Austurlandi („Er þetta ekki það sem við þurfum að skoða í öllum okkar tilboðum að taka tillit til þessa flow á gámum“, sbr. umfjöllun um þessi samskipti í kafla 9.12.1.

3440. Framburður (S)aðaleig-stjform-SH um að „mjög sértæk þjónusta“ fyrir Alcoa hafi kallað á það Samskip hafi kynnt Eimskip viðkvæmar trúnaðarupplýsingar, um breytingar á siglingakerfum og -áætlanum, á sér ekki stoð í gögnum málsins. Hér skal undirstrika að upplýsingamiðlun á milli Samskipa og Eimskips á þessum tíma gekk mun lengra en þörf var á vegna hafnarþjónustu Eimskips í Mjóeyrarhöfn tengdri þjónustu fyrir Alcoa, sbr. umfjöllun í kafla 9.4. Breytt tíðni skipa Samskipa í Mjóeyrarhöfn vegna flutningsþjónustu fyrir Alcoa kallaði með engum hætti á slíka miðlun upplýsinga til Eimskips. Í því sambandi skal einnig hafa í huga að hafnarþjónustusamstarf Samskipa og Eimskips í Mjóeyrarhöfn tók ekki eingöngu til þjónustu fyrir Alcoa heldur áttu Samskip og Eimskip einnig samstarf um hafnarþjónustu vegna flutninga Samskipa fyrir aðra viðskiptavinum til og frá höfninni. Vísan (S)aðaleig-stjform-SH um að sérstæk þjónusta við Alcoa hafi kallað á upplýsingamiðlun Samskipa til Eimskip er því með öllu haldlaus. Framburður (S)aðaleig-stjform-SH breytir ekki því heildarmati Samkeppniseftirlitsins á gögnum málsins að þessi ólögmetna miðlun upplýsinga milli keppinautanna var einn þáttur í samfelldu samráði fyrirtækjanna.

9.5. Samskip og Eimskip draga úr flutningsgetu

3441. Í kafla 6.2.1 er lýst siglingakerfi Samskipa fram til nóvember 2008. Í október 2008 voru Samskip með fjögur skip í siglingum milli Íslands og hafna annars staðar í Evrópu, þ.e. Arnarfell, Helgafell, Hvassafell og Akrafell.¹⁷⁹³

¹⁷⁹¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 226.

¹⁷⁹² Endurrit skýrslu [...], bls. 142. Athuga ber að í endurriti hefur verið víxlað [...] sbr. hljóðupptöku: 2:36.

¹⁷⁹³ Í viðauka 1 með bréfi Samskipa, dags. 24.11.2017, sem svar við gagnaöflun skv. 19. gr. samkeppnislaga, kemur fram að í vikum 10 og 19 árið 2008 hafi Samskip skipt út báðum skipunum á Leið 2 sem voru 679 TEU hvort fyrir stærri skip sem voru 1.139 TEU hvort. Afhent skjal frá Samskipum. Afhent þann 24.11.2017 (viðauki 1). "Skip Samskipa 2007-2013.xls".

3442. Þann 30. og 31. október 2008 sendu Samskip út fréttatilkynningu um fækkun skipa og breytta siglingaáætlun. Akrafell hætti siglingum, Arnarfell og Helgafell héldu áfram á „*gömlu rúttunni*“, þ.e. Leið 1, og voru sömu breytingar gerðar á siglingum Hvassafells og Eimskip hafði fengið upplýsingar um rúmri viku áður en þær voru gerðar opinberar, sbr. umfjöllun hér að framan. Sem áður segir hafði Eimskip jafnframt fengið upplýsingar um að Samskip ætluðu að halda Arnarfelli og Helgafelli á óbreyttri Leið 1.
3443. Samkvæmt framansögðu greindu Samskip opinberlega frá því 30. október 2008 um breytta siglingaáætlun og að fyrirtækið myndi fækka skipum úr 4 í 3 í siglingum til og frá landinu.¹⁷⁹⁴ Þetta var skýrt betur í annarri tilkynningu Samskipa daginn eftir:¹⁷⁹⁵

samskip

Samskip aðlaga starfsemina að breyttu efnahagsumhverfi / Samskip adjusts Iceland Services to changed economic environment

31.10.2008

Í ljósi þeirra efnahagsþrenginga sem dunið hafa yfir þjóðina og minnkandi vöruinnflutnings til landsins hefur siglingaáætlun Samskipa til og frá Íslandi verið endurskoðuð og munu þrjú skip annast flutninga félagsins á þessari leið, í stað fjögurra áður.

Akrafell hættir siglingum milli Íslands og meginlands Evrópu og fer í önnur verkefni, ótengd Íslandi. *Hvassafell* heldur hins vegar áfram áætlunarsiglingum milli Reyðarfjarðar, Kollafjarðar í Færeyjum, Rotterdam og Immingham á Bretlandseyjum en skipið hættir að hafa viðkomu í Reykjavík. Með þessum breytingum er hægt að tryggja viðkomu Hvassafellsins á þessum stöðum með 8 til 9 daga millibili.

Engar breytingar verða á áætlunarsiglingum *Arnarfells* og *Helgafells* sem áfram fylgja vikulegri áætlun milli Reykjavíkur, Grundartanga, Vestmannaeyja, Immingham, Rotterdam, Cuxhaven í Þýskalandi, Varberg í Svíþjóð, Árósa í Danmörku og Kollafjarðar.

Með þessum breytingum, sem hafa þegar tekið gildi, eru Samskip að aðlaga flutningsgetu sína að breyttu efnahagsumhverfi og draga úr kostnaði.



Siglingaleiðin milli Íslands og Færeyja

3444. Athygli skal vakin á því að í áður nefndri tilkynningu Samskipa kemur fram að með breyttu siglingakerfi fyrirtækisins muni Akrafell hætta siglingum milli Íslands og Evrópu og fari Akrafell „*í önnur verkefni, ótengd Íslandi*“. Þetta varð ekki raunin. Samkvæmt afhentum upplýsingum Samskipa lá skipið verkefnalaust við bryggju í Danmörku fram á árið 2010.¹⁷⁹⁶ Nánar er fjallað um þau atvik í kafla 9.6. Þá var það heldur ekki raunin, með breytingu Samskipa á skipakerfinu, að Hvassafell kæmi á 8 til 9 daga millibili í viðkomuhöfnunum, líkt og boðað var í tilkynningu Samskipa og breytingin átti að „*tryggja*“. Samkvæmt afhentum upplýsingum Samskipa fól takmörkunin í sér að viðkoma Hvassafells var á 10,5 daga fresti í Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði.¹⁷⁹⁷
3445. Hér ber að rifja upp að þann 30. júlí 2008 greindi Eimskip starfsmönnum sínum frá breytingu á áætlanagerfi sínu í siglingum milli Íslands og annarra Evrópulanda. Fólst í því veruleg minnkun á flutningsgetu Eimskips til og frá Íslandi, sbr. kafla 8.14. Engin breyting var gerð á þessum tíma á Norður-Ameríkuleið.

¹⁷⁹⁴ Sjá tilkynningu Samskipa. Aðgengilegt á slóð:

<http://wayback.vefsafn.is/wayback/20081117100349/http://www.samskip.is/samskip/frettir/nr/904>.

¹⁷⁹⁵ Sjá tilkynningu Samskipa. Aðgengilegt á slóð:

<http://wayback.vefsafn.is/wayback/20081117100452/http://www.samskip.is/samskip/frettir/nr/905>.

¹⁷⁹⁶ Mgr. 115 – 116 í bréfi Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 13.01.2021.

¹⁷⁹⁷ Afhent gögn frá Samskipum. Svarbréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 10.04.2015, bls. 6.



3446. Í tölvupóstsamskiptum (E)forstö-flutnstý, (E)frkvstj-skiparekst og (E)frkvstj-flutnkerf (kl. 14:32 og 16:04) skömmu eftir samskipti Eimskips og Samskipa 22. október 2008 var fjallað um frekari takmörkun á flutningsgetu Eimskips, annars vegar að fækka um eitt skip til viðbótar í Evrópusiglingum og hins vegar um eitt skip í Norður-Ameríku siglingum. Stuttu eftir áður nefnda tilkynningu Samskipa um breytt siglingakerfi í lok október 2008, eða þann 17. nóvember 2008, greindi Eimskip frá því að fyrirtækið hefði ákveðið að fækka skipum fyrirtækisins í Norður-Ameríku siglingum úr tveimur í eitt. Hér ber að árétta að í minnisblaði eins framkvæmdastjóra Samskipa og aðstoðarforstjóra, (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008, var gert ráð fyrir verulega auknu samstarfi Samskipa og Eimskips og m.a. því að Eimskip myndi draga úr flutningsgetu sinni í siglingum til og frá Íslandi og færi úr tveggja skipa kerfi í eitt skip hvað Norður-Ameríku áhrærir, sbr. kafla 8.9.5.
3447. Varðandi siglingakerfisbreytingu Eimskips vegna Norður-Ameríku flutninga má vísa til þess að 12. nóvember 2008 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)forstö-innfl1 (afrit til (S)frkvstj-millilandasv) og upplýsti þá um fyrirhugaða breytingu á siglingaáætlun Eimskips, þ.e. um að Eimskip ráðgerði að fækka skipum til USA og taka skipið Celia út úr rekstri frá 20. nóvember. Þessi breyting var eins og áður greinir ekki tilkynnt opinberlega fyrr en 17. nóvember 2008. Þetta var þó ekki fréttneamt fyrir (S)frkvstj-millilandasv því hann svaraði (S)frkvstj-N-Am strax: „Takk fyrir upplýsingarnar – þetta kemur ekkert á óvart.“¹⁷⁹⁸ Það er því ljóst að Samskip höfðu þegar upplýsingar um fyrirhugaða breytingu á siglingaáætlun Eimskips áður en hún var tilkynnt opinberlega eða töldu í það minnsta að slík breyting kæmi ekki á óvart.
3448. Í skýrslutöku (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv hjá lögreglu var lögð fyrir þá tilkynning Samskipa 31. október 2008 um breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins. Aðspurðir neituðu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv að þeir eða aðrir stjórnarmenn eða starfsmenn Samskipa hafi verið í samskiptum við Eimskip við undirbúning breytinganna. (E)forstj neitaði sömuleiðis aðspurður að hann eða aðrir starfsmenn eða stjórnarmenn Eimskips hefðu verið í samskiptum við Samskip.¹⁷⁹⁹ Þessir framburðir eru ekki í samræmi við samtímagögn sem sýna samskipti Samskipa og Eimskips (með þátttöku eða að undirlagi (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv eða (E)forstj) um „Nýtt upphaf“ verkefnið frá miðju ári 2008 m.a. um þann þátt sem tók til siglingakerfisbreytinga, takmörkun á flutningsgetu og aukið samstarf með gerð slotsamninga í sjóflutningum, sbr. umfjöllun í kafla 7, 8 og 9. Viðurkenning Eimskips á alvarlegu ólögmætu samráði við Samskip á þessum tíma er í samræmi við umrædd samtímagögn.
3449. Breytingar á siglingakerfum Eimskips og Samskipa sem var hrint í framkvæmd í ágúst og október/nóvember 2008 voru í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Með þessu drógu fyrirtækin verulega úr flutningsgetu í áætlunarsiglingum milli Íslands og annarra landa. Með ólögmætu samráði sín á milli drógu fyrirtækin bæði úr getu og hvata til þess að keppa og sköpuðu þannig aukna möguleika á því að ráðast í verðhækkanir.

9.6. Samskipti vegna leiguskip Samskipa í nóvember 2008

3450. Atvik sem varða leiguskip Samskipa, Akrafell, tengjast hinu ólögmæta samráði Eimskips og Samskipa um takmörkun á flutningsgetu og breytingar á siglingakerfum.
3451. Á Leið 2 höfðu fyrir breytinguna í lok október 2008 siglt tvö leiguskip Samskipa, Akrafell og Hvassafell. Bæði þessi leiguskip voru í eigu sama aðila.¹⁸⁰⁰ Með breytingu Samskipa var flutningsgeta takmörkuð með því að Akrafell hætti siglingum og þar með var skipum Samskipa í siglingum til og frá Íslandi fækkað úr fjórum í þrjú.

¹⁷⁹⁸ Afritað tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.824076.

¹⁷⁹⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 136. Endurrit skýrslu [...], bls. 126, 128 og 136. Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 211 og 213.

¹⁸⁰⁰ Mgr. 115 í bréfi Samskipa dags. 13.01.2021.



3452. Samkvæmt upplýsingum Samskipa var gildistími leigusamnings um Akrafell fram í apríl 2010.¹⁸⁰¹ Ekkert ákvæði var í samningunum um að hægt væri að skila þessu skipi áður en gildistími samningsins rynni sitt skeið.¹⁸⁰² Þegar ákvörðun um útfærslu á takmörkun á flutningsgetu og breytingu á siglingakerfi Samskipa lá fyrir var ekki útséð með hvað Samskip myndu geta gert við skipið sem myndi hætta siglingum.
3453. Samtímagögn sýna að í kjölfar breytinga á siglingakerfinu í lok október 2008 gerðu stjórnendur Samskipa tilraunir til að losna við skipið m.a. með því að reyna að endursembja við eiganda þess um skil á skipinu gegn greiðslu. Þetta gekk ekki eftir. Urðu atvik þau að þetta skip, Akrafell, lá í um eitt og hálf ár verkefnalaust bundið við bryggju í Danmörku með tilheyrandi kostnaði fyrir Samskip, þ.e. þar til skipinu var skilað til eiganda þess í lok leigutímans í apríl 2010.
3454. Eins og fram kemur í kafla 8.19.3 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfli, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-skiparek 15. október 2008. Samkvæmt tölvupóstinum höfðu (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-skiparek fengið m.a. það verkefni að eiga fund með skipseiganda Akrafells/Hvassafells en þá lá ekki fyrir hvort skipið myndi hætta siglingum á Leið 2. Þann 27. október 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)frkvstj-MCL þar sem fram kom m.a. að enn væru í gangi viðræður við eiganda Akrafellsins og að tilkynning um breytt siglingakerfi yrði send til viðskiptavina í lok þeirrar viku.¹⁸⁰³
3455. Í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH til (S)stjórnarm-fjármstj, 28. október 2008, kom fram að „stærsta úrlausnarefni“ Samskipa á Íslandi væri að finna verkefni fyrir skipið, sbr. kafla 10.4.2. Á fundi framkvæmdastjóra Samskipa á Íslandi ((S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-fjárm) 29. október 2008 kom fram undir dagskrárliðnum „(S)frkvstj-millilandasv – Skipamál-“ að ennþá væri verið að skoða skipamál (Akrafell) og væri það stærsta málið hjá fyrirtækinu sem þyrfti „að leggja allt kapp á að leysa“.¹⁸⁰⁴
3456. (S)frkvstj-millilandasv áframsendi tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH 30. október 2008 varðandi viðræður Samskipa við eiganda Akrafells.¹⁸⁰⁵ Um kvöldið sendi (S)forstö-skiparek tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv, (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-fjárm og sagði að „tæplega“ yrði komist „lengra með eiganda“ Akrafells.¹⁸⁰⁶
3457. Daginn eftir, 31. október 2008, tilkynntu Samskip um breytingu á siglingakerfi og takmörkun á flutningsgetu. Þar kom m.a. fram: „Akrafell hættir siglingum milli Íslands og meginlands Evrópu og fer í önnur verkefni, ótengd Íslandi.“ Ummælin um að skipið færi í önnur verkefni voru ekki í samræmi við önnur samtímagögn Samskipa en á þessum tímapunkti lá ekkert fyrir um það hvað yrði um skipið.
3458. Samskip virðast ekki hafa fallist á tilboð frá eiganda Akrafells því þann 31. október 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (S)forstö-skiparek (afrit til (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-fjárm) með tillögu að gagntilboði frá Samskipum.¹⁸⁰⁷ (S)forstö-skiparek sendi tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv, (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-fjárm sama dag: „Sjá að neðan, en því miður er eigandi að japla á þessu og er farinn að tala um guarantee. [svo] Fáum ekki svar fyrr en á mánudag.“¹⁸⁰⁸

¹⁸⁰¹ Sjá leigusamning fyrir Hvassafell sem Samskip afhentu með athugasemdum fyrirtækisins við AI þann 12.06.2020, fylgiskjal 7.1. „Leigusamningur Hvassafell (ex Polaris)“. Í mgr. 115 í bréfi Samskipa dags. 13.01.2021 kemur fram að leigusamningurinn fyrir Akrafell hafi ekki fundist en að um sé að ræða sambærilegan samning. Sjá einnig tölvupóst [...] dags. 6. apríl 2010 sem fjallað er um hér síðar. Meðfylgjandi var minnisblað þar sem fram kom að búið væri að skila Hvassafellinu en Akrafellinu yrði skilað um miðjan apríl 2010.

¹⁸⁰² Sjá mgr. 115 í bréfi Samskipa dags. 13.01.2021.

¹⁸⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.521065.

¹⁸⁰⁴ Afhent gagn frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 8. Framkvæmdastjórafundur fundargerð. 29.10.2008.

¹⁸⁰⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.523035.

¹⁸⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.523915.

¹⁸⁰⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.523915.

¹⁸⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.524321.

3459. Þann 3. nóvember 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH: „Eigandi hefur fallið frá öllum hugmyndum eða viðræðum um að taka við skipinu að svo stöddu.“¹⁸⁰⁹ Stuttu síðar sendi (S)forstö-skiparek tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv, (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-fjárm varðandi afstöðu eiganda Akrafells.¹⁸¹⁰ Þar kom m.a. eftirfarandi fram: „Consequently, the Owners say the vessel must have firm employment before continuing the discussions of a possible early redelivery.“
3460. Það var því eftir breytingu á siglingakerfi Samskipa sem það lá fyrir að Samskip gátu ekki skilað Akrafelli til eiganda þess. Þegar þetta lá fyrir hjá Samskipum sýna samtímagögn að Samskip og Eimskip hafi átt í samskiptum um skipið. Næsta dag, þann 4. nóvember 2008, sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst á (S)forstö-skiparek:
- „Var að heyra að þið ætlið að leigja Akrafell í einhver verkefni erlendis eru þið búnir að gera það??“
3461. Óskaði (E)frkvstj-flutnkerf eftir lýsingu á skipinu. Sagðist (E)frkvstj-flutnkerf vera að skoða verkefni erlendis sem skipið gæti hentað í.¹⁸¹¹ (S)forstö-skiparek sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst sama dag. Meðfylgjandi var lýsing á Akrafellinu. (E)frkvstj-flutnkerf svaraði tölvupóstinum sama dag með spurningu varðandi skipið: „Er það ekki rétt skilið hjá mér að skipið er ekki fittað fyrir pallet wídes á dekki en í lest getur það tekið 116 stk sjá description (40´x2,5x9,6)???“¹⁸¹² (E)frkvstj-flutnkerf framsendi tölvupóstinn frá (S)forstö-skiparek til (E)frkvstj-Contain, afrit til (E)starfsm.¹⁸¹³ Áréttu ber að framkvæmdastjóri flutningskerfa hjá Eimskip, (E)frkvstj-flutnkerf, sem var þarna í samskiptum við Samskip um Akrafell, hafði haft ríka aðkomu að samskiptum og samráði Eimskips og Samskipa frá miðju ári 2008.
3462. Þann 7. nóvember 2008 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til (E)forstj, afrit til (E)frkvstj-alþjvsv, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-fjárm, (E)frkvstj-N-Atlants og (E)frkvstj-innanl varðandi fækkun skipa Eimskips í Norður-Ameríku flutningum. Kom fram að óvíst væri hvað yrði um skipið Celia, sem átti að hætta að sigla á þeirri leið. Benti (E)frkvstj-skiparekst í því sambandi á að Akrafell „liggur nú bundið við legubryggju í Rotterdam og verið er að reyna að finna verkefni fyrir skipið, en án árangurs hingað til.“ Jafnframt sagði að „Samskipamenn reyndu að fá eigendur til að taka við skipinu með „lumpsum“ greiðslu, en eigendur höfnuðu því snarlega.“¹⁸¹⁴
3463. Þegar (E)frkvstj-skiparekst sendi þennan tölvupóst voru aðeins fjórir dagar liðnir síðan (S)frkvstj-millilandasv greindi (S)aðaleig-stjform-SH frá því að eigandi Akrafells hefði hafnað því að taka við skipinu gegn greiðslu. Ekki eru fyrirbyggjandi gögn um það frá hvaða aðila (E)frkvstj-skiparekst fékk umræddar upplýsingar um viðræður Samskipa við eiganda Akrafells. Hins vegar telur Samkeppniseftirlitið atvik og gögn málsins benda til þess að þessar upplýsingar hafi komið frá Samskipum til Eimskips í tengslum við samskipti fyrirtækjanna vegna samráðsins. Var um að ræða viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar úr rekstri Samskipa. Þar hefur einnig þýðingu að fyrirtækin voru í samskiptum um Akrafell nokkrum dögum fyrr, 4. nóvember 2008, sbr. umfjöllun hér að framan.
3464. Það fór ekki svo að Eimskip tæki við Akrafelli af Samskipum. Þessi samskipti keppinautanna voru í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins og hluti af hinu ólögmeta samstarfi á þessum tíma sem tók m.a. til breytingu á siglingakerfum, takmörkun á flutningsgetu og sameiginleg úrlausn á ýmsum viðfangsefnum sem þessu tengdist, sbr. einnig kafla 9.12.
3465. Þann 25. nóvember 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv varðandi „skipapælingar“.¹⁸¹⁵ Þar sagði m.a. „Ég veit þetta er langsótt, en tel þó vert að hafa farið í gegnum þá útreikninga að kanna hvort hægt sé að skipta á skipum, þe 1143 teu skipum okkar fyrir ca 600

¹⁸⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.525130.

¹⁸¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.525216.

¹⁸¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

¹⁸¹² Afritaður tölvupóstsamskipti frá Eimskipum. [...].

¹⁸¹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskipum. [...].

¹⁸¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.107145.

¹⁸¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.534935.



teu kranalaus skip, og reka tvö í stað eitt á gömlu rúttunni." Vildi (S)aðaleig-stjform-SH s.s. skipta á Akrafelli og Hvassafelli fyrir tvö minni skip á Leið 2. Áfram yrði veruleg takmörkun á flutningsgetu en hún útfærð með öðrum skipakosti en hafði verið tilkynnt um opinberlega tæpum mánuði fyrr. Taldi (S)aðaleig-stjform-SH í tölvupóstinum upp ávinning þess að reka frekar tvö minni skip á þessari siglingaleið, s.s. grænmetið (líklega innflutningur fyrir BÚR) og möguleg viðkoma í Reykjavík. Hafa ber í huga að ef Samskip hefðu með þessum hætti horfið frá því að hætta viðkomu í Reykjavík frá Evrópu (á Leið 2) hefði það getað skipt máli m.t.t. aukins flutningsmagns á markaði í innflutningi til landsins. Hins vegar hefðu Samskip áfram takmarkað flutningsgetu sína gagnvart Alcoa hefði þessi leið verið farin. Hvað sem þessu líður þá sýna samtímagögn að ekkert varð úr þessu og að samráð Samskipa og Eimskips var viðhaldið með óbreyttum hætti næstu rúm fjögur árin eða þar til það fór að draga úr samráðinu undir lok rannsóknartímabilsins.

3466. Þann 27. nóvember 2008 töldu Samskip að staðan væri orðin „nokkuð snúin varðandi skipamálin“, sbr. tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv til (S)aðaleig-stjform-SH 27. nóvember 2008. (S)frkvstj-millilandasv taldi þá liggja fyrir að það þyrfti að „leggja Akrafellinu“ og hugsanlega gegn því að eigandinn myndi lækka leiguna. Taldi (S)frkvstj-millilandasv ólíklegt að eigandinn myndi samþykkja eingreiðslu til að losa Samskip undan leigusamningnum. Sagði (S)frkvstj-millilandasv m.a. í þessu sambandi: „Eigandanum er mein illa við að losa okkur undan samningnum þar sem hann metur markaðinn alveg steindauðan langt fram á árið 2010.“
3467. Athygli vekur að í niðurlagi tölvupóstsins vísaði (S)frkvstj-millilandasv til skoðunar sinnar og starfsmanna Samskipa á samanburði á því annars vegar að láta skipið liggja við bryggju með lækkaðri greiðslu til eigandans og hins vegar því að Samskip færu aftur í fjögurra skipa kerfi og myndu láta bæði Akrafell og Hvassafell sigla á Leið 2. Samkvæmt tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv var niðurstaðan sú að með fjögurra skipa kerfi stæði eftir hjá Samskipum „gat upp á ca. 300 mkr.“¹⁸¹⁶
3468. Hér skiptir miklu að í þessari umfjöllun (S)frkvstj-millilandasv kemur ekkert fram um þann möguleika Samskipa að sækja á mikilvæga viðskiptavini Eimskips og tryggja þannig aukið flutningsmagn. Sökum þessa er ástæða til þess að rifja upp glærukynningu sem (S)frkvstj-millilandasv hélt á fundi með undirmönnum sínum (m.a. (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfl) 17. maí 2008, sbr. kafla 6.7.6. Þar kom eftirfarandi fram:

¹⁸¹⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.536320.



Framundan

- Efnahagskreppa / - stöðnun
- Kostnaður almennt á uppleið
- Einingaverð lækka
- Samkeppnin

samskip

Viðfangsefnin

- ⇒ Sækja í innflutningi
- ⇒ Ná fram aukinni skilvirkni með nýjum tölvukerfum
- ⇒ Fresta þeim fjárfestingum sem við getum vegna hás vaxtastigs
- ⇒ Ná verulegum árangri í innheimtum
- ⇒ Sýna mikið kostnaðaraðhald – *ekkert brúðl*
- ⇒ Bæta þjónustuna enn frekar

samskip



3469. Samkvæmt þessu gerði (S)frkvstj-millilandasv sér grein fyrir því í maí 2008 að miklar áskoranir væru framundan. Efnahagsörðugleikar myndu leiða til þess að samkeppni myndi aukast og verð lækka. Fyrirnefndar glærur eru merktar fundi (S)frkvstj-millilandasv með undirmönnum sínum á millilandasviði (sjóflutningar). Samkvæmt glærunum hafði (S)frkvstj-millilandasv undirbúið að viðbrögð Samskipa við versnandi efnahagsástandi yrðu að auka samkeppni (sækja aukið magn í innflutningi), bæta þjónustu, auka skilvirkni og draga úr kostnaði. Lýsti (S)frkvstj-millilandasv aðgerðaráætlun sem byggði á heilbrigðri og málefnalegri samkeppni sem viðbrögðum við ytri erfiðleikum. Í samræmi við þetta hafði undirmaður (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, nokkrum dögum áður hafið undirbúning að „herferð“ gegn Eimskip, sbr. kafla 6.7.6. Þá ber að hafa í huga tölvupóstinn sem (S)frkvstj-millilandasv sendi (S)aðaleig-stjform-SH kvöldið fyrir leyndegan fund (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 6. júní 2008 þar sem (S)frkvstj-millilandasv gerði ráð fyrir því að „herferð“ gegn Eimskip og Atlantsskipum gæti unnið upp samdrátt í innflutningi vegna efnahagsástandsins, sbr. kafla 7.2.1.2. Jafnframt ber að hafa hugfast að haustið 2008 var mikilvægum viðskiptavinum Eimskips ljóst að staða fyrirtækisins var mjög erfið og höfðu sumir þeirra haft samband við Samskip varðandi mögulega flutninga, sbr. kafla 8.18.
3470. Ólögmaett samráð Samskipa við Eimskip skýrir hvers vegna í samtímagögnum (S)frkvstj-millilandasv frá því í nóvember 2008 er ekki lengur að finna neinar ráðagerðir um að sækja magn frá viðskiptavinum Eimskips til að fylla upp í ónýtt rými hjá Samskipum, þ.á m. í Akrafelli. Er þetta birtingarmynd á hinu ólögmaeta samráði sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir endi á þessum tíma. Áðurnefnd umfjöllun (S)frkvstj-millilandasv 27. nóvember 2008 var því í samræmi við önnur samtímagögn um samráð Samskipa og Eimskips á þeim tíma og vilja til að viðhalda því. Ekki átti að sækja á viðskiptavini Eimskips og stefna því í hættu að verð til viðskiptavina gæti lækkað. Að sama skapi var í samtímagögnum Eimskips hvergi að greina ótta um að laust flutningsrými í skipum Samskipa gæti skapað samkeppnislegan þrýsting á markaðnum.
3471. Samskip virðast hafa náð samkomulagi við eigenda Akrafells í desember 2008 um að skipið yrði áfram bundið við bryggju og leigugreiðslur lækkaðar. Skipið lá við bryggju fram á árið 2010.¹⁸¹⁷
3472. Í mgr. 114 – 116 í bréfi Samskipa, dags. 13. janúar 2021, eru sett fram sjónarmið um atvik vegna Akrafells, sbr. einnig umfjöllun Samskipa í mgr. 380, 406 – 407 og 1214 í athugasemdum Samskipa við AI og mgr. 78 – 88 í bréfi Samskipa dags. 13. júní 2022. Ekki er fallist á þessi sjónarmið fyrirtækisins, sbr. umfjöllun í kafla 25.32 og framangreind niðurstaða Samkeppniseftirlitsins um þýðingu þessara gagna vegna leiguskipisins stendur óhögguð.

9.7. Viðauki Samskipa og Alcoa 24. nóvember 2008:

3473. Aðgerðir Samskipa gagnvart Alcoa héldu áfram í lok október og í byrjun nóvember 2008. Á þeim tíma sýna samtímagögn að „nýir samningar“ Samskipa við Eimskip voru í vinnslu.
3474. Þann 26. október 2008 sendi (S)forstö-útfli fundarboð til þriggja starfsmanna Samskipa vegna fundar daginn eftir með heitinu „Ný Alcoa verð“.¹⁸¹⁸ Í fundarboðinu sagði: „þurfum að renna saman í gegnum nú Alcoa verð er samið var um í síðustu viku. Ný verð taka gildi frá og með 15 okt. þannig að rukkun fyrir síðustu tvö skip þarf að leiðrétta.“ Fundurinn var á dagskrá 27. október 2008.
3475. Þann 28. október 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til Alcoa með heitinu „Agreement“. Í tölvupóstinum óskaði (S)frkvstj-millilandasv eftir að fá senda tillögu Alcoa að samningstexta og vísaði til þess sem hafði verið samið um á fundi fyrirtækjanna viku fyrr.¹⁸¹⁹

¹⁸¹⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.536320. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.536570. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.565928.

¹⁸¹⁸ Afrituð dagbókarfærsla [...] Doc. ID. 0.7.33.817334.

¹⁸¹⁹ Afritaður tölvupóstur Samskipa[...] Doc. ID. 0.7.33.817908.



3476. Þann 29. október 2008 sendi Alcoa tölvupóst á (S)frkvstj-millilandasv með drögum að samningi. Í tölvupóstinum sagði: „Sælir, sendi þetta í trúnaði til upplýsingar. Þetta er fyrsta draft tilbúið svona efnislega til Legal dept., þeir koma svo til baka með sitt tungumál.“
3477. (S)frkvstj-millilandasv svaraði tölvupósti Alcoa sama dag og meðfylgjandi voru drög að samningi með breytingatillögum Samskipa. Í tölvupóstinum sagði (S)frkvstj-millilandasv meðal annars þetta: „Þar sem lækkun á skipaleigu er ekki að nást hjá okkur og við ætlum ekki láta samkomulag okkar stoppa á því þá þurfum í staðin að fá að halda Kollafirði inni sem áætlunarhöfn á rútunni og ná þannig að skapa tekjur sem koma að einhverju leiti [svo] á móti þeirri lækkun sem við þurfum að ná til að loka gatinu hjá okkur. Áætlunin verður þá RFJ-KOF-RTM-RFJ aðra ferðina og RFJ-KOF-RTM-IMM-RFJ hina ferðina. Þetta á ekki að hafa nein teljandi áhrif á áætlunina og ferðatíðnin verður sú sama og við gengum út frá áður þe. 42-43 ferðir á ári. Þú mátt gjarnan hringja í mig ef e-ð er óljóst hér.“¹⁸²⁰
3478. Með þessum tölvupósti tilkynnti (S)frkvstj-millilandasv Alcoa meðal annars að Samskip myndu ekki fá lækkun á skipaleigu og viðskiptavininum tilkynnt sú ákvörðun að Samskip myndu því halda Kollafirði í Færeyjum inni sem áætlunarhöfn. Ummæli (S)frkvstj-millilandasv um að tíðni skipsins frá Mjóeyrarhöfn yrði á 8-9 daga fresti er ekki í samræmi við það sem raungerðist, en Hvassafellið hafði líkt og áður greinir viðkomu í Mjóeyrarhöfn á 10,5 daga fresti. Með þessu skertist þjónusta og flutningsgeta Samskipa til Alcoa enn frekar.
3479. Þann 2. nóvember 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH sjálfum sér minnislista, þar kom m.a. fram: „Ný rúta – framlegðargreining / útreikningar, td Alcoa verðbreytingar“. Á minnislista (S)aðaleig-stjform-SH var jafnframt tilgreint:
- „Eimskip -nýir samningar“. ¹⁸²¹
3480. Er þetta í samræmi við önnur samtímagögn en í byrjun nóvember 2008 var unnið að „Nýtt upphaf“ verkefninu áfram og nýjum samningum milli Samskipa og Eimskips.
3481. Samningaviðræðum Samskipa og Alcoa lauk 24. nóvember 2008 þegar undirritaðar voru breytingar á samningi fyrirtækjanna meðal annars um mikla verðhækkun (131%) og skerta þjónustu (hér eftir nefndur viðaukinn). Verður vikið nánar að þessu í næsta kafla.

9.7.1. Samskip hækka verulega verð gagnvart Alcoa

3482. Þann 24. nóvember 2008 undirrituðu Samskip og Alcoa viðauka við samning um útflutning á áli til Evrópu.¹⁸²² Þær breytingar sem fólust í viðaukanum voru í meginatriðum þríþættar:
3483. Í fyrsta lagi samþykkti Alcoa framangreinda breytingu á siglingaáætlun sem Samskip kynntu opinberlega þann 31. október 2008 og fólu í sér verulegan samdrátt í þjónustu með því að annað af tveimur skipum á Leið 2 var tekið úr umferð. Jafnframt breyttu Samskip siglingaleiðinni með því að fella niður viðkomur á Suðvesturlandi (þ.e. Reykjavík og Grundartanga).
3484. Segir í breyttum samningi að þjónustan væri á 8-9 daga fresti og sérstaklega tileinkuð Alcoa þar sem siglt væri frá Mjóeyri í Reyðarfirði til Kollafjarðar (í Færeyjum) og Rotterdam, en í annarri hverri ferð yrði auk þess viðkoma í Immingham, nema samningsaðilar ákvæðu annað.¹⁸²³ Raunin varð þó sú líkt og áður greinir að viðkoma Samskipa í Mjóeyrarhöfn varð á 10,5 daga fresti.¹⁸²⁴

¹⁸²⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Amendments to the contract with Samskip rev1.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.818823.

¹⁸²¹ Afritaður tölvupóstur [...] Doc. ID. 0.7.33.524557.

¹⁸²² Samningurinn nefnist: „Amendment to Transportation Agreement for Exportation Shipments between Alcoa-Fjarðaal and Samskip“. Afhent gögn Alcoa dags. 31.10.2017.

¹⁸²³ Í samningnum segir nánar tiltekið: „Samskip provide dedicated 8-9 days service calling Mjóeyri, Kollafjörður and Rotterdam every trip and Immingham UK, every second trip, unless otherwise agreed between parties.“

¹⁸²⁴ Bréf frá Samskipum til Samkeppniseftirlitsins, dags. 22.11.2016. Beiðni Samkeppniseftirlitsins um gögn og upplýsingar – Svör Samskipa.



3485. Af gögnum málsins má sjá að minni tíðni skips Samskipa frá Mjóeyrarhöfn þýddi enn meiri skerðingu á flutningsgetu Samskipa fyrir Alcoa. Frá nóvember 2008 stóð flutningsgeta Samskipa á Leið 2 því ekki undir allri framleiðslugetu Alcoa.
3486. Athygli vekur að þrátt fyrir skerðingu á flutningsgetu Samskipa til Alcoa þá sýna skýr samtímagögn Samskipa frá samráðstímabilinu að fyrirtækið leit eftir sem áður svo á að Samskip ættu áfram tilkall til þess að flytja alla álframleiðslu Alcoa til Evrópu. Kjarnaatriði hér er að í sömu samtímagögnum útskýrir fyrirtækið samhlíða að vegna takmörkunar á flutningsgetu Samskipa sinni Eimskip umframflutningum fyrir Alcoa sem Samskip sinntu ekki með sínu skipi frá Mjóeyrarhöfn, sbr. kafla 9.2.1 og 9.11. Í þessu endurspeglast samráð Samskipa og Eimskips.
3487. Í öðru lagi skuldbatt Alcoa sig til að flytja að lágmarki 300.000 tonn á ári með Samskipum til Rotterdam og Immingham í Bretlandi frá og með 15. október 2008 (í stað 200.000 tonna lágmarks skuldbindingar áður).
3488. Í þriðja lagi fólu breytingarnar í sér mjög mikla verðhækkun (131%) og aðrar breytingar á verðlagningu. Í áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2010 kom fram að undirritaður hefði verið viðauki við flutningasamning við Alcoa „*þar sem einingaverð voru hækkuð verulega*“, sbr. viðhengi við tölvupóst (S)forstö-útfll til (S)frkvstj-millilandasv, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-fjárm þann 3. desember 2009 og umfjöllun um þá áætlun í kafla 9.11.2.
3489. Sjóflutningsgjald Alcoa fyrir hvert tonn af áli hækkaði úr 6,50 USD í 15,00 USD, að viðbættu/frádrögnu BAF, fyrir flutninga allt að 300 þús. tonnum á ári. Af þessu má einnig sjá að flutningsgjaldið hafði verið í erlendri mynt og því átti gengislækkun íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum (hér USD) ekki átt að kalla á hækkun þess. Viðmiðunarverð á skipaolíu fyrir útreikning á BAF var einnig hækkað með viðaukanum, þannig að BAF reiknaðist á verð skipaolíu fyrir ofan 400 USD á tonn, auk þess sem neikvætt BAF reiknaðist ef verð fór niður fyrir 375 USD á tonn. Fyrir útflutning á áli umfram 300.000 tonn á ári var flutningsgjald áfram 6,50 USD á tonn, en í þeim tilvikum reiknaðist BAF aðeins þegar það var jákvætt. Fyrir allan sjóflutning á umræddri siglingaleið að og frá verksmiðjunni annan en flutning á áli greiddi Alcoa eftirleiðis fast gjald að fjárhæð 2,2 milljónir USD á hverju 12 mánaða tímabili. Mælt var fyrir um greiðslufyrirkomulag með þeim hætti að Alcoa greiddi eftirleiðis fasta fjárhæð í hverjum mánuði, 375.000 USD fyrir útflutt ál¹⁸²⁵ og 183.333,33 USD fyrir innfluttar vörur og annan útflutning en ál eða samtals 558.333,33 USD í upphafi hvers mánaðar fyrir flutning í þeim mánuði. Leiðréttingar voru síðan gerðar ársfjórðungslega með hliðsjón af breytingum á BAF og ef magn á ári var umfram 300.000 tonn.
3490. Samkvæmt þessu féllst Alcoa á mikla verðhækkun og greiðslufyrirkomulag sem ætla má að hafi verið hagfellt Samskipum. Af bréfi Alcoa til Samkeppniseftirlitsins frá 3. nóvember 2017 og samtímagögnum má ráða að Alcoa hafi fallist á að taka tillit til þess að á umræddum tíma hefðu forsendur í sjóflutningum Samskipa til og frá Íslandi breyst vegna mikils samdráttar í innflutningi (þ.e. innflutningi almennt, ótengdum flutningum Alcoa). Í viðaukanum kom fram eftirfarandi endurskoðunarákvæði undir fyrirsögninni „*Other provisions*“:
- „As imports from other customers pick up their contribution will be used towards a reduction of the rate on the base volume of 300,000 MT. Samskip and Alcoa will review status of the contract and inbound volumes of other customers every 6 months to find ways to improve ocean rates.“*
3491. Í köflum 9.9 og 9.11 er lýst samtímagögnum frá Samskipum sem sýna að á samráðstímabilinu hafnaði fyrirtækið ítrekað beiðni Alcoa um að lækka verð. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að hið ólögmeta samráð við Eimskip hafi gert Samskipum kleift að halda óbreyttri hinni miklu verðhækkun gagnvart

¹⁸²⁵ Miðað við 15 USD sjóflutningsgjald á hvert tonn af áli samsvarar þessi fjárhæð því að Samskip hafi fengið greitt í föstum mánaðarlegum greiðslum frá Alcoa sem svarar því að Samskip flytji árlega út 300 þús. tonn fyrir Alcoa. Ef frávík verða frá þessu magni, eru greiðslur leiðréttar eftir á.



Þessum mikilvæga viðskiptavinum þar til Alcoa bauð þessa flutninga út að nýju og skipti um flutningafyrirtæki á árinu 2013.

3492. Með umræddum viðauka Samskipa við Alcoa má segja að komin hafi verið að hluta til framkvæmda markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins, sbr. og tillögur (S)frkvstj-millilandasv sem hann setti fram í tölvupósti til (S)aðaleig-stjform-SH 7. febrúar 2008 um möguleg viðbrögð Samskipa við samdrætti í innflutningi. Í þeim fólst m.a. að draga úr flutningsgetu og aðlaga að minni innflutningi, endursemjja við Alcoa og samnýta siglingakerfi Samskipa og Eimskips, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.2.¹⁸²⁶ Höfðu Samskip þá þegar rætt um að draga úr útflutningi fyrir Alcoa og að ná fram breytingu á samningi sínum við Alcoa frá október 2007. Eftir fund (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)stjform og (E)forstj 6. júní 2008 var samráði fyrirtækjanna hrint í framkvæmd. Í þessu fólst skoðun og upplýsingaskipti sumarið og haustið 2008 á m.a. ítarlegum tillögum um samnýtingu siglingakerfa Samskipa og Eimskips, m.a. á útflutningi á áli Alcoa til Evrópu. Var þetta liður í „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips.
3493. Rifja skal hér upp samtímagögn Samskipa frá fyrri hluta árs 2008, þar sem stjórnarformaður fyrirtækisins, (S)aðaleig-stjform-SH, taldi nauðsynlegt að „[...] protect the Cash Cow which Iceland has been for the Group“, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.3 og áfram. Hér má líka rifja upp fyrirmæli (S)aðaleig-stjform-SH í aðdraganda framangreindra atvika, sbr. áðurnefndan tölvupóst hans til (S)frkvstj-millilandasv 30. ágúst 2008. Þar var sett fram það markmið að afkoma Samskipa árin 2008, 2009 og 2010 ætti ekki að vera „fjarri“ góðri afkomu fyrirtækisins árin 2006 og 2007, þrátt fyrir að óveðursský hrönnuðust upp með tilliti til ytri aðstæðna fyrirtækisins. Þá má hér vísa til gagna frá september 2008 sem tengjast stöðufundum (S)aðaleig-stjform-SH með (S)stjórnarm-fjármstj og (S)stjform-S sem vörðuðu aðgerðir m.a. gagnvart Alcoa, verðhækkunarir og „stóru“ málin eða myndina, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.9 hér að framan um fund þeirra 22. september 2008.
3494. Við mat á framangreindum samtímagögnum um fyrirmæli (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH verður ekki litið framhjá því að hækkun Samskipa á flutningsverði til Alcoa skipti miklu máli fyrir rekstur fyrirtækisins. Í kjölfar samskipta Samskipa og Eimskips á Reyðarfirði 22. október 2008, nánar tiltekið 29. október 2008, sendi (S)aðaleig-stjform-SH t.a.m. tölvupóst til (S)stjórnarm-fjármstj, fjármálastjóra Samskipa Holding og stjórnarmanns í Samskipum hf. á Íslandi, með heitinu „útlit og horfur“. Þar kemur m.a. fram hjá (S)aðaleig-stjform-SH að ein af meginbreytingum milli árána 2008 og 2009 yrðu auknar tekjur Samskipa af hækkuninni vegna Alcoa. Samkvæmt tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH nam tekjuaukning Samskipa, vegna þessa þáttar samráðsins, samtals um 4 milljónum dollara eða um 475 milljónum króna fyrir árið 2009 miðað við gengi þess tíma. Eins og tölvupósturinn ber með sér var ávinningur af þessum þætti samráðsins auk þess mjög mikill í lækkun kostnaðar eða samtals um 12,5 milljónir dollara, mest vegna skerðingar á flutningsgetu. Hið ólögmeta samráð Samskipa og Eimskips í aðdraganda þeirra breytinga sem voru gerðar á samningi Samskipa við Alcoa áttu auk þess að leiða til um 11 milljón dollara betri afkomu fyrir fyrirtækið milli árána 2008 og 2009, sbr. skjáskot af tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH til (S)stjórnarm-fjármstj.¹⁸²⁷

¹⁸²⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.434726.

¹⁸²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.523017.



Ebitda trends:

2007	1,5 mia ?
2008	1 mia
2009	1 mia

Main changes between 2008 and 2009:

Freight revenues:

Alcoa freight rates	+\$4 m
Freight rate increases	+ \$4 m (in addition to general inflation adjustments)
Import freights	- \$10 m

Cost savings:

Vessel operating system	- \$7 m (reducing by one vessel)
Staff	- \$4 m (in total reducing by 150 FTE)
General cost reduction	- \$1,5 m

Variable revenues and costs out matching out at even.

Company operating with 800 mkr ebitda jan-july and 200 mkr august 2009 due to collapse in import market..

Above measures taken as of 1st september, annualized effects.

3495. Framangreint samtímagagn (S)aðaleig-stjform-SH er í samræmi við ábata Samskipa af verðhækkun til Alcoa sem tilgreindur er á glæru sem fannst í afrituðum tölvugögnum (S)frkvstj-millilandasv frá 3. nóvember 2008:¹⁸²⁸

Alcoa Fjarðaal (AF)

- One vessel operation agreed
- Aluminium export rates up by \$7,25 pr MT, i.e. from \$6,50 to \$14,75 + BAF
- AF commits to 300k MT pa of aluminium
- AF pays monthly a lump sum for other export and import of \$2.200k pa
- New agreement valid as off 15.10.2008
- AF will pay monthly in advance \$560 k
- Net revenue increase \$4.200k pa

¹⁸²⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Alcoa Fjarðaal (AF).ppt“. Fannst á heimasvæði [...], dags. 03.11.2008, kl. 15:03. Doc. ID. 0.7.33.30892.



3496. Í mgr. 1035, 1052, 1057, 1058, 1060, 1061 og 1062 í athugasemdum Samskipa eru gerðar margvíslegar athugasemdir við umfjöllun Samkeppniseftirlitsins um viðauka fyrirtækisins og Alcoa 24. nóvember 2008 og verulega verðhækkun sem í honum fólst. Ítarlega er fjallað um þessar athugasemdir Samskipa í kafla 25.33 en eins og þar kemur fram eru athugasemdirnar ekki taldar haggá mati um að háttsemi Samskipa hafi brotið gegn 10. gr. og 53. gr. EES samningsins.

9.7.2. Samanburður á verði Eimskips og Samskipa gagnvart Alcoa

3497. Í framangreindum skýringum Alcoa frá nóvember 2017 kom m.a. þetta fram um ástæðu þess að fyrirtækið hefði á árinu 2008 fallist á að greiða Samskipum verulega hærra verð og sætta sig við skerta þjónustu:

„It was also clear that it would not be easy to find another shipping company willing to take over the transport, without increased costs. Surely, Eimskip was available, but it was estimated that the situation was similar and that the prices they could offer would not outdo Samskip's new offer.“

3498. Í ljósi þessa er gagnlegt að bera saman það verð sem Alcoa bauðst frá Samskipum og Eimskip á þessum tíma.

3499. Samkvæmt samningi Samskipa og Alcoa frá 2007 var flutningsgjaldið sem Alcoa greiddi Samskipum fyrir flutninga á áli til Rotterdam 6,50 USD á hvert tonn, að viðbættu olúgjaldi (BAF).

3500. Tilboð Eimskips, dags. 24. október 2008, í flutninga á áli fyrir Alcoa til Rotterdam var 15,50 USD á tonn að viðbættu olúgjaldi (BAF).

3501. Samkvæmt viðauka við samning Samskipa og Alcoa sem undirritaður var 24. nóvember 2008 var flutningsgjald fyrir hvert tonn af áli nánar tiltekið hækkað úr 6,50 USD í 15,00 USD, að viðbættu/frádregnu BAF, fyrir flutninga allt að 300.000 tonn á ári. Fyrir útflutning á áli umfram 300.000 tonn á ári var flutningsgjald áfram 6,50 USD á tonn, en en í þeim tilvikum reiknaðist BAF aðeins þegar það var jákvætt.

3502. Samkvæmt þessu var sjóflutningsgjaldið í viðaukanum við samning Samskipa og Alcoa frá nóvember 2008 nánast hið sama og það sjóflutningsgjald sem Eimskip bauð; Eimskip bauð 15,50 USD en Samskip 15 USD fyrir hvert tonn af áli. Þannig var sjóflutningsverð Samskipa aðeins 0,50 USD lægra en tilboðsverð Alcoa hjá Eimskip þrátt fyrir að um mun umfangsmeiri flutninga væri að ræða.

3503. Hvað BAF hjá Alcoa áhrærir er rétt að líta til þess að í tilboði Eimskips frá 24. október 2008 bauð Eimskip Alcoa 50% afslátt á BAF frá gjaldskrá sinni (sem eftir afslátt var þá 141 USD á hvern 20 feta gám).¹⁸²⁹ Samkvæmt samningi Samskipa við Alcoa um útflutning á áli til Evrópu, eins og honum var breytt 24. nóvember 2008, skyldi reiknast BAF samkvæmt formúlu um jöfnunargjald miðað við olíuverð sem var mjög frábrugðin hinni almennu formúlu Samskipa og Eimskips um BAF.¹⁸³⁰

3504. Við samanburð á tilboði Eimskips til Alcoa og nefndu samningsákvæði Samskipa við Alcoa þarf að hafa í huga að í fyrrnefnda tilvikinu miðast BAF samkvæmt gjaldskrá Eimskips við hverja gámaeiningu (20 feta gám) og var BAF þá 282 USD á gám (og 141 USD með 50% afslætti) en í síðara tilvikinu reiknast BAF á hvert tonn. Eimskip gerðu í sínu tilboði ráð fyrir að flytja 2.000 tonn af áli (á viku) í 80

¹⁸²⁹ „50% of Eimskip 20' tariff, now USD 141,- per container (USD 282 – 50%). Monthly charges.“

¹⁸³⁰ Samkvæmt þessari sérstöku formúlu hófst greiðsla á BAF ekki fyrr en olíuverð á tonn nær 400 USD og er fyrst í stað 0,25 USD á tonn en hækkar síðan um 0,25 USD við hverja 25 USD hækkan á olíuverði, uns gjaldið nær hámarki, 3 USD á tonn þegar olíuverð nær 675 USD á tonn. Þegar olíuverð var lægra en 375 USD á tonn varð BAF neikvætt og lækkaði með sambærilegum hætti um 0,25 USD við hverja 25 USD sem olíuverð lækkaði, uns olíuverð hafði lækkað í 225 USD, en þá er BAF -1,75 USD (þ.e. neikvætt BAF). Hér er því um að ræða formúlu fyrir eiginlegu jöfnunargjaldi þar sem skurðpunktur fyrir útreikningi á BAF m.v. olíuverð er 400 USD, en þar fyrir neðan var BAF neikvætt. Samkvæmt almennri formúlu Samskipa, og raunar einnig Eimskips, fyrir BAF var skurðpunkturinn hins vegar 100 USD og skyldi viðskiptavinurinn greiða í formi BAF 60% af olíuverði sem var umfram þetta 100 dollara viðmið, en þess má geta að á rannsóknartímabilinu voru engin dæmi um svo lágt olíuverð; lægsta verðið var um 243 USD (í ársbyrjun 2007) og meðalverðið um 525 USD.



gámum (40 feta hver). Miðað við 20 feta gáma samsvaraði það 160 gámum. Samkvæmt gjaldskrá þess tíma áttu Alcoa þá að greiða $160 \times 141 = 22.560$ USD í BAF fyrir 2.000 tonn eða 11,28 USD á tonn. Þrátt fyrir að Eimskip hafi boðið samkvæmt tilboði sínu 50% afslátt af BAF samkvæmt gjaldskrá er ljóst að BAF Eimskips var mun hærra en skv. samningi Samskipa við Alcoa, en þar gat BAF hæst orðið 3 USD á tonn.

3505. Með fækkun skipa úr tveimur í eitt á Leið 2 í siglingakerfi Samskipa og siglingartíðni skipsins, þ.e. hversu oft á ári skipið hafði viðkomu á Reyðarfirði, afmarkaði Samskip flutningsgetu sína gagnvart Alcoa. Í viðaukanum við samning Samskipa og Alcoa dags. 24. nóvember 2008 var kveðið á um að Samskip myndu veita flutningsþjónustu fyrir Alcoa á 8-9 daga fresti frá Mjóeyrarhöfn. Gögnin sýna að Samskip stóðu strax á öðrum degi eftir undirritun samningsins ekki við þessa skuldbindingu um flutningsþjónustu til Alcoa. Eins og sjá má af gögnum málsins takmörkuðu Samskip flutningsþjónustuna ennþá meira en viðaukinn kvað á um. Reyndin varð sú að skip Samskipa sigldi á 10,5 daga tíðni frá Mjóeyrarhöfn (í stað 8-9 daga skv. viðaukanum), sbr. umfjöllun hér síðar. Færri ferðir á ári þýddi ennþá minna magn en Samskip höfðu lagt upp með gagnvart Alcoa. Samkvæmt samtímagögnum fluttu Samskip u.þ.b. 300.000 tonn á ári af áli fyrir Alcoa, sem svarar til þess magns sem verðhækkun Samskipa tók til (flutningsgjald var 131% hærra fyrir flutning Samskipa undir 300.000 tonn á ári). Af samtímagögnum verður ráðið að Samskip létu jafnvel betur borgandi varning ganga fram yfir flutning á framleiðslu Alcoa, sbr. umfjöllun í kafla 9.11.1, enda flutti Eimskip hvort eð er það ál sem Samskip tóku ekki.
3506. Samanburður á verði Samskipa til Alcoa og tilboðsverði Eimskips til fyrirtækisins leiðir í ljós að fyrirkomulagið var þannig að það var enginn hvati var fyrir Alcoa að flytja það ál með Eimskip sem var umfram það ál sem fyrirtækið hafði skuldbundið sig til að flytja með Samskipum. Þrátt fyrir þá verðhækkun sem Samskip höfðu samið um við Alcoa, var einingaverð Samskipa áfram lægra en verð samkvæmt tilboði Eimskips frá 24. október 2008, sérstaklega að teknu tilliti til hærra BAF gjalds Eimskips. Fyrir Alcoa var því mun hagstæðara að Samskip önnuðust flutning á því áli sem var umfram 300.000 tonn á ári. Vegna þess hve einingaverð Samskipa var lágt fyrir flutninga á áli umfram 300.000 tonn á ári, var hins vegar lítil hvati fyrir Samskip til að sækjast eftir slíkum flutningum.¹⁸³¹
3507. Bæði viðaukinn við samning Samskipa og Alcoa og tilboð Eimskips til Alcoa miðuðu því að því að Samskip önnuðust útflutning á þeim 300.000 tonnum á ári fyrir Alcoa, sem var nálægt hámarksflutningsgetu Hvassafells á Leið 2 og verðhækkunin tók til, m.v. viðkomutíðni skipsins og að Samskip völdu að flytja að einhverju leyti frekari varning frá öðrum viðskiptavinum en Alcoa á umræddri leið, á meðan Eimskip tækju að sér flutning á framleiðslu Alcoa sem var umfram þetta mark.
3508. Var þessi niðurstaða í samræmi við samtímagögn frá sumri og hausti 2008 og aukið samráð Samskipa og Eimskips sem hófst í kjölfar fundarins 6. júní 2008. Var þar m.a. fjallað um takmörkun á flutningsgetu Samskipa og samvinnu með Eimskip. Meðal annars þá útfærslu sem gekk eftir, þ.e. að „hluti“ af flutningum Samskipa fyrir Alcoa færi með skipum Eimskips, sbr. t.d. gögn sem **(S)aðaleig-stjform-SH** fékk send til sín 24. júlí 2008 (kvöldið fyrir fund hans og **(S)aðaleig-stjform-SH** með **(E)stjform**), glærुकyningu **(S)frkvstj-millilandasv** 6. september 2008 og viðskiptaáætlun Eimskips sem **(E)svæðisstj1** sendi **(E)frkvstj-innanl** 11. október 2008.

9.8. Um tilboð Eimskips og „mikið“ ónýtt rými í skipum til Íslands

3509. Tilboð Eimskips til Alcoa 24. október 2008 og tímasetning þess styður að Samskip og Eimskip höfðu með sér ólögmeitt samráð í tengslum við þær breytingar sem fyrirtækin gerðu á siglingakerfum

¹⁸³¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Heimasvæði [...]. „Markaðsskýrsla UTFL 2012“, dags. 19.09.2011. Doc. ID. 0.7.33.6597. Bls. 35. Þar má sjá að Samskip gerðu ráð fyrir að flutningar fyrir Alcoa næmu árlega 310.000 tonnum í stað 300.000 tonnum: „Alcoa hefur undanfarið ár reynt að nýta betur skipið okkar á Reyðarfirði og því áætlum við um 10 þúsund tonna aukningu í því magni sem við flytjum. Þessi aukning dregst því frá því magni sem Eimskip [...]“ Þessi umfjöllun er í samræmi við önnur gögn málsins sem renna stoðum undir að Alcoa hafi frekar en Samskip verið sá aðili sem hafi reynt að auka flutningsmagn Alcoa sem fór með skipi Samskipa.



sínum, sbr. einnig gr. 1.1 í sátt Eimskips frá 16. júní 2021. Áðurnefndur samanburður á verði í tilboði Eimskips við verð Samskipa til Alcoa samkvæmt samningnum 24. nóvember 2008 undirstrikar þetta einnig.

3510. Sem áður segir er ljóst að tilboð Eimskips til Alcoa var með þeim hætti að enginn hvati var fyrir Alcoa að flytja meira magn með Eimskip umfram það magn sem ekki komst með Samskipum.
3511. Samkvæmt upplýsingum Eimskips var á hinn bóginn „mikið [...] um ónýtt rými í skipum [Eimskips] frá Íslandi“.¹⁸³² Staðhæfing Eimskips um mikla vannýtta flutningsgetu er í samræmi við afhentar upplýsingar fyrirtækisins sem sýna að Eimskip gat tekið meira en 25% af framleiðslu Alcoa í sín skip á tímabilinu.¹⁸³³
3512. Má einnig geta þess að fyrr á árinu 2008 hafði Eimskip misst álútflutning Rio Tinto Alcan yfir til Wilsson/Nesskips, sbr. kafla 3.1. Þrátt fyrir „mikið“ laust flutningsrými Eimskips, þekkingu Eimskips á slíkum flutningum og augljóst mikilvægi Alcoa sem kaupanda flutningaþjónustu hér á landi þá eru engar vísbendingar í samtímagögnum fyrirtækisins um fyrirætlan stjórnenda þess um að veita eða reyna að veita Samskipum samkeppni með því að sækjast eftir mun meira eða jafnvel öllu flutningsmagni Alcoa á áli til Evrópu. Öðru nær. Það fór gegn heildarhagsmunum beggja við þær aðstæður sem ríktu. Sameiginlegir hagsmunir fyrirtækjanna fólust í því að þau hefðu með sér samráð um niðurskurð á flutningsgetu en með því gátu þau bætt nýtingu siglingakerfanna, skipt með sér mikilvægum viðskiptavinum og krafið þá um hærra verð.
3513. Í stað þess að nýta sér þessa stöðu gerði Eimskip Alcoa tilboð í hluta flutninga til að mæta þeirri flutningsþörf sem Samskip myndu ekki sinna í smærra siglingakerfi. Jafnframt var verðlagning Eimskips ekki með þeim hætti að hún kallaði á áhuga Alcoa um að reyna að beina öllum viðkomandi flutningum til Eimskips. Er það staðfest í framangreindu bréfi Alcoa frá nóvember 2017.
3514. Tilboð Eimskips 24. október 2008 og vilji til að aðstoða Samskip með hluta af flutningum fyrir Alcoa gerði Samskipum kleift að (1) draga úr flutningsgetu (2) halda bróðurparti viðskiptanna við Alcoa og (3) hækka verð verulega gagnvart Alcoa. Tilboð Eimskips var því í fullu samræmi við þær áætlanir sem Samskip og Eimskip höfðu unnið að og undirbúið fyrr á árinu og er birtingarmynd samráðsins sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma. Þessu ástandi, sem byggði á ólögum samráði fyrirtækjanna, viðhéldu þau til ársins 2013 en þá ákvað Alcoa í kjölfar útboðs að slíta öllum flutningsviðskiptum við Samskip og Eimskip og fór þá meðal annars vegna þess að draga úr samráði Eimskips og Samskipa, sbr. umfjöllun í köflum 20.

9.9. Verulegri verðhækkun viðhaldið gagnvart Alcoa

3515. Í samtímagögnum Samskipa er margítrekað staðfest að Eimskip muni halda sig innan ramma samráðsins við Samskip, sem fólst í því að Samskip taldi sig eiga áfram tilkall til alls útflutnings fyrir Alcoa en Eimskip sinnti aðeins aðeins flutningi á þeim hluta á framleiðslu Alcoa sem Samskip sinntu ekki, sbr. umfjöllun í samtímagögnum Samskipa í kafla 9.11, sbr. einnig kafla 11.13.4.
3516. Eins og fjallað hefur verið um hér að framan undirrituðu Samskip og Alcoa 24. nóvember 2008 breytingu á flutningasamningi sínum frá október 2007. Í breytingunni fólst veruleg verðhækkun gagnvart Alcoa og lakara þjónustustig.
3517. Fyrirliggjandi gögn sýna eins og áður segir að Alcoa leit á verðhækkunina sem tímabundna en í viðaukanum var sérstakt endurskoðunarákvæði: „As imports from other customers pick up their contribution will be used towards a reduction of the rate on the base volume of 300,000 MT. Samskip

¹⁸³² Mgr. 544 í athugasemdum Eimskips við AI.

¹⁸³³ Afhentar upplýsingar Eimskips dags. 29.11.2017. Sbr. bréf Eimskips dags. 13.10.2017 var 25% af flutningsgetu skipa á Norðurleið frá tekið milli Færeyja og Evrópu, tekið var tillit til þess.



and Alcoa will review status of the contract and inbound volumes of other customers every 6 months to find ways to improve ocean rates."

3518. Sem fyrr segir var Alcoa á samráðstímabilinu mikilvægur viðskiptavinur og kaupandi flutningaþjónustu hér á landi. Þetta mikilvægi er staðfest margoft af hálfu Samskipa í athugasemdum fyrirtækisins sjálfs. Þrátt fyrir að Alcoa hafi á samráðstímabilinu sannarlega snúið sér til Samskipa um lækkun á verði og umbætur á þjónustunni, og þrátt fyrir mikilvægi þessa viðskiptavinar, skiluðu þessar viðræður engri niðurstöðu. Verðhækkunin sem Samskip sömdu um í nóvember 2008 hélst óskert til ársins 2013 þegar Alcoa slitu viðskiptunum í kjölfar útboðs, sbr. umfjöllun í köflum 9.11 og 20.
3519. Samtímagögn sýna því að Samskip urðu ekki við beiðni Alcoa um að lækka verð á flutningum. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að það var hið ólögmeta samráð Samskipa og Eimskips sem gerði Samskipum kleift að halda uppi verði gagnvart þessum öflugum viðskiptavini. Vegna mikilvægis Alcoa má ætla að fyrirtækið hefði átt að hafa mikinn kaupendastyrk gagnvart Samskipum. Það að Samskip neituðu Alcoa á samráðstímabilinu um endurskoðun á flutningsverði án þess að hika eða þurfa að taka tillit til mögulegra viðbragða helsta keppinautarins, Eimskips, endurspeglar að mati Samkeppniseftirlitsins hvernig fyrirtækin höfðu dregið úr og jafnvel eytt út allri óvissu milli þeirra með hinum ólögmetu aðgerðum.
3520. Í áætlun Samskipa vegna útflutnings bæði árið 2010 og árið 2011 var vísað til þess að Alcoa liti svo á að viðaukinn ætti að endurskoðast um leið og forsendur myndu breytast. Í báðum áætlunum Samskipa sagðist fyrirtækið á hinn bóginn ekki gera ráð fyrir að forsendur myndu breytast „það mikið að þessu fyrirkomulagi verði breytt“. Í áætlun Samskipa fyrir árið 2011 sagði auk þess: „Okkar mat er að ekki verði forsendur til þess að hverfa frá viðaukanum og taka aftur upp tveggja skipa kerfi eins og Alcoa menn hafa minnst á. Við munum því áfram flytja um 75 þúsund tonn pr. ársfjórðung.“¹⁸³⁴
3521. Í áætlunum Samskipa vegna innflutnings frá sama tímabili, árin 2010 og 2011, var gert ráð fyrir „að halda öllum núverandi viðskiptavinum“, „engir nýir viðskiptavinir áætlaðir inn“, „áframhaldandi ró“ héldist á innflutningsmarkaði, „bæði skipafélögin [væru] með ónýttu flutningagetu í innflutningi“ en samt gert ráð fyrir „að bæði Eimskip og Samskip haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð“.¹⁸³⁵
3522. Markaðsskipting Samskipa og Eimskips eða „friðurinn“ fól í sér að fyrirtækin sóttust ekki eftir því að ná mikilvægum viðskiptavinum hvors annars í viðskipti (og þar með auknu magni). Það kemur því ekki á óvart að afleiðing markaðsskiptingar hafi verið engin eða lítil aukning í innflutningsmagni Samskipa (helst var um að ræða sveiflur í innfluttu magni hvers og eins þáverandi viðskiptavinar Samskipa). Óhjákvæmilegt er að benda á þetta þegar Samskip í samtímagögnum tilgreindu að það hefðu ekki verið forsendur til að verða við umleitan Alcoa um lækkun á verði og/eða bættu þjónustu, sbr. fyrrnefnt endurskoðunarákvæði viðaukans: „As imports from other costumers pick up their contribution will be used towards a reduction of the rate [...]“.
3523. Þær breytingar sem Samskip og Eimskip gerðu á flutningakerfum sínum á grundvelli hins ólögmeta samráðs haustið 2008 voru til þess fallnar að skila fyrirtækjunum miklum ábata. Ekki var eingöngu um að ræða verulega verðhækkun gagnvart Alcoa heldur var verði jafnframt viðhaldið eða það hækkað gagnvart öðrum mikilvægum viðskiptavinum fyrirtækjanna á sama tímabili, t.d. Vífilfelli, Ölgerðinni, Ísam, Húsasmiðjunni, Innes, IKEA og Rúmfatalagernum.

¹⁸³⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Áætlun UTFL 2010.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.679375. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Markaðsskýrsla UTFL 2011 aðalskjal.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst Samskipa. [...] Doc. ID. 0.7.33.783290.

¹⁸³⁵ Nánar er fjallað um þessi gögn í kafla 14 þar sem fjallað er um hina ólögmetu markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips á mikilvægum viðskiptavinum. Í athugasemdum Samskipa kemur fram að fyrirtækið hefði treyst á „ró“ á markaðnum og aðgerðir þess hafi miðað að því að fara ekki í verðstríð við Eimskip. Sjá mgr. 1393 í athugasemdum Samskipa við AI.



3524. Í athugasemdum Samskipa er umleitan Alcoa um lækkun á verði sett í samhengi við atvik haustið 2008, sbr. umfjöllun í mgr. 1029 í athugasemdum Samskipa við AI. Þannig staðfesta Samskip að í kjölfar fundar þess með Alcoa 15. september 2008 í Pittsburgh í Bandaríkjunum hafi **(S)frkvstj-millilandasv** sent tölvupóst til Alcoa þar sem m.a. var boðið upp á að Samskip myndu upplýsa Alcoa um fjárhagsstöðu Samskipa jafnóðum. Segir í athugasemdum Samskipa að það hafi því verið „*eðlilegt að Alcoa hafi óskað eftir því að ræða við Samskip um verð*“.
3525. Framangreind umfjöllun Samskipa verður ekki skilin öðruvísi en svo að á grundvelli þess að Alcoa fékk fjárhagsupplýsingar frá Samskipum jafnóðum þá hefði verið eðlilegt að Alcoa færi fram á lækkun á verði. Fyrirliggjandi er að Samskip nálgust Alcoa um verulega verðhækkun og lakara þjónustustig sumarið og haustið 2008. Einnig liggur fyrir að Samskip byggðu á því að ef Alcoa gengi ekki að þessum tillögum Samskipa færu Samskip í gjaldþrot. Af áður nefndri umfjöllun Samskipa má ætla að Samskip hefðu það sem eftir lifði samningstímans tímabilið 2009 til 2012, afhent Alcoa „*jafnóðum*“ fjárhagsupplýsingar úr rekstri fyrirtækisins. Af fyrirliggjandi gögnum málsins má einnig ætla að þær fjárhagsupplýsingar hefðu teiknað upp allt aðra mynd fyrir Alcoa um stöðu Samskipa en þá sem Samskip höfðu sett fram sumarið/haustið 2008 um meint yfirvofandi gjaldþrot fyrirtækisins. Þegar á leið hefði Alcoa þá mátt vera ljóst að rekstur Samskipa á Íslandi stóð vel og mun betur miðað við fyrri yfirlýsingar Samskipa til Alcoa gáfu til kynna. Vísar Samkeppniseftirlitið hér til fyrirliggjandi ársreikninga Samskipa hf. árin 2009 til 2013 sem sýna almennt góða afkomu, sbr. umfjöllun í kafla 33. Enn fremur vísast til fjölmargra samtímagagna Samskipa þar sem stjórnendur fyrirtækisins lýsa yfir ánægju með góða afkomu af starfsemi Samskipa á Íslandi, sbr. t.d. tölvupósts frá **(S)aðaleig-stjform-SH** til m.a. **(S)forstö-innfl1** og **(S)frkvstj-Jóna**, dags. 9. september 2013, þar sem forstjórinn sagði eftirfarandi: „[...] árið 2010 var mjög gott ár, 2011 einnig, en síðan hefur afkoma sigið niður, á árinu 2012 og nú á árinu 2013. Við tókum vel til í rekstri eftir hruntíma á síðari hluta árs 2008 – þær aðgerðir færðu okkur á beinu brautina, strax á árinu 2009 og árið 2010 var eitthvert besta ár í sögu félagsins“, sbr. umfjöllun í kafla 14.11.3 og 14.37.5.

9.10. Upplýsingar frá Alcoa

3526. Samkeppniseftirlitið sendi þann 12. október 2017 bréf til Alcoa með beiðni um upplýsingar og gögn á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga. Var þar óskað eftir annars vegar afriti af öllum samningum sem Alcoa gerði við Eimskip og Samskip á rannsóknartímabilinu og hins vegar skýringum og gögnum sem tengdust m.a. breytingum á siglingakerfi Samskipa í október 2008 og breytingum í nóvember 2008 á samningi Alcoa við Samskip um flutning á framleiðsluvöru fyrirtækisins til Evrópu.
3527. Þann 31. október 2017 sendi Alcoa afrit af samningum fyrirtækisins við Samskip og Eimskip til Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitinu barst einnig bréf frá Alcoa þann 3. nóvember 2017, „*CA responce to questions*“ (með titilinum „*Samskip´s changed sailing schedule in the fall of 2008*“). Í svörum Alcoa var vísað til fylgiskjals sem fyrirtækið afhenti einnig: „*Iceland Shipping Review October 2008*“.
3528. Í bréfi Alcoa, „*Samskip´s changed sailing schedule in the fall of 2008*“, var í upphafi gerður fyrirvari um getu fyrirtækisins til að veita umbeðnar upplýsingar. Var tekið fram að flestir starfsmanna Alcoa sem báru beina ábyrgð á viðskiptum við Samskip og Eimskip á rannsóknartímabilinu hefðu hætt störfum hjá fyrirtækinu fyrir löngu síðan. Kvað fyrirtækið strangar reglur gilda um aðgang að tölvugögnum fyrrverandi starfsmanna Alcoa. Í ljósi þessa hefði því reynst mjög örðugt að afla þeirra upplýsinga sem Samkeppniseftirlitið óskaði eftir. Kvaðst Alcoa ekki treysta sér til að svara beint þeim spurningum sem settar voru fram í bréfi Samkeppniseftirlitsins (töluliðir 2 (a) – 2(f)). Að þessu leyti er takmarkað gagn af lýsingu Alcoa á umræddum atvikum, einkum þegar umfjöllun Alcoa er ekki í samræmi við fyrirliggjandi samtímagögn.
3529. Um samning Alcoa við Samskip frá 2007 og breytingu á siglingaáætlun Samskipa haustið 2008 kemur þó m.a. þetta fram í bréfi Alcoa:

„ORIGINAL AGREEMENT



The original agreement with Samskip was signed in 2007, shortly before exports of Fjardaál products started. Two parties were involved in the tender, Samskip and Eimskip. Both companies were very familiar with the sailing routes and kept up regular transport schedules between Iceland and Europe. Fjardaál's production plan originally assumed that 320,000 tpy would be transported, but production was increased to 340,000 tpy as the plant was technically capable to produce that volume. Europe and North-America were focused on, as Fjardaál's markets.

Packaging was originally planned to be in „super-bundles“ which means that the relevant products would be bound up in 20-ton bundles that would be arranged in bulk into the ships' holds. Accordingly, a part of the transport would be arranged for so-called „break-bulk“ ships and each trip tendered independently. It was foreseen that a large part would need to be transported in containers and would be marketed in Europe, or stored in warehouses there, so transport to Rotterdam was also considered. The idea for the „super-bundles“ was, however, abandoned as the equipment for handling them was very expensive and it was foreseen that the vessels intended for that transport would have problems in winter in Mjóeyri harbor.

At that moment (2007), Samskip submitted a bid and Fjardaál negotiated with them. Their business idea was straightforward and very favourable for Fjardaál. It involved utilizing the enormous amount of containers import that was generated at the time, that is, to deploy the empty containers that were superfluous from imports to export the aluminum produced by the smelter. Hence, the plan was set up to organize a transport route from Reykjavík to Rotterdam that would stop over in Reydarfjörður. Empty containers that had to be returned to Europe anyway, were to be transported to Reydarfjörður, filled with Fjardaál's products and then moved on to Rotterdam. The containers would be emptied in the port of Rotterdam at Alcoa's logistics operator (Steinweg) area. Alcoa had already entered into warehouse agreements with Steinweg. The empty containers would then be delivered to Samskip, which could return them to their owners or otherwise deploy. This arrangement was convenient for both parties: favorable transport for Fjardaál and profits to Samskip for transport for empty containers that the company would otherwise not be paid for.

MEETINGS WITH SAMSKIP

In October or November 2008, Samskip contacted Alcoa requesting a new agreement to be drawn up, because of the crash in the Icelandic economy, as the business model that was originally set up was shattered. As previously indicated, the Alcoa representatives that participated in those discussions are not employees any more.

According to the limited references we have been able to gather, a meeting with Samskip was probably held in Egilsstaðir in November 2008. Samskip announced that as imports to Iceland had deteriorated after the crash in the economy, there was no foundation for continuing with the current transport model, and that there were two options to consider: to amend the agreement or that Samskip would claim bankruptcy. Every aspect of the setup had collapsed: no containers were available, ship routes were being cut down and it was impossible to operate the ships on the basis of Fjardaál's exports alone. It seems that Samskip stated that they would apply the force majeure provision of the agreement, as they understood that there was an Economic Force Majeure situation.

Samskip introduced an idea for a sailing schedule model that could work, which involved having one ship travelling between Reydarfjörður and Rotterdam (actually with a stopover in Immingham because of transport to that harbour). The route would be set up in a way that the ship would stop in Reydarfjörður approximately every 9 days to pick up the metal available at the time. New prices were offered, but it was stated that the route to Reydarfjörður was designed for Fjardaál's benefit.

From Alcoa's point of view, it was, at the time, not in the interest of the company to extend the original agreement as it was clear that this transport route would not be profitable and there was a risk of Samskip going bankrupt, given the situation. It was also clear that it would not be easy to find another shipping company willing to take over the transport, without increased costs. Surely, Eimskip



was available, but it was estimated that the situation was similar and that the prices they could offer would not outdo Samskip's new offer.

In this serious situation, the decision was to negotiate with Samskip's on the basis of their proposal. The most important issue was to ensure the export of Fjarðaál's products as there was no space or leeway on site to store excess products."

In this respect, an evaluation of the situation at the end of 2008 was made whose terms are mentioned in a document sent separately (Iceland Shipping Review). [...].¹⁸³⁶

3530. Samkvæmt því sem fram kemur í bréfinu miðaðist upphaflegur samningur fyrirtækisins við Samskip við aðstæður á árinu 2007 þegar mikill innflutningur var til landsins. Byggðist samningurinn á því að Samskip nýttu gáma til útflutnings á áli fyrir Alcoa sem fyrirtækið notaði fyrir innflutning til landsins og þyrfti hvort eð er að flytja að miklu leyti tóma til baka til meginlands Evrópu. Samskip hefðu því getað boðið verð í útflutning á áli sem var mjög hagstætt fyrir Alcoa.
3531. Alcoa kveður Samskip hafa nálgast fyrirtækið haustið 2008 með boð um nýjan samning með hærri verðum. Í því sambandi er áréttað að þeir starfsmenn fyrirtækisins sem komu að viðræðum við Samskip séu hættir störfum. Í bréfinu kemur þó fram að Samskip hafi stillt upp málaleitan sinni þannig að aðeins væru tveir kostir í stöðunni, að Alcoa semdi um breytt kjör við Samskip eða að bú Samskipa yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt frásögn Alcoa vísuðu Samskip til þess að ekki væri hægt að útvega tóma gáma og ómögulegt væri að reka skipin eingöngu vegna útflutnings fyrir Alcoa. Samskip hafi sagt nauðsynlegt að skera niður skipakerfið. Að mati Alcoa virtust Samskip líta svo á að fyrirtækið gæti gengið frá samningnum á grundvelli óviðráðanlegra atvika („*force majeure*").
3532. Sem áður segir samþykkti Alcoa mikla verðhækkun Samskipa og breytta siglingaáætlun en henni fylgdi lakara þjónustustig. Aftur á móti leit Alcoa svo á að um tímabundnar ráðstafanir væri að ræða. Töldu Alcoa að Eimskip myndi ekki bjóða betra verð en hið nýja verð Samskipa.
3533. Í frásögn Alcoa kemur fram að Samskip hafi m.a. gefið þá skýringu að ef Alcoa féllist ekki á breytingarnar myndu Samskip fara í gjaldþrot. Í mgr. 1023 – 1024 í athugasemdum Samskipa við AI staðfestir fyrirtækið að hafa gefið Alcoa þá skýringu að fyrirtækið færi í þrot ef samningnum yrði ekki breytt. Segja Samskipa að þessi lýsing á fjárhagsstöðu Samskipa á þessum tíma hafi verið í samræmi við samtímagögn um fjárhag Samskipa. Í mgr. 1051 í athugasemdum Samskipa fullyrðir fyrirtækið að það hefði „*engan annan kost*" átt en að endursemjja við Alcoa ella hefði hefði það farið í þrot.
3534. Vísast um gjaldþrotaskýringu Samskipa til umfjöllunar í kafla 25.26.
3535. Varðandi gjaldþrotaskýringu Samskipa til Alcoa haustið 2008 ber að hafa í huga að í samtímagögnum málsins er hvergi að finna umfjöllun eða ummæli um að Samskip á Íslandi færu í gjaldþrot ef ekki yrði samið við Alcoa og engin önnur úrræði kæmu til greina. Vísast hér til umfjöllunar í köflum 8.17.6 og 8.17.8 þar sem samtímagögn sýna að Samskip mátu fleiri kosti varðandi breytingu á skipakerfinu en að gera breytingu á samningi við Alcoa. Til að mynda þann möguleika að fara úr fjögurra skipa kerfi í tveggja skipakerfi og hætta að sinna útflutningi fyrir Alcoa. Samkvæmt gögnunum töldu Samskip breytingu á samningi við Alcoa og hækkun verðs þann kost sem skilaði mestu kostnaðarhagræði fyrir Samskip en sem jafnframt tryggði verulegar auknar tekjur inn í starfsemi þess á Íslandi. Í þessu sambandi vísast einnig til tölvupósta (S) [aðaleig-stjform-SH](#) frá 30. og 31. ágúst 2008 þar sem hann fjallaði um frekari aðgerðir fyrirtækisins (til viðbótar við miklar verðhækkanir Samskipa til viðskiptavina tveimur dögum síðar), m.a. aðgerðir gagnvart Alcoa. Af tölvupóstum (S) [aðaleig-stjform-SH](#) má sjá að markmiðið hjá forstjóranum var ekki að forðast gjaldþrot fyrirtækisins heldur þvert á móti að afkoma Samskipa árin 2008, 2009 og 2010 yrði ekki „*fjarri*" góðri

¹⁸³⁶ Afhent skjal frá Alcoa Fjarðaál. Afhent þann 3.11.2017. „*Samskip's changed sailing schedule in the fall of 2008*".



afkomu fyrirtækisins árin 2006 og 2007. Samræmdist þessi stefna fyrirmælum (S)aðaleig-stjform-SH um að vernda Samskip á Íslandi sem „cash cow“ fyrir Samskip Holding samstæðuna.

3536. Þótt erfiðar ytri áskoranir hafi sannanlega verið til staðar þá má benda á að fjárhagsleg staða skipareksturs Samskipa árið 2008 gaf engin merki um að fyrirtækið hefði staðið á barmi gjaldþrots, sbr. umfjöllun um ársreikninga fyrirtækisins og samtímagögn í kafla 20, sbr. einnig kafla 25.26. Í þessu sambandi verður að hafa í huga umfjöllun á vettvangi stjórnar Samskipa Holding um að enn betri afkoma af starfsemi Samskipa á Íslandi árið 2008 væri liður í því að fullnægja kröfum helsta lánveitanda samstæðunnar, Fortis bank, sbr. umfjöllun í köflum 6.7, 8.10.1, 8.15.8 og 10.4.3. Verðhækkun Samskipa á Íslandi gagnvart Alcoa haustið 2008 tengdist þess vegna þeirri ákvörðun stjórnenda samstæðunnar, þar á meðal (S)aðaleig-stjform-SH, að grípa til allra mögulegra ráðstafana til að bæta afkomu fyrirtækisins í því skyni að verða við kröfum lánardrottins félagsins.
3537. Hvað sem líður trúverðugleika gjaldþrotaskýringu Samskipa til Alcoa haustið 2008, þá er kjarnaatriðið við breytingu á siglingakerfi, takmörkun á flutningsgetu og breyttan samning við Alcoa haustið 2008, það að Samskip hegðuðu sér ekki með sjálfstæðum hætti heldur var um að ræða ólögð mætar samstilltar aðgerðir Samskipa og Eimskips. Þannig víkur yfirvofandi eða hugsanlegt gjaldþrot fyrirtækja ekki bannreglu 10. gr. samkeppnislaga til hliðar.
3538. Alcoa vísaði í lok bréfs síns til fylgiskjalsins „Iceland Shipping Review October 2008“. Rétt er að víkja þar að kaflanum „October 27-30, 2008 Meetings in Iceland“. Þar kom fram eftirfarandi mat Alcoa á valkostum þess þegar Samskip fóru haustið 2008 fram á að breyta ársögmlum samningi sínum við Alcoa. Breytingin fól í sér lakara þjónustustig til handa Alcoa og verulega verðhækkun eins og áður segir. Í fylgiskjali Alcoa segir fyrirtækið þetta um valkosti þess:

„October 27-30, 2008 Meetings in Iceland

[...] and [...] joined [...] and his team in Iceland to review the situation and alternatives. Several options were considered:

1) **Breakbulk Shipping.** Updated rate quotes for 7000 mt monthly shipments to Rotterdam were \$45 Free In/Out (does not include cost for loading or unloading). Loading cost in Iceland would be similar to containers, perhaps few dollars more, and we would need to pay for unloading in Rotterdam at perhaps \$12/MT. Total cost near \$60/MT and shipment just once a month. Shipping twice a month with 3500 mt would raise the rate by another \$10-20/MT.

2) **Other Container Carriers.** Eimskip is the only other container carrier serving Iceland with weekly service to Europe. They carry shipments of aluminum for other Iceland producers and they indicated they only have available capacity for 80 40 ft containers per week, well short of our 300-325 weekly containers. Eimskip has previously agreed to move extra containers for us at \$20/MT plus current Bunker Fuel surcharge. So Eimskip could only handle 25% of our weekly requirements.

3) **Operate our own vessel(s)** combining the anode move from Norway to Iceland, metal from Iceland to Rotterdam, and imports from Europe to Iceland. The current vessel on the anode move is not big enough to handle the metal and anodes so new vessels would be needed. Rate analysis previously conducted indicated an overall cost of about \$40- 45/MT likely using 2 vessels, however, this option gives Alcoa complete control of shipping.

4) **Samskip.** The Samskip agreement calls for Alcoa to pay \$15.00 MT for the 1st 300,000 mt/Yr and \$6.50 MT for tonnage over 300,000 mt, plus bunker. This arrangement provides a dedicated vessel loading every 9-10 days allowing cargo to move off the pier avoiding congestion and allows us to invoice the product earlier than breakbulk shipping. At the negotiated \$15.00/MT and adjusted lower bunker base this rate is still the lowest cost scenario and it provides about 40 voyages per year. It also allows for most of our imported purchased goods for Alcoa Fjarðaal to move for free. Also, this \$15/MT settlement amount is still below the best original offers from back in 2006 of \$16/MT from



both Samskip and Eimskip. We've also been able to take advantage of the \$6.50/MT rate since the opening of the plant saving significant freight cost and our agreement remains in place that when shipment flows to/from Iceland return to normal we can return to the \$6.50/MT.

Summary

The Samskip agreement at \$15.00/MT plus a downward adjusted BAF base, is the lowest cost alternative for Alcoa Fjarðaal. It is lower than the September 2008 Samskip proposal of about \$19/MT, lower than original offers of \$16/MT plus a higher BAF base, and provides us with the greatest frequency of sailing to move the metal off Fjarðaal's dock.

We will continue to review the conditions with Samskip on a quarterly basis during this interim period.¹⁸³⁷

3539. Samkvæmt framansögðu unnu stjórnendur hjá móðurfyrirtæki Alcoa að því með stjórnendum Alcoa Fjarðáls að meta stöðu mála með hliðsjón af kröfu Samskipa og komu ýmsir valkostir til álita. Eimskip væri eina skipafélagið sem auk Samskipa þjónaði Íslandi með áætlunarsiglingum til Evrópu. Um mat á þeim möguleika að Eimskip tæki að sér að annast útflutning á framleiðslu Alcoa Fjarðáls frá Reyðarfirði horfði Alcoa annars vegar til þess að Eimskip hefði gefið til kynna að það gæti aðeins tekið að sér að flytja hluta af útflutningi Alcoa á áli (25%) og hins vegar að verð Eimskips verið hærra en það verð sem Samskip hefði farið fram á.
3540. Bent er á að framangreind umfjöllun Alcoa um Eimskip er í samræmi við samtímagögn um samráð Samskipa og Eimskips vegna takmörkunar á flutningsgetu og breytingu siglingakerfa sem fólst í því að aðeins hluti af álútflutningi Alcoa til Evrópu færðist „til“ Eimskips frá Samskipum, sbr. umfjöllun um gögn málsins í köflum 8.17.14, 9.1, 9.4.3 og 11.13.4. Að þessu leyti ber samtímagögnum og skýringum Alcoa saman. Eimskip sóttist ekki eftir að fá meira magn frá Alcoa en það sem féll undir hinar ólögmetu aðgerðir með Samskipum. Samtímagögn sýna síðan að þessu fyrirkomulagi var viðhaldið næstu fjögur árin.
3541. Neðst á bls. 3 í bréfi Alcoa til Samkeppniseftirlitsins er fjallað um framkvæmd á umframflutningum á áli sem Samskip gátu ekki flutt með Hvassafellinu frá Reyðarfirði til Evrópu: „A formal agreement with Eimskip for this transport was never executed, but the parties reached a verbal agreement based on a proposal by Eimskip. The surplus tons to be transported by Eimskip were usually confirmed shortly before Eimskip's vessel arrived in Reyðarfjörður and it was declared whenever the vessel had available space for the freight. Eimskip did not commit to any quantity so it had to be cleared with short notice and subject to availability.“
3542. Eimskip gerði því munnlegt samkomulag við Alcoa sem byggði á tilboði Eimskips, sbr. einnig umfjöllun hér að framan.
3543. Í bréfi Alcoa er einnig fjallað um hækkun á viðmiðunarmagni á álútflutningi Samskipa í samningnum frá 24. nóvember 2008. Kemur þar fram að þegar samningur Alcoa við Samskip var gerður í október 2007 var upphaflega gert ráð fyrir að hluti framleiðslunnar yrði seldur til Bandaríkjanna og að vörur yrðu auk þess seldar til annarra markaða og fluttar sem lausavara (e. *break bulk*). Í reynd var það svo að framleiðslan var nánast öll flutt í gámum til Evrópu. Skýrir þetta m.a. að viðmiðun um flutning Samskipa til Evrópu var í upphaflegum samningi árið 2007 einungis 200.000 tonn á ári en var með breytingunni í nóvember 2008 hækkuð í 300.000 tonn, auk þess sem framleiðslugeta álversins reyndist ívið meiri en upphaflega var áætlað.
3544. Skýringar Alcoa eru eins og áður greinir takmarkaðar m.a. að því leyti að Alcoa treystir sér ekki til að veita upplýsingar með þeim hætti sem Samkeppniseftirlitið óskaði eftir, t.d. um fundi og önnur samskipti Alcoa við Samskip og Eimskip á rannsóknartímabilinu. Eins og fram hefur komið var Alcoa

¹⁸³⁷ Afhent skjal frá Alcoa Fjarðaal. Afhent þann 3.11.2017. „Iceland Shipping Review October 2008“.



Í viðskiptum við bæði Eimskip og Samskip og sýna samtímagögn að fyrirkomulagið var til þess fallið að fela í sér margvíslega hættu á ólögmætum upplýsingaskiptum þessara meginkeppinauta á íslenskum flutningamarkaði. Engar upplýsingar koma þó fram í svari Alcoa um þetta efni. Því síður kemur þar fram að Alcoa hafi með einum eða öðrum hætti verið kunnugt um ólögmætt samráð Eimskips og Samskipa.

3545. Skýringar Alcoa eru auk þess að sumu leyti ónákvæmar og ekki í samræmi við skýrar samtímaheimildir t.d. um tímasetningu, staðsetningu og efni mikilvægra funda eða atvika enda gerir Alcoa fyrirvara í bréfi sínu. Skýringar Alcoa gefa því ekki tilefni til að víkja frá því sem fram kemur í samtímaheimildum um atvik málsins.
3546. Sem dæmi um ósamræmi skýringa Alcoa og samtímagagna má í fyrsta lagi nefna að í bréfi Alcoa segir í upphafi um fundi með Samskip: *„In October or November 2008, Samskip contacted Alcoa requesting a new agreement to be drawn up, because of the crash in the Icelandic economy [...]“*. Samtímagögn sýna með skýrum hætti að Samskip höfðu samband og leituðu til Alcoa í ágúst og september 2008 með beiðni um breytingu á samningi við fyrirtækið, en hugmyndir og áætlanir Samskipa um samdrátt í siglingakerfi og breytingu á samstarfi við Alcoa, þar sem m.a. var gert ráð fyrir samráði við Eimskip, náðu a.m.k. aftur til júlí 2008 jafnvel til febrúar 2008. Áttu stjórnendur Samskipa t.d. fund með fulltrúum Alcoa í Pittsburgh í Bandaríkjunum þann 15. september 2008, þar sem Samskip kynntu tillögu sína um verðhækkun. Í svari Alcoa er ekki getið um þennan fund.
3547. Í öðru lagi má nefna að í beiðni Samkeppniseftirlitsins til Alcoa er sérstaklega óskað eftir upplýsingum og gögnum um fundi Alcoa með Samskipum og Eimskip á Reyðarfirði 22. október 2008. Ekkert beint svar var veitt við þessari fyrirspurn. Í svari Alcoa sagði þó m.a.: *„According to the limited references we have been able to gather, a meeting with Samskip was probably held in Egilsstadir in November 2008“*. Ekki er ljóst hvort þessi ummæli tengjast áðurnefndri beiðni um upplýsingar um fund á Reyðarfirði 22. október 2008 eða hvort um annan fund var að ræða. Bréf Alcoa er einfaldlega ónákvæmt einnig að þessu leyti og veitir ekki svar við því sem Samkeppniseftirlitið óskaði eftir.
3548. Umbeðnar skýringar Alcoa á samstarfi um útvegum og flutning á tómum gámum eru fáorðar: *„As for the intended collaboration between Eimskip and Samskip on the transport of empty containers, no such issue has been discussed with Fjarðaál. Actually, our experience of the situation was different here, because Eimskip was generally strict on the fact that transport on the company's ships had to be conducted through its own specified containers.“*
3549. Hér lýsir Alcoa því efnislega yfir að reynsla fyrirtækisins hafi verið sú að Eimskip hafi almennt séð verið mótfallið gámasamstarfi við Samskip vegna útflutnings á áli fyrirtækisins. Gefur þessi umfjöllun Alcoa til kynna að fyrirtækið telji að slíkt samstarf hafi ekki verið fyrir hendi eða það a.m.k. ekki vitað af því. Þetta er hvorki í samræmi við samtímagögn og sjónarmið Samskipa. Í mgr. 502 í athugasemdum Samskipa við AII er slíku gámasamstarfi við Eimskip lýst og fjallað um *skilgreint verklag* sem fólst m.a. í því að Eimskip hafi á rannsóknartímabilinu *„oft á tíðum“* flutt ál fyrir Alcoa til Evrópu í gámum frá Samskipum. Hér vísast einnig til m.a. kafla 9.12.3 þar sem skýrum samtímagögnum er lýst sem sýna þetta samstarf Samskipa og Eimskips.
3550. Haustið 2008 voru að sögn Alcoa aðstæður hjá fyrirtækinu með þeim hætti að framleiðsla álversins var að ná hámarksafköstum. Var því aðkallandi að flutningaþjónusta til Evrópu væri trygg. Samkeppniseftirlitið dregur þá ályktun af frásögn Alcoa og öðrum fyrrgreindum málsatvikum að samráð Samskipa og Eimskips hafi þrengt verulega að þeim valkostum sem Alcoa stóð þá frammi fyrir. Minnt er á umfjöllun að framan sem sýnir að Eimskip og Samskip höfðu frá miðju ári átt mikil leynileg samskipti um aukið samstarf fyrirtækjanna sem fól m.a. í sér takmörkun á flutningsgetu, samnýtingu flutningakerfa og skiptingu viðskipta. Samskip höfðu auk þess staðhæft við Alcoa að fyrirtækið yrði gjaldþrota ef ekki yrði fallist á kröfu þess um breytingu á samningi við Alcoa. Að sama skapi höfðu Alcoa þær upplýsingar að ef Samskipa nyti ekki við væri Eimskip aðeins fært um að taka að sér um 25% af útflutningi Alcoa. Það var við þessar aðstæður sem Alcoa féllst á kröfu Samskipa



um mjög mikla verðhækkun og skerta þjónustu og gengu að tilboði Eimskips um flutning á framleiðslu, sem Samskip sinntu ekki, gegn flutningsgjaldi sem var hærra en hið hækkaða gjald Samskipa. Hins vegar er ljóst að Alcoa taldi að breytingin á samningnum við Samskip ætti að vera tímabundin, sbr. fyrirvarinn í samningnum frá 24. nóvember 2008. Eins lýst verður í næsta kafla urðu Samskip hins vegar ekki við beiðnum Alcoa um að lækka verð og bæta þjónustu. Alcoa buðu út öll flutningaviðskipti sín haustið 2011 og slitu í kjölfar þess á árinu 2013 öllum slíkum viðskiptum við Samskip og Eimskip, sbr. kafla 20.

9.11. „Alsæla“ Eimskips: Reglubundnir flutningar fyrir Alcoa frá nóvember 2008

3551. Í þessum kafla verður fjallað um atvik frá nóvember 2008 sem sýna undirbúning Eimskips við að taka að sér hluta af flutningum Samskipa fyrir Alcoa. Þeir flutningar hófust af krafti í desember 2008 og stóðu fram til ársins 2013. Verða í þessum kafla reifuð tiltekin gögn frá þessu tímabili, m.a. gögn sem sýna aðkomu og flutninga Eimskips á áli fyrir Alcoa fram á árið 2013. Sýna gögnin jafnframt mikla ánægju Eimskips með þessa flutninga og að Samskipum tókst að verjast kröfum Alcoa um verðlækkun og halda verðhækkuninni óskertri allt þar til annað flutningafyrirtæki tók við þessum flutningum í byrjun árs 2013 eftir útboð. Eru þessi gögn metin heildstætt með öðrum gögnum málsins og til vitnis um samfellt samráð Samskipa og Eimskips.

9.11.1. Frekari atvik tengd Alcoa í nóvember til desember 2008

3552. Hér vísast til framangreindrar umfjöllunar um tölvupóstsamskipti stjórnenda Eimskips 22. október 2008 og áfram vegna breytinga á siglingakerfi Samskipa og framkvæmd þess þegar Eimskip undirbjó að flytja með reglubundnum hætti hluta af flutningum Samskipa fyrir Alcoa til Rotterdam.

3553. Í samræmi við áðurnefnda frásögn [\(E\)frkvstj-innanl](#) eftir samskipti við Samskip þann 22. október 2008 var [\(E\)frkvstj-skiparekst](#), forstöðumaður rekstrarsviðs Eimskips, að vinna að þeim þætti samráðsins sem tók til reglubundinnar aðkomu fyrirtækisins að flutningum á áli Alcoa til Evrópu. Þann 4. nóvember 2008 sendi [\(E\)frkvstj-skiparekst](#) eftirfarandi tölvupóst til [\(E\)svæðisstj1](#):

„Þeir [Samskip] auglýsa skipið [Akrafell] til leigu í Rotterdam í dag þannig að þeir ætla líklega ekki aðra ferð með það til Reyðarfjarðar.

Fljótlega ætti því eitthvað að fara gerast í okkar málum hvað varðar útflutning, því ég sé ekki hvernig Samskip ætla að anna honum með einu skipi, en ekkert vera að pressa á þá, því við erum með þetta undir „control“ og [Alcoa¹⁸³⁸] og félagar þola ekki einhverja pressu eða frekju frá okkur, eins og þú veist. Ræddi þetta síðast á föstudaginn sl. við [Alcoa] og það er nóg í bili.

Hvað hafa þeir [Samskip] verið að lesta marga gáma per skip að hámarki bæði ál og gjall.“

3554. [\(E\)svæðisstj1](#) svaraði [\(E\)frkvstj-skiparekst](#) samdægurs þar sem kemur fram að hann muni ekki minnst á útflutning á áli við fyrirsvarsmenn Alcoa, ásamt því að hann gaf [\(E\)frkvstj-skiparekst](#) umbeðnar nákvæmar upplýsingar um flutninga Samskipa gegnum Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði:

„Ég mun ekki minnst á flutning.

Hæðstu [svo] tölur hjá Sambó [Samskip] eru 9037,7 tonn brúttó, 7691,6 tonn netto, 428 teus, (222 x 20 ft + 103 x 40 ft) frá HVA 835 í lok Ágúst. Næstu tölur eru 8717,2 tonn brúttó, 489 teus (89 x 20 + 200 + 40 fet) einnig í ágúst.“¹⁸³⁹

3555. Sem fyrr segir sendi Eimskip Alcoa tilboð í reglubundna flutninga 24. október 2008. Taldi fyrirtækið sig vera „með þetta undir control“ í byrjun nóvember 2008 og ætlaði [\(E\)svæðisstj1](#) að fara að

¹⁸³⁸ Þá innkaupastjóri Alcoa.

¹⁸³⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].



fyrirmælum (E)frkvstj-skiparekst og varast að beita Alcoa þrýstingi vegna útflutnings Eimskips á áli til Rotterdam.

3556. Sýnir tölvupóstur (E)frkvstj-skiparekst einnig að á grundvelli ólögmatrar samvinnu í Mjóeyrarhöfn bjó Eimskip yfir nákvæmum upplýsingum um flutninga Samskipa fyrir Alcoa.
3557. Í mgr. 1064 – 1066 í athugasemdum Samskipa við AI mótmælir fyrirtækið því að tölvupóstsamskipti (E)frkvstj-skiparekst og (E)svæðisstj1 4. nóvember 2008 sýni framkvæmd samráðs Eimskips og Samskipa. Segja Samskip að samskiptin sýni að Eimskip hafi séð tækifæri í skertri þjónustu Samskipa við Alcoa og hafi fylgst grannt með stöðu mála til að ná auknum viðskiptum Alcoa. Ekki er fallist á að þessar skýringar séu í samræmi við gögn málsins, sbr. umfjöllun í köflum 25.30.3 og 25.36.1.
3558. Samtímagögn sýna að Samskip áttu strax eftir breytinguna á siglingakerfi sínu í vandræðum með að útvega nægjanlega marga tóma gáma á Reyðarfirði (fyrir útflutning frá Reyðarfirði). Eimskip vissi einnig að Samskip áttu á þessum tíma í viðræðum við Alcoa um verulega verðhækkun, sbr. tölvupóst (E)deildstj-útf1 22. október 2008 kl. 16:20 og umfjöllun í kafla 9.4.3. Voru því kjöraðstæður fyrir Eimskip að reyna að bjóða Alcoa betri kjör og þjónustu og ná þannig öllum eða verulegum flutningum á áli fyrirtækisins til Evrópu. Af samtímagögnum verður ekki ráðið að slíkt hafi komið til umræðu milli stjórnenda Eimskips á þessum tíma enda byggðust aðgerðir og samstarf Eimskips og Samskipa um nefnda flutninga á ólögmatu samráði fyrirtækjanna.
3559. Sem fyrr sagði skrifuðu Samskip og Alcoa undir breytingu á samningi fyrirtækjanna 24. nóvember 2008. Fólst í þessu veruleg verðhækkun á flutningum Samskipa og lakara þjónustustig. Daginn eftir að Samskip og Alcoa undirrituðu breytingu á flutningasamningi sínum, eða 25. nóvember 2008, sendi stjórnandi hjá Alcoa tölvupóst til (S)forstö-útf1 og (S)starfsm. Ber tölvupósturinn með sér óánægju Alcoa með þjónustu Samskipa og að hún væri ekki í samræmi við þær forsendur sem Samskip höfðu kynnt viðskiptavininum vegna breytinganna: „Nú er það komið í ljós að 26 gámar eru teknir út af þeirri hleðslu sem búið var að skipuleggja á skipið í þessari viku (sem er nú amk dögum seinna en fyrsta áætlun). Við sendum lista á föstudag um að þetta yrðu 340 gámar og inni því voru gámar umfram þessi 8400 tonn sem er viðmiðið hjá okkur, þar sem rúm 200 tonn voru skilin eftir síðast. Ein af skilaboðunum sem ég fæ er að ég hafi einhliða látið raða þessum 340 gámum inn, en svo einfalt er þetta ekki. Við höfum ekki fengið neinar upplýsingar um það hversu mikið við getum sett á nema þau 8900 tonn net sem talað var um á fundum okkar. Ef þetta er eitthvað annað hlýtur að þurfa að upplýsa um breytingu frá þessu. Í síðustu viku var ekkert annað skráð á skipið skv upplýsingum okkar þegar við spurðum eftir því.

Ef við erum að sjá nærri 11 daga hring, miðað við brottfarardag frá Reyðarfirði, magnið sem kemst með er max 8000 tonn og það ekki einu sinni öruggt, þá finnst mér forsendur hafa breyst verulega frá mínum skilningi eftir fundi varðandi þessa nýju skipaáætlun.

Síðasta áætlun er auk þess töluvert frábrugðin því plani sem við fengum eftir fundi með [(S)forstö-útf1], [(S)frkvstj-millilandasv] og [(S)forstö-flutnstj], þar sem lagt var út frá brottför 31. des. Við erum ekki með neina áætlun í gangi núna sem heldur vatni og verðum að fá þetta.

Ég þarf fyrir lok dagsins í dag að skila af mér tekjuspá fyrir desember en hef ekki nokkra möguleika á því þar sem a) áætlun hefur ekki verið send út, b) við getum ekki treyst þeim og c) vitum ekkert hversu mikið má áætla um borð.

Þá spyr ég hversu margir gámar aðrir voru látnir sitja eftir til að mæta því sem við þurfum að senda út? Ég þarf að fá svör og betri upplýsingar um þetta.”¹⁸⁴⁰

¹⁸⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.828453.



3560. Sama dag, 25. nóvember 2008, kom fram í gögnum hjá Eimskip að Alcoa hafi leitað til fyrirtækisins með reglubundin útflutning á áli. Þann dag sendi (E)svæðisstj1 tölvupóst til (E)frkvstj-skiparekst og (E)deildstj-útf1 þar sem segir m.a.:

„[starfsm-Alcoa] hringdi fyrir stuttu, og vildi að ég kannaði hvort Eimskip gæti lestað 2000 til 2500 tonn per. Viku af álinu [svo], og í lok árs 5000 til 7000 tonn til að ljúka árinu.

Samkvæmt hans mati getur Samskip ekki klárað málið.

Ég bað [starfsm-Alcoa] um, að láta málið fara í réttan farveg, frá [innkaupastj-Alcoa] til ykkar?

Samskip skildi eftir í síðustu ferð 8 gáma, og núna bendir allt til að þeir ætli að skilja eftir 20 gáma. Þeir eru að lesta mikið af saltsíld frá Fáskrúðsfirði, er verður að vera komin á markað fyrir Jól, og því láta þeir síldina ganga fyrir Álinu.

Samskipsmenn hafa miklar áhyggjur af, að þeir 113 Eimugámar er við fylltum af áli, og eiga að lesta í GOD, séu ekki allt okkar gámar, heldur eigi þeir hluta af gámunum, og hafa beðið Alcoa um númer á gámunum."

3561. (E)deildstj-útf1 svaraði sömu aðilum fáeinum mínútum síðar og sagði m.a. að Eimskip væri búið að senda tilboð í þessa flutninga.¹⁸⁴¹

3562. Hér ber að áréttta að í ólögætu samráði Eimskips og Samskipa var gert ráð fyrir þessari aðkomu Eimskips að flutningum fyrir Alcoa vegna takmörkunar Samskipa á flutningsgetu. Vísast hér til samtímagagna frá sumri og hausti 2008 og aukið samráð Samskipa og Eimskips sem hófst í kjölfar fundarins 6. júní 2008. Var þar m.a. fjallað um þá útfærslu sem gekk eftir, þ.e. að „hluti“ af flutningum Samskipa fyrir Alcoa færi með skipum Eimskips. Horfa ber hér t.d. til gagnanna sem (S)aðaleigstjform-SH fékk send til sín kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008, glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv 6. september 2008 og viðskiptaáætlun Eimskips sem (E)svæðisstj1 sendi (E)frkvstj-innanl 11. október 2008. Þá vísast einnig til umfjöllunar um tilboð Eimskips til Alcoa frá 24. október 2008 og um tölvupóstinn 4. nóvember 2008 þar sem (E)frkvstj-skiparekst lagði fyrir (E)svæðisstj1 að þrýsta ekki á Alcoa um álf lutninga þar sem Eimskip væri með þetta „undir „control““.

3563. Af fyrrnefndum tölvupósti Alcoa til Samskipa 25. nóvember 2008 má sjá að Alcoa taldi loforð Samskipa um 8-9 daga flutningstíðni skipsins frá Mjóeyrarhöfn ekki standast, sbr. ummæli Alcoa: „Ef við erum að sjá nærri 11 daga hring, miðað við brottfarardag frá Reyðarfirði, magnið sem kemst með er max 8000 tonn og það ekki einu sinni öruggt, þá finnst mér forsendur hafa breyst verulega frá mínum skilningi eftir fundi varðandi þessa nýju skipaáætlun“.

3564. Þessi ummæli Alcoa, um lengri flutningstíðni skipsins en Samskip hafði kynnt, eiga sér stoð í öðrum samtímagögnum. Með lengri tíðni skipsins var flutningsgeta Samskipa gagnvart Alcoa skert enn frekar en það sem Samskip hafði verið að „selja“ Alcoa (8-9 daga tíðni). Í fundarboðum og tölvupóstum lykilstjórnenda Samskipa, m.a. (S)aðaleigstjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv, 13. október 2008, var rætt um „taktík“ sem átti að beita gagnvart Alcoa vegna kröfu Samskipa gagnvart viðskiptavininum um skerta þjónustu og verulega verðhækkun, sbr. kafla 8.19.1. Í tölvupósti (S)aðaleigstjform-SH til (S)frkvstj-millilandasv með heitið „alcoa“, dags. 13. október 2008, fjallaði forstjórinn t.a.m. um forsendur viðræðna við Alcoa (sem þá stóðu yfir). Var þar fjallað um verulega verðhækkun og einnig m.a. tilgreint eftirfarandi um tíðni skipsins: „við erum hér að selja þeim 8 daga tíðni [...]“. Eins og sést af tölvupóstinum var viðskiptavininum þann 25. nóvember 2008 orðið ljóst að „söluræða“ Samskipa gekk ekki upp því eftir siglingakerfisbreytingarnar var skip þess á Leið 2 með færri viðkomu í Mjóeyrarhöfn, eða á 10,5 daga fresti. Þess vegna leitaði Alcoa til Eimskips sama dag, 25. nóvember 2008.

¹⁸⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.277895.



3565. Hér skiptir máli að stjórnendur Samskipa áttu samhliða aðgerðum fyrirtækisins gagnvart Alcoa á seinni hluta árs 2008 í ítrekuðum samskiptum við lykilstjórnendur Eimskips um aukið samstarf fyrirtækjanna, en í þeim lýsti Eimskip því t.a.m. yfir að fyrirtækið væri „*tilbúið að skoða allt*“, sbr. tölvupóst (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-millilandasv 15. október 2008. Aðdragandi, aðgerðir og viðbrögð Samskipa og Eimskips vegna viðskipta við Alcoa áttu sér því ekki stað á grundvelli samkeppni milli sjálfstæðra keppinauta. Engin merki eru um það í samtímagögnum að Alcoa hafi haft vitneskju um ítrekuð samskipti eða samráðsaðgerðir Samskipa og Eimskips frá miðju ári 2008. Tölvupóstur Alcoa 25. nóvember 2008 til Samskipa og umleitan Alcoa til Eimskips um reglubundna flutninga sýna því að viðskiptavinurinn var í góðri trú um samningsskuldbindingar Samskipa og leitaðist við að tryggja samfellda og órofnu flutninga á framleiðslu sinni til Evrópu.
3566. Samtímagögn sýna því að það raungerðist sem hafði komið fram í samtímagögnum Samskipa og Eimskips frá sumrinu og haustinu 2008. Um slík samtímagögn vísast til dæmis til samtímagagns sem (S)forstö-flutnstj sendi (S)aðaleig-stjform-SH að kvöldi 24. júlí 2008, kvöldið áður en (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH og (E)stjform áttu fund 25. júlí 2008. Í þessu gagni var m.a. fjallað um takmörkun á flutningsgetu og þann valkost að Samskip og Eimskip tækju upp samstarf um flutninga fyrir Alcoa á áli til Evrópu, sbr. kafla 8.13. Hér vísast einnig í dæmaskyni til eftirfarandi:
- Glærukyning (S)frkvstj-millilandasv dags. 6. september 2008 „*Siglingakerfi Samskipa – aðlögun að minnkandi innflutningi*“, vistuð daginn eftir fund með lykilstjórnendum Eimskips 5. september 2008. Í kynningunni var fjallað um takmörkun á flutningsgetu Samskipa. Einn af valkostum, sem var til skoðunar samkvæmt kynningunni og nefnd var „*Alcoa min*“ leið, sneri að því að halda hluta af útflutningi á áli fyrir Alcoa inni í kerfum Samskipa. Skip Samskipa yrði þá fullnýtt „*en umfram magn færi með keppinautum [Eimskip]*“, sbr. kafla 8.16.2.3.
 - Fundargerð frá fundi framkvæmdastjóra Eimskips nokkrum dögum síðar, 15. september 2008, þar sem fjallað er um aukið samstarf við Samskip. Í fundargerðinni kom m.a. fram að það væri áhugi fyrir hendi að tryggja Eimskip fast magn á mánuði í útflutningi fyrir Alcoa til Evrópu, sbr. kafla 8.16.5.
 - Drög að viðskiptaáætlun Eimskips fyrir árið 2009, dags. 11. október 2008. Þar var fjallað um aðkomu Eimskips að reglubundinni aðkomu að álflutningi Alcoa til Evrópu, þótt það lægi ekki fyrir hvað sá hlutur yrði mikill að umfangi sem færi frá Samskipum til Eimskips (sbr. „*Samskip? hluti til Eimskip*“, sbr. umfjöllun í kafla 8.17.14). Hafa ber í huga að á þeim tímapunkti vissi Alcoa ekki að Samskip kæmu til með að takmarka flutningsgetu sína gagnvart fyrirtækinu með þeim hætti sem raunin varð.
 - Í kjölfar samskipta Samskipa (m.a. (S)frkvstj-millilandasv) og Eimskips 22. október 2008 sendi Eimskip Alcoa tilboð í reglubundna flutninga á áli til Evrópu, þ.e. 24. október 2008, sbr. kafla 9.4.3.
3567. Á grundvelli samráðs Samskipa og Eimskips var lítil eða engin óvissa hjá fyrirtækjunum um viðbrögð keppinautarins vegna breytinganna, verðhækkanna eða aðgerða gagnvart Alcoa. Aðalmarkmið Eimskips og Samskipa við endurmat á siglingakerfum var að auka sem mest nýtingu og tryggja sem mestan ávinning fyrirtækjanna beggja, sbr. markmið „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins. Fyrirtækin hugsuðu vitaskuld hvort um sinn hag, en sú staðreynd að þau tóku mjög virkan þátt í ólögum samráði fól í sér að þau horfðu til þess að það þjónaði heildarhagsmunum þeirra að vinna saman fremur en að ástunda samkeppni, eins og lög mæla fyrir um. Endurspeglast það m.a. í því að bæði fyrirtækin drógu verulega úr flutningsgetu beint frá Austfjörðum til Evrópu.
3568. Þá er rétt að benda á að áðurnefndur tölvupóstur Eimskips 25. nóvember 2008 sýnir sömuleiðis hvernig þessi hluti gámasamráðs fyrirtækjanna fór af stað þótt framkvæmdin hafi þá ekki verið orðin niðurnjörvuð, sbr.: „*Samskipsmenn hafa miklar áhyggjur af, að þeir 113 Eimugámar er við fylltum af áli, og eiga að lestast í GOD, séu ekki allt okkar gámar, heldur eigi þeir hluta af gámunum, og hafa beðið Alcoa um númer á gámunum*“. Nánari er fjallað um gámasamráð fyrirtækjanna í kafla 18.



3569. Í nóvember 2008 hóf Eimskip að flytja umframmagn á áli Alcoa sem ekki komst með skipi Samskipa, sbr. umfjöllun í næsta kafla. Framangreint fyrirkomulag skipafyrirtækjanna varði fram á árið 2013¹⁸⁴² og var forsenda þess að siglingakerfisbreyting Samskipa gekk upp. Er m.a. vísað til þessara samninga Samskipa og Eimskips í áðurnefndum tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH 20. október 2008 og tölvupósti hans til síns sjálfs þann 2. nóvember 2008.
3570. Samkvæmt upplýsingum frá Alcoa gerði fyrirtækið munnlegt samkomulag við Eimskip um útflutning á hluta af því áli sem fyrirtækið seldi til Evrópu en samkomulagið byggði á tilboði Eimskips.¹⁸⁴³ Vísast hér einnig til umfjöllunar um tilboð Eimskips 24. október 2008 og tölvupóst fyrirtækisins 31. janúar 2009 auk næsta kafla.
3571. Samtímagögn sýna að tölulegar upplýsingar um útflutning Eimskips fyrir Alcoa á áli til Evrópu voru reglulega uppfærðar hjá Eimskip á tímabilinu 2008-2012 (m.a. í því sem stjórnendur fyrirtækisins nefndu „Álskjalið“) og dreift til ýmissa stjórnenda fyrirtækisins.¹⁸⁴⁴ Þar kemur m.a. þetta fram um útflutning á áli til Rotterdam fyrir Alcoa frá júlí – desember á árinu 2008:

Júlí	0,000
Ágúst	0,000
Septembe	0,000
Október	0,000
Nóvember	2.839,923
Desember	10.353,377

3572. Samkvæmt þessu flutti Eimskip rúmlega 13 þúsund tonn af áli fyrir Alcoa til Evrópu í nóvember og desember 2008. Reglubundnir flutningar Eimskips með ál Alcoa til Evrópu héldu síðan sem fyrr segir áfram fram til ársins 2013. Þykir rétt að reifa hér gögn frá árinu 2009 og áfram sem sýna framkvæmd á þessu og mikla ánægju innan Eimskips („alsæla“ / „algjör snilld“) með þessi viðskipti og þennan þátt samráðsins við Samskip.
3573. Sem áður segir átti hin verulega verðhækkun sem Alcoa féllst á 24. nóvember 2008 (131%) að vera tímabundin og voru Samskip skuldbundin að skoða reglulega með Alcoa hvort tilefni væri til að endurskoða samningskjörin. Fyrir liggur að Samskip urðu ekki við beiðni Alcoa um að lækka verð á flutningum til Evrópu, en ljóst er að það var hið ólögsmæta samráð við Eimskip sem gerði Samskipum kleift að haldi uppi verði gagnvart þessum öflugum viðskiptavinum. Ber að horfa til þessa við heildarmat á gögnum málsins. Ólögsmætt samráð Samskipa og Eimskips um takmörkun á flutningsgetu frá miðju ári 2008 var samfellt fram á árið 2013. Því ástandi sem fyrirtækin komu upp á markaðnum, m.a. vegna flutninga fyrir Alcoa, var viðhaldið allan þann tíma. Verður nú vikið stuttlega að samtímagögnum frá árunum 2009 – 2012 sem sýna að samstarf Samskipa og Eimskip vegna flutninga frá Mjóeyrarhöfn til Evrópu.

9.11.2. Atvik tengd Alcoa á árinu 2009

3574. Þann 30. janúar 2009 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til (E)forstj (afrit til m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-álþjsv, (E)forstö-útfl og (E)deildstj-útfl1). Efni hans var: „Alcoa – Aluminium export“. Þar segir: „On our meeting with Alcoa this morning we managed to have their

¹⁸⁴² Samanber umfjöllun um samtímagagn Eimskips „Álskjalið“ frá maí 2012 hér síðar, en þar má sjá að álflutningar Eimskips vegna Alcoa voru árið 2009: 41,5 þús. tonn, árið 2010: 31,9 þús. tonn, árið 2011: 35,1 þús. tonn og árið 2012: 31,8 þús. tonn.

¹⁸⁴³ Afhent skjal frá Alcoa Fjarðaál. Afhent þann 3.11.2017. „Samskip's changed sailing schedule in the fall of 2008“.

¹⁸⁴⁴ Sjá m.a. afritað tölvuskjal frá Eimskip. „álútflutningur Eimskip.xls“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.158343. Í skjalinu eru uppfærðar tölur um útflutning Eimskips á áli fyrir Alcoa. Sjá einnig viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...].



verbal commitment to transport abt. 40.000 mts of aluminium in containers with us from Mjoevri to Rotterdam in 2009 with the Northern Route vessels, with fixed distribution per month. We will use mostly 40ft DC for this traffic, so that will can use these units for export cargo from Rotterdam to Iceland and this will reduce our empty positioning into there.

This volume suits us nicely into the Northern Route vessels.

Details and volume schedule will be worked on in the coming two weeks.

This will give us approx. USD 600.000 for 2009 in O/F and in addition 50% of the monthly 20ft BAF tariff.

Several other matters were discussed, but this is the most positive one.

It´s healthy for all of us to have some positive news into the weekend."

3575. (E)forstj svaraði samdægurs: „Excellent [(E)frkvstj-skiparekst], I need news like this and at this time specially.“¹⁸⁴⁵

3576. Þann 13. mars 2009 samdi (S)frkvstj-millilandasv skjalið „Markaðsskipting.xls“.¹⁸⁴⁶ Þar voru settar fram upplýsingar um m.a. það hvernig markaðurinn í útflutningi skiptist á milli Eimskips og Samskipa:

	A	B	C
1		Samskip	Eimskip
2	Fiskur	125.000	155.000
3	Ál	300.000	270.000
4	Elkem	40.000	0
5	Færeyjar	25.000	45.000
6	ÚTFL tonn	490.000	470.000
7		51%	49%

3577. Þann 18. mars 2009 sendi (S)frkvstj-millilandasv þetta skjal til m.a. (S)forstö-innfl1 og útskýrði forsendur í því fyrir hlutdeild Eimskips í útflutningi á áli. Kvaðst (S)frkvstj-millilandasv gera;

„ráð fyrir í stóriðjutölunum að EÍ tækju 40.000 tonn fyrir Alcoa og restin væri NA [Norðurál]“.¹⁸⁴⁷

3578. Samkvæmt framangreindu lögðu bæði Eimskip og Samskip til grundvallar í janúar/mars 2009 að Eimskip myndu á árinu 2009 flytja 40.000 tonn af þeim útflutningi á áli til Rotterdam sem féll undir samning Samskipa við Alcoa. Samtímagögn sýna að þetta gekk eftir en árið 2009 voru flutningar Eimskips vegna Alcoa rúmlega 40.000 tonn.

3579. Þann 1. apríl 2009 sendi (E)deildstj-útfl1 tölvupóst til (E)frkvstj-skiparekst (afrit til (E)forstj, (E)frkvstj-alþjv, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-útfl) og gerði hann grein fyrir útflutningi Eimskips á áli Alcoa til Rotterdam: „Fyrstu 5 mánuði fjárhagsársins hefur Alcoa flutt með okkur 26.687 tonn af áli út.

Tekjur Eimskip af þessum flutningum eru:

Sjófragt – USD 413.652.- (ISK 51,5m)

BAF – USD 58.965.- (ISK 7,5m)

¹⁸⁴⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.418938.

¹⁸⁴⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Heimasvæði [...]. „Markaðsskipting.xls“, vistað 13.03.2009, kl. 15:47. Doc. ID. 0.7.33.31335.

¹⁸⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.861159.



THC / Barging RTM – EUR 212.658.- (ISK35,1)

p.e heildartekjur upp á ISK 94,1m

Við erum að ná heldur meiri flutningum frá RFJ en við gerðum ráð fyrir. En við áætluðum að fá á milli 40-45.000.- tonn á þessu ári.

Áætlanir Alcoa gera ráð fyrir að flytja ca. 4.000 tonn út af áli á mánuði með Eimskip það sem eftir er ársins."

3580. (E)frkvstj-skiparekst svaraði sama dag með tölvupósti til allra framangreindra:

„Takk fyrir þetta og flott. Hlutirnir gerast var[1]ja betri á Eyrinni en þetta, en við gerðum ekki ráð fyrir þessu í BUD 2009 þannig að þetta er bara alsæla.”¹⁸⁴⁸

3581. Þessi viðbrögð (E)frkvstj-skiparekst bera auðsýnilega með sér mikla ánægju Eimskips með þau viðskipti sem fólust í því að annast hluta þess útflutnings sem var afleiðing af samráði Samskipa og Eimskips. Hið sama kemur fram í eftirfarandi samskiptum (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstj 4. nóvember 2009.

3582. Nánar tiltekið sendi (E)frkvstj-skiparekst þann 4. nóvember 2009 tölvupóst til (E)forstj. Efni hans var: „Alcoa – Dead freight – Trúnaðarmál“, en þar sagði: „Ég var að fá samþykki [innkaupastj-Alcoa], Alcoa fyrir 2. „dead freight“ greiðslu uppá USD 73.440 vegna júlímánaðar, en var áður búinn að semja við hann um USD 72.000 fyrir maí.

Er núna að semja við hann um USD 73.760 fyrir ágúst og USD 36.522 fyrir september, þannig að gangi þetta eftir, sem ég á von á, þá höfum við verið að fá USD 255.722 frá þeim vegna ónýttts pláss í Norðurleiðarskipunum, þar sem þeir hafa verið að flytja umsamið magn í „bulk“ þessa mánuði, en umsamið magn var um 2.000 tonn aðra hverja ferð.

Þó ég segi sjálfur frá þá er þetta algjör snilld, en búið að vera töluvert töff, samt á góðum nótum.”

3583. (E)forstj svaraði sama kvöld: „Þú ert snillingur – það getur enginn teki[ð] það af þér”.¹⁸⁴⁹

3584. Þann 3. desember 2009 sendi (S)forstö-útlfl áætlun útflutningsdeildar fyrir árið 2010 til m.a. (S)aðaleig-stjform-SH.¹⁸⁵⁰ Þar er fjallað um fyrirhugaðan útflutning á áli fyrir Alcoa á árinu 2010. Segir að framleiðsluáætlun Alcoa hljóði upp á 354.000 tonn en Samskip geri „einungis ráð fyrir að flytja 300.000 tonn af þeirra framleiðslu árið 2010 þar sem ekki mun vinnast meir í eins skipa kerfi.“ Einnig kemur fram í áætlun útflutningsdeildar að Eimskip annist hluta af þessum flutningum sem féllu undir samning Samskipa við Alcoa.

3585. Þá er verðþróun á þessum flutningum Samskipa fyrir Alcoa lýst svo í þessari áætlun:

„Vegna ástandsins í þjóðfélaginu og breytingum á skipakerfi Samskipa í kjölfar þess tókst að fá fram hækkun á einingaverðum og breyttu fyrirkomulagi við verðlagningu á frakt. Einingaverð til Alcoa hækka úr EUR 5 í 11, fram að 300.000 tonnum og fyrir umframmagn greiðir Alcoa EUR 5 á tonnið.”¹⁸⁵¹

3586. Síðar í umræddri áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2010 er fjallað frekar um útflutning fyrir Alcoa, sbr. eftirfarandi skjáskot:

¹⁸⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.131501.

¹⁸⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.540955 og 0.7.33.540962.

¹⁸⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.679375.


¹⁸⁵¹ Í áætluninni var verðhækkun nefnd í evrum en verðið í dollurum hækkaði upp í USD 15.



6.10.2 Markaðshlutdeild

Samkvæmt samningi milli Samskipa og Alcoa mun Samskip sjá um allan flutning á framleiðslu Alcoa sem fer til Evrópu. Þessi samningur er í gildi til ársins 2012.

Í október 2008 var undirritaður viðauki við flutningssamninginn þar sem einingaverð voru hækkuð verulega en á móti kemur einungis eitt skip og magnið sem Samskip áætla að flytja er 300 þúsund tonn á ári. Magnið hefur því minnkað um 29 þúsund tonn frá því sem áður var áætlað.



Myndin sýnir áætlað magn og hlutfall sem flutningafyrirtæki flytja á árinu 2009.

Með tilkomu viðauka samnings Samskipa við Alcoa hefur markaðshlutdeild Samskipa í álflutningum minnkað lítillega frá fyrri áætlunum og er nú tæplega 39%. Eimskip situr á samningi við Norðurál og flytur alla álframleiðslu þeirra. Nesskip annast alla álflutninga fyrir Rio Tinto Alcan. Auk þess sér Eimskip um flutninga á umframmagni frá Alcoa sem ekki fer með Hvassafellinu hjá okkur.

3587. Í áætluninni kemur fram sú afstaða Samskipa að samningurinn við Alcoa taki til „*allra*“ flutninga á áli Alcoa til Evrópu. Í þessu sambandi er tekið fram að eftir að Samskip hafi dregið úr flutningsgetu sinni flytji fyrirtækið 300.000 tonn (á ári) en Eimskip sjái um þá flutninga sem Samskip geti ekki sinnt, þ.e. allt að 45 þúsund tonn árlega („*umframmagnið*“). Jafnframt er tekið fram að verðhækkunin gagnvart Alcoa á árinu 2008 hafi verið „*veruleg*“.
3588. Á grundvelli þeirra samráðsaðgerða sem áður er lýst gátu Samskip annars vegar dregið úr flutningsgetu og hins vegar náð fram verðhækkun og haldið bróðurpartinum af Alcoa viðskiptunum. Slíkt fyrirkomulag var einnig hagstætt fyrir Eimskip sem með því móti náði þá einnig fram bættri nýtingu á afkastagetu á Norðurleið fyrirtækisins og háu flutningsverði fyrir þessa viðbótarflutninga. Þessi niðurstaða var í samræmi við markmið „*Nýtt upphaf*“ verkefnis Samskipa og Eimskips, sbr. glærugynningu Eimskips frá júní 2008.


9.11.3. Atvik tengd Alcoa á árinu 2010

9.11.3.1. Eimskip um Alcoa flutninga: „*algjör snilld*“

3589. Þann 8. janúar 2010 sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst til (E)forstj. Framsendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst sem hann hafði sent (E)frkvstj-skiparekst og (E)svæðisstj1. Var þar að finna glæsur sem vörðuðu útflutning Eimskips á áli fyrir Alcoa til Evrópu á árinu 2009. Í tölvupósti (E)frkvstj-innanl til (E)forstj sagði: „*Sendi þér meðfylgjandi til gamans, við náðum 13% af framleiðslunni í okkar skip sem er góður árangur hjá okkar mönnum*“.¹⁸⁵²

¹⁸⁵² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.472568.

3590. Samkvæmt þessu voru 13% af útflutningi Alcoa á áli frá Reyðarfirði (43 þúsund tonn) á vegum Eimskips. Kemur þetta einnig fram í glærunum sem fylgdu með:



3591. Þann 9. apríl 2010 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til (E)forstj: Efni: „Alcoa – Trúnaðarmál“. Gerði (E)frkvstj-skiparekst grein fyrir samtali hans við Alcoa. Lýsti hann flutningum Eimskips á áli Alcoa til Rotterdam og mögulegt væri að þeir flutningar myndu aukast. Sagði (E)frkvstj-skiparekst að það væri „algjör snilld“ fyrir Eimskip. (E)forstj svaraði um hæl: „You are simply the Best“.¹⁸⁵³
3592. Sem áður segir fólu aðgerðir Samskipa og Eimskips í sér að flutningsgetan sem Samskip bauð Alcoa dugði ekki fyrir alla framleiðslu Alcoa. Framangreind samskipti starfsmanna Eimskips eru í samræmi við önnur samtímagögn þar sem fram kemur að mikil ánægja ríkti hjá Eimskip með það fyrirkomulag sem leiddi af samráði fyrirtækjanna. Þannig fullnýttu Samskip það skip sem sigldi frá Mjóeyrarhöfn til Evrópu á meðan Eimskip flutti umframmagn sem ekki komst með skipi Samskipa. Samhliða mikilli ánægju Eimskips og Samskipa með fyrirkomulagið gerði Alcoa sem áður segir árangurslausar tilraunir til að fá verð á flutningnum lækkað hjá Samskipum, sbr. nánar hér á eftir. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að á sama tíma var viðvarandi ástand sem leiddi af ólögmætu samráði fyrirtækjanna, sbr. t.a.m. ólögmæt markaðsskipting um mikilvæga viðskiptavini, til dæmis Ölgerðina (Eimskip), Vífilfell (Samskip), IKEA (Eimskip), Innes (Eimskip) o.fl., sbr. kafla 14. Þar viðhéldu eða hækkuðu Samskip og Eimskip einnig verð.

9.11.3.2. Alcoa leitar til Samskipa um lækkun á verði í október 2010

3593. Í áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2010 kemur fram á bls. 37 að Alcoa hafi sagt að viðauki fyrirtækjanna frá 24. nóvember 2008 „þyrfti að endurskoðast um leið og forsendur breytast“. Samkvæmt áætluninni gerðu Samskip hins vegar ekki ráð fyrir að forsendur myndu breytast „það mikið að þessu fyrirkomulagi verði breytt“, sbr. umfjöllun í kafla 9.11.2.

¹⁸⁵³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.623217.

3594. Í áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2011, sbr. umfjöllun í kafla 9.11.3.2 sagði eftirfarandi um Alcoa bls. 39: „*Samkvæmt samningi milli Samskipa og Alcoa mun Samskip sjá um allan flutning á framleiðslu Alcoa sem fer til Evrópu. Þessi samningur er í gildi til ársins 2012.*

Í október 2008 var undirritaður viðauki við flutningssamninginn þar sem einingaverð voru hækkuð verulega en á móti kemur einungis eitt skip og magnið sem Samskip áætlað að flytja er 300 þúsund tonn á ári. Magnið hefur því minnkað um 29 þúsund tonn frá því sem áður var áætlað.“ Síðar kemur fram: „Auk þess sér Eimskip um flutninga á umframmagni frá Alcoa sem ekki fer með El Bravo¹⁸⁵⁴ hjá okkur. [...]“

Útflutningsdeild Samskipa stefnir að því að halda áfram að vinna eftir viðaukasamningnum við Alcoa, þ.e. að áfram verði eitt skip sem muni þjónusta Alcoa með álflutningana á Evrópu. Okkar mat er að ekki verði forsendur til þess að hverfa frá viðaukanum og taka aftur upp tveggja skipa kerfi eins og Alcoa menn hafa minnst á. Við munum því áfram flytja um 75 þúsund tonn pr. ársfjórðung. [...]

Alcoa hefur gefið í skyn að þessi viðauki þurfi að endurskoðast um leið og forsendur breytast. En fyrir áætlun 2011 er ekki gert ráð fyrir að forsendur muni breytast það mikið að þessu fyrirkomulagi verði breytt.“

3595. Í öðru skjali (S)forstö-útfli frá 19. september 2010 (sem bar heitið „Viðskiptavinir 2010 breytingar á samningsverðum“ og vistað var í möppunni „Áætlun 2011“) er að finna lista yfir tuttugu og fimm stærstu viðskiptavinum Samskipa í útflutningi. Þar kemur fram að ekki ætti að lækka verð gagnvart viðskiptavinum, m.a. Alcoa, en meðtalsverðhækkun gagnvart öðrum stórum viðskiptavinum yrði 5%.¹⁸⁵⁵

3596. Framangreind samtímagögn Samskipa sýna að Alcoa reyndi að fá endurskoðun á efni samningsins við Samskip en Samskip lögðu hins vegar til grundvallar að fyrirtækið myndi komast upp með að hafna slíkri endurskoðun og halda verulegri verðhækkun gagnvart Alcoa. Var það hið ólögmeta samráð, sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma, sem gerði Samskipum þetta kleift.

3597. Sýna gögnin einnig að þann 20. október 2010 áttu fulltrúar Alcoa fund með Samskipum. Fyrirliggjandi í máli þessu er afhent söluskýrsla sem starfsmaður Samskipa ritaði eftir fundinn. Kemur þar m.a. fram að með starfsmanni Alcoa í för hafi verið [ráðgjafi], sem áður starfaði hjá Samskipum, en hann hafði nýlega verið ráðinn til ráðgjafarstarfa um flutningamál hjá Alcoa.

3598. Í þessari söluskýrslu Samskipa kemur fram að Alcoa væri að skoða flutningamálin og þá sérstaklega m.t.t. kostnaðar. Þá segir í skýrslu Samskipa um fundinn að Alcoa vilji „athuga með samningsverð í flutninga með Arnarfelli og Helgafelli!!! þeir telja að þeir séu í mörgum tilfellum að borga of hátt verð.“.

3599. Auk þessa má finna eftirfarandi umfjöllun í söluskýrslu Samskipa um fundinn:

„Mér [starfsmanni Samskipa] fannst það alveg greinilegt að þeim [Alcoa] hafði verð gert að sýna ákveðna óánægju með verð og þess háttar en það sem liggur mest á þeim eru gámamálin. [Fulltrúi Alcoa á fundinum] sagði beint út að við værum nú ekki beinlínis að byggja upp good will hjá þeim og benti á að samningurinn væri til 2012.“¹⁸⁵⁶

¹⁸⁵⁴ Skipið sem Samskip notuðu til þess að flytja ál Alcoa eftir að Samskip höfðu skilað fyrra skipi á árinu 2010. Skipin gengu bæði undir heitinu Hvassafell hjá Samskipum.

¹⁸⁵⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Vistað á heimasvæði [...]. „Viðskiptavinir 2010 breytingar á samningsverðum“, síðast vistað 19.09.2010, kl. 16:25.

¹⁸⁵⁶ Afhent söluskýrsla frá Samskipum dags. 22.11.2016 (viðauki 10/ALCOA Fjarðaál). Skýrsla starfsmanns hjá Samskipum um heimsókn starfsmanns í flutnings- og tollastjórnun hjá Alcoa til Samskipa, dags. 25.10.2010.



3600. Ljóslega má sjá af þessu afhenta samtímagagni að fundurinn gekk út á að Alcoa vildi endurskoða viðaukann við Samskip frá nóvember 2008. Af söluskýrslunni má að þetta tók til lækkunar á verði en einnig sjá að það var kurr í Alcoa vegna lakara þjónustustigs tengdu gámamálum hjá Samskipum.
3601. Þegar Alcoa átti umræddan fund með Samskipum í október 2010, þar sem viðskiptavinurinn sýndi skýrlega óánægju með hátt verð, þá voru Samskip á sama tíma að eiga „*eitthvert besta ár í sögu félagsins*“, sbr. tölvupóst frá (S)aðaleig-stjform-SH til m.a. (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-Jóna sem lýst í kafla 14.11.3. Mikil ánægja ríkti einnig meðal lykilstjórnenda Eimskips með ábata og fyrirkomulag flutninga Samskipa og Eimskips fyrir Alcoa.
3602. Þrátt fyrir að Alcoa hafi á samráðstímabilinu sannarlega snúið sér til Samskipa um lækkun á verði og kvörtun um þjónustu, og þrátt fyrir mikilvægi þessa viðskiptavinar, skiluðu þessar umleitanir engum árangri gagnvart Samskipum og verulegri verðhækkun frá nóvember 2008 var viðhaldið. Sem fyrr segir gerði samráð Samskipa við Eimskip fyrirtækinu þetta kleift.
3603. Í mgr. 1029 í athugasemdum Samskipa við AI fjallar fyrirtækið um söluskýrslu þess frá fundi Alcoa í október 2010. Í þessu sambandi er í meginatriðum byggt á því hjá Samskipum að það hafi ekkert verið athyglivert við það að Alcoa hefði með góðum fyrirvara viljað undirbúa möguleg skipti á flutningsaðila og hafi látið Samskip vita af því rúmlega ári áður en samningurinn (frá árinu 2007) myndi renna út. Þessar skýringar eru hvorki í samræmi við söluskýrsluna sjálfa eða önnur samtímagögn, sbr. nánari umfjöllun í kafla 25.36.2.

9.11.4. Atvik tengd Alcoa á árunum 2011 - 2012

3604. Ekki varð breyting á framangreindri afstöðu Samskipa gagnvart Alcoa á árinu 2011. Í glærukynningu (S)forstö-útfll frá 6. október 2011 var fjallað um áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2012. Kom þar aftur skýrt fram að Samskip ætluðu ekki að lækka verð gagnvart Alcoa.¹⁸⁵⁷ Ætluðu Samskip sér þannig áfram að halda hinni „*verulegu verðhækkun*“ á flutningum fyrir Alcoa og ekki auka þjónustuna við þennan mikilvæga viðskiptavin.
3605. Í ljósi þessa kemur ekki á óvart að Alcoa hafi á árinu 2011 ákveðið að bjóða út m.a. flutninga sína til og frá Íslandi.
3606. Fjallað var um fyrirhugað útboð Alcoa í tölvupósti sem (E)frkvstj-skiparekst sendi (E)forstj þann 25. október 2011. Í tölvupóstinum kom fram að Alcoa hefði ákveðið að bjóða út alla flutninga til og frá Íslandi og tengt Noregi í einu lagi en að bjóðendur gætu valið um einn eða fleiri leggi af flutningum. Lýsti (E)frkvstj-skiparekst síðan útboðinu nánar og að fyrirhugað væri að nýr samningur um flutninga á áli frá Reyðarfirði til Rotterdam tæki gildi frá 1. janúar 2013. (E)forstj svaraði og tók m.a. fram að Eimskip hefði verið að sinna þeim hluta af flutningum á áli til Rotterdam sem Samskip gátu ekki sinnt. (E)frkvstj-skiparekst svaraði til baka og sagði m.a.: „*Við pössum að sjálfsögðu inn í álið frá Reyðarfirði til Rotterdam frá og með 1/1 2013 [...]*“.¹⁸⁵⁸
3607. Í fyrstu ríkti bjartsýni um áframhaldandi flutninga Eimskips fyrir Alcoa. Nánar er fjallað um útboð Alcoa í kafla 20. Af gögnum Eimskips frá þessum tíma er og ljóst að viðskiptin við Alcoa voru mjög mikilvæg og ábatasöm fyrir Eimskip, en Eimskip var með samninga við Alcoa um innflutning á rafskautum frá Mosjoen í Noregi til Reyðarfjarðar og á skautaleifum til baka, um landflutninga á Íslandi og skipaafgreiðslu á Reyðarfirði, auk þess sem fyrirtækið naut góðs af ólögmetu samráði við Samskip um útflutning á umframmagni af áli til Rotterdam.
3608. Um ábatann af samráðinu á árinu 2011 má vitna m.a. til samskipta milli stjórnenda Eimskips, sbr. t.d. þessi tölvupóstur (E)frkvstj-skiparekst til (E)forstj frá 26. október 2011:

¹⁸⁵⁷ Sjá kafla 14.36.8.

¹⁸⁵⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.851471.



„Vil upplýsa þig um það að við fyllum NL upp með að minnsta kosti 1.000 tonnum af áli frá Alcoa¹⁸⁵⁹ á föstudaginn, eins og við höfum verið að gera undanfarnar vikur, en við þjuggum til meira pláss með því að setja meira af áli frá Norðuráli í SL.¹⁸⁶⁰“

Þú nefndir um daginn að búa til meira pláss í NL með því að skilja aðra vöru eftir, en það yrði þá að vera á kostnað Norðuráls og það kemur ekki til greina, eins og staðan er í dag.“

3609. (E)forstj svaraði þann 28. október 2011: „Þetta er eitthvað sem við þurfum samt að gefa meiri gaum og maxi „mæsa“ nú eru t.d á næstu skipum að fara 1500 tonn af áli frá Reyðarfirði og það munar um minna. Hvað gefa þessir auk 700 tonn á skip.“ (E)frkvstj-skiparekst svarar skömmu síðar sama dag: „Við erum að horfa á að taka fyrir þá ca. 1.200 tonn á viku að meðaltali, sem við ættum að ráða við, utan mesta álagstímans um vertíðir, sem gefur okkur í dag USD 28.000 per ferð til skips og gáma eða USD 15,50 per tonn í O/F og USD 7,80 per tonn í BAF (október). THC og áframflutningur núllast út uppá EUR 202 per gám.“ (E)frkvstj-skiparekst bætti við í tölvupósti til (E)forstj þann 3. nóvember 2011:

„Fyllum NL fyrir austan á morgun með því að taka fyrir Alcoa 2.300 NET tonn af áli, sem gefur okkur í „bottom line“ USD 53.000 að teknu tilliti til BAF.

Þessi „bottom line“ er yndislegur „frasi“.“¹⁸⁶¹

3610. Eimskip fylgdist vel með því hvað Samskip og Eimskip flutti af áli fyrir Alcoa til Evrópu á samráðstímabilinu. Sýna samtímagögn að stjórnendur sendu reglulega sína á milli skjal sem nefnt var „Álskjalið“ og hafði að geyma uppfærðar upplýsingar um flutninga frá upphafi á áli frá Reyðarfirði til Rotterdam.¹⁸⁶²
3611. Þann 9. nóvember 2011 sendi (S)forstö-flutnstj excelskjál til (S)aðaleig-stjform-SH. Bar það heitið „Flutningsgeta 2011.11“. ¹⁸⁶³ Í því voru teknar saman upplýsingar um flutningsgetu og fjallað um m.a. um flutninga fyrir Alcoa. Eins og sjá má var gert ráð fyrir eftirfarandi skiptingu á flutningum Samskipa og Eimskips fyrir Alcoa (Samskip 310.000 tonn, Eimskip 30.000 tonn) og á sú skipting sér stoð í öðrum gögnum málsins:

Eimskip	tons			
	X	GOD/DET	BRU/SEL	BLI
Fiskur	150.000	40.000	110.000	
Þurrvara	70.000	40.000	30.000	
Ál - Norðurál	260.000	260.000	0	0
Ál - Alcoa	30.000	30.000	0	0
Anóður	0	0	0	
Anode Buts	27.000	27.000	0	
Færeyjar	87.500	22.500	40.000	25.000
Total	624.500	419.500	180.000	25.000
pr. voyage	12.010	8.067	3.462	481

¹⁸⁵⁹ Hér er átt við að skip norðurleiðar (NL) Eimskips verði fyllt með flutningi á 1000 tonnum af áli frá Alcoa. Er þetta flutningur frá Reyðarfirði til Rotterdam.

¹⁸⁶⁰ Suðurleið (SL).

¹⁸⁶¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.854289.

¹⁸⁶² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.158343. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...].

¹⁸⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.931541.



Samskip	tons					
	X	ARN/HEG	ELB	M	ARN/HEG	ELB
Fiskur	115.000	115.000	0	0	0	0
Þurrvara	15.000	15.000	0	161.700	156.500	5.200
Elkem	70.000	70.000	0	0	0	0
Ál - Alcoa	310.000	0	310.000	0	0	0
Anóður	0	0	0	0	0	0
Anode Buts	30.000	0	30.000	0	0	0
Færeyjar	8.000	0	8.000	15.000	15.000	0
Total	548.000	200.000	348.000	176.700	171.500	5.200
pr. voyage		3.846	8.700		3.298	130

3612. Í skjali Samskipa er því gerð grein fyrir flutningi Eimskips á því áli sem Samskip sinntu ekki með sínu skipi. Þessi samtímagögn eru í fullu samræmi við samtímagögn fyrirtækjanna þegar samráð þeirra hófst eftir mitt ár 2008, sbr. t.d. gögn sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk send til sín 24. júlí 2008, glærुकyningu (S)frkvstj-millilandasv 6. september 2008 og viðskiptaáætlun Eimskips sem (E)svæðisstj1 sendi (E)frkvstj-innanl 11. október 2008.
3613. Hið sama kom fram í tölvupósti sem (S)aðaleig-stjform-SH sendi (S)stjform-S daginn áður en tilboðsfrestur í útboði Alcoa rann út, þ.e. 17. nóvember 2011. Sagði (S)aðaleig-stjform-SH að hluta af álútflutningi Alcoa frá Reyðarfirði til Rotterdam væri sinnt af Eimskip. Væri þessi flutningur „um 30 – 40 þus tonn“ á ári.¹⁸⁶⁴
3614. Niðurstaða útboðs Alcoa var að fyrirtækið samdi við annað flutningafyrirtæki en Eimskip og Samskip. Framangreindir flutningar Eimskips og Samskipa á áli Alcoa hættu því snemma árs 2013, sbr. kafla 20.

9.11.5. Samantekt

3615. Hér að framan hefur því verið lýst að Samskip og Eimskip hafi í lok október og nóvember 2008 náð að ljúka því markmiði „Nýtt upphaf“ verkefnisins að endurskoða siglingakerfi fyrirtækjanna með því að takmarka flutningsframboð fyrirtækjanna í áætlunarsiglingum til og frá Íslandi. Til að gera þetta mögulegt höfðu fyrirtækin samráð um breytingar á siglingakerfum og áætlunum sínum og áttu samskipti um og leystu úr viðfangsefnum sem upp komu vegna þeirra.
3616. Til þess að framangreindar breytingar á siglingakerfum og siglingaáætlun fyrirtækjanna gætu átt sér stað þurfti m.a. að finna lausn á flutningi Samskipa á álframleiðslu Alcoa fyrir Evrópumarkað. Lausnin fólst í því að Eimskip tók að sér hluta flutninganna. Er þessu m.a. lýst þannig í samtímagögnum Samskipa að Eimskip „sjái um“ þá flutninga sem Samskip sinntu ekki eftir að hafa takmarkað flutningsgetu í nóvember 2008.¹⁸⁶⁵
3617. Samkvæmt gögnum frá Samskipum flutti fyrirtækið um 300.000 tonn á ári frá Íslandi til Evrópu fyrir Alcoa á árunum 2008 til 2012. Samkvæmt „Álskjali“ stjórnenda Eimskips flutti fyrirtækið rúmlega 13.000 tonn af áli fyrir Alcoa til Rotterdam í nóvember og desember 2008 og eftir það um 30.000 – 40.000 tonn á ári. Samkvæmt sömu heimild og afhentum gögnum var flutningur Samskipa og Eimskips vegna Alcoa til Rotterdam nánar tiltekið eftirfarandi á árunum 2009 – 2012:¹⁸⁶⁶

¹⁸⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.935179.

¹⁸⁶⁵ Sjá m.a. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Markaðsskýrsla UTFL 2012“. Fannst á heimasvæði [...], síðast vistað 19.09.2011. Doc. ID. 0.7.33.6597.

¹⁸⁶⁶ Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. „álútflutningur Eimskip.xls“ [...]. „Álskjalið“, dags. 2.5.2012, kl. 15:50. Afhent gögn Eimskips 1.12.2016 „B liður 2 – Útflutningur“ vegna 2012. Afhent gögn Samskipa 24.11.2017. Viðauki 4 „Stóriðja“.



Tafla 1: Flutningur Samskipa og Eimskips vegna Alcoa til Rotterdam árin 2009-2012 (þús. tonna).
Heimild: Afhent gögn frá Samskipum.

Ár	Heildarútlutningur	Samskip	Eimskip - umframflutningur skv. samráðinu
2009	334,4	292,9	41,5
2010	350,8	318,9	31,9
2011	338,5	303,4	35,1
2012	343,7	311,9	31,8

3618. Af þessu má sjá að þær breytingar sem voru gerðar á grundvelli samráðs fyrirtækjanna héldust út brotatímabilið. Áður en aukið samráð fyrirtækjanna hófst höfðu stjórnendur Samskipa orðið í eitt skipti „æfir“ þegar Eimskip kom að flutningum fyrir Alcoa á áli til Evrópu. Eftir að samráð fyrirtækjanna var aukið árið 2008 var hreinlega í framangreindu skjali (S)frkvstj-millilandasv frá mars 2009, sem hann nefndi „markaðsskipting“, gert ráð fyrir því að Eimskip flytji fjórtíu þúsund tonn af þessum flutningum á áli fyrir Alcoa til Rotterdam. Í skjali (E)forstö-útl frá 15. nóvember 2010 sést að flutningar á áli fyrir Alcoa voru í fjórtánda sæti yfir umfangsmestu flutninga hjá útflutningsdeild Eimskips og ræddu æðstu stjórnendur fyrirtækisins sem áður segir með mikilli velþóknun um arðsemi flutninganna.
3619. Í áætlunum (S)forstö-útl frá annars vegar frá desember 2009 fyrir árið 2010 og hins vegar september 2010 fyrir árið 2011 var skýrt tekið fram að í samningnum við Alcoa fælist að Samskip sæju um allan flutning á álframleiðslu Alcoa fyrir Evrópumarkað. Í sömu áætlunum var þrátt fyrir þetta, án fyrirvara eða athugasemda, gert ráð fyrir áframhaldandi umtalsverðum flutningum Eimskips á áli Alcoa til Rotterdam. Jafnframt var tekið fram í þessum gögnum Samskipa að á árinu 2008 hefðu Samskip náð fram „verulegri“ verðhækkun gagnvart Alcoa. Eins og rakið var fólst m.a. í hinu ólögmeða samráði Samskipa og Eimskips á árinu 2008 að gera Samskipum kleift að ná fram þessari verðhækkun gagnvart Alcoa. Sú niðurstaða auðveldaði Eimskip að verðleggja sína flutninga fyrir Alcoa með þeim hætti að ánægju vakti meðal stjórnenda Eimskips.
3620. Í áætlun (S)forstö-útl frá september 2010 var tekið fram að Samskip ætluðu sér ekki að fallast á tillögur Alcoa um breytingu á samningnum. Ætluðu Samskip sér þannig ekki að fallast á verðlækkun eða kröfur um aukna þjónustu. Þetta gekk eftir og í áætlun (S)forstö-útl frá september 2011 fyrir árið 2012 kemur fram að enn sé unnið eftir viðaukasamningnum við Alcoa frá nóvember 2008 sem fól í sér hina „verulegu“ verðhækkun. Auk þessa var gert ráð fyrir því að á árinu 2012 myndi Eimskip áfram flytja umtalsverðan hluta af því áli Alcoa sem að mati Samskipa féll undir flutningasamning fyrirtækisins og Alcoa.
3621. Var það samráðið við Eimskip sem leyfði Samskipum að leggja til grundvallar í framangreindum áætlunum að fyrirtækið kæmist upp með að hafna því að gera breytingar á samningnum við Alcoa. Sökum samráðsins gátu Samskip við það miðað að fyrirtækið héldi „verulegri“ verðhækkun á flutningum fyrir Alcoa óskertri og þyrfti ekki að auka þjónustuna við þennan mikilvæga viðskiptavin. Var þetta og í samræmi við þá stefnu útflutningsdeildar Samskipa á þessum tíma að ekki ætti að lækka verð hjá tilteknum mikilvægum viðskiptavinum. Eimskip hafði einnig hag af óbreyttu ástandi. Æðstu stjórnendur Eimskips voru ánægðir með þessa flutninga fyrir Alcoa og áframhaldandi ólögmeæt samráð gerði það að verkum að Eimskip þyrfti ekki að óttast samkeppni frá Samskipum um flutninga fyrir Norðurál. Ástandi á stóriðjumarkaðnum, sem líkja má við helmingaskipti milli Eimskips og Samskipa, yrði ekki haggáð. Er þessu sem fyrr segir lýst nánar í 14.36.
3622. Í sátt við Eimskip viðurkennir fyrirtækið að hafa átt í samskiptum og samstarfi við Samskip á rannsóknartímabilinu sem hafi falið í sér alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Í því fólst m.a. samráð við Samskip á síðari hluta árs 2008 um breytingar á



siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi og skiptingu markaða eftir stærri viðskiptavinum, sbr. 1. gr. sáttarinnar.

3623. Samfelld og ólögmeitt samráð Samskipa og Eimskips, vegna breytinga á siglingakerfum og takmörkunar á flutningsgetu, þ.á m. fyrirkomulag flutninga fyrir Alcoa, var fyrir hendi fram til mars 2013, en þá hóf Alcoa viðskipti við annað flutningafyrirtæki í kjölfar útboðs. Í þessu sambandi skal jafnframt hafa í huga að samhliða þessu áttu eins og áður segir Samskip og Eimskip einnig í ólögmeitu samráði í öðrum þáttum í starfsemi sinni, t.d. gámasamráði, samráði í landflutningum og verðsamráði.
3624. Í mgr. 1072 í athugasemdum Samskipa við AI er byggt á því að fyrirbyggjandi samskipti innan Eimskips 30. janúar 2009, 1. apríl 2009, 4. nóvember 2009 og 9. apríl 2010 hafi verið í alla staði eðlileg og sýni það eitt að Eimskip hafi sótt aukið magn í flutningum fyrir Alcoa og að stjórnendur fyrirtækisins hafi verið ánægðir með þá aukningu. Samskiptin sýni aukna sókn Eimskips í viðskipti við Alcoa á grundvelli tvíhliða samninga eða samkomulags milli Eimskips og Alcoa. Eins og nánar er fjallað um í kafla 25.36.2 haggja þessar athugasemdir Samskipa ekki því að háttsemi fyrirtækisins og Eimskips fór gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins.

9.12. Annað samstarf Samskipa og Eimskips vegna takmörkunar á flutningsgetu

3625. Breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu Eimskips og Samskipa í ágúst og október/nóvember 2008 sköpuðu tiltekin viðfangsefni sem gögn málsins sýna að féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Var nauðsynlegt fyrir Samskip og Eimskip að leysa saman þessi viðfangsefni til að tryggja að hið ólögmeita samráð fyrirtækjanna myndi skila sem mestum ábata fyrir þau. Dæmi um þessi viðfangsefni eru eftirfarandi:
- Takmörkun Samskipa á flutningsgetu og breyting á siglingaáætlun fól í sér að Samskip fluttu ekki lengur tóma gáma sjóleiðina frá Reykjavík (og Grundartanga) til Reyðarfjarðar. Þetta var þýðingarmikið viðfangsefni þar sem fyrirkomulag Samskipa vegna flutningaþjónustu fyrir Alcoa hafði fram að þessu m.a. byggt að hluta á því nota tæmda innflutningsgáma, sem langflestir komu til Suðvesturlands, til að flytja út ál Alcoa frá Reyðarfirði til aðallega Rotterdam.
 - Takmörkun Eimskips á flutningsgetu og breyting á siglingaáætlun þýddi að fyrirtækið hafði skert flutningsþjónustu milli Íslands og Færeyja og áfram til Bretlands og meginlands Evrópu.
 - Takmörkun á flutningsgetu Samskipa hafði áhrif á innflutning fyrirtækisins á grænmeti og ávöxtum frá Rotterdam til Íslands.
 - Ákveða þurfti hjá Samskipum og Eimskip hvernig samnýting flutningakerfa yrði í flutningum á milli Íslands og Norður-Ameríku.
 - Tryggja þurfti fullnægjandi gámaflæði.
 - Takmörkun á flutningsgetu þrengdi að möguleikum Samskipa (Jóna) til að bjóða upp á flutningaþjónustu tengda Íslandi, sér í lagi frá Bretlandi.
 - Síðast en ekki síst dró breyting Samskipa í lok október 2008 verulega úr flutningsgetu og þjónustu Samskipa til þess að flytja út ál fyrir Alcoa frá Reyðarfirði, sbr. ítarlega umfjöllun hér að framan.
3626. Þegar hefur verið fjallað um samráð Samskipa og Eimskips tengslum við breytingar á siglingakerfum fyrirtækjanna, takmörkun á flutningsgetu og atvik vegna flutnings á áli Alcoa til Evrópu. Í málinu liggja jafnframt fyrir önnur gögn sem er mikilvægt að horfa til en þau sýna hvernig Samskip og Eimskip áttu samskipti og hjálpuðust að í þeim tilgangi að breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu gæti gengið eftir.



3627. Eins og áður segir voru þetta allt fyrirsjáanleg viðfangsefni og sýna samtímagögnin að Samskip og Eimskip höfðu með sér samráð til að leysa þau. Allt frá fundi fyrirtækjanna 6. júní 2008 mættu þau ytri áskorunum með auknu samstarfi í stað þess að hegða sér með sjálfstæðum hætti á markaði og taka ákvarðanir upp á eigin spýtur. Í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins fólst í þessu að taka saman upplýsingar, miðla upplýsingum milli fyrirtækjanna, endurmeta og finna lausnir. Var þetta hluti af hinu ólögmeta samráði fyrirtækjanna á þessum tíma.

3628. Í sáttinni frá 16. júní 2021 viðurkennir Eimskip að hafa átt í alvarlegu ólögmetu samráði við Samskip. Hafi þessi brot falist í tilteknum aðgerðum sem „gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærukynningu Eimskips frá 9. júní 2008“. Í þessum alvarlegu brotum fólst m.a. samráð við Samskip „á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi.“ Samkvæmt viðurkenningu Eimskips fólst einnig eftirfarandi í þessu alvarlega samráði eftir fundinn 6. júní 2008:

„Samráð við Samskip um sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda, um gagnkvæma leigu eða lán á gámum og aðrar aðgerðir sem miðuðu að því að raska samkeppni í flutningsþjónustu.“

3629. Er þessi viðurkenning Eimskips í fullu samræmi við framangreind samtímagögn. Jafnframt er hún í samræmi við þau samtímagögn sem lýst verður hér á eftir og hefur því mikla þýðingu í samkeppnisrétti, sbr. kafla 4.7.7.

9.12.1. Samstarf vegna flutninga frá Reykjavík til Reyðarfjarðar og gámasamstarf

3630. Með takmörkun Samskipa á flutningsgetu í lok október 2008 var siglingakerfi fyrirtækisins þannig stillt upp að Samskip fluttu ekki lengur tóma gáma sjóleiðina frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Fólst í þessu mikil breyting á fyrirkomulagi flutninga Samskipa fyrir Alcoa. Áður en Samskip fækkaði skipum úr fjórum í þrjú í lok október 2008 voru tæmdir innflutningsgámar fluttir með skipi fyrirtækisins frá Reykjavík til Reyðarfjarðar og notaðir til að flytja út ál Alcoa til Evrópu. Eftir þessa breytingu í lok október 2008 var lykilatriði fyrir Samskip að tryggja að ávallt væru til staðar nægjanlega margir tómir gámar á Reyðarfirði.

3631. Eins og lýst verður í þessum kafla var leyst úr þessu með samstarfi Samskipa og Eimskips. Það samstarf tók m.a. til flutninga Eimskips á tónum gámum Samskipa frá Reykjavík til Grundartanga og gámastýringar. Sökum m.a. þessa gekk upp hið ólögmeta samráð fyrirtækjanna sem tók til breytingar á siglingakerfum, takmörkunar á flutningsgetu og flutninga fyrir Alcoa. Er lýsandi fyrir samráðið að stjórnandi hjá Eimskip vísaði til Samskipa sem „félaganna“ og að Eimskip myndu annast þessa flutninga fyrir „félaganna“ frá Reykjavík til Reyðarfjarðar þegar „á þarf að halda“, sbr. tölvupóstur sem (E)frkvstj-skiparekst sendi m.a. (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl 20. nóvember 2008. Í þessu fólst að Eimskip myndi vera til staðar fyrir Samskip til að tryggja að þessi þáttur hins ólögmeta samráðs gengi upp. Verður þessu nú lýst nánar.

3632. Tölvupóstur sem (E)frkvstj-skiparekst sendi (E)forstj 13. nóvember 2008 sýnir að Samskip höfðu þann 12. nóvember 2008 samband við starfsmann Eimskips, (E)starfsm, og óskuðu eftir flutningum á 10 tónum 40 feta gámum frá Reykjavík til Reyðarfjarðar, sbr. nánar hér á eftir. Auk (E)forstj og (E)frkvstj-skiparekst komu aðrir æðstu stjórnendur Eimskips að úrlausn þessarar beiðni Samskipa, þ.e. (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl. Gefur þetta eindregið til kynna að þetta var álitid mikilvægt málefni innan Eimskips.

3633. Eftir að þessi ósk barst frá Samskipum sendi (E)frkvstj-innanl kl. 21:19 þann 12. nóvember 2008 tölvupóst til (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-skiparekst. Framsendi hann tölvupóst sem (S)frkvstj-innanl hafði sent honum 18. september 2008 og fjallaði sá tölvupóstur Samskipa um sjóflutninga milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. Í tölvupósti (E)frkvstj-innanl kom eftirfarandi fram:

„Hérna kemur tilboðið sem við fengum frá S-line. [Samskip]



Fé[kk] aldrei nein svör um hvaða upphæð væri á þjónustugjöldum, hafnarvernd o.sv.frv.

þurfum að velta því vel fyrir okkur hvað við gerum í þessu varðandi flutninga austur.

Skilst á (E)svæðisstj1 að það vanti um 200 gáma fyrir næstu viku.¹⁸⁶⁷

3634. (E)svæðisstj1 var yfirmaður Eimskips á Reyðarfirði og sýnir tölvupóstur (E)frkvstj-innanl að framundan gátu verið umtalsverðir flutningar á tónum gámum Samskipa frá Reykjavík til Reyðarfjarðar.

3635. Vegna framsendingar (E)frkvstj-innanl á tölvupósti (S)frkvstj-innanl ber að rifja upp að eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst áttu (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl ítrekað í samskiptum. Funduðu þeir þann 4. júlí 2008 á kaffihúsinu Mokka þar sem aukið samráð í landflutningum var til umfjöllunar, sbr. kafla 8.7. Einnig funduðu þeir í verslunarmiðstöðinni Smáralind 17. september 2008 þar sem aukið samráð í bæði land- og sjóflutningum var til umfjöllunar, sbr. kafla 8.16.7. Í þeim kafla kemur þetta fram um atvik daginn eftir Smáralindarfund (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl:

- (E)frkvstj-innanl sendi tölvupóst kl. 10:12 þann 18. september 2008 til m.a. (E)frkvstj-EimÍsl, (E)svæðisstj1 og (E)rekstj-aksturst. Tölvupósturinn bar heitið „Sjóflutningur REY-RFJ“, þ.e. sjóflutningur milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. Í tölvupóstinum sagði:

„Samskip eru búnir að koma með verð í sjóflutning frá REY til RFJ.

- 20 ft 55 þús kr.

- 40 ft 85-90 þús kr.

Við förum með gám inn á terminal í Holtagörðum og sjáum sjálfir um hífið á RFJ.

Við bjóðum sama verð í þetta ef þeir vilja nota okkar skip.¹⁸⁶⁸

- Klukkan 16:59 þann 18. september 2008 sendi (S)frkvstj-innanl eftirfarandi tölvupóst til (E)frkvstj-innanl:

„Skv beiðni ykkar þá get ég gefið ykkur eftirfarandi verð í sjóflutning til Reyðarfjarðar;

- 20 feta 57.423

- 40 feta 90.824

BAF, þjónustugjald, hafnarvernd og vörugjöld hafna eru ekki innifalin. Ef um yfirhæðir er um að ræða þá leggst 60% álag til viðbótar.

Þú leyfir mér að heyra hvernig þetta leggst í ykkur.“

- Var það þessi tölvupóstur (S)frkvstj-innanl sem (E)frkvstj-innanl framsendi um kvöldið 12. nóvember 2008 til (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-skiparekst.
- Klukkan 20:39 þann 18. september 2008 framsendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst (S)frkvstj-innanl til (E)frkvstj-EimÍsl, (E)svæðisstj1 og (E)rekstj-aksturst. Í tölvupósti (E)frkvstj-innanl segir að nú væri „tilboðið komið formlega frá Samskip, þurfum að ræða og svara.“
- Varðandi framangreinda flutninga Samskipa fyrir Eimskip milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar ber að hafa hugfast að í september 2008 sigldu Samskip milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. Eimskip hafði í ágúst 2008 dregið úr flutningsgetu og lagt niður siglingar til Íslands á Austurleið. Siglingar frá

¹⁸⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.268753.

¹⁸⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52068.



Reykjavík til Reyðarfjarðar og þaðan til Færeyja voru ekki lengur hluti af Austurleið Eimskips heldur hafði Norðurleið viðkomu á Reyðarfirði eftir breytinguna. Gat því verið verulegur akkur fyrir Eimskip að hafa aðgang að þessum flutningum Samskipa sem voru fyrir hendi þar til Samskip drógu einnig úr flutningsgetu í lok október 2008.

3636. Ljóst er að tölvupósturinn sem (E)frkvstj-innanl sendi kl. 10:12 þann 18. september 2008 endurspeglar umræður hans og (S)frkvstj-innanl á fundinum deginum á undan um sjóflutninga milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. Síðar sama dag sendi (S)frkvstj-innanl „formlega“ umrætt tilboð sem (E)frkvstj-innanl, eins og áður sagði, framsendi til (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-skiparekst um kvöldið 12. nóvember 2008.

3637. Eftir (E)frkvstj-skiparekst hafði móttakið tölvupóst (E)frkvstj-innanl sendi hann síðar sama kvöld, þ.e. kl. 23:09 þann 12. nóvember 2008, tölvupóst til (E)starfsm en hann hafði átt í viðræðum við Samskip fyrr sama dag um flutninga Eimskips á tómum gámum frá Reykjavík til Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði. Tölvupóstur (E)frkvstj-skiparekst til (E)starfsm bar heitið „Reykjavík – Mjóeyri“ og var afrit sent til (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-útlf, (E)forstö-innfl og (E)svæðisstj1. Í tölvupóstinum fólst annars vegar að verða skyldi við ósk Samskipa um þessa flutninga og hins vegar hvaða verð Samskip skyldu greiða fyrir þessa þjónustu en tölvupósturinn hljóðar svo:

„Þetta eru þau verð sem við bjóðum Samskip fyrir flutning á DC gámum¹⁸⁶⁹, fullum eða tómum frá Reykjavík til Mjóeyrar, gegn staðgreiðslu, með fyrirvara um pláss hjá okkur:

-20 feta 57.423

-40 feta 90.824

Miðum þetta að sjálfsögðu við „liner in“ Reykjavík, Eimskip SUT og „free out“ Mjóeyri

BAF, þjónustugjald, hafnarvernd og vörugjöld eru ekki innifalin.

60% álag á yfirstærðareiningar.

Tökum þessar 10 x 40ft einingar miðað við þetta verð og þessa skilmála og ef þeir tala við þig á morgun þá vinsamlegast fara yfir þetta með þessum formerkjum.“¹⁸⁷⁰

3638. Af þessu sést að verðið sem Eimskip bauð Samskipum fyrir þessa flutninga var hið sama og (S)frkvstj-innanl bauð Eimskip fyrir sömu flutninga Samskipa þann 18. september 2008. Er þetta í samræmi við það sem fram kom í framangreindum tölvupósti sem (E)frkvstj-innanl sendi kl. 10:12 þann 18. september 2008 til m.a. (E)frkvstj-EimÍsl og (E)svæðisstj1. Í honum gerði (E)frkvstj-innanl grein fyrir því verði sem (S)frkvstj-innanl bauð fyrir flutninga Samskipa milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar og síðan tók (E)frkvstj-innanl þetta fram:

„Við bjóðum sama verð í þetta ef þeir vilja nota okkar skip.“

3639. Hið „formlega“ tilboð (S)frkvstj-innanl frá 18. september 2008 var því verðið sem gilti fyrir sjóflutninga Eimskips fyrir Samskip frá Reykjavík til Reyðarfjarðar og öfugt þegar Samskip gátu boðið upp á þessa flutninga.

3640. Hér ber einnig að líta til þess að sama kvöld, kl. 22:39 þann 12. nóvember 2008, framsendi (E)frkvstj-innanl til (E)forstj tölvupóstinn sem hann sendi fyrr um kvöldið, kl. 21:19, til (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-skiparekst og þar með einnig tölvupóst (S)frkvstj-innanl frá 18. september 2008. Í tölvupósti (E)frkvstj-innanl til (E)forstj sagði aðeins þetta: „F.y.f“.¹⁸⁷¹

¹⁸⁶⁹ „DC“ gámar eru hefðbundnir þurrhámar (e. dry cargo).

¹⁸⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.275609.

¹⁸⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.268793.



3641. (E)forstj brást við þessum tölvupósti (E)frkvstj-innanl með því að senda daginn eftir tölvupóst aðeins til (E)frkvstj-skiparekst og í honum sagði:
- „Er þetta ekki það sem við þurfum að skoða í öllum okkar tilboðum að taka tillit til þessa flow á gámum“.*¹⁸⁷²
3642. Síðar sama morgun framsendi (E)frkvstj-skiparekst til (E)forstj tölvupóstinn sem hann hafði sent (E)starfsm kvöldið áður. Kom þetta fram í tölvupósti (E)frkvstj-skiparekst til (E)forstj:
- „Sendi þetta til [(E)starfsm] í gærkvöldi til að hafa allt klárt og í samræmi við þeirra tilboð til okkar á sínum tíma, en þeir höfðu samband við hann seinnipartinn í gær vegna 10 tómrá 40ft.*
- Hann átti von á því að þeir myndu tala við sig aftur í morgun, sem þeir ekki gerðu.“*¹⁸⁷³
3643. Sýna framangreind samtímagögn að Samskip og Eimskip höfðu í september 2008 náð saman um gagnkvæma flutninga milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar og ætluðu Eimskip að virða það samkomulagi vegna þessara flutninga á gámum fyrir Samskip í nóvember 2008. Með öðrum orðum höfðu Samskip og Eimskip gert með sér slotsamning um samstarf í flutningum á tómum eða fullum gámum frá Reykjavík til Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði.
3644. Eins og fram hefur komið höfðu Samskip þörf fyrir þessa þjónustu Eimskips eftir að fyrirtækið hafði dregið úr flutningsgetu fyrr í lok október 2008 og hætt siglingum milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. Sýna samtímagögnin að Eimskip og Samskip komu sér saman um samstarf sem þau töldu þörf á vegna breyttra siglingakerfa og fólst í því m.a. að Eimskip flytti fyrir Samskip gáma frá Suðvesturlandi til Reyðarfjarðar.
3645. Þessi samningur Samskipa og Eimskips vegna sjóflutninga milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar var í samræmi við markmið „Nýtt upphafs“ verkefnisins og hluti af ólögsmætu samráði fyrirtækjanna um breytingu á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu. Í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið og vinnuhóp þess verkefnis var (E)forstj upplýstur um framgang mála í hinu ólögsmæta samráði við Samskip.
3646. Við rannsókn þessa máls upplýstu hvorki Eimskip né Samskip um framangreint samstarf fyrirtækjanna. Enginn stjórnandi fyrirtækjanna upplýsti um þetta við upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu eða í skýrslutöku hjá lögreglu.
3647. Fyrirliggjandi samtímagögn sýna að hinum ólögsmæta samningi fyrirtækjanna var hrint í framkvæmd. Gögnin gefa til kynna að samningurinn hafi í framkvæmd helst náð til samstarfs um flutninga á tómum gámum til Reyðarfjarðar. Samtímagögn staðfesta að fram á árið 2013 var það stöðugt viðfangsefni Eimskips og Samskipa að stýra nýtingu gáma í Mjóeyrarhöfn og var algengt að skortur væri á tómum gámum á Reyðarfirði.
3648. Gögnin sýna jafnframt að Samskip eða eftir atvikum Alcoa leituðu til Eimskips um að flytja tóma gáma Samskipa til Mjóeyrarhafnar eða fá þangað tóma gáma í eigu Eimskips.
3649. Fyrirliggjandi er að í kjölfar takmörkunar á flutningsgetu Samskipa í lok október 2008 sá Eimskip um umframflutninga á áli sem Samskip sinntu ekki fyrir Alcoa til Rotterdam. Við þá flutninga notaði Eimskip ekki aðeins eigin gáma heldur einnig gáma Samskipa. Atvik voru þau að mestur hluti framleiðslu Alcoa var lestaður í gáma Samskipa. Eimskip flutti þannig álið „oft á tíðum“ í gámum í eigu Samskipa frá Mjóeyrarhöfn til Rotterdam, sbr. mgr. 502 í athugasemdum Samskipa við AII. Allir fluttir álgámar, hvort sem þeir voru í eigu Samskipa eða Eimskips og fluttir með Samskipum eða Eimskip, enduðu síðan hjá hafnarþjónustufyrirtækinu Steinweg í Rotterdam. Samkvæmt upplýsingum Samskipa var fyrir hendi „skilgreint verklag um það hvar gámar Samskipa, sem Eimskip fluttu,

¹⁸⁷² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.372306.

¹⁸⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.372589.



endudu", þ.e. allir gámar Samskipa og Eimskips endudu hjá Steinweg.¹⁸⁷⁴ Var þetta í samræmi við skjalið sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk sent til sín kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008. Það skjal bar heitið „Siglingakerfi – hagræðing“ og þar var fjallað um mögulega flutninga Eimskips „fyrir“ Samskip á áli Alcoa og vísað var til Steinweg í því samhengi. Kemur þetta m.a. fram á síðunni sem bar heitið „3 skip“, sbr. eftirfarandi skjáskot:

Eimskip	
Tekjur af álúttflutningi fyrir Samskip	50
Tekjur af innflutningi á grænmeti fyrir Samskip	50
Ávinningur p.a.	100

Ef Eimskip afhenda tóma gáma á RFJ og samþykkja Steinweg sem depot í RTM ná báðir aðilar að hagræða: Eimskip sparar THC í RTM og Samskip kemst af með færi gáma

3650. Í samræmi við þetta varð Steinweg „depot“ fyrir bæði Samskip og Eimskip. Hvassafell, skip Samskipa á Leið 2, var síðan nýtt til að flytja tóma gáma frá Steinweg í Rotterdam til Reyðarfjarðar, sem aftur voru notaðir í útflutning Samskipa eða Eimskips fyrir Alcoa frá Mjóeyrarhöfn.
3651. Verður nú vikið að dæmum um framkvæmd á hinum ólögumta samningi fyrirtækjanna um sjóflutning til Reyðarfjarðar, þ.á m. vegna tóma gáma. Við yfirferð á þeim samtímagögnum er óhjákvæmilegt að benda á að á sama tíma og þetta samráð um flutninga stóð yfir var samráð Samskipa og Eimskips um leigu eða lán á gámum aukið, sbr. umfjöllun í köflum 8.17.1, 8.17.16 og 18.

9.12.1.1. Flutningar fyrir „félaganna“

3652. Þann 20. nóvember 2008 sendi (E)skrifstj.Mjóeyrarh tölvupóst til (E)frkvstj-skiparekst þar sem kemur fram að Alcoa hafi verið að spyrja hvort Eimskip geti flutt 100 tóma Samskipagáma. (E)frkvstj-skiparekst svaraði sama dag kl. 9:08 (heiti tölvupóstsins var „Reykjavík-Mjóeyri“ afrit sent til m.a. (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutkerf, (E)frkvstj-innanl og (E)svæðisstj1) með líkum hætti og þann 12. nóvember 2008 og sagði:

„Eftirfarandi eru þau verð sem í gangi eru milli félaganna fyrir flutning á DC gámum, fullum eða tómum frá Reykjavík til Mjóeyrar, gegn staðgreiðslu, með fyrirvara um pláss:

-20 feta 57.423

-40 feta 90.824

Verðið er miðað við „liner in“ Reykjavík, Eimskip SUT, og „free out“ Mjóeyri

BAF, þjónustugjald, hafnarvernd og vörugjöld eru ekki innifalinn

60% álag vegna yfirstærðareiningar.”¹⁸⁷⁵

3653. (E)skrifstj.Mjóeyrarh svaraði öllum kl. 9:25: „þegar til kastanna kom þá fundu þeir „leynistakkinn“¹⁸⁷⁶ og þurfa ekki á þessu að halda í þessari viku.”¹⁸⁷⁷

¹⁸⁷⁴ Mgr. 502 í athugasemdum Samskipa við AII. Sjá einnig umfjöllun í kafla 18 um gámasamráð Samskipa og Eimskips.

¹⁸⁷⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.275496.

¹⁸⁷⁶ Gámum í höfnum og skipum er gjarnan staflað upp og á ensku talað um „stack of containers“ þegar fjölda gáma er staflað saman. Ekki liggur hins vegar ljóst fyrir til hvers fyrri hluti orðsins „leynistakkur“ vísar. Líklega var þar um að ræða gáma sem notaðir höfðu verið af verktökum vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Má benda á að sem svar við ábendingu [...] um „leynistakkinn“ sagði [...] þetta: „Fjöllin af gámum á RFJ eru 90% útflutningsgámar fyrir Impregilo, á okkar vegum.“ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.275551.

¹⁸⁷⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.275520.



3654. (E)frkvstj-skiparekst svaraði öllum kl. 9.38 og sagði:

„Ok, var „leynistakkurinn“ inná Reyðarfirði, en síðast þegar við vorum þarna þá voru heilu fjöllin af gámum þar?

Það vita allir núna verðin sem eru í gangi eru á milli félaganna og við tökum gáma fyrir „félaganna“ ef á þarf að halda og ef við erum með pláss, miðað við þessi verð og skilmála.“¹⁸⁷⁸

3655. Þessi umfjöllun (E)frkvstj-skiparekst staðfestir að Eimskip gerði samkomulag við Samskip um að flytja gáma fyrir fyrirtækið („tökum gáma fyrir félaganna“) eftir því sem þörf var talin á og Eimskip hafði pláss fyrir í skipum sínum. Fyrirtækin gerðu líka samkomulag um verð fyrir þessa þjónustu („Það vita allir núna verðin sem eru í gangi milli félaganna“). Fulltrúum fyrirtækjanna sem að þessum málum komu átti að vera kunnugt um þetta fyrirkomulag og þurfti því ekki að ræða um það frekar þegar slík mál komu upp í framtíðinni. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samningur þessi hafi verið hluti af samfelldu samráði fyrirtækjanna og í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins, sem hófst í kjölfar fundar æðstu stjórnenda og eigenda þann 6. júní 2008.

3656. (E)skrifstj.Mjóeyrarh svaraði öllum framangreindum kl. 10:35 þann 20. nóvember 2008 og sagði m.a.: *„Hins vegar var þessi fyrirspurn í morgun frá Alcoa og þeir ætluðu sér að borga þetta. Eigum við að láta þá vera á sömu kjörum ef þetta kæmi upp í framtíðinni eða vilja menn nota aðra þríska á þá.“¹⁸⁷⁹*

3657. Var þannig að mati (E)skrifstj.Mjóeyrarh alls ekki sjálfgefið að Alcoa ætti að njóta sömu kjara hjá Eimskip og Samskip nutu.

3658. (E)frkvstj-skiparekst svaraði öllum kl. 11:25 og sagði m.a.:

„Skil ekki af hverju þetta er að koma frá Alcoa og að þeir greiði þetta beint, því ég hélt að S-Line [Samskip] væri þeirra flutningsaðili og að þeir ættu að útvega og staðsetja gáma fyrir þennan áflutning. Að minnsta kosti er það svo hjá okkur vegna Norðuráslutninganna.“¹⁸⁸⁰

3659. (E)frkvstj-skiparekst bar ábyrgð m.a. á sjóflutningum Eimskips fyrir Alcoa. Er ekki ástæða til að draga í efa þekkingu hans á því málefni sem hér var til umræðu. Hefur verulega þýðingu að (E)frkvstj-skiparekst var undrandi yfir því að beiðni um flutning á tónum Samskipagámum skuli hafa borist frá Alcoa en ekki Samskipum. Staðfestir þetta að Eimskip hafi litið svo á að um væri að ræða samstarf milli Samskipa og Eimskips enda var samið um nefnd viðskipti á grundvelli samnings/tilboðs milli fyrirtækjanna um flutning á gámum frá Reykjavík til Mjóeyrar (sbr. „Eftirfarandi eru þau verð sem í gangi eru milli félaganna fyrir flutning á DC gámum, fullum eða tónum frá Reykjavík til Mjóeyrar“).

3660. Í mgr. 1047-1049 í athugasemdum Samskipa við AI er vísað til áður nefnds tölvupósts (E)frkvstj-skiparekst frá 20. nóvember 2008 og því haldið fram að það hafi alltaf verið Alcoa sem óskaði eftir að Eimskip flytti tóma gáma til Reyðarfjarðar fyrir Samskip. Hins vegar leggja Samskip ekki fram nein gögn til stuðnings því að það hafi „alltaf“ verið Alcoa sem óskaði eftir að Eimskip annaðist þessa flutninga fyrir Samskip. Þar að auki er sú staðhæfing í ósamræmi við samtímagögnin, sbr. framangreinda beiðni Samskipa frá 12. nóvember 2008 og atvikin sem reifuð verða hér á eftir.

3661. Jafnvel þó að í þessu tilviki, 20. nóvember 2008, hafi það verið Alcoa sem leitaði til Eimskips um að útvega tóma gáma fyrir Samskip til Reyðarfjarðar, þá er staðreyndin sú að í samningi Samskipa og Alcoa um flutninga frá Mjóeyrarhöfn kom fram að það væri á ábyrgð Samskipa að hafa tiltæka næga gáma til flutnings fyrir Alcoa. Hvað sem þessu líður þá eru skýringar Samskipa sem fyrr segir ekki í samræmi við samtímagögn sem sýna að Samskip leituðu til Eimskips. Þar að auki eru sjónarmið Samskipa ekki í samræmi við þau tölvupóstsamskipti 20. nóvember 2008 sem fyrirtækið byggir á í

¹⁸⁷⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.275530.

¹⁸⁷⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.275572.

¹⁸⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.275609.



Þessu sambandi. Í þeim samskiptum minnti (E)frkvstj-skiparekst samstarfsmenn sína á að í gildi væri samningur milli Eimskips og Samskipa um sjóflutning á fullum og tómum gámum frá Reykjavík til Mjóeyrar. Bætti (E)frkvstj-skiparekst við að allir myndu vita „núna verðin sem í gangi eru á milli félaganna og við tökum gáma fyrir „félagana“ ef á þarf að halda. og ef við erum með pláss, miðað við þessi verð og skilmála.“ Í lokin gerir (E)frkvstj-skiparekst aukinheldur athugasemd við að umrædd beiðni til Eimskips hafi ekki komið frá Samskipum því Samskip væru flutningsaðili fyrir Alcoa („Skil ekki af hverju þetta er að koma frá Alcoa og að þeir greiði þetta beint, því ég hélt að S-Line væri þeirra flutningsaðili og að þeir ættu að útvega og staðsetja gáma fyrir þennan álflutning“).¹⁸⁸¹ Þessi ummæli (E)frkvstj-skiparekst eru og í samræmi við gr. 3.3 í samningi Samskipa og Alcoa frá árinu 2007. Samkvæmt því ákvæði áttu Samskip að útvega Alcoa 20 feta gáma í hverri viku sem Alcoa myndi sjá um að hlaða: *Alcoa prefers to access utilize and load 20' containers on each voyage. Samskip shall use its best efforts to make available and provide for AF's use, 20' containers each week*.¹⁸⁸²

3662. Rétt er að taka fram að samráð Samskipa og Eimskips er jafn ólögðmætt í skilningi 10. gr. samkeppnislaga þótt að þriðji aðili, hér viðskiptavinurinn Alcoa, hafi verið í þeirri stöðu að hafa í einhverjum tilvikum þurft að hafa milligöngu um að tryggja tóma gáma og gámastýringu fyrirtækjanna vegna flutninganna.
3663. Samstarf Eimskips og Samskipa sem varðaði flutninga á gámum frá Reykjavík til Reyðarfjarðar hélt áfram eftir árið 2008. Hið sama á við um annað samstarf Samskipa og Eimskips tengt gámum. Samhengisins vegna þykir rétt að nefna þrjú dæmi frá árunum 2009, 2011 og 2012:
3664. Þann 6. janúar 2009 kl. 8:44 sendi starfsmaður hjá Eimskip á Austurlandi, tölvupóst til (E)frkvstj-skiparekst með heitinu „Samskip“. Segir þar að með Dettifossi hafi komið; „nokkrir Samskip gámar og mér er sagt að þú vitir allt um verðið í þetta hingað austur.“

- (E)frkvstj-skiparekst framsendi, sama dag kl. 9:12, þennan tölvupóst til (E)starfsm, (E)starfsm og (E)starfsm-flutnstýr1 og spurði:

„Vitið þið hver ákvað að heimila þetta?“

- (E)starfsm svaraði kl. 9:32 og sagði að „(E)starfsm bókaði þetta að beiðni Samskipa.“
- (E)frkvstj-skiparekst sendi þá tölvupóst til (E)starfsm, kl. 10:37 sama dag (afrit m.a. til (E)forstö-útfl, (E)starfsm, (E)forstö-vörupróun, (E)svæðisstj1 og (E)skrifstj.Mjóeyrarh):

„Geri ráð fyrir að þú setjir eftirfarandi verð á þessa gáma, en þetta er sama verð og þeir buðu okkur á sínum tíma þegar við ætluðum að senda gáma með þeirra skipi og við hljótum því að bjóða þeim það sama.“

Tilgreint verð er það sama og ákveðið var í september 2008 að gilda skyldi í m.a. flutningum Eimskips á gámum Samskipa frá Reykjavík Reyðarfjarðar, sbr. umfjöllun hér að framan um tölvupósta (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl 18. september 2008, tölvupósta (E)frkvstj-skiparekst og (E)frkvstj-innanl 12. nóvember 2008 og tölvupósta (E)frkvstj-skiparekst frá 20. nóvember 2008. Sýna ofangreindir tölvupóstar Eimskips frá 6. janúar 2008 áframhaldandi framkvæmd Samskipa og Eimskips á umræddum slotsamningi.

- Sama dag, 6. janúar 2009, kl. 10:47 framsendi (E)frkvstj-skiparekst framangreind tölvupóstsamskipti til (E)frkvstj-flutnkerf (afrit til (E)frkvstj-EimÍsl) og sagði:

¹⁸⁸¹ Af gögnum málsins má ráða að meginreglan sé sú að flutningsaðili útvegar tóma gáma fyrir viðskiptavini hans. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID: 0.7.33.275609. Afritaður tölvupóstur [...] Doc. ID: 0.7.33.276299.

¹⁸⁸² Afhent skjal frá Alcoa 31.10.2017, fskj. 1.b.1. Transportation Agreement for Export Freight Shipments Alcoa and Samskip, grein 3.3.



„Tel eðlilegt þar sem þið eruð að vinna samning(a) við Samskip, að þið séuð inn í slíkum málum og hafið umsjón með þeim þ.m.t. verðlagningu og að ekki séu of margir kokkar að hræra í pottinum.“

- (E)frkvstj-Eimísl svaraði sama dag kl. 11:02 (afrit til (E)forstö-innfl , (E)forstö-útfl og (E)forstö-vörubrún) og sagði:

„Rétt er það. Mun fylgja þessu eftir.“

- Á þessum tíma voru mikil samskipti milli Eimskips og Samskipa vegna m.a. þess þáttar „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem varðaði flutninga til og frá Norður-Ameríku og aukið samstarf því tengdu. Nýr samningur milli fyrirtækjanna vegna þessa var undirritaður þann 7. janúar 2009, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-Eimísl og (E)forstö-innfl sátu fundi með Samskipum ((S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1) þar sem fjallað var um þá verkþætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tengdust m.a. ólögsmætu samráði í áætlunarsiglingum, sbr. umfjöllun hér að framan. Af þessu er ljóst að stjórnendum Eimskips þótti eðlilegt og sjálfsagt að á þessum vettvangi (þar sem „þið eruð að vinna samning(a) við Samskip“, eins og (E)frkvstj-skiparekst orðaði það) væri einnig samið við Samskip um verðlagningu á flutningi gáma milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. Er það í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið og fyrri samskipti fyrirtækjanna.

3665. Þann 30. desember 2011 sendi (E)svæðisstj1 tölvupóst til (E)frkvstj-skiparekst og (E)deildstj-útfl1 (afrit til (E)frkvstj-innanl). Efni hans var: „Gámaskortur / redding – verður talið okkur til tekna“. Þar greindi hann frá símtali við starfsmann Alcoa:

- „[innkaupastj-Alcoa] var að hringja, Samskip er með allt niður um sig, Tongan¹⁸⁸³ hefur legið við akkeri vegna veðurs í 6 daga, er væntanlegur annað kvöld, gamlárskvöld, við munum hefja lo/le kl. 1600 á nýársdag.

Nú þegar er orðin skortur á gánum, 48 gámar er Dettifoss setur í land í dag, verða fylltir um helginna (og fara með GOD 201) Tongan kemur aðeins með 150 til 160 gáma, er duga í 4 til 5 daga, þá verður aftur kominn gámaskortur.

[innkaupastj-Alcoa] spyr hvort við getum skaffað 160 gáma með GOD 201 hingað, allt sem við sköffum, fari með okkar skipum, og ef við getur hjálpað upp á þá, verði það talið okkur til mikilla tekna, til framtíðar?“

- (E)svæðisstj1 framsendi tölvupóstinn til (E)forstj og sagði: „Þér til fróðleiks og upplýsinga.“¹⁸⁸⁴

3666. Þann 3. janúar 2012 sendi (E)deildstj-útfl1 eftirfarandi tölvupóst til starfsmanns Alcoa um flutning á tónum gánum frá Reykjavík til Reyðarfjarðar:

- „We have space for 100 empty containers from Reykjavik to Reyðarfjordur:

The agreement with Samskip is:

EUR 307.- for 20´ container

EUR 434.- for 40´ container

Incl. THC both ends.

This rate should be very well known to Samskip.

¹⁸⁸³ Skip Samskipa.

¹⁸⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.828211. Framsendur [...] Doc. ID. 0.7.33.884836.



No trucking is included between terminals in Reykjavik.

We will ship abt. 50mty Eimskip containers to Reyðarfjordur as well.

If you want to do this then we have to arrange some trucking today in order not to delay the departure of the vessel on Thursday from Reykjavik (load will start already tonight)."

- Alcoa svaraði að bragði kl. 12:33: „I will discuss this with [innkaupastj-Alcoa] and [...] and one of us will revert to you. Don't start moving any Samskip containers before you get a „green light“ from us.“
- (E)deildstj-útl1 svaraði kl. 12:45 og kvaðst móttaka skilaboðin. Hann framsendi samskiptin til (E)frkvstj-skiparekst kl. 13:02 með þessari athugasemd:

„FYI – gaf þeim „neyðarverðið“ fyrir Samskip. En [starfsmaður Alcoa] sp. hvað Samskip mundi borga fyrir þetta. Ég býð fyrir mæla frá Alcoa. [...]“¹⁸⁸⁵

- Af þessu má sjá að samskipti þessi vörðuðu tiltekinn flutning Eimskips á 100 tómum Samskipagámum og ca. 50 tómum Eimskipsgámum flutningsleiðina frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Varðandi verðlagningu á þeim flutningum vísaði Eimskip til fyrirbyggjandi samnings við Samskip og verðs sem Samskip áttu að þekkja vel: „The agreement with Samskipa [...] This rate should be very well known to Samskip“ og uppgafið verð fyrir flutninginn var „neyðarverð fyrir Samskip“.
- Tilgreint verð sem Eimskip setti fram vegna flutninga á tómum Samskipa gámum er það sama og gildi um flutninga á tómum gámum í hinu leynilega „neyðarsamkomulagi“ Eimskips og Samskipa frá árinu 2001. Þetta gagn sýnir, ásamt mörgum öðrum fyrirbyggjandi gögnum, hvernig Eimskip og Samskip notuðu hið ólögmæta samkomulag (hvort sem fylgt var samkomulaginu frá 2001 eða 2010) vegna samstarfs um almenna flutninga fyrirtækjanna utan neyðar, hvort sem það var fyrir lestaða eða tóma gáma og eftir hentisemi hverju sinni. Þetta sýnir jafnframt að svokallað „neyðarsamkomulag“ Samskipa og Eimskips var ekki eingöngu notað milli fyrirtækjanna vegna samstarfs um flutninga innan Evrópu og til og frá Íslandi, heldur jafnframt vegna sjóflutninga milli hafna á hér á landi. Þá vekur athygli að fulltrúi Alcoa spurði Eimskip hvað Samskip myndu greiða Eimskip fyrir slíka þjónustu. Virðist því sem honum hafi verið ljóst að samningur væri í gildi milli Eimskips og Samskipa um þessa þjónustu.

9.12.1.2. Skýringar stjórnenda

3667. Hvorki við upplýsingagjöf tengslum við húsleitir í september 2013 né síðari upplýsingagjöf Samskipa við rannsókn málsins var upplýst um samskipti eða samstarf fyrirtækjanna vegna sjóflutninga tengdum Reyðarfirði.
3668. Í skýrslutöku (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv hjá lögreglu voru stjórnendurnir spurðir um samstarf og slotsamning Samskipa og Eimskips vegna sjóflutninga tengdum Reyðarfirði.
3669. Aðspurður um hvort Samskip og Eimskip hafi verið með slotsamning milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar kvaðst (S)aðaleig-stjform-SH ekki þekkja það.¹⁸⁸⁶
3670. Í skýrslutöku hjá (S)frkvstj-millilandasv kom eftirfarandi fram um samstarfið:

HS Voru skipafélögin með slot samning milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar?

(S)frkvstj-millilandasv Þið eruð náttúrliga með samninginn þarna, ég, ég man ekki hvernig hann er.

¹⁸⁸⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]

¹⁸⁸⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 147.



HS Ertu að vísa í neyðarsamkomulagið?

(S)frkvstj-millilandasv Já, já.

HS Að hann sé notaður sem slot samningur milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar?

(S)frkvstj-millilandasv Ég veit ekki hvort að, þið voruð að spyrja að því hvort það væri sam... samningur um það.

HS Já en þetta er meðal annars það sem við erum að tala um sko, þessi leggur er að detta út. Þurfið þið þá að fá [óskýrt] frá Eimskip eða þá Eimskip eitthvað ...?

(S)frkvstj-millilandasv Við náttúrulega flytjum tóma gáma með.... það eina sem fer með þessu skipi frá, frá hérna Rotterdam eru tómir gámar.

HS Já.

(S)frkvstj-millilandasv Það er nánast enginn innflutningur [óskýrt], þannig að ég ...

HS En svarið þitt, er, er slot samningur á milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar, á milli félaganna?

(S)frkvstj-millilandasv Ég get ekki svarað því.

HS Veistu það ekki, ...

(S)frkvstj-millilandasv Nei.

HS ... ertu að meina það?

(S)frkvstj-millilandasv Já.

HS Við sjáum ekki betur miðað við afhent gögn að Eimskip er að flytja fyrir Samskip þá leið og veistu á hvaða, á hvað samningi það er þá gert, er það á neyðarsamkomulagi eða var það bara ...?

(S)frkvstj-millilandasv Ég ætla bara ekki að tjá mig um það.

3671. Þegar samtímagögn um þetta samstarf voru lögð fyrir (S)frkvstj-millilandasv neitaði hann áfram að tjá sig, sbr. umfjöllun hér á eftir.¹⁸⁸⁷

3672. Aðspurður kvaðst (E)forstj ekki þekkja það hvort það hafi verið samstarf milli Eimskips og Samskipa í sjóflutningum milli Reyðarfjarðar og Reykjavíkur. Var honum bent á að breyting Samskipa á siglingakerfinu hafi þýtt að Samskip sigldu ekki lengur þennan legg (á Leið 2). Aðspurður um hvort þetta hafi einhver áhrif á rekstrarumhverfi Eimskips sagðist (E)forstj ekki þekkja það og hann viti ekki „hvernig þeir sigla hjá Samskipum. Aldrei stúderað það“.¹⁸⁸⁸

3673. Í skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst (E)frkvstj-alþjsv aðspurður ekki þekkja eða vita til þess að það hafi verið samstarf milli Samskipa og Eimskips vegna siglingaleiðar á milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar.¹⁸⁸⁹

3674. Við skýrslutöku (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv bar lögregla seinna í yfirheyrslunni undir þá tölvupóstsamskipti milli (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl frá 18. september 2008 („Reyðarfjörður“) en þar var fjallað um tilboð Samskipa til Eimskips vegna sjóflutninga tengdum Reyðarfirði.

- (E)forstj sagðist ekki hafa séð þessi samskipti áður og þetta hafi ekki verið borið undir hann.¹⁸⁹⁰

¹⁸⁸⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 146 – 147.

¹⁸⁸⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 228.

¹⁸⁸⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 226 – 227.

¹⁸⁹⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 227 – 228.



- (E)frkvstj-alþjv sagðist ekki hafa gert svona samninga og (E)frkvstj-Eimísl og (E)frkvstj-innanl gætu svarað fyrir þetta.¹⁸⁹¹
- Aðspurður hvort (S)frkvstj-millilandasv hafi vitað af þessum samskiptum eða þessu tilboði sagði (S)frkvstj-millilandasv: „Ee, ég ætla ekki að kommentera á þetta“. Þá kvaðst (S)frkvstj-millilandasv ekki geta svarað því af hverju Eimskip og Samskip (fyrirnefndir (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl) hefðu ekki greint frá þessu á fundi sem fyrirtækin óskuðu eftir með Samkeppniseftirlitinu þann 16. október 2008.¹⁸⁹²
- Í skýrslutöku (S)aðaleig-stjform-SH bar hann við þekkingarleysi um framangreind samskipti og tilboð milli Eimskips og Samskipa. Aðspurður um umboð (S)frkvstj-innanl til að gera slíkt tilboð til Eimskips sagðist (S)aðaleig-stjform-SH ekki þekkja það. Hann sagðist ekki vita af hverju Eimskip og Samskip hefðu ekki greint frá þessu á fundi með Samkeppniseftirlitinu þann 16. október 2008.¹⁸⁹³

3675. Í skýrslutöku (E)forstj, (E)frkvstj-alþjv, (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv hjá lögreglu voru jafnframt borin undir þá áðurnefnd tölvupóstsamskipti milli (E)frkvstj-skiparekst, (E)forstj og fleiri starfsmanna Eimskips frá 12. – 13. nóvember 2008 þar sem stjórnendurnir fjölluðu um slotsamning milli Eimskips og Samskipa vegna sjóflutninga milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar.

- Í framburði (E)forstj sagði hann að þessir tölvupóstar hafi væntanlega tengst því að það hefði vantað tóma gáma á Reyðarfjörð vegna flutninga Samskipa fyrir Alcoa. Lögreglan bað (E)forstj að útskýra þessi ummæli hans í tölvupósti 13. nóvember 2008 til (E)frkvstj-skiparekst: „er þetta ekki það sem við þurfum að skoða í öllum okkar tilboðum að taka tillit til þessa flow á gámum“. (E)forstj kvaðst ekki geta útskýrt þetta en bætti síðan við að Eimskip hefði á einhverjum tíma átt „alla gámuna á Reyðarfirði og Samskip var, eða sem sagt við sköfðuðum fyrir Alcoa [...] ég er að tala um það flow vegna þess að við, við áttum lengi vel alla þessa gáma sem að Alcoa þurfti að nota. Keyptum fullt af 20 feta gámum.“ (E)forstj sagðist aðspurður ekki geta útskýrt af hverju Eimskip og Samskip væru í nóvember 2008 að taka upp slottilboð sem áður hafði farið á milli í tölvupósti (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl 18. september 2008. Þá gaf (E)forstj til kynna að undirmenn hans hefðu átt í þessu samstarfi við Samskip án hans samþykkis.¹⁸⁹⁴
- Þegar tölvupóstsamskiptin hjá Eimskip frá 12. og 13. nóvember 2008, um slotsamning milli Eimskip og Samskipa, voru borin undir (E)frkvstj-alþjv gaf hann þá skýringu að hann þekkti ekki til þess hvort í gildi hefði verið slotsamningur á milli Eimskips og Samskipa.¹⁸⁹⁵
- Þegar framangreind samskipti voru lögð fyrir (S)aðaleig-stjform-SH sagðist hann aðspurður ekki þekkja það hvort þarna hefðu fyrirtækin verið að vinna að samningi og kvaðst heldur ekki þekkja það hvort það hefði verið í gildi samningur milli Eimskips og Samskipa um sjóflutninga milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar.¹⁸⁹⁶
- Í skýrslutöku (S)frkvstj-millilandasv vildi hann ekki „kommenta“ á framangreind samskipti. Vísaði (S)frkvstj-millilandasv þó í þessu sambandi til „neyðarsamkomulags“ fyrirtækjanna en sagðist svo aðspurður ekki vita hvort það samkomulag hefði verið notað á siglingaleiðinni milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. Aðspurður hvort fyrirtækin hefðu verið með slotsamning milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar sagðist (S)frkvstj-millilandasv ekki geta svarað því. Neitaði (S)frkvstj-millilandasv jafnframt að tjá sig þegar lögregla bar undir hann að gögn málsins sem gæfu til kynna að Eimskip hefði flutt fyrir Samskip á þessari leið milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar.¹⁸⁹⁷

¹⁸⁹¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 234 – 235.

¹⁸⁹² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 146 – 147.

¹⁸⁹³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 147 – 148.

¹⁸⁹⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 228 – 232.

¹⁸⁹⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 234.

¹⁸⁹⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 147.

¹⁸⁹⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 145 – 146.

3676. Ekki er trúverðugt að (E)forstj, (S)aðaleig-stjform-SH og (E)frkvstj-alþjv, sem höfðu verið stjórnendur í áratugi hjá fyrirtækjunum, hafi ekkert vitað um eða þekkt samstarf fyrirtækjanna vegna gáma og flutningum tengdum Reyðarfirði sem sannanlega voru fyrir hendi samkvæmt gögnum málsins.
3677. Í þessu sambandi skal jafnframt bent á að (E)forstj svaraði tölvupósti (E)frkvstj-skiparekst 13. nóvember 2008 („Reyðarfjörður“), en í þessum samskiptum er fjallað um þetta samstarf Samskipa og Eimskips. Í svari (E)forstj tók hann jákvætt í erindi (E)frkvstj-skiparekst og spurði hvort þetta væri ekki það sem þyrfti að taka tillit til við „flow“ á gámum (gámastýringu). Er það afar ótrúverðugt að þáverandi forstjóri fyrirtækisins hafi ekki getað skýrt þessi ummæli sjálfs sín. Staðhæfing (E)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu um að Eimskip hafi átt alla gáma á Reyðarfirði er röng. Hið sama á við um staðhæfingu hans að umrædd atvik í nóvember 2008 hafi varðað þjónustu Eimskips við Alcoa, sbr. t.d. samning Samskipa við Alcoa.
3678. Með hliðsjón af framangreindu er framburður (E)forstj hjá lögreglu, um samstarf vegna sjóflutninga og gáma tengdu Reyðarfirði, einkar ótrúverðugur. Framburður (E)forstj um að undirmenn hans, (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-EimÍsl, hafi komið á auknu samstarfi við Samskip vegna Reyðarfjarðar án hans heimildar eða vitneskju er með vísan til framangreinds einnig talinn ótrúverðugur. Sömuleiðis vísast til fjölmargra fyrirliggjandi gagna málsins um aðkomu (E)forstj að samráðinu við Samskip og endurteknum fundum með undirmönnum hans sem önnuðust samskipti og vinnu við framkvæmd samráðsins á þessum tíma (t.d. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl). Að sama skapi er með vísan til reynslu, stöðu og gagna málsins ótrúverðugt hjá (E)forstj þegar hann aðspurður kunngerði að hann þekkti ekki áhrif siglingakerfisbreytinga Samskipa á rekstrarumhverfi Eimskips (hann viti ekki „hvornig þeir sigla hjá Samskipum. Aldrei stúderað það“).
3679. Yfirlýst þekkingarleysi (S)aðaleig-stjform-SH um þetta samstarf fyrirtækjanna er einnig í ósamræmi við samtímagögn. Lögð skal áhersla á gögn málsins sem sýna ríka aðkomu (S)aðaleig-stjform-SH að því að koma á auknu samstarfi Samskipa og Eimskips árið 2008, m.a. til þess að fyrirtækin myndu eiga samskipti um og mæta úrlausnarefnum sem tengdust takmörkun á flutningsgetu á seinni hluta árs 2008. Í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH 15. október 2008 var til að mynda vísað til framkvæmdastjórafundar Samskipa, sem hann sat sama morgun, þar sem m.a. hafði verið ákveðið að ræða við Eimskip um „almennt slotverð“ í inn- og útflutningi vegna fyrirhugaðra siglingakerfisbreytinga Samskipa. Í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH nokkrum dögum síðar, 20. október 2008, kom fram að Samskip væru að ljúka samningum við m.a. Eimskip. Einnig vísast til tölvupósts (S)aðaleig-stjform-SH 2. nóvember 2008 þar sem hann sendi sjálfum sér minnislista. Eitt atriði á lista (S)aðaleig-stjform-SH var: „Eimskip – nýir samningar“ (í fleirtölu), sbr. kafla 9.3 og 9.7. Nokkrum dögum síðar í nóvember 2008 eiga sér stað m.a. framangreind samskipti um samstarf Samskipa og Eimskips vegna gáma og flutninga tengdum Reyðarfirði.
3680. Í þessum framburðum þáverandi stjórnenda Samskipa og Eimskips kemur ekkert fram sem gefur til kynna að umrædd samvinna Samskipa og Eimskips hafi haft lögmæt markmið. Við heildarmat á gögnum málsins eru því framburðir (E)forstj, (S)aðaleig-stjform-SH og (E)frkvstj-alþjv til stuðnings því að framangreint samstarf Samskipa og Eimskips hafi verið hluti af því ólögmæta samráði sem féll undir „Nýtt upphaf“ verkefnið.
3681. Vegna framangreinds framburðar (S)frkvstj-millilandasv áréttast að hann bar á þessum tíma ábyrgð gagnvart (S)aðaleig-stjform-SH á skipakerfi og sjóflutningum Samskipa. Í þessu sambandi vísast einnig til aðkomu hans að samskiptum og samráði við Eimskip seinni hluta árs 2008. Sú afstaða (S)frkvstj-millilandasv að neita að tjá sig um samstarf fyrirtækjanna vegna gáma og flutninga tengdum Reyðarfirði vekur óneitanlega athygli. Minnt skal á að (S)frkvstj-millilandasv kaus jafnframt við skýrslutöku hjá lögreglu að tjá sig ekki um samskipti við starfsmenn, stjórnendur og stjórnarmenn Eimskips.¹⁸⁹⁸

¹⁸⁹⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 17.



3682. (S)frkvstj-millilandasv tengdi spurningar lögreglu, um breytingar á siglingakerfi og slotsamning Eimskips og Samskipa, vegna flutninga til og frá Reyðarfirði, við svokallað neyðarsamkomulag fyrirtækjanna. Eins og áður segir hafði (S)frkvstj-millilandasv unnið að „Nýtt upphaf“ verkefninu fyrirtækjanna frá júní 2008 og m.a. unnið að „Útvíkkun“ á neyðarsamkomulagi þeirra. Styður þetta niðurstöðu um ólöglegt samráð Samskipa og Eimskips, sbr. einnig umfjöllun í næsta kafla.

9.12.2. „Útvíkkað neyðarsamkomulag“ / „Almennur slot sharing samningur“ o.fl.

3683. Breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu Eimskips og Samskipa í ágúst og október/nóvember 2008 sköpuðu eins og áður segir tiltekin viðfangsefni.

3684. Á Austurleið Eimskips voru siglingar áður m.a. milli Reykjavíkur, Reyðarfjarðar og Þórshafnar í Færeyjum. Við breytingu á siglingaleið Eimskips í ágúst 2008 lagði Eimskip niður flutninga milli Færeyja og Íslands á Austurleið. Hér er ástæða til að rifja upp eftirfarandi atvik sem gerðust í kjölfarið:

- Gögn Eimskips frá 9. september 2008 sýna áhyggjur fyrirtækisins af því að breytingar fyrirtækisins á siglingakerfinu valdi því að það getir ekki lengur boðið mikilvægum viðskiptavinum upp flutningsþjónustu á ferskum fiski frá Austurlandi til Bretlands, sbr. kafla 8.16.5.
- Fundargerð vegna fundar m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl 15. september 2008. Þar kom fram að líkur væru á því að Eimskip myndi með reglubundnum hætti fara að flytja út hluta af áli Alcoa til Evrópu og að skoða yrði að „senda ferskan fisk með Samskip til Færeyja þar sem að honum [væri] siglt áfram til Immingham“, sbr. kafla 8.16.5.
- Eins og fram kemur í kafla 8.17.3 sendi (E)frkvstj-flutnkerf þann 5. október 2008 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og tiltók málefni sem hann vildi að rædd yrðu á fundi fyrirtækjanna daginn eftir. Vildi Eimskip m.a. ræða þetta:

„2) Ísland-Færeyjar

Hvað getur þú boðið okkur í flutninga á 20-40' gámum RFJ-Færeyjar ???

- Þann 14. október 2008 sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og spurði hvort Samskip væru búin að „skoða þetta eitthvað hvað varðar Færeyjar“, sbr. kafla 8.19.2.
- Þann 15. október 2008 var vísað til fundar stjórnenda Samskipa sama morgun. Segir í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH til (S)frkvstj-millilandasv að Samskip séu farin að huga að breytingum og að breytingar séu hafnar á áætlunarkerfi og gámastokk. Slíkt hafi augljós áhrif á flutningaþjónustu Samskipa vegna Alcoa. Í tölvupóstinum 15. október 2008 hafði (S)frkvstj-millilandasv fengið það verkefni að senda Alcoa staðfestingu á þessu. Í sama tölvupósti undir liðnum „Slot verð EI“ sést að (S)forstö-innfl1 hafði fengið það verkefni að ræða við Eimskip um „almennt slotverð hjá þeim“ bæði í inn- og útflutningi, sjá umfjöllun í kafla 8.19.3. Samtímagögn sýna samskipti (S)forstö-innfl1 við Eimskip síðar sama dag.
 - Viðræður Samskipa og Eimskips á þessum tíma tóku því ekki aðeins til flutninga Samskipa og Eimskip milli Íslands og Færeyja heldur einnig til víðtæks samstarfs í flutningum milli Íslands og annarra Evrópuríkja. Auk þess var til umræðu hjá fyrirtækjunum áframhaldandi samstarf í flutningum til og frá Norður-Ameríku, ásamt því að auka samstarf tengdum þeim flutningum.
- Síðar sama dag, 15. október 2008, svaraði (S)frkvstj-millilandasv tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf frá 14. október 2008. Sagði (S)frkvstj-millilandasv að Samskip leggi til að „við við gerum almennan slot sharing samning á milli félaganna sem gera báðum aðilum mögulegt að bóka skip hvors annars á fyrirfram umsömdum verðum. Færeyjaverð myndu falla undir slíkt samkomulag. Við komum með tillögu að slíku samkomulagi í vikunni ef ykkur hugnast þessi leið.“



- (E)frkvstj-flutnkerf svaraði samdægurs: „Við erum tilbúnir að skoða allt komið með tillögu“, sbr. kafla 8.19.3.

- Að kvöldi 15. október 2008 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og kvaðst hafa rætt við Eimskip sama dag um flutninga fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja, sbr. kafla 8.19.3. Eins og áður segir höfðu Eimskip rætt við Samskip um samstarf í sjóflutningum frá Reyðarfirði til Færeyja og tengdist það breytingu Eimskips á siglingakerfi fyrirtækisins.
- Þann 16. október 2008 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl og spurði hvort Eimskip væri búið að „kíkja á flutninginn frá Reykjavík til Færeyja“, sbr. kafla 8.19.4.

3685. Rétt er að áréttu hér tvo tölvupósta, sem nefndir voru hér að framan, og viðbrögð hvors fyrirtækis. Annars vegar tölvupóst (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-millilandasv 5. október 2008 þar sem óskað er eftir verði í flutninga fyrir Eimskip frá Reyðarfirði til Færeyja og hins vegar tölvupóst (S)forstö-innfl1 til (E)forstö-innfl 16. október 2008 vegna flutninga fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja. Í fyrra tilvikinu þurfti Eimskip rými fyrir flutninga frá Reyðarfirði vegna þess að Austurleið hætti viðkomu á Íslandi og í síðara tilvikinu þurfti Samskip rými fyrir flutninga frá Reykjavík til Færeyja þar sem breyting á leiðakerfi fyrirtækisins fól m.a. í sér að á útleið frá Suðvesturlandi yrði engin viðkoma í Færeyjum.

3686. Sýna þessi gögn samráð fyrirtækjanna og framgang „Nýtt upphaf“ verkefnisins.

3687. Í þessu sambandi skjal jafnframt áréttuð:

3688. (S)forstö-innfl1 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst þann 16. október 2008 og í honum segir: „Hér er núgildandi neyðarsamkomulag við Eimskip.¹⁸⁹⁹ Ég er að skrifa upp tillögu að nýju samkomulagi. Heyrði í [(E)forstö-innfl] í morgun og þeir munu taka nokkra gáma fyrir okkur í næstu viku frá Reykjavík til Færeyja. Hann gaf mér engin verð í það, þó að ég hafi beðið hann um það. Hann sagði að þau verð yrðu að vera svipu[ð] og þau sem þeir hafa beðið okkur um frá Reyðarfirði til Færeyja. Það er ljóst að við þurfum að svara þeim va[r]ðandi þá flutninga áður en við getum gengið frá nýju samkomulagi við þá. Það flækir málið!“

3689. Um kvöldið sama dag, 16. október 2008, sendi (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-millilandasv tillögu að „útvíkkuðu neyðarsamkomulagi“.

3690. Sýnir framangreint að (S)forstö-innfl1 hafi byggði tillögu sína um „almennan slot sharing samning“ milli Samskipa og Eimskips á „neyðarsamkomulaginu“ frá árinu 2001 og nefndi drögin að þessu nýja samkomulagi „útvíkkað neyðarsamkomulag“. Sagði (S)forstö-innfl1 einnig í tölvupóstinum til (S)frkvstj-millilandasv að Samskip þyrftu að breyta verklagi sínu ef fyrirtækið ætlaði að fara „flytja meira“ með Eimskip „s.s. frá Reykjavík til Færeyja og kannski frá Noregi til Reykjavíkur“.

9.12.2.1. Samskip senda Eimskip tillögu að auknu samstarfi í sjóflutningum milli Íslands og annarra Evrópulanda

3691. Eins og fram kom í kafla 9.3 lýsti (S)aðaleig-stjform-SH því yfir þann 20. október 2008 að Samskip væru um það bil að ljúka samningum við Eimskip, Alcoa og eigendur að skipum sem Samskip hafði á leigu og notaði í flutningum til og frá Íslandi.

3692. Sama dag, 20. október 2008, sendi (S)frkvstj-millilandasv til (E)frkvstj-flutnkerf drög að hinu „útvíkkaða neyðarsamkomulagi“. Í 2. mgr. þess segir:

„Samningur þessi er útvíkkun á gildandi neyðarsamkomulagi á milli félaganna dagsett 31.11.2001. Ástæða þessarar útvíkkunar er ótryggt ástand á fjármálamarkaði og óvissa í efnahagsmálum

¹⁸⁹⁹ Samtímagögnin sýna að gera átti „almennan slot sharing samning“ með því að breyta þágildandi „neyðarsamkomulagi“ frá 2001. Var það nefnt „útvíkkað neyðarsamkomulag“.



Íslendinga sem meðal annars hefur leitt til gríðarlegs samdráttar í flutningum einkum til landsins. Vegna þessara breyttu aðstæðna vilja félögin hafa möguleika á að hagræða í rekstri og nýta flutningakerfi hvors annars í meira mæli en áður. Samningur þessi tekur því ekki einvörðungu til flutninga sem skapast vegna bilana skipa, strands eða annarra óviðráðanlegra orsaka, heldur tekur nú til almennra flutninga félaganna án skilyrða."

3693. (E)frkvstj-flutnkerf svaraði tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv samdægurs og sagði: „Við skoðum þetta og kem til baka.“ Stuttu síðar sama dag sendi (E)frkvstj-flutnkerf annan tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og sagði að Eimskip teldi að hækka ætti það verð sem fram kæmi í drögum. Sama dag lét (E)frkvstj-flutnkerf undirmann sinn senda til sín uppfærðar upplýsingar varðandi „*gámastokk í höfnum*“ en upphaflegu samskiptin vegna þessa byrjuðu 10. október 2008, eða sama dag og Samskip segjast hafa átt fund með Alcoa vegna kröfu um skerðingu á þjónustu og verðhækkun.¹⁹⁰⁰ Talið er að þessi skoðun (E)frkvstj-flutnkerf á gámastokkum í höfnum Eimskips hafi tengst samskiptunum við Samskip og samráði fyrirtækjanna á þessum tíma um takmörkun á flutningsgetu og viðfangsefnum vegna gámastýringar í kerfum þeirra.
3694. Af viðbrögðum Eimskips við áðurnefndri tillögu Samskipa um „*útvíkkað neyðarsamkomulag*“ verður ekki ráðið að fyrirtækið hafi verið ósammála framangreindum kjarna í tillögu um útvíkkun á neyðarsamkomulagi, enda var markmið breytingar á „*neyðarsamkomulaginu*“ hið sama og markmið „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins, þ.e. aukið samstarf sem miðaði m.a. að samnýta flutningakerfi fyrirtækjanna, lágmarka kostnað, draga úr samkeppni og auka afkomu beggja fyrirtækjanna. Af hálfu Eimskips komu einungis fram vísbendingar um að það fyrirtæki teldi að verð fyrir þjónustuna sem drögin fólu í sér væri of lágt, sbr. viðbrögð (E)frkvstj-flutnkerf að framan og var lögð til hækkun.
3695. Vilji Samskipa og Eimskips um aukið samstarf að þessu leyti endurspeglast því mjög skýrt í drögum að „*útvíkkuðu neyðarsamkomulagi*“ og í samskiptum fyrirtækjanna við undirbúning þess sem þegar hefur verið lýst. Var þetta hluti af þeim aðgerðum sem féllu undir „*Slotsamningar í siglingakerfinu*“ í glærुकyningunni um „*Nýtt upphaf*“ verkefnið sem (E)frkvstj-alþjvs vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir.
3696. Eimskip og Samskip og Alcoa áttu samskipti á Reyðarfirði þann 22. október 2008 og funduðu með Alcoa, sbr. umfjöllun um þau atvik samráðsins í kafla 9.4. Daginn eftir funduðu (E)forstö-innfl , (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl og átti að ræða samstarf við Samskip. Nánar tiltekið var fundarefnið eftirfarandi:
- „Samskip samningur ex USA og Neyðarsamkomulag um gámaflutninga“.*
3697. Samkvæmt þessu hittust stjórnendur Eimskips, sem átt höfðu í samskiptum við (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1, daginn eftir fund Eimskips og Samskipa á Reyðarfirði 22. október 2008 til þess að ræða tvö mikilvæg málefni sem féllu undir „*Slotsamningar í siglingakerfinu*“ í „*Nýtt upphaf*“ verkefninu, þ.e. annars vegar samráð í sjóflutningum til og frá Norður-Ameríku og hins vegar samráð í sjóflutningum til og frá Evrópu.

9.12.2.2. Flutningar Eimskips fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja

3698. Í framangreindum tölvupóstum (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-millilandasv frá 16. október 2008 fjallaði hann um tillögu sína um „*útvíkkað neyðarsamkomulag*“ og að breyta þyrfti verklagi innan Samskipa ef fyrirtækið ætlaði að fara „*flytja meira*“ með Eimskip, m.a. frá Reykjavík til Færeyja. Einnig lýsti hann viðræðum við (E)forstö-innfl um flutninga fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja.
3699. Hvað varðar þetta samstarf Eimskips og Samskipa milli Reykjavíkur og Færeyjar þá liggja fyrir samtímagögn sem sýna framkvæmd þess. Vísast hér t.d. til tölvupósts frá 27. október 2008 sem bar heitið „*Flutningar til Færeyja*“. Þar sendi Einingaverksmiðjan flutningsbeiðni til Samskipa vegna

¹⁹⁰⁰ Mgr. 41. í athugasemdum Samskipa við AI. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].



sjóflutninga á vörum frá Reykjavík til Færeyja. Daginn eftir svaraði viðskiptastjóri útflutningsdeildar hjá Samskipum og upplýsti að Samskip gætu ekki lengur boðið upp á siglingar milli Reykjavíkur og Færeyja.

3700. Í svörum Einingaverksmiðjunnar segir:

„Í gær fengum við að vita að Samskip myndi halda áætlun í samráði við Eimskip. Að við gætum pantað gáma hjá Samskip sem síðan færur með Eimskip. „Er það rétt? Eða er engin þjónusta hjá Samskip til Færeyja?“

3701. Viðskiptastjóri útflutningsdeildar hjá Samskipum svaraði samdægurs og sagði:

„Við [Samskip] getum sent með Eimskip gáma sem eru ekki með yfirstærðum.

Eimskip taka ekki yfirstærðir fyrir okkur.

*Þau verð sem Einingaverksmiðjan hefur haft hjá Samskip eru langt undir því sem Samskip þarf að greiða Eimskip og því get ég ekki heldur boðið ykkur að flytja þá gáma sem eru ekki yfirstærðir“.*¹⁹⁰¹

3702. Þessi samskipti sýna að fyrir hendi var samkomulag milli Samskipa og Eimskips vegna flutninga milli Reykjavíkur og Færeyjar. Þegar Samskip takmarkaði flutningsgetu og hætti flutningum á þessari leið náði samkomulagið til þess að Eimskip gæti tekið að sér flutninga fyrir Samskip. Af svörum viðskiptastjórans hjá Samskipum má sjá að þetta átti þó ekki við gáma með yfirstærðum eða í þeim tilvikum ef verð viðskiptavina Samskipa var hærra en það verð sem Samskip greiddu Eimskip fyrir flutningana.

3703. Hér ber að líta til þess að samkvæmt afhentum upplýsingum Samskipa hafði fyrirtækið ekki aftur tengingu milli Reykjavíkur og Færeyja fyrr en leið undir lok megin samráðstímabilsins með Eimskip, eða frá mars 2013, en þá gerði Samskip breytingu á Leið 2.

3704. Í mgr. 59 í bréfi Samskipa dags. 13. júní 2022 setur fyrirtækið fram athugasemdir vegna umræddra samskipta Samskipa við Einingaverksmiðjuna. Byggja Samskip m.a. á því að gagnið sýni að „[e]inhvers misskilnings virðist hafa gætt í samskiptum við Einingaverksmiðjuna, ef marka má tilvísun starfsmanns þess félags til þess að Samskip muni „halda áætlun í samráði við Eimskip““. Ekkert flutningasamkomulag hafi verið í gildi milli Samskip og Eimskips vegna flutninga til og frá Færeyjum. Tilvísan viðskiptastjóra Samskipa til verðs milli Eimskips og Samskipa sé „væntanlega“ vísan til „neyðarsamkomulags“ fyrirtækjanna, sem hafi verið lögmaett.

3705. Samtímagögn sem sýna samskipti milli Samskipa og Eimskips vegna breytinga á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu eru skýr. Þau sýna að annað hvort var komið á eða fyrir hendi var samkomulag milli Samskipa og Eimskips um samstarf í flutningum milli Reykjavíkur og Færeyja. Ekki er fallist á þessi sjónarmið Samskipa, sbr. nánari umfjöllun í kafla 25.24.11.

3706. Ólögmati þessa samráðs Samskipa og Eimskips ræðst ekki af því hvort fyrirtækin nefndu grundvöll samstarfs síns „neyðarsamkomulag“, „útvíkkað neyðarsamkomulag“, „almennur slot sharing samningur“ eða eitthvað annað. Aðalatriðið er að þetta aukna samstarf fyrirtækjanna var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Hér ber að áréttu að þann 16. október 2008 ræddi (S)forstö-innfl1 við (E)forstö-innfl1 um flutninga Eimskips fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja, sbr. kafla 8.19.3. Hvað áhrærir önnur gögn um samskipti og mögulegt aukið samstarf fyrirtækjanna ber að hafa m.a. í huga að í tölvupóstsamskiptum milli (E)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv 5. nóvember 2008 var vísað til viðræðna fyrirtækjanna um hið „útvíkkaða neyðarsamkomulag“. Voru Eimskip og Samskip ósammála um hvort það ætti að taka til flutninga til og frá Kanada, sbr. umfjöllun í kafla 10.2.

¹⁹⁰¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.817873.



3707. Flutningamarkaðurinn á Íslandi á þessum tíma var tví- eða fákeppnismarkaður, sbr. kafla 3. Öll samskipti Samskipa og Eimskips sem tengdust flutningastarfsemi þeirra voru því einkar varhugaverð í skilningi samkeppnisréttarins, sbr. m.a. kafla 4.1 og 4.6.3.2. Með ítrekuðum samskiptum stjórnenda Samskipa og Eimskips viðhéldu fyrirtækin því ólögmæta ástandi sem þau höfðu komið upp á markaðnum frá miðju ári 2008. Í þessum samskiptum öllum fólust skýr skilaboð um að fyrirtækin ætluðu sér að vinna saman en ekki keppa. Öll framangreind gögn um samskipti um aukið samstarf sýna að fyrirtækin drógu úr æskilegri óvissu á markaði og var sjálfstæði keppinauta skert eða því nærri eytt með öllu. Fór þessi háttsemi gegn bannreglu 10. gr. samkeppnislaga.
3708. Engu breytir um ólögmæti þessa samfellda samráðs þótt Samskip og Eimskip hafi ekki undirritað hið „útvíkkaða neyðarsamkomulag“ sem (S)frkvstj-millilandasv sendi (E)frkvstj-flutnkerf 20. október 2008. Áttu Samskip og Eimskip áfram í auknu samstarfi í sjóflutningum og brugðust saman við viðfangsefnum sem leiddu af breytingum á siglingakerfinu og takmörkun á flutningsgetu. Gerðu fyrirtækin með sér slotsamninga og höfðu með sér samstarf til þess að láta hið ólögmæta samráð, sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið til staðar á þessum tíma, ná fram að ganga. Vísast hér til flutninga Eimskips fyrir Samskip til Færeyja, flutninga Eimskips fyrir Samskip á gámum frá Reykjavík til Reyðarfjarðar, flutninga Eimskips fyrir Samskip á hluta af áli Alcoa, „skilgreint verklag“ fyrirtækjanna í Rotterdam vegna gámanna sem notaðir voru til flytja út ál Alcoa til Evrópu og flutninga Eimskips fyrir Jóna sem tengdust m.a. Bretlandi og Noregi. Þá ber að líta til þess að áfram var í gildi hið ólögmæta samkomulag um venjulega sjóflutninga milli Íslands og Evrópu, sbr. „neyðarsamkomulagið“ frá árinu 2001. Það samkomulag var síðan endurnýjað í desember 2010 með víðtækara gildissviði, sbr. kafla 14.33.14.

9.12.2.3. Skýringar stjórnenda

3709. Hvorki við upplýsingagjöf stjórnenda Samskipa og Eimskips í september 2013 né í síðari upplýsingagjöf fyrirtækjanna við rannsókn málsins var upplýst um hið „útvíkkaða neyðarsamkomulag“ sem (S)frkvstj-millilandasv sendi Eimskip 20. október 2008. Ekki var heldur greint frá samskiptum eða samstarfi vegna flutninga milli Íslands og Færeyja.
3710. Þegar teknar voru skýrslur af (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv hjá lögreglu voru þeir spurðir m.a. um samstarf Samskipa og Eimskips vegna flutninga tengdum Færeyjum eftir breytingar á siglingakerfum fyrirtækjanna á síðari hluta ársins 2008.
3711. Í skýrslutöku (S)aðaleig-stjform-SH sagðist hann ekki halda að það hefði verið samstarf milli Samskipa og Eimskips vegna flutninga og viðkomu í Færeyjum, sbr.:

HS Hérna ein sem mig langar að spyrja þig, en varðandi Færeyjar.

(S)aðaleig-stjform-SH Já.

HS Voru einhverjar, höfðu, höfðu það eitthvað áhrif í Færeyjum, þessi breyting hjá ykkur, sem leiddi til þess að það þurfti að leita til Eimskips á einhverjum tímapunkti?

(S)aðaleig-stjform-SH Segðu þetta aftur.

HS Varðandi Færeyjar, þurfti á einhverjum tímapunkti að leita til Eimskips?

(S)aðaleig-stjform-SH Með Færeyjar?

HS Já.

(S)aðaleig-stjform-SH Nei, það held ég ekki.

HS Hver myndi vita það hjá ykkur?

(S)aðaleig-stjform-SH Ég þekki það bara ekki, flutningastjórnun eða hvað það væri.¹⁹⁰²

¹⁹⁰² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 136 – 137.

3712. Í skýrslutöku (S)frkvstj-millilandasv, sem bar ábyrgð m.a. á flutningakerfi- og stjórnun Samskipa, neitaði hann aðspurður og sagðist ekki muna hvort það hefði verið samstarf milli Samskipa og Eimskips vegna flutninga tengdum Færeyjum. Stuttu síðar í skýrslutökunni sagði (S)frkvstj-millilandasv á hinn bóginn eftirfarandi:

(S)frkvstj-millilandasv Ég man ekki reyndar hérna hvernig endurskoðaða [neyðar]samkomulagið var, hvort það hélt, innihélt Færeyjar eða ekki sko.

HS Mm.

(S)frkvstj-millilandasv Það kann að hafa verið í því.

HS Mhm.

(S)frkvstj-millilandasv Það var ekki í gamla samkomulaginu frá 2001 minnir mig.

HS Nei.

(S)frkvstj-millilandasv En það kann að hafa verið komið inn í, í, nýrra samkomulagið.¹⁹⁰³

3713. Í skýrslutökunni lagði lögregla gögn fyrir (S)frkvstj-millilandasv og bauð honum að tjá sig um „útvíkkað neyðarsamkomulag“ / „neyðarsamkomulag“ Eimskips og Samskipa og samstarf vegna Færeyja:

HS Já, þú vilt ekkert tjá þig meira um það?

(S)frkvstj-millilandasv Nei.¹⁹⁰⁴

3714. Í skýrslutöku (E)forstj hjá lögreglu kom þetta fram varðandi samstarf Eimskips og Samskipa vegna flutninga tengdum Færeyjum:

HS Sú breyting sem varð á siglinga-, eða skipakerfi eða siglingaáætlun Eimskips þarna í 1. ágúst 2008 leiddi hún til þess að Eimskip þurfti að kaupa þjónustu af Samskipum, t.d. slot eða eitthvað slíkt.

(E)forstj Nei ég held að, ég veit ekki til þess að við kaupum nokkurinn tíman[n] slot af þeim. Þetta var, ég held að ... ég þyrfti að skoða en ég held þetta hafi snúist aðallega um Færeyjar. Það var að breytast buisnessinn í Færeyjum.¹⁹⁰⁵

3715. Síðar í skýrslutökunni sagðist (E)forstj aðspurður ekki vita til þess að Samskip og Eimskip hafi, eftir siglingakerfisbreytingu Samskipa árið 2008, haft samstarf vegna flutninga tengdum Færeyjum.¹⁹⁰⁶

3716. Í skýrslutöku (E)frkvstj-alþjsv kom fram hjá honum að hann hafi borið ábyrgð á framleiðslukerfi Eimskips á Norður-Atlantshafssviði, þ.a m. þjónustu í Færeyjum.¹⁹⁰⁷ Aðspurður neitaði (E)frkvstj-alþjsv því að Eimskip og Samskip hafi leitað til hvors annars um siglingar eða slotsamninga vegna Færeyja.¹⁹⁰⁸

3717. Breyting á siglingakerfi og takmörkun á flutningsgetu er óhjákvæmilega afar mikilvægt málefni og viðfangsefni í rekstri skipafélags. Ekki er trúverðugt að forstjórar Eimskips og Samskipa, sem höfðu verið stjórnendur í áratugi hjá fyrirtækjunum, hafi ekkert vitað og muni ekkert um samstarf fyrirtækjanna vegna flutninga tengdum Færeyjum, sem sannanlega voru fyrir hendi samkvæmt samtímagögnum. Þá sýna samtímagögn eins og áður segir aðkomu þeirra beggja að aðdraganda þessara breytinga og auknu samstarfi fyrirtækjanna. Einnig áttu (S)aðaleig-stjform-SH og (E)forstj fjölda funda með undirmönnum sínum um atriði sem féllu undir ólíka verkþætti „Nýtt

¹⁹⁰³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 127 – 129.

¹⁹⁰⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 138 – 139.

¹⁹⁰⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 209.

¹⁹⁰⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 213.

¹⁹⁰⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 1 – 4, 57, 104, 139 og 210.

¹⁹⁰⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 211.



upphaf" verkefnisins. Þessi undirmenn Samskipa og Eimskips voru síðan í tíðum samskiptum á sama tíma um málefni fyrirtækjanna.

3718. (E)frkvstj-alþjv neitaði sem fyrr segir aðspurður að Samskip og Eimskip hafi leitað til hvors annars vegna flutninga tengdum Færeyjum. Sá framburður er í beinu ósamræmi við samtímagögn. Ekki er trúverðugt að einn af æðstu stjórnendum Eimskips, sem hafði starfað í tugi ára hjá fyrirtækinu og bar ábyrgð á flutningum og þjónustu vegna Norður-Atlantshafsins, þ.á m. vegna starfsemi Eimskips í Færeyjum, hafi ekki haft vitneskju um samskipti við keppinautinn vegna samstarfs í flutningum milli Íslands og Færeyja og slotsamstarfs sem fyrirtækin komu á. Undirstrika ber einnig að glærुकyningin um „Verkefnið Nýtt upphaf“ Eimskips og Samskipa var vistuð í tölvu (E)frkvstj-alþjv sunnudaginn 8. júní 2008, tveimur dögum eftir fund æðstu stjórnenda og stjórnarformanna Eimskips og Samskipa í húsnæði Kjalars að Suðurlandsbraut. Einn verkþáttur verkefnis Samskipa og Eimskips var að meta aukið samstarf í sjóflutningum m.a. með því að „skiptast á slottum“ í Evrópuflutningum og „erlendum höfnum“. Samkvæmt kynningunni var (E)frkvstj-alþjv í vinnuhópi (ásamt (S)aðaleig-stjform-SH og (E)forstj) sem hafði verið ákveðið að stofna til að „taka“ verkefnin áfram. Eins og fjallað er ítarlega um hér að framan hafði (E)frkvstj-alþjv síðan aðkomu að siglingakerfisbreytingum seinni hluta árs 2008, sbr. umfjöllun í köflum 8.9.2, 8.10.1, 8.12–8.15 og 8.16.5.4, en (E)frkvstj-alþjv sat t.a.m., ásamt (E)forstj, ítrekað innanhússfundi vegna þessa með m.a. (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutkerf, sem voru á þeim tíma í samskiptum við sömu lykilstjórnendur Samskipa vegna þess þáttar „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til takmörkunar á flutningsgetu. Hér er ekki meðtalin aðkoma (E)frkvstj-alþjv að öðrum þáttum samráðsins á sama tíma, t.d. varðandi „short sea“ flutninga í Evrópu og frystigeymslur.
3719. (S)aðaleig-stjform-SH vísaði í sínum framburði til þess að upplýsingar um samstarf Samskipa við Eimskips vegna flutninga tengdum Færeyjum ættu að liggja hjá flutningsstjórnunardeild Samskipa. (S)frkvstj-millilandasv var framkvæmdastjóri millilandasviðs á árinu 2008 og bar því ábyrgð á m.a. flutningsstjórnun og siglingakerfinu gagnvart (S)aðaleig-stjform-SH. Þá sýna samtímagögn að (S)frkvstj-millilandasv hafði ríka aðkomu að samskiptum við Eimskip, meðal annars að undirbúa og koma á auknu samstarfi fyrirtækjanna í sjóflutningum og útvíkkun á „neyðarsamkomulag“ fyrirtækjanna, vegna siglinga milli Íslands og Evrópu, þ.á m. samstarfs vegna sjóflutninga milli Íslands og Færeyja, sbr. umfjöllun í kafla 8.19. Í dæmaskyni má nefna að 15. október 2008, svaraði (S)frkvstj-millilandasv tölvupósti (E)frkvstj-flutkerf frá 14. október 2008. Í tölvupóstinum segir (S)frkvstj-millilandasv að Samskip leggi til að „við gerum almennan slot sharing samning á milli félaganna sem gera báðum aðilum mögulegt að bóka skip hvors annars á fyrirfram umsömdum verðum. Færeyjaverð myndu falla undir slíkt samkomulag. Við komum með tillögu að slíku samkomulagi í vikunni ef ykkur hugnast þessi leið.“ (E)frkvstj-flutkerf svaraði samdægurs: „Við erum tilbúnir að skoða allt komið með tillögu“, sbr. kafla 8.19.3. Um kvöldið sama dag, 15. október 2008, sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og kvaðst hafa rætt við Eimskip þennan dag um flutninga fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja, sbr. kafla 8.19.3. Þann 16. október 2008 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl og spurði hvort Eimskip væri búíð að „kíkja á flutninginn frá Reykjavík til Færeyja“, sbr. kafla 8.19.4. Af samtímagögnum verður ráðið að í lok október 2008 var fyrir hendi eða hafði komist á samstarf milli Eimskips og Samskipa vegna flutninga milli Íslands og Færeyja.
3720. Framangreint sýnir að (S)frkvstj-millilandasv þekkti vel atvik sem vörðuðu samstarf Samskipa við Eimskips vegna flutninga tengdum Færeyjum. Í skýrslu (S)frkvstj-millilandasv hjá lögreglu bar hann á hinn bóginn við minnisleysi. Athygli vekur þó að (S)frkvstj-millilandasv tengdi siglingakerfisbreytingarnar og samstarf Eimskips og Samskipa vegna Færeyja við „neyðarsamkomulag“ fyrirtækjanna og endurskoðun þess. Þegar (S)frkvstj-millilandasv var boðið að tjá sig frekar um það og hið „útvíkkaða neyðarsamkomulag“ neitaði hann á hinn bóginn að tjá sig frekar.
3721. Sú staðreynd að (S)frkvstj-millilandasv, þáverandi yfirmaður siglingakerfa Samskipa, kaus í skýrslutöku hjá lögreglu að útskýra ekki nánar þessa tengingu og samstarf er ekki til stuðnings því



að um lögmæta háttsemi hafi verið að ræða. Hafa ber í huga að við sama tilefni kaus (S)frkvstj-millilandasv að tjá sig ekki um samskipti við starfsmenn eða stjórnendur Eimskipa þegar hann var við störf hjá Samskipum á árunum 2008 til 2011.¹⁹⁰⁹

9.12.3. Hraðflutningar frá Rotterdam til Reykjavíkur

3722. Eitt af viðfangsefnum „Nýtt upphaf“ verkefnisins vegna breytinga á siglingakerfum seinni hluta árs 2008 tengdist grænmetis- og ávaxtaflutningum frá Rotterdam til Íslands á svokallaðri „Rotterdam Express“-leið Samskipa. Undir þessa leið féllu t.d. flutningar á viðkvæmri og lítt geymsluþolinni matvöru, t.a.m. flutningar Samskipa fyrir BÚR. Verða nú helstu þættir þessa dregnir saman.
3723. Þann 14. júlí 2008 sat (S)aðaleig-stjform-SH stjórnarfund Samskipa Holding þar sem hann fór yfir og rætt var um samstarf við Eimskip vegna breytinga á siglingakerfum. Var á þeim fundi ákveðið að kanna þetta nánar. Um kvöldið 24. júlí 2008 fékk (S)aðaleig-stjform-SH sent skjalið „Siglingakerfi – hagræðing“ frá undirmanni (S)frkvstj-millilandasv, sbr. kafla 8.10 og 8.13. Þar var fjallað um breytingar á siglingakerfi Samskipa, takmörkun á flutningsgetu og samstarf við Eimskip vegna þessa. Eins og eftirfarandi skjáskot sýnir var m.a. fjallað um þessa útfærslu ef Samskip takmörkuðu flutningsgetu með því að fara úr fjögurra skipakerfi í þriggja skipakerfi:

Samskip	
Árlegur sparnaður v/ færri skipa (eitt skip út)	530
T/C risk á 4. skipinu	-50
Tapaðar tekjur v/ minni flutningsgetu - 60.000 t af áli	-50
Aukakostnaður v/ færslu milli terminala með ál í RTM	-30
Töpuð framlegð í útflutningi frá FO	-30
Grænmeti fyrir BÚR	-50
Ávinningur p.a.	320
Eimskip	
Tekjur af álútflutningi fyrir Samskip	50
Tekjur af innflutningi á grænmeti fyrir Samskip	50
Ávinningur p.a.	100

3724. Með þessari breytingu sinntu Samskip ekki lengur innflutningi á grænmeti og ávöxtum fyrir BÚR. Sökum þessa var í skjalinu lagt til grundvallar að tekjur Samskipa myndu minnka um 50 milljónir kr. Þetta var þó háð forsendu um aukið samstarf við Eimskip. Sést þetta af eftirfarandi athugasemd sem fram kemur í dálknum við hliðina á þessari umfjöllun um BÚR:

„Að því gefnu að hægt verði að semja við EÍ um föst slot í viku á Suðurleið fyrir þetta tapast ekki öll framlegðin (annars tapast öll velta -80 mkr)“

3725. Ábati Eimskipa samkvæmt framangreindu fólst annars vegar í því að taka að sér „fyrir Samskip“ hluta af þeim útflutningi á áli til Rotterdam sem féll undir samning Samskipa við Alcoa og hins vegar að annast „fyrir Samskip“ innflutning á grænmeti og ávöxtum fyrir BÚR sem Samskip myndu ekki geta sinnt með því að fara úr fjögurra skipakerfi í þriggja skipakerfi.

¹⁹⁰⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 17.



3726. Daginn eftir að (S)aðaleig-stjform-SH fékk umrætt skjal funduðu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip eða 25. júlí 2008. Á þeim fundi voru rædd málefni sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið, þ.á m. slotsamstarf og fækkun skipa. Eftir þann funduðu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S og var fundarefnið „New beginning“, sbr. kafla 8.13.
3727. Samtímagögn sýna að grænmetis- og ávaxtaflutningar frá Rotterdam voru áfram hluti af viðræðum og samstarfi Samskipa og Eimskips í kjölfarið. Þann 15. október 2008 héldu (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfll, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-skiparek fund þar sem rætt var um þau viðfangsefni og verkefni sem féllu til vegna fyrirhugaðra breytinga á siglingakerfi Samskipa. Á fundinum skiptu stjórnendurnir með sér verkefnunum. Á fundinum voru (S)forstö-innfl1 falin eftirtalin verkefni, sbr. tölvupóst (S)aðaleig-stjform-SH sama dag og nánari umfjöllun í kafla 8.19.3:
- „1. Grænmeti
- (S)forstö-innfl1 kanni hvort / hvernig hægt að rúta eftir að R'dam express rúta breytist.
2. Slot verð EI [Eimskip]
- (S)forstö-innfl1 ræði við EI [Eimskip] um almennt slotverð hjá þeim, hvort sem um er að ræða innfl eða útfll“
3728. Á fundi lykilstjórnenda Samskipa 15. október 2008 var þannig ekki eingöngu ákveðið að (S)forstö-innfl1 ætti að huga að ferskvöruflutningum sem höfðu til þessa farið með „Rotterdam express“ leið Samskipa, heldur einnig að ræða við Eimskip um almennt slotverð vegna inn- og útflutnings. Undir slíkt féllu meðal annars framangreindir flutningar á ferskvöru til landsins. Eins og áður sagði var í skjalinu „Siglingakerfi – hagræðing“ frá 24. júlí 2008 vísað til slot samstarfs við Eimskip í tengslum við þennan innflutning á grænmeti og ávöxtum fyrir BÚR.
3729. Í mgr. 962-963 í athugasemdum Samskipa við AI segir þetta um framangreindan tölvupóst (S)aðaleig-stjform-SH 15. október 2008:
- „[...] (S)forstö-innfl1 fékk það verkefni í tengslum við umrædda flutninga fyrir BÚR að kanna möguleika á því hvort Samskip gætu haldið áfram að bjóða BÚR upp á viðskiptin með því að sinna hluta af flutningum fyrir fyrirtækið á grundvelli slotsamninga við Eimskip á milli Íslands og Evrópu. Orðalag (S)aðaleig-stjform-SH í tölvupóstinum, þ.e. að „(S)forstö-innfl1 ræði við EÍ um almenn slotverð hjá þeim“ staðfestir að engar slíkar viðræður höfðu farið fram á milli félaganna á þessum tíma.
- Ofangreindar aðgerðir fólu í sér sértæk viðbrögð Samskipa við óvenjulegur aðstæður til að leysa yfirvofandi örðugleika í flutningum fyrir mikilvæga viðskiptavinum og miðuðu að því að tryggja áfram virka samkeppni á íslenskum flutningamarkaði.“
3730. Samkvæmt þessu staðfesta Samskip að fyrirtækið hafi rætt við Eimskip um annars vegar slotsamning vegna innflutnings fyrir BÚR og hins vegar um almenn slotverð. Ekki eru hins vegar lögð fram nein gögn sem tengjast þessu viðræðum. Hér ber hins vegar að hafa í huga að verulegt ósamræmi er í umfjöllun Samskipa um BÚR og Eimskip. Í umfjöllun um atvik í nóvember 2008 sem tengdust BÚR staðhæfa Samskip þetta í mgr. 1097:
- „Áréttað er að engin samskipti áttu sér stað á milli Samskipa og Eimskips í tengslum við BÚR.“
3731. Dregur þetta ósamræmi úr trúverðugleika umfjöllunar Samskipa. Hvað sem því líður eru samtímagögn skýr og sýna samskipti milli lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips í m.a. október 2008 sem tóku m.a. til „almenns slot sharing samnings“, „almenn slot verð“ og „grænmeti“.



3732. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um þessi samskipti eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt var. Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3.
3733. Samtímagögn sýna að framangreind samskipti fyrirtækjanna tengdust „Nýtt upphaf“ verkefninu. Flutningar á grænmeti og ávöxtum frá Rotterdam til Íslands voru einn þáttur af mörgum sem féll undir víðtækt samráð fyrirtækjanna, sbr. m.a. framgreind gögn sem voru (S)aðaleig-stjform-SH 24. júlí 2008 og umfjöllun um samskipti fyrirtækjanna eftir að (E)frkvstj-flutnkerf lýsti því yfir við (S)frkvstj-millilandasv 15. október 2008 að Eimskip væri tilbúið að skoða „allt“ í samstarfi við Samskip.
3734. Hvað sjóflutning á grænmeti- og ávöxtum varðar urðu atvik þau að með breytingu Samskipa á siglingakerfi (fækkað úr fjórum í þrjú skip) í lok október 2008 féll út „Rotterdam express“ leiðin út hjá Samskipum. Eftir samskipti Samskipa og Eimskips m.a. um BÚR flutninga varð útfærslan sú að sjóflutningsviðskipti BÚR færðust til Eimskips frá Samskipum.¹⁹¹⁰ Var það í samræmi framangreind samtímagögn sem sýna ólögmeitt samráð í tengslum við breytingu á siglingakerfum, takmörkun á flutningsgetu, slotsamninga og tilfærslu viðskiptavina við fækkun skipa.
3735. Í mgr. 1012 og 1096 í athugasemdum Samskipa við AI er byggt á því að tilfærsla á flutningum BÚR til Eimskips hafi verið fórnarkostnaður hjá Samskipum svo fyrirtækinu væri kleift að hagræða í siglingakerfinu og fara í þriggja skipakerfi. Sem fyrr segir staðhæfa Samskip í mgr. 962 að hafa rætt við Eimskip um innflutning fyrir BÚR og hið öndverða kemur frá í mgr. 1097. Eins og rakið er í kafla 25.37.3 er ekki unnt að fallast á sjónarmið Samskipa um að þessi atvik séu ekki til vitnis um ólögmeitt samráð við Eimskip.

9.12.4. Flutningar milli Íslands og Bretlands, Noregs o.fl. viðkomuhafna

3736. Gögn málsins sýna að árið 2009 var samstarf Samskipa og Eimskips í sjóflutningum aukið enn frekar og tengdist það breytingum Samskipa á siglingakerfinu og takmörkun á flutningsgetu í lok október 2008. Fólst þetta í sjóflutningum Eimskips fyrir dótturfélag Samskipa, Jóna. Tók Eimskip að sér annast fyrir Jóna innflutning frá Bretlandi. Þá er einnig fyrirbyggjandi að samstarf Eimskips og Jóna tók til sjóflutninga tengdum Noregi og fleiri áfangastöðum um heim allan. Átti þetta samstarf sér stað út brotatímabil þessa máls.
3737. Hafa Samskip staðfest þetta. Í bréfi fyrirtækisins til Samkeppniseftirlitsins frá 20. nóvember 2018 segir að aukið samstarf Eimskips og Jóna hafi komið til vegna vegna breytinga á siglingakerfi Samskipa haustið 2008.
3738. Þessum þætti í hinu ólögmeita samráði Samskips og Eimskips er ítarlega lýst í kafla 16.6. Samhengisins vegna er hins vegar rétt að tiltaka hér nokkur gögn sem sýna að um var að ræða verulega flutninga Eimskips fyrir Jóna:
- Þann 5. október 2011 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-Jóna þar sem fram kom að „ansi mikill hluti“ af innflutningi Jóna frá Immingham í Bretlandi færi með Eimskip.
 - Þann 24. október 2011 sendi (S)frkvstj-Jóna tölvupóst til framkvæmdastjóra hjá Eimskip, (E)frkvstj-sala/þj, og vísaði til þess að Jónar hafi aukið viðskipti við „Eimskip verulega á þessu ári. Magnaukningin er margföld frá fyrra ári“.
 - Í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH frá 25. október 2011 fjallaði hann um siglingakerfið („kerfispælingar“). Í því samhengi vísaði hann til þessa umtalsverðu flutninga Eimskips fyrir Samskip: „Uk magn sem fer með EI í dag“.

¹⁹¹⁰ Í fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips frá 02.12.2008, kom fram að flutningar BÚR væru komnir til Eimskips. Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent þann 13.10.2017. Eimskip Ísland – Fundargerð, dags. 02.12.2008.



- Þann 1. ágúst 2012 sendi (S)frkvstj-Jóna tölvupóst til (E)frkvstj-sala/bj og sagði „Við erum að beina öllu á ykkur frá USA [...] Töluvert af gánum“.
- Þann 22. september 2012 sagði (S)frkvstj-Jóna við starfsmann Eimskips að Jónar hafi „beint viðskiptum til Eimskips fyrir tugi millona krona a s.l 2 árum“.

3739. Endurspeglar framangreint hvernig Samskip og Eimskip héldu áfram eftir árið 2008 að leysa úr einstökum viðfangsefnum tengdum siglingakerfisbreytingum með samstilltum aðgerðum og til marks um að samráð fyrirtækjanna hafi verið samfellt.

9.12.4.1. Skýringar stjórnenda

3740. Í upplýsingagjöf (S)aðaleig-stjform-SH til Samkeppniseftirlitsins í september 2013 var hann spurður um samvinnu eða samstarf milli Samskipa og Eimskips. (S)aðaleig-stjform-SH upplýsti ekki um flutninga Eimskips fyrir Jóna, hvorki vegna Bretlands eða annarra viðkomu- eða áfangastaða.¹⁹¹¹ Við skýrslutöku (S)aðaleig-stjform-SH hjá lögreglu í maí 2018 kvaðst hann aðspurður ekki þekkja að Samskip og Eimskip hafi þurft að sinna saman flutningum vegna Bretlands í kjölfar siglingakerfisbreytinga haustið 2008.¹⁹¹²

3741. Við skýrslutöku (S)frkvstj-millilandasv hjá lögreglu í maí 2008 sagðist hann ekki reka minni til samstarfs við Eimskip á siglingaleiðum eftir breytingu siglingakerfa árið 2008, þ.á m. vegna siglinga tengdum Bretlandi. Hann tengdi þó samstarfið við „neyðarsamkomulag“ Samskipa og Eimskips: „Ekki nema þá undir mögulega þá þessu neyðarsamkomulagi, ég, mig rekur ekki minni til þess að það hafi verið neitt, neitt slíkt og alls ekki reglulega sko, hafi það verið eitthvað.“¹⁹¹³

3742. Í upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013 greindi (S)frkvstj-Jóna hins vegar frá því að Jónar hafi átt í samskiptum við Eimskip vegna m.a. „almennra flutninga frá Bretlandi“. Aðspurður kvaðst hann hafa verið í samskiptum við m.a. (E)frkvstj-sala/bj vegna þessa samstarfs.¹⁹¹⁴

3743. Í upplýsingagjöf (E)frkvstj-sala/bj hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013 upplýsti hann hvorki um samstarfið vegna flutninga tengdum Bretlandi né um samskipti sín við (S)frkvstj-Jóna.¹⁹¹⁵

3744. Í upplýsingagjöf (E)forstj hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013 var hann spurður hvort starfsmenn Eimskips og Samskipa hefðu átt í samskiptum á síðastliðnum árum. (E)forstj svaraði:

„Nei, ekki, ekki svo ég viti annað en út af til dæmis Ameríkusamningnum og út af samningum frá Bretlandi. Það eru samningar sem að maður veit til að hafi verið sendir hingað¹⁹¹⁶ vegna þess að við höfum verið að reyna að fá ykkur til að setja grænt ljós að við megum gera samning við þá, vegna þess að við vitum stundum ekki hvoru megin við vegginn við eigum að vera, því að ef við gerum ekki samning þá gætum við líka verið kærðir fyrir að halda þeim fyrir utan, þannig að það er svolítið óþægilegt stundum að vera að skrifa undir samninga og ég held þeir hafi verið að biðja okkur að skrifa undir samning núna bara í gær eða fyrradag.“

3745. Sagði (E)forstj að annars vegar (E)frkvstj-sala/bj og hins vegar (S)forstö-útl og (S)aðaleig-stjform-SH hefðu átt í samskiptum vegna framangreinds.¹⁹¹⁷

¹⁹¹¹ Endurrit af munnlegri upplýsingagjöf Samskipa ([...]) til Samkeppniseftirlitsins dags. 10.09.2013.

¹⁹¹² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 137.

¹⁹¹³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 127.

¹⁹¹⁴ Endurrit af upplýsingagjöf [...] 17.09.2013, bls. 6 – 8.

¹⁹¹⁵ Endurrit af upplýsingagjöf [...] 10.09.2013, bls. 8 – 9.

¹⁹¹⁶ [...] vísar hér til Samkeppniseftirlitsins.

¹⁹¹⁷ Endurrit af upplýsingagjöf [...] 17.09.2013.



3746. Í skýrslutöku (E)forstj hjá lögreglu í maí 2018 staðfesti hann að það hafi verið samningur milli Eimskips og Samskipa vegna flutninga Jóna frá Bretlandi. Einnig hélt (E)forstj því fram að samningar vegna þessara flutninga Eimskips fyrir Samskip hefðu verið sendir Samkeppniseftirlitinu.¹⁹¹⁸
3747. Í skýrslutöku (E)frkvstj-alþjsv hjá lögreglu sagðist hann halda að Eimskip sinnti flutningum fyrir Jóna frá Bretlandi (frá Immingham til Íslands). Hann kvaðst þó ekki vita hvernig sá samningur liti út eða hver væri meðhöndlun hans. Aðspurður taldi (E)frkvstj-alþjsv líklegt að samstarfið hafi hafist árið 2009.¹⁹¹⁹
3748. Samkvæmt framansögðu greindi (E)forstj frá því að samskipti hefðu verið milli Eimskips og Samskipa út af „samningum frá Bretlandi.“ (S)frkvstj-Jóna greindi frá því að Jónar hefðu átt í samskiptum við Eimskip vegna m.a. „Ameríkuflutninga“ og „almennra flutninga frá Bretlandi“. Samkvæmt (E)frkvstj-alþjsv hefði þetta samstarf við Samskip hafist á árinu 2009.
3749. Framburðir (E)forstj, (E)frkvstj-alþjsv og (S)frkvstj-Jóna eru í samræmi við samtímagögn hvað varðar aukið samstarf Eimskip og Samskipa/Jóna vegna flutninga milli Íslands og Bretlands. Sem fyrr segir kemur fram í bréfi Samskipa frá 20. nóvember 2018 að aukið samstarf Eimskips og Jóna hafi komið til vegna vegna breytinga á siglingakerfi Samskipa haustið 2008.
3750. (E)forstj greindi frá því að þessu samstarfi við Samskip væri lokið þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu. Ástæðan fyrir því að þessu samstarfi við Samskip lauk sagði hefði verið sú að Samskip væru komin „með fleiri skip og svona“. Þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo að samstarfi Eimskips og Jóna, sem hófst árið 2009, hafi með beinum hætti tengst fækkun skipa Samskipa og takmörkun á flutningsgetu haustið 2008. Þetta er í samræmi við framangreindar skýringar Samskipa í bréfi fyrirtækisins 20. nóvember 2018.
3751. Samstarf fyrirtækjanna vegna flutninga milli Bretlands og Íslands er því enn ein birtingarmynd þess að þau leituðu til hvors annars og áttu í auknu samstarfi vegna úrlausnarefna sem komu til vegna takmörkunar á flutningsgetu. Renna skýringar Samskipa og framburður (E)forstj stoðum undir samráð Samskipa og Eimskips vegna takmörkunar á flutningsgetu og aukið samstarf í sjóflutningum sem tengdust þeim sem átti sér stað eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst.
3752. Í framburði (E)forstj felst efnislega að Eimskip hafi tilkynnt Samkeppniseftirlitinu um „samninga“ vegna Bretlandsflutninga og óskað eftir undanþágu frá samráðsbanni 10. gr. samkeppnislaga. Það er hins vegar ekki rétt. Hvorki var upplýst um þessa samninga né óskað eftir undanþágu. Þá fer þessi fullyrðing (E)forstj ekki saman við staðhæfingu Samskipa um að samstarf Eimskips og Jóna hafi grundvallast á munnlegum samningum.¹⁹²⁰
3753. Ekki er trúverðugt að (S)aðaleig-stjform-SH, forstjóri Samskipa, og (S)frkvstj-millilandasv, sem bar sem framkvæmdastjóri ábyrgð á sjóflutningi og flutningakerfum fyrirtækisins fram á árið 2011, þekki ekki eða muni ekki eftir samstarfi fyrirtækjanna vegna flutninga tengdum Bretlandi sem voru sannanlega fyrir hendi samkvæmt gögnum málsins.
3754. Þvert á þessa framburði (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv sýna samtímagögn aðkomu þeirra að þessum þætti samráðsins. Í dæmaskyni má nefna framangreindan tölvupóst (S)aðaleig-stjform-SH frá 25. október 2011 þar sem þetta kom fram hjá forstjóranum „Uk magn sem fer með EI [Eimskip] í dag“. Stuttu áður, þann 10. september 2011, hafði (S)forstö-innfl1 áframsent samskipti við (S)frkvstj-Jóna til (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv og kvartað undan miklum og auknum flutningum Jóna með Eimskip frá Immingham. Kallaði (S)forstö-innfl1 eftir skýrri stefnu stjórnenda Samskipa í málinu og vildi loka á þetta, sbr. umfjöllun í kafla 16.6. Við því var ekki orðið af hálfu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv og hélt samstarf fyrirtækjanna áfram. Ljóst er af samtímagögnum og stöðu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv sem æðstu

¹⁹¹⁸ Endurrit af upplýsingagjöf [...] 17.09.2013. Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 88 – 89, 214 og 227.

¹⁹¹⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 225 – 226.

¹⁹²⁰ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins dags. 20.11.2018.



stjórnenda Samskipa að samstarf Jóna og Eimskips fór fram að undirlagi og með vitneskju (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv.

3755. Virt saman gefur framangreint til kynna að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv hafi í framburðum sínum viljað leyndu hinu umfangsmikla ólögmæta samstarfi sem fólst í flutningum Eimskips fyrir Jóna. Hér ber þó að horfa til þess að vísan (S)frkvstj-millilandasv til „neyðarsamkomulagsins“ vegna samstarfs um flutninga sem tengdust Bretlandi á sér stoð í gögnum málsins. Samtímagögn sýna skýrlega „neyðarsamkomulag“ fyrirtækjanna frá 2001 og 2010 tók til „venjulegra flutninga“ (óháð neyð) milli Íslands og Evrópu og innan Evrópu, m.a. vegna flutninga til og frá Bretlandi, sbr. umfjöllun um samkomulagið og ólögmæti þess í köflum 5.4 og 16.4. Hinir umfangsmiklu flutningar Eimskips fyrir Jóna voru hins vegar ekki á grundvelli „neyðarsamkomulagsins“.

9.12.5. Flutningar milli Íslands og Norður – Ameríku

3756. „Nýtt upphaf“ verkefnið tók til aðgerða í „núverandi siglingakerfum tengdum Íslandi“, sbr. glærुकyningin sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir. Átti þannig að skoða samstarf bæði vegna flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku (nefnt „US/Kanada“ í glærुकyningunni) og milli Íslands og annarra Evrópulanda (nefnt „Evrópurútu“ í glærुकyningunni).
3757. Eins og lýst hefur verið breytti Eimskip „Evrópurútu“ sinni og takmarkaði flutningsgetu sína í ágúst 2008. Í lok október 2008 breytti Samskip sinni „Evrópurútu“ og takmarkaði flutningsgetu. Í nóvember 2008 breytti Eimskip „US/Kanada“ rúttunni og takmarkaði flutningsgetu. Í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið áttu fyrirtækin samráð um framangreint.
3758. Í glærुकyningunni um „Verkefnið Nýtt upphaf“ kom fram að vegna Norður-Ameríku skyldi unnið að nýjum flutningasamningi milli Samskipa og Eimskips sem taka átti gildi 1. september 2008. Jafnframt skyldu Samskip taka „magn til/frá US og Kanada til að setja í kerfið“.
3759. Samkvæmt þessu ætluðu fyrirtækin að halda áfram samstarfi í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku og jafnframt að auka það. Eins og áður hefur komið fram er unnt að flytja farm á milli Íslands og Norður-Ameríku með a.m.k. tvennum hætti. Annars vegar í beinum siglingum til og frá Íslandi og hins vegar siglingum um t.d. Rotterdam og þaðan til eða frá Norður-Ameríku.¹⁹²¹ Á rannsóknartímabilinu annaðist aðeins Eimskip beinar áætlunarsiglingar milli Íslands og Norður-Ameríku. Samskip buðu viðskiptavinum sínum upp á annars vegar TA-flutninga og hins vegar beina flutninga með skipi Eimskips. Samkvæmt glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið ætluðu Samskip að draga úr TA-flutningum í samkeppni við Eimskip og setja þess í stað flutningamagn „í kerfið“, þ.e. flutningakerfi Eimskips milli Íslands og Norður-Ameríku.
3760. Samskip og Eimskip náðu ekki að ljúka gerð nýs samnings um samstarf í Norður-Ameríku fyrir 1. september 2008. Sá áfangi í „Nýtt upphaf“ verkefninu kláraðist 7. janúar 2009. Verður í næsta kafla lýst m.a. atvikum sem tengjast þeim verkþætti í þessu samráðsverkefni Samskipa og Eimskips.
3761. Samhengisins vegna er rétt að taka hér fram að í byrjun janúar 2009 hafði Eimskip fækkað skipum í Norður-Ameríku flutningum í nóvember 2008 og fyrirtækin gert með sér samkomulag um samstarf vegna Norður-Ameríku flutninga. Með þessum samningi var staðfest að Samskip og Eimskip myndu eiga með sér áframhaldandi samstarf á þessari flutningaleið og aukið gámasamstarf, en Samskip myndu ekki sinna þessum flutningum alfarið upp á eigin spýtur (t.d. með því að sigla eigin skipi eða með TA-flutningum til og frá Íslandi að flestu eða öllu leyti). Var þessi samnýting flutningakerfa í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins, minnisblað (S)frkvstj-millilandasv frá 7. og 9. júlí 2008 og ein af fleiri samráðsaðgerðum sem tengdust siglingakerfum fyrirtækjanna, samnýtingu þeirra og takmörkun á flutningsgetu.

¹⁹²¹ Svonefndir „Trans-Atlantic“ flutningar, TA-flutningar eða TAS-flutningar. Hér eftir TA-flutningar.



10. ATVIK FRÁ 20. OKTÓBER 2008 – VERÐHÆKKANIR, NORÐUR-AMERÍKA O.FL.

3762. Í kaflanum hér að framan var lýst atvikum frá og með 20. október 2008 sem varða samráð Samskipa og Eimskips m.a. um breytingar á siglingakerfum, takmörkun á flutningsgetu, leigu og not á gámum og flutninga fyrir Alcoa.
3763. Í þessum kafla verður fjallað um önnur atvik sem gerðust samhliða og voru hluti af ólögmætu samfelldu samráði fyrirtækjanna. Í kaflanum er nánar tiltekið fjallað um atvik sem varða þá verkþætti „Nýtt upphaf“ verkefnis Samskipa og Eimskips sem tók til samstarfs í Norður-Ameríku flutningum og landflutningum. Samhliða framangreindu verða rakin samtímagögn sem sýna áframhaldandi verðhækkanir fyrirtækjanna sem áttu sér stað samfara samskiptum og vinnslu þeirra vegna verkþátta „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Einnig verður í kaflanum vikið að öðrum verkþáttum sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Verður fjallað atriði sem tengjast verkþáttunum „Samstarf í „Short sea“ þjónustu“, „Samstarf um skipaafgreiðslu“ og „Frystigeymslurekstur“, sbr. glærुकyningin sem [\(E\)frkvstj-albjsv](#) vistaði 8. júní 2008 og [\(E\)forstj](#) daginn eftir.
3764. Til skýringar vísast jafnframt til yfirlitsins í kafla 9.1.1 sem lýsir samskiptum Samskipa og Eimskips frá 20. október 2008 og til með janúar 2009.
3765. Samhengisins vegna er nauðsynlegt að taka saman og rifja upp atvik sem áttu sér stað fyrir 20. október 2008. Um er að ræða atvik sem varða samstarf Samskipa og Eimskips í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku, samráð í landflutningum og verðhækkanir, þ.m.t. atvik undir lok árs 2008 sem tengjast innheimtu á olúgjaldi (BAF og FAF) gagnvart viðskiptavinum. Einnig verða rifjuð upp tiltekin samskipti stjórnenda Samskipa og Eimskips sem hafa þýðingu í þessu samhengi.

10.1. Upprifjun

3766. Í köflum 7.2.1 og 7.5.5.2 er fjallað um Norður-Ameríku samstarf Samskipa og Eimskips í aðdraganda fundar fyrirtækjanna 6. júní 2008. Horfa ber m.a. til þessa:
- Eins og áður hefur komið fram er unnt að flytja farm milli Íslands og Norður-Ameríku með a.m.k. tvennum hætti. Annars vegar í beinum siglingum til og frá Íslandi og hins vegar með svonefndum TA-flutningum. Eimskip annaðist beinar áætlunarsiglingar milli Íslands og Norður-Ameríku. Samskip buðu viðskiptavinum sínum upp á annars vegar TA-flutninga og hins vegar bein flutninga með skipi Eimskips. Í mgr. 968 í athugasemdum Samskipa við AI er staðhæft að TA-flutningar fyrirtækisins á árinu 2008 hafi verið um 59% af heildarflutningum fyrirtækisins til og frá Norður Ameríku en að meðaltali 71% árin 2008-2013. Það sem eftir stóð var flutt með Eimskip.
 - Eimskip og Samskip höfðu átt í ólögmætu samráði um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku frá 1. september 2004. Fólst það í flutningum Eimskips fyrir Samskip í beinum áætlunarsiglingum milli Íslands og Norður-Ameríku. Var þetta ólögmæta samráð fyrir hendi í júní 2008. Er þetta viðurkennt í 1. gr. sáttar Eimskips frá 16. júní 2021.
 - Á fyrri hluta ársins 2008 var fyrirtækjunum ljóst að þau störfuðu eftir útrunnum og ólögmætum samningi að þessu leyti.
 - Í aðdraganda fundar Samskipa og Eimskips 6. júní 2008 var óánægja og/eða lítill áhugi innan beggja fyrirtækjanna á Norður-Ameríku samstarfinu. [\(E\)deildstj-útfl1](#) sendi tölvupóst til [\(E\)forstö-útfl](#) og gagnrýndi harðlega samvinnuna við Samskip um Norður-Ameríku flutninga. Tók [\(E\)deildstj-útfl1](#) síðan saman „svarta skýrslu“ sem sýndi nánar fram á neikvæðar fjárhagslegar hliðar á þessum flutningum. Óánægja með þetta samstarf við Samskip var kynnt fyrir [\(E\)forstj](#) og ákveðið að ræða hann. [\(S\)aðaleig-stjform-SH](#) íhugaði í tölvupósti til [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) að segja upp Norður-Ameríku samningnum við Eimskips og benti á þetta því til stuðnings; „gott sem ekkert magn er að fara þangað“. Var [\(S\)aðaleig-stjform-SH](#) þannig með það til skoðunar að



Samskip myndu hættu samstarfinu og myndu auka samkeppni við Eimskip með því að snúa sér alfarið að TA-flutningum.

- Þrátt fyrir framangreint reyndist mikill áhugi á því hjá Samskipum og Eimskip að koma á samskiptum um nýjan Norður-Ameríku samning. Heildarmat á viðkomandi gögnum gefur til kynna að með þessu hafi átt að skapa vettvang fyrir aukið ólögmætt samráð fyrirtækjanna sem tók til langflestra þátta í starfsemi fyrirtækjanna (þ.e. ekki eingöngu samstarfs í flutningum á milli Íslands og Norður-Ameríku).

3767. Varðandi atriði sem tengdust verðlagningu og öðrum þáttum í samkeppni milli Samskipa og Eimskips fram til 6. júní 2008 er brýnt að rifja eftirfarandi upp:

- Í lok janúar 2008 var vistuð glærुकyning á tölvudrifi yfirstjórnar Samskipa merkt **(S)frkvstj-millilandasv**. Þar kom meðal annars fram um sjóflutninga: „Rates under pressure in connection with renewal of large import contracts“ og „Large contracts open for renegotiation next year *Price war“, sbr. kafla 6.7.2.
- Í maí 2008 höfðu stjórnendur Samskipa til skoðunar að bregðast við því sem þeir töldu fyrirhugaðri minnkandi eftirspurn eftir sjóflutningum með því að hefja markaðssókn eða „herferð“ gegn Eimskip og Atlantsskipum, „sækja sterkt“ og afla sér nýrra viðskiptavina, þ. á m. sækja á mikilvægustu viðskiptavinum Eimskips. Var þannig til skoðunar að mæta áskorunum á markaði m.a. með því að auka verulega verðsamkeppni við keppinauta, sbr. kafla 6.7.6.
- Tölvupóstur sem **(S)frkvstj-millilandasv** sendi **(S)aðaleig-stjform-SH** kl. 22:57 fimmtudaginn 5. júní 2008 sýnir að aðstoðarforstjóri Samskipa og framkvæmdastjóri yfir sjóflutningum taldi „herferð“ gegn Eimskip raunhæfa og koma til álita sem hluta af viðbrögðum Samskipa við fyrirhuguðum samdrætti í innflutningi, sbr. einnig glærुकyningu **(S)frkvstj-millilandasv** frá 17. maí 2008. Taldi **(S)frkvstj-millilandasv** að markaðssókn gæti skilað Samskipum 41 þúsund tonnum í auknum flutningum, sbr. kafla 7.2.1.2.

3768. Eftir fund stjórnarformanna og forstjóra Samskipa og Eimskips föstudaginn 6. júní 2008 áttu sér stað eftirfarandi atvik sem tengjast m.a. annars vegar verðlagningu Samskipa og Eimskips og hins vegar Norður-Ameríku samstarfinu.

3769. Í „glærुकyningunni um „Verkefnið Nýtt upphaf“ sem **(E)frkvstj-alþjvs** vistaði sunnudaginn 8. júní 2008 og **(E)forstj** daginn eftir sagði m.a. eftirfarandi:

„US/Kanada

- Frá US unnið að nýjum samningi og þarf að taka gildi frá 1. september
- Samskip tekur saman magn til/frá US og Kanada til að setja í kerfið“

3770. Með þessu var samstarf Samskipa og Eimskips í flutningum til og frá Norður-Ameríku orðið hluti af því umfangsmikla ólögmæta samráði sem fólst í „Nýtt upphaf“ verkefninu, sbr. m.a. kafla 7.5.5.3. Með „Nýtt upphaf“ verkefninu lögðust því af öll áform um að fyrirtækin hættu hinu ólögmæta samstarfi. Markmið fyrirtækjanna var samvinna og samnýta flutningakerfi, bæði á sjó- og landi.

3771. Samtímagögn sýna að eftir 6. júní 2008 lögðust af áform Samskipa um að mæta áskorunum með samkeppni við Eimskip.

3772. Eftir 6. júní 2008 áttu sér stað ítrekuð samskipti milli m.a. eftirfarandi stjórnenda Samskipa og Eimskips sem báru ábyrgð á verðlagningu fyrirtækjanna annars vegar og sjóflutningum eða landflutningum hins vegar.

- Stjórnendur Eimskips og Samskipa sem báru ábyrgð á siglingakerfum fyrirtækjanna og/eða verðlagningu sjóflutninga (**(S)frkvstj-millilandasv**, **(S)forstö-innfl1**, **(E)frkvstj-flutnkerf**, **(E)frkvstj-**



Eimísl¹⁹²² og (E)forstö-innfl) áttu ítrekað í samskiptum sín á milli seinni hluta ársins 2008. Samskip staðhæfa að á fundum þessara stjórnenda hafi aðeins verið rætt um endurnýjun á Norður-Ameríku samningi fyrirtækjanna og að sótt hafi verið um undanþágu samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislega þegar nýr samningur lá fyrir í byrjun árs 2009. Þegar gögn málsins eru virt saman er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins þessi samskipti hafi m.a. tekið til framkvæmdar á „Nýtt upphaf“ verkefninu. Það samvinnuverkefni Samskipa og Eimskips hafði það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af því leiðir að öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt var um einstaka verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Er það niðurstaða eftirlitsins að á þessum fundum hafi fyrirtækin m.a. haft með sér ólöglegt samráð sem sem tók til breytinga á siglingakerfum, takmörkunar á flutningsgetu, markaðsskiptingu og sjóflutninga milli Íslands og bæði Evrópu og Norður-Ameríku.

- (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl voru framkvæmdastjórar landflutninga Eimskips og Samskipa. Báru þeir því ábyrgð á landflutningakerfum fyrirtækjanna og verðlagningu á landflutningum. Áttu þeir ítrekað í samskiptum sín á milli. Undirmenn þeirra, t.d. (E)svæðisstj1 og (S)forstö-landfl, áttu einnig í samskiptum. Samskip staðhæfa að á fundum þessara stjórnenda hafi ekkert ólöglegt samráð átt sér stað. Þeir hafi t.d. rætt um mögulega samvinnu í landflutningum sem ekki hefði verið framkvæmd án undanþágu frá Samkeppniseftirlitinu. Þegar gögn málsins eru virt saman er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að þessi samskipti hafi m.a. tekið til framkvæmdar á „Nýtt upphaf“ verkefninu. Það samvinnuverkefni Samskipa og Eimskips hafði það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af því leiðir að öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt var um einstaka verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er að á þessum fundum hafi átt sér stað ólöglegt samráð sem tengdist landflutningum fyrirtækjanna. Hafi það m.a. tekið til skiptingar markaða og aukinnar samvinnu í innanlandspjónustu.
- Samráð Samskipa og Eimskips um m.a. að takmarka flutningsgetu og skipta mörkuðum var sem slíkt til þess fallið að skapa skilyrði til að halda uppi eða hækka verð. Í þessu sambandi ber að virða saman samskipti umræddra lykilstjórnenda og samhliða aðgerðir innan Samskipa og Eimskips þar sem annars vegar var unnið að verkþáttum sem féllu beint undir „Nýtt upphaf“ verkefnið og hins vegar unnið að hvers konar hækkun á verði. Eins og rökstutt er í kafla 11.21 er það það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að í reglubundnum samskiptum fyrirtækjanna á m.a. árinu 2008 hafi átt sér stað ólöglegt samráð sem miðaði m.a. að skapa skilyrði til að hækka verð eða vinna gegn verðlækkun. Voru samskipti umræddra lykilstjórnenda Eimskips og Samskipa einnig í eðli sínu til þess fallin að draga úr óvissu og sjálfstæði þessara keppnauta sem samanlagt voru með yfirburða markaðshlutdeild í sjóflutningum til og frá Íslandi og í landflutningum.

3773. Tölvupóstur frá 10. og 13. júní 2008 milli (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 sýna fram á ólöglegt verðsamráð milli Eimskips og Samskipa. Tók það til takmörkunar á afslætti fyrirtækjanna og sýna gögnin framkvæmd á þessu samráði eftir árið 2008, sbr. kafla 8.1 og 14.56.

3774. Einnig var m.a. um að ræða þessi samskipti milli stjórnenda Samskipa og Eimskips í júní 2008, sbr. kafla 7.7.1, 8.2 og 8.3:

- Tölvupóstur (S)forstö-flutnstj til (E)frkvstj-flutnkerf frá 20. júní 2008. Vísaði hann til samskipta við (E)frkvstj-flutnkerf deginum á undan. Fékk (S)forstö-útfli afrit af þessum tölvupósti.
- (E)frkvstj-alpjsv og (E)frkvstj-Contain voru í Rotterdam 23. og 24. júní 2008 og sýna gögnin að þeir hafi hitt (S)frkvstj-MCL og rætt um um „short sea“-hluta „Nýtt upphafs“ verkefnisins.

¹⁹²² [...] þar sem forstjóri Eimskips á Íslandi einnig ábyrgð gagnvart [...] á landflutningakerfi Eimskips og verðlagningu á innanlandspjónustu.



- (E)forstj og yfirmaður Samskipa í Norður-Ameríku ((S)frkvstj-N-Am) hittust á fundi 25. júní 2008.
 - Viðskiptastjóri í innflutningsdeild Samskipa ((S)viðskstj) greindi (S)aðaleig-stjform-SH þann 25. júní 2008 frá samtali við (E)forstj. Hefði (E)forstj upplýst að Eimskip myndi væntanlega draga úr flutningsgetu í sjóflutningum.
3775. Liggur fyrir að þann 27. júní 2008 hafi (E)forstj viljað skoða hækkun á verði í Norður-Ameríku flutningum en hann hafði sem fyrr segir fundað með (S)frkvstj-N-Am tveimur dögum áður. Þetta kom fram í tölvupósti til (E)frkvstj-flutnkerf og í honum sagði (E)forstj einnig:
- „Semja um meira magn við Samskip og biðja þá að hætta Evrópu flutningum“
3776. Átti sem sagt að biðja Samskip ættu að hætta að keppa við Eimskip með TA-flutningum og flytja þess í stað meira með Norður-Ameríku skipum Eimskips. Jafnframt vildi (E)forstj flýta gerð nýs Norður-Ameríkusamnings við Samskip, sbr. kafla 8.4. Fjallaði (E)forstj þannig um aðgerðir sem miðuðu að því að takmarka samkeppni og hækka verð á flutningum til og frá Norður-Ameríku. Var þetta í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins, sbr. glærुकynningu Eimskips sem (E)forstj vistaði 9. júní 2008.
3777. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-skiparekst ræddu saman 2. júlí 2008. (S)frkvstj-millilandasv upplýsti Eimskip um minnkandi innflutning hjá Samskipum og hvernig fyrirtækið mæti stöðuna á markaðnum næstu mánuðina. (E)frkvstj-skiparekst upplýsti (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl um þetta samtal við (S)frkvstj-millilandasv, sbr. kafla 8.6.
3778. Eftirfarandi átti sér stað daginn eftir, 3. júlí 2008:
- (E)frkvstj-flutnkerf svaraði framangreindum tölvupósti (E)forstj frá 27. júní 2008 og sagði að síðasta verðhækkun hefði tekið gildi 7. apríl 2008 og numið 7,9%. Bætti (E)frkvstj-flutnkerf við að það væri „spurning hvort við eigum að hækka fljótlega aftur??“ Jafnframt sagði (E)frkvstj-flutnkerf að verið væri að vinna að samningi við Samskip. Vísaði (E)frkvstj-flutnkerf til samskipta við Samskip og er líklegast að (E)frkvstj-flutnkerf hafi rætt við (S)frkvstj-millilandasv, sbr. kafla 8.8.
 - Samskip hófu undirbúning verðhækkana. Þann 3. júlí 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl. Í tölvupóstinum sagði: „Sbr fyrri samtöl, þá þarf ég að fá frá ykkur fyrir helgi: [...] millilandasvið, kynnt eins og gert var fyrir mánuði, en lista upp skoðun á því sem breyst hefur í millitíðinni, þe ss alcoa aukið magn, magnþróun í innfl, áhrif gengis, mannskapur, pricing etc“, sbr. kafla 8.7. Samkvæmt þessu hafði eitthvað „breyst í millitíðinni“ hjá Samskipum og höfðu stjórnendur hafið undirbúning verðhækkana. Verðlækkun og/eða „herferð“ gagnvart Eimskip var ekki á dagskrá.
3779. (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl hittust á fundi föstudaginn 4. júlí 2008 á kaffihúsinu Mokka. Um fundinn er nánar fjallað í kafla 8.7 en fundurinn tengdist „Nýtt upphaf“ verkefninu. Bæði (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl hófu vinnu við verðhækkanir í landflutningum strax næsta virka dag.
3780. Eftirfarandi átti sér stað mánudaginn 7. júlí 2008, sbr. kafla 8.9:
- (S)forstö-landfl (sem var forstöðumaður landflutninga og undirmaður (S)frkvstj-innanl) vistaði skjal þennan dag. Í skjalinu er vísað til samstarfs við Eimskip í landflutningum og fjallað um hækkun á verði í þeim flutningum, sbr. kafla 8.9.4.
 - (E)forstj og (E)frkvstj-flutnkerf funduðu 7. júlí 2008 og greindi (E)frkvstj-flutnkerf frá því í tölvupósti daginn eftir til (E)forstö-innfl að (E)forstj vildi skoða verðhækkun Norður-Ameríkuflutninga 15. ágúst 2008 um 5 til 7,9% ásamt því að setja „hækkun á B/L og add fee og búið til nýtt gjald sem heitir chassis fee. Getur þú listað upp viðskiptavinum sem eru að flytja með okkur frá USA og hvað þeir eru að borga, erum við að rukka CP gjald og BAF á alla?“.



- Varðandi „BAF á alla“ í tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf þá er BAF olíugjald sem innheimt var af viðskiptavinum í sjóflutningum, sbr. umfjöllun um það gjald í kafla 5.10. FAF er sambærilegt olíugjald í landflutningum. Liggur fyrir að ekki allir mikilvægir viðskiptavinir Eimskips og Samskipa greiddu BAF og FAF á þessum tíma. Sýna gögnin að bæði Samskip og Eimskip gripu til aðgerða og unnu að því að allir viðskiptavinir myndu greiða BAF á þessum tíma. Voru þessar verðhækkningar til umræðu á fundi Samskipa og Eimskips þann 4. desember 2008, sbr. umfjöllun hér á eftir.
- Í fundarboði (E)forstö-innfl til m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-innanl og (E)forstö-útl frá 7. júlí 2008 var fjallað um alhliða verðhækkningar Eimskips, þ.e. á þjónustugjöldum í Evrópu, Norður-Ameríku og á Íslandi, innanlandsflutningum og sjóflutningum.
- Sama dag var rætt um verðhækkun á stjórnarfundum Samskipa þann 7. júlí 2008. Í glærukynningu (S)aðaleig-stjform-SH frá fundinum sagði um „Pricing“ að „Stóra myndin“ yrði klár í júlí, „nánari útfærsla“ í ágúst 2008 og að þá þegar yrði hafist handa við innleiðingu hækkunarinnar.

3781. Eftirfarandi átti sér stað 8. júlí 2008:

- Í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH til (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl frá 8. júlí 2008 kom fram að (S)frkvstj-millilandasv ætti að: „Eiga jafnframt viðræður við (S)frkvstj-innanl og báðir verði sammála um hækkunar frá innanlandssviði á millilandasvið, og taka þær inn í revised tölur.“ Átti (S)frkvstj-millilandasv m.a. að „stilla upp tillögu að pricing á þjónustu, hverju muni þær skila og tímamörk á verðlagsbreytingum.“ Fyrir sama dag höfðu (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl hist á fundi sem tengdist „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa, sbr. kafla 8.9.5.2.
- Sama dag áframsendi (E)frkvstj-innanl efni fundarboðs (E)forstö-innfl frá deginum áður til (E)rekstj-aksturst og (E)sölustj-innanl1 og bað þá um að skoða hækkunar á þjónustugjöldum á Íslandi og á innanlandsflutningum, sbr. kafla 8.9.5.2.
- Sama dag vistaði (S)frkvstj-innanl skjal (S)forstö-landfl frá mánudeginum 7. júlí 2008 um samráð við Eimskip í landflutningum og hækkun á verði, sbr. kafla 8.7 og 8.9.2.
 - Líkt og áður segir átti (E)frkvstj-innanl fund með (S)frkvstj-innanl þremur dögum fyrr (föstudaginn 4. júlí 2008).

3782. Í minnisblöðum (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008, voru settar fram tillögur um víðtækt aukið samstarf Samskipa og Eimskips í sjóflutningum, sbr. kafla 8.9.2 og 8.9.5. Í minnisblöðunum felast tillögur Samskipa til Eimskips varðandi m.a. niðurlagningu Suðurleiðar hjá Eimskip, slotsamninga og takmörkun á framboði/markaðsskiptingu. Eru þetta allt málefni sem féllu undir eða voru tilgreind í „Slotsamningar í siglingakerfinu“ glærunum um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Fyrir liggur að (S)frkvstj-millilandasv vann þetta minnisblað að beiðni (S)aðaleig-stjform-SH.

3783. Í þessum minnisblöðum (S)frkvstj-millilandasv var einnig fjallað um takmörkun Eimskips á flutningsgetu í Norður-Ameríku siglingum og að Samskip og Eimskip myndu saman stýra hluta innflutnings úr eða í TA-flutninga:

„**USA** Vegna samdráttar í innflutningi frá Norður-Ameríku er hægt að ná fram kostnaðarhagræðingu í heildarflutningakerfinu til og frá Íslandi með því að Eimskip dragi úr tíðni og flutningsgetu á USA/CA og sinni svæðinu með einu skipi á 21 daga tíðni. Til að tryggja sem besta nýtingu á þessari rútu væri öðrum innflutning frá USA stýrt úr/í TAS kerfið eftir atvikum.“

3784. Í kafla 8.9.7 rökstutt að Samskip og Eimskip hafi rætt saman í viku 28 (líklegast 9. júlí 2008) um þessar samráðstillögur. Framangreind umfjöllun um Norður-Ameríku flutninga í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv gekk eftir. Eimskip fækkaði um eitt skip í nóvember 2008 í siglingum milli Íslands og Norður-Ameríku.



3785. Í tölvupósti forstöðumanns útflutningsdeildar Samskipa, (S)forstö-útfli, til undirmanns dags. 11. júlí 2008 var fjallað um tekjumyndun Samskipa vegna Alcoa (sem var mikilvægur viðskiptavinur Samskipa). Sagði (S)forstö-útfli m.a. að hjá Alcoa ætti að miða við allar „hugsanlegar tekjur er við getum kreist út úr þessu“. Af þessu má sjá að það var kominn annar tónn í fyrirsvarsmenn Samskipa vegna Alcoa. Áður en aukið samráð Samskipa og Eimskips hófst eftir fund þeirra 6. júní 2008 voru aðgerðir gagnvart Alcoa ekki taldar auðveldar, sbr. t.d. tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv til (S)aðaleig-stjform-SH 7. febrúar 2008, sbr. kafla 6.7.2.
3786. Undirbúningur verðhækkana Samskipa og Eimskips á síðari hluta ársins 2008 hófst samkvæmt þessu samtímis sumarið 2008. Á þessu tímamarki höfðu forstjórar og stjórnarformenn fyrirtækjanna fundað 6. júní 2008 og ítrekuð samskipti áttu sér stað milli stjórnenda þeirra í kjölfarið.
3787. Næstu vikur héldu stjórnendur Samskipa áfram að ræða og vinna að verðhækkunaraðgerðum. Þann 14. júlí 2008 fundaði stjórn Samskipa Holding í Reykjavík. Á fundinum var m.a. fjallað um samvinnu við Eimskip. Í kynningu (S)aðaleig-stjform-SH fyrir stjórn Samskipa Holding var m.a. fjallað um frekari verðhækkun en gert hefði verið ráð fyrir í sjóflutningum. Í kynningunni var fjallað um uppfærða áætlun Samskipa fyrir rekstrarárið 2008 og fyrri hluta árs 2009. Var þar gert ráð fyrir; „General rate increases in addition to budgeted“, „Additional revenues“ og „Tariff increases beyond budget“. Í kynningunni kom einnig fram að tekjur vegna BAF gjald myndu aukast og að FAF gjald yrði lagt á alla helstu viðskiptavini og að vinna við það myndi klárast 1. september 2008, sbr. kafla 8.10.1.
3788. Líkt og hjá Eimskip var þannig hjá Samskipum fjallað um aðgerðir sem annars vegar miðuðu að almennum verðhækkunum og hins vegar að auknum tekjum vegna m.a. olíugjalda. Fleira kom til. Aðgerðir lutu líka að hækkun á verði til stærstu viðskiptavina, sbr. umfjöllun um Alcoa hér að framan. Eimskip var á þessum tíma að undirbúa hið sama. Samkvæmt fundargerð Eimskips frá 15. júlí 2008 var (E)forstö-innfl að „greina og undirbúa verðbreytingar á stærstu viðskiptavini í innflutningi“, sbr. kafla 8.12.
3789. Þann 17. júlí 2008 boðaði (S)aðaleig-stjform-SH (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-umb.eri á fund 22. júlí 2008 til að ræða m.a. um möguleika á hækkun gjaldskrár Samskipa erlendis. Sama dag sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og sagðist vilja ræða við hann á fundi 21. júlí 2008 „Verðskrárhækkunir“, hvort vert væri að „hækka verðskrá, eða sértæka þjónustulið“ (t.d. FAF), sbr. kafla 8.12.
3790. Daginn eftir fund (S)forstö-innfl1 með (S)aðaleig-stjform-SH, þ.e. 22. júlí 2008, greindi (S)forstö-innfl1 (S)frkvstj-millilandasv frá því að hann hefði rætt við (E)forstö-innfl, sbr. kafla 8.12.
3791. Föstudaginn 25. júlí 2008 lýsti (S)aðaleig-stjform-SH því yfir við (S)frkvstj-millilandasv að hann teldi farsælast fyrir Samskip að „hækka verð á útfli“ og „pricing, sbr. fyrri umræður“. Þennan sama dag funduðu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH með (E)stjform í tengslum við samráð fyrirtækjanna, sbr. kafla 8.13.
3792. Eftirfarandi átti sér stað 29. júlí 2008:
- Þennan dag boðaði (S)aðaleig-stjform-SH fund með (S)forstö-innfl1 sem halda átti samdægurs. Vildi (S)aðaleig-stjform-SH m.a. ræða „Verðskrár-framlegð af þjónustupáttum“ og undir það féll „tækifæri til að hækka“ verðskrár, „tækifæri að skerða þjónustustig“ og „afslættir“, sbr. kafla 8.14.
 - Á fundi m.a. (E)frkvstj-flutkerf, (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-innfl o.fl. stjórnenda Eimskips þennan sama dag ræddi (E)frkvstj-innanl um „hækkun á innanlandsflutningum og þjónustugjöldum Flytjanda. Hækkun gjaldskrá 9,8% frá og með 11. ágúst 2008“. Jafnframt kemur fram að verið væri að ræða við alla stærri viðskiptamenn sem ekki greiddu olíugjald (BAF í sjóflutningi og FAF í landflutningi) eða væru með mjög háan afslátt af olíugjaldi. Þetta væri forgangsverkefni hjá (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-innanl, sbr. kafla 8.14.



3793. Þann 31. júlí 2008 gerðist þetta:

- Þennan dag sendi (S)forstö-innfl1 tölvupósta til tveggja undirmanna þar sem fram kom að Samskip ætluðu að hækka gjaldskrá 15. ágúst 2008 og tiltekin þjónustugjöld (LCL og THC) um 40-50%. Þennan dag undirbjó (S)forstö-innfl1 einnig undirmenn sína (viðskiptastjóra innflutnings) að svara viðskiptavinum Samskipa ef viðskiptavinir gerðu athugasemdir við „mikla“ hækkun Samskipa á BAF í ágúst, sbr. kafla 8.15.
- Sama dag sendi (E)frkvstj-flutnkerf lista til (E)forstö-flutnstj yfir aðgerðir „sem við erum að fara í USA-Canada-Evrópa“, sbr. kafla 8.15. Var m.a. um að ræða eftirfarandi aðgerðir:
 - Hækka verð í Norður-Ameríku flutningum um 4 til 7,9%.
 - Endurnýja samning við Samskip frá miðjum september 2008.
 - Setja á nýtt gjald um leigu á gámagrindum („chassis fee“)
 - Innheimta BAF hjá öllum viðskiptavinum.
 - Fækka skipum úr sex í fimm í Evrópuflutningum.

3794. Þann 5. ágúst 2008 áttu þessi atvik sér stað:

- (S)aðaleig-stjform-SH sendi tölvupósta til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-flutnstj þar sem hann fjallaði annars vegar um verðhækkun Samskipa um miðjan ágúst og hins vegar atriði sem tengdust samráði við Eimskip í siglingum, sbr. kafla 8.15.
- Sama dag sendi (E)frkvstj-flutnkerf glærुकyningu í tölvupósti til (E)forstj, (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-EimÍsl. Þar var fjallað um verðhækkun um miðjan ágúst, lúkningu nýs Norður-Ameríku samnings við Samskip í september 2008 og að innheimta ætti BAF af öllum viðskiptum í innflutningi til Íslands frá Norður-Ameríku. Kemur fram að þessar aðgerðir myndu skila Eimskip auknum tekjum sem næmu árlega 200 þúsund dollurum, sbr. kafla 8.15.7.2.

3795. Þann 6. ágúst 2008 áttu sér stað samskipti milli Samskipa og Eimskips. Standa líkur til þess að um hafi verið að ræða samskipti (S)aðaleig-stjform-SH og (E)forstj, sbr. kafla 8.15.1

3796. Þann 11. ágúst 2008 tók gildi 9,8% verðhækkun Eimskips á innanlandsflutningum og þjónustugjöldum innanlands, sbr. kafla 8.15.3. Hafði Eimskip þannig framkvæmt þá verðhækkun sem (E)frkvstj-innanl og undirmenn hans hófu að undirbúa eftir fund hans með (S)frkvstj-innanl þann 4. júlí 2008. Samskip tilkynntu 27. ágúst 2008 um hækkun á verði á landflutningum og daginn eftir var tilkynnt um hækkun á sjóflutningum, sbr. nánar hér á eftir.

3797. Tveimur dögum síðar, 13. ágúst 2008, átti eftirfarandi sér stað:

- Á fundi m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-innanl sama dag var rætt um að „hækka þarf verð“ gagnvart mikilvægum viðskiptavinum (fyrirtækin Ísafold og Nathan & Olsen) og „innleiða BAF á þessa aðila“. Einnig kom fram að (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl hafi farið saman á fund Samtaka verslunar og þjónustu til þess að kvarta yfir samkeppni frá Íslandspósti, sbr. kafla 8.15.3, 8.15.4 og 8.15.7.2.
- Líkt og hjá Eimskip funduðu æðstu stjórnendur Samskipa þann 13. ágúst 2008 en (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl sátu framkvæmdastjórafund að morgni þessa dags. Einnig var fundur hjá (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj seinna þennan morgun. Klukkan 12:22 vistaði (S)frkvstj-millilandasv hjá sér verkefnalista fyrir ágústmánuð. Á lista (S)frkvstj-millilandasv frá voru m.a. verkefni: „Alcoa-hækkun á útfl“, „Útflutningur-hækka“ og „Innflutningur-hækka“, sbr. kafla 8.15.4.



3798. (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl hittust á fundi 14. ágúst 2008. Á fundinum ræddu Samskip og Eimskip um m.a. aukið ólögmætt samráð í sjóflutningum til og frá Íslandi. Horft til gagna málsins tengdust samskiptin ólögmætri hagnýtri samvinnu og upplýsingaskiptum Eimskips og Samskipa. Þessi fundur var liður í framkvæmd á verkefninu „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Rætt hafði verið um nýjan Norður-Ameríku samning og önnur atriði sem féllu undir verkefnið „Slotsamningar í siglingakerfinu“, sbr. kafla 8.15.5-6. Einnig telur Samkeppniseftirlitið að á þeim fundi hafi Samskip og Eimskip haft með sér ólögmætt samráð um BAF, sbr. kafla 8.15.7.2.
- Eftir fundinn með Eimskip, nánar tiltekið kl. 17:58 þennan sama dag, boðaði (S)aðaleig-stjform-SH (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfl til fundar daginn eftir. Í fundarboði (S)aðaleig-stjform-SH sagði að meta þyrfti grófan ávinning m.a. af hugsanlegri verðhækkun gagnvart Alcoa, verðhækkun í útflutningi á fiski, sértækum hækkunum (LCL og THC gjöld, akstur, geymslugjöld o.fl.) og almennri verðhækkun gagnvart viðskiptavinum í innflutningi.
3799. Gögn málsins sýna einnig að há olúgjöld Samskipa og Eimskips (BAF og FAF) vöktu undrun og óánægju viðskiptavina. Í kafla 8.15.7.2 var greint frá kvörtun Múrbúðarinnar 14. ágúst 2008 yfir hækkun á BAF á sama tíma og verð á olíu lækkaði. (E)forstö-innfl svaraði Múrbúðinni og staðhæfði að útreikningur Eimskips á BAF væri „algjörlega fræðilegur“. Þessi lýsing (E)forstö-innfl er hins vegar ekki í samræmi við samtímagögn, sbr. kafla 10.1, 10.4.4 og 11.18.5.
3800. Í tölvupósti (E)frkvstj-alþjvs frá 18. ágúst 2008 kom fram að til væri sérstakt kerfi Eimskips og Samskipa á Íslandi („Íslandskerfi“) í tengslum við álagningu BAF sem ekki væri unnt að innleiða á annað svæði í öðru samkeppnisumhverfi, sbr. kafla 8.15.7.2.
3801. Á verkefnalista (S)forstö-landfl frá 18. ágúst 2008 var m.a. fjallað um innheimtu olúgjalds á viðskiptavinina Prómens og Mjöll Frigg, álagningu karagjalds og undir verkefninu „Sala“ stóð: „Tala við [forstjóra Vífilfells]“ og „Setja upp rök fyrir hækkunum“, sbr. kafla 8.15.7.2.
3802. Þann 19. ágúst 2008 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til undirmanns og bað hann um að „uppfæra BAF-ið í samræmi við BAF-ið hjá Eimskip.“ Sýna gögn málsins að (S)forstö-innfl1 bjó yfir nákvæmum upplýsingum um hækkun Eimskips á BAF. Að mati Samkeppniseftirlitsins gefur tölvupósturinn til kynna að Samskip og Eimskip hafi rætt um og miðlað með ólögmætum hætti sín á milli upplýsingum um BAF USA og fyrirhugaða hækkun Eimskips á því gjaldi á fundi fyrirtækjanna 14. ágúst 2008, sbr. kafla 8.15.7.2. Eftir þetta innheimtu Samskip framvegis sama BAF og Eimskip vegna Norður-Ameríku flutninga, sbr. tölvupóst (S)forstö-innfl1 20. ágúst 2008 og einnig tölvupóst (S)forstö-flutnstj frá 4. desember 2008 hér á eftir. Var þessi samræming á BAF vegna Norður-Ameríku hluti af samráði Samskipa og Eimskips um álagningu á þessu gjaldi.
3803. Áfram var unnið að undirbúningi verðhækkana innan Samskipa. Sunnudaginn 24. ágúst 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)forstö-innfl1. Bað (S)aðaleig-stjform-SH þann síðarnefnda að senda sér það sem hann hafi kynnt á föstudegi og jafnframt „senda samantekt yfir það sem mun hækka nú um mánaðarmótin og hverju það muni skila“. (S)aðaleig-stjform-SH sendi einnig sama morgun tölvupóst til (S)forstö-útfl og spurði: „varstu klár með það hvað mun hækka nú frá og með 1 sept, innfl ætlar að hækka myndarlega sem og landflutningar“, sbr. kafla 8.15.10.
3804. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-útfl o.fl. stjórnendur Eimskips funduðu 26. ágúst 2008. Á fundinum greindi (E)frkvstj-innanl frá því að unnið hafi verið að eftirfylgni gjaldskrárhækkunar Eimskips innanlands frá 11. ágúst 2008. Kom fram að Húsasmiðjan myndi taka ákveðnum breytingum vegna BAF og að (E)frkvstj-innanl myndi hitta Aðföng til að ná fram „hækkun umfram samning“. Þá greindi (E)forstö-innfl frá því að hann væri að „vinna í að Samskip, Innes, Nathan o.fl. greiði okkur BAF gjöld núna í framhaldinu“, sbr. kafla 8.15.10. (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl ræddu saman daginn eftir, 27. ágúst 2008. Þann dag og daginn eftir var veruleg verðhækkun Samskipa tilkynnt viðskiptavinum fyrirtækisins en hún tók gildi 1. september 2008. Sjófrakt til Evrópu hækkaði um 6,5% og sjófrakt til Bandaríkjanna og Kanada (sem voru einnig í



erlendri mynt) um 16%. Þjónustugjöld innanlands og í Evrópu í innflutningi og útflutningi hækkuðu um 10%. Þá hækkaði gjaldskrá fyrir uppskipun (LCL) um 18% og nýtt gjald fyrir óbrettaða lausavöru var tekið upp. Þá var tilkynnt um hækkun gjaldskrár fyrir heimastur á heilgámum um fasta upphæð. Gjaldskrá vegna landflutninga hækkaði um 5% og tekið var upp nýtt stykkjavörugjald í landflutningum, sbr. kafla 8.15.10.

3805. Þann 30. ágúst 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv. Kemur þar m.a. fram að eftir verðhækkunina 1. september 2008 væru „*næstu skref*“ hækkun á verði gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, þ. á m. B&L, Icelandic Seafood og HB Granda, sbr. kafla 8.17.1. Er þetta enn eitt dæmið um sömu aðgerðir Samskipa og Eimskips á þessum tíma; almenn hækkun á verðskrár og þjónustugjöldum og auk hækkana gagnvart mikilvægum viðskiptunum.
3806. Þann 1. september 2008 gerðist eftirfarandi:
- Á stjórnarfundum Samskipa hf. var fjallað um „*umtalsverðar*“ verðhækkunar fyrirtækisins sem tóku gildi sama dag. Sagt var að þær myndu skila 400 milljónum kr. á ársgrundvelli. Einnig var rætt um fyrirhugaða „*verulega hækkun*“ gagnvart Alcoa, sbr. kafla 8.15.10.
 - Þá sendi (S)aðaleig-stjform-SH þennan dag tölvupóst til m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl þar sem sagði að endurskoðuð áætlun Samskipa gerði ráð fyrir „*verulegum hækkunum frá 1. sept*“, þ.m.t. verðhækkun gagnvart Alcoa um 300 milljónir kr. á ári, sbr. kafla 8.16.2.1.
 - (S)aðaleig-stjform-SH bað (S)forstö-innfl1 einnig að uppfæra áætlun Samskipa fyrir árið 2009 eftir verðhækkunina 1. september 2008 og einnig að „*stilla upp*“ hækkunum fyrir árið 2009. Skyldi hann klára þetta fyrir 3. september 2008, sbr. kafla 8.16.2.1.
 - Sama dag sendi (S)forstö-innfl1 undirmönnum sínum fyrirmæli um „*stóra verkefnið*“, sem var að hækka tekjur með því að fella niður afslætti á heimastri hjá viðskiptavinum, þar á meðal gagnvart mikilvægum viðskiptavinum líkt og Vífilfell, Árvakri, Húsasmiðjunni, Aðföngum, Rúmfatalagernum, BYKO, Ísam og Kaupás. Bað (S)forstö-innfl1 viðskiptastjóra einnig að „*troða FAF á alla á sama tíma og við erum að hækka aksturinn*“, sbr. kafla 8.15.10.
3807. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-Eimísl, (E)forstö-útfl og fleiri stjórnendur Eimskips funduðu 2. september 2008. Þar kom fram: „*Fundur boðaður með Samskip á fimmtudag til að fara yfir hækkunar. Er að fara að boða fund með Nathan og fara yfir hækkunar með þeim. Einnig að hitta Innes aftur vegna samnings þeirra sem er laus núna, verðum að ná inn hækkun á þann samning.*“ sbr. kafla 8.16.2.1.
3808. Sést af þessu eins og áður segir að Eimskip vann á þessum tíma einnig að hækkunum á samningsverði gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Hið sama gerðu Samskip, sbr. m.a. framangreindan tölvupóst (S)aðaleig-stjform-SH til (S)frkvstj-millilandasv frá 30. ágúst 2008 og tölvupóst (S)forstö-innfl1 frá 1. september 2008 um „*stóra verkefnið*“.
3809. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-Eimísl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 hittust aftur á fundi föstudaginn 5. september 2008. Á fundinum ræddu Samskip og Eimskip um aukið ólöglegt samráð í sjóflutningum til og frá Íslandi. Þessi fundur var liður í framkvæmd á verkefninu „*Slotsamningar í siglingakerfinu*“ í „*Nýtt upphaf*“ glærुकynningunni. Rætt var um nýjan Norður-Ameríku samning og a.m.k. önnur atriði sem féllu undir verkefnið „*Slotsamningar í siglingakerfinu*“, sbr. kafla 8.16.2 og 11.12.3.
3810. Samskip tilkynntu viðskiptavinum um nýtt gjald, karagjald, strax næsta virka dag, mánudaginn 8. september 2008. Var þetta gjald sem lagðist á útflutning á ferskum fiski. Hér ber að horfa til eftirfarandi heildstætt og í einu lagi:
- Um miðjan ágúst 2008 voru Samskip sem fyrr segir að undirbúa verulegar hækkunar á verði. Þetta tók m.a. til útflutnings á fiski. Í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH til (S)frkvstj-millilandasv,



(S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli frá 19. ágúst 2008 kom fram að þeir væru sammála um að (S)forstö-útfli myndi undirbúa hækkun verðs á útflutningi á fiski og að (S)forstö-innfl1 myndi koma með tillögur að hækkunum í innflutningi. (S)forstö-útfli sendi sama dag tvo tölvupósta til (S)aðaleig-stjform-SH vegna þessa. Í fyrri tölvupósti (S)forstö-útfli sagði: „Útfærsla á hækkunum á fiskinn í fullum gangi og klárast innan tíðar“. Í síðara svarinu lagði (S)forstö-útfli til að leggja á „karagjald upp á 10 EUR per kar. og gæti verið tilkynnt í vikunni eða næstu út á markaðinn,“ sbr. kafla 8.15.9. (S)aðaleig-stjform-SH svaraði (S)forstö-útfli þann 21. ágúst 2008 og sagði: „þakkir fyrir skýr markmið og leiðir ... nú förum við í slaginn ...“.

- Eftir að hafa fengið þessa hvatningu sendi (S)forstö-útfli tölvupóst sama dag, 21. ágúst 2008, til undirmanns síns, (S)viðskstj3, og bað hann um að undirbúa í „næstu viku tilkynningu um karagjald í ferskum fiski, legg til 10 eur per kar sem ætti að gefa okkur 100 millj. isk annual.“ Tölvupóstsamskipti (S)viðskstj3 og (S)forstö-útfli í kjölfarið sýna að þeir töldu báðir að um væri að ræða verulega verðhækkun, sbr. kafla 8.15.9.
- Mánudaginn 24. ágúst 2008 sagði (S)forstö-útfli í tölvupósti til (S)aðaleig-stjform-SH að stefnt væri að því tilkynna um karagjaldið í vikunni og spurði síðan (S)aðaleig-stjform-SH: „heldurðu að við komumst upp með það?“, sbr. kafla 8.15.10. Var (S)forstö-útfli þannig ekki viss þann 24. ágúst 2008 hvort að Samskip gætu náð fram umræddri verulegri verðhækkun gagnvart fiskútflytjendum sem fólst í karagjaldinu.
- Samskip tilkynntu um verðhækkun á m.a. útflutningi 28. ágúst 2008. Sýna gögnin að Samskip tilkynntu hins vegar ekki um karagjaldið þennan dag.
- Þennan sama dag, 28. ágúst 2008, sendi (S)forstö-útfli tölvupóst til (E)forstö-útfli og bað hann um að hringja í sig, en þessir yfirmenn gegndu lykilhlutverki varðandi verðlagningu á útflutningsþjónustu fyrirtækjanna, þ.m.t. á útflutningi á ferskum fiski.
- Óumdeilt er í málinu að (S)forstö-útfli og (E)forstö-útfli ræddu saman í kjölfarið. Hins vegar er ósamræmi í skýringum Samskipa á umræðuefninu. Í mgr. 814 í athugasemdum Samskipa við AI er staðhæft að (S)forstö-útfli og (E)forstö-útfli hafi rætt neitun Eimskips um að flytja fyrir Samskip gáma með vörum Elkem til Norður-Ameríku. Í mgr. 884 í athugasemdum Samskipa við AI er hins vegar staðhæft að þessi samskipti (S)forstö-útfli og (E)forstö-útfli hafi verið persónuleg eðlis og ekki tengst flutningastarfsemi Eimskips og Samskipa.
- Sem fyrr segir hittust m.a. aðstoðarforstjóri Samskipa ((S)frkvstj-millilandasv) og forstjóri Eimskips á Íslandi ((E)frkvstj-EimÍsl) á fundi föstudaginn 5. september 2008. Samskip tilkynntu sem fyrr segir um upptöku karagjalds strax eftir helgina, eða mánudaginn 8. september 2008. Gjaldið var 10 evrur fyrir lausasendingu (LCL), 215 evrur fyrir 20 feta fullan gám og 430 evrur fyrir 40 feta fullan gám. Í tilkynningunni kom fram að (S)forstö-útfli myndi veita upplýsingar um þessa gjaldtöku, sbr. kafla 8.16.4.
- Í tölvupósti (E)forstö-útfli til (E)frkvstj-EimÍsl, sem sendur var kl. 11:50 þennan dag, 8. september 2008, kemur fram að mikil óánægja væri meðal fiskútflytjenda yfir karagjaldi Samskipa (Samskip sögð hafa „stuðað mikið með þessu“ og tiltekinn útgerðamaður sagður „alveg brjálður“ og vildi færa viðskipti sín til Eimskips). Velti (E)forstö-útfli m.a. því fyrir sér hvort Eimskip ætti að hækka karagjald um 50%, sbr. kafla 8.16.4.
- Að kvöldi 8. september 2008 framsendi (E)forstö-útfli til (E)deildstj-útfli1 framangreindan tölvupóst sinn til (E)frkvstj-EimÍsl. Greindi hann frá viðhorfi (S)forstö-útfli, (S)aðaleig-stjform-SH og (S)viðskstj3 til karagjalds Samskipa. Einnig sagði hann að þetta mál yrði mögulega rætt á fundi stjórnenda Eimskips daginn eftir. Það gekk eftir.
- Þann 9. september 2008 funduðu m.a. (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-innanl og (E)forstö-útfli. Á fundinum var samkvæmt fundargerð rætt um karagjald Samskipa: „Samskip



tilkynnti í sl. viku að þeir myndu taka upp karagjald v. tómra fiskara til Íslands. Eigum að taka upp karagjald á alla gáma okkar, en einungis hefur verið innheimt fyrir 40 feta RF gáma fram að þessu. Þetta verður sett í farveg strax í vikunni og sent út bréf á viðskiptamanna.“ Einnig kom fram að undirmaður (E)frkvstj-innanl, (E)svæðisstj1, ætti fund með Samskipum þennan dag, sbr. kafla 8.16.4. Sá fundur fór fram, sbr. nánar hér á eftir. Sá fundur var liður í samráði fyrirtækjanna á þessum tíma.

- Sama kvöld sendi (E)deildstj-útf2 tölvupóst til (E)frkvstj-EimÍsl og afrit til (E)forstö-útf1 . Heiti póstsins var „Karagjald á 20FT gáma“ og áframsendi (E)deildstj-útf2 þar annan tölvupóst til (E)viðskstj1 og (E)deildstj-útf3 um innleiðingu karagjalds hjá Eimskip. Í hinum áframsenda pósti mátti sjá (E)deildstj-útf2 vísa til fyrirmæla um að innleiða hjá Eimskip karagjald á alla 20FT gáma. Áttu (E)viðskstj1 og (E)deildstj-útf3 að útbúa tilkynningu þess efnis og senda til viðskiptamanna Eimskips, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.4. Af þessu má ráða að (E)deildstj-útf2 hafi þar verið að vísa til fyrirmæla yfirmanna sinna (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-útf1 um innleiðingu karagjaldsins hjá Eimskip. Þá liggur fyrir að þrátt fyrir umræddar áhyggjur (S)forstö-útf1 var karagjaldinu hrint í framkvæmd 10. september 2008. Hafði (S)forstö-útf1 áður frestað því að tilkynna um þetta gjald en gerði það eftir að hann sendi tölvupóstin til (E)forstö-útf1 og bað hann um að hringja í sig.
- Þegar framangreind gögn málsins eru virt í samhengi er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að beiðni (S)forstö-útf1 um símtal við (E)forstö-útf1 hafi verið liður í því að búa í haginn fyrir þessari verðhækkun Samskipa og að samskipti hafi átt sér stað milli fyrirtækjanna vegna a.m.k. karagjaldsins.
- Þann 16. september 2008 fór fram fundur hjá stjórnendum Eimskips. Mættir voru m.a. (E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-útf1 og (E)frkvstj-flutnkerf. Í fundargerð kemur fram að markaðurinn væri ósáttur við karagjald sem Samskip hafði innleitt viku fyrr. Eimskip væri ennþá að skoða hvort leggja ætti karagjald ekki einungis á 40 feta kæli- og frystigáma heldur alla gáma. Því liggur ekki fyrir hvort eða hvenær Eimskip hóf innheimtu auknu karagjaldi í útflutningi en ljóst er af gögnum málsins að Eimskip litu á hið nýja karagjald Samskipa í útflutningi ekki sem samkeppnisleg tækifæri til sóknar gagnvart óánægðum viðskiptavinum Samskipa. Í því sambandi skal áréttu að aðgerðir fyrirtækjanna tóku einnig til álagningar á karagjaldi í landflutningum, sbr. í kafla 10.4.6 og 14.54.1.

3811. (E)frkvstj-EimÍsl, hafði sem fyrr segir fundað með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 14. ágúst 2008 og föstudaginn 5. september 2008. Með honum á fundunum með Samskip voru (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-flutnkerf. Gögn frá Eimskip sýna að þann 9. september 2008 lagði (E)frkvstj-EimÍsl áherslu á að Eimskip hækkaði verð og vísaði til verðhækkana Samskipa í því samhengi. Kom m.a. (E)forstö-innfl að þeirri vinnu, sbr. kafla 8.16.2.4. Er þessi aðgerð (E)frkvstj-EimÍsl til viðbótar framangreindri aðkomu hans 9. september 2008 að álagningu karagjalds hjá Eimskip eftir samskipti (S)forstö-útf1 og (E)forstö-útf1 .
3812. Sýna gögnin þannig að eftir samskipti Samskipa og Eimskips í m.a. júlí 2008 höfðu Eimskip hækkað verð 11. ágúst 2008. Hafði (E)frkvstj-EimÍsl, ásamt (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-flutnkerf, setið fundina með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 14. ágúst og fjórum dögum fyrr, föstudaginn 5. september 2008. Samkvæmt framangreindu hófst vinna Eimskips við næstu gjaldskrárhækkun fyrirtækisins eftir þessi samskipti við Samskip. Sú hækkun tók gildi 18. nóvember 2008. Yfirumsjón vinnunnar og undirbúningsins var í höndum (E)forstö-innfl og (E)forstö-vörubrún. Í þessu samhengi verður einnig að horfa til þess að (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutnkerf unnu einnig að öðrum verðhækkunum Eimskips á þessum tíma, t.d. eins og að hækka BAF, sbr. umfjöllun hér á eftir.
3813. Fleiri atvik áttu sér stað 9. september 2008. Þann dag hittust undirmenn (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl ((E)svæðisstj1, (E)þjstj-Austur, (S)forstö-landfl og (S)rekstj-landfl3) á fundi. Átti ólöglegt samráð í landflutningum sér stað á þeim fundi, sbr. kafla 8.16.5. Sama dag sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH og er sá tölvupóstur lýsandi fyrir skort á samkeppni á



Þessum tíma. Gerði (S)forstö-innfl1 forstjóra sínum grein fyrir því að tiltekinn erlendur kostnaður Samskipa hefði lækkað mjög mikið. Einnig sagði (S)forstö-innfl1: „Við höfum hins vegar ekki lækkað okkar útsöluverð. Við vorum með 100 USD í álagningu per TEU en nú er álagningin komin yfir 1000 USD per 40 feta gám. Það hefur gengið hjá okkur að skila þessum lækkunum ekki út“, sbr. kafla 8.15.10. Eins og áður sagði hafði (S)forstö-innfl1 fundað með þeim stjórnendum Eimskips sem báru ábyrgð á verðlagningu í sjóflutningum 5. september 2008.

3814. Að morgni 15. september 2008 var haldinn framkvæmdastjórafundur hjá Eimskip, sbr. kafla 8.16.5.2. Fundinn sátu (E)frkvstj-flutkerf, (E)frkvstj-Eimísl, (E)frkvstj-innanl og (E)forstö-fjárh1. Í fundargerð kom m.a. fram:

„Klára verður nýja reiknireglu fyrir USA BAF fyrir 1. október

Passa verður að BAF fari ekki of hratt niður við lækkun olíuverðs þar sem að við höfum þurft að bera töluvert óhagræði af hækkanði olíuverði í langan tíma.“

3815. Þennan sama dag, 15. september 2008, héldu (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útl fund með Alcoa í Bandaríkjunum þar sem krafa Samskipa um verulega verðhækkun var rædd, sbr. kafla 8.16.5.3 og 9.2. Þann 19. september 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv Alcoa kröfu um verulega verðhækkun.

3816. Tölvupóstur (S)frkvstj-Jóna, framkvæmdastjóra Jóna Transport, frá 16. september 2008 til (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstö-innfl1 sýnir að hann bjó yfir vitneskju um TVG biði eftir að móðurfélag þess, Eimskip, legði línuna og hækkaði verð. Taldi (S)frkvstj-Jóna sig vita að Eimskip hygði á sértækar hækkanir frekar en almenna hækkun. Tölvupósturinn og önnur gögn frá 16. september 2008 sýna að hjá starfsmanni Samskipa var það talin „*pólitísk ákvörðun*“ að halda uppi verði í stað þess að lækka verð, sbr. tölvupóst (S)starfsm til (S)frkvstj-Jóna frá 16. september 2008 sem nánar er fjallað um í 8.16.9.

3817. (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl áttu fund saman þann 17. september 2008. Átti ólögmaett samráð sér stað á þeim fundi, sbr. kafla 8.16.7.

3818. Á glærुकyningu frá stöðufundi (S)aðaleig-stjform-SH með (S)stjform-S 22. september 2008 kom fram eftirfarandi um verðhækkanir Samskipa, sbr. kafla 8.16.9:

„AÐGERDIRRRRRRRRRRRRRR:

Pricing:

*-general rate increase 1 st of May (8,5% - **100 mkr**. annualized), domestic*

*-general rate increase 1st of September (10% - **440 mkr** annualized), all tariffs*

*-adding in new service charges, f.e. Warehousing, fresh fish, domestic trucking (**150 mkr**)*

-adjusting sales prices on various services provided by Samskip (partly done)

*-increasing prices towards Alcoa (**200 mkr** – discussions initiated)*

[...]

There will be a drop in ebitda during august-december of 360 mkr, full effects of above actions will be reached by year end and prospects for 2009 are to be in line with results of Iceland for 2006 and 2007, in IKR.“

3819. Má þarna sjá að EBITDA Samskipa á Íslandi vegna ársins 2009 skyldi verða sambærileg rekstrarniðurstöðum Samskipa góðærisáranna 2006 og 2007.



3820. Á annarri glæru kom fram að verðhækkun Samskipa gagnvart Alcoa myndi skila 350 milljónum króna út árið 2008. Þetta treystu forstjóri og stjórnarformaður Samskipa á Íslandi sér til að setja fram þótt að Alcoa hafði á þessum tímapunkti ekki svarað verðhækkunarkröfu Samskipa frá 15. september 2008. Þetta gengur þvert á það að fyrr á árinu 2008 höfðu Samskip ráðgert að það yrði ekki auðvelt að endursema við Alcoa, sbr. tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv til (S)aðvaleig-stjform-SH frá 7. febrúar 2008. Eftir að aukið samráð við Eimskip hófst kvað því við annan tón í samtímagögnum Samskipa. Gerði samráð við Eimskip Samskipum þetta kleift enda hafði óvissu verið raskað og Samskip þurftu ekki að óttast samkeppnisleg viðbrögðum Eimskips vegna aðgerða Samskipa gagnvart Alcoa.
3821. Þann 22. september 2008 var aftur fjallað um hækkunaraðgerðir vegna BAF innan Eimskips. Rifja ber upp að Samskip og Eimskip fjölluðu samhliða um hækkun eða aukna tekjumyndun vegna BAF og FAF. Gögn frá 31. júlí, 5. ágúst og 13. ágúst 2008 sýna að fyrirtækin ræddu hvort í sínu lagi um hækkun á olúgjöldum og/eða að allir viðskiptavinir ættu að greiða þau gjöld. BAF var rætt síðan á milli fyrirtækjanna á fundi (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl 14. ágúst 2008 og telur Samkeppniseftirlitið tölvupóst (S)forstö-innfl1 frá 19. ágúst 2008, með öðrum fyrirliggjandi gögnum, sýna að Samskip og Eimskip hafi miðlað með ólögætum hætti upplýsingum um BAF í Norður-Ameríkuflutningum á fundinum, sbr. kafli 8.15.7.2. Á fundi sömu stjórnenda Eimskips 26. ágúst 2008 var áfram rætt um verðhækkun mikilvægra viðskiptavina og innleiðingu BAF.
3822. Þann 22. september 2008 sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (E)starfsm-flutnstýr2, afrit sent til (E)forstö-flutnstý. Þar sagði: „Hérna er gamalt skjal sem ég fann varðandi BAF útreikninga“. Í viðhengi var excel-skjal: „BAF380 nota 2004.xls“. Líkt og fram kemur í fundargerð framkvæmdastjórafundar Eimskips frá 15. september huguðu framkvæmdastjórar Eimskips að breytingu á útreikningi BAF á þessum tíma. Upplýsingar sem fram koma í tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf til (E)frkvstj-EimÍsl um BAF útreikninga daginn eftir, þ.e. 23. september 2008, sýna að sú vinna hélt áfram, en þar sagði: „Sendum þér á morgun hvaða áhrif þetta hefur á tekjur ef við lækkum BAF-ið á Evrópu og á móti hækkun á USA og hvaða viðskiptavinir eru ekki að borga BAF“. Í viðhengi var glærुकynning, með titilinn „BAF útreikningar“:
- Á glæru með fyrirsögninni „Tillaga“ stendur:
„ BAF gjaldskrá endurspeglir meðaltal BAF-kostnaðar Eimskips síðastliðins mánaðar að viðbættu X% álagi;*
** X% álag er ýmist 10, 20 eða 30%;*
** BAF fyrir N-Ameríku sé óháð BAF fyrir Evrópu – (þ.e. reiknað sitt í hvoru lagi)“.*
 - Á glæru með fyrirsögninni „Skýringar“ er að finna tillögur um það hvaða skýringar starfsmenn Eimskip skyldu gefa viðskiptavinum sínum á olúgjaldi og sýndar reiknireglur, enda höfðu margir stórir viðskiptavinir kallað eftir skýringum.
3823. Framangreind tillaga sem fram kom í glærुकynningu (E)frkvstj-flutnkerf varð að veruleika þegar Eimskip breytti um formúlu á útreikningi á BAF í nóvember 2008, sbr. umfjöllun um það efni hér á eftir
3824. Hér má nefna að þennan sama dag, 23. september 2008, var að undirlagi (E)forstö-innfl áfram unnið með verðhækkunaraðgerðir gagnvart Innnes, sem var umfangsmikill kaupandi flutningsþjónustu í innflutningi hjá Eimskip. Aðgerðir Eimskips gagnvart Innnes fólu í sér m.a. upptöku nýrra gjalda gagnvart viðskiptavininum (m.a. BAF) og „veruleg[a] hækkun“, sbr. tölvupóst (E)sölustj til (E)forstö-innfl („Innessamningurinn“) þennan dag, sbr. kafla 14.5.1.
3825. Þann 24. september 2008 vann (E)frkvstj-flutnkerf að breytingu á formúlu BAF en þann dag sendi hann tölvupóst til (E)starfsm og spurði: „Við erum að skoða formúluna fyrir BAF útreikninga ásamt



hækkun / lækkun á olíu í ágúst – sept getur þú sent mér hvaða magn ásamt verði við bunkeruðum á skipin okkar á þessu tímabili. (E)starfsm svaraði daginn eftir og sendi (E)frkvstj-flutnkerf umbeðin gögn. (E)frkvstj-flutnkerf sendi þessar upplýsingar áfram til (E)forstö-vöruþróun og (E)forstö-flutnstý.

3826. Eins og fjallað er um í kafla 8.16.10 var á fundi (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl þann 24. september 2008 rætt um stöðuna á „stóru málunum“ þ.e. um „verðhækkanir“ og „kerfi“. Þann 28. september 2008 svaraði (S)aðaleig-stjform-SH tölvupósti (S)stjórnarm-fjármstj og skýrði frá því að sú óvissa sem væri uppi um lyktir „stóru málanna“ væri í vinnslu og ættu eftir að skýrast í kringum 20. október 2008. „Stóru málin“ hjá (S)aðaleig-stjform-SH voru þá „skip, hækkanir, alcoa etc.“, sbr. kafla 8.16.11.
3827. Sem fyrr segir funduðu (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl 17. september 2008 og í glærukynningu (E)frkvstj-innanl frá 30. september 2008 var fjallað um samvinnu við Samskip og hækkun á verði:
1. „Viðræður í gangi við Umbúðamiðlun um að rukkað verði fyrir flutninga á tómunum fiskikörum frá sept 2008
 2. 30% hækkun á flutningsverði í ferskfiskflutningum frá sept 2008 – ígildi olíuálags bætt við
 3. Samvinna með Samskip á ýmsum flutningaleiðum – tvíhliða samningar – mikil tækifæri framundan í þessu“
3828. Sama dag, 30. september 2008, sendi (E)forstö-vöruþróun tölvupóst til (E)starfsm og (E)starfsm-innfl og var afrit af honum sent m.a. til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl . Í honum sagði: „*Bið ykkur vinsamlega um að uppfæra BAF gjöld okkar í dag.*
- BAF vegna EU tekur breytingu skv. hefðbundnum útreikningi á olíuverði frá 25. ágúst til 25. sept.*
- BAF vegna US og CA. Vinsamlega reikna breytingu út frá olíuverði frá 25. ágúst til 25. sept. EN HÆKKA svo um 40% þar sem við höfum ekki náð að kovera olúkostnað okkar á Ameríkuleið.*
- TA BAF¹⁹²³ verður frá og með núna EU BAF + US/CA BAF.“¹⁹²⁴*
3829. Til upprifjunar skal það nefnt að Eimskip hafði gefið viðskiptavinum sínum til kynna að BAF-útreikningar væru í föstum skorðum og réðust aðeins af heimsmarkaðsverði á olíu samkvæmt tiltekinni formúlu, útreikningur Eimskips á BAF væri „algjörlega fræðilegur“, sbr. tölvupóst (E)forstö-innfl til Múrbúðarinnar 14. ágúst 2008, sbr. umfjöllun í kafla 8.15.7.2.
3830. Hér ber að árétta að framangreindir tölvupóstar (E)frkvstj-flutnkerf frá 22.- 24. september 2008 sýna að Eimskip vann á þessum tíma að því að „skoða formúluna fyrir BAF útreikninga“, þ.e. að breyta útreikningi BAF í því skyni að hækka gjaldið. (E)frkvstj-flutnkerf hafði sem fyrr segir setið fundi með Samskipum m.a. 14. ágúst og 5. september 2008 þar sem m.a. var rætt um BAF og á fyrri fundinum var upplýsingum miðlað á milli fyrirtækjanna með ólögætum hætti, sbr. kafla 8.15.7.2, 8.16.6.2 og 10.4.4.
3831. Samkvæmt tölvupósti (E)forstö-vöruþróun ákvað Eimskip þann 30. september 2008 að breyta útreikningi á BAF vegna beinna flutninga til Norður-Ameríku. Um verulega verðhækkun var að ræða. BAF gjald vegna Norður-Ameríku flutninga hafði numið Evrópu BAF gjaldi auk 20% álags en með breytingunni var viðbætt álag hækkað í 40%.
3832. Þá var samkvæmt tölvupósti (E)forstö-vöruþróun tekið upp nýtt BAF sem greiða skyldi af TA-flutningum (óbeinum flutningum milli Norður-Ameríku og Íslands en færu um meginland Evrópu). Áttu viðskiptavinir sem fengju sendar vörur milli Íslands og Norður-Ameríku með TA-flutningum

¹⁹²³ TA er skammstöfum fyrir Trans-Atlantic. Hér er því vísað til BAF fyrir óbeina flutninga milli Norður-Ameríku og Íslands sem fara um meginland Evrópu.

¹⁹²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.111292.



eftirleiðis að greiða BAF gjald sem samsvaraði BAF vegna Evrópu að viðbættu BAF-gjaldi vegna Norður-Ameríku.

3833. Framangreindir tölvupóstar (E)frkvstj-flutnkerf frá 22. og 24. september 2008, tölvupóstur (E)forstö-vöruþróun frá 30. september 2008 auk breytinga Eimskips á jöfnu til útreiknings á BAF gjaldi í nóvember 2008, sbr. hér síðar, sýna því að olúgjöld Eimskips byggðu ekki á fræðilegri og óhaggandi formúlu þar sem niðurstaðan breyttist aðeins vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á olú. Breytingar Eimskips á forsendum gjaldsins sýna að innheimta gjaldsins hafði á þessum tíma þann tilgang að hækka gjaldið og auka tekjur skipafyrirtækjanna af því.
3834. Af samráði Samskipa og Eimskips um BAF leiddi nefnilega að BAF Samskipa vegna Norður-Ameríku flutninga var það sama og Eimskips. Skal rifjað upp að stuttu eftir fund (S)forstö-innfl1 með Eimskip, 19. og 20. ágúst 2008, gaf (S)forstö-innfl1 þau fyrirmæli innanhúss að Samskip skyldu innheimta nákvæmlega sama BAF og Eimskip vegna Norður-Ameríku flutninga. Var þessi samstilling hluti af samráði fyrirtækjanna á þessum tíma og endurspeglast í því t.d. að gögnin sýna að Samskip innheimti áfram sama olúgjald og Eimskip vegna flutningana þrátt fyrir annars vegar hækkun Eimskips á gjaldinu í september 2008, sbr. tölvupóst (E)forstö-vöruþróun frá 30. september 2008, og hins vegar breytingu Eimskips á forsendum útreikninga BAF í nóvember 2008, sbr. síðar. Hvergi er í gögnum málsins að finna að Samskip hafi litið á þessar hækkunar Eimskips sem samkeppnisforskot eða óvissa hafi verið hjá Eimskip um viðbrögð keppinautarins við hækkununum.
3835. Morguninn eftir að lykilstjórnendur Eimskips, m.a. (E)forstö-innfl , áttu fund með Samskipum 6. október 2008, þ.e. klukkan 09:45 þann 7. október 2008, var innan Eimskips boðað til fundar hjá (E)forstö-innfl , (E)forstö-útfll , (E)forstö-vöruþróun og (E)starfsm-innfl. Á fundinum átti að fjalla um „möguleika á verðbreytingum.“ Sama morgun vann (E)forstö-útfll að aðgerðum Eimskips er vörðuðu innleiðingu á BAF á alla viðskiptavinum, sbr. kafla 8.17.7. Sama dag kom fram í tölvupósti (S)aðaleigstjform-SH að Samskipum hefði tekist að ná fram afar mikilli („massive“) verðhækkun á þjónustu fyrirtækisins, sbr. kafla 8.18.
3836. Þann 9. október 2008 sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl um stöðu viðræðna við Samskip vegna samstarfs í Norður-Ameríku flutningum, sbr. kafla 8.17.10. Í tölvupóstinum sagði m.a. eftirfarandi: *Samskip greiðir 80 % af Eimskips USA BAF nú usd 389 per teus.* Þar kom einnig fram að á fundinum hefði verið rætt um „tengingu við Transatlantic verð“ og að þau „verð [væru] á niðurleið að því [(S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1] nefndu á síðasta fundi.“ Í póstinum kom einnig fram að náðst hafi samkomulag milli fyrirtækjanna um tiltekið gámasamstarf vegna Norður-Ameríku.
3837. Samkeppni Samskipa við Eimskip í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku gat eins og áður segir einkum átt sér stað með TA-flutningum enda var meirihluti slíkra flutninga Samskipa í formi óbeinna flutninga gegnum Evrópu. Þá bauð Eimskip einnig upp á TA-flutninga og hafði samkvæmt tölvupósti (E)forstö-vöruþróun frá 30. september tekið upp nýtt BAF vegna TA-flutninga. Samkvæmt tölvupósti (E)forstö-innfl hafði Eimskip rætt við Samskip um „tengingu við Transatlantic verð“ í tengslum við umræðu á verðlagningu Eimskips á flutningum fyrir Samskip í beinum siglingum milli Íslands og Norður-Ameríku. Var það í samræmi við tilmæli sem (E)forstj hafði eins og áður segir beint til (E)frkvstj-flutnkerf í tölvupósti í lok júní 2008, en þar sagði m.a.: „Semja um meira magn við Samskip og biðja þá að hætta Evrópu flutningum“. Fyrirmælum forstjórans um að leita eftir því að Samskip hættu að keppa við Eimskip með TA-flutningum en samnýta flutningakerfi með því flytja þess í stað meira með Norður-Ameríku skipum Eimskips var því fylgt eftir af samningamönnum Eimskips. Var þetta í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins um aukið samstarf fyrirtækjanna í sjóflutningum og samnýtingu flutningakerfa. Í ljósi stöðu Samskipa og Eimskips, sem keppinauta með samanlagt 100% markaðshlutdeild í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku, og í ljósi þess að TA-flutningar veittu Samskipum möguleika til að veita Eimskip samkeppnislegt aðhald með sjálfstæðum Norður-Ameríku flutningum voru samskipti Samskipa og Eimskips um „tengingu við Transatlantic verð“ til þess fallin að raska samkeppni í þessum flutningum.



3838. Í þessum tölvupósti segir einnig að náðst hafi eftirfarandi samkomulag við Samskip: „*Samskip greiðir 80% af Eimskips USA BAF nú usd 389 per teus*“. Gögn málsins sýna að BAF var til umræðu í samskiptum Lykilstjórnenda, sbr. t.d. umfjöllun kafla 8.15.7.2 um ólögmet upplýsingaskipti um BAF á fundi Lykilstjórnenda fyrirtækjanna 14. ágúst 2008. Þá staðfesta samtímagögn ólögmet upplýsingaskipti um álagningu á BAF gagnvart viðskiptavinum á fundi Lykilstjórnenda fyrirtækjanna 4. desember 2008, sbr. umfjöllun hér á eftir.
3839. Rifja ber upp að fyrirtækin höfðu þegar samráð um álagningu BAF gjalds vegna Norður-Ameríku flutninga, sbr. tölvupóst (S)forstö-innfl1 þar sem hann gaf undirmanni fyrirmæli þess efnis 19. ágúst 2008 í kjölfar fundar sem hann átti með Lykilstjórnendum Eimskips nokkrum dögum áður. Þá má benda á að eftir undirritun samnings um Norður-Ameríku flutninga 7. janúar 2009 innheimtu Samskip ekki aðeins sama BAF gjald og Eimskip vegna beinna flutninga frá Norður-Ameríku heldur einnig það sama og Eimskip vegna TA-flutninga. Eimskip hafði þá nýlega breytt innheimtu BAF vegna TA-flutninga, sbr. tölvupóst (E)forstö-vörubrún frá 30. september 2008. Hefur þetta þýðingu þar sem Samskip höfðu nýtt TA-flutninga í beinni samkeppni við Eimskip í flutningum milli Íslands og Norður Ameríku en einnig af þeirri ástæðu að BAF gjaldtaka erlendra skipafélaga sem fluttu fyrir Samskip á milli Evrópu og Norður-Ameríku var önnur og mögulega lægri en BAF gjaldtaka Eimskips á sömu flutningsleið. Ákvörðun Samskipa um að innheimta sama BAF gjald og Eimskip vegna TA-flutninga er því í samræmi við ákvörðun (S)forstö-innfl1 frá 19. ágúst 2008, sem kom í kjölfar ólögmetra samskipta við Eimskip m.a. vegna BAF 14. ágúst 2008.
3840. Þótt Samskip hafi fengið 20% afslátt af BAF-gjaldi Eimskips í samningi 7. janúar 2009 er hvergi að sjá í samtímagögnum fyrirtækisins að rætt hafi verið um eða tilraun gerð til að nýta þann afslátt til að sækja viðskipti frá Eimskip. Þess í stað innheimtu Samskip áfram sama gjald og Eimskip vegna Norður-Ameríku flutninga, sbr. tölvupóst (S)forstö-flutnstj 4. desember 2008, sem fjallað er um hér á eftir, ásamt því að Samskip, í samræmi við samráðið við Eimskip, unnu áfram að þeim verðhækkunum að allir viðskiptavinir myndu greiða fullt BAF gjald.
3841. Í framhaldi af tölvupóstinum 9. október 2008 sendi (E)forstö-innfl þann 14. október 2008 tölvupóst um sama efni til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1, með afriti til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl, en þar segir í lokin að Norður-Ameríku samningi hafi verði stillt upp á „*lögformlegan hátt*“ og muni hann koma til þeirra eintaki til yfirlestrar mjög fljótlega. Kvað (E)forstö-innfl nýjan samning eiga að taka gildi 1. nóvember 2008, sbr. umfjöllun í kafla 8.19.2. Í kjölfarið áttu sér stað ítrekuð tölvupóstsamskipti milli fulltrúa fyrirtækjanna um drög að Norður-Ameríku samningi og fleira sem stjórnendur fyrirtækjanna höfðu rætt sín á milli, sbr. umfjöllun hér á eftir.
3842. Sem fyrr segir leiddu (E)forstö-vörubrún og (E)forstö-innfl að undirlagi (E)frkvstj-EimÍsl vinnu við hækkun á gjaldskrá Eimskips, sbr. m.a. framangreind gögn Eimskips frá 9. september 2008. Sem lið í þessu sendi (E)forstö-vörubrún þann 13. október 2008 glærukynningu til (E)frkvstj-innanl sem sýndi yfirlit yfir tillögur um gjaldskrárbreytingar 1. nóvember 2008. Þar kom fram að til stæði að hækka gjaldskrá sjóflutnings frá Evrópu um 24,7%. Funda átti „*maður á mann*“ og „*toga*“ út hækkunar. Í kynningunni kom fram að 1% hækkun sjóflutnings- og þjónustugjalda myndi skila Eimskip 219 milljónum kr. tekjuaukningu á ári, sbr. umfjöllun í kafla 8.19.1.
3843. Eins og lýst verður hér á eftir var viðskiptavinum Eimskips tilkynnt um hækkun sjóflutningsverðs vegna Evrópuflutninga þann 18. nóvember 2008 og höfðu þá (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 átt í ítrekuðum samskiptum frá því samráð fyrirtækjanna hófst í júní 2008. Hækkun Eimskips var þó ekki framkvæmd með hefðbundnum hætti sem hækkun gjaldskrár í íslenskum krónum heldur ákvað Eimskip í millitíðinni að fara þá leið að breyta gjaldskrá sjóflutninga til og frá Evrópu úr íslenskum krónum í evrur. Hafði það í för með sér mun meiri hækkun verðs til viðskiptavina Eimskips en umrædd 24,7% gjaldskrárhækkun, sbr. kafla 10.4.7.
3844. Daginn eftir samtal (E)forstö-innfl við (S)forstö-innfl1, þ.e. 17. október 2008, er í tölvupósti (E)forstö-innfl til (E)forstö-útfi og undirmanns hans fjallað um breytingu Eimskips á útreikning BAF og staðfest



að í henni fellst hækkun gjaldsins: „[Eimskip] hækkuðum BAF útreikning“ vegna Norður-Ameríku með því að hækka álag úr 20% í 40%, sbr. kafla 8.16.6.2.

3845. Voru þessi ummæli í samræmi við áður nefnda breytingu Eimskips á útreikningum gjaldsins vegna Norður-Ameríkuflutninga sem hafði verið tekið upp og innleitt um hálfum mánuði fyrr, þ.e. 30. september 2008.
3846. Gögn málsins sýna að haustið 2008 fór heimsmarkaðsverð á skipaolíu hratt lækkandi, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.6.
3847. Í ljósi þessa kemur ekki á óvart að hækkun á BAF gjaldi sætti harðri gagnrýni viðskiptavina fyrirtækjanna sem kölluðu eftir skýringum þar sem þeir töldu hana í andstöðu við þróun olíuverðs á heimsmarkaði. Framkvæmdastjóri mikilvægs viðskiptavinar Eimskips (Aðfanga) benti á mjög öra lækkun á heimsmarkaðsverði á olíu samfara þrengingum í efnahagslífi og sagði: „Ég hef áhyggjur af því að þið séuð ekki að lækka á sama hátt og þið hækkið“. Gerðu Aðföng í október 2008 ítrekaðar athugasemdir við BAF Eimskips. Gögn málsins sýna einnig undrun og óánægju með BAF gjaldi Samskipa. Er samráði Samskipa og Eimskips vegna BAF nánar lýst í kafla 10.4.4 hér á eftir.
3848. Í þessum kafla hafa verið dregin saman gögn málsins frá upphafi árs 2008 fram að 20. október 2008, þ.e. þeim tímapunkti sem (S)aðaleig-stjform-SH sagði að „stóru málin“ ættu eftir að skýrast. Stóru málin hjá (S)aðaleig-stjform-SH voru m.a. „skip, hækkanir, alcoa etc“. Virt saman sýna gögn frá þessum tíma að í kjölfar þess að samráð Samskipa og Eimskips hófst um mitt ár 2008 undirbyggju og gripu fyrirtækin til víðtækra verðhækkana. Var um að ræða m.a. verðhækkanir á gjaldskrá og þjónustugjöldum. Sömuleiðis var um að ræða hækkanir gagnvart stórum viðskiptavinum eða verðhækkanir á flutningum af tekjumiklum vörflokkum, eins og innflutningi á dagvöru og útflutningi á áli og sjávarafurðum. Tekin voru upp ný gjöld gagnvart viðskiptavinum, niðurfelling eða afslættir lækkaðir og samráð um BAF-gjald. Á sama tíma áttu lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips samskipti. Óvissu á íslenska flutningamarkaðnum hafði verið raskað og í samtímagögnum ekki að finna ótta hjá stjórnendum um viðbrögð keppinauta vegna þessara yfirgripsmiklu verðhækkana. Gerði samráð Samskipa og Eimskips þeim þetta kleift. Samhliða þessu unnu stjórnendur fyrirtækjanna að m.a. að þeim verkþætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til „Slotsamninga í siglingakerfinu“ m.a. tengslum við samstarfs vegna flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Verður þeim atvikum nú lýst nánar.

10.2. Viðræður í lok október og nóvember 2008 um Norður-Ameríku samstarfið

3849. Þann 20. október 2008 sagði (S)aðaleig-stjform-SH í tölvupósti til (S)frkvstj-MCL að Samskip væru á næstu dögum að ljúka samningum við Eimskip, Alcoa og eigendur skipa, sbr. kafla 9.3. Einn af samningum sem Samskip og Eimskip unnu að á þessum tíma var vegna samstarfs í Norður-Ameríku flutningum. Eftir 20. október 2008 héldu Samskip og Eimskip þannig áfram að vinna að þeim verkþætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem varðaði samstarf í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Fundir og önnur samskipti fyrirtækjanna áttu sér stað. Samhliða unnu fyrirtækin einnig að framgangi annarra verkþátta „Nýtt upphaf“ verkefnisins, þar á meðal útvíkkun á „neyðarsamkomulaginu“ frá árinu 2001, öðru samráði tengt siglingakerfum og flutningum milli Íslands og annarra Evrópulanda, samstarfi í flutningum til og frá Færeyjum auk samráðs í landflutningum. Hér ber að áréttu að sömu stjórnendur beggja fyrirtækja komu að þessum þáttum sem vörðuðu sjóflutninga og siglingakerfi, þ.e. hjá Eimskip einkum (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl og hjá Samskipum (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1, með vitneskju og að undirlagi forstjóra fyrirtækjanna.
3850. Líkt og fram til 20. október 2008 unnu þessir sömu stjórnendur samhliða einnig að frekari verðhækkunum hjá Samskipum og Eimskip, sbr. umfjöllun hér á eftir.
3851. Í tölvupósti (E)forstö-innfl þann 14. október 2008 til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl) kom m.a. fram að samningi vegna Norður-Ameríku samstarfsins yrði stillt upp á „lögformlegan hátt“, sbr. kafla 8.19.2. Í framhaldi af þessu sendi



(S)forstö-innfl1 þann 21. október 2008 tölvupóst til (E)forstö-innfl (afrit til (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl). Var (S)forstö-innfl1 að svara tölvupósti (E)forstö-innfl frá 14. október 2008 og vísaði til „þess sem hafi verið rætt á fundinum [6. október 2008¹⁹²⁵]“. Þessi samskipti sýna að fyrirtækin unnu að auknu samstarfi tengdu Norður-Ameríku flutningum, t.a.m. að koma á gámasamstarfi og samstarfi í vöruhúsanotkun.

3852. Var umræða stjórnenda Samskipa og Eimskips um aukið samstarf í Norður-Ameríku flutningum (hvort sem það var „inn í“ eða „utan“ samnings) í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins.
3853. Í umræddum tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá 21. október 2008 var vísað til viðræðna á fundi fyrirtækjanna og sagði (S)forstö-innfl1 að verð ætti að lækka ef Samskip myndu „nýta sér vöruhúsaþjónustu Eimskips.“ Sagði (S)forstö-innfl1 að Samskip myndu vilja „halda því inn í samningnum“. Eins og í tölvupósti (E)forstö-innfl frá 14. október 2008 kom fram hjá (S)forstö-innfl1 að Eimskip myndi taka að sér að flytja tóma gáma fyrir Samskip frá Reykjavík til áætlunarhafna í Norður-Ameríku og Eimskip væri einnig heimilt að nýta sér gáma Samskipa undir útflutning á vöru frá Íslandi til Norður-Ameríku. Þá fjallaði (S)forstö-innfl1 um það sem ætti að halda fyrir utan samning og vísaði þar til umræðu um „að staðsetja tóma RF gáma fyrir Samskip 24ff til Richmond án endurgjalds“ og Samskip þyrftu staðfestingu á sameiginlegum skilningi þótt það væri ekki tilgreint í samningi.
3854. Af upplýsingum frá Samskip sem raktar verða nánar hér á eftir má sjá að þarna vildi (S)forstö-innfl1 tryggja að áframhaldandi sameiginlegur skilningur væri milli fyrirtækjanna á því að Eimskip myndi án endurgjalds flytja gáma Samskipa milli hafna í Bandaríkjunum sem tengdust flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku.¹⁹²⁶ Var í tölvupósti (S)forstö-innfl1 sömuleiðis rætt um að auka samstarfið enn frekar og „eiga viðræður um vöruhúsamál í Richmond og jafnvel fleiri höfnum sem fyrst“. Einnig sagði (S)forstö-innfl1 í tölvupóstinum að ef samningurinn ætti að taka gildi 1. nóvember 2008 yrðu Samskip að fá skrifleg drög eigi síðar en 24. október 2008.
3855. Varðandi framangreind atriði, sem Samskip og Eimskip ætluðu að hafa samstarf um en láta ekki koma fram í nýjum Norður-Ameríku samningi, vísast hér til kafla 10.6.2 og 11.19.2. Þar er því lýst að Norður-Ameríku samstarf Eimskips og Samskipa féll undir bandarísk samkeppnislög. Annaðist Federal Maritime Commission (FMC) eftirlit með sértækum samkeppnisreglum sem gilda í sjóflutningum. Lá fyrir að Eimskip bæri að tilkynna FMC um samninginn við Samskip. Sýnir tölvupóstur (S)forstö-innfl1 að Samskip og Eimskip höfðu rætt um samstarf sín á milli í Bandaríkjunum sem ekki ætti að greina frá í tilkynningu til FMC eða samkeppnisyrivalda hér á landi.
3856. Rétt er að geta þess hér að Samskip og Eimskip ((E)frkvstj-innanl, (E)svæðisstj1, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfll og (S)forstö-flutnstj) áttu daginn eftir, 22. október 2008, í öðrum samskiptum. Þau samskipti fólu í sér ólöglegt upplýsingaskipti tengdum fyrirhuguðum siglingakerfisbreytingum Samskipa vegna flutninga milli Íslands og Evrópu, sbr. rökstuðning í kafla 9.4. Horfa verður til þessara sönnunargagna með heildstæðum hætti í máli þessu enda unnu fyrirtækin að mismunandi verkþáttum „Nýtt upphaf“ verkefnisins samhliða. Þetta sést á því að daginn eftir funduðu (E)forstö-innfl , (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl, en samkvæmt dagbók (E)forstö-innfl var fundarefnið eftirfarandi:

„Samskip samningur ex USA og Neyðarsamkomulag um gámaflutninga“.¹⁹²⁷

3857. Hér ber að hafa í huga að þremur dögum fyrr, 20. október 2008, hafði (S)frkvstj-millilandasv sent (E)frkvstj-flutnkerf drög að „Útvíkkuðu neyðarsamkomulagi“ þar sem fjallað var um aukið samstarf

¹⁹²⁵ Tilvísun til umræddra tölvupóstsamskipta Eimskips og Samskipa frá október og nóvember 2008 (með heitinu „Samskip samningur“) er að finna neðanmáls í lok þessa kafla (kafla 10.2).

¹⁹²⁶ Mgr. 1102 í athugasemdum Samskipa við AI og mgr. 15 – 19. í bréfi Samskipa 24.02.2023.

¹⁹²⁷ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip [...] „Samskip samningur ex USA og Neyðarsamkomulag um gámaflutninga“, dags. 23.10.08, kl. 12:00. Doc. ID. 0.7.328.33660. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] „Samskip samningur ex USA og Neyðarsamkomulag um gámaflutninga“. Boðaðir voru auk [...]. Fundur dags. 23.10.2008, kl. 12:00-13:00 Doc. ID. 0.7.33.440258.

Eimskips og Samskipa í sjóflutningum milli Íslands og annarra Evrópuríkja, sbr. kafla 9.3. Var þannig til umræðu hjá þessum stjórnendum Eimskips samstarf við Samskip í bæði Evrópuflutningum og Norður-Ameríku flutningum. Var það í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins, sbr. glærukyningu (E)frkvstj-alþjsv og (E)forstj frá 8. og 9. júní 2008.

3858. Þann 28. október 2008 svaraði (E)forstö-innfl áðurnefndum tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá 21. október 2008, afrit sent til (E)frkvstj-flutnkerf, (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl. Sendi (E)forstö-innfl meðfylgjandi drög að Norður-Ameríku samningi milli fyrirtækjanna. Í svörum (E)forstö-innfl í tölvupóstinum fjallaði hann um tillögur (S)forstö-innfl1 m.a. um hvað ætti að halda „utan“ eða „innan“ samnings fyrirtækjanna vegna Norður-Ameríku. Varðandi umfjöllun (S)forstö-innfl1 í tölvupóstinum 21. október 2008, um lækkun verðs ef Samskip myndu nýta sér vöruhúsaþjónustu Eimskips, þá staðfesti (E)forstö-innfl umræðu stjórnendanna um þetta en sagði að það þyrfti að ræða betur „útfærslu“ og því væri „ekki hægt að setja“ þann þátt „inn í þennan samning“. Þá staðfesti (E)forstö-innfl í tölvupóstinum að Eimskip myndi staðsetja tóma frystigáma fyrir Samskip frá Boston til Richmond án endurgjalds og því væri haldið utan samnings fyrirtækjanna.
3859. Varðandi tillögu (S)forstö-innfl1 um að eiga umræður um „vöruhúsamál í Richmond og jafnvel fleiri höfnum sem fyrst“ þá tók (E)forstö-innfl jákvætt í það og sagði: „Sammála og eru [svo] tilbúnir hvenær sem er“.
3860. Í mgr. 1102 í athugasemdum Samskipa við AI segir m.a. þetta um atriði sem átti að halda „utan samnings“:
- „Í tölvupóstssamskiptum milli (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1, frá 14. október til 21. október 2008, var komist að samkomulagi um það sem var „utan samnings“. Þessi þjónusta var hluti af því samkomulagi sem hafði verið í gildi og aðilar vildu halda óbreyttu áfram. Samskip vildu Eimskip myndi áfram flytja gáma endurgjaldslaust á milli hafna innan Bandaríkjanna.“*
3861. Eimskip og Samskip höfðu átt í ólögætu samráði um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku frá 1. september 2004. Fólst það í flutningum Eimskips fyrir Samskip í beinum áetlunarsiglingum milli Íslands og Norður-Ameríku. Var þetta ólögæta samráð fyrir hendi á árinu 2008. Er þetta viðurkennt í 1. gr. sáttar Eimskips 16. júní 2021. Er staðfest í framangreindum athugasemdum Samskipa að það hafi verið atriði í Norður-Ameríku samstarfinu sem hafi verið haldið „utan samnings“ og þannig ekki greint frá þeim t.d. þegar viðkomandi samningar voru sendir samkeppnisyfirdöldum héraendis og í Bandaríkjunum. Þá láta Samskip þess ógetið að í júní 2008 varð Norður-Ameríku samstarfið hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Í samræmi við það var til athugunar hjá fyrirtækjunum að auka það samstarf, sbr. t.d. um gámasamstarf og samstarf í vöruhúsaþjónustu í Bandaríkjunum.
3862. (S)frkvstj-millilandasv framsendi tölvupóst (E)forstö-innfl kl. 17:13 sama dag til (S)forstö-innfl1 og sagði: „Þú skoðar þetta fyrir okkur- við viljum hafa- verðin með 300\$ afslættinum inni í samningnum“ og vísaði þar til lægra verðs Samskipa ef Eimskip gæti ekki útvegað Samskip gáma í Richmond og ef Samskip myndu nýta sér vöruhúsaþjónustu Eimskips í Norður-Ameríku. (S)forstö-innfl1 svarar um hæl og kvaðst skoða þetta.¹⁹²⁸
3863. Þann 30. október 2008 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl (afrit til (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl) og svaraði fyrrnefndum tölvupósti (E)forstö-innfl1 frá 28. október um Norður-Ameríku samninginn. Þar var m.a. fjallað um atriði sem tengdust auknu samstarfi fyrirtækjanna vegna gáma og vöruhúsaþjónustu í Norður-Ameríku og lækkun á verði Samskipa til Eimskips þegar Samskip myndu nýta sér þessa þjónustu. Tók (S)forstö-innfl1 einnig fram að fyrirtækin ættu eftir að „gera upp eftirágreidda afsláttinn“. Bað hann (E)forstö-innfl að senda sem fyrst uppfærð samningsdrög.

¹⁹²⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.681535.



3864. Hér ber að hafa í huga að sunnudaginn 2. nóvember sendi (S)aðaleig-stjform-SH sjálfum sér tölvupóst með verkefna- eða minnislista. Eitt atriði á honum var:

„Eimskip-nýir samningar“.¹⁹²⁹

3865. Hér vísaði (S)aðaleig-stjform-SH semsagt til nýrra samninga við Eimskip í fleirtölu, þ.e. ekki aðeins Norður-Ameríku samnings sem var í undirbúningi og undirritaður var 7. janúar 2009. Einnig rætt um samninga við Samskip í fleirtölu innan Eimskips, sbr. samskipti (E)frkvstj-skiparekst, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutnkerf 6. janúar 2009 sem lýst er í kafla 10.6 og 11.19. Er það í samræmi við önnur samtímagögn og „Nýtt upphaf“ verkefnið sem tók til mun fleiri verkþátta en eingöngu flutninga til og frá Norður-Ameríku.

3866. Þann 5. nóvember 2008 sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til (S)forstö-innfl1 (afrit til (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl). Var um að ræða svar við tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá 30. október 2008. Komu þar m.a. fram eftirfarandi viðbrögð (E)forstö-innfl við tölvupósti (S)forstö-innfl1:

- Um aukið samstarf með nýtingu Samskipa á vöruhúsi Eimskips í Norður-Ameríku og hvað ætti að vera „inn í“ eða „utan“ samnings sagði (E)forstö-innfl :

„Nýting vöruhúss í Richmond þarf að ákveða í sameiningu og eftir viðræður og skoðun. Getum við hafið hvenær sem er. Setjum ekki inn í samning en setjum okkur tímaramma til að klára. Það er staðfest enn og aftur að við munum ekki bakka út úr áður nefndu munnlegu samkomulagi.“

- Um samstarf vegna Kanada- og Evrópuflutninga sagði (E)forstö-innfl : *Við teljum enga ástæðu til að hafa Kanada inn í service contract sem nær yfir reglur varðandi skráningu hjá FMC í USA. Við höfum rætt um „neyðarsamkomulag“ og mjög auðvelt að setja þar inn þann skilning að t.d. USA verð gildi einnig fyrir Canada.“* Samkeppniseftirlitið vísar til þess að fyrirtækin unnu að þessum tíma að „útvíkkuðu neyðarsamkomulagi“ sbr. t.d. að þann 20. október 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv (E)frkvstj-flutnkerf drög að slíkum almennum „slotsharing samningi“, þar sem fjallað var um aukið og víðtækt samstarf Eimskips og Samskipa í sjóflutningum milli Íslands og annarra Evrópuríkja, sbr. kafla 9.3 og 9.12.2.1.
- Um BAF gjald og aukið gámasamstarf í Norður-Ameríku sagði (E)forstö-innfl : *Í sem stystu máli þá er það helsta sem er breytt í nýjum samningi að BAF kemur inn að hluta, verð breytast lítillega m.a. vegna þess að þið sækið gáma til okkar og við sköfum tóma standard þurrgáma í Richmond.“*

3867. Rökstuddi (E)forstö-innfl einnig og svaraði (S)forstö-innfl1 að Samskip ættu ekki rétt á eftirágreiddum afslætti í Norður-Ameríku flutningum þar sem samið hafi verið um nettóverð. Áréttaði (E)forstö-innfl í lokin að ef fyrirtækin myndu ekki standa við munnlegt samkomulag sitt („ganga bakí orða sinna“) um „t.d. varðandi vöruhúsamál í Richmond eða tóma gáma“ væri fljótleg leið fyrir fyrirtækin út úr samningnum þar sem samningurinn yrði uppsegjanlegur strax. Að lokum sagði (E)forstö-innfl að það væri verið „að taka saman flutningayfirlit og þú færð það um leið og það liggur fyrir.“

3868. Síðar sama dag svaraði (S)forstö-innfl1 þessum tölvupósti (E)forstö-innfl . Samskip töldu að mikið bæri í milli og atriði sem væru ókláruð hjá fyrirtækjunum. Athugasemdir fylgdu síðan í 10 tölulíðum og kom þar m.a. eftirfarandi fram sem m.a. tengdist auknu samstarfi fyrirtækjanna í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefni þeirra:

- Um aukið gámasamstarf í Norður Ameríku og tóma gáma kom fram í tölulíð 4 í tölvupóstinum: *„Þú neitar því að það þurfi að taka á því ef þið getið ekki útvegað tóma DC gáma í Richmond.“* Sagði (S)forstö-innfl1 að það yrði að verða lækun á verði ef Eimskip gæti ekki útvegað gáma fyrir

¹⁹²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.524557.



Samskip í flutninganna (lækkun um 300 USD per TEU). Í töluliðum 8-10 var einnig fjallað um fyrirkomulag vegna aukins gámasamstarf fyrirtækjanna og það þyrfti að taka til fleiri hafna en Richmond.

- Um aukið samstarf í vöruhúsaþjónustu og áhrif á verðlagningu samnings lagði (S)forstö-innfl1 til í 6. tölulið tölvupóstsins: „Ef þið viljið ekki setja vöruhúsa afsláttinn inn í samninginn þá teljum við réttast að það verði útbúinn viðauki við samninginn sem tekur á þessu.“ Lagði (S)forstö-innfl1 þannig til að halda þessu „utan“ samnings eins og fyrirtækin höfðu rætt og (E)forstö-innfl1 hafði lagt til. Fyrirtækin myndu þá útbúa um það viðauka (sem af samskiptum má sjá að átti ekki að fara til samkeppnisyrivalda).
- (S)forstö-innfl1 fjallaði einnig um að halda samstarfi í flutningum vegna Kanada utan samningsins. (S)forstö-innfl1 vildi þó ekki tengja það vinnu fyrirtækjanna að þeim verkþætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til aukins samstarfs í Evrópuflutningum. Um þetta fjallaði (S)forstö-innfl1 í tölulið 7 í póstinum: „Þar sem þið teljið ekki ástæðu til að hafa Kanada inn í samningnum þá viljum við fá það inn í viðauka við samninginn. Getið þið vinsamlega útbúið slíkan viðauka. Það er röng nálgun að fara að tengja Kanada við Neyðarsamkomulagið. Það er [u] tvö óskild [svo] mál.“
- Í 5. tölulið fjallaði (S)forstö-innfl1 um gildistíma samningsins, hann yrði uppsegjanlegur og lagði m.a. til að setja inn í samninginn ákvæði um endurskoðun fyrirtækjanna eftir eitt ár og þá myndu fyrirtækin „setjast niður og ræða hækkanir/lækkanir m.t.t. flutningamarkaðar í USA og skipatengds kostnaðar.“

Vekur athygli hvernig (S)forstö-innfl1 horfir til samskipta fyrirtækjanna og að þau geti tekið til samkeppnismarkaðar í Bandaríkjunum og upplýsingaskipta á skipatengdum kostnaði. Samskip og Eimskips voru með algera yfirburðastöðu á flutningamarkaði m.a. vegna flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Um var að ræða tvíkeppnismarkað þar sem upplýsingaskipti um t.a.m. aðstæður á markaði og kostnað eru afar varhugaverð í samkeppnislegu tilliti, sbr. kafla 4.6.3.2. Var þessi tillaga (S)forstö-innfl1 um upplýsingaskipti fyrirtækjanna um samkeppnislega viðkvæm málefni í samræmi og hluti af hinu ólögsmæta samráð. (E)forstö-innfl1 tók jákvætt í tillögu (S)forstö-innfl1.

3869. Daginn eftir, 6. nóvember 2008 kl. 13:50 sendi (E)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstö-innfl1 (afrit til (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl)

- (E)forstö-innfl1 fjallaði um aukið gámasamstarf í Norður-Ameríku, sbr. tölulið 4 í tölvupóstinum. Sagði hann m.a. að það væri „ákvæðin win/win staða hvað varðar DC¹⁹³⁰ gáma frá Richmond og því erum við tilbúnir að leggja ykkur til DC 40ft gáma þar án aukagjalds.“ Um samstarf á flutningi á tónum Samskipa gámum innan hafna í Bandaríkjunum og notkun Eimskips á gámum Samskipa, sagði (E)forstö-innfl1 að forsendur þessa væri að Eimskip myndi flytja gámuna til Richmond.
- Eimskip féllst á tillögu (S)forstö-innfl1 um gildistíma samningsins og uppsagnarákvæði. Með því gætu fyrirtækin komist að „samningaborðinu“ fljótt og ekki verra að hafa það eftir ár, sbr. tölulið 5 í tölvupósti (E)forstö-innfl1 .
- Um aukið samstarf í vöruhúsaþjónustu í Norður-Ameríku, áform um áframhaldandi samskipti og samvinnu fyrirtækjanna vegna þess og halda utan samnings sagði (E)forstö-innfl1 (6. töluliður): „Sammála þessu en þessi viðauki verður ekki gerður núna heldur eftir samninga sem fleiri þurfa að koma að m.a. starfsmenn okkar erlendis. Tekur lengri tíma og við erum ekki reiðubúnir að fresta frágangi á þessum samningi þangað til að þessi viðauki yrði klár“.
- Sjá má af tölvupósti (E)forstö-innfl1 að Eimskip féllst á að hafa eftirágreidda afslætti til Samskipa í samningnum um Norður-Ameríku flutningana, sbr. tölulið 3 í tölvupóstinum.

¹⁹³⁰ DC gámar: Þurrgámar.

- Varðandi sjónarmið Samskipa um að halda Kanada utan samningsins, sbr. 7. töluliður í tölvupósti (S)forstö-innfl1, sagði (E)forstö-innfl : „Þessi áhersla á Kanada er ný af nálinni og vekur upp spurningar. Þessi samningur sem við erum að gera snýr að skráningu hjá FMC í Bandaríkjunum og ákveðinni skuldbindingu sem verið hefur af okkar hálfu varðandi pláss og fleira frá USA. Það er einnig vegna þessara formlegheita og skuldbindinga sem þessir samningar hafa farið til Samkeppniseftirlitsins til skoðunar. Það hefur ekki þótt ástæða til þess varðandi einstaka gáma frá einstökum höfnum í öðrum löndum en USA. Því munum við ekki setja Kanada inn.“

3870. Samkvæmt þessu var Eimskip ljóst að fyrirtækinu væri skylt að tilkynna FMC um alla samninga við Samskip sem vörðuðu flutninga til Bandaríkjanna. Samkeppniseftirlitið bendir á að brot á ákvæðum bandarískra laga þessu tengdu gátu varðað háum sektum, sbr. kafla 8.15.5. Í framangreindum tölvupósti (E)forstö-innfl til (S)forstö-innfl1 var sem fyrr segir vísað til FMC og sagt að það væri einnig vegna þessara „formlegheita“ tengdum FMC „sem þessir samningar hafa farið til Samkeppniseftirlitsins til skoðunar. Það hefur ekki þótt ástæða til þess varðandi einstaka gáma frá einstökum höfnum í öðrum löndum en USA.“ Þetta er í samræmi við önnur gögn málsins. Þegar samráð Samskipa og Eimskips í sjóflutningum féll ekki undir bandarískar samkeppnisreglur var ekki óskað eftir undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga, sbr. t.d. ólögmaett samráð á grundvelli hins leynilega „neyðarsamkomulags“ frá 2001. Virðast fyrirtækin ekki hafa talið eins mikla áhættu fóligna í því að fara gegn íslenskum samkeppnislögum og þeim bandarísku, sbr. umfjöllun hér að framan og einnig kafla 8.15.5.

3871. Síðar þann 6. nóvember 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (E)forstö-innfl (afrit til (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutkerf). Þar kom fram að væri að reynast fyrirtækjunum „flókið“ að ganga frá endanlegum samningi en það ætti að reyna að „klára þetta“. Eru síðan talin upp í 10 töluliðum atriði vegna viðræðna fyrirtækjanna um samstarfið og aukið samstarf:

- Um aukið gámasamstarf í Norður Ameríku og verðlagningu kom fram í tölulið 4 í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv: „Við samþykktum hækkunar á samningnum m.a. vegna þess að þið leggið til gáma. Þegar/ef þið getið ekki lagt til gáma þarf eðlilega að koma til lækkun þar sem slíkt þýðir auka kostna[ð] fyrir okkur og réttlætir því ekki þessa verðhækkun sem við annars samþykktum. Því stendur okkar krafa um USD 300,- lækkun pr. TEU þegar þið leggið okkur ekki til gáma.“
- Um aukið gámasamstarf sagði jafnframt í tölulið 7: „Þið [Eimskip] megið nota þessa gáma okkar [Samskip] fyrir ykkar útflutning í þeim mæli sem þið getið en við bókuð þá á þær hafnir þar sem við þurfum á þeim að halda.“ Sagði (S)frkvstj-millilandasv þetta óbreytt frá því sem stjórnendurnir höfðu rætt um á fundum sínum.
- Í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv samþykkti hann að hafa gildistíma nýs samnings þannig að fyrirtækin gætu sest fljótt að samningaborðinu og myndu eiga viðræður eftir ár, sbr. tölulið 5 í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv. Fól (S)frkvstj-millilandasv Eimskip að gera tillögu að ákvæði. Gekk það eftir, sbr. 7. gr. í Norður-Ameríku samningi fyrirtækjanna sem var undirritaður 7. janúar 2009.
- Um samstarf í vöruhúsaþjónustu og aukið samstarf tengdu því („utan“ samnings) sagði (S)frkvstj-millilandasv í 6. tölulið í tölvupóstinum: „Samþykkjum að fresta gerð viðauka – en samkomulag er um USD 300, pr TEU lækkun á gáma sem lestaðir eru í vöruhúsi ykkar.“
- Um samstarf vegna flutninga til og frá Kanada sagði í 7. tölulið: „Það er ekkert nýtt á nálinni með Kanada – Kanada hefur alltaf verið inni í Ameríkusamningum félaganna. Vinsamlegast lagaðu samninginn til samræmis við gamla samninginn. Þegar við settumst að samningaborðinu stóð til að breyta samningstextanum eins og þið hafið gert hér varðandi Kanada.“¹⁹³¹
- Samskip samþykktu tillögu Eimskips um að setja inn í samninginn ákvæði um eftirágreidda afslætti, sbr. töluliði 2 og 3 í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv.

¹⁹³¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.449918.



3872. Á sama tíma og lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips unnu að þeim verkþætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins um samstarf í sjóflutningum og samnýtingu siglingakerfa vegna Norður-Ameríku flutninga sýna gögn málsins að stjórnendur í landflutningum áttu einnig samskipti sem voru liður í framgangi í ólögmætu samráði fyrirtækjanna. Verður nú vikið að því.

10.3. Framkvæmdastjórar landflutninga funda á ný

3873. Framkvæmdastjórar landflutninga, (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl, áttu ítrekað í samskiptum á árinu 2008. Funduðu þeir á kaffihúsinu Mokka 4. júlí 2008, sbr. kafla 8.7. Þann 11. ágúst funduðu þeir með SVP, sbr. kafla 8.15.3. Undirmenn (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl ræddu saman í síma og funduðu 8. og 9. september 2008, sbr. kafla 8.16.4. (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl funduðu í verslunarmiðstöðinni Smáralind 17. september 2008, sbr. kafla 8.16.7. Daginn eftir sendi (S)frkvstj-innanl tölvupóst til (E)frkvstj-innanl vegna sjóflutninga Samskipa fyrir Eimskip frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Þann 10. október sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst til (E)forstj og (E)frkvstj-Eimísl. Rifjaði (E)frkvstj-innanl upp það sem hann hafði áður sagt þeim um samvinnu við Samskip í landflutningum, greindi frá framgangi þess verkefnis og bað um heimild til að halda áfram með það verkefni. (E)forstj svaraði samdægurs: „Halda viðræðum áfram“, sbr. kafla 8.17.15. Var allt framangreint hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu.
3874. Eftir að (E)frkvstj-innanl hafði fengið heimild frá (E)forstj hélt hann áfram viðræðum við (S)frkvstj-innanl. Áttu þeir fund með Samkeppniseftirlitinu 16. október 2008. Á þeim fundi ræddu þeir hugmyndir um umfangsmikið samstarf Samskipa og Eimskips í landflutningum, m.a. að stofna sameiginlegt landflutningafyrirtæki. Eins og bent er á hér að framan er ljóst að þegar fyrirhugað samráð Eimskips og Samskipa tók slíka ápreifanlega mynd töldu fyrirtækin nauðsynlegt að óska eftir undanþágu frá banni samkeppnislaga um ólögmætt samráð keppinauta. Á fundinum var Samkeppniseftirlitinu aftur á móti ekki gerð grein fyrir „Nýtt upphaf“ verkefninu, hvorki í heild né að hluta.
3875. Gögn málsins sýna frekari samskipti (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl í lok október 2008. Þannig eru fyrirbyggjandi eftirgreindar dagbókarfærslur hjá (E)frkvstj-innanl frá 29. og 31. október 2008:

„**Subject:** (S)frkvstj-innanl fundur

Start: mið. 29.10.2008 16:00

End: mið. 29.10.2008 18:00

[...]

Organizer: [...] (E)frkvstj-innanl“

„**Subject:** (S)frkvstj-innanl ?

Start: fös. 31.10.2008 15:30

End: fös. 31.10.2008 16:30

[...]

Organizer: [...] (E)frkvstj-innanl¹⁹³²

3876. Hafði (E)frkvstj-innanl þannig bókað tveggja tíma fund með (S)frkvstj-innanl þann 29. október 2008 og bókað mögulegan fund („?“) með (S)frkvstj-innanl tveimur dögum síðar. Þessar dagbókarfærslur,

¹⁹³² Afritaðar dagbókarfærslur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.194352.



skráðar í lok október 2008, skal setja í samhengi við að (S)aðaleig-stjform-SH hafði þá sagt að Samskip væru á þeim tímapunkti að fara að ganga frá samningum m.a. við Eimskip sbr. kafla 9.3.

3877. Sem fyrr segir átti (E)frkvstj-innanl nokkrum dögum fyrr, þann 22. október 2008, samskipti við Samskip (m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útfll), þar sem m.a. mjög viðkvæmum viðskiptaupplýsingum var miðlað um framtíðaráform Samskipa vegna breytinga á skipa- og siglingaáætlun fyrirtækisins, sbr. kafla 9.4.
3878. Samkvæmt gögnum málsins unnu bæði Eimskip og Samskip að verðhækkunum á þessum tíma, m.a. með ríkri aðkomu (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl. Vísast hér m.a. til glærुकynningu (E)frkvstj-innanl frá 14. október 2008 þar sem fjallað er um verðhækkanir í landflutningum og aukna gjalddöku af viðskiptavinum, sbr. kafla 8.19.2. Hið sama kemur fram í glæru (S)frkvstj-innanl sem hann sendi til (S)aðaleig-stjform-SH þann 19. október 2008, sbr. kafla 8.19.5. Einnig ber að líta til umfjöllunar innan Eimskips 3. og 4. nóvember 2008 um verðhækkun á landflutningum, sbr. nánar hér á eftir.
3879. Um hálfum mánuði eftir áðurnefndar dagbókarfærslur (E)frkvstj-innanl sýna gögn málsins að Eimskip og Samskip höfðu verið með til umræðu og gert með sér ólögmetan samning vegna samstarfs í sjóflutningum milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar, sbr. umfjöllun í kafla 9.12.1 og tölvupóst (E)frkvstj-innanl til (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-skiparekst dags. 12. nóvember 2008 („Reyðarfjörður“), þar sem (E)frkvstj-innanl vísaði til tilboðs frá Samskipum vegna flutninga á þessari flutningaleið. Umrætt tilboð hafði (S)frkvstj-innanl sem fyrr segir sent (E)frkvstj-innanl í kjölfar fyrri fundar þeirra 18. september 2008. Í tölvupósti (E)frkvstj-skiparekst til m.a. (E)frkvstj-innanl að kvöldi sama dags, 12. nóvember 2008, var síðan vísað til þess verðs sem fyrirtækin höfðu komið sér saman um varðandi flutning á þurrgámum milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar, sbr. nánari umfjöllun í köflum 8.16.7 og 9.12.1.
3880. Við upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013 var (E)frkvstj-innanl spurður að þessu:
- SE En hefur þú sjálfur verið í samskiptum við starfsmenn Samskipa?
- (E)frkvstj-innanl Nei, ég er ekki í samskiptum við þá.
3881. Var (E)frkvstj-innanl síðan spurður sérstaklega hvort hann hefði átt í samskiptum við (S)frkvstj-innanl. Svaramaði hann því til að þeir hefðu setið saman í stjórn flutningasviðs SVÞ og það hefðu verið einu samskiptin þeirra á milli.¹⁹³³
3882. Gaf (E)frkvstj-innanl þannig rangar upplýsingar um samskipti sín við (S)frkvstj-innanl og aðra starfsmenn Samskipa. Er það ekki til stuðnings því að samskiptin m.a. í lok október 2008 hafi verið lögmæt og þar að auki hefur Eimskip viðurkennt að hið ólögmeta samráð fyrirtækjanna tók til landflutninga.
3883. Framangreind gögn eru til stuðnings niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um ólögmett samráð Samskipa og Eimskips, sem tók m.a. til landflutninga.
3884. Í mgr. 1154 í athugasemdum Samskipa við AI kemur fram að „(S)frkvstj-innanl minnst þess aðeins að hafa átt einn fund með (E)frkvstj-innanl“ og að sá fundur hafi verið 4. júlí 2008 á kaffihúsinu Mokka.
3885. Samkeppniseftirlitið tekur hér fram að óskað var eftir því að Samskip myndu afhenda gögn og veita upplýsingar um öll samskipti stjórnenda Samskipa á þessum tíma við stjórnendur Eimskips. Var þetta gert með heimild í 19. gr. samkeppnislaga og Samskipum bar í svari sínu m.a. að veita sannar og fullnægjandi upplýsingar, sbr. 41. gr. b samkeppnislaga. Í svari Samskipa frá 10. apríl 2015 var sagt að (S)frkvstj-innanl hefði látið af störfum hjá fyrirtækinu og í svari frá 14. janúar 2016 staðhæfði fyrirtækið að það „hefði ekki aðgang“ að (S)frkvstj-innanl og gæti því ekki veitt upplýsingar um

¹⁹³³ Endurrit af upplýsingagjöf Eimskips (...) til Samkeppniseftirlitsins, dags. 10.09.2013.



möguleg samskipti hans við stjórnendur Eimskips. Veittu Samskip því ekki við gagnaöflun Samkeppniseftirlitsins upplýsingar um t.d. fundi (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl 4. júlí og 17. september 2008 eða um samskipti þeirra sem leiddu til minnisblaðs Logos frá 10. október 2008. Þrátt fyrir að Samskip hafi 14. janúar 2016 fullyrt að hafa „ekki aðgang“ að (S)frkvstj-innanl er í athugasemdum við AI sem fyrr segir sagt að (S)frkvstj-innanl muni aðeins eftir fundinum með (E)frkvstj-innanl 4. júlí 2008. Ekki er útskýrt hvers vegna Samskip höfðu ekki aðgang að (S)frkvstj-innanl þegar fyrirtækið svaraði beiðni Samkeppniseftirlitsins um upplýsingar á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga en hafði aðgang að honum við undirbúning athugasemda við AI.

3886. Sjónarmið Samskipa um samskipti (S)frkvstj-innanl við (E)frkvstj-innanl eru ekki trúverðug og haggja ekki því mati eftirlitsins að þessir stjórnendur fyrirtækjanna hafi átt í samskiptum í lok október 2008 og að þau samskipti hafi verið liður í ólögmætu samráði fyrirtækjanna.

10.4. Unnið að verulegum verðhækkunum í lok október og nóvember 2008

3887. Í lok október 2008 var efnahagsástandið mjög erfitt bæði á Íslandi og í nágrennaríkjum. Gögnin sýna hins vegar ólík viðbrögð og þróun á íslenska flutningamarkaðnum annars vegar og á erlendum flutningamörkuðum hins vegar. Erlendis höfðu „*farmgjöld aldrei lækkað jafn mikið áður*“ og olíuverð „*á hraðri niðurléið*“. Á Íslandi voru stórfelldar verðhækkanir á flutningaþjónustu undirbúnaðar.
3888. Gögn málsins sýna að eftir fund Samskipa og Eimskips 6. júní 2008 unnu lykilstjórnendur fyrirtækjanna (sér í lagi (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-innanl) að undirbúningi að hækkunum á gjaldskrá, hækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, lækkun eða niðurfelling afsláttá, hækkun á gjöldum og upptöku nýrra gjalda. Var þetta gert samhliða því að sömu stjórnendur áttu annars vegar í samskiptum og hins vegar unnu að framvindu verkþátta sem féllu beint undir „*Nýtt upphaf*“ verkefnið. Telur Samkeppniseftirlitið ljóst að þessi ólögmætu samskipti Samskipa og Eimskips hafi auðveldað eða skapað kjörskilyrði fyrir t.d. þær verðhækkanir sem fyrirtækin tilkynntu um í ágúst 2008, sbr. kafla 8.15.
3889. Þessi atburðarrás hélt áfram haustið og veturinn 2008. Samhliða því að lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips áttu í ítrekuðum ólögmætum samskiptum tengdum „*Nýtt upphaf*“ verkefninu héldu þeir áfram að vinna að verðhækkunum fyrirtækjanna. Voru þessi ólögmætu samskipti til þess fallin að gera Samskipum og Eimskip kleift að hækka verð á sama tíma og efnahagsörðugleikar leiddu til harðrar verðsamkeppni á flutningamörkuðum í nágrennaríkjum.

10.4.1. Samhliða undirbúningur að verðhækkun í inn- og útflutningi

3890. Gögn málsins sýna að föstudaginn 24. október 2008 unnu innflutningsdeildar Samskipa og Eimskips að hækkun á verði. Skal þessu lýst nánar.
3891. Þennan dag bókaði (S)forstö-innfl1 fundi með undirmönnum sínum, viðskiptastjórum innflutningsdeildar, til þess að ræða m.a. verðhækkanir gagnvart viðskiptavinum innflutningsdeildar.¹⁹³⁴ Ætlaði hann að funda með hverjum og einum viðskiptastjóra.¹⁹³⁵

¹⁹³⁴ Fundarefnið var nánar tiltekið þetta: „*Förun yfir stöðu viðskiptavina: Samningsstaða Verð Hækkanir Tengsl við viðskiptavini Target listi.*“

¹⁹³⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. Dagbók [...]. „*Staða viðskiptavina*“. [...] boðar nánar tiltekið til funda með viðskiptastjórum á eftirgreindum fundartímum: 21.10.2008, kl. 13-14 ([...]). Doc. ID. 0.7.33.677737; 22.10.2008, kl. 11-12 ([...]). Doc. ID. 0.7.33.677749; 23.10.2008, kl. 10:30-11:30 ([...]). Doc. ID. 0.7.33.677777; 23.10.2008, kl. 13-14 ([...]). Doc. ID. 0.7.33.677774; 24.10.2008, kl. 11-12 ([...]). Doc. ID. 0.7.33.677768.

3892. Undirmenn (E)forstö-innfl , viðskiptastjórar í innflutningsdeild Eimskips, funduðu þennan sama dag og ræddu m.a. um verulega verðhækkun gagnvart einum mikilvægasta viðskiptavinum Eimskips (Ölgerðinni) og um almenna verðhækkun, sbr. eftirfarandi ummæli í fundargerð:
- „Ölgerðin – verið er að boða á þá mikla hækkun á sjóflutningsverð í ISK og færa síðan samninginn yfir í EUR. Hefur ekki farið vel í þá og ef þessu verður haldið til streitu þá munu þeir fara í verðkönnun. [...]*
- (E)forstö-viðskbj – Sagði okkur frá og kynnti væntanlega gjaldskrárhækkun sem taka á gildi 1. nóvember. Töluverð umræða skapaðist og hafa menn þá helst áhyggjur af tímasetningunni m.t.t. ástandsins í þjóðfélaginu. Menn ræddu það og voru sammála um að viðskiptavinir okkar myndu frekar sætta sig við skerta þjónustu á meðan þetta ástand varir heldur en verulegar verðhækkningar. Margir viðskiptavinir okkar standa verulega illa fjárhagslega og mega við litlum áföllum. Einnig kom fram í umræðunni að það vanti skýra stefnu frá stjórnendum í hvaða mynt við eigum að semja.*¹⁹³⁶
3893. Samkvæmt þessu höfðu undirmenn (E)forstö-innfl talsverðar áhyggjur af fyrirhuguðum verðhækkunum Eimskips. Gögn málsins sýna hins vegar að áhyggjur undirmanna (E)forstö-innfl af því að Ölgerðin kynni að snúa sér til Samskipa breyttu hér engu. Hið sama gilti um áhyggjur þeirra af áhrifum hækkunar á verði gagnvart viðskiptavinum sem stóðu illa fjárhagslega.
3894. Í þessu samhengi ber að rifja upp óróa starfsmanna Samskipa erlendis þegar fyrirtækið hækkaði verð verulega 1. september 2008. Áhyggjur þessara starfsmanna höfðu ekki áhrif á (S)forstö-innfl1 og aðra stjórnendur á Íslandi hvað varðaði möguleg samkeppnisleg viðbrögð Eimskips. Öðru máli gegndi um hugsanleg samkeppnisleg viðbrögð erlendra keppinauta í áframflutningum, sbr. kafla 8.15.10.
3895. Er þessi gögn Eimskips og Samskipa ein af birtingarmyndum hins ólögsmæta samráðs sem Eimskip hefur viðurkennt að stóð yfir á þessum tíma.
3896. Framangreint sýnir einnig að (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl unnu á sama tíma skipulega að verðhækkunum. Líkt og (S)forstö-innfl1 fundaði (E)forstö-innfl með undirmönnum sínum til þess að ræða um verðhækkningar gagnvart viðskiptunum Eimskips. (S)forstö-innfl1 boðaði eins og áður segir slíkan fund föstudaginn 24. október en (E)forstö-innfl gerði slíkt hið sama mánudaginn 27. október 2008. Í dagbók (E)forstö-innfl þann 27. október 2008 er þannig að finna boð hans um fund með viðskiptastjórum innflutningsdeildar, þar sem átti að fara „yfir verðhækkningar á samningum í ISK“. Var fundurinn haldinn milli kl. 16 og 17 þennan dag.¹⁹³⁷
3897. Samkvæmt fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips var yfirmanni útflutningsdeildar, (E)forstö-útfli , falið að vinna að verðhækkun á útflutningi og var upphafsdagur þess verkefnis þriðjudagurinn 28. október 2008.¹⁹³⁸ Rifja ber upp að yfirmaður útflutnings hjá Samskipum, (S)forstö-útfli , sat fundinn með Eimskip 22. október 2008 og sama dag sat (E)forstö-útfli innanhúsfund hjá Eimskip þar sem ræða átti m.a. „Samskips málefni“, sbr. kafla 9.4.2. og 10.4.1. Áður höfðu (E)forstö-útfli og (S)forstö-útfli átt í samskiptum vegna álagningar karagjalds, sbr. tölvupóst (S)forstö-útfli til (E)forstö-útfli 28. ágúst 2008 í umfjöllun um atvik í september 2008 í kafla 8.16.4.
3898. Samkvæmt þessum gögnum frá 27. og 28. október 2008 unnu bæði innflutnings- og útflutningssvið Eimskips að víðtækum verðhækkunum gagnvart viðskiptavinum.

¹⁹³⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð vika 43 2008.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.445901.

¹⁹³⁷ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. Dagbók [...]. „Fara yfir verðhækkningar á samningum í ISK“. Frá [...] til starfsmanna innflutningsdeildar. Fundarboð sent 27.10.2008, kl. 14:52. Fundartími 27.10.2017, kl. 16-17. Doc. ID. 0.7.33.443493.

¹⁹³⁸ Kom þetta fram í fundargerð vegna fundar 04.11.2008: Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent þann 13.10.2017. Eimskip Ísland – Fundargerð, dags. 04.11.2008, liður 20.



3899. Í mgr. 1122-1124 í athugasemdum Samskipa við AI er fjallað um framangreind gögn er varða samhliða vinnu Samskipa og Eimskips að hækkun verðs. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á sjónarmið Samskipa, sbr. kafli 25.39.1.

10.4.2. Forstjóri Samskipa taldi verðhækkunar fyrir árið 2009 „komnar í gegn“ en mikil verðsamkeppni erlendis

3900. Í lok október 2008 var efnahagsástandið mjög erfitt bæði á Íslandi og í nágrennanríkjum. Gögnin sýna hins vegar mjög mismunandi viðbrögð eða þróun á annars vegar íslenska flutningamarkaðnum og hins vegar á erlendum flutningamörkuðum. Á Íslandi voru stórfelldar verðhækkunar undirbúnar en erlendis höfðu „*farmgjöld aldrei lækkað jafn mikið áður*“. Skal þessum atvikum lýst nánar.

3901. Þann 28. október 2008, kvaðst (S)aðaleig-stjform-SH í samskiptum við (S)stjórnarm-fjármstj (fjármálastjóra Samskipa Holding og stjórnarmanns í Samskipum hf.) vera „*bjartsýnni*“ en fyrir viku. Treysti (S)aðaleig-stjform-SH sér til að gera ráð fyrir að verðhækkunar fyrir árið 2009 væru;

„*komnar í gegn*“.¹⁹³⁹

3902. Í öðrum tölvupóstum á þessum tíma lagði (S)aðaleig-stjform-SH einnig áherslu á verðhækkunar og beitti sér fyrir samræmdum svörum frá Samskipum vegna hugsanlegra spurninga viðskiptavina um hvort verðfall á sjóflutningum erlendis leiddi ekki til verðlækkana á flutningsþjónustu hér á landi.¹⁹⁴⁰ Bent skal á, eins og fjallað hefur verið um, að þriðjudaginn 28. október 2008 áttu sér aftur stað samskipti milli (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl, yfirmanna fyrirtækjanna í innflutningi, og aftur þann 30. október 2008. Þá gefa gögnin til kynna að framkvæmdastjórar landflutninga, (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl, hafi fundað þann 29. október 2008 og mögulega einnig daginn eftir.

3903. Í áður nefndum tölvupósti sem (S)aðaleig-stjform-SH sendi (S)stjórnarm-fjármstj þann 28. október 2008 segir nánar tiltekið þetta:

„*Ég er heldur bjartsýnni en ég var á fundi fyrir viku síðan, en updated mat á afkomu sbr. neðangreint, í Íkr.*

	Budget	Revised	updated
Janúar - júlí	856	828	828
Ágúst	60	-10	-10
September	100	35	65
Október	266	180	0
Nóvember	100	35	30
Desember	9	-65	0
Ágúst - desember	535	175	85
Heild	1.391	1.003	913

Það er margt verið að gera, ss:

1. verðhækkunar effective 1. sept og hækkunar á ýmsa samninga í október
2. fækkun starfsfólks, umtalsvert umfram það sem áður hafði verið planað

¹⁹³⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.522162.

¹⁹⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.523026 og 0.7.33.522856.



3. *gámastokkur breytist, 40ft stokkur aðlagast að innfl mv. ca 500 teu / viku, og 20ft stokkur dedicated fyrir alcoa*
4. *verðhækkun á alcoa*
5. *eitt skip úr rekstri, og nú unnið að því að finna verkefni fyrir það, stærsta úrlausnarefni okkar nú.*

Olíuverð á hraðri niðurleið og mun það hjálpa umtalsvert þegar magn minnkar, því við magnminnkun breytist baf úr því að vera jákvætt í neikvætt, þe framlegð.

Ég tel því að ofangreindar tölur séu raunhæfar mv. magn hangi í ca 500 teu á viku.

Hvað árið 2009 varðar þá tel ég að þá verði búið að koma:

- *Ná fram launalækkunum. ca 400 mkr. – launahækkun ef verður 1 febrúar*
- *Verðhækkanir komnar í gegn*
- *innflutningur rétti hægt og rólega úr sér, ca 500 í 700 teu*
- *skip komið í verkefni, og árlegt tap á skipi ca \$1,5*
- *alcoa rúta í góðum gír*
- *búið að skala gámaflota að breyttu umhverfi*

*Ebitda eigi að vera ca 1 mia á næsta ári, en áætlunargerðin mun varpa betri ljósi svo sannarlega á næsta ári.*¹⁹⁴¹

3904. Hér ber einnig að líta til eftirfarandi tölvupósta sem (S)stjórnarm-fjármstj sendi 29. október 2008 til stjórnar Samskipa Holding (afrit til (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig). Í viðhengi var skýrslan „Iceland September 2008“ (unnin af (S)aðaleig-stjform-SH) og dagskrá fyrir næsta stjórnarfund (4. nóvember 2008). Í skýrslunni kemur m.a. eftirfarandi fram um Ísland:

„Alcoa contract

1. we are about to conclude an agreement with Alcoa on considerably higher rates

Rate increases

2. we are achieving so to say all rate increases that were planned end august“.¹⁹⁴²

3905. Sem fyrr segir greindi (S)aðaleig-stjform-SH frá því í tölvupósti til (S)stjórnarm-fjármstj þann 28. október 2008 að verið væri að fækka skipum í rekstri og að hann treysti sér til að gera ráð fyrir að verðhækkanir fyrir árið 2009 væru „komnar í gegn“.

3906. Sama áhersla á verðhækkanir á komandi ári kom fram hjá öðrum stjórnendum Samskipa á þessum tíma. Þann 29. október 2008 svaraði (S)forstö-innfl1, sem hafði þá verið í samskiptum við Eimskip, tölvupósti frá (S)forstö-umb.erl (afrit til (S)forstö-útfl) um fyrirhugaðar verðhækkanir til að setja í rekstraráætlun fyrir 2009. Segir í tölvupóstinum að 5% hækkun erlendis yrði 1. september 2009. Innanlands yrði 5% hækkun 1. febrúar 2009 og 5% 1. september 2009. Hækkun á sjóflutningi væri hins vegar ekki klár. Er tekið fram að þetta gæti breyst.¹⁹⁴³

¹⁹⁴¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.522162.

¹⁹⁴² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Iceland September 2008.pdf“, glæra 3. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.522777 (0.7.33.522777-000005).

¹⁹⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.818805.



3907. Þessi gögn frá (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjórnarm-fjármstj staðfesta að Samskip hækkuðu verð verulega 1. september 2008, ásamt því að verð voru hækkuð gagnvart stórum viðskiptavinum með mikinn kaupendastyrk, eins og Alcoa (131% hækkun). Samtímagögn sýna að Samskip unnu að frekari verðhækkunum, t.d. með álagningu karagjalds í sjóflutningum og olúgjaldi sem átti að „troða“ upp á mikilvæga viðskiptavini. Engu breytti þó verð á olíu lækkaði mikið.
3908. Tölvupóstur (S)aðaleig-stjform-SH frá 28. október 2008 og skjalið sem (S)stjórnarm-fjármstj sendi 29. október 2008 staðfesta að stjórnendur Samskipa óttuðust ekki að Eimskip myndi bregðast við með því að gera viðskiptavinum Samskipa tilboð um betri kjör. Þetta endurspeglast í ummælum (S)aðaleig-stjform-SH í tölvupóstinum frá 28. október 2008 um að hann teldi og treysti sér til að staðhæfa að verðhækkunar fyrir árið 2009 séu „*komnar í gegn*“. Stjórnendur fyrirtækja sem starfa sjálfstætt geta ekki búið yfir slíkri vissu fyrir því að ná fram verðhækkunum, sérstaklega ekki á umbrotatímum eins og voru í lok október 2008. Ber í því sambandi að hafa í huga að samtímagögn frá Samskipum sýna að samdráttur í flutningum sem stafaði af efnahagsörðugleikum á þessum tíma leiddi til aukinnar verðsamkeppni milli skipafélaga í nágrennaríkjum, sbr. umfjöllun um viðtal (S)aðaleig-stjform-SH við Morgunblaðið 29. október 2008 hér síðar. Samskip sjálf ráðgerðu í upphafi árs 2008 að erfiðleikar í efnahagslífi og endurnýjun samninga myndi kalla á verðstríð („*Price war*“) á markaðnum. Vegna samráðsins taldi (S)aðaleig-stjform-SH sig aftur á móti í október sama ár hafa vissu fyrir því að þær verðhækkunar sem um ræðir myndu ganga snurðulaust fyrir sig. Er þetta einkar skýr birtingarmynd á hinu ólögmeta samráði sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.
3909. Hafandi í huga efnahagsástandið á þessum tíma er mikilvægt að horfa til þess í tölvupóstinum frá 28. október 2008 treysti (S)aðaleig-stjform-SH sér að setja fram gagnvart stjórnarmanni og fjármálastjóra Samskipa Holding að EBITDA Samskipa á Íslandi myndi verða fyrir mun minni áhrifum af erfiðu ytra umhverfi strax í kjölfar hrunsins hér á landi, meðal annars sökum verulegra og víðtækra verðhækkana Samskipa. Þrátt fyrir þessa miklu erfiðleika í íslensku efnahagslífi treysti (S)aðaleig-stjform-SH sér einnig til að ráðgera að m.a. verðhækkunar 2009 myndu vera einn af þeim þáttum sem myndu skila Samskipum á Íslandi um einn milljarð króna í EBITDA árið 2009. Slík afkoma var ekki fjarri fyrir mælum (S)aðaleig-stjform-SH til (S)frkvstj-millilandasv fyrir efnahagshrunið, 30. ágúst 2008, þar sem fram kom eftirfarandi um markmið um afkomu fyrirtækisins m.a. árið 2009: „[á]rin 2006 og 2007 voru félaginu góð, en afkoma má samt ekki verða mikið slakari en afkoma var þau árin, hún þarf að vera amk 1,2 – 1,5 mia per ár, og við verðum að bregðast við þannig að árin 2008, 2009 og 2010 verði ekki fjarri því, þó ytra umhverfi verði snúið“, sbr. umfjöllun í kafla 8.15.11.
3910. Af heiti tölvupósts (S)aðaleig-stjform-SH til (S)stjórnarm-fjármstj 28. október 2008 („*Forti*“) má ætla að þar hafi (S)stjórnarm-fjármstj verið að safna upplýsingum frá (S)aðaleig-stjform-SH vegna viðræðna (S)stjórnarm-fjármstj, f.h. Samskipa Holding, við helsta lánardrottinn móðurfélagsins, Fortis, sbr. kafla 10.4.2. Þessar viðræður tengdust fjárhagserfiðleikum móðurfélagsins og erlenda hluta samstæðunnar en viðræður (S)stjórnarm-fjármstj við Fortis höfðu staðið yfir a.m.k. frá mars 2008, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.1.3, 6.8, 8.10.1 og 8.15.11.
3911. Gögn málsins sýna að tveimur dögum eftir póst (S)aðaleig-stjform-SH til (S)stjórnarm-fjármstj, eða þann 30. október 2008, fór fram fundur (S)stjórnarm-fjármstj með Fortis, sbr. stjórnarfundargerð Samskipa Holding 4. nóvember 2008. Ljóst er af lýsingum (S)stjórnarm-fjármstj af fundinum með Fortis að m.a. framangreindar verðhækkunar Samskipa á Íslandi og afkoma fyrirtækisins hér á landi skipti sköpum fyrir móðurfélagið til að verjast kröfum Fortis. Að mati Samkeppniseftirlitsins leiddi þetta til þrýstings á stjórnendur og hvata hjá Samskipum til að viðhalda áfram hinu ólögmeta samráði við Eimskip, sbr. nánari umfjöllun í kafla 10.4.3 um þessa fundargerð Samskipa Holding.
3912. Á þessum sama tíma og (S)aðaleig-stjform-SH taldi að Samskip hf. gætu náð verulegum verðhækkunum og tryggt góða afkomu birtust fréttir þar sem fram kom að vegna efnahagsástandsins væri bæði verð erlendis á sjóflutningum og leiguverð á skipum á „*hraðleið niður*“. Hefði komið fram í erlendum fjölmiðlum að;



„farmgjöld hafi aldrei lækkað jafn mikið áður.“

3913. Þetta kom fram í tölvupóstum sem (S)aðaleig-stjform-SH sendi m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl 29. október 2008. Segir þar að Morgunblaðið og Fréttablaðið hefðu vegna þessa haft samband við hann og búið væri að „rita mjög svo svarta grein um skipabransann“. Fylgdu með tölvupóstinum drög að frétt Morgunblaðsins þar sem viðbrögð (S)aðaleig-stjform-SH við þessari verðþróun á sjóflutningsmarkaði komu fram. Sagði (S)aðaleig-stjform-SH í tölvupóstinum til (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl að hann hafi í svörum sínum „litað“ þetta mál „talsvert“ en velti því samt fyrir sér hvort þessi umfjöllun myndi „valda okkur vandræðum, þ.e. mun kúnninn kallar [svo] eftir lægra verði.“¹⁹⁴⁴

3914. Sendi (S)aðaleig-stjform-SH um kvöldið annan tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl (og afrit þá til (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfll og (S)frkvstj-Jóna) með endanlegum viðbrögðum Samskipa við umfjöllun um mikla lækkun á verði erlendis. Lagði (S)aðaleig-stjform-SH línur um samræmd svör Samskipa ef viðskiptavinir spyrðu um eða kölluðu eftir verðlækkun á flutningum:

„Bæði mbl og fréttablaðið höfðu samband í dag vegna fréttar á netinu um að skipaverð væri á hraðleið niður, sem og almennt fraktverð um allan heim. Neðangreint mun væntanlega birtast í mbl á morgun, þar sem ég reyndi nú svona að útskýra almennt hvað er að gerast.

Það er mikilvægt, ef, og þegar, kúnnar hringja og spyrja hvort flutningsverð hjá okkur séu á hraðri niðurlæð að frá okkur komi samræmd svör, sem eru í takt við raunveruleikann, þe:

-á ýmsu flutningsleiðum[m] (sjó) erlendis, verða lækkanir, getur það þýtt lægri for- og framhaldsflutningsverð fyrir okkur og kúnna okkar.

-skipaleiguverð er á niðurlæð, en var gríðar hátt undanfarin þrjú ár, skipaverð á okkar grunn skipum, þe Arn og Heg, hefur þó verið lágt allan tímann, því byggð á rólegheitartímumum [svo], og hafa því kúnnar okkar notið góðs af fram að degi í dag sem og áfram

-innflutningur til landsins mun minnka hressilega, sem leiðir til hækkandi framleiðslukostnaðar per unit, en á móti er afar jákvætt að útflutningur er að aukast.

Samræmum róm okkar á ofangreindum nótum.“¹⁹⁴⁵

3915. Í samræmi við önnur gögn frá þessum tíma er ljóst að (S)aðaleig-stjform-SH taldi að Samskip væru í þeirri stöðu að komast upp með að lækka ekki verð í sjóflutningum til og frá Íslandi. Þvert á móti var það skýr stefna hjá fyrirtækinu að hækka verð verulega. Heildarmat á samtímagögnum málsins gefur eindregið til kynna að það var hið ólögsmæta samráð, sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma, sem gerði Samskipum þetta kleift. Þá sýnir tölvupóstur (S)aðaleig-stjform-SH að gæta þyrfti vel að því hvernig spurningum fjölmiðla og viðskiptavina um verðlækkun yrði svarað. Jafnframt hafði (S)aðaleig-stjform-SH í svörum sínum til fjölmiðla „litað“ þetta mál „talsvert“, væntanlega til þess að vinna gegn hættunni á því að þrýstingur frá viðskiptavinum myndi hindra áform um verðhækkanir.

3916. Í samræmi við framangreindan tölvupóst (S)aðaleig-stjform-SH frá 29. október 2008, birtist eftirfarandi frétt í Morgunblaðinu daginn eftir:

„Mikill samdráttur í flutningastarfsemi skipafélaganna hér á landi og erlendis – Stóru flutningaskipin standa tóm við bryggjur

¹⁹⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.522856, sbr. einnig tölvupóst sem [...] sendir sama dag um sama efni m.a. til yfirstjórnar Samskipa.

¹⁹⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.523026.



EFTIRSPURN í heiminum er almennt að minnka mikið og það þýðir að flutningur milli landa og heimsálfa er að dragast saman. Við slíkar aðstæður lækkar verð á leiguskipum og hefur það átt sér stað á undanförunum mánuðum.

„Olíuverð er einnig að lækka mikið og það dregur úr rekstrarkostnaði skipa. Farmgjöld lækka á ýmsum sjóleiðum við slíkar aðstæður og það er hið besta mál fyrir okkur og viðskiptavinum okkar,“ segir [(S)aðaleig-stjform-SH], forstjóri Samskipa.

Gjöld aldrei lækkað jafn mikið

Á vefútgáfu breska dagblaðsins Telegraph er haft eftir Jeremy Penn, forstjóra Baltic Exchange, að farmgjöld hafi aldrei lækkað jafn mikið. Það feli í sér að hægt hafi verulega á viðskiptum, einkum með hrávöru. Í Telegraph kemur einnig fram að leiga stórra flutningaskipa hafi lækkað úr 234.000 dollurum í 7.340 dollara fyrir daginn og tóm skip liggja við bryggjur í Singapore og öðrum alþjóðlegum höfnum.

„Þetta fer eftir geirum, en mesta hrunið er í stórflutningum,“ segir [(S)aðaleig-stjform-SH]. Hann segir að lækkunin komi einkum fram á lengri flutningsleiðum, svo sem í flutningum milli heimsálfa.

Bankarnir varkárir

[(S)aðaleig-stjform-SH] segir það vera að eiga sér stað sem ekki hafi gerst í mörg ár, skip hafi verið bundin verkefnaless við bryggjur og pantanir á nýjum skipum verið afturkallaðar. „Bankarnir eru mjög varkárir að lána fjármagn til skipafyrirtækja, eins og reyndar í flesta aðra geira,“ segir [(S)aðaleig-stjform-SH].

Hann segir að stærstur hluti viðskiptavina Samskipa séu fyrirtæki sem hafi unnið með fyrirtækinu árum saman. Minni innflutningur til landsins hafi þó komið niður á rekstrinum. „Við höfum unnið að því í rúmt ár að búa okkur undir talsvert minni innflutning. Á uppgangsrárunum 2005-2007 var gríðarlegur innflutningur á t.d. bílum og tækjum fyrir byggingariðnaðinn. Þetta er að dragast verulega saman.“ Hann nefnir að innflutningur á bílum sé í algjöru lágmarki í augnablikinu.¹⁹⁴⁶

3917. Ummæli (S)aðaleig-stjform-SH í tölvupóstinum 29. október 2008 og í viðtalinu við Morgunblaðið sýna að Samskip vildu láta það líta svo út að viðskiptavinir myndu njóta lækkunar á olíuverði og lægri kostnaðar vegna for- og áframflutninga. Samtímagögn sýna hins vegar að ólögmaett samráð Samskipa og Eimskips leyfði fyrirtækjunum að koma í veg fyrir að viðskiptavinir myndu njóta slíkra kostnaðarlækkana. Státuðu stjórnendur Samskipa sig beinlínis af því að láta ekki kostnaðarhagræði Samskipa renna til viðskiptavina. Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 til (S)aðaleig-stjform-SH 9. september 2008 gerði hann grein fyrir því að erlendur kostnaður Samskipa (vegna for- og áframflutninga sem tengdust Asíu) hefði lækkað mjög mikið. Einnig sagði (S)forstö-innfl1: „Við höfum hins vegar ekki lækkað okkar útsöluverð. Við vorum með 100 USD í álagningu per TEU en nú er álagningin komin yfir 1000 USD per 40 feta gám. Það hefur gengið hjá okkur að skila þessum lækkunum ekki út“, sbr. kafla 8.15.10. Álagning Samskipa hafði því hækkað um 400%. Nefna má önnur dæmi sem sýna að Samskip og Eimskip gátu komið í veg fyrir að viðskiptavinir myndu njóta lækkunar á kostnaði:

- Sem fyrr segir kom fram í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH 28. október 2008 að olíuverð væri á „hraðri niðurléið“, hið sama kom fram í viðtalinu við Morgunblaðið. Undir eðlilegum kringumstæðum á þetta að leiða til þess að olíugjöld flutningafyrirtækja (BAF og FAF) lækki. Í byrjun nóvember 2008 hafði BAF gjaldskrá skipafélagsins Maersk, sem Samskip skiptu við, á siglingaleiðinni milli Evrópu og Austurlanda fjær, lækkað mjög mikið. Starfsmaður Samskipa erlendis spurði (S)forstö-útfl hvort Samskip ættu sökum þessa ekki að lækka BAF, þar sem Samskip væru að innheimta þrefalt hærra BAF en Maersk á siglingarleiðinni. (S)forstö-útfl hafnaði því með þessum rökum; „we stick to the current baf we are charging due to the situation and this

¹⁹⁴⁶ „Stóru flutningaskipin standa tóm við bryggjur“. Morgunblaðið. 30.10.2008. Aðgengilegt á slóð: mbl.is/greinasafn/grein/1252272/.



is additional revenue for us that is needed". Engu breytti þó (S)forstö-útlfi væri bent á viðskiptavinir gætu komist að því að BAF Maersk, flutningsaðila Samskipa á umræddri leið, væri þriðjungur af innheimtu BAF Samskipa á leiðinni. Er þessum atvikum í nóvember 2008 hér á eftir.

- Í tölvupósti sem (S)aðaleig-stjform-SH sendi (S)frkvstj-MCL 11. nóvember 2008 gerði hann grein fyrir því að Samskip á Íslandi muni nú hagnast meira á BAF og FAF vegna lækkandi olíuverðs. Þessi og önnur aukin gjaldataka Samskipa væri möguleg vegna „limited competition“ á Íslandi, sbr. kafla 10.4.5.
- Í tölvupósti sem (E)forstö-útlfi sendi til m.a. (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)deildstj-útlfi greindi hann frá því að Eimskip hafi verið að óska eftir lægra verði hjá Maersk með vísan til umframflutningsgetu í flutningum til og frá Austurlöndum fjær. Var (E)forstö-útlfi þá spurður hvort það væri komin niðurstaða varðandi þessa ósk Eimskips um lægra verð og vísað til útflutnings fyrir Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum. (E)forstö-útlfi svaraði því neitandi en benti á þetta: „við höfum hins vegar fengið talsverða lækkun núna í haust sem við höfum ekki skilað út í markaðinn.“ Það væri því „eitthvað svigrúm“ til að bæta kjör Vinnslustöðvarinnar miðað við gildandi samningsverð, sbr. kafla 10.4.7.
- Í öðru samtímagagni Samskipa, frá árinu 2012, kom m.a. eftirfarandi fram í tölvupósti (S)forstö-innfl1 til (S)aðaleig-stjform-SH vegna verðtilboðs til Húsasmiðjunnar: „[...] Við þurfum að láta líta út fyrir að við viljum lækka forflutningsverði, þó svo að við ætlum ekki að gera það. [...]“.¹⁹⁴⁷

3918. Sama á við um ummæli (S)aðaleig-stjform-SH í tölvupóstinum 29. október 2008 um að „samræma róm okkar“ vegna m.a. lækkunar á skipaleigu. Gögnin sýna skýrlega að Samskip unnu með skipulegum hætti að því að láta viðskiptavini ekki njóta hagræðis af lægri skipaleigu fyrirtækisins, sbr. til dæmis glærur (S)aðaleig-stjform-SH frá árinu 2009 þar fjallað var um grundvallarforsendur Samskipa í áætlun fyrir árið 2010. Í kynningunni var meðal annars fjallað um að leiga á skipum hefði lækkað verulega en það átti hins vegar ekki að láta viðskiptavini njóta þess, heldur var öll áherslan á að fylgja samráðinu við Eimskip með því að hækka verð gagnvart viðskiptavinum, sbr. kafla 14.10.2. Ber hér og að rifja upp að í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH frá 9. september 2013 sagði (S)aðaleig-stjform-SH að umrætt ár, árið 2010, hefði verið „eitthvert besta ár í sögu“ Samskipa, sbr. kafla 12.2.5.2.

3919. Eru framangreind atvik til vitnis um hið ólögmeða samráð sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma. Fjallað er um athugasemdir Samskipa er varða framangreind atvik í kafla 25.39.1. Athugasemdir Samskipa fá ekki breytt mati Samkeppniseftirlitsins.

10.4.3. Fjallað um hækkun á verði á stjórnarfundum Samskipa Holding

3920. Stjórnarfundur Samskipa Holding var haldinn í Rotterdam 4. nóvember 2008. Samkvæmt fyrirbyggjandi afhentri fundargerð voru mættir á fundinn (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjórnarm-H, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-MCL, (S)forstj-frystig og (S)stjórnarm-fjármstj.¹⁹⁴⁸

3921. Samkvæmt fundargerðinni voru meðal dagskrárefna fundarins uppgjörsniðurstöður fyrir september 2008 og horfur út árið. Undir þeim dagskrárlið kynnti (S)aðaleig-stjform-SH uppgjör og horfur fyrir Samskip hf. Má sjá af umfjölluninni að velta fyrir Ísland í september 2008 var hærri en fyrirtækið hafði áætlað. Hins vegar var EBITDA hlutfallið (EBITDA/Tekjum) 3,78%, sem var undir áætlun fyrirtækisins fyrir árið 2008 (6,78%).

3922. Þá segir í fundargerðinni að september 2008 hafi, líkt og ágúst, verið í takt við nýjustu áætlanir Samskipa á Íslandi. Síðan er birt í fundargerðinni eftirfarandi tafla um uppgjör og áætlun fyrir Ísland vegna ársins 2008:

¹⁹⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.622095.

¹⁹⁴⁸ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.03.2017. „2008-05 Minutes Samskip Holding Board Meeting 4 Now 2008“.



	January - July			August - december			2008 prospects		
	Real	Budget	Dev.	Real	Budget	Dev.	Real	Budget	Dev.
Sales	12.510	10.420	2.090	7.124	7.212	-88	19.634	17.632	2.002
Ebitda	828	856	-28	175	535	-360	1.003	1.391	-388

3923. Af áðurnefndri töflu má sjá að fyrir tímabilið janúar til júlí 2008 var velta Samskipa á Íslandi nokkuð hærri en áætlanir fyrirtækisins gerðu ráð fyrir. Tafla (S)aðaleig-stjform-SH sýnir jafnframt að þrátt fyrir hrun í október 2008 og mikinn samdrátt í flutningsmagni til landsins þá var samt sem áður ráðgert að rekstur Samskipa á Íslandi myndi skila jákvæðri EBITDA seinni hluta ársins og fyrir árið í heild. Velta fyrir árið í heild var sömuleiðis ráðgerð hærri en í fyrri áætlun fyrirtækisins. Ef horft er til ytri rekstraraðstæðna á þessum tíma þá vekur þessi bjartskýna áætlun forstjórans sérstaka athygli.
3924. Í fundargerðinni kemur þannig fram að samdráttur Samskipa hf. í flutningum hafi í september verið í tonnum 31,5% í innflutningi en 11,9% í útflutningi (tonnum). Af fundargerðinni er ljóst að áætlun (S)aðaleig-stjform-SH um jákvæða EBIDTU árið 2008 var í kynningu hans á stjórnarfundinum sett í samhengi við að Samskip á Íslandi hefðu gripið til nokkurra aðgerða sem stjórnin hefði áður rætt. Um var að ræða m.a. eftirfarandi aðgerðir:

„Pricing:

[...]

General rate increase 1st of September (10% - **440 mkr / 400 mkr annualized**), all tariffs

Adding in new service charges, f.e. Warehousing, fresh fish, domestic trucking (**150 mkr / 100 mkr**)

Adjusting sales prices on various services provided by Samskip (partly done)

Increasing prices towards Alcoa (**200 mkr / 400 mkr**)”

System:

Scaling down system will lead to **400 mkr** lower costs / will be min 700 mkr. [...]"

3925. Ljóst er að framangreindar aðgerðir voru þær sem skiptu mestu sökum þess að þær fólu í sér verulegar tekjuaukandi aðgerðir fyrir reksturinn á Íslandi og verulega hagræðingu. Þá hefur hér að framan verið fjallað um og rökstutt hvernig þessar hækkunaraðgerðir Samskipa og takmörkun á flutningsgetu, m.a. atvik vegna Alcoa, voru hluti af samráði Samskipa við Eimskip frá miðju ári 2008. Af þessari umfjöllun í fundargerðinni má ætla að hinar ólögmetu samráðsaðgerðir með Eimskip hafi m.a. verið grundvöllur þess að forstjóri Samskipa taldi á stjórnarfundum Samskipa Holding 4. nóvember 2008 (um mánuði eftir hrunið) tilefni til að áætla að árið 2008 myndi enda með jákvæðri EBITDA og hærri veltu en fyrri áætlun gerði ráð fyrir. Það fór síðan svo að framangreind áætlun (S)aðaleig-stjform-SH, um jákvæða EBITDA Samskipa hf. á Íslandi í lok árs 2008, gekk eftir.¹⁹⁴⁹
3926. Þá vekur óneitanlega einnig athygli að hvergi í kynningu (S)aðaleig-stjform-SH eða stjórnarfundargerðinni er vísað til óvissu um viðbrögð helsta keppinautarins, Eimskips, hvorki vegna hækkunaraðgerða Samskipa, takmörkunar á flutningsgetu eða samdrætti í flutningamagni almennt. Er fundargerðin því í samræmi við önnur samtímagögn um samráð fyrirtækjanna á þessum tíma. Fyrirtækin áttu frá miðju ári 2008 í ítrekuðum samskiptum og Samskip höfðu engar áhyggjur af því að Eimskip myndi mæta Samskipum með samkeppni. Undirstrikar þetta hvernig samkeppni milli Samskipa og Eimskip hafði verið raskað.

¹⁹⁴⁹ Eins og rakið er í kafla 33.6 sýnir ársreikningur Samskipa hf. fyrir árið 2008 jákvæða EBITDA.



3927. Á fundi stjórnar Samskipa Holding 4. nóvember 2008 var samkvæmt fundargerðinni einnig fjallað um rekstraráætlun Samskipa Holding. Í fundargerðinni kemur fram að áætluð EBITDA fyrir samstæðuna árið 2008 væri 15 milljónir evra. Hlutur EBITDA frá rekstri Samskipa á Íslandi var þar af áætlaður 8 milljónir evra. Samkeppniseftirlitið telur af þessu ljóst að stjórnendur og helstu eigendur Samskipa unnu út frá því, og treystu sér til, um mánuði eftir fall íslensku bankanna, að áætla að Samskip hf. á Ísland myndi standa undir stórum hluta EBITDA samstæðu Samskipa Holding. Þetta gefur vísendingar um að hlutaðeigendur hafi talið sig hafa náð að tryggja Samskip á Íslandi sem „Cash Cow“ samstæðunnar, líkt og (S)aðaleig-stjform-SH lagði áherslu á á fundi framkvæmdastjórnar Samskipa Holding 18. mars 2008, sbr. kafla 6.7.3. „Nýtt upphaf“ verkefnið og aukið samráð við Eimskip, sem hófst með fundi (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)forstj og (E)stjform 6. júní 2008, skipti hér sköpum að mati Samkeppniseftirlitsins.
3928. Á þessum stjórnarfundum Samskipa Holding var fleira rætt sem rétt er að nefna. Samkvæmt fundargerðinni fjallaði (S)stjórnarm-fjármstj um stöðu á viðræðum Samskipa Holding við Fortis banka. Hér ber að rifja upp að þessi dagskrárliður hafði áður verið til umræðu á vettvangi lykilstjórnenda Samskipa Holding 18. mars 2008 og stjórnar félagsins 14. júlí sama ár, sbr. umfjöllun í köflum 6.7.3 og 8.10.1. Af fyrirliggjandi fundargerðum frá þeim fundum er ljóst að félagið átti í samningaviðræðum við Fortis og vann að því að sannfæra bankann og grípa til aðgerða til að mæta kröfum hans. Á fundi (S)stjórnarm-fjármstj með Fortis 10. júlí 2008 hafði verið rætt um endurfjármögnun lána, móttframlag hluthafa og EBITDA Samskipa Holding fyrir árið 2008 myndi ná 15 milljónum evra.
3929. Eins og áður segir fór (S)stjórnarm-fjármstj yfir stöðuna á viðræðum við Fortis á fundi stjórnar Samskipa Holding 4. nóvember 2008. Samkvæmt fundargerðinni hafði þá stuttu áður farið fram fundur milli (S)stjórnarm-fjármstj og Fortis, þ.e. þann 30. október 2008. Í stjórnarfundargerðinni kemur fram að (S)stjórnarm-fjármstj hafi á þeim fundi upplýst Fortis um að uppgjör Samskipa Holding samstæðunnar hafi verið lakari en sem ráðgert hafi verið á fyrri fundi með bankanum sumarið 2008. Tilgreint er í fundargerðinni að (S)stjórnarm-fjármstj hafi upplýst Fortis að gripið hafi verið til fjöldamargra aðgerða. Meðal annars upplýsti (S)stjórnarm-fjármstj Fortis um aðgerðir Samskipa á Íslandi:
- „In Iceland this being various actions like price increases with Alcoa, reductions of one vessel, decrease in Indirect cost and other actions.“*
3930. Síðan kemur fram í fundargerðinni um viðræðurnar við Fortis:
- „Despite lower EBITDA (S)stjórnarm-fjármstj feels that Fortis respects that the issue is being addressed with drastic actions and have been doing that during this year. They are also fully aware that part of the reason for worse performance is due to external economic reasons which are beyond control of Samskip.“*
3931. Athuga ber að (S)stjórnarm-fjármstj setti hér lægri EBITDA Samskipa Holding og viðræður við Fortis í samhengi við að Samskip á Íslandi hefðu gripið til harkalegra aðgerða og að því hefði verið unnið allt árið 2008. Sá tímaás er að mati Samkeppniseftirlitsins í samræmi við samtímagögn. Strax í upphafi árs 2008 hóf lítil hópur stjórnenda og (S)aðaleig-stjform-SH hjá Samskipum á Íslandi undirbúning að aðgerðum, þar sem m.a. voru settar fram aðgerðir sem fólu í sér aukið samstarf við Eimskip, sbr. t.d. tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv til (S)aðaleig-stjform-SH 7. febrúar 2008, fund stjórnar Samskipa hf. 4. apríl 2008, skýrslu (S)aðaleig-stjform-SH útbúna af Eglu frá 12. maí 2008. Er þessu öllu lýst í kafla 6.7. Á grunni þessarar forvinnu hófst síðan aukið samráð Samskipa við Eimskip eftir fund þeirra 6. júní 2008.
3932. Það að (S)stjórnarm-fjármstj vísaði í viðræðum við Fortis til þess að unnið hafi verið að aðgerðunum allt árið 2008 er til stuðnings því að aðgerðir Samskipa tengdust ekki eingöngu því að mæta horfum um samdrátt í flutningamagni eða aðgerðum vegna hrunsins haustið 2008. Þetta hófst allt mun fyrr eða í upphafi árs 2008. Allt spilaði þetta saman ef svo má að orði komast. Undirliggjandi og



órjúfanlegur þáttur þessa var einnig að tryggja sem mesta afkomu Samskipa hf. (sem „Cash Cow“ samstæðunnar) og að Fortis banki myndi þá ekki gjaldfella lánaþingreiðslur og ganga að Samskipum Holding.

3933. Í áðurnefndri fundargerð frá stjórnarfundum Samskipa Holding frá 4. nóvember 2008 er áfram haft eftir **(S)stjórnarm-fjármstj** og fjallað um fund Samskipa Holding með Fortis 31. október 2008:

„In July it was agreed with Fortis to set a threshold of €15 million in EBITDA, including actual results and shareholders support both directly and indirectly.

As things are now this brings EBITDA (including shareholder's support) to €12.2 million September YTD. This means additional €2.8 million are needed in Q4. This is not likely to happen based on the run rate and outlook. [...]

***(S)stjórnarm-fjármstj** will have further meetings with Fortis also to work in the refinancing and in relation to that certain covenants will have to be agreed both for 2008 and for 2009. **(S)stjórnarm-fjármstj** will give update to the board when this has progressed further.*

*Overall it is the impression of **(S)stjórnarm-fjármstj** that Fortis are still supporting the company and willing to look for solutions and options to continue that despite the fact that we are underperforming.”*

3934. Af framangreindu er ljóst að mati Samkeppniseftirlitsins að fjármálastjóri Samskipa Holding, **(S)stjórnarm-fjármstj**, taldi ólíklegt að 15 milljón EBITDA viðmiði fyrir árið 2008 yrði náð gagnvart Fortis banka (á síðasta ársfjórðungi 2008 þurfti að ná 2,8 milljón evrum EBITDA). **(S)stjórnarm-fjármstj** var þó ljóslega bjartsýnn og boðaði frekari viðræður við Fortis banka um endurfjármögnun og Samskip þyrftu að ganga að sérstökum lánaskilmálum fyrir bæði árin 2008 og 2009.

3935. Samkvæmt framangreindu er ljóst að það var afar þýðingarmikið fyrir Samskip Holding samstæðuna að sýna fram á styrkan rekstur í viðræðum sínum við Fortis á árinu 2008 og því máli langt frá því lokið í byrjun nóvember 2008. Varðandi framganginn í kjölfarið er ljóst að þar myndi afkoma Samskipa hf. á Íslandi skipta miklu máli og því að mati Samkeppniseftirlitinu verulegur hvati hjá Samskipum til að viðhalda áfram hinu ólögmeta samráði við Eimskip.

3936. Strax eftir áðurnefnda umfjöllun **(S)stjórnarm-fjármstj** á stjórnarfundinum 4. nóvember 2008 (um viðræður við Fortis) tók **(S)aðaleig-stjform-SH** til máls á fundinum og ávarpaði aðra fundarmenn undir dagskrárlið í fundargerð með titilinn: „Financial Situation in Iceland – Impact on Samskip”.

3937. Af heiti dagskrárliðsins hefði mátt ætla að hann myndi fjalla um áhrif hrunsins á Samskip en samkvæmt fundargerðinni vék **(S)aðaleig-stjform-SH** þar að því að hrúnið hefði haft áhrif á hann persónulega sem fjárfesti í Kaupþing banka. Hann væri að vinna í þeim þætti en á meðan væri mikilvægt að aðrir stjórnendur Samskipa myndu halda áfram að einblína á Samskip.

3938. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar þessi dagskrárliður og umfjöllun **(S)aðaleig-stjform-SH** ágætlega hvernig öll spjót stóðu á **(S)aðaleig-stjform-SH** árið 2008, hvort sem það var vegna fjárfestinga hans í Kaupþing banka eða aðgerða til að tryggja Samskip á Íslandi sem „Cash Cow“ samstæðunnar. Hvað það síðarnefnda varðar þá ber að geta þess að í upphafi árs 2010 komu fram upplýsingar um samkomulag Samskipa Holding við m.a. Fortis. Þar kom fram að samstæðan hefði gert samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu og **(S)aðaleig-stjform-SH** héldi áfram eignarhluti sínum í fyrirtækinu ásamt **(S)stjform-S**, **(S)aðaleig-stjform-SH**, **(S)stjórnarm-fjármstj**, og **(S)frkvstj-MCL**.¹⁹⁵⁰ Þótt fjárfesting **(S)aðaleig-stjform-SH** í Kaupþingi banka hefði tapast í hrúninu haustið 2008 þá varð þróunin önnur með eignarhlut hans í Samskipum. Óhjákvæmilegt er að horfa

¹⁹⁵⁰ Frétt á vef Viðskiptablaðsins, „[...] heldur Samskipum eftir endurskipulagningu“, dags. 27.01.2010, aðgengilegt á: <https://www.vb.is/frettir/> [...].



til þess að samráð Samskipa við Eimskip og ábati þess fyrir rekstrarafkomu fyrirtækisins hafi verið til þess fallið að greiða fyrir þeirri niðurstöðu.

10.4.4. Eimskip „fiktar“ í formúlu BAF og frekari undirbúningur á hækkun á verði

3939. Við rannsókn málsins hefur Eimskip upplýst að í nóvember 2008 hafi fyrirtækið tekið upp nýtt fyrirkomulag vegna álagningar á olúgjaldi (BAF). Var þá tekin upp „ný kostnaðarjafna“ þannig „að álagi var bætt ofan á olúnotkun per TEU á dag. Meðalolíuverð seinasta mánaðar (umfram 100) var notað við útreikning“. Tók breytingin bæði til Evrópuflutninga og Norður-Ameríkuflutninga og var BAF aðgreint fyrir hvora flutningsleiðina.¹⁹⁵¹
3940. Vinna Eimskips að breytingunni hófst 15. september 2008 eða fyrr, en þá kom fram í fundargerð framkvæmdastjórafundar Eimskips að:
- „Passa verður að BAF fari ekki of hratt niður við lækkun olíuverðs [...]“ og að
- „Klára verður nýja reiknireglu fyrir USA BAF fyrir 1. október“, sbr. kafla 8.16.5.2.
3941. Á þessum tíma veitti Eimskip viðskiptavinum ranglega þær upplýsingar að útreikningur BAF-gjalds væri í föstum skorðum, sbr. 8.16.6.
3942. Samandregið voru breytingar Eimskips á aðferðum til útreiknings á BAF eftir að samráð fyrirtækjanna hófst um mitt ár 2008 eftirfarandi:
- Frá upphafi árs 2007 ákvarðaðist BAF-gjald vegna Evrópuflutninga sem meðalolíuverð í Rotterdam síðasta mánaðar að frádregnum 100 dollurum. Sú upphæð var margfölduð með 0,6. M.ö.o. nam BAF gjaldið 60% af meðalolíuverði síðasta mánaðar umfram 100 dollara. BAF-gjald vegna Norður-Ameríku flutninga var ákvarðað sem BAF-gjald vegna Evrópuflutninga að viðbættu 20% álagi.
 - Í september 2008 breytti Eimskip um aðferð við álagningu BAF-gjalds vegna Norður-Ameríkuflutninga. Var um að ræða fyrri af tveimur breytingum Eimskips á gjaldinu á árinu. Breytingin fól í sér BAF-gjald vegna Norður-Ameríku flutninga var hækkað á þann veg að viðbætt álag á Evrópuflutninga var hækkað úr 20% í 40%. Um þessa breytingu og tengsl hennar við samráð Samskipa og Eimskips hefur þegar verið fjallað í kafla 8.16.6.2.
 - Í nóvember 2008 gerði Eimskip síðari breytingu ársins á BAF gjaldi, bæði vegna Evrópuflutninga og Norður-Ameríkuflutninga. Var þá tekin upp ný kostnaðarjafna til útreiknings BAF. Eftir breytinguna var BAF gjaldskrá Eimskips „látin endurspeglar BAF kostnað Eimskips síðastliðins mánaðar að viðbættu 20% álag“ sem hækkaði í skrefum í 25% álag.
3943. Í fundarboði (E)forstö-innfl til mikilvægs viðskiptavinar Eimskips, Innes, frá 3. nóvember 2008, kom fram að breyta ætti verði á sjóflutningi til Evrópu úr ISK í EUR.¹⁹⁵² Með þessu var áhætta af þróun íslensku krónunnar gagnvart evru færð til viðskiptavinarins. Þetta leiddi til verulegrar verðhækkunar gagnvart viðskiptavinum Eimskips, sbr. nánar hér á eftir.
3944. Þá skal einnig rifjað upp að stuttu áður, eða þann 16. október 2008, unnu Samskip einnig að breytingum á samningum átján fyrirtækja sem voru með samninga um sjóflutninga í íslenskum krónum. Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá þeim degi sagðist hann ætla að gera „tillögu að CAF¹⁹⁵³ hækkun“ gagnvart Vífilfelli, sem var mikilvægur viðskiptavinur Samskipa. Í svari (S)aðaleig-stjform-SH við tölvupóstinum lýsti hann verkefninu, þ.e. að breyta samningum um sjóflutninga sem voru í íslenskum krónum, vera „mikið og stórt verk“. Um tölvupóstsamskiptin er nánar fjallað í kafla 8.19.4.

¹⁹⁵¹ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins frá 13.10.2017, bls. 11-13.

¹⁹⁵² Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. Dagbók [...]. Frá [...] til Innes. „Samningur“. Fundarboð sent dags. 03.11.2008. Doc. ID. 0.7.33.447435.

¹⁹⁵³ Gengisálag. Gjaldmiðilsbreytingarliður. Áhætta af þróun gjaldmiðils færð til viðskiptavinar.



3945. Í athugasemdum Samskipa er vísað til þessara aðgerða sem „*nauðsynlegrar leiðréttingar*“ á verði viðskiptavina vegna falls íslensku krónunnar.¹⁹⁵⁴ Unnu Samskip því líka að því að minnka gengisáhættu fyrirtækisins, en rifjað skal upp að Eimskip boðaði og undirbjó að færa alla sjóflutningasamninga, sem voru flestir í íslenskum krónum yfir í evrur, m.a. var fjallað um „*mikla hækkun á sjóflutningsverð í ISK og færa síðan samninginn yfir í EUR*“ gagnvart Ölgerðinni nokkrum dögum síðar, sbr. fundargerð Eimskips dags. 24. október 2008 sem fjallað var um hér að framan. Eimskip tilkynnti um myntbreytingar (ISK í EUR) og verulega verðhækkun gagnvart flestum viðskiptavinum fyrirtækisins í byrjun desember 2008.
3946. Sýnir framangreint að lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips unnu á sama tíma að aðgerðum sem miðuðu að því að færa gengisáhættu yfir til viðskiptavina. Er það í samræmi við annan samhliða undirbúning fyrirtækjanna að verðhækkunum á síðari hluta ársins 2008.
3947. Á svipuðum tíma vann Eimskip að hækkunum á verði gagnvart mikilvægum viðskipavini , Nathan & Olsen (N&O), en í fundargerð innflutningsdeildar Eimskips frá 7. nóvember 2008 kemur fram að (E)viðskstj3 væri að fara að hitta N&O síðar þann dag „*til að opna á verðhækkanir.*“ Einnig átti fyrir lok 9. nóvember 2008 að vera búið að „*[e]ndurskoða viðmiðunarverð*“ hjá innflutningsdeild¹⁹⁵⁵
3948. Hjá landflutningum Eimskips var einnig unnið að frekari verðhækkunum á þessum tíma. Sem fyrr segir hafði (E)frkvstj-innanl fundað með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útfll 22. október 2008 og bókað tveggja tíma fund með (S)frkvstj-innanl 29. október 2008 og mögulegan fund með honum milli 15:30 og 16:30 föstudaginn 31. október 2008. Þann 3. nóvember 2008 sendi undirmaður (E)frkvstj-innanl, (E)rekstj-aksturst, tölvupóst til (E)forstö-landfl2 , afrit var sent til (E)frkvstj-innanl og (E)sölustj-innanl1. Var heiti hans „*Hækkanir í nóvember 2008*“.¹⁹⁵⁶ Meðfylgjandi var skjal þar sem komu fram *upplýsingar um valmöguleika varðandi hækkanir í nóvember.*“ Í því skjali kom þetta fram:

¹⁹⁵⁴ Sbr. mgr. 48 og mgr. 1160 í athugasemdum Samskipa við AI. Fjallað er um þessar athugasemdir Samskipa í kafla 33.5.

¹⁹⁵⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Fundargerð vika 45 2008.doc*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.451543.

¹⁹⁵⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.256004.



ÁÆTLUNARFLUTNINGAR / ALLAR LEIÐIR Í VM KERFI						
Tímabil	Tekjur	Fjöldi fylgibréfa	Fjöldi stykkja	Stk pr.fylgibréf	Tekjur pr.fylgibréf	
September til ágúst 2008	1.820.344.234	549.515	2.781.704	5,06	3.313	
sep.08	164.711.717	43.393	227.828	5,25	3.796	
okt.08	172.227.085	42.399	188.490	4,45	4.062	
Samtals 14.mánuðir	2.157.283.036	635.307	3.198.022	5,03	3.396	
Samanburður á gjaldskrárhækkun upp á 5% og stykkjavörugjaldi 100 kr. pr. Umframstykki						
Meðaltekjur pr. Mánuð	154.091.645	45.379	228.430	5,03	3.396	
Gjaldskrárhækkun 5% (3,65%)	5.624.345	tekjur á mánuði				
Meðaltal á mánuði						
Stykkjavörugjald m.v. fjölda umfram stykkja	100% af hækkun	73 % af hækkun				
1	4.537.907	3.312.672				
2	9.075.814	6.625.344				
3	13.613.721	9.938.017				
4	18.151.629	13.250.689				
Break even	1,24	1,70				
Hluti af stykkjavörugjaldi á "verktakaleiðum" skilar jafnvel 50% tekjum af S-gjaldi						
NIÐURSTAÐA:						
Stykkjavörugjaldið skilar miðað við ofangreindar upplýsingar mun meira en bein gjaldskrárhækkun						
S-gjaldið gæti jafnvel skilað 100% meiri tekjum en gjaldskrárhækkun.						

3949. Í þessu skjali Eimskips frá 3. nóvember 2008 var þannig rætt um 5% hækkun á gjaldskrá í landflutningum og upptöku svokallaðs stykkjavörugjalds sem átti að skila Eimskip „mun meira en bein gjaldskrárhækkun“ og jafnvel „100% meiri tekjum en gjaldskrárhækkun“, sbr. einnig kafla 11.10.2 hér á eftir.
3950. Næsta dag sendi starfsmaður Samskipa, (S)kostneftirl, tölvupóst til (S)forstö-útfli með heitinu „Hækkanir í rekstraráætlunum“. Var þar fjallað um áætlanir Samskipa um m.a. tekjur Samskipa á komandi ári 2009. Þar kom fram að gert væri ráð fyrir að Samskip myndu hækka þjónustugjöld viðskiptavina um 5% 1. janúar 2009 og gjöldin yrðu aftur hækkuð 1. júlí 2009 um 5%. Öll „rauneiningaverð“ voru í tölvupóstinum einnig hækkuð um 10%.
3951. Verðhækkanir voru því fyrirhugaðar hjá bæði Eimskip og Samskipum. Eins og áður segir kom fram í tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá 29. október 2008 að Samskip stefndu að 5% hækkun „innanlands“ í byrjun árs 2009. Í ofangreindu skjali Eimskips frá 3. nóvember 2008 var rætt um 5% hækkun á gjaldskrá í landflutningum. Í tölvupósti (S)kostneftirl 4. nóvember 2008 kom fram að þjónustugjöld Samskipa yrðu hækkuð um 5% í byrjun árs og aftur 1. júlí 2009. Eimskip hækkaði þjónustugjöld síðar í nóvember 2008, sbr. umfjöllun hér á eftir.
3952. (S)forstö-útfli svaraði framangreindum tölvupósti (S)kostneftirl þann 4. nóvember 2008 og taldi aðeins unnt að hækka þjónustugjöld á Íslandi um næstu áramót: „Við munum ekki getað hækkað þjónustugjöld erlendis um áramótin, bara hér heima. ástæðan er sú að menn vilja halda samræmi milli innfl. og útfli. í þessum liðum erlendis og innfl. treystir sér ekki í hækkanir um áramót.“¹⁹⁵⁷

¹⁹⁵⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820864.



3953. Að kvöldi sama dags sendi (S)forstö-umb.erl tölvupóst til stjórnenda hjá Samskipum erlendis (afrit til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfl). Heiti póstsins er „Service charges 2009“ og var þar rætt um mögulegar hækkanir á þjónustugjöldum Samskipa erlendis: „Our competitor did not follow suit with a rate increase of his service charges when we implemented one this autumn. Therefore our rates are today about 10% higher.“
- [(S)forstö-innfl1] and [(S)forstö-útfl] have been evaluating how to respond and they have come to the conclusion that we will not raise our service charges in the beginning of the year. We will increase our rates from 1.7.2009 of 5%.
- Services charges are THC, B/L-, Admin- and Customes charges."¹⁹⁵⁸
3954. Samkvæmt þessu gagni höfðu (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfl komist að þeirri niðurstöðu að hækka ekki þjónustugjöld Samskipa erlendis þar sem keppinautur fyrirtækisins hafi ekki fylgt eftir hækkun Samskipa 1. september 2008. Í tölvupóstinum frá (S)forstö-umb.erl kemur sömuleiðis fram að fyrirtækið muni vegna þessa ekki hækka verð sín erlendis í upphafi árs 2009 heldur um 5% 1. júlí 2009. Þessi stefnumörkun átti hins vegar eftir að breytast en Samskip hækkuðu þjónustugjöldin 1. febrúar 2009, sbr. hér á eftir.
3955. Stjórnendur Eimskips unnu þann 4. nóvember 2008 áfram að breytingum á gjaldskrá. Klukkan 11:31 þennan dag sendi (E)forstö-útfl tölvupóst til (E)forstö-vöruþróun (afrit til (E)forstö-innfl) með heitinu „Eðlilegun gjaldskrár í akstri á Íslandi“. Þar spurði hann m.a.: „Þú varst í vinnuhóp gagnvart „eðlilegun“ á gjaldskrár á akstri á Íslandi ásamt (E)viðskstj, (E)rekstj-aksturst og fleirum. Var þessari vinnu ekki lokið og í raun klár?“¹⁹⁵⁹ Ekki hafa fundist svör (E)forstö-vöruþróun við þessu eða þá frekari skýring á til hvers (E)forstö-útfl var að vísa með „eðlilegun“ á gjaldskrá eða verðlagningu á landflutningum. Eimskip vann á þessum tíma að hækkun gjaldskrár.
3956. Dagana 6. – 7. nóvember 2008 var innan Samskipa aftur fjallað um álagningu á olíuálagi (BAF) gagnvart viðskiptavinum. Eins og áður sagði lækkaði heimsmarkaðsverð á olíu verulega á þessum tíma. Fyrir liggur að í byrjun nóvember 2008 hafði BAF gjaldskrá skipafélagsins Maersk, sem Samskip skiptu við, á siglingaleiðinni milli Evrópu og Austurlanda fjær, lækkað mjög mikið. Starfsmaður Samskipa erlendis sem hafði með sjóflutninga vegna Íslands að gera („Iceland Coordinator“) spurði (S)forstö-útfl hvort Samskip ættu sökum þessa ekki að lækka BAF, þar sem Samskip væru að innheimta þrefalt hærra BAF en Maersk á siglingarleiðinni. (S)forstö-útfl hafnaði því með þessum rökum;
- „we stick to the current baf we are charging due to the situation and this is additional revenue for us that is needed“.¹⁹⁶⁰
3957. Í umræddum samskiptum benti S(kostneftirl), starfsmaður Samskipa á Íslandi, (S)forstö-útfl á að naskir viðskiptavinir gætu komist að því að BAF Maersk, flutningsaðila Samskipa á umræddri leið, væri þriðjungur af innheimtu BAF Samskipa á leiðinni. Breytti það ekki afstöðu (S)forstö-útfl sem gaf fyrir mæli um að „stick to the current BAF [...]“.
3958. Samskip ákváðu þannig að láta viðskiptavinum sína (t.d. útflytjendur á fiski frá Íslandi til Austurlanda fjær) ekki njóta þessa heldur kröfðu þá áfram um BAF samkvæmt þrefalt hærra gjaldskrá. Hér ber að rifja upp tölvupóst (S)forstö-innfl1 til (S)aðaleig-stjform-SH frá 9. september 2008 um að tiltekinn kostnaður hjá Samskipum hefði lækkað mjög mikið og það hefði tekist hjá fyrirtækinu að „skila þessum lækkunum ekki út“, sbr. kafla 8.15.10. Að mati Samkeppniseftirlitsins komust Samskip upp

¹⁹⁵⁸ Afritaður tölvupóstur [...] Doc. ID. 0.7.33.820884. Í þessum samskiptum kemur sama dag fram hjá [...] um hækkun á „local charged fees to consignees“: „agree, we should increase as possible all local charged fees to consignees. we need to check on case by case bases what our options are to increase these revenues.“

¹⁹⁵⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.284947.

¹⁹⁶⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. Milli [...] og Maersk og síðar m.a.[...]. „BAF Far East“, dags. 06-07.11.2008. Doc. ID. 0.7.33.821965.



með verulegar verðhækkanir sökum hinnar takmörkuðu samkeppni sem leiddi af ólögmætu samráði við Eimskip.

3959. Fjallað er um athugasemdir Samskipa er varða framangreind atvik í kafla 25.22 og 25.39. Athugasemdir Samskipa fá ekki breytt niðurstöðu um að háttsemi Samskipa fór gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins.

10.4.5. Íslenska samráðsaðferðin og gert ráð fyrir takmarkaðri samkeppni á árinu 2009

3960. Þann 11. nóvember 2008 greindi (E)frkvstj-EimÍsl frá því að búið væri að samþykkja tillögu um hækkun á gjaldskrá í framkvæmdastjórn. (E)forstö-vörubröun svaraði og sagðist vera að undirbúa (E)starfsm-innfl til að stilla upp verði í evrum í sjóflutningi.¹⁹⁶¹

3961. Sama dag sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)frkvstj-MCL sem var erlendur stjórnandi hjá Samskipa samstæðunni og hafði með flutningamál fyrirtækisins að gera í öðrum Evrópulöndum (framkvæmdastjóri Samskipa Multimodal Container Logistics (MCL)). (S)frkvstj-MCL hafði haft aðkomu að samráðinu við Eimskip og sat m.a. fundi Samskipa Holding þar sem rætt hafði verið um aukið samstarf við Eimskip.

3962. Áður en (S)aðaleig-stjform-SH sendi tölvupóstinn sendi hann (S)stjórnarm-fjármstj tölvupóst í þeim tilgangi að bera undir hann orðsendingu sem hann kvaðst ætla að senda (S)frkvstj-MCL. Í orðsendingunni fólst m.a. mat (S)aðaleig-stjform-SH á samkeppnisaðstæðum í öðrum Evrópulöndum og tillögur að stefnumörkun Samskipa. Lagði (S)aðaleig-stjform-SH til að brugðist yrði við erfiðum aðstæðum á flutningamörkuðum ytra með því að auka gjaldtöku af viðskiptavinum og huga að samstarfi við keppinauta ytra. Í tölvupóstinum segir nánar tiltekið:

„... herewith sending my thoughts regarding next year. I might be negatively influenced by the Iceland crisis, but it is my opinion that we are already faced with a recession in Europe that will last throughout the coming year, impact of the recession:

1. *volumes will be less and prices will be under pressure*
2. *inflation will go down, and costs will eventually decrease (TC and bunker already down, other cost to follow)*
3. *no pressure will be on the labour market."*

3963. Í tölvupóstinum bendir (S)aðaleig-stjform-SH á að draga muni úr flutningum, flutningsgeta verði meiri en eftirspurn og skipafélög muni berjast um takmarkað flutningamagn og þrýstingur verði á verð, með öðrum orðum muni verðsamkeppni aukast. Í þessu ástandi telji hann að aðeins „clever/effecient“ fyrirtæki lifi af.

3964. Fjallar (S)aðaleig-stjform-SH síðan um stöðuna í Bretlandi, Írlandi, Spáni/Portúgal og í Noregi. Varðandi Írland kveðst hann styðja samstarf við keppinautinn DFDS með „slot“ samningi í því skyni að draga úr flutningsgetu (sama og hafði verið gert hér á landi í ólögmætu samráði við Eimskip). Að því er snerti Noreg taldi (S)aðaleig-stjform-SH jafnframt koma til greina að Samskip ættu í „samstarfi“ við keppinautinn Tschudi:

„Volumes on market will be less, even in Norway, and the competition of Tschudi/NTN not to make things to[o] easy unless we find a way to co-operate there.“

3965. (S)aðaleig-stjform-SH beindi því síðan til (S)frkvstj-MCL að huga að verðhækkunum/aukinni gjaldtöku með hliðsjón af góðum árangri Samskipa hér á landi:

¹⁹⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.118250.



„The additional charges we have successfully applied here on Iceland trade are, besides THC's and seafreight are:

Administration fee

Collection fee

BAF

FAF

Positioning fee

ISPS

Wharefage

Those are standard fees on all shipments, then when providing additional services there are number of other charge codes, actually pages of them ...”.

3966. (S)stjórnarm-fjármstj svaraði tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH kl. 22:08 sama dag. Gerði hann í aðalatriðum engar athugasemdir við þessa orðsendingu (S)aðaleig-stjform-SH til (S)frkvstj-MCL. Tók hann fram að skilaboðin um „aukagjöldin“ væru „aðalmálið“. (S)aðaleig-stjform-SH sendi síðan tölvupóstinn til (S)frkvstj-MCL kl. 22:27 sama dag, þ.e. 11. nóvember 2008. Hafði hann þá bætt við eftirfarandi fyrirvara varðandi möguleika (S)frkvstj-MCL að ná sama góða árangri í verðhækkunum og gjaldtöku og (S)aðaleig-stjform-SH hefði náð á Íslandi:

„I know there is limited competition here and not the same tough market as in europe ...

General remark:

-as discussed today, can we gain more through BAF/FAF versus the lowered fuel and bunker cost.“¹⁹⁶²

3967. Í samræmi við önnur samtímagögn, kom fram hjá (S)aðaleig-stjform-SH að efnahagsörðugleikarnir á þessum tíma myndu leiða til minni kostnaðar, aukinnar samkeppni og lægra verðs á flutningum. Á Íslandi horfði málið aftur á móti öðruvísi við vegna hinnar „takmörkuðu“ samkeppni („limited competition“) sem væri milli Samskipa og Eimskips og gæfi færi á verðhækkunum og margskonar aukinnar gjaldtöku gagnvart viðskiptavinum.
3968. „Íslenska“ leiðin sem (S)aðaleig-stjform-SH lýsti fól í sér að haft væri samstarf við keppinauta þegar bregðast þyrfti við áskorunum á markaði og verð til viðskiptavina hækkað (m.a. með olúgjöldunum BAF og FAF). Var (S)aðaleig-stjform-SH ljóst að ekki væri víst að (S)frkvstj-MCL myndi geta náð hinu sama fram vegna meiri samkeppni á flutningamörkuðum í öðrum Evrópuríkjum.
3969. Leiðbeiningar (S)aðaleig-stjform-SH til (S)frkvstj-MCL um að koma á samvinnu og slotsamstarfi með keppinautum vekja óhjákvæmilega athygli með hliðsjón af öðrum gögnum málsins, þ.á m. þeirra gagna sem stafa frá (S)aðaleig-stjform-SH sjálfum. Með hliðsjón af gögnum málsins er ljóst að með þessu hafi (S)aðaleig-stjform-SH verið að vísa til hagnýtrar samvinnu og upplýsingaskipta á milli keppinauta. Er þar um að ræða sömu aðgerðir og (S)aðaleig-stjform-SH, í þröngum hópi stjórnenda og aðaleiganda Samskipa, skoðuðu og greindu á fyrri hluta árs 2008 og hrintu svo í framkvæmd með auknu samráði í kjölfar fundar með (E)stjform og (E)forstj 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ verkefnið og glærukynninguna sem (E)frkvstj-alpjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir. Samhliða þessu fóru fram verulegar verðhækkunaraðgerðir sem (S)aðaleig-stjform-SH fjallar einnig um í leiðbeiningum sínum til (S)frkvstj-MCL.
3970. Þegar þessi tölvupóstur (S)aðaleig-stjform-SH frá 11. nóvember 2008 er virtur í samhengi við önnur gögn málsins má segja að Samskip og Eimskip hafi þegar náð saman um það sem mætti nefna „íslenska samráðsaðferðin“ til að eiga við erfiðar aðstæður á flutningamörkuðum og gera

¹⁹⁶² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.529648. [...] svarar stuttu síðar. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.529772. [...] sendir síðan póst til [...] tæpri klukkustund síðar þetta kvöld. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.529787.



samkeppnisumhverfið auðveldara. Að mati Samkeppniseftirlitsins er þessi umfjöllun forstjóra Samskipa raunsonn lýsing á hinni takmörkuðu samkeppni sem var á milli fyrirtækjanna hér á landi vegna hins ólögmæta samráðs sem þau viðhöfðu á þessum tíma.

3971. Þennan sama dag, 11. nóvember 2008, sendi (S)forstö-landfl (undirmaður (S)frkvstj-innanl og forstöðumaður landflutninga) drög að rekstraráætlun landflutninga Samskipa fyrir árið 2009 til m.a. (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl. Þar kom m.a. þetta fram:
- Almennt verð yrði hækkað um 10% í febrúar og um 5% í ágúst 2009.
 - Verð á fiskflutningum hækki á árinu 2009 „*almennt á bilinu 15 – 20%*“.
 - Óbreytt markaðshlutdeild yrði í landflutningum á árinu 2009.¹⁹⁶³
3972. Samkvæmt þessu gagni (S)forstö-landfl var það stefna Samskipa í landflutningum að hækka verð en á sama tíma gengið út frá óbreyttri markaðshlutdeild. Lagt var því til grundvallar að samkeppni frá Eimskip myndi ekki leiða til þess að þrýstingur væri á að verð myndi lækka eða að fyrirtækið myndi missa eða auka markaðshlutdeild sína.
3973. Sama sýn kom fram í rekstraráætlun innflutningsdeildar fyrir árið 2009, en daginn eftir, 12. nóvember 2008, sendi (S)forstö-innfl1 rekstraráætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2009 til ritara framkvæmdastjórnar Samskipa. Fjallað var um rekstraráætlunina á framkvæmdastjórnarfundi daginn eftir. Í þessu skjali (S)forstö-innfl1 kom fram að gert væri ráð fyrir miklum samdrætti í innflutningi. Var miðað við að „*flutningsmagn árið 2009 minnki um 51,8% samanborið við árið 2008*“. Í áætluninni var þetta hins vegar ekki talið leiða til aukinnar verðsamkeppni. Þess í stað var eftirfarandi lagt til grundvallar:
- „*Gert er ráð fyrir að sjóflutningsgjöld hækki um 5% og þjónustugjöld innanlands um 8% 1. febrúar. Reiknað er með annarri hækkun á þjónustugjöldum innanlands sem og þjónustugjöldum í erlendum höfnum sem nemur 8,0% 1. júlí.*“
- „*Í áætlun fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir að halda öllum núverandi viðskiptavinum [...]*“¹⁹⁶⁴
3974. Kom hér fram hjá (S)forstö-innfl1 sama víska um verðhækkanir og takmarkaða samkeppni frá Eimskip og í framangreindum drögum (S)forstö-landfl að rekstraráætlun landflutninga Samskipa fyrir árið 2009. Um miðjan nóvember 2008 töldu Samskip þannig að á árinu 2009 gæti fyrirtækið ítrekað hækkað verð án þess að missa markaðshlutdeild og mikilvæga viðskiptavini. Hið sama kom efnislega fram í áætlun Samskipa hf. fyrir árið 2009 sem send var stjórn Samskipa Holding 6. desember 2008, sbr. kafla 10.5.1 og 10.5.4. Var þannig ítrekað talið unnt að leggja til grundvallar að samkeppnislegt aðhald frá Eimskip myndi ekki koma í veg fyrir þessi áform Samskipa. Ástæða þessa var hið hið aukna ólögmæta samráð við Eimskip sem hófst í júní 2008 og lýst hefur verið ítarlega í ákvörðun þessari. Ber hér að áréttu að í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið kemur fram að eftir að „*Nýtt upphaf*“ samráðsverkefnið hófst í júní 2008 hafi Eimskip átt í samráði við Samskip „*um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum.*“ Sökum þessa gátu Samskip og Eimskip hækkað verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum án þess að óttast að keppinauturinn myndi bjóða betur og ná til sín viðkomandi viðskiptavini. Samráð fyrirtækjanna um takmörkun á flutningsgetu studdi við þessa ólögmætu markaðsskiptingu. Frekari rök fyrir tilvist hinnar ólögmætu markaðsskiptingar á rannsóknartímabili þessa máls er að finna m.a. í kafla 12. og 15. Þar að auki höfðu ítrekuð samskipti lykilstjórnenda fyrirtækjanna sem báru ábyrgð á verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum óhjákvæmilega dregið úr æskilegri óvissu á markaðnum og sjálfstæði þessara

¹⁹⁶³ Sbr. kafla 17.6.

¹⁹⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.688333. Rekstraráætlun innflutningsdeildar 2009 var einnig haldlögð á starfsstöð Samskipa við húsleit 10.09.2013, haldlagningararnr. SE-G506. Sbr. einnig afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.688328. Í tölvupóstinum [...].



höfuðkeppinauta. Þetta auðveldaði þeim að grípa til frekari aðgerða sem röskuðu samkeppni, þar með talið að hækka verð til viðskiptavina sinna.

3975. Framangreint verður enn skýrara þegar horft er til samtímagagna sem fjalla um aðstæður á öðrum flutningamörkuðum í Evrópu þar sem dótturfélög Samskipa Holding störfuðu. Í fundargerðum Samskipa Holding kemur fram að samdráttur í eftirspurn sem fylgdi efnahagsörðugleikunum leiddi til þess að kaupendur á flutningsþjónustu annars staðar í Evrópu fóru að sýna mun meira aðhald og krefjast betri kjara. Flutningamagn fór minnkandi og fyrirtæki brugðust við m.a. með því að lækka verð og örva eftirspurn. Var jafnvel rætt um örvæntingu í þessu sambandi. Með þessu jókst samkeppni verulega og er því lýst í fundargerðunum að nauðsynlegt hafi verið að lækka verð til þess að missa ekki mikilvæga viðskiptavinum úr viðskiptum.¹⁹⁶⁵ Er þetta í samræmi við framangreinda umfjöllun í Morgunblaðinu 30. október 2008 og tölvupóst (S)aðaleig-stjform-SH frá 11. nóvember 2008 til (S)frkvstj-MCL. Í þeim tölvupósti kom fram að efnahagsörðugleikarnir á þessum tíma myndu leiða til minni kostnaðar, aukinnar samkeppni og þrýstings á verð í flutningum. Samkvæmt tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH til (S)frkvstj-MCL var í raun búið að koma upp öðru ástandi á flutningamarkaðinum á Íslandi. Með samráði við Eimskip höfðu fyrirtækin raskað samkeppni („limited competition“) á markaðnum, sem gerði fyrirtækjunum kleift að hækka verð til viðskiptavina verulega og án þess að þurfa að óttast viðbrögð helsta keppinautarins.
3976. Þann 12. nóvember 2008 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)forstö-innfl1 (afrit til (S)frkvstj-millilandasv) og upplýsti um fyrirhugaða breytingu á siglingaáætlun Eimskips, þ.e. að Eimskip ráðgerði að fækka skipum til Norður-Ameríku með því að taka skipið Celia úr rekstri frá 20. sama mánaðar. Breytingin var ekki tilkynnt opinberlega fyrr en 17. nóvember 2008.¹⁹⁶⁶ (S)frkvstj-N-Am hafði fyrr sama dag fengið upplýsingar um breytinguna frá (S)starfsm, starfsmanni Samskipa í Norður-Ameríku, sem aftur hafði fengið upplýsingarnar frá (E)frkvstj-N-Am, starfsmanni Eimskips í Norður-Ameríku. Þetta var þó ekki frétt næmt fyrir (S)frkvstj-millilandasv því hann svaraði (S)frkvstj-N-Am að bragði, kl. 16:13: „Takk fyrir upplýsingarnar – þetta kemur ekkert á óvart.“¹⁹⁶⁷ Þessi upplýsingamiðlun milli keppinautanna leiddi af ólögumætu samráði Samskipa og Eimskips í flutningum vegna Norður-Ameríku. Fyrirliggjandi er í máli þessu að engin undanþága frá ólögumætu samráði Samskipa og Eimskips í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku var í gildi í nóvember 2008, sbr. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga. Samskiptin vörðuðu því framkvæmd á ólögumætum samningi. Umrædd upplýsingamiðlun Eimskips til Samskipa um takmörkun á flutningsgetu var hluti af samráði fyrirtækjanna á þessum tíma og kom hún (S)frkvstj-millilandasv, sem hafði og átti í ítrekuðum samskiptum við lykilstjórnendur Eimskips þ. á m. sem báru ábyrgð á siglingakerfi Eimskips, ekki á „óvart“.
3977. Fjallað er um athugasemdir Samskipa er varða framangreind atvik í kafla 25.39.1 og áfram. Athugasemdir Samskipa fá ekki breytt mati Samkeppniseftirlitsins um að háttsemi Samskipa hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins.

10.4.6. Samráð um álagningu karagjalds í landflutningum

3978. Samskip og Eimskip höfðu með sér ólögumætt samráð vegna álagningar karagjalds í útflutningi frá Íslandi, en um er að ræða gjald sem lagðist á útflutning á ferskum fiski. Vísast hér til umfjöllunar um m.a. samskipti (S)forstö-útfli og (E)forstö-útfli 28. ágúst 2008 og gögn Eimskips frá 8. og 9. september 2008, sbr. kafla 8.15.10 og 8.16.4. Eru þessi samtímagögn í samræmi við sátt Eimskips frá 16. júní 2021. Í henni viðurkennir Eimskip að hafa átt í alvarlegu ólögumætu samráði við Samskip. Hafi þessi brot falist í tilteknum aðgerðum sem „gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærukynningu Eimskips frá 9. júní 2008“. Í þessum alvarlegu brotum fólst m.a. samráð „við Samskip um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum

¹⁹⁶⁵ Sjá t.d. kafla 12.2.5 og 14.11.3.

¹⁹⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.824076.

¹⁹⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.824076.



verð- og viðskiptaupplýsingum. Samráð þetta var umfangsminna á lokaári rannsóknartímabilsins (á árinu 2013).“

3979. Samtímagögn sýna að Samskip og Eimskip höfðu einnig með sér ólögmeitt samráð um álagningu karagjalds í landflutningum. Er nánar tiltekið um að ræða gjald sem lagðist á landflutninga á ferskum fiski. Verður fjallað um það í þessum kafla.
3980. Fyrirtækið Umbúðamiðlun annaðist á árinu 2008 leigumiðlun með fiskikör. Stærstu viðskipavinir fyrirtækisins voru íslenskar útgerðir og fiskvinnslur. Eftirfarandi gögn sýna að Samskip og Eimskip beittu sér sameiginlega gagnvart Umbúðamiðlun til að ná því fram að fyrirtækið greiddi Samskipum og Eimskip karagjald vegna flutninga þeirra innanlands á tómum fiskikörum í eigu Umbúðamiðlunar.
3981. Hér skiptir máli að 5. júní 2008, daginn fyrir fund (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH með (E)stjform og (E)forstj, vistaði (S)frkvstj-innanl glærुकynningu með heitinu „06.06.08“. Þessa glærुकynningu tók (S)frkvstj-innanl saman að ósk (S)aðaleig-stjform-SH, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.1.2. Í glærुकynningunni kom m.a. fram að mikilvægt væri að;
- „ná upp tekjum með hærri einingarverðum og/eða karagjaldi“.
3982. Þá sagði einnig í þessu gagni (S)frkvstj-innanl að ekki væri ráðlegt að gera ráð fyrir þessu gjaldi í áætlun sökum aðstæðna á markaðnum („eins og staðan er á markaði nú“).¹⁹⁶⁸ Hið sama kemur fram í glærुकynningu (S)frkvstj-innanl frá 2. júlí 2008.¹⁹⁶⁹
3983. Föstudaginn 4. júlí 2008 hittust (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl á fundi á kaffihúsinu Mokka og fjölluðu m.a. um aukið samstarf Samskipa og Eimskips í landflutningum í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið, sbr. kafla 8.7.
3984. Athygli skal vakin á því að fyrir fundinn með (E)frkvstj-innanl 4. júlí 2008 hafði (S)frkvstj-innanl sams konar áhyggjur og (S)forstö-útfli varðandi karagjald í útflutningi. Vísast hér til ummæla (S)forstö-útfli í tölvupósti til (S)aðaleig-stjform-SH þann 24. ágúst 2008 („heldurðu að við komumst upp með það?“), sbr. kafla 8.15.10. Sem fyrr sagði áttu (S)forstö-útfli og (E)forstö-útfli í kjölfarið í samskiptum og var karagjald í útflutningi í framhaldinu lagt á í september 2008. Atburðarrásin er sambærileg varðandi karagjald á landflutningamarkaði.
3985. (S)forstö-landfli var forstöðumaður landflutninga Samskipa og undirmaður (S)frkvstj-innanl. (S)forstö-landfli vistaði skjal mánudaginn 7. júlí 2008 þar sem fram kemur að til skoðunar væri að leggja á karagjald í landflutningum frá 1. september 2008. Um væri að ræða gjald fyrir akstur tómrá kara og gjaldið ætti að miða við 10-20% af flutningsgjaldi á fullu kari.¹⁹⁷⁰
3986. Í skjali (S)frkvstj-innanl, sem vistað var 8. júlí 2008, segir að hið nýja karagjald hafi átt að koma „til áhrifa“ 18. júlí 2008 og að gjaldið ætti að skila Samskipum 18 milljónum króna í auknar tekjur á ársgrundvelli.¹⁹⁷¹
3987. Hér hefur þýðingu að 2. júlí 2008 hafði (S)frkvstj-innanl lýst því yfir að óvissa væri fólgin í því að innleiða karagjald eins og staðan væri á markaðnum. (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl hittust sem fyrr segir á fundi föstudaginn 4. júlí 2008. Strax eftir þá helgi bera gögn (S)forstö-landfli og (S)frkvstj-innanl með sér að ekki væri lengur óvissa um innleiðingu karagjalds. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að á fundi (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl hafi verið eytt þeirri óvissu sem

¹⁹⁶⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Heimasvæði [...]. „06.06.08 I.ppt“, vistað 05.06.2008, kl. 23:16. Doc. ID. 0.7.33.9133.

¹⁹⁶⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Heimasvæði [...]. „Innanlandssvid revised 05.ppt“, vistað 02.07.2008, kl. 11:24. Doc. ID. 0.7.33.8578.

¹⁹⁷⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskip. Heimasvæði [...]. „hagræðing sumar 2008.xls“, vistað 07.07.2008, kl. 09:57. Doc. ID. 0.7.33.8197.

¹⁹⁷¹ Afritað tölvuskjal frá Samskip. Heimasvæði [...]. „hagræðing sumar 2008. revised budget.xls“, vistað 08.07.2008, kl. 12:39. Doc. ID. 0.7.33.9291.



(S)frkvstj-innanl hafði lýst nokkrum dögum áður. Sem fyrr segir átti sér stað samskonar atburðarrás í aðdraganda þess að Samskip tilkynntu um karagjald í útflutningi í september 2008.

3988. Þann 18. ágúst 2008 vistuðu (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-landfl hjá sér sinn hvorn verkefnalistann en á báðum þeirra var fjallað um innleiðingu karagjalds gagnvart viðskiptavinum í landflutningaþjónustu:

- Þannig sagði á verkefnalistanum sem (E)frkvstj-innanl vistaði hjá sér:

„Tóm fiskikör – greiða fyrir -- er í ferli (E)rekstj-aksturst“¹⁹⁷²

- Á verkefnalista (S)forstö-landfl sagði:

„Karagjaldið • Fundur með Umbúðamiðlun.“¹⁹⁷³

3989. Hér ber að horfa til þess að undirmenn (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl ((S)rekststj-landfl2 og (E)rekststj-landfl) ræddu saman 8. september 2008 um aukið samstarf í landflutningum. Daginn eftir funduðu aðrir undirmenn (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl ((S)forstö-landfl, (S)rekststj-landfl3, (E)svæðisstj1 og (E)þjstj-Austur) til þess að ræða aukið samstarf fyrirtækjanna á Norður- og Austurlandi „og fleira“. Vísast um þetta til kafla 18.16.4 og 8.16.7.

3990. Í fundargerð Eimskips, vegna fundar 9. september 2008, var fjallað um karagjald. Er þar gerð grein fyrir umfjöllun (E)frkvstj-innanl um Umbúðamiðlun og haft eftir honum að verið sé að „vinna í því að fá greitt fyrir flutning á tómunum fiskikörum.“¹⁹⁷⁴

3991. Ljóst er því að Eimskip og Samskip unnu á sama tíma að því að krefja Umbúðamiðlun um gjald fyrir flutning á tómunum fiskikörum í landflutningum. Sést þetta einnig af gögnum sem Umbúðamiðlun sendi Eimskip 17. september 2008 og Samskip og Eimskip 30. september 2008.

3992. Sýna þessi gögn að Umbúðamiðlun mótmælti harðlega hækkunaraðgerðum Samskipa og Eimskips. Kemur það skýrt fram í fyrirbyggjandi tilkynningu fyrirtækisins 17. september 2008.¹⁹⁷⁵ Í annarri tilkynningu Umbúðamiðlunar 30. sama mánaðar, sem send var til (S)frkvstj-innanl, (S)forstö-landfl, (E)frkvstj-innanl og (E)sölustj-fiskfl segir eftirfarandi um aðgerðir Samskipa og Eimskips:

„Jafnframt varar stjórnin við því að freistað verði að þvinga stjórn Umbúðamiðlunar ehf. til að breyta reglum sínum með samræmdum aðgerðum flutningsaðila sem muni leiða til hækkunar á þjónustu félagsins.“¹⁹⁷⁶

3993. Hér ber einnig að hafa í huga eftirfarandi gögn sem varða (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl umrædda daga í september 2008:

- (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl funduðu 17. september 2008 í Smáralind. Á þeim fundi var í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið fjallað a.m.k. um aukið samstarf fyrirtækjanna í bæði land- og sjóflutningum, sbr. kafla 8.16.7.
- Í kafla 8.16.11 er lýst glærुकynningu (E)frkvstj-innanl frá 30. september 2008. Í henni kemur þetta m.a. fram:

„- Viðræður í gangi við Umbúðamiðlun um að rukkað verði fyrir flutninga á tómunum fiskikörum frá sept 2008

¹⁹⁷² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Heimasvæði [...], vistað 18.08.2008, kl. 14:33. Doc. ID. 0.7.33.106394.

¹⁹⁷³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Heimasvæði [...], vistað 18.08.2008, kl. 15:53. Doc. ID. 0.7.33.8235.

¹⁹⁷⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð EI vika 37 2008.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.109562.

¹⁹⁷⁵ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.228831.

¹⁹⁷⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Flutningsaðilar.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.257135.



- 30% hækkun á flutningsverði í ferksfiskflutningum frá sept 2008 – ígildi olíuálags bætt við
- Samvinna með Samskip á ýmsum flutningaleiðum – tvíhliða samningar – mikil tækifæri framundan í þessu“.

3994. Virða ber hér saman m.a. (1) Hvorki Samskip né Eimskip lögðu fram samtímagögn um hvað stjórnendur fyrirtækjanna, (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl, hafi rætt saman á fundum sínum, (2) framangreind samskipti Samskipa og Eimskips sem miðuðu m.a. að því að auka samstarf fyrirtækjanna í landflutningum í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið, (3) samhliða umfjöllun fyrirtækjanna um karagjöld í landflutningum og (4) gögnin frá Umbúðamiðlun. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að fyrirtækin áttu með sér samráð um að leggja ný gjöld vegna flutninga á tómunum körum á landflutningamarkaði. Var þetta einn þáttur í viðtæku samráði fyrirtækjanna á þessum tíma. Er þetta einnig í samræmi við viðurkenningu Eimskips á brotum á 10. gr. samkeppnislaga.
3995. Sem áður segir eru fyrirbyggjandi tvær dagbókarfærslur frá (E)frkvstj-innanl sem gefa til kynna að hann og (S)frkvstj-innanl hafi fundað lok október 2008, sbr. kafla 10.3. Í þessu samhengi ber að líta til þess að 11. nóvember 2008, áframsendi starfsmaður Eimskips til (E)frkvstj-innanl, (E)rekstj-aksturst og (E)forstö-landfl2 frétt, sem birtist sama dag á mbl.is. Í tölvupóstinum sagði: „sagan heflur [svo] áfram, þetta er að verða „risastóra karamálið“. Í fréttinni sem fylgdi með sagði:
- „Skortur á fiskikörum
- Á Bolungarvík hafa menn nú af því miklar áhyggjur að verða uppiskroppa með fiskikör og komast ekki á sjó á morgun, að því er kemur fram á vef Landssambands smábátaeigenda.
- Haft er eftir [...] í Bolungarvík, að flutningsaðilar, Samskip og Eimskip, hafi ákveðið að innheimta gjald fyrir flutning tómrara kara á áfangastað. [...] segir gjaldið alltaf hafa verið inni í flutningskostnaðinum, sem eigi ekki að lækka samsvarandi á móti. Hér sé því gerð krafa um hækkun sem sé vitaskuld úr takt við það sem boðað hefur verið.
- Þá segir [...] að Umbúðamiðlun, sem er eigandi karanna, hafi hafnað því að bera þennan kostnað og því hafi flutningsaðilar afsett körin á sinni lóð í stað þess að fiskmarkaðurinn tæki við þeim.
- Landssamband smábátaeigenda segir, að karaleyssi á fiskmarkaði Bolungarvíkur sé þegar farið að gera vart við sig og ís fáist nú ekki afgangur. Unnið sé að lausn deilunnar milli flutningsaðila, Umbúðamiðlunar og fiskmarkaðarins.“¹⁹⁷⁷
3996. Samkvæmt þessari frétt var óánægja með annars vegar verðhækkun Eimskips og Samskipa sem fólst í gjaldröku á flutningi á tómunum körum og hins vegar skort á körum.
3997. Síðar sama dag, milli kl. 17-18, var (E)frkvstj-innanl bókaður á fund sem bar heitið „Karamálið“. Daginn eftir sendi (E)forstö-landfl2 eftirfarandi tölvupóst til (E)frkvstj-innanl:
- „Herra J hringdi í mig brjáláður, út af frétt. Bjallaðu á mig þegar þú getur.“¹⁹⁷⁸
3998. Ekki var útskýrt í tölvupóstinum til (E)frkvstj-innanl hver „herra J“ var. Í mgr. 1156 í athugasemdum Samskipa við AI er því haldið fram að tilvísun í tölvupósti (E)forstö-landfl2 til „herra J“ ætti ekki við (S)frkvstj-innanl. Segja Samskip að „Herra J“ vísi til stærsta útgerðarmannsins í Bolungarvík sem jafnframt hafi verið eigandi fiskmarkaðarins í Bolungarvík. Hann hafi verið óánægður með skort á körum

¹⁹⁷⁷ Skortur á fiskikörum“, 11. nóvember 2008. Morgunblaðið. Aðgengilegt á slóð: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2008/11/11/skortur_a_fiskikorur/.

¹⁹⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.268645.



3999. Telur Samkeppniseftirlitið líklegt að „Herra J“ í tölvupósti (E)forstö-landfl2 sé viðskiptavinur og hann hafi í símtalinu við (E)forstö-landfl2 verið „brjáláður“ yfir umræddri frétt, þar sem fram kom að Samskip og Eimskip hafi ákveðið að innheimta gjald fyrir flutning tómrara kara á áfangastað sem leiddi til þess að skortur var á körum. Samkeppniseftirlitið telur þessi hörðu viðbrögð viðskiptavinar vera til marks um hve alvarleg áhrif gjaldtakan hafði á viðskiptavinum fyrirtækjanna.
4000. Deilur Samskipa og Eimskips við Umbúðamiðlun leiddu til þess að flutningafyrirtækin funduðu saman ásamt Umbúðamiðlun og forsvarsmönnum fiskmarkaða að kvöldi sama dags, 11. nóvember 2008.¹⁹⁷⁹ Samningar náðust eftir umræddan fund. Í frétt Vísis dags. 12. nóvember 2008 kemur eftirfarandi fram:
- „Flutningur á fiskikörum til Vestfjarða er aftur kominn í samt horf eftir að forsvarsmenn Umbúðamiðlunar, Samskipa, Eimskipa og fiskmarkaða sátu fund í gærkvöldi og ákváðu að reyna að vinna að lausn á þeim vanda sem skapaðist.*
- Fjallað er um málið á vefsíðu Bæjarins besta í dag. Vandamálið kom upp þegar Umbúðamiðlun neitaði að greiða gjald sem Samskip og Eimskip settu á vegna flutnings á tómunum körum frá Vestfjörðum en sú þjónusta hafði áður verið innifalin í flutningskostnaði.“¹⁹⁸⁰*
4001. Eimskip og Umbúðamiðlun undirrituðu samkomulag um landflutning á tómunum körum þann 2. janúar 2009.¹⁹⁸¹ Samkvæmt efni samkomulagsins var Eimskip þjónustuaðili fyrir Umbúðamiðlun og bar sem slíkur að móttaka kör Umbúðamiðlunar, afgreiða körin og skrá afhendingar til viðskiptavina Umbúðamiðlunar. Fyrir þjónustuna greiddi Umbúðamiðlun Eimskip 100 kr. fyrir afgreiðslu á hverju kari.
4002. Samkvæmt svörum Samskipa, dags. 24. nóvember 2017, við upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins 13. október 2017 var karagjald ekki lagt á kör Umbúðamiðlunar fyrr en á árinu 2012.
4003. Þetta svar Samskipa frá nóvember 2017 er í ósamræmi við samtímagögn. Þann 27. nóvember 2009 sendi fulltrúi framkvæmdastjórnar Samskipa hf. kynningar á áætlunum fyrirtækisins fyrir árið 2010 til Samskipa Holding.¹⁹⁸² Í kynningu vegna áætlunar landflutninga Samskipa á Íslandi sagði m.a. þetta um árangur á árinu 2009:

¹⁹⁷⁹ Líklega sat [...] fundinn fyrir hönd Eimskip. Sjá afritaða dagbókarfærslu frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.194408.

¹⁹⁸⁰ „Búið að leysa fiskkarakreppuna á Vestfjörðum“, 12.11.2008. Vísir. Aðgengilegt á slóð: <https://www.visir.is/g/2008324855020/buid-ad-leysa-fiskkarakreppuna-a-vestfjordum>.

¹⁹⁸¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Umbúðamiðlun samkomulag kör jan 20090001.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.314932.

¹⁹⁸² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Domestic_Budget_SamskipIceland_2010.pptx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.677037.



Domestic Budget_SamskipIceland_2010.pptx for Printed Item: 1 (Attachment 2 of 7)

samskip Domestic trucking

Looking Back at 2009

Major developments

- Restructuring of main competitor, Flytjandi
- Less volumes relating to less import, mainly in FCL

Achievements

- New revenue item for fresh fish “empty boxes”
- New large customer within the consumer goods
- FAF now almost fully implemented on all customers
- Renewal of large key-account contracts with Vífilfell and Prómens
- Increased utilization in North route

4004. Gagnvart Samskipum Holding var þannig álagning karagjalds í innanlandsflutningum talin til helstu áfanga ársins 2009 hjá landflutningadeild Samskipa hf.
4005. Í mgr. 1481 í athugasemdum Samskipa við AII er staðhæft að umrætt gjald í kynningunni („*revenue item for fresh fish „empty boxes”*“) hafi verið „*skráningargjald*“ sem Umbúðamiðlun hafi greitt fyrir „*skráningu og umsýslu*“ vegna fiskikara. Skráningargjaldið hafi ekki varðað flutning á fiskikörum, sem var innleitt árið 2012.
4006. Með hliðsjón af framan sögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskipum og Eimskip hafi tekist að innleiða nýtt gjald gagnvart Umbúðamiðlun vegna fiskikara. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að gjaldtakan hafi verið hluti af ólögmetu samráði Samskipa og Eimskips. Fær það engu breytt þó gjaldið hafi borið annað nafn eða verið annars eðlis en ráðgert var upphaflega af fyrirtækjunum, enda mætti gjaldtakan mikilli andstöðu af hálfu viðskiptavina, sem leiddi til fyrrgreinds sameiginlegs fundar Samskipa og Eimskips með Umbúðamiðlun og loks lausnar um gjaldtöku fyrirtækjanna gagnvart Umbúðamiðlun. Eftir sem áður höfðu Samskip og Eimskip samráð sín á milli um aukna gjaldtöku gagnvart Umbúðamiðlun.

10.4.7. „Eruð þið eitthvað klikkuð? Hver samþykkir 80% hækkun?”

4007. Eins og lýst verður hækkaði Eimskip verð verulega í nóvember 2008 og kvartaði viðskiptavinur fyrirtækisins yfir 80% hækkun.
4008. Samskip unnu einnig að hækkun verðs. Í áætlunum fyrirtækisins fyrir árið 2009 voru lagðar til grundvallar ítrekaðar hækkanir á verði, sbr. framangreind skjöl frá 11. og 12. nóvember 2008.
4009. Á þessum tíma var innan Eimskips áfram unnið að framkvæmd á hækkun á gjaldskrá, sbr. tölvupóst sem (E)frkvstj-Eimísl sendi til (E)forstö-innfl , (E)forstö-útfl og (E)forstö-vörubrún 12. nóvember 2008. Átti hækkunin að felast m.a. í því að verð í bæði gjaldskrá og samningum um sjóflutninga til og frá Evrópu, sem áður voru í íslenskum krónum, yrði breytt í evrur.¹⁹⁸³

¹⁹⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.287696.



4010. Sama dag sendi (E)starfsm-innfl tölvupóst til (E)forstö-vöruþróun, (E)forstö-útfli og (E)forstö-innfl sem innihélt útreikning á breytingu gjaldskrár úr krónum í evrur. Var miðað við gengi evru 9. apríl 2008 (þann dag sem Eimskip breytti gjaldskrá í sjóflutningum síðast).¹⁹⁸⁴
4011. Þann 13. nóvember sendi (E)forstö-innfl verkefnalista til (E)forstö-viðskpj og (E)viðskstj2 sem hafði þann tilgang að „breyta sem flestum samningum yfir í EUR á sem skemmstum tíma“. (E)forstö-innfl áframsendi samskiptin m.a. til (E)frkvstj-EimÍsl og vann einnig með (E)forstö-vöruþróun o.fl. að verkefninu.¹⁹⁸⁵ Tölvupóstur (E)viðskstj3 til m.a. (E)forstö-vöruþróun frá 22. nóvember 2008 gefur til kynna að Eimskip hafi haft í forgangi að breyta samningum við mikilvægustu viðskiptavinum fyrirtækisins í innflutningi á þennan veg.¹⁹⁸⁶ Sést það m.a. á því að Eimskip vann að breytingu á verði úr krónum í evrur gagnvart Ölgerðinni og Innnes í lok október og byrjun nóvember 2008. Á þessum tíma vann Eimskip einnig að nýjum samningi við Nathan & Olsen.¹⁹⁸⁷
4012. Í glærukynningu (E)forstö-vöruþróun, frá 13. nóvember 2008, sem send var m.a. (E)forstö-innfl, var fjallað um þessa breytingu á gjaldskrá.¹⁹⁸⁸ Þar sagði:

Gjaldskrárbreyting - tillögurEIMSKIP

Sjóflutningsgjaldskrá

Evrópa	Breytum sjóflutningsgjaldskrá til og frá Evrópu í EUR (var ISK). Breyting gerð út frá genginu 9. apríl sl. þ.e. þegar við hækkuðum sjóflutningsgjaldskrá síðast » Viðskiptamenn með samninga í ISK og taka neysliverðsvísitöluhækkun. ➤ Fundum maður á mann og “togum” út hækkanir
US / CA	Ekki breyting

4013. Samkvæmt þessu átti að funda „maður á mann“ og „toga“ út hækkanir á samningum. Birtist þarna samskonar viðhorf eða stöðumat og hjá Samskipum, þ.e. að Eimskip væri í þeirri stöðu að geta hækkað verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum án þess að óttast samkeppnisleg viðbrögð Samskipa. (S)forstö-innfl1 gaf t.d. þau fyrirmæli í september 2008 að „troða“ sérstöku gjaldi á

¹⁹⁸⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Gjaldskrárhækkun – EUR.xls“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.118552.

¹⁹⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.454843. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.457204.

¹⁹⁸⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.675100.

¹⁹⁸⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð Eimskip Ísland_2008.xls“. Fundargerð fundar framkvæmdastjórnar Eimskips dags. 04.11.2008. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.677997.

¹⁹⁸⁸ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. „Gjaldskrárhækkun – EUR.xls“ og „Gjaldskrárhækkun_nóv_2008“. Viðhengi við afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.119169. Í sams konar glæru sem [...] sendi til [...] þann 20.10.2008 kom einnig fram tillaga að hækkan sjóflutningsgjaldskrá til Evrópu í ISK um 24,7%. Líkt og sjá má í umfjölluninni breyttist sú áætlun Eimskips í millitíðinni. Sjá afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Gjaldskrárhækkun_tillögur_okt_2008.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.438444.



viðskiptavini og hafði ekki áhyggjur af mögulegri samkeppni frá Eimskip, sbr. kafla 8.15.7.2 og 8.15.10.

4014. Hér ber að rifja upp að á samskonar glæru í glærukynningu (E)forstö-vöruþróun frá 13. október 2008 hafði verið stefnt að 24,7% hækkun á gjaldskrá sjóflutnings þann 18. nóvember 2008. Uppfærð glærukynning (E)forstö-vöruþróun er til marks um áherslubreytingu Eimskips í millitíðinni og sýnir að Eimskip hafði fallið frá hefðbundinni hækkun gjaldskrár í sjóflutningum til og frá Evrópu. Átti þess í stað að breyta sjóflutningsgjaldskrá úr íslenskum krónum í evrur og „toga“ út hækkunar. Líkt og fjallað er um hér á eftir hafði sú breyting í för með sér mun meiri verðhækkun gagnvart viðskiptavinum Eimskips en upphaflegt markmið um 24,7% hækkun gjaldskrár.
4015. Eins og lýst verður hér á eftir tilkynnti Eimskip um framangreinda breytingu á gjaldskrá 27. nóvember 2008. Fyrir þann tíma var hins vegar tilkynnt um aðra verðhækkun hjá fyrirtækinu.
4016. Þann 14. nóvember 2008 fengu (E)forstö-innfl , (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl send afrit af bréfum sem send voru út þennan dag til viðskiptavina í inn- og útflutningi. Í þessum bréfum sagði:
- „19. nóvember n.k. munu gjaldskrár Eimskips taka eftirfarandi breytingum.*
- Almenn þjónustugjöld ásamt akstri á Íslandi hækka um 9,8%. Fáeinir undantekningar frá ofangreindri hækkun eru eftirtaldar:*
- Uppskipun lausavöru verður ISK 3.505 per tonn og ISK 1.781 per cbm, lágmarksgjaldið verður ISK 2.750. Farmbréfsgjald í útflutningi verður ISK 3.300, umskráningargjald ISK 3.980 og einföld tollskýrsla (E8) ISK 2.350.*
- Heimakstur per tonn á höfuðborgarsvæðinu verður ISK 2.341 per tonn, lágmarksgjald á sama svæði verður í ISK 5.120.“¹⁹⁸⁹*
4017. Þennan sama dag var einnig tilkynnt um hækkun á svonefndum geymslugjöldum Eimskips. Í tölvupósti (E)sölustj-innanl1 til svæðisstjóra Eimskips á Íslandi (afrit til m.a. (E)frkvstj-innanl) segir að þar „sem geymslugjöld í VM kerfinu hafa ekki verið endurskoðuð í fjölda ára þá erum við búin að breyta verðum, þyngdarflokki og dagafjölda þangað til geymslugjöld byrja að reiknast á sendingar.“ Fylgdu síðan upplýsingar um nýtt verð og viðskiptakjör.¹⁹⁹⁰
4018. Sem fyrr sagði fjallaði (S)frkvstj-N-Am þann 12. nóvember 2008 í tölvupósti til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv um breytingu á siglingakerfi Eimskips vegna Norður-Ameríku flutninga sem tilkynnt var um opinberlega 17. nóvember 2008. (S)frkvstj-millilandasv svaraði (S)frkvstj-N-Am sama dag, 12. nóvember 2008, og sagði að þetta kæmi honum ekki á óvart. Á þessum tíma áttu Samskip og Eimskip í ólögmetu samráði um samstarf í Norður-Ameríku flutningum og um breytingar á siglingakerfum. (S)forstö-innfl1 brást við þessum tölvupósti (S)frkvstj-N-Am þann 17. nóvember 2008 og svaraði fyrirspurn hans um undirbúning að nýjum Norður-Ameríku samningi við Eimskip: „Það er ekkert meira að fréttastofnun af Eimskips samningi. Í miðju ferlinu fengu þeir kærun[a] okkar frá Samkeppnisstofnun og mér skilst að þeir séu alveg brjáláðir yfir henni. Við munum verða í sambandi við [(E)forstö-innfl] í vikunni ef hann lætur ekki heyra í sér. Við vildum láta tilkynna með nýju áætlunina fyrst. Þar til nýr samningur hefur verið undirritaður þá gilda gömlu verðin (sem er hagstæðara fyrir okkur). Nú er bara málið að fara á fullu í TAS flutninga. Er ekki málið að fara á fullu í það að bjóða vikulega þjónustu frá US. Það er í raun betri þjónusta en eitt skip frá Eimskip.“¹⁹⁹¹
4019. Rétt er að geta þessa að umrædd kæra Samskipa var send Samkeppniseftirlitinu í byrjun maí 2008, þ.e. um mánuði áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst. Eftirfarandi umfjöllun sýnir að þessi kæra

¹⁹⁸⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip „Gjaldskrárhækkun 14 nóvember 2008.DOC“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. „Gjaldskrárhækkun 14 nóvember 2008.DOC“. [...] Doc. ID. 0.7.33.119402.

¹⁹⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52759.

¹⁹⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.689533.



Samskipa og reiði Eimskips vegna hennar leiddi ekki til þess að fyrirtækin hættu að ræða um nýjan Norður-Ameríku samning eða hættu öllum öðrum samskiptum og samstarfi sem þá stóð yfir. Þessi atvik leiddu heldur ekki til þess að Samskip færu að veita Eimskip meiri samkeppni með því að „fara á fullu“ í TA-flutninga. Breytti engu þótt umræddur stjórnandi hjá Samskipum teldi að fyrirtækið gæti veitt betri þjónustu eftir að Eimskip fór úr tveggja skipa kerfi í eitt skip í Norður-Ameríku flutningum. Hélt hið ólögmeta samráð fyrirtækjanna áfram. Fjallað er nánar um þessa kæru í kafla 23.

4020. Í dagbók (E)forstö-innfl frá 19. nóvember 2008 er skráð boð um fund milli kl. 14:00 og 14:30. Fundarefni var samningur við Samskip: „SL samningur“¹⁹⁹². Þar boðaði (E)frkvstj-flutnkerf þá (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl á fundinn.¹⁹⁹³ Í tölvupósti sem (S)frkvstj-millilandasv sendi á (E)forstö-innfl sama dag er vísað til þess að fyrirtækin hefðu sett sér „markmið um að klára þann samning fyrir 1. nóvember s.l.“¹⁹⁹⁴

4021. Þann 19. nóvember 2008 sendi (E)forstö-útfl tölvupóst til m.a. (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-skiparekst. Meðfylgjandi honum var minnisblað sem lýsti fundi með annars vegar Maersk og hins vegar Hapag Lloyd („Meeting with Deep Lines in DE HAM“). Kemur m.a. fram að Eimskip hafi verið að óska eftir lægra verði hjá Maersk með vísan til umframflutningsgetu í flutningum til og frá Austurlöndum fjær:

„Business

- *Export from Iceland to Far East*
 - *Cooperation has been good so far [...]*
 - *Currently there is over capacity to and from Far East*
 - *Possible supply of service will be limited in order to protect the market*
 - *Much pressure is seen for the coming six weeks.*
 - *About the rates*
- *(E)forstö-útfl described the importance of being in line with the market else exporters out of Iceland will simple charter a break bulk vessels and reload into FE containers in EU and use „this or „that“ line.“¹⁹⁹⁵*

4022. (E)forstö-útfl framsendi þennan tölvupóst til m.a. (E)deildstj-útfl1 . (E)deildstj-útfl1 svaraði og spurði hvort það væri komin niðurstaða varðandi verðið. Nefndi hann viðskipti við Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum (VSV) í því samhengi. (E)forstö-útfl svaraði:

„Nei, kem reyndar inn á það í minnisblaðinu. Þau eru óbreytt enn en við höfum hins vegar fengið talsverða lækkun núna í haust sem við höfum ekki skilað út í markaðinn og því átt þú eitthvað svigrúm gagnvart VSV miðað við núverandi samningsverð okkar við þá.“¹⁹⁹⁶

4023. Er þetta einnig í samræmi við önnur samtímagögn sem sýna að Samskip og Eimskip komust upp með að „skila ekki út“ til viðskiptavina lækkun á mikilvægum kostnaðarliðum.

4024. Þann 24. nóvember 2008 vann (E)forstö-innfl í drögum að bréfi til viðskiptavina Eimskips vegna myntbreytingarinnar í gjaldskrá og samningum viðskiptavina. Bréfið var síðan sent til viðskiptavina Eimskips 27. nóvember 2008 og var svohljóðandi:

„Ágæti viðskiptavinur

¹⁹⁹² Samskip voru oft nefnd S-Line af starfsmönnum Eimskips.

¹⁹⁹³ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.38236.

¹⁹⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.397263 / 0.7.33.397533.

¹⁹⁹⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.109652.

¹⁹⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.120417.



Í ljósi gífurlegrar veikingar íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum sér Eimskip sér ekki lengur fært að reikna sjóflutningsgjöld í ISK.

Kostnaður við rekstur flutningakerfa okkar svo sem skipa og gáma er nær eingöngu í erlendum gjaldmiðli.

Því hefur öllum þeim gjaldskráum fyrir sjóflutning sem áður voru í ISK verið breytt í EUR vegna flutninga frá Evrópu.

Einnig verður öllum þeim verðum í ISK sem viðskiptavinir okkar eru með í samningum er varða sjóflutning breytt í EUR.

Við þá breytingu verður notast við sölugengi Landsbanka Íslands á EUR þann 3. janúar s.l. 91,2 að frádreginni hækkun á neysluvísitölu til 1. október s.l. sem er 11,22 %.

Gengi sem notað verður við útreikning á nýjum EUR verðum viðskiptavina verður því 101,43.¹⁹⁹⁷

4025. Bréf þetta var sent með tölvupósti til á fjórða hundrað viðskiptavina Eimskips í innflutningi.¹⁹⁹⁸ Fyrirtækið 66° Norður svaraði tölvupóstinum með þessum orðum:

„Eruð þið eitthvað klikkuð? Hver samþykkir 80% hækkun?“¹⁹⁹⁹

4026. Samkvæmt framgreindu fól breyting Eimskips á gjaldskrá vegna innflutnings frá Evrópu úr íslenskum krónum yfir í evrur í sér allt að 80% verðhækkun til viðskiptavina. Við breytinguna notaðist Eimskip við gengi evru gagnvart íslenskri krónu í upphafi árs 2008 sem viðmiðunargengi að teknu tilliti til hækkunar á vísitölu neysliverðs til 1. október 2008. Með þessu móti reiknaði Eimskip viðmiðunargengi evru gagnvart krónu hins nýja fyrirkomulags í 101,43 krónum. Þar sem krónan hafði fallið skarpt á árinu 2008 hafði þetta áhrif til gífurlegrar hækkunar á verði til viðskiptavina Eimskips sem áður höfðu verið með flutningsverð í krónum. Óverðtryggður samningur hefði þannig við breytinguna hækkað um 62% í janúar 2009 þegar gengi evrunnar var komið í rúmar 164 kr. Verðtryggður samningur hefði við breytinguna hækkað um 56-61% í janúar 2009, eftir því hvort verð voru umreiknuð yfir í evrur í október eða desember 2008. Í glærुकynningu Eimskips frá desember 2008, sjá eftirfarandi á glæru sem ber titilinn „Áhrif v/samningsverðum breytt úr ISK í EUR“ er vísað til þess sem kallað er hækkunarstuðull og hann sagður vera rúmlega 1,59 sem samsvarar rúmlega 59% hækkun, þegar miðað er við meðalkaupgengi evru á 8 vikna tímabili frá 6. október til 30. nóvember 2008. Þannig var það eigið mat Eimskips að breytingarnar hefðu í för með sér um 60% hækkun á verð til viðskiptavina en ljóst af viðbrögðum viðskiptavina að hækkunin gat verið jafnvel mun meiri, sbr. hér að framan. Myntbreyting Eimskips hækkaði því verulega verð fyrirtækisins gagnvart viðskiptavinum í innflutningi. Áhrif hækkunarinnar fyrir Eimskip má sjá eins og áður greinir í glærुकynningu ([E](#))starfsm-viðsk.þj frá 15. desember 2008.²⁰⁰⁰ Þar kom jafnframt fram að breytingin kæmi til með að skila Eimskip miklum tekjuauka:

¹⁹⁹⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Heimasvæði [...]. „EUR breyting 24 nóvember 2008.DOC“. Síðast vistað 24.11.2008, kl. 11:42. Doc. ID. 0.7.33.79399.

¹⁹⁹⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Samningar Neysluvísitala með netföngum-lokaútgáfa28.11.08.XLS“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.683071.

¹⁹⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.111089. Sjá einnig afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.111558.

²⁰⁰⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Tekjuáhrif hækkunar THC og myntbreytingar í EUR.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.124650. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Heimasvæði [...]. „vísitala.xls“, síðast vistað 25.11.2008, kl. 12:13. Doc. ID. 0.7.33.88183.



Áhrif v/samningsverðum breytt úr ISK í EUR



Reiknað út frá flutningum fyrirtækja sem voru með samning í ISK og tóku NEY.
Miðað er við Northbound-flutninga á 8 vikna tímabili, frá 6. október til 30. nóvember 2008.

EUR: 161,5575

(meðalkaupgengi EUR 6.10.2008- 30.11.2008 skv. glitnir.is)

Gengi til útreiknings EUR-verða: 101,43

Hækkunarstuðull: 1,59279799

Ocean freight excl. surcharges	Uppreiknaður sjóflutningur mv. hækkunarstuðul
110.922.080 ISK	176.676.466 ISK

Mismunur: 65.754.386 ISK

December 2008

4027. Hér ber að hafa í huga að í byrjun janúar 2009 hafði Eimskip lokið við að breyta verði úr ISK í EUR í samningum við alla viðskiptavinum innflutningsdeildar. Þann 8. janúar 2009 var verkefnið „*Breyting allra samninga í EUR*“ merkt „*lokið*“ á verkefnalista (E)forstj.²⁰⁰¹
4028. Gengi íslensku krónunnar hafði fallið mikið gagnvart öðrum gjaldmiðlum á þessum tíma árið 2008. Hafa ber í huga að u.þ.b. 80% viðskiptavina Eimskips höfðu fram að þessu greitt sín flutningsgjöld í íslenskum krónum. Verðhækkun Eimskips var því bæði mikil og tók til flestra viðskiptavina fyrirtækisins. Á sama tíma voru langstærsti hluti flutningsgjalda hjá viðskiptavinum Samskipa á hinn bóginn í erlendri mynt (80%).²⁰⁰² Samkvæmt Samskipum var nær allur kostnaður af flutningakerfi fyrirtækisins í erlendri mynt. Af því leiðir að áhrif falls íslensku krónunnar á rekstur Samskipa var með minnsta móti. Það breytti ekki því að líkt og Lykilstjórnendur Eimskips unnu Lykilstjórnendur Samskipa, sem áttu í samskiptum á þessum tíma, að því að hækka verð gagnvart þeim 18 viðskiptavinum Samskipa sem voru með flutningsgjöld í íslenskum krónum, sbr. samtímagögn Samskipa um innleiðingu á CAF gjaldi (e. „*Currency Adjustment Factor*“) gagnvart m.a. Húsasmiðjunni, Rúmfatalagernum og Íslensk-Ameríska, sbr. tölvuskjal (S)forstö-innfl1 frá 28. október 2008,²⁰⁰³ sbr. einnig áður nefnda umfjöllun Samskipa um „*CAF hækkun*“ gagnvart Vífilfelli frá 16. október 2008.²⁰⁰⁴ Eins og áður segir er í athugasemdum Samskipa þessar aðgerðir sagðar hafa verið „*leiðrétting*“ á verði viðskiptavina vegna falls íslensku krónunnar.
4029. Lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips höfðu átt í ítrekuðum samskiptum í aðdraganda þessara verðhækkana Eimskips í nóvember 2008, sbr. viðræður og fundi í október 2008. Auk umræðu um a.m.k. „*Nýtt upphaf*“ verkefnið sem tók til sjóflutninga voru þessi samskipti til þess fallin að draga úr

²⁰⁰¹ Sbr. kafla 10.5.2.

²⁰⁰² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*Samskip Iceland – Budget 2009.pdf*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „*Budget 2009*“. [...] Doc. ID. 0.7.33.538781. Sjá einnig mgr. 1610 í athugasemdum Samskipa við AI.

²⁰⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. „*Staða fyrirtækja okt 08*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.521493.

²⁰⁰⁴ Samkvæmt Samskipum setti fyrirtæki ekki CAF gjald á umrædda viðskiptavinum á þessum tímamarki, heldur var ráðist í samningaviðræður við hvern og einn viðskiptavin, sbr. mgr. 61 í bréfi Samskipa dags. 13.06.2022. Um þetta vísar Samkeppniseftirlitið einnig til ítarlegrar umfjöllunar um atvik vegna Húsasmiðjunnar, Ísam, Rúmfatalagersins og Vífilfells í kafla 14.



sjálfstæði þessara keppinauta og æskilegri óvissu um fyrirætlanir hvors annars. Þar að auki voru þetta samskipti sem höfðu að markmiði að raska samkeppni og höfðu þessir stjórnendur í samtölum sínum bæði hvata og tækifæri til að skiptast á skoðunum um hverskonar málefni sem gátu haft áhrif á samkeppni milli fyrirtækjanna í sjóflutningum. Skiptir hér og miklu að í samtímagögnum kemur ekki fram að (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl eða (E)forstj hafi óttast samkeppnisleg viðbrögð Eimskips vegna þessara verðhækkunar sjóflutningsþjónustu í nóvember 2008. Til viðbótar kemur hvergi fram í samtímagögnum að (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 eða (S)aðaleig-stjform-SH hafi íhugað að auka samkeppni og afla nýrra viðskiptavina þegar Eimskip stigu fram með þessa miklu hækkun. Þess í stað var áfram unnið að verðhækkunum innan Samskipa. Er þetta í samræmi við hið ólögmeta samráð sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

4030. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samskipti Samskipa og Eimskips hafi a.m.k. auðveldað eða skapað kjörskilyrði fyrir Eimskip að hækka verð verulega í nóvember 2008. Þetta hafi aukið til muna þau skaðlegu áhrif sem voru til þess fallin að leiða af þessum samskiptum fyrirtækjanna. Þá ber til viðbótar að virða allar verðhækkunarir Samskipa og Eimskips frá ágúst 2008 til janúar 2009 í einu lagi og verður fjallað um þær í kafla 11.21.
4031. Fjallað er um athugasemdir Samskipa er tengjast framangreindu í kafla 25.39.1 og áfram, sbr. einnig kafla 33.5. Athugasemdir Samskipa eru ekki í samræmi við samtímagögn og hrófla ekki við þeirri niðurstöðu að háttsemi fyrirtækisins fór gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins.

10.5. Fundir fyrirtækjanna og önnur atvik í desember 2008

4032. Í desember 2008 héldu samskipti Samskipa og Eimskips áfram varðandi „Nýtt upphaf“ verkefnið. Samhliða unnu fyrirtækin áfram að frekari hækkun á verði. Í janúar 2009 hækkaði Eimskip þjónustugjöld í erlendum höfnum verulega. Var um að ræða mikilvægar hafnir sem tengdust flutningum til og frá Íslandi, eins og til dæmis í Rotterdam, Hamborg, Immingham og Árósum. Tók verðhækkunin gildi 5. janúar 2009 og þýddi m.a. það að íslenskir inn- og útflytjendur þurftu að greiða hærra verð fyrir þjónustu Eimskips. Samskip tilkynntu um verðhækkun síðar í sama mánuði. Verður þessu nú lýst nánar.

10.5.1. Fundur Samskipa og Eimskips 4. desember 2008 og atvik í kjölfar hans

4033. Í kafla 9.1.1 var gerð grein fyrir áframhaldandi samskiptum lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips ((S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutnkerf) eftir 20. október 2008 um m.a. þann verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til samstarfs í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Samtímagögn sýna jafnframt að fyrirtækin ræddu áfram um BAF gjald en álagning þess var hluti af samráði þeirra frá sumri 2008, sbr. kafla 8.15.7.2.
4034. Samkvæmt fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips frá 2. desember 2008 sagði (E)forstö-innfl að lokadrög að Norður-Ameríku samningi við Samskip hafi verið kláruð.²⁰⁰⁵ Samtímagögn sýna að fyrirtækin funduðu tveimur dögum síðar, þann 4. desember 2008.
4035. Í dagbók (S)forstö-innfl1 þann 4. desember 2008 var bókaður fundur með heitinu „Eimskip“ kl. 09:00 – 10:00. Í dagbók (E)frkvstj-flutnkerf var sama dag bókaður fundur með heitinu „Fundur með S-line“. Var fundarefnið eftirfarandi: „Fara yfir samninga“.²⁰⁰⁶ (E)frkvstj-flutnkerf vísaði þannig til samninga fyrirtækjanna í fleirtölu og er það í samræmi við gögn málsins um samskipti og samninga um aukið samstarf fyrirtækjanna á þessum tíma, sbr. t.d. verkefni á verkefnalista sem (S)aðaleig-stjform-SH sendi sér 2. nóvember 2008: „Eimskip-nýir samningar“. Er þetta því í samræmi við önnur

²⁰⁰⁵ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent þann 13.10.2017. Eimskip Ísland – Fundargerð, dags. 2. desember 2008.

²⁰⁰⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.696670.



samtímagögn og að umræðuefni fyrirtækjanna á þessum fundum hafi tekið til fleiri verkþátta „Nýtt upphaf“ verkefnisins en samstarfs í Norður-Ameríku flutningum.

4036. Eins og áður sagði hittist sami hópur af lykilstjórnendum fyrirtækjanna á þessum fundi 4. desember 2008 eins og á fyrri fundum, þ.e. (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl , (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutnkerf.²⁰⁰⁷ Samkeppniseftirlitið vísar til umfjöllunar í kafla 8.15.5 um hin reglubundnu samskipti lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips og til hvaða atriða bæri að horfa í því samhengi, sbr. einnig kafla 13.
4037. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Öll samskipti Samskipa og Eimskips þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga. Á það meðal annars við um þennan fund.
4038. Hvorki Samskip né Eimskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um fundinn 4. desember 2008.²⁰⁰⁸ Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispointar sem teknir hafa verið saman á fundinum.²⁰⁰⁹
4039. Fleira átti sér stað þann 4. desember 2008 sem sýnir samfellt samráð fyrirtækjanna á þessum tíma. Þann dag var undirmaður (S)forstö-innfl1 af samstarfsmanni sínum spurður að því hvort ekki væri tilefni til að lækka olúgjald (BAF) Samskipa í Norður-Ameríku flutningum, en olíuverð hafði lækkað mikið frá ágúst 2008. Kom þetta fram í tölvupósti sem (S)starfsm sendi kl. 09:20 þann 4. desember 2008. Var tölvupósturinn til undirmanns (S)forstö-innfl1 ((S)forstö-flutnstj) og í honum sagði: „Mér var svona að detta í hug hvort BAF-ið frá Ameríku hefði ekkert lækkað líkt og olúgjaldið frá Evrópu“. Sem fyrr segir var fundur (S)forstö-innfl1 með Eimskip bókaður milli kl. 09:00 – 10:00 þennan dag og (S)forstö-flutnstj svaraði (S)starfsm kl. 13:08 sama dag:
- „Varðandi USA þá tókum við BAF beint frá Eimskip, þ.e. sama BAF og þeir eru með á USA.“²⁰¹⁰*
4040. Kom þannig fram hjá undirmanni (S)forstö-innfl1 að ekki ætti að lækka Norður-Ameríku BAF gjald Samskipa þar sem Samskip notuðust við sama BAF gjald og Eimskip. Er þetta í samræmi við samfellt samráð Eimskips og Samskipa á þessum tíma um BAF gjald, sbr. fyrirmæli í tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá 19. og 20. ágúst 2008 um að Samskip myndi eftirleidis innheima sama BAF-gjald og Eimskip vegna Norður-Ameríkuflutninga. Hér ber og að hafa í huga að Samskip hafa við rannsókn málsins staðfest að fyrirtækið notaði sama olúgjald (BAF) og Eimskip vegna flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku.²⁰¹¹
4041. Þessi samræming Samskipa og Eimskips á álagningu BAF gjalds var sem fyrr segir einn þáttur í samráði þeirra. Auðveldaði þetta Eimskip að hækka eða viðhalda fyrri hækkun á BAF, en tölvupóstur (S)starfsm gefur til kynna að BAF gjald Samskipa (og Eimskips) vegna Norður-Ameríku hafði ekki lækkað í samræmi við olúgjaldið vegna Evrópuflutninga á þessum tíma. Þær vangaveltur undirmanns (S)forstö-innfl1 voru í samræmi við að í lok september 2008 hafði Eimskip hækkað álag úr 20% í 40% á BAF gjaldi vegna Norður-Ameríku flutninga og í nóvember sama ár jafnframt „fiktað í“ og breytt formúlunni við útreikning á olúgjaldinu. Við þetta hækkaði olúgjald Eimskips (og Samskipa vegna vegna samráðsins) umfram þróun á olíuverði og líklegt að til þessa hafi undirmaðurinn verið að vísa.

²⁰⁰⁷ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.696670. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.40558.

²⁰⁰⁸ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.

²⁰⁰⁹ Sjá þó handskrifaða færslu úr dagbók [...] sem Samskip upplýstu í fyrstu við rannsókn málsins að væri frá desember 2008 eða janúar 2009 en breyttu síðan upplýsingagjöf sinni og sögðu færsluna frá árinu 2010, sjá umfjöllun í kafla 10.5.3.

²⁰¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].

²⁰¹¹ Svarbréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 24.11.2017.



4042. Daginn eftir fund Eimskips og Samskipa héldu áfram samskipti fyrirtækjanna um vinnslu þeirra að nýjum Norður-Ameríku samningi og uppgjör á eftirágreiddum afslætti Eimskips til Samskipa.²⁰¹²
4043. Sem merki um hvernig háttsemi Samskipa og Eimskips hafði skert samkeppni á flutningamarkaðnum þessum tíma má vísa til þess að þann 6. desember 2008 sendi (S)stjórnarm-fjármstj með tölvupósti stjórn Samskipa Holding skjöl dótturfélaga vegna „Budget 2009“ (afrit til m.a. (S)aðaleig-stjform-SH). Hvað Samskip hf. áhrærir var um að ræða lokaútgáfu af áætlun fyrir árið 2009 og var skjalið merkt „Confidential – Budget 2009“. Komu þar fram atriði sem (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og aðrir stjórnendur Samskipa hf. töldu raunhæft að leggja til grundvallar vegna næsta rekstrarárs. Þessi áætlun Samskipa hf. fyrir árið 2009 er í samræmi við önnur gögn fyrirtækisins frá m.a. október og nóvember 2008, sbr. umfjöllun hér að framan. Er í henni staðfest að samkeppni frá Eimskip hafði ekki komið í veg fyrir að Samskip næðu fram verulegum verðhækkunum í ýmsu formi. Þá treystu stjórnendur Samskipa sér til að leggja til grundvallar að á árinu 2009 myndi fyrirtækið geta hækkað verð ítrekað og á sama tíma haldið sömu markaðshlutdeild. Er þessari áætlun lýst nánar í kafla 10.5.4, sbr. einnig kafla 10.6.3 og áfram.
4044. Sunnudaginn 7. desember 2008 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv varðandi drög að samningi við Eimskip vegna Norður-Ameríku flutninga. Í honum segir „Ég er búinn að fara yfir drögin frá Eimskip. Hér eru mín comment. Förum yfir þetta í fyrramálið.“ Í skjali (S)forstö-innfl1 sem fylgdi með tölvupóstinum setti hann fram athugasemdir um drögin m.a. eftirfarandi:
- „BAF – Vantar formúlu – Spuruing [svo] hvað við gerum hér.“
 - Vegna upptöku á gámasamstarfi Eimskips og Samskipa í Norður-Ameríkuflutningum, ítrekaði (S)forstö-innfl1 sjónarmið Samskipa um að það aukna samstarf skyldi taka til allra hafna í Norður-Ameríku (ekki eingöngu Richmond). Taldi hann að inn í drögin myndu vanta afslátt af verði ef Eimskip ætti ekki gáma fyrir Samskip til að nota í öðrum höfnum en Richmond. Þá kom fram að inn í samninginn vantaði „gámaleigu skilmála Samskipa ef Eimskip notar gámana“.
 - Þá spurði (S)forstö-innfl1 hvort það væri í lagi gagnvart bandarískum samkeppnisyfirvöldum (FMC) að hafa inn í samningnum ákvæði um að Samskip hf. á Íslandi yrði greiðandi að reikningum.
 - Einnig sagði (S)forstö-innfl1 að það vanti „Kanada samning.“
4045. Að lokum kom fram hjá (S)forstö-innfl1 að hann teldi undirritun samnings kalla á enn frekari samskipti fyrirtækjanna:
- „Síðan þurfum við að láta Eimskip bjóða okkur út að borða eftir undirritun samnings!!! Það er hefð fyrir því að stórum viðskiptavinum sé boðið út að éta.“²⁰¹³
4046. Í mgr. 1114 í athugasemdum Samskipa við AI er staðhæft að þessi ummæli (S)forstö-innfl1 hafi verið sett fram í „kaldhæðni“. Að mati Samkeppniseftirlitsins verður ekki skýrlega ráðið af þessum ummælum (S)forstö-innfl1 eða öðrum tengdum gögnum að um hafi verið að ræða kaldhæðni. Þá er ekki að finna í gögnum málsins svar yfirmanns (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv, sem annað hvort staðfestir að um kaldhæðni hafi verið að ræða eða gerð er athugasemd við tillögu um kvöldverð með lykilstjórnendum helsta keppinautarins. Telur Samkeppniseftirlitið að þessi tillaga (S)forstö-innfl1 hafi verið birtingarmynd á því umfangsmikla samstarfi og samskiptum Samskipa og Eimskips sem stóð yfir á þessum tíma. Við rannsókn málsins hafa hins vegar ekki fundist gögn sem sýna hvort og þá hvenær (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv snæddu kvöldverð með (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl .
4047. Stuttu eftir áður nefndan tölvupóst (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-millilandasv, eða kl. 00:12 aðfaranótt mánudagsins 8. desember 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH sjálfum sér minnispóst eins og hann

²⁰¹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.462696.

²⁰¹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.697766.



gerði jafnan á rannsóknartímabilinu. Í þessum pósti (S)aðaleig-stjform-SH stóð eingöngu í heiti póstsins „(E)frkvstj-alþjv“. ²⁰¹⁴ Með hliðsjón af samtímagögnum málsins er talið að þar sé (S)aðaleig-stjform-SH að vísa til (E)frkvstj-alþjv enda yfirstandandi umfangsmikil vinna tengdri „Nýtt upphaf“ verkefninu hjá báðum fyrirtækjum og samhliða verðhækkunum og áætlunargerð fyrir komandi ár, árið 2009. Í kafla 7.1.4 er fjallað um rík tengsl og regluleg samskipti (S)aðaleig-stjform-SH og (E)frkvstj-alþjv, sbr. einnig kafla 7.7.2.2 og 13.6. Báðir þessir stjórnendur sátu ásamt (E)forstj í vinnuhópi „Nýtt upphaf“ verkefnisins, sbr. glærुकynningu Eimskips dags. 8. og 9. júní 2008. Samtímagögn sýna framgang verkefnisins á þessum tíma, m.a. með aðkomu umræddra stjórnenda. Þá liggur yfir að (S)aðaleig-stjform-SH og (E)frkvstj-alþjv sátu fund vinnuhópsins á seinni hluta árs 2008 (ásamt (S)frkvstj-millilandasv, (S)stjórnarm-fjármstj og (E)forstj). Sá fundur fór fram í húsakynnum Samskipa þar sem verkþættir í „Nýtt upphaf“ verkefninu voru ræddir, sbr. umfjöllun í kafla 7.3.6.5. Varðandi tímasetningu á umræddum minnisþósti (S)aðaleig-stjform-SH, er óhjákvæmilegt að horfa til þess að í glærुकynningu sem (S)aðaleig-stjform-SH kynnti á stjórnarfundi Samskipa Holding daginn eftir treysti hann sér og gekk út frá því að Samskip á Íslandi myndu viðhalda sömu markaðshlutdeild árið 2009, verðskrár yrðu hækkaðar í janúar/febrúar og júlí 2009, ný gjöld tekin upp og fjöldi nýrra samninga yrðu gerðir á „*significantly higher rates*“, sbr. glærुकynningu Samskipa „Budget 2009“ og umfjöllun í kafla 10.5.4. Á þessum tíma var kominn og fyrirsjáanlegur mikill samdráttur í innflutningi og efnahagserfiðleikar hér á landi sem Samskip hafði fyrir á árinu gert ráð fyrir að myndu leiða til verðstríðs á markaðnum, sbr. kafla 6.7.2.

4048. Þennan sama morgun, 8. desember 2008 kl. 9:00, var í dagbók (S)forstö-innfl1 bókað: „Svara Eimskip“. ²⁰¹⁵
4049. Stuttu síðar, eða kl. 10:35, svaraði (S)frkvstj-millilandasv tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf frá 5. desember 2008 vegna þess verkþáttar „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tengdist slotsamstarfi milli Íslands og Norður-Ameríku. Í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv sagði m.a.: „*Meðfylgjandi eru samningsdrögin með okkar athugasemdum [...]*.“ Var þar m.a. fjallað um athugasemdir Samskipa um aukið gámasamstarf vegna Norður-Ameríku flutninga. Taldi (S)frkvstj-millilandasv að það ætti að ná til allra hafna í Norður-Ameríku ekki eingöngu Richmond. Þá fjallaði (S)frkvstj-millilandasv um nýjan samning „*fyrir Kanada*“ sem átti að ganga frá samhliða og sagði að það væri „*óráðlegt*“ að blanda Samskip hf. á Íslandi inn í samninginn milli fyrirtækjanna. Því þyrfti að „*leysa það*“ með „*viðaukasamningi*“ milli Samskipa Inc., Samskipa hf. og Eimskips, m.ö.o. utan samningsins sem átti að skila til samkeppnisyfirvalda.
4050. Um BAF-gjald sagði (S)frkvstj-millilandasv í tölvupóstinum: „*Eins og kom fram á fyrri fundum okkar upplýstuð þið okkur um að BAF í USA væri 1,4 x BAF í Evrópu – við sömduð um að greiða 80% af því. Nú hefur komið í ljós að Eimskip hafa breytt þessari viðmiðun. Á síðasta fundi var rætt um að þið mynduð senda okkur ný viðmið – Við bíðum eftir að sjá þau. Fyrir getum við ekki tekið afstöðu til ykkar óska um BAF viðmið*“.
4051. Að öðru leyti taldi (S)frkvstj-millilandasv samningsdrögin líta vel út og Samskip væru klár í undirritun samnings síðar þennan dag. ²⁰¹⁶ Það gerðist ekki heldur sýna samtímagögn að (E)frkvstj-EimÍsl og (S)frkvstj-millilandasv ræddu saman í síma þennan dag.
4052. Síðar sama dag sendi (E)frkvstj-EimÍsl tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutnkerf og vísaði til símtals þeirra (S)frkvstj-millilandasv um nýjan samning og fjallaði m.a. áfram um aukið samstarf og það hvað ætti að halda fyrir utan eða innan samnings fyrirtækjanna sem átti að senda samkeppnisyfirvöldum í Bandaríkjunum. Í tölvupóstinum kemur nánar tiltekið fram: „*Hér kemur nýr samningur í samræmi við það sem við ræddum um áðan í síma. Vinsamlegast fara yfir sem fyrst svo við getum gengið frá þessum málum okkar við FMC.*“ Í tölvupóstinum fjallaði (E)frkvstj-EimÍsl um gámasamstarf í Norður-Ameríku og sagði það gilda „*aðeins um Richmond*“. Varðandi athugasemdir

²⁰¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.538903.

²⁰¹⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.697807.

²⁰¹⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.698079.

(S)frkvstj-millilandasv fyrr þennan dag um BAF-gjald vísaði (E)frkvstj-Eimísl í samninginn og viðræður fyrirtækjanna „á fundi okkar á síðasta fimmtudag.“ Af tölvupóstinum má sjá að stjórnendur fyrirtækjanna höfðu komið sér saman um að halda samstarfi vegna Kanada flutninga innan samningsins. Af tölvupósti (E)frkvstj-Eimísl má jafnframt sjá að Eimskip hafði gengið að tillögu (S)frkvstj-millilandasv um að gera sér samkomulag þar sem Samskip hf. á Íslandi væri haldið fyrir utan samninginn sem yrði skilað inn til samkeppnisyrvalda: *Tekið út og sér samkomulag gert milli aðila um greiðslufyrirkomulag.*²⁰¹⁷

4053. Samkvæmt þessu var m.a. rætt um BAF gjald á fundi (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-Eimísl fimmtudaginn 4. desember 2008, sbr. einnig tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv til (S)forstö-innfl1 10. desember 2008 og umfjöllun hér á eftir.
4054. Þann 9. desember 2008 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv með tillögu að svari við síðasta pósti frá Eimskip, sbr. umfjöllun að framan. Áfram var m.a. fjallað um aukið gámasamstarf fyrirtækjanna í Norður-Ameríku og Eimskip ætti að sjá Samskipum fyrir öllum „DC gámum í öllum höfnum og flytja HC gáma á allar hafnir“ og að sambærilegir skilmálar ættu að gilda þegar Eimskip notaði Samskipa gáma og öfugt. Einnig féllst (S)forstö-innfl1 Kanada ætti að vera innan samningsins. Þá hefðu:
- „[f]orsendur fyrir BAF útreikningi brey[st] í miðjum samningaviðræðum og því er ekki komin sátt um þetta mál. Við teljum okkur hafa samið um að greiða 80% af 1,4 x Evrópu BAF.“
4055. Í þessu samhengi skal rifja upp að Eimskip hafði þarna í millitíðinni „fíktað“ í formúlu BAF til þess að hækka gjaldið, þ. á m. vegna BAF gjalds í Norður-Ameríku flutningum.
4056. (S)frkvstj-millilandasv svaraði samdægurs og lýsti sig sammála tillögum (S)forstö-innfl1 en þeir skiptust síðan á skoðunum um það hvernig þeim skyldi komið á framfæri við Eimskip, þ.e. með því að senda þær eða með símtali. (S)forstö-innfl1 kvaðst ætla að senda þetta um kvöldið og myndi stinga upp á að fulltrúar fyrirtækjanna funduðu um þetta. Hann myndi jafnvel hringja í (E)frkvstj-Eimísl daginn eftir. (S)frkvstj-millilandasv svaraði kl. 18:18: „Flott plan“.²⁰¹⁸
4057. Að kvöldi sama dags, 9. desember 2008, sendi (S)forstö-innfl1 svar til (E)frkvstj-Eimísl (afrit til m.a. (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv) en þar segir að Samskip væru búin að fara yfir síðustu drög sem komið hefðu frá Eimskip. Fylgdu með sambærileg atriði sem (S)forstö-innfl1 hafði sent til (S)frkvstj-millilandasv í tölvupósti þennan dag. Tók (S)forstö-innfl1 fram í tölvupóstinum til (E)frkvstj-Eimísl að nota ætti morgundaginn „til að skrifast á um þetta og heyrumst jafnvel í síma varðandi þessi atriði. Legg síðan til að við hittumst á fimmtudag og klárum þetta.“ Miðað við þessa tölvupósta (S)forstö-innfl1 er líklegt að hann og (E)frkvstj-Eimísl hafi rætt saman í síma daginn eftir.
4058. Þann 10. desember 2008 sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (E)frkvstj-Eimísl og (E)forstö-innfl um lögmæti fyrirhugaðs ákvæðis í Norður-Ameríku samningi um eftirágreiddan afslátt. Í tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf sagði m.a. þetta: „Þessi afsláttur sem stendur í þessum samningi er hann leyfilegur, getur hann talist tryggðarafsláttur?? Í kærnu S-Line þá halda þeir að við séum að brjóta samkeppnislög með einkakaupasamningum og tryggðarafsláttum þar sem telja þeir að við séum markaðsráðandi fyrirtæki erum við þá ekki að brjóta af okkur með að veita þeim afslátt, mér finnst að við getum ekki verið að veita þeim afslátt og vera síðan kærðir út af ö[ðr]um samningum frá þeim??“²⁰¹⁹ Gögn málsins sýna hins vegar að áhyggjur af samkeppnisreglum leiddu ekki til þess að Eimskip hætti að veita Samskipum eftirágreiddan afslátt.
4059. Þann 10. desember 2008 sendi (E)frkvstj-Eimísl svar við tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá deginum áður. Þar segir: „Eftirfarandi er þá okkar loka tillaga í málinu. Legg síðan til að við hittumst þá á morgun og förum yfir þetta saman með samninginn hjá okkur og klárum undirskrift.“ Í svörum (E)frkvstj-Eimísl

²⁰¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.698743.

²⁰¹⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.699882.

²⁰¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.464195.



kom m.a. fram að Eimskip myndi fallast á að gámasamstarf Samskipa og Eimskips í Norður-Ameríku myndi taka til allra hafna (auk Richmond yrðu það einnig Everett og Halifax). Einnig féllst Eimskip á að sambærilegar skilmálar myndu gilda þegar Eimskip myndi nota Samskipa gáma fyrir sinn flutning. Af pósti (E)frkvstj-EimÍsl er ljóst að ágreiningur var um BAF og sagði (E)frkvstj-EimÍsl að miða ætti við BAF gjald eins og það væri „í dag“ (þ.e. eftir síðari formúlubreytingu Eimskips).²⁰²⁰

4060. Samtímagögn sýna því skýrlega að Samskip og Eimskip áttu samskipti og ræddu ítarlega um olúgjald á þessum tíma, sbr. hér að framan um ágreining fyrirtækjanna. Kjarnaatriðið hér er þó að upplýsingaskipti vegna þessa voru ólögmat. Sjá má að sama dag og (E)frkvstj-EimÍsl sendi áður nefndan póst þá fjallaði (S)forstö-innfl1 aftur um BAF í tengslum við Eimskip. Sendi hann (S)frkvstj-millilandasv eftirfarandi tölvupóst:

„Heyrði í [...] forstjóra Nathan og Olsen áðan. Í því samtali kom í ljós að þeir eru enn að greiða samkvæmt gamla samningnum sínum hjá Eimskip. Það þýðir að þeir greiða EKKI BAF á USA. Þetta staðfestir það að Eimskips menn lugu að okkur á síðasta fundi varðandi það að allir þeirra viðskiptavinir greiði BAF frá USA!“²⁰²¹

4061. Þessi tölvupóstur (S)forstö-innfl1 ber með sér að viðskiptakjör Eimskips til viðskiptavina hafi verið rædd á fundinum 4. desember 2008. Hafi þannig (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv rætt við (E)frkvstj-flutnerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl um gjalddöku Eimskips gagnvart viðskiptavinum fyrirtækisins á umræddum fundi (ekki einungis gjalddöku Eimskip gagnvart Samskipum). Var það þáttur af hinu ólögmeta samráði að fyrirtækin ræddu um hvort allir viðskiptavinir Eimskips greiddu BAF gjald eða ekki. BAF var hluti af verðlagningu Samskipa og Eimskips og var því eðli málsins samkvæmt um að ræða samkeppnislega viðkvæmt málefni. Breytir engu þó Eimskip kunni að einhverju leyti að hafa veitt Samskipum rangar upplýsingar. Var þessi ólögmeta upplýsingamiðlun liður í samfelldu samráði fyrirtækjanna á þessum tíma.

4062. Í þessu samhengi skiptir máli að fyrirtækin unnu á sama tíma að því að fá alla viðskiptavinir til að greiða BAF gjald. Aukin innheimta Samskipa og Eimskips á BAF gjaldi á flutninga til og frá Norður-Ameríku þýddi hærra verð viðskiptavina og auknar tekjur fyrirtækjanna. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 er til marks um vissu fyrirtækjanna um stefnu hvors annars um þetta og í samræmi við ályktun Samkeppniseftirlitsins um að ólögmett samráð fyrirtækjanna hafi meðal annars falist í því að allir viðskiptavinir þeirra myndu greiða BAF gjald.

4063. Samtímagögn sýna að bæði Samskip og Eimskips reyndu markvisst að halda upplýsingum um útreikning á BAF gjaldi leyndum gagnvart viðskiptavinum. Í tölvupóstsamskiptum (S)frkvstj-millilandasv við starfsmann Samskipa þann 10. desember 2008 spurði starfsmaðurinn varðandi BAF:

„Þessa „leyni-formúlu“ höfum við nokkurn tíma gefið hana upp?“

4064. (S)frkvstj-millilandasv svaraði: „Nei“.²⁰²² Kom því skýrt fram af hálfu (S)frkvstj-millilandasv að viðskiptavinir Samskipa ættu ekki að fá í hendur „leyni-formúlu“ Samskipa um útreikning á BAF. Eimskip hafði heldur ekki veitt upplýsingar um BAF formúlu fyrirtækisins heldur þess í stað gefið villandi upplýsingar, sbr. svörin til Múrbúðarinnar í ágúst 2008²⁰²³ og til Aðfanga í október sama ár.²⁰²⁴ Þessi leynd hélt áfram á brotatímabilinu, sbr. tölvupóst (E)forstö-flutnstý til (E)forstj 4. apríl 2013 sem fjallað er um í kafla 14.55. Samkvæmt því gagni mátti ekki sýna útreikninga Eimskips á BAF vegna Evrópu flutninga á tímabilinu nóvember 2008 til 2013 þar sem fyrirtækið hafði t.d. verið að hækka álagningu („buffer“) og „fiktað“ í BAF formúlu sinni.

²⁰²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.700462.

²⁰²¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.700319.

²⁰²² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].

²⁰²³ Kafli 8.15.7.2.

²⁰²⁴ Kafli 8.16.6.3.



4065. Sem fyrr sagði tók (S)frkvstj-millilandasv fyrir að viðskiptavinur yrði upplýstur um BAF formúlu Samskipa í tölvupósti til (S)forstö-flutnstj 10. desember 2008. Daginn eftir, 11. desember 2008, fékk (S)forstö-innfl1 sendan eftirfarandi tölvupóst frá (S)viðskstj2 með heitinu „olíugjald USA“. Í tölvupóstinum segir: „þarf ekki að breyta þessu?

Olíugjald (BAF) fyrir USA og Kanada frá 20. ágúst 2008:

Heilgámar

20 ft USD 461,- pr. gám

40 ft USD 992,- pr gám

Lausavara

USD 57,00 USD pr. tonn

eða 29,00 USD pr. m³ í lausavöru.

Lágmark 57,00 USD"

4066. (S)forstö-innfl1 svaraði tölvupósti (S)viðskstj2 samdægurs og sagði eftirfarandi:

„Jú þetta á að vera sama gjald og Eimskip rukkar. Láttu [(S)starfsm] laga þetta“²⁰²⁵

4067. Er þetta til enn frekari staðfestingar þess að samstarf og samskipti Samskipa við Eimskip leiddi til þess að fyrirtækið innheimti sama BAF af viðskiptavinum sínum og Eimskip gerði vegna flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku.

4068. Af þessu virtu er ljóst að það breytti engu um samráð Samskipa og Eimskips um álagningu BAF þótt fyrirtækin hefðu í desember 2008 ekki náð saman um samning eða hvað olíugjald Samskipa til Eimskips yrði í endanlegum samningi þeirra vegna samstarfs í Norður-Ameríku flutningum.

4069. Í dagbók (S)forstö-innfl1 þennan sama dag, 11. desember 2008, var bókaður kl. 16:00 bókaður fundur með heitinu: „Eimskip“.²⁰²⁶ Að morgni þessa dags, kl. 09:48, sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)frkvstj-EimÍsl (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv) um drög að Norður-Ameríku samningi og fyrirhugaðan fund milli fyrirtækjanna. Segir þar að drögin séu að þokast í rétta átt, en fjögur atriði nefnd sem ekki hafi náðst sátt um (m.a. BAF og gildistími samningsins). Síðan segir: „Annað sýnist mér vera orðið klárt. Getið þið uppfært samninginn miðað við neðangreint og sent á okkur svo við getum lesið hann yfir áður en við hittumst. Stefnum á að klára útistandandi atriði á fundinum. Við erum klárir eftir kl. 13:30 í dag. Þið komið með tillögu að fundartíma.“²⁰²⁷

4070. Fyrirtækin áttu erfitt með að finna fundartíma sem hentaði báðum, auk þess sem Samskip kvörtuðu undan því að hafa ekki fengið send ný drög að samningnum. Þegar ný drög höfðu ekki borist kl. 14:44 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til m.a. (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutnkerf og sagði: „við erum að detta [á] fund núna og höfum ekki fengið samningsdrögin frá ykkur. Það hefur ekkert upp á sig að hittast hjá ykkur kl. 16:00 á eftir – Við þurfum að renna yfir drögin áður en við hittumst. Vinsamlegast sendið okkur sem fyrst svo við getum klárað þetta á fundi með ykkur í fyrramálið.“²⁰²⁸ (E)frkvstj-EimÍsl sendi síðar sama dag (kl. 16:56) sömu aðilum eftirfarandi tölvupóst: „Við erum að endurskoða tilboð okkar um flutninga ykkar til og frá Ameríku. Við munum senda ný drög á morgun með nýjum tillögum sem felast aðal[1]lega í notkun á okkar gámum fyrir alla flutninga hvort heldur eru frystigámar eða þurrgámar.“²⁰²⁹

4071. Þann 12. desember 2008 sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (E)forstj og (E)frkvstj-lögfr (afrit til (E)frkvstj-EimÍsl) með drögum að Norður-Ameríku samningi, óskaði eftir athugasemdum og nefndi m.a. þetta: „[(E)forstj] það er spurning hvort við ættum að fara aðeins hærra með RF verðin Rey –

²⁰²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.700651.

²⁰²⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.700526.

²⁰²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.700495.

²⁰²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.700676.

²⁰²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.700801.



USA í carrier own equipment USD 2.750 ???? við (E)frkvstj-EimÍsl fórum yfir samninginn í dag [og] sáum ekkert sérstakt sem þurfti að breyta meira en betur sjá augu en auga.²⁰³⁰

4072. Í fundargerð vegna fundar innflutningsdeildar Samskipa, þann 16. desember 2008, er bókað: „Eimskipafélag. [(S)forstö-innfl1] er að klára þá og ennfremur að ganga frá að þeir gefi kreditreikninga [eftirágreiddur afsláttur].“²⁰³¹
4073. Samtímagögn sýna einnig að daginn eftir hafi yfirmenn innflutnings, útflutnings og landflutninga hjá Samskipum unnið í uppgjöri vegna samstarfs við Eimskip. Kemur þetta fram í tölvupósti sem (S)forstö-innfl1 sendi samstarfsmanni: „Hef farið í gegnum eftirstöðvarnar hjá eimskip. Er búinn að laga reikninginn síðan 2005. Restin af þessum lista er allt tengt útflutningi og landflutningum. [(S)forstö-útlfl] er nú að fara yfir útflutninginn og hann mun síðan senda þetta áfram á [(S)forstö-landfl] sem mun fara yfir Landflutningareikningana. Það eru 4 reikningar sem við finnum ekki. Það eru reikningarnir sem byrja á 0590000... Getið þið sagt mér hvaða reikningar þetta eru.“²⁰³²
4074. Sama dag, 17. desember 2008, átti (S)forstö-innfl1 í samskiptum við (E)forstö-innfl. Tóku þau samskipti til samráðs Samskipa og Eimskips um hámark á afslætti og til hins ólögmeta „neyðarsamkomulags“. Einnig gerði (S)forstö-innfl1 (S)frkvstj-millilandasv grein fyrir tilraunum Eimskips til þess að hækka verð verulega gagnvart tilteknum viðskiptavini. Er þessum gögnum lýst nánar í kafla 10.5.4.
4075. Daginn eftir, 18. desember 2008, sendi (E)forstö-innfl aftur tölvupóst til Samskipa. Var hann til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 (afrit til m.a. (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstj) og varðaði þann verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til Norður-Ameríku samstarfs fyrirtækjanna. Sendi Eimskip þar meðfylgjandi ný drög að samningi fyrirtækjanna. Vísaði (E)forstö-innfl til þess að fyrirtækin hefðu verið „í samningaviðræðum“ í „fjóra mánuði án þess að ná niðurstöðu“. Sagði (E)forstö-innfl að báðum fyrirtækjum væri ljóst að ytri aðstæður hefðu breyst verulega en Eimskip myndi vilja „ganga frá þessu samkomulagi í síðasta lagi í hádeginu á daginn eftir og skrá samninginn hjá FMC fyrir lestun ykkar vöru í skip á morgun.“ Ef það næðist ekki myndu Samskip flytja vörurnar á gjaldskrá Eimskips frá Bandaríkjunum.²⁰³³ Samskipti í kjölfarið sýna að enn var ágreiningur um efni nýs samnings vegna Norður-Ameríku flutninga.
4076. Í svari (S)frkvstj-millilandasv í tölvupósti til sömu aðila daginn eftir, þann 19. desember 2008, kom fram að samningsdrögin sem (E)forstö-innfl hafði sent væru eru ekki [í] neinu samræmi við þær viðræður sem við höfum átt fram að þessu.“ Þá sagði (S)frkvstj-millilandasv m.a. að það væri „engu líkara en að með þessum framgangsmáta gangi ykkur það eitt til að hind[ra] okkur í því að geta átt við ykkur eðlileg viðskipti á USA/Canada markaði.“ Mótmælti (S)frkvstj-millilandasv því að Samskipum væru „settir þeir afarkostir að samþykka þennan samning eða fara á gjaldskrá ella. Við getum ekki fallist á það, enda er um það munlegt samkomulag að við vinnum áfram á gamla samningnum sem skráður er hjá FMC þar til nýr samningur hefur verið kláraður.“ Við settum okkur markmið um að klára þann samning fyrir 1. nóvember s.l. en af því hefur enn ekki orðið.“ Þá segir í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv að fyrri forsendur stæðu og einnig fundarboð frá 11. desember 2008.²⁰³⁴
4077. (E)forstö-innfl svaraði samdægurs og sagði: „Við erum þér algerlega ósammála varðandi þetta. Þið áttuð von á nýjum samningsdrögum frá okkur og voru þau send í gær og eru í meginatriðum í samræmi við fyrri drög. Að öðru le[y]ti höfum við engu að bæta við minn fyrri póst hér að neðan.“ (E)frkvstj-lögfr áframsendi þetta svar til (E)forstj. (S)forstö-innfl1 svaraði einnig sömu aðilum

²⁰³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.393208.

²⁰³¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Fundur með innflutningsdeild 16-12-2008.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „Innflutningur-Fundargerð-16-12-2008“. [...] Doc. ID. 0.7.33.702038.

²⁰³² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.702623.

²⁰³³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. „USA contract Eimskip and Samskip 18 12 08.doc“. [...] Doc. ID. 0.7.33.703592.

²⁰³⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc ID 0.7.33.703592.



með tölvupósti síðar þennan dag og taldi að Eimskip hefði einhliða breytt ýmsum atriðum í drögum.²⁰³⁵

10.5.2. Fundur 23. desember og atvik í kjölfar hans

4078. Samskip og Eimskip hittust á fundi 23. desember 2008. Þannig sendi (E)frkvstj-flutnkerf þann 22. desember 2008 fundarboð til (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-EimÍsl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1. Í fundarboðinu segir: „Fara yfir ný drög að USA samningi“. Fundartími var ákveðinn í tvær klukkustundir, milli kl. 09:00 og 11:00, og fundurinn var haldinn hjá Eimskip.²⁰³⁶
4079. Samtímagögn sýna að sá fundur var haldinn. Samkeppniseftirlitið vísar til umfjöllunar í kafla 8.15.5 um hin reglubundnu samskipti umræddra stjórnenda Eimskips og Samskipa og til hvaða atriða ber að horfa í því samhengi.
4080. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Öll samskipti Samskipa og Eimskips þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga. Á það meðal annars við um þennan fund 23. desember 2008.
4081. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um þennan fund eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum.²⁰³⁷ Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispointar sem teknir hafa verið saman á fundinum.
4082. Skömmu eftir fundinn með Samskipum, þ.e. kl. 11:41 þann 23. desember 2008, sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl og (E)forstj (afrit til (E)frkvstj-lögfr) með nýjustu drögum að Norður-Ameríku samningnum við Samskip:
- „Meðfylgjandi er nýjasta draftið af samningum við S-line eftir fundinn með þeim í morgun. Markmið þeirra er að nota okkar gáma í framtíðinni. [(E)forstj] við (E)frkvstj-EimÍsl hringjum í þig síðdegis og förum aðeins yfir þetta, áður en við sendum þetta á þá.“²⁰³⁸*
4083. Áréttu ber að áður nefnt „markmið“, um að Samskip myndi nota Eimskipsgáma í Norður-Ameríkuflutningum í framtíðinni (í stað eigin gáma eins og áður), var í samræmi við markmið fyrirtækjanna um aukið samstarf og „Nýtt upphaf“ verkefnið.
4084. (E)frkvstj-lögfr svaraði (E)frkvstj-flutnkerf strax: „Gott að malid se komid a skrid Gekk betur aleidis.“ (E)forstj svaraði kl. 13:45 og sagði: „hringdu í mig við tækifæri, það er ýmislegt sem þarf að laga.“²⁰³⁹
4085. (E)forstj fjallaði einnig um Samskip daginn eftir. Líkt og áður hefur komið fram vann (E)forstj með verkefnalista frá því að hann tók við sem forstjóri í maí 2008. Frá því snemma í júní 2008 var verkefnið „Nýtt upphaf“ komið á verkefnalista sem fannst hjá (E)forstj og var þá sérstaklega merkt 5. júní 2008, sbr. kafla 7.2.1.2. Þann 24. desember 2008 sendi (E)forstj sjálfum sér annan slíkan verkefnalista. Á þeim lista (E)forstj má sjá að áfram voru á lista hans verkefni sem tengdust samráðinu við Samskip:
- „19. Stada Samskips samnings“;
 - „65. Hugmynd ad terminal fyrirtaeki“ og

²⁰³⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc ID. 0.7.33.703592.

²⁰³⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.470387.

²⁰³⁷ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.

²⁰³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.400025.

²⁰³⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.400207.



- „67. BAF a alla samninga“

4086. Liður 65 í þessum verkefnalista varðar „Nýtt upphaf“ verkefnið „Samstarf um skipafgreiðslu“ og liður 19. varðar „Nýtt upphaf“ verkefnið „Slotsamningar í siglingakerfinu“.
4087. Liður 67 í lista (E)forstj staðfestir með skýrum hætti áform og aðgerðir Eimskips til að tryggja að viðskiptavinir greiddu í öllum tilvikum BAF af flutningum. Sendi (E)forstj á aðfangadag þennan verkefnalista til (E)frkvstj-aljpsv.²⁰⁴⁰ Sama verkefni „BAF a alla samninga“ kom fram á svonefndum „tasklista“ (E)forstj, t.d. þeim sem hann sendi (E)frkvstj-aljpsv í byrjun janúar 2009.²⁰⁴¹ Í uppfærðum verkefnalista (E)forstj frá 8. janúar 2009 kom þetta fram:

97	BAF á alla samninga								DONE
98	Breyting allra samninga í EUR								DONE

4088. Var þannig lokið tveimur verkefnum sem fólu í sér verulega verðhækkun og aukna gjalddöku gagnvart viðskiptavinum Eimskips. Var (E)frkvstj-EimÍsl ábyrgðamaður á þessu verkefni gagnvart (E)forstj en hann hafði átt í ítrekuðum samskiptum við (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 sem báru ábyrgð á BAF hjá Samskipum.
4089. Til viðbótar voru jafnframt komin á aðgerðalista (E)forstj eftirgreind ný verkefni um samninga við Samskip, merkt titlinum „USA-CANADA“:

38	Samningur við Samskip um flutninga - FMC								
39	Samningur við Samskip um CFS og Chassis								

4090. Telja verður að „FMC“ í verkefni nr. 38 vísi til Federal Maritime Commission og varði því fyrrgreint samstarf fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum.
4091. Í athugasemdum Samskipa við frummat Samkeppniseftirlitsins er lagt til grundvallar að með þessu verkefni (E)forstj sé líklega átt við viðræður fyrirtækjanna sem áttu sér stað samhliða endurnýjun á Norður Ameríku samningnum þar sem velt var upp möguleikanum á því að Eimskip myndi sinna vöruhúsaþjónustu fyrir Samskip í Norfolk og hvort Samskip gætu leigt gámagrindur af Eimskipi í Norður Ameríku.
4092. Rifja ber upp að samstarf um gámanotkun og samstarf um undirvagna í landflutningum (grind) var hluti af samfelldu samráði Samskipa og Eimskips. Þá vekur athygli að ábyrgð á þessu verkefni nr. 39, sem var nýtt samstarfsverkefni með Samskipum, lá hjá (E)forstj (en ekki t.a.m. hjá (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutnkerf eins og með ábyrgð á verkefni nr. 38 á listanum).
4093. Af gula litnum í skjalinu má ráða að fyrra verkefnið, nr. 38, hafi átt að vinna í janúar 2009 en það síðara, nr. 39, í febrúar sama ár (umræddir dálkar skjalsins merktir „Janúar“ og „Febrúar“). Bæði þessi umræddu verkefni eru síðan horfin af uppfærðum lista (E)forstj sem vistaður var á heimasvæði hans þann 24. apríl 2009.²⁰⁴²
4094. Áfram var unnið með umræddan verkefnalista (E)forstj á árinu 2009 en samtímagögn sýna að umræddu listi var augljóslega trúnaðarskjal, sbr. eftirfarandi ummæli (E)frkvstj-skiparekst til (E)forstj í tölvupósti 27. ágúst 2009: „Hér er verkefnalistinn, sem er í vinnslu ennþá. Vinsamlegast ekki dreifa

²⁰⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.400816. Síðar sama dag sendi [...] vinnulistann til [...] og sagði: „Thu baetir a ef eitthvad – fint ad byrja a nyjum lista a nyju arí“. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.113717.

²⁰⁴¹ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 23.03.2015. „Tasklisti“. Heimasvæði [...]. Útbúið 05.01.2009, kl. 14:06, síðast vistað 08.01.2009, kl. 12:48.

²⁰⁴² Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 23.03.2015. „Tasklisti2“. Heimasvæði [...]. Útbúið 05.01.2009, kl. 14:06, síðast vistað 24.04.2009, kl. 14:14.



honum neitt.”²⁰⁴³ Nokkrum dögum áður hafði (E)forstj sent listann til (E)frkvstj-fjárm og (E)frkvstj-alþjvs með þeim fyrirmælum að það ætti ekki að „dreifa þessu út fyrri okkur þrjá”.²⁰⁴⁴ Upptaka á „Chassis Fee” var verkefni nr. 88 á umræddum verkefnalista (E)forstj og var það merkt „í vinnslu”. Í athugasemd við verkefnið stendur: „Implement new fees” og ábyrgð þess tilgreind hjá (E)frkvstj-skiparekst/(E)frkvstj-sala/þj. Líkt og fjallað hefur verið um sýna samtímagögn mjög skýra áherslu hjá bæði Eimskip og Samskipum á verðhækkun af ýmsum toga, þ.m.t. að taka upp ný gjöld. Var þetta í samræmi við markmið „Nýtt upphaf” verkefnisins. Rífjað skal upp að í áðurnefndri eldri útgáfu verkefnalista (E)forstj frá 8. janúar 2009, voru samningar við Samskip um „CFS og Chassis”, sbr. fyrri umfjöllun, meðal aðgerða á verkefnalistanum. Í júlí 2008 má sjá (E)frkvstj-flutnkerf vísa til fundar með (E)forstj þar sem rætt var um verðhækkun og að búa „til nýtt gjald sem heitir chassis fee”, sbr. kafla 8.15.

4095. Samtímagögn sýna að svokallað „chassis fee” eða grindargjald/grindarleiga var í kjölfarið tekin upp hjá bæði Eimskip og Samskipum á þessum tíma. Í afhentum umbeðnum gjaldskrá Samskipa, vegna þjónustugjalda innflutnings, er „grindargjald” ekki á gjaldskránni 2008, en árið 2009 og eftir það var gjaldið komið inn á gjaldskrá Samskipa. Í gjaldskrá Eimskips árið 2010 vegna inn- og útflutnings á Íslandi, sem afhent var Samkeppniseftirlitinu, var komið inn nýtt gjald með heitið „Grindarleiga, Chassis Hire”. Hvorki Eimskip né Samskip afhentu Samkeppniseftirlitinu á hinn bóginn upplýsingar um upptöku þessa grindargjalds/leigu á afhentu yfirliti þeirra yfir gjaldskrárbreytingar (og ný gjöld),) sbr. nánari umfjöllun í kafla 23 um brot Samskipa og Eimskips á 19. gr. samkeppnislaga.

4096. Í þessu samhengi ber að horfa til tölvupóstar sem (S)aðaleig-stjform-SH sendi sjálfum þann 30. desember 2008. Í tölvupóstinum sagði einfaldlega: „verja baf fyrir frekari llækkunum.. sbr maersk.”²⁰⁴⁵ Hér ber einnig að líta til tölvupósts sem (S)aðaleig-stjform-SH sendi (S)forstö-innfl1 17. september 2009 þar sem stefna Samskipa kom skýrt fram:

„allir greiða BAF og önnur þjónustugjöld”²⁰⁴⁶

4097. Líkt og fjallað hefur verið um áttu fyrirtækin í ólögum upplýsingaskiptum um álagningu BAF til viðskiptavina á m.a. fundum þeirra 4. desember 2008 og 14. ágúst 2008.

4098. Framangreind gögn (E)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH frá desember 2008 og árinu 2009 sýna aðgerðir forstjóra Eimskips og Samskipa til að tryggja sem mestar tekjur af m.a. álagningu BAF gjaldsins á viðskiptavinum fyrirtækjanna. Þótt verkefnið „BAF á alla samninga” hafi verið skráð lokið á áðurnefndum verkefnalista (E)forstj 8. janúar 2009 þá sýna samtímagögn að fyrirtækið hélt sömu verðstefnu fram á árið 2013, sbr. kafla 14. Í mgr. 1274 í athugasemdum Samskipa við AII er jafnframt staðfest að stefna fyrirtækisins hafi á meginrannsóknartímabilinu verið að fá alla viðskiptavinum til að greiða BAF. Hér hafa ólögum upplýsingaskipti Samskipa og Eimskips á fundi stjórnenda fyrirtækjanna 4. desember 2008 einnig þýðingu, en þau sýna fram á vissu fyrirtækjanna um stefnu hvors annars í þessu efni.

4099. Þann desember 2008 sendi (E)frkvstj-EimÍsl tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv (afrit (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl), kl. 13:08: „Meðfylgjandi eru síðustu drög sem við ræddum á fundi okkar fyrir helgi. Eins og við ræddum [(S)forstö-innfl1] í síma áðan þá er það ljóst að afsláttur tengdur magni er á þá leið að fyrir fyrstu 400 gámaeiningar ef þær nást er veittur 5% afsláttur og fyrir gámaeiningar umfram 400 gámaeiningar er veittur 10 % afsláttur af flutningsgjaldi. Í samningum er gildistími 19 des en hann þarf að vera dagsetning [svo] undirritunar. Við þurfum að hafa hraðar hendur á með undirritun þar sem næsta skip kemur til

²⁰⁴³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „OPE – Verkefnalisti 2009 – ALL IN.xls”. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.509664. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „OPE – Verkefnalisti 2009 – ALL IN.xls”. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.509664. Umræddur listi var augljóslega trúnaðarskjal, sbr. afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.405153.

²⁰⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.149262.

²⁰⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.545866.


²⁰⁴⁶ Kafli 14.10.2.

landsins strax á nýju ári." (S)forstö-innfl1 svaraði sama dag og sagðist skoða þetta og vera í sambandi.²⁰⁴⁷

4100. Frekari tölvupóstsamskipti áttu sér stað á milli Samskipa og Eimskips 30. og 31. desember 2008. Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 til (E)frkvstj-EimÍsl (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (S)frkvstj-millilandasv) frá 30. desember 2008 sagði hann samningsdrögin líta vel út en setti fram nokkrar athugasemdir þ.á m. vildi hann ekki hafa inni í samningnum umfjöllun sem tengdist notkun Samskipa á vöruhúsaþjónustu Eimskips í Richmond. Vegna þessa sagði (S)forstö-innfl1 nánar tiltekið eftirfarandi: „Er ekki rétt að þessi setning fari út. Það verður samið sérstaklega um þetta ef við ætlum að nota þessa þjónustu. Þetta á ekki að vera hluti af þessum samningi“.
4101. Framangreind ummæli (S)forstö-innfl1 eru samræmi við fyrri samskipti þessara stjórnenda þar sem lagt var á ráðin að halda þáttum í samráði þeirra fyrir utan samning og ræða áfram aukið samstarf t.d. vegna vöruhúsaþjónustu í Norður-Ameríku líkt og (S)forstö-innfl1 fjallaði um.²⁰⁴⁸ Með þessu var því haldið frá samkeppnisyfirlöndum, líkt og reyndar allt annað það sem fyrirtækin höfðu unnið að og samninga sem fyrirtækin höfðu gert sín á milli með „Nýtt upphaf“ verkefni.

10.5.3. Færsla í dagbók forstöðumanns hjá Samskipum ((S)forstö-innfl1)

4102. Við upplýsingaöflun við rannsókn málsins skv. 19. gr. samkeppnislaga afhentu Samskip þann 10. apríl 2015 eftirfarandi ljósrít úr dagbók (S)forstö-innfl1. Dagbókarfærslan var ódagsett en fram kemur í skýringum Samskipa, sem fylgdu með gagninu, að líklega væri færslan frá desember 2008 eða janúar 2009 því þá hafi verið yfirstandandi samningaviðræður við Eimskip vegna Norður-Ameríku flutninga:



4103. Við afhendingu gagnsins skýrðu Samskip dagbókarfærslu (S)forstö-innfl1 nánar tiltekið með eftirfarandi hætti: „Sé miðað við innihald fyrri dagbókarfærslunnar [framangreint ljósrít úr dagbók (S)forstö-innfl1] er hún líklega frá desember 2008 eða janúar 2009. Á þessu tímabili stóðu yfir samningaviðræður á milli Samskipa og Eimskips um nýjan flutningasamning frá Norður-Ameríku. Í öllum samningum fram til þessa tíma hafði olúgjald (BAF) verið innifalið í sjóflutningsverði Eimskips. Í þessum samningaviðræðum lagði Eimskip til að Samskip myndi greiða sem næmi 80% af olúgjaldi gjaldskrá Eimskips. Þær tölur, sem ritaðar eru í þessa dagbókarfærslu, eru annars vegar fullt olúgjald fyrir 20 og 40 feta gáma og hins vegar (í næstu línu fyrir neðan) olúgjald með 80% afslætti. Eins og sjá má í samningi Samskipa og Eimskips og undirritaður var 7.1.2009 (sjá viðauka 10 a í möppu) var einmitt komið inn ákvæði um greiðslu 80% BAF sem var ekki í fyrri samningi félaganna.“²⁰⁴⁹

²⁰⁴⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.471207 / 0.7.33.704694.

²⁰⁴⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.704996.

²⁰⁴⁹ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. Skýring fyrirtækisins um viðauka 6 A.



4104. Í AI kom fram það frummat Samkeppniseftirlitsins að (S)forstö-innfl1 hafi ritað dagbókarfærsluna þegar fyrirtækin ræddu um BAF í desember 2008.²⁰⁵⁰ Var sú tímasetning í frummatinu í samræmi við framangreind gögn málsins um samskipti fyrirtækjanna um BAF og upplýsingagjöf Samskipa samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga um að færslan væri rituð af (S)forstö-innfl1 í samskiptum við Eimskip í desember 2008 eða janúar 2009.
4105. Í mgr. 1114 – 1115 í athugasemdum Samskipa við AI eru gerðar athugasemdir við ályktun Samkeppniseftirlitsins um gagnið og samskipti fyrirtækjanna.²⁰⁵¹ Áréttu ber í þessu samhengi að í þessum athugasemdum Samskipa setti fyrirtækið ekki fram nokkrar mótbáruir eða einhverjar breytingar á fyrri upplýsingagjöf fyrirtækisins um líklega tímasetningu dagbókarfærslunnar. Þvert á móti. Til viðbótar kom þannig fram í athugasemdunum að upplýsingarnar sem (S)forstö-innfl1 hafi ritað um þáverandi BAF í Norður-Ameríku hafi verið sömu BAF upplýsingar og hafi verið aðgengilegar á heimasíðu Eimskips á þeim tíma. Þannig segir í athugasemdum Samskipa eftirfarandi:
- „[...] eitt af markmiðum Eimskips með uppsögn N-Ameríkusamningsins við Samskip þann 30. maí 2008 [hafi verið] að hækka verð og koma á BAF gjaldi. Á samningafundi félaganna við endurnýjunar á samningnum [hafi] (S)forstö-innfl1 [óskað] eftir upplýsingum um þáverandi BAF gjald á N-Ameríkuleið Eimskips og hvaða kjör Eimskip hygðist bjóða Samskipum. Þessar upplýsingar [hafi verið] ritaðar í dagbók (S)forstö-innfl1. Þessar sömu upplýsingar, þ.e. þáverandi BAF á N-Ameríkuleið Eimskips, [hafi] einnig [verið] aðgengilegar á opinberlega á heimasíðu Eimskips. Það [væri] augljóslega grundvallaratriði fyrir Samskip að búa yfir upplýsingum sem tryggðu það að félagið væri ekki að greiða hærri gjöld en aðrir viðskiptavinir, svo að flutningar til N-Ameríku væru samkeppnishæfir. Þessar viðræður [hafi verið] af nákvæmlega sama meiddi og umræður um önnur kjör samningsins og ljóst að ekki [væri] hægt að komast að niðurstöðu um endanlegan samning án þess að fyrir lægi nákvæmlega hvaða gjöld Samskip þyrftu að greiða.“*
4106. Með framangreindum athugasemdum Samskipa við AI fylgdu ekki gögn til stuðnings staðhæfingum um að upplýsingar sem Eimskip miðlaði til Samskipa um BAF gjaldið í desember 2008/janúar 2009 hafi verið aðgengilegar opinberlega. Þegar handskrifaðar upplýsingar í dagbókarfærslu (S)forstö-innfl1 voru af hálfu Samkeppniseftirlitsins bornar saman við afhenta BAF-gjaldskrá Eimskips kom í ljós að upplýsingar um BAF í dagbókarfærslu (S)forstö-innfl1 voru ekki þær sömu og birtust í BAF-gjaldskrá Eimskips á umræddum tíma.²⁰⁵² Sökum þessa ósamræmis voru umræddar upplýsingar Eimskips um BAF gjaldskrá afhentar Samskipum með bréfi Samkeppniseftirlitsins 14. mars 2023.²⁰⁵³ Í mgr. 15 í bréfinu voru Samskip m.a. upplýst um að handskrifað BAF í dagbókarfærslu (S)forstö-innfl1 væri ekki í samræmi við afhenta gjaldskrá Eimskips á BAF á umræddum tíma.
4107. Svör bárust frá Samskipum 24. mars 2023. Þar vísa Samskip í mgr. 37-38 til fyrri athugasemda um fundinn með Eimskip 4. desember 2008. Í bréfinu tók hins vegar umfjöllun Samskipa um tímasetningu á dagbókarfærslu (S)forstö-innfl1 breytingum. Eins og áður sagði höfðu Samskip upplýst Samkeppniseftirlitið að þessi dagbókarfærsla væri frá desember 2008 eða janúar 2009. Í mgr. 39 – 43 í bréfi Samskipa frá mars 2023 var hins vegar staðhæft að dagbókarfærslan væri frá árinu 2010:
- „Þá er af hálfu Samskipa gerðar alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð eftirlitsins hvað varðar tilvitnað skjal nr. 7 [BAF-gjaldskrá Eimskips] og þær ályktanir sem stofnunin dregur af skjalinu. Stofnunin hefur haldið því fram að tilvitnuð dagbókarfærsla (S)forstö-innfl1 [...] hafi verið frá desember 2008 þrátt fyrir að engin dagsetning sé tilgreind í dagbókinni. Þá er bent á ósamræmi milli BAF upphæða sem fram koma á skjali nr. 7 og í umræddri dagbókarfærslu (S)forstö-innfl1 sem er talið til þess fallið að styðja við frummat eftirlitsins um samráð um álagningu á BAF. Í umfjöllun*

²⁰⁵⁰ Sjá hér umfjöllun Samkeppniseftirlitsins í mgr. 1823 – 1824 í AI.

²⁰⁵¹ Fjallað er um athugasemdir Samskipa um fundinn 04.12.2008 í kafla 25.39.2.

²⁰⁵² Afhentar upplýsingar frá Eimskip. Afhent 13.10.2017, liður 6.2 d. „BAF 20 og 40 einingar.xlsx“. Bréf Eimskip dags. 13.10.2017, töflur bls. 15.

²⁰⁵³ Fskj. 7 með bréfinu og tilvísað bréf Eimskips 13.10.2017.



eftirlitsins er skjal nr. 7 sagt vera skjal sem Eimskip afhenti „um gjaldskrár fyrir BAF gjald árin 2006-2015“. Þrátt fyrir þetta endar taflan í skjali nr. 7 á febrúar 2010.

Ef fskj. 178 [Bréf Eimskips dags. 13.10.2017] með AI er skoðað má sjá BAF Eimskips frá 2008 til 2012. Umrædd tafla gefur skýrt til kynna að sú upphæð sem rituð var í dagbókarfærslu (S)forstö-innfl1 er nákvæmlega sú sama og fram kemur í töflu Eimskips í september og nóvember 2010 (þ.e. 368 USD fyrir 20ft gám og þar af leiðandi 736 USD fyrir 40ft gám). [...]

Á þessum tíma stóðu yfir viðræður á milli félaganna um endurnýjun á N-Ameríkusamningnum. Eins og fram kemur í mgr. 1115 í athugasemdum Samskipa með AI óskaði (S)forstö-innfl1 á samningafundi félaganna vegna endurnýjunarinnar eftir upplýsingum um þáverandi BAF Eimskips á N-Ameríkuleið og hvaða kjör Eimskip hygðist bjóða Samskipum, sbr. þær upplýsingar sem ritaðar eru í fyrrgreindri dagbókarfærslu (S)forstö-innfl1. Það ætti því öllum að vera ljóst að umrædd dagbókarfærsla var rituð á þessum tíma, þ.e. á árinu 2010, en ekki árið 2008. Dagbókarfærslan hefur því verið tengd við rangar samningaviðræður af hálfu eftirlitsins þrátt fyrir framangreint.

Það var augljóslega grundvallaratriði fyrir Samskip að búa yfir upplýsingum sem tryggðu það að félagið væri ekki að greiða hærrí gjöld en aðrir viðskiptavinir, svo að flutningar félagsins til N-Ameríku væru samkeppnishæfir. Þessar viðræður voru af nákvæmlega sama meiddi og umræður um önnur kjör samningsins og ljóst að ekki var hægt að komast að niðurstöðu um endanlegan samning án þess að fyrir lægi nákvæmlega hvaða gjöld Samskip þyrftu að greiða.

Ályktanir Samkeppniseftirlitsins af tilgreindri dagbókarfærslu eru því miður enn eitt dæmið um tilhæfulausar ályktanir sem með einföldum hætti má sjá að standast ekki nokkra skoðun. Auk þess sem rakið hefur verið hér að framan má benda á að fyrsta færslan í umræddri dagbók er vegna útboðs Ölgerðarinnar sem fram fór á árinu 2009. Á næstu blaðsíðu á eftir þeirri skráningu sem hér er gerð að umtalsefni má sjá dagsetninguna 23.9.2011. Augljóst verður að telja að tilvitnuð skráning gat því aldrei verið frá árinu 2008. Þessa dagbók haldlagði Samkeppniseftirlitið í september árið 2013 og hefur haft afrit hennar til rannsóknar allt frá þeim tíma. Er þetta að mati Samskipa lýsandi fyrir vinnubrögð Samkeppniseftirlitsins að öðru leyti í málinu.”

4108. Það var því eftir að búið var að bera undir Samskip ósamræmi í upplýsingagjöf fyrirtækisins við afhent gögn Eimskips sem fyrirtækið breytti tímasetningunni á því hvenær dagbókarfærsla (S)forstö-innfl1 var rituð. Hún hafi verið rituð við samskipti fyrirtækjanna árið 2010 en ekki í desember 2008 eða janúar 2009.
4109. Í bréfi fyrirtækisins 24. mars 2023 gera Samskip „alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð“ Samkeppniseftirlitsins vegna tímasetningar á dagbókarfærslunni. Í ljósi fyrri upplýsingagjafar Samskipa sjálfs um tímasetningu færslunnar, m.a. undir upplýsingaskyldu skv. 19. gr. samkeppnislaga, er ekki fallist á þessar athugasemdir fyrirtækisins. Í þessu sambandi dugar ekki fyrir Samskip að vísa til þess að umrædd dagbók (S)forstö-innfl1 hafi verið haldlögð af hálfu Samkeppniseftirlitsins við húsleit á starfsstöð Samskipa árið 2013, enda frummat eftirlitsins í AI um tímasetningu ritun dagbókarfærslunnar í samræmi við samskipti og tölvupóstsamskipti Samskipa og Eimskips undir lok árs 2008 og í fullu samræmi við fyrri upplýsingagjöf Samskipa um tímasetningu færslunnar. Í því sambandi er líka bent á að Samskip sjálf höfðu umrædda dagbók (S)forstö-innfl1 undir höndum þegar fyrirtækið veitti upplýsingar skv. 19. gr. samkeppnislaga 10. apríl 2015, enda öllum haldlögðum pappírsgögnum skilað til Samskipa strax í kjölfar húsleitar í lok september 2013.²⁰⁵⁴
4110. Hvað sem líður tímasetningu dagbókarfærslunnar skal áréttað að fyrir liggur að Samskip áttu samskipti við Eimskip um innheimtu BAF gagnvart viðskiptavinum í samskiptum þeirra árið 2008, sbr. umfjöllun hér að framan.

²⁰⁵⁴ Öllum haldlögðum gögnum var skilað til Samskipa 30.09.2013.



4111. Hafi (S)forstö-innfl1 ritað dagbókarfærsluna í samskiptum við Eimskip árið 2010 er ljóst að fyrirtækin hafi fjallað um gjaldið í áframhaldandi samskiptum lykilstjórnenda það ár, þ.e. samskiptum stjórnenda sem m.a. báru ábyrgð á verðákvörðun og sölumálum hjá fyrirtækjunum sem voru með 100% markaðshlutdeild á þessari flutningaleið. Þau samskipti eru einnig í samræmi við gögn málsins frá árinu 2010 sem sýna samskipti og áframhaldandi vinnu lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips sem voru í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins um aukið samstarf, þ.á m. um endurnýjun ólögmæts samstarfssamnings þeirra í Evrópusiglingum og Norður-Ameríku flutningum, sbr. nánari umfjöllun í kafla 7 – 10 og 14.33.

10.5.4. Fyrirtækin undirbúa verðhækkun í byrjun árs 2009

4112. Gögn málsins frá desember 2008 sýna að á sama tíma og (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-EimÍsl áttu í framangreindum samskiptum var unnið að undirbúningi að frekari verðhækkunum hjá Eimskip og Samskipum.

4113. Sem fyrr sagði hittust umræddir stjórnendur Samskipa og Eimskips á fundi 4. desember 2008.

4114. Þann 6. desember 2008 sendi (S)stjórnarm-fjármstj stjórn Samskipa Holding skjöl dótturfélaga vegna „Budget 2009“ með tölvupósti (afrit til m.a. (S)aðaleig-stjform-SH). Hvað Samskip hf. áhrærir var um að ræða lokaútgáfu af áætlun fyrir árið 2009 og var skjalið merkt „Confidential – Budget 2009“. Komu þar fram atriði sem (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl og aðrir stjórnendur Samskipa hf. töldu raunhæft að leggja til grundvallar vegna næsta rekstrarárs. Kom þetta fram varðandi Samskip hf. í heild sinni:

„Market & Revenue Assumptions

- *Market:*

- *It is anticipated that Samskip will maintain similar market share, both in Iceland and Faroe Island for the coming year.*

1. *Volumes:*

- *Import volumes to be 140 th tons, drop from 220 th in 2008 and 323 in 2007. Export volumes to grow from 495 th in 2008 to 547 th tons.*
- *Growth of 18% on Faroe Island exports, but drop in imports by 26%.*
- *Jonar seafreight volumes drop by 15% and airfreight by 8%.*
- *Domestic dropping by 8%.*

2. *Pricing:*

- *General rate increases in Jan/Feb and July.*
- *Number of new agreements on significantly higher rates (incl Alcoa)*
- *New tariffs/pricing policy*
- *EBITDA is budgeted to increase from 875m ISK to 1.058m ISK."*

4115. Í umfjöllun í þessu skjali sagði eftirfarandi um sjóflutninga Samskipa hf. á árinu 2009:

„Market and Revenue Assumptions

Price trend of the market

1. *During 2008 rates have been increased as follows:*

- *OF Europe 5,0 + 6,5% and USA 10 + 16% (Jan + Sept)*
- *THC by 5,0 + 10% (Jan + Sept)*
- *Local charges in Iceland by 8,5 + 10%, LCL increased by 18% (May + Sept)*



- For local trucking a lump sum increase of 5.000, 10.000 and 15.000 was introduced (Sept)
- At present our tariffs are about 10% above the competitors
- Samskips revenues are split 80:20 in Currency:ISK. Our competitors have a 20:80 split. No CAF is applied.
- There is a high urgency to increase rates as a result of the devaluation of the ISK."

4116. Í umfjöllun í skjalinu sagði þetta um landflutninga Samskipa hf. á árinu 2009:

„Market and Revenue Assumptions

1. Rate increase between years range from 15-30%
2. Increased FAF towards costumers (van distr.b, fcl, all customers)
3. Increase unit prices for fcl by 4%
4. New rev item, pr colli, giving 45 mio
5. Internal income prox 550 mio²⁰⁵⁵

4117. Þessi áætlun Samskipa hf. fyrir árið 2009 er í samræmi við önnur gögn fyrirtækisins frá m.a. nóvember 2008.²⁰⁵⁶ Er hér staðfest að samkeppni frá Eimskip hefði ekki komið í veg fyrir að Samskip næðu á árinu 2008 fram verulegum verðhækkunum í ýmsu formi. Þá treystu stjórnendur Samskipa sér til að leggja til grundvallar að á árinu 2009 myndi fyrirtækið geta hækkað verð ítrekað og á sama tíma haldið sömu markaðshlutdeild. Eins og t.d. kom fram í viðtalinu við (S)aðaleig-stjform-SH í Morgunblaðinu 30. október 2008 leiddu efnahagsörðugleikar og minnkandi eftirspurn til aukinnar verðsamkeppni á erlendum flutningamörkuðum. Slíkt hafði ekki gerst á Íslandi haustið og veturinn 2008 og Samskip gerðu ekki ráð fyrir í þessari áætlun að frekari samdráttur í eftirspurn myndi leiða til verðsamkeppni í innflutningi til Íslands eða í landflutningum. Þvert á móti voru ítrekaðar verðhækkanir lagðar til grundvallar og gert ráð fyrir að EBITDA Samskipa á Íslandi yrði hærri en fyrri áætlun gerði ráð fyrir. Grundvöllur þessarar vissu hjá Samskipum um verðhækkanir og stöðuga markaðshlutdeild var hið ólögsmæta samráð fyrirtækisins við Eimskip.

4118. Þann 8. desember 2008 ræddu (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl saman í síma.²⁰⁵⁷ Jafnframt gefa gögn málsins til kynna að líklegt sé að (S)forstö-innfl1 og (E)frkvstj-EimÍsl hafi rætt saman í síma 10. desember 2008.

4119. Í framangreindu skjali Samskipa frá 6. desember 2008 kom fram að hækka ætti verð í janúar 2009. Hið sama var ákveðið hjá Eimskip a.m.k. þann 10. desember 2008. (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, o.fl. funduðu að morgni 10. desember 2008 og unnu að verðhækkunum Eimskips vegna Evrópuflutninga sem átti að framkvæma í janúar 2009.

4120. Gögn málsins sýna þannig að (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-EimÍsl o.fl. funduðu að morgni 10. desember 2008 og ákváðu að hækka verð. Þetta má ráða af tölvupósti sem (E)forstö-flutnstý sendi sama dag til m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-vöruþróun.²⁰⁵⁸

4121. Síðar sama dag sendi (E)forstö-flutnstý aftur tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-vöruþróun og gerði grein fyrir mati á „tekjuaukningu vegna gjaldskrárhækkana THC²⁰⁵⁹ FCL²⁰⁶⁰“ í höfnunum í Hamborg, Árósum, Gautaborg og Fredrikstad. Sagði

²⁰⁵⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Samskip Iceland Budget 2009.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.538781.

²⁰⁵⁶ Í rekstraráætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2009 (sem [...] sendi ritara framkvæmdastjórnar Samskipa 12.11.2008) segir: „Í áætlun fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir að halda öllum núverandi viðskiptavinum [...] Gert er ráð fyrir að sjóflutningsgjöld hækki um 5% og þjónustugjöld innanlands um 8% 1. febrúar. Reiknað er með annarri hækkun á þjónustugjöldum innanlands sem og þjónustugjöldum í erlendum höfnum sem nemur 8,0% 1. júlí.“ Sjá kafla 10.4 og 10.5.4.

²⁰⁵⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.698743.

²⁰⁵⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.123345.

²⁰⁵⁹ THC: Terminal Handling Charges. Gjöld vegna lestunar/losunar.

²⁰⁶⁰ FCL: Full Container Load. Heilgámur.



hann að tekjuaukningin yrði tæplega ein milljón evra og sagði að þá væru ekki talin með áhrif vegna hækkunar á vísitölu neysluverðs.²⁰⁶¹

4122. (E)forstö-vöruþróun sendi kvöldið 11. desember 2008 tölvupóst til starfsstöðva Eimskips í Evrópu og tilkynnti um framangreinda hækkun. Heiti tölvupóstsins var „*Tariff changes January 5th. 2009 – information process for all relevant parties*“. Gerði (E)forstö-vöruþróun grein fyrir því að Eimskip á Íslandi hefði ákveðið að hækka verð í höfnum í Evrópu og myndi sú verðhækkun taka gildi 5. janúar 2009.²⁰⁶²
4123. Var um að ræða umtalsverðar hækkunarir. Lestunar- og losunargjöld (THC) fyrir heilgáma hækkuðu að meðaltali um 30%. Afgreiðslugjöld Eimskips hækkuðu að meðaltali um 7%, farmbréfastgjöld að meðaltali um 9%, gjald vegna m.a. tollskjala fyrir útflutning frá Íslandi um 8,4% og vegna m.a. tollskjala fyrir innflutning til Íslands um tæplega 15%.²⁰⁶³
4124. Stuttu síðar sama kvöld sendi (E)forstö-vöruþróun tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf þar sem hún sagðist vera;
- „*viss um að S-Line komi með að hækka líka í Janúar eins og við erum að gera*“.
4125. (E)frkvstj-flutnkerf svaraði strax með vissu um fyrirætlanir Samskipa:
- „*Sammála því [Samskip] munu hækka meira. [...]*“²⁰⁶⁴
4126. Líkt og fram hefur komið hækkuðu Samskip verð mikið í september 2008 og þann 11. desember 2008 lágu engar opinberar upplýsingar fyrir um að Samskip myndu hækka verð á nýju ári. Bankar höfðu fallið og staða efnahagsmála, almennings og flestra fyrirtækja, var mjög slæm á þessum tíma hér á landi. Af þessu leiddi að dregið hafði verulega úr eftirspurn og innflutningi til landsins. Ljóst er að þegar flutningar dragast saman á markaði þar sem samkeppni er virk er hvati fyrir keppinauta til þess að lækka verð eða halda verði óbreyttu og ná þannig til sín meira flutningamagni en ella. Erlendis hafði samdráttur í eftirspurn vegna efnahagsörðugleika þau áhrif að samkeppni jókst á flutningamörkuðum og verð lækkaði verulega, sbr. 12.2.5 og 14.11. Í umfjöllun Morgunblaðsins 30. október 2008 kom fram að verð á sjóflutningum erlendis hefði aldrei lækkað jafn mikið og rætt var við (S)aðaleig-stjform-SH af því tilefni. Erfiðleikar voru í íslensku efnahagslífi á árinu 2002.²⁰⁶⁵ Samkvæmt þáverandi forstjóra Samskipa leiddi það til aukinnar samkeppni í sjóflutningum. Kemur þetta fram í viðtali við hann sem birtist í Morgunblaðinu í september 2003. Er þar haft eftir forstjóranum að „*samkeppni á markaðnum hafi verið hörð þar sem innflutningur dróst verulega saman á síðasta ári*“²⁰⁶⁶
4127. Hér skiptir einnig máli að í október og nóvember 2008 höfðu lykilstjórnendur Samskipa gert ráð fyrir því að ekki væri tækt að hækka þjónustugjöld erlendis í byrjun ársins 2009 og að gjöldin yrðu frekar hækkuð í júlí eða ágúst 2009, sbr. umfjöllun hér að framan. Ljóst er að áætlanir Samskipa tóku breytingum í millitíðinni.
4128. Í ljósi framangreinds gátu opinberar upplýsingar ekki veitt (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-vöruþróun neina vissu þann 11. desember 2008 um að Samskip myndu hækka verð í byrjun árs 2009. Hefði Eimskip allt eins mátt búast við því að helsti keppinauturinn myndi, líkt og erlend skipafélög gerðu á

²⁰⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.123373.

²⁰⁶² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.112507.

²⁰⁶³ Afhent gagn frá Eimskip. Afhent þann 23.03.2015, fylgiskjal 3. „*Gjaldskrárbreytingar Eimskips 2006 – 2014*“.

²⁰⁶⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.698678.

²⁰⁶⁵ Rætt var um efnahagslegar „*hamfarir*“ á þessum tíma. Sjá; Arnór Sighvatsson, Myndun og hjöðnun viðskiptahalla árin 1998-2002, Peningamál 2003/1, bls. 72. Fjallað um mikinn viðskiptahalla á umræddum árum og eftirköst hans og bent m.a. á þetta. „*Meðal eftirkasta má telja u.þ.b. 30% lækkun á gengi krónunnar frá vormánuðum 2000 til nóvember 2001, aukna verðbólgu, sem varð mest 9,4% í ársbyrjun 2002, og samdrátt þjóðarútgjalda um líklega u.þ.b. 6-7% á árunum 2001-2002. Slíkar hamfarir myndu tæpast nokkurs staðar meðal þróaðra ríkja teljast „mjúk lending“, nema e.t.v. á Íslandi.*“

²⁰⁶⁶ Sjá frétt í Morgunblaðinu 4.09.2003, „*Samskip á siglingu*“. Aðgengilegt á slóð: mbl.is/greinasafn/grein/749956/.



þessum tíma, lækka verð (eða hækka ekki) og hefja sókn í aukin viðskipti. Eins og rakið er í kafla 12.2 hefði átt að vera a.m.k. ummerki um samkeppnislegan þrýsting á milli fyrirtækjanna í samtímagögnum enda bæði fyrirtækin á þessum tíma með vannýtt skip í siglingum tengdum Íslandi.

4129. Hér skiptir megin máli að á þessum tíma var yfirstandandi „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips sem hafði það að markmiði að raska samkeppni. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl höfðu þann 11. desember 2008 átt frá júní 2008 í ítrekuðum samskiptum við þá stjórnendur Samskipa sem báru ábyrgð á verðlagningu á sjóflutningum og tengdri þjónustu Samskipa ((S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1), sbr. m.a. fundinn 4. desember og símtalið 8. desember 2008. Í rekstraráætlun sem fylgdi tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá 12. nóvember 2008 kom fram að verð á sjóflutningsþjónustu yrði hækkað í febrúar 2009, sbr. kafla 10.4.5. Í skjalinu sem (S)stjórnarm-fjármstj sendi 6. desember 2008 kom fram að Samskip hf. myndu hækka verð í janúar eða febrúar 2009. Lágu því fyrir áform Samskipa um verðhækkun í byrjun árs 2009 þegar umræddir stjórnendur Eimskips áttu í samskiptum við Samskip 4. og 8. desember 2008. Þá ber að líta til þess að í sátt Eimskips kemur fram að samráð fyrirtækisins við Samskip á þessum tíma hafi m.a. tekið til miðlunar á „mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum“. Bein eða óbein samskipti keppinauta um áherslu þeirra á að hækka verð og um fyrirhugaða verðhækkun eru óhjákvæmilega mikilvægar í þessum skilningi.
4130. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framangreint hafi verið hluti af ólögmetu samráði fyrirtækjanna. Í mgr. 795 í athugasemdum Samskipa við AII er þessu mótmælt. Eins og rökstutt er í kafla 25.39.2 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið fyrirtækisins.
4131. Í kafla 8.15.10 er lýst óánægju og undrun hjá starfsmönnum Samskipa erlendis þegar Samskip á Íslandi tilkynntu um verulega verðhækkun fyrirtækisins sem tók gildi 1. september 2008. Samskonar viðbrögð komu fram hjá starfsmönnum Eimskips erlendis eftir að (E)forstö-vöruþróun tilkynnti 11. desember 2008 um hina verulegu verðhækkun.
4132. Daginn eftir, 12. desember 2008, sendi (E)frkvstj-Dk, yfirmaður Eimskips í Danmörku, tölvupóst til (E)forstö-vöruþróun (afrit til (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-alþjvs og (E)frkvstj-skiparekst) og spurði:
- „Can you please give me your argumentation for increasing THC in Scandinavia by 25%. I do not agree with this at all.“²⁰⁶⁷*
4133. (E)frkvstj-EimÍsl svaraði þessum tölvupósti (E)frkvstj-Dk skömmu síðar sama morgun: *„The THC is based on cost in each port with same revenue for the line. The ports in Scandinavia have been under priced for some years now based on our calculations. We need to price all ports the same way.“²⁰⁶⁸*
4134. Ljóst er að (E)frkvstj-Dk var afar ósáttur við fyrirhugaða hækkun og útskýringar (E)frkvstj-EimÍsl. Þetta sést af tölvupósti sem hann sendi aðeins til (E)frkvstj-alþjvs og (E)frkvstj-skiparekst strax eftir að hafa fengið svarið frá (E)frkvstj-EimÍsl:
- „Þetta er gjörsamlega ótækt. Við getum ekki gengið til birgja og biðja um „standstill“ og hækka um 25% í DK og 59,4% í Noregi. Það eru engin rök til kúnna að við höfum ekki hækkað nóg og ætlum nú að koma með þessar hækkunir.*
- Hvernig eigum við að keppa við Samskip þegar við erum strax 20-60% hærri en Samskip á THC.*
- Ég fer ekki áfram með þessi rök sem koma hér að neðan [rök (E)frkvstj-EimÍsl] því þau eru ekki validt.“²⁰⁶⁹*

²⁰⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.112520.

²⁰⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.112528.

²⁰⁶⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.112524.



4135. (E)frkvstj-albjsv svaraði og bað (E)frkvstj-Dk að bera sem allra fyrst saman THC gjöld Samskipa og Eimskips og önnur þjónustugjöld í Danmörku. Eftir hádegi þennan sama dag, 12. desember 2008, sendi (E)frkvstj-Dk eftirfarandi tölvupóst til m.a. (E)frkvstj-albjsv:
- „Hereby the rates comparization for Eimskip and Samskip in Denmark. Samskip will after all not increase rate 01.01.09.“²⁰⁷⁰*
4136. Með tölvupósti (E)frkvstj-Dk fylgdi samanburður á verði Eimskips og Samskipa fyrir þjónustu í Danmörku vegna flutninga til og frá Íslandi. Kemur m.a. fram að THC gjald (fyrir bæði þurr- og frystigáma) var fyrir fyrirhugaða hækkun hjá Eimskip um 10% hærra en hjá Samskipum. Eftir hækkunina yrði gjaldið um 18% hærra hjá Eimskip.
4137. Í mgr. 1330 í athugasemdum Samskipa við AI er því haldið fram að framangreindar upplýsingar í tölvupósti (E)frkvstj-Dk um verðlagningu Samskipa hafi borist frá „viðskiptavinum“ en ekki frá Samskipum. Samskip leggja hins vegar ekki fram nein gögn þessu til stuðnings og tilgreina ekki heiti þessara viðskiptavina. Það bendir til þess að Samskip hafi ekki látið viðskiptavini vita um að hætt hafi verið við verðhækkun. Er þessi staðhæfing Samskipa því ósönnuð.
4138. Framangreindur tölvupóstur (E)frkvstj-Dk var ritaður eftir að yfirmaður hans fól honum, fyrir hádegi þann 12. nóvember 2008, að bera saman verð Eimskips og Samskipa í Danmörku í tengslum við áætlaða verulega verðhækkun Eimskips. Kallaði þetta augljóslega á að (E)frkvstj-Dk myndi afla upplýsinga um verðlagningu Samskipa í Danmörku. Tölvupósturinn ber með sér að (E)frkvstj-Dk hafi eftir hádegi 12. nóvember 2008 verið búinn að afla sér upplýsinga um gildandi verð Samskipa í Danmörku. Jafnframt sýnir orðalag tölvupóstsins að (E)frkvstj-Dk hafi annars vegar vitað að Samskip hafi ætlað að hækka verð 1. janúar 2009 og hins vegar að Samskip hafi síðan hætt við að hækka verð á þeim tímapunkti. Tölvupósturinn er að öðru leyti stuttur og engin skýring kemur fram í honum hvaðan (E)frkvstj-Dk hafi fengið upplýsingar um afar viðkvæmt samkeppnislegt málefni (fyrirætlanir helsta keppinautar um verðlagningu). Hvað sem þessu líður má af viðbrögðum (E)frkvstj-Dk sjá óánægju og undrun með verðhækkunir. Þetta breytti engu og héldu stjórnendur fyrirtækjanna á Íslandi áfram að hækka verð.
4139. Það voru ekki aðeins starfsmenn Eimskips í Danmörku sem höfðu áhyggjur af hinni fyrirhuguðu verðhækkun fyrirtækisins í janúar 2009. Þann 18. desember 2008 sendi (E)starfsm, starfsmaður Eimskips í Bretlandi, tölvupóst til (E)forstö-innfl og í honum sagði: *„We are in the process of inputting new rates for 2009. Concern has been expressed about the level of the new charges and the danger that we are pushing our LCL business in particular towards the consolidators. For my own interest, how do you see this? Do we see consolidators as customers or competition? Are we increasing their sea freight/THC charges? Appreciate that some of this information maybe confidential, however, it is always good to understand the bigger picture.“*
4140. (E)forstö-innfl svaraði (E)starfsm daginn eftir: *„Those are very valid issues but not easy to paint a clear picture. The rates for handling cargo will most likely for UK not have an impact on the preference between LCL vs FCL through our hands. My personal opinion has always been that if you are doing business with anyone you treat them as customers and never as competitor. This applies to consolidators and even to our biggest competitor. Meaning if we are at all willing to carry any of their goods we should treat them in the same way as others professionally. Likewise we should charge same/similar tariff items for handling and other freight charges. (as in case of Alan Martin) Consolidated cargo has in past been charged higher than normal low value commodity in FCL. This is common with FAK with other carriers. LCL rates have also been going steadily down in past few years. I see no big change in the environment in nearest future nor our policy but there are several facors that can change quickly. Economical reasons for example as some of the consolidators are having*

²⁰⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.112582.



financial difficulties. I could reflect on this even more but am not comfortable to put all my thoughts in such a message. Also much of it is pure speculation anyhow at the moment."²⁰⁷¹

4141. Samkvæmt framansögðu var ákveðið á fundi (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl o.fl. þann 10. desember 2008 að gjöld Eimskip í höfnum í Evrópu yrðu hækkuð verulega. (E)frkvstj-Dk, yfirmaður Eimskips í Danmörku taldi hins vegar öll rök skorta fyrir mikilli hækkun í bæði Noregi og Danmörku. Hann spurði hvernig það gæti gengið að Eimskip væri á sama tíma annars vegar að biðja um „standstill“ við birgja²⁰⁷² og hins vegar að hækka verð mikið. Þá spurði (E)frkvstj-Dk einnig hvernig Eimskip ætti að geta keppt við Samskip eftir fyrirhugaða hækkun sem myndi leiða til 20-60% hærri THC gjalda hjá Eimskip. Þessar áhyggjur (E)frkvstj-Dk leiddu ekki til þess að fallið væri frá umræddri hækkun eða dregið úr henni.
4142. Áhyggjur (E)starfsm í Bretlandi leiddu heldur ekki til þess að fallið væri frá umræddri verðhækkun. Svar (E)forstö-innfl við tölvupósti (E)starfsm er reyndar ekki skýrt enda tekur hann fram að honum þyki óþægilegt að setja fram allar hugleiðingar sínar í tölvupóstinum. Virðist hann í svari sínum m.a. byggja á því að ekki ætti að líta á jafnvel helstu keppinauta (Samskip) sem keppinauta ef Eimskip ætti í viðskiptum við þá. Ekki er ljóst hvernig þetta svaraði áhyggjum starfsmanna Eimskips í Bretlandi um að verðhækkunin drægi úr getu Eimskips til að keppa um lausavörusendingar (LCL) til og frá Íslandi. Hvað sem þessu líður höfðu þessar áhyggjur frá (E)starfsm í Bretlandi, líkt og áhyggjur frá Danmörku, ekki þau áhrif að fallið yrði frá umræddri verðhækkun. Hún tók gildi 5. janúar 2009 eins og ráð var fyrir gert um miðjan desember 2008.
4143. Sem fyrr segir tók veruleg verðhækkun Samskipa gildi fjórum mánuðum fyrr, 1. september 2008. Gögn málsins sýna að yfirmaður Samskipa á skrifstofu fyrirtækisins í Rotterdam hafði áhyggjur af samkeppnisstöðunni gagnvart Eimskip í kjölfar þessarar hækkunar. Frá Íslandi bárust hins vegar þau svör að stjórnendur Samskipa hér á landi teldu ljóst að Eimskip myndi ekki bregðast við þessari hækkun með því að bjóða betri kjör í því skyni að ná til sín óánægðum viðskiptavinum Samskipa.²⁰⁷³ Þessar áhyggjur leiddu því ekki til þess að fallið yrði frá þessari hækkun. Áhyggjur (E)frkvstj-Dk og (E)starfsm leiddu sem fyrr segir ekki heldur til þess að stjórnendur Eimskips hér á landi breyttu fyrirætlunum sínum um verðhækkun í janúar 2009 enda taldi Eimskip sig vita að Samskip myndu hækka verð í byrjun næsta árs, sbr. framangreindir tölvupóstar (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-vörubröun frá 11. desember 2008. Það gekk eftir, sbr. umfjöllun hér á eftir um atvik í janúar 2009.
4144. Þann 17. desember 2008, átti (S)forstö-innfl1 á ný í samskiptum við (E)forstö-innfl. Eins og lýst er í kafla 8.1 áttu (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl í samskiptum um miðjan júní 2008 vegna samráðs fyrirtækjanna um hámarksafslátt („50% hámarkið“). Þá var fjallað um „neyðarsamkomulagið“ frá árinu 2001 og um „útvíkkað neyðarsamkomulag“ í samskiptum Eimskips og Samskipa í m.a. október og nóvember 2008, sbr. kafla 8.19 og áfram. Í samskiptum (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl 17. desember 2008 var fjallað aftur um 50% afslátt og „neyðarsamkomulagið“.
4145. Þennan dag sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl. Í honum kom fram að (S)forstö-innfl1 væri „með gamlan flutningsreikning sem eru ógreiddur vegna ágreinings.“ Sagði síðan að þessi ágreiningur tæki til uppskipunar (uppskipunargjalds). (S)forstö-innfl1 bætti svo við: „Ég hef látið gefa 50% afslátt af henni. Þið fáið sendan nýjan reikning“²⁰⁷⁴ (E)forstö-innfl svaraði samdægurs og í tölvupósti hans sagði: „Þessi flutningur er fyrir mína tíð hér en spurning hvort þú manst eftir þessu héðan? En er ekki eðlilegast að notast við neyðarsamkomulagið frá 2001 x 2 og gate/gate eins og

²⁰⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.469387.

²⁰⁷² Væntanlega átt við beiðni til birgja Eimskips um að fresta greiðslu á útstandandi reikningum.

²⁰⁷³ Þessi vísar stjórnenda Samskipa um lítil viðbrögð Eimskips endurspeglast í gögnum málsins allt samráðstímabilið eða þar til það fór að draga úr samráðinu í lok tímabilsins. Eins og hér hefur verið rakið voru atvik þau að Samskip unnu að hækkun m.a. gagnvart mikilvægum viðskiptavinum eins og Vífilfelli og Rúmfatalagernum. Þetta voru viðskiptavinir sem samtímagögn sýna að leituðu síðan til Eimskips um tilboð t.d. árin 2009 og 2010, án þess að það skilaði árangri og endurnýjuðu Samskip flutningasamninga við þá viðskiptavini, sbr. t.d. atvik vegna Vífilfells árið 2009 í kafla 14.3 og atvik vegna Rúmfatalagersins árið 2010 í kafla 14.23. Hér vísast einnig til atvika vegna N&O árið 2010 og Öskju sama ár, sbr. umfjöllun í köflum 14.25 og 14.30.

²⁰⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.702598.



venjan hefur verið? Við höfum mér vitanlega ekki innheimt svona upphæðir hjá ykkur fyrir það sem við höfum flutt fyrir ykkur."²⁰⁷⁵

4146. Síðar sama dag svaraði (S)forstö-innfl1 tölvupósti (E)forstö-innfl : „Auðvitað er það eðlilegt. Skoðaði ekki fraktina. Kíkti bara að commentíð frá RTJ. Laga fraktina líka."²⁰⁷⁶
4147. „Neyðarsamkomulagið x 2“ vísar til ólögmatrar samvinnu Eimskip og Samskipa um „venjulega“ flutninga til og frá Evrópu. Höfðu fyrirtækin náð saman um verð að því leyti. Umrætt verð var handskrifað á eintakið af samkomulaginu frá 2001, sbr. m.a. kafla 5.4.
4148. Samskip og Eimskip áttu árinu 2009 í frekari samskiptum vegna samráðs fyrirtækjanna um hámarksafslátt, sbr. kafla 14.12 og 14.56.
4149. Í byrjun árs 2009 var nýr Norður-Ameríku samningur undirritaður og bæði Eimskip og Samskip hækkuðu verð. Verður nú vikið að þessum og öðrum atvikum sem áttu sér stað í upphafi ársins.
4150. Fjallað er um athugasemdir Samskipa er varða framangreinda umfjöllun í kafla 26.13 og 26.56. Athugasemdir Samskipa fá ekki breytt mati Samkeppniseftirlitsins.

10.6. Fundur, verðhækkun og önnur atvik í byrjun árs 2009

4151. Verðhækkunarir voru meðal fyrstu viðfangsefna Samskipa og Eimskip í upphafi árs 2009. Einnig héldu samskipti fyrirtækjanna áfram. Atvik mánudaginn 5. janúar 2009 draga þetta skýrt fram:

- Að morgni 5. janúar 2009 (kl. 09:04) sendi (S)forstö-innfl1 undirmönnum sínum tölvupóst með heitinu „Hækkunarir 1. jan“. Þar kemur eftirfarandi fram:

„Það eru nokkrir samningar sem eiga hækka nú um áramótin. Hér að neðan er listi yfir þá samninga sem ég man eftir. Eru einhverjir fleiri sem eiga að hækka?“

Húsmiðjan Nýr samningur um hækkunarir – (S)viðskstj1

Rúmfatalagerinn Hækkar samkvæmt samningi – (S)viðskstj- ath að hækka einnig tengd félög, s.s. Ilva og Pier.

Aðföng (S)viðskstj1 ákveður hækkun

Hekla 3% hækkun samkvæmt samningi.

Íslensk Ameríska Nýr samningur um hækkun- (S)viðskstj1- ath að hækka einnig tengd félög ss Mekka.

Það þarf að skoða sérstaklega hvaða gjöld taka hækkunum. Í sumum tilvikum er samningurinn bundinn vísitölu [...].“²⁰⁷⁷

- Kl. 09:45 sendi (S)starfsm tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og spurði: „Hvenær eigum við von á kreditreikning frá Eimskip [vegna eftirágreidds afsláttar].“ (S)forstö-innfl1 svaraði kl. 10:00 og sagði að Eimskip væri að „fara yfir þetta. Við [(S)frkvstj-millilandasv] hittum þá á fundi á miðvikudag. Ég rek á eftir þessu þá.“²⁰⁷⁸

²⁰⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.702806.

²⁰⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.702810.

²⁰⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.705267.

²⁰⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.705316.



- Kl. 11:38 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)frkvstj-EimÍsl (afrit (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl) og staðfesti fund miðvikudaginn 7. janúar 2009.²⁰⁷⁹
- Kl. 11:56 sendi (S)forstö-innfl1 undirmönnum sínum annan tölvupóst vegna hækkunar á verði. Sagði hann að allir „viðskiptavinir okkar sem eru með samninga í ISK eru með sérstakt lágmarksgjald. Það er oft í kringum 16.000 ISK.“ Gaf hann þau fyrirmæli að lágmarksgjaldið yrði hækkað í rúmlega 31 þúsund krónur.²⁰⁸⁰
- Kl. 12:02 greindi (E)forstö-vörubrúun frá því að Eimskip hefði ákveðið að leggja á nýtt gjald á viðskiptavinum. Sendi hún eftirfarandi tölvupóst til fjölmargra hjá Eimskip: „Collection fee verður frá og með janúar 2009 innheimt í öllum lestunarhöfnum Eimskips. SAP reiknar gjaldið sjálfvirkt 10% á viðeigandi gjöld út frá Inco terms.“²⁰⁸¹
- Kl. 12:23 svaraði (E)forstö-innfl tölvupósti sem (E)forstö-vörubrúun hafði sent honum 29. desember 2008. (E)forstö-vörubrúun hafði þann dag sent tölvupóst til m.a. (E)forstö-innfl þar sem fjallað var um verðhækkunina sem starfsmönnum Eimskips hafði verið tilkynnt um 11. desember 2008 og taka átti gildi 5. janúar 2009. Í tölvupósti (E)forstö-vörubrúun frá 29. desember 2008 sagði m.a. „það verður gerð gjaldskrárbreyting á þjónustugjöldum okkar í EU höfnum í viku 2, 2009 og tekur gildi fyrir allar sendingar sem fara úr lestunarhöfnum frá og með þeim degi, hvort sem er um að ræða inn eða útflutning frá [Íslandi]. [...] (E)forstö-útfl og (E)forstö-innfl og/eða (E)viðskstj2 ákveða hvort sent verður bréf til viðskiptamanna vegna breytinga á gjöldum í EU höfnum okkar.“²⁰⁸² (E)forstö-innfl svaraði þessu sem fyrr segir kl. 12:23 þann 5. janúar 2009: „Við sendum ekki út bréf fyrir ári síðan varðandi breytingar á gjaldskrá þjónustugjalda erlendis og ég held að við gerum það ekki héðan af varðandi þessar breytingar núna. Þurfum þó að þekkja þær og fara yfir þær með völdum viðskiptavinum sem og þeim er biðja um upplýsingar.“²⁰⁸³

4152. Auk (1) hækkunar á þjónustugjöldum í erlendum höfnum og (2) upptöku nýs gjalds í sjóflutningum („collection fee“) tók Eimskip upp (3) nýtt gjald í landflutningum hér á landi, svonefnt stykkjavörugjald. Í fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips frá 6. janúar 2009 var þetta gjald skilgreint sem: „Nýtt gjald per einingu umfram 1. stk. per sendingu.“ Í tölvupósti (E)forstö-landfl2 til m.a. (E)frkvstj-innanl daginn eftir er þetta gjald útskýrt og bent á að „áætlað er að þetta gjald gefi mun betur af sér en gjaldskrárhækkun.“²⁰⁸⁴ Tilkynnti (E)forstö-landfl2 , forstöðumaður landflutninga hjá Eimskip, síðar að gjaldið myndi gefa Eimskip rúmlega 50 milljónir kr. í tekjur á ári án þess að kostnaður kæmi á móti. Þá útskýrði (E)forstö-landfl2 að með gjaldinu væru Eimskip að „elta Samskip sem tóku upp þetta gjald um mitt ár 2008“.²⁰⁸⁵

4153. Þann 6. janúar 2009 sendi starfsmaður Eimskips á Reyðarfirði tölvupóst til (E)frkvstj-skiparekst með heitinu „Samskip“. Sagði í honum að með Dettifossi hafi komið „nokkrir Samskip gámar og mér er sagt að þú vitir allt um verðið í þetta hingað austur.“²⁰⁸⁶ (E)frkvstj-skiparekst upplýsti samstarfsmenn sína um hvaða verð gildi gagnvart Samskipum. Til viðbótar sendi hann sama dag eftirfarandi tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl:

„Tel eðlilegt, þar sem þið eruð að vinna samning(a) við Samskip, að þið séuð inn í slíkum málum og hafið umsjón með þeim þ.m.t. verðlagningu og að ekki séu of margir kokkar í að hræra í pottinum.“²⁰⁸⁷

²⁰⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.472000.

²⁰⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] ID. 0.7.33.705433.

²⁰⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.126502.

²⁰⁸² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.711013.

²⁰⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.126504.

²⁰⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.297240.

²⁰⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.56730.

²⁰⁸⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.44501.

²⁰⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.44522.



4154. (E)frkvstj-EimÍsl svaraði sama dag og sagði: „Rétt er það. Mun fylgja þessu eftir.“²⁰⁸⁸ Daginn eftir áttu (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl fund með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1.
4155. Varðandi framangreinda tölvupósta (E)frkvstj-skiparekst vísast til kafla 9.12.1 og 11.14.1. Þar er rökstutt að hluti af samráði Samskipa og Eimskips vegna takmörkunar á flutningsgetu og breytingu á siglingakerfum á síðari hluta ársins 2008 hafi falist í gagnkvæmum flutningum á gámum milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. Höfðu fyrirtækin náð saman um verð sem gildi um flutninga Eimskips fyrir Samskip og öfugt. Er það verðið sem (E)frkvstj-skiparekst veitti upplýsingar um og vildi tryggja að aðrir stjórnendur sem „vinna samning(a) við Samskip“ hefðu fulla vitneskju um þetta samstarf við Samskip.
4156. Fjallað er um athugasemdir Samskipa um atvik í upphafi árs 2009 í kafla 25.39.2. Athugasemdir Samskipa eru ekki í samræmi við samtímagögn og breyta ekki að háttsemi fyrirtækisins fór gegn 10. gr. samkeppnislaga.

10.6.1. Fundur Samskipa og Eimskips 7. janúar 2009

4157. Þann 7. janúar 2009 hittust (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl á fundi. Var á fundinum m.a. rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið „Sameiginlegur rekstur skipaafgreiðslu“. Var þannig tekið fram að eitt verkefna í vinnslu væri;
- „landkranar, samstarf við EI [Eimskip]“.²⁰⁸⁹
4158. Ræddu þannig æðstu stjórnendur Samskipa um samstarf við Eimskip sama dag og fundað var með því fyrirtæki. Hér ber að rifja upp að stuttu áður eða á aðfangadag, 24. desember 2008, sendi (E)forstj sjálfum sér verkefnalista. Eitt verkefnanna varðaði einnig þann verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til samstarfs við Samskip í skipaafgreiðslu:
- „65. Hugmynd ad terminal fyrirtaeki“.
4159. Sendi (E)forstj þennan verkefnalista til (E)frkvstj-alþjsv.²⁰⁹⁰
4160. Voru þannig (S)aðaleig-stjform-SH, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv, meðlimir í „Nýtt upphaf“ vinnuhópnum, að fjalla um verkþáttinn „Sameiginlegur rekstur skipaafgreiðslu“ um áramótin 2008/2009. Í kafla 10.7.1 er fjallað nánar um atvik tengd samstarfi fyrirtækjanna í skipaafgreiðslu, sbr. einnig kafla 11.19.1 og 19.
4161. Annað sem var til umfjöllunar á fundi (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl 7. janúar 2008 var „strategía á markaði“.
4162. Þennan sama dag, nánar tiltekið kl. 11:00 þann 7. janúar 2009, áttu (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl fund með (E)forstj til þess að ræða m.a. Samskip. Sá fundur varðaði m.a. Samskip og var til undirbúnings fundinum með Samskipum eftir hádegi.²⁰⁹¹

²⁰⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.306680.

²⁰⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.549441. Um er að ræða vikulega fundi framkvæmdastjórnar Samskipa. Samskip afhenti fundargerðir framkvæmdastjórnar fyrir þessa vikulegu fundi, eða til 14. viku ársins 2009. Í þeim fundargerðum má sjá að þessi umrædd verkefni um „landkrana, samstarf við Eimskip“ og „strategía á markaði?“ eru undir liðnum „Verk í vinnslu 2009“. Sjá t.d. afhent skjöl frá Samskipum. Afhent þann 22.11.2016 (viðauki 8). Fundargerðir framkvæmdastjórnar Samskipa, dags. 07.01.2009 og 01.04.2009.

²⁰⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.400816. Síðar sama dag sendi [...]. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.113717.

²⁰⁹¹ Afrituð tölvupóstssamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.403439. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.403470.



4163. Eftir hádegi sama dag, milli kl. 13:00 – 14:30 þann 7. janúar 2009, hittust (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-Eimísl og (E)frkvstj-flutnkerf aftur á fundi.²⁰⁹²
4164. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga. Á það meðal annars við um þennan fund fyrirtækjanna.
4165. Samkeppniseftirlitið vísar til umfjöllunar í kafla 8.15.5 og 13 um hin reglubundnu samskipti umræddra stjórnenda Eimskips og Samskipa og til hvaða atriða bæri að horfa í því samhengi.
4166. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um þennan fund eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum.²⁰⁹³ Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispunktur sem teknir hafa verið saman á fundinum.
4167. Í dagbók (S)forstö-innfl1 má sjá að strax eftir fundinn með Eimskip þann 7. janúar 2009 var haldinn innanhússfundur hjá Samskipum með heitinu „Markaðurinn“. Boðaðir á þann fund voru (S)aðaleigstjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útl.²⁰⁹⁴ Sem fyrr segir hafði á fundi (S)aðaleigstjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl sama dag verið til umfjöllunar „stragetía á markaði“.
4168. Gögn Samskipa og Eimskips frá 9. janúar 2009 sýna hver var markaðsstefna fyrirtækjanna í innflutningi á þessum tíma. Ekki átti að keppa um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars enda hefði slík samkeppni sett markmið um verðhækkningar í uppnám. Þess í stað ætluðu Samskip og Eimskip að einbeita sér að „minni viðskiptavinum“. Er þessu nánar lýst í kafla 14.1.

10.6.2. Atvik tengd nýjum Norður-Ameríku samningi

4169. Gögn málsins sýna að 7. janúar 2009 undirrituðu Eimskip og Samskip nýjan samning milli fyrirtækjanna um flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku (e. Confidential Contract of Carriage).²⁰⁹⁵ Var samningurinn undirritaður af (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-Eimísl. Verður að telja þessi samningur hafi verið undirritaður á framangreindum fundi fyrirtækjanna sem hófst kl. 13:00 þennan sama dag.
4170. Þessi samningur fól í sér samkomulag um áframhaldandi samstarf og samnýtingu skipa á þessari flutningaleið og ljóst að Samskip myndu t.a.m. ekki sinna þessum áætlunarflutningum alfarið upp á eigin spýtur (t.d. með því að sigla eigin skipi eða með TA-flutningum til og frá Íslandi að flestu eða öllu leyti). Var þetta í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins, minnisblað (S)frkvstj-millilandasv frá 7. og 9. júlí 2008 og ein af fleiri samráðsaðgerðum sem tengdust siglingakerfum fyrirtækjanna, samnýtingu þeirra og takmörkun á flutningsgetu.
4171. Af gögnum málsins má sjá að fyrirtækin hafi eftir undirritun samningsins haldið samstarfi eða fyrirkomulagi fyrir „utan samning“. Ber hér að rifja upp að í tölvupósti (E)forstö-innfl 14. október 2008 til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-Eimísl) fjallaði (E)forstö-innfl um það samkomulag sem hann taldi hafa náðst um milli Eimskips og Samskipa. Í tölvupóstinum sagði (E)forstö-innfl að samningi verði stillt upp á „lögformlegan hátt“ og muni hann

²⁰⁹² Samkvæmt fundarboði sem fannst í afrituðum gögnum frá Samskipum var bókaður fundur milli Samskipa og Eimskips síðar þennan sama dag, 7. janúar 2009. Fundarboðið hefur heitið „Eimskip – USA samningur“ og er fundurinn bókaður í dagbókinni hjá [...] í einn og hálfan tíma, frá kl. 13:00 til 14:30. Fundurinn er staðsettur hjá keppinautum, þ.e. í húskynnum Eimskips. Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.705410.

²⁰⁹³ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.

²⁰⁹⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.548380.

²⁰⁹⁵ Samninginn er m.a. að finna í afrituðu tölvuskjali frá Eimskip „20090107163702823.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.477533.



koma til þeirra eintaki til yfirlstrar mjög fljótlega. Af gögnum málsins, þ. á m. svörum (S)forstö-innfl1 við tölvupósti (E)forstö-innfl, er talið að með „lögformlegan hátt“ hafi (E)forstö-innfl vísað til þess að efni samningsins væri gert samþýðanlegt samkeppnisreglum en þar inni væri þá ekki getið um samstarf sem lykilstjórnendur höfðu rætt og komið sér saman um á fundum þeirra eða öðrum samskiptum um að halda fyrir „utan samning“. Samkvæmt tölvupóstsamskiptum umræddra stjórnenda Samskipa og Eimskips var unnið að því að halda „utan samnings“ eftirfarandi samstarfi eða fyrirkomulagi:²⁰⁹⁶

- Flutningum Eimskips á tómunum kæli- og frystigámum fyrir Samskip milli hafna í Bandaríkjunum án endurgjalds.
- Tekið út úr samningi og gerður hliðarsamningur milli aðila um greiðslufyrirkomulag, þ.e. samið um að Samskip hf. greiddu til Eimskips á Íslandi (í stað Samskip Inc.).
- Samstarf í vöruhúsaþjónustu í Norður-Ameríku (og afslátt af flutningsgjaldi í tengslum við það).
- Samstarf um notkun á gámagrindum.

4172. Um framangreint vísast einnig til tölvupóstsamskipta (E)forstö-innfl milli (S)frkvstj-millilandasv 8. janúar 2009. Þá var nýr samningur fyrirtækjanna sendur undirritaður í viðhengi. Af tölvusamskiptunum má sjá að stjórnendurnir hefðu sömuleiðis komist að munnlegu samkomulagi á fundinum 7. janúar 2009 um „verkefni“ sem yrðu unnin áfram, þ.á m. því sem var haldið utan samnings eða átti að vinna áfram að. Í viðhengi voru drög að yfirlýsingu vegna greiðslufyrirkomulags sem Samskip ætluðu að undirrita. Þá var vísað til þess að „okkar menn [Samskipa og Eimskips] í Virginíu“ myndu „eins og við ræddum“ skoða „notkun á gámagrindum fyrir vesta og vöruhúsaþjónustu í Richmond“. Einnig kom fram að afgangið á „afslætti samkvæmt samkomulagi“ yrði afgangið „fljótlega“.²⁰⁹⁷ Þegar fyrirtækin sóttu um undanþágu skv. 15. gr. þágildandi samkeppnislaga til Samkeppniseftirlitsins fylgdu hvorki gögn né upplýsingar um aukið samstarf eða þau atriði sem var haldið „utan samnings“.
4173. Í mgr. 15 – 19 í bréfi Samskipa dags. 24. mars 2023 er fjallað um áðurnefnda tölvupósta (E)forstö-innfl og (S)frkvstj-millilandasv frá 8. janúar 2009. Hafna Samskip því að samskipti fyrirtækjanna sýni fram á ólögmeitt samráð og að undanþága skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga (sbr. ákvörðun nr. 46/2009) hafi verið veitt á grundvelli rangra og villandi upplýsinga.
4174. Fram kemur í bréfi Samskipa að í samskiptum (E)forstö-innfl og (S)frkvstj-millilandasv hafi verið listuð upp „ýmis eðlileg atriði í tengslum við framangreinda þjónustu, þ.e. flutninga á gámum milli hafna innan Bandaríkjanna, sem þurfti að fá á hreint á milli félaganna.“ Hvað varði „greiðslufyrirkomulagið þá [hafi] samningurinn [verið] á milli Samskip Inc. í Bandaríkjunum og Eimskipafélagsins að kröfu FMC. Til þess að komast hjá því að greiðslur vegna þjónustunnar þyrftu að fara milli landa með tilheyrandi kostnaði og töfum [hafi] verið ákveðið að eðlilegast væri að greiðslur [myndu berast] frá Samskipum til Eimskips á Íslandi.“ Því hafi verið gert „sérstakt samkomulag um slíkt greiðslufyrirkomulag“. Segja Samskip að í samskiptum (E)forstö-innfl og (S)frkvstj-millilandasv 8. janúar 2009 sé einnig „vitnað til þess að skoða þyrfti „notkun á gámagrindum fyrir vestan og vöruhúsaþjónustu í Richmond.““ Í viðræðum Samskipa og Eimskips hafi verið „rætt um mögulega þjónustu Eimskips varðandi móttöku á LCL vörum í Richmond fyrir Samskip. Ekkert [hafi orðið] af slíku samstarfi og Samskip [hafi haldið] vörumóttöku sinni í Norfolk óbreyttri.“ Segja Samskip að orðalag í þessum samskiptum (E)forstö-innfl og (S)frkvstj-millilandasv gefi skýrt til kynna að í viðræðunum hafi einnig verið rætt um þann möguleika að Samskip fengju „afnot af gámagrindum [frá Eimskip] sem félagið myndi nýta í Bandaríkjunum.“ Segja Samskip að

²⁰⁹⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti [...]

²⁰⁹⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti [...] Doc. ID. 0.7.33.474718.



um hafi verið að ræða „*hugleiðingar sem ekkert varð svo af*“. Segja Samskip að „*þessi samningur [sé] eftirlitinu alls óviðkomandi enda [hafi] hann varðað fyrrgreinda þjónustu innan Bandaríkjanna*“.

4175. Ekkert í þessari umfjöllun Samskipa hrekur niðurstöðu um brot Samskipa og ályktanir Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun þessari um samskipti fyrirtækjanna, þ.á m. tölvupóstsamskipti (E)forstö-innfl og (S)frkvstj-millilandasv 8. janúar 2009.
4176. Að mati Samkeppniseftirlitsins er framangreind umfjöllun Samskipa þannig frekar til þess fallin að styrkja niðurstöðu um að í samræmi við „*Nýtt upphaf*“ verkefni fyrirtækjanna hafi í samskiptum Samskipa og Eimskips á seinni hluta árs 2008, vegna verkþáttarins sem tók til slotsamninga í siglingakerfinu, verið unnið að því að auka enn frekar samstarf þeirra sem tengdist Norður-Ameríku flutningum. Áður hafi samstarf Samskipa og Eimskips „*utan*“ samningsins samkvæmt upplýsingum Samskipa tekið til endurgjaldslausu flutninga milli hafna í Bandaríkjunum og samskiptin tekið til þess að halda því áfram og auka samvinnu enn frekar með því láta samstarfið ná til vöruhúsaþjónustu í Bandaríkjunum vegna flutninganna o.fl.²⁰⁹⁸
4177. Þá leggja Samskip ekkert fram til stuðnings þeirri staðhæfingu að fyrirtækin hafi hætt við skoðun á samstarfi „*utan*“ samnings um notkun á gámagrindum vegna flutninganna.
4178. Eins og rakið er í kafla 4.2 er um ólögmætt samráð fyrirtækja að ræða óháð því hvort allir þættir þess komast á framkvæmdastig. Það dugar því ekki hjá Samskipum að vísa til þess að samskipti fyrirtækjanna um samstarf í vöruhúsaþjónustu og notkun á gámagrindum í Bandaríkjunum hafi ekki leitt til niðurstöðu.
4179. Eins og áður segir byggja Samskip á því að að samvinna Samskipa og Eimskips „*innan Bandaríkjanna*“ hafi verið Samkeppniseftirlitinu „*óviðkomandi*“. Ekki er fallist á þetta. Af skýrum samtímagögnum má sjá að samvinnan var þáttur í samstarfi fyrirtækjanna í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Fyrir liggur að samstarfið fór gegn 10. gr. samkeppnislega. Samkvæmt ákvæði 3. gr. samkeppnislaga breytir engu um þótt einstaka þættir samstarfsins eða samskiptanna hafi komið til framkvæmda innan landsvæðis Bandaríkjanna t.d. vegna vöruhúsaþjónustu sem tengdist flutningum til og frá Íslandi, samstarfs í flutningum á gámum sem komu til og frá Íslandi milli hafna í Bandaríkjunum eða samstarfs við leigu og notkun á gámagrindum vegna flutninga á vöru til og frá Íslandi.
4180. Samskip og Eimskip áttu ekki bara í samskiptum um og hrintu til framkvæmda auknu samstarfi sem var „*utan*“ samnings vegna Norður-Ameríku. Þannig tóku fyrirtækin upp gámasterf (sem var innan samningsins 7. janúar 2009) m.a. á þessari siglingaleið, sbr. umfjöllun um ólögmætt gámasamstarf Samskipa og Eimskips í köflum 8.17.1, 8.17.16, 10.6.2, 11.19.2 og 18. Framangreind atvik, hvort sem var innan eða utan samnings, voru í samræmi við markmið „*Nýtt upphaf*“ verkefnis fyrirtækjanna. Rétt er að draga atvik vegna gámasamstarfsins stuttlega saman, sbr. kafla 11.19.2.
4181. Um samskipti um gámasamstarf í Norður-Ameríkuflutningum vísast til tölvupósts (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-millilandasv 5. október 2008, þar sem fundur fyrirtækjanna daginn eftir var undirbúinn. Þar átti m.a. að ræða „*Gáamál í USA*“, sbr. einnig tölvupóst (E)frkvstj-EimÍsl til (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutnkerf (afrit til (S)forstö-innfl1) dags. 10. og 11. desember 2008, um að gámasamstarf tæki hvort tveggja til þegar Samskip notaði tóma gáma frá Eimskip og öfugt (frá öllum viðkomuhöfnum í Bandaríkjunum og Kanada) og aukið gámasamstarf tæki ekki eingöngu til kæli- og frystigáma eins og áður hafði verið ákveðið milli stjórnendanna heldur þurrigáma einnig. Hér má nefna að í Norður-Ameríku samningi fyrirtækjanna frá 9. desember 2010 var sama háttarlagið á hjá stjórnendum fyrirtækjanna. Fyrirtækin gerðu þá „*hliðarsamning*“ við Norður-Ameríku samning þeirra sem hvorki var afhentur FMC né Samkeppniseftirlitinu.

²⁰⁹⁸ Sbr. einnig mgr. 1102 í athugasemdum Samskipa við AI.



4182. Þessar viðræður Samskipa og Eimskips seinna hluta árs 2008 um gámasamstarf skiluðu niðurstöðu en í áðurnefndum nýjum samningi fyrirtækjanna vegna Norður-Ameríku frá 7. janúar 2009 var að finna ný ákvæði um aukið samstarf í gáamálum. Í hnotskurn fól þetta aukna samstarf í sér að Eimskip útvegaði Samskipum tóma gáma fyrir flutningana ef Eimskip hafði slíka gáma til reiðu. Sýna gögn málsins að allt að helmingur af gámum sem Samskip notuðu fyrir innflutning frá Norður-Ameríku voru gámar frá Eimskips og afgangurinn voru eigin gámar Samskipa, sbr. kafla 14.33.6.2.
4183. Í mgr. 21 í bréfi Samskipa, dags. 24. mars 2023, staðfesta Samskip að meginreglan hafi verið sú að Eimskip útvegaði Samskipum gáma til innflutnings en meginreglan varðandi útflutning var sú að Samskip notuðust við eigin gáma.
4184. Þegar samtímagögn eru virt í heild sýna þau að gámasamstarf Eimskips og Samskipa í Norður-Ameríku var einn hluti af stærra samkomulagi um að fyrirtækin myndu aðstoða hvort annað með gáma óháð flutningaleiðum eða staðsetningu gáma hverju sinni, sbr. einnig samkomulag Samskipa og Eimskips vegna sjóflutninga tengdum Reyðarfirði sbr. t.d. tölvupóst (E)frkvstj-skiparekst til (E)starfsm dags. 12. nóvember 2008, drög að gámaleigusamningi Samskipa og Eimskips frá 2. október 2008 og „skilgreint verklag“ vegna flutninga og gámanotkunar fyrirtækjanna fyrir Alcoa, sbr. kafla 9.11, 9.12.1, 11.13.4.1, 11.14.1, 12.1.5 og 18.
4185. Í aðdraganda þess að fyrirtækin endurnýjuðu Norður-Ameríku samninginn í árslok 2010 ræddu fyrirtækin enn víðtækara gámasamstarf vegna Norður-Ameríku. Í endurnýjuðum samningi fyrirtækjanna um Norður-Ameríku flutninga árið 2010 fólst að gámasamstarfið í Norður-Ameríku var aukið enn frekar. A.m.k. er ljóst að fyrirtækin héldu áfram gámasamstarfi sínu á þessari flutningsleið og raunar hélt samstarfið áfram allt rannsóknartímabilið. Gámasamstarfið varð til þess að auka enn á tíð samskipti fyrirtækjanna vegna framkvæmdar á samningnum.
4186. Ljóst er að uppgjör á eftirágreiddum afslætti vegna flutninga Eimskips fyrir Samskip á árunum 2006 – 2008 tengdist gerð hins nýja samnings. Líkt og ákveðið hafði verið á fundi stjórnendanna 7. janúar 2009 var unnið að uppgjöri þessa afsláttar í framhaldinu, sbr. m.a. tölvupóst frá (E)forstö-innfl, dags. 21. janúar 2009, til (S)kostneftirl, afrit til m.a. (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1.²⁰⁹⁹ Sama dag sendi (E)viðskstj tölvupóst til (S)forstö-innfl1, dags. 21. janúar 2009 (framsendi tölvupóst sem sendur hafði verið til (S)frkvstj-millilandasv). Hinn framsendi tölvupóstur hljóðaði svo:

„Ég vil biðja þig að samþykka neðangreindar tölur áður en ég geng frá kreditnótunni vegna afsláttarins. Nótan verður klár um leið og ég fæ „go“ frá þér.

Tímabilið:

1/10 2006 – 30/9 2007

Fyrir fyrstu 600 Teus er velta USD 598.260 og 5% afsláttur eða USD 29.913

Fyrir umfram 600 Teus er velta USD 175.606 og 10% afsláttur eða USD 17.560

1/10 2007 – 30/9 2008

Fyrir fyrstu 600 Teus er velta USD 630.607 og 5% afsláttur eða USD 31.530

Fyrir umfram 600 Teus er velta USD 278.615 og 10% afsláttur eða USD 27.861

Samtals kreditnóta USD 106.864

Gengi USD 129,14 m.v daginn í dag

ISK 13.800.416²¹⁰⁰

²⁰⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.711745.

²¹⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.711780.



4187. (S)frkvstj-millilandasv svaraði tölvupósti (E)viðskstj daginn eftir og samþykkti framangreint. Framsendi hann það samþykki til (S)forstö-innfl.²¹⁰¹
4188. Þann 26. janúar 2009 sendu Samskip og Eimskip erindi til Samkeppniseftirlitsins og óskuðu eftir undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga vegna samningsins frá 7. janúar 2009, sbr. þágildandi 15. gr. laganna.
4189. Fyrir liggur að samvinna Eimskips og Samskipa í flutningum til og frá Norður-Ameríku hefur farið gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 13/1997.
4190. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2003 var fjallað um erindi Samskipa frá 25. september 2002. Í því var óskað eftir að samkeppnisyfirvöld staðfestu að samningur fyrirtækisins við Eimskip um flutninga á sjóleiðinni milli Íslands og Norður-Ameríku bryti ekki gegn 10. gr. samkeppnislaga. Að öðrum kosti óskuðu Samskip þess að samkeppnisyfirvöld myndu veita þessu samstarfi fyrirtækjanna undanþágu frá banni samkeppnislaga við samráði keppinauta. Samkeppnisráð féllst ekki á það með Samskipum að umræddur samningur færi ekki gegn 10. gr. samkeppnislaga. Hins vegar taldi ráðið að forsendur væru til þess að veita undanþágu. Með úrskurði í máli nr. 9/2003 staðfesti áfrýjunarnefnd samkeppnismála umrædda ákvörðun samkeppnisráðs.
4191. Þann 31. ágúst 2004 féll úr gildi undanþága frá banni 10. gr. samkeppnislaga vegna samvinnu Eimskips og Samskipa í siglingum til og frá Norður-Ameríku, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2003. Var engin undanþága til staðar frá 1. september 2004 til 22. desember 2009.
4192. Þrátt fyrir þetta hélt þessi samvinna fyrirtækjanna áfram og var um að ræða áframhaldandi ólögmætt samráð að þessu leyti frá 1. september 2004 til 22. desember 2009, þegar undanþága var veitt að nýju. Framangreind tölvupóstsamskipti Samskipa og Eimskips 21. janúar 2009 staðfesta ólögmætt samráð Eimskips og Samskipa í flutningum til og frá Norður-Ameríku á árunum 2006 – 2008. Er þetta einnig staðfest í sátt Samkeppniseftirlitsins við Eimskip.
4193. Engu breytir um ólögmæti þessa þótt á ný hafi verið sótt um undanþágu fyrir samstarfi. Slíkar beiðnir viku ekki til hliðar banni samkeppnislaga við ólögmætu samráði keppinauta. Það var aðeins ákvörðun á grundvelli þágildandi 15. gr. samkeppnislaga sem gat vikið til hliðar banni 10. gr. laganna. Þetta mátti Samskipum vera ljóst. Innan Eimskips var full vitneskja um þá áhættu gagnvart samkeppnislögum sem fyrirtækin tóku með umræddu samstarfi þegar engin undanþága skv. 15. gr. samkeppnislaga var í gildi, sbr. drög að bréfi þáverandi framkvæmdastjóra lögfræðisviðs Eimskips til Samskipa frá febrúar 2008 sem lýst er í kafla 7.5.5.2.
4194. Í framangreindu erindi Samskipa og Eimskips frá 26. janúar 2009 var því haldið fram að þessi samvinna fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum myndi hafa jákvæð áhrif á samkeppni. Hún myndi gera Samskipum betur kleift að keppa við Eimskip. Var staðhæft að markmið „*umbjóðenda okkar með samningnum er að samkeppni ríki á viðkomandi markaði reglubundinna beina sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku, til hagsbóta fyrir neytendur.*“
4195. Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009, dags. 22. desember 2009, var samningi Samskipa og Eimskips frá 7. janúar 2009 veitt undanþága frá samráðsbanni 10. gr. samkeppnislaga. Sú undanþága gildi til 31. desember 2010.
4196. Í undanþágubeiðni Eimskip og Samskip veittu fyrirtækin engar upplýsingar um allt það samstarf og samskipti sem hafði átt sér stað fram til 26. janúar 2009 og lýst hefur verið í ákvörðun þessari. Fyrirtækin upplýstu t.d. ekki um það afar mikilvæga atriði að umræddur samningur hafi verið liður í umfangsmikilli samvinnu fyrirtækjanna seinni hluta árs 2008, sbr. til dæmis glærुकyningin um „*Verkefnið Nýtt upphaf*“ frá 8. og 9. júní 2008 og minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv frá 7. og 8. júlí 2008. Þá gáfu fyrirtækin í erindi þess ranglega til kynna að samkeppni ríkti á milli þeirra og að

²¹⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.482464.



markmið þessa samnings væri að auka samkeppni og bæta hag neytenda. Eins og áður segir var ekki upplýst um samstarf eða samskipti sem haldið var „*utan samnings*“ þrátt fyrir að þau atriði hefðu bein tengsl við samstarfið og samninginn.

4197. Til viðbótar ber að horfa til þess að í undanþágubeiðni Samskipa og Eimskips frá 26. janúar 2009 segir að samningurinn sé efnislega sambærilegur samningnum sem fjallað var um í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2003. Þá feli samningurinn í sér sömu skuldbindingu fyrir Samskip um flutninga með Eimskip og í fyrri samningnum, þ.e. 70 gámaeiningar á ári. Segir svo að samningsaðilar „*munu sjálfir sinna áfram öllum öðrum þáttum flutninga en þeim sem samningurinn tekur til*“.
4198. Átti framangreind lýsing í undanþágubeiðninni ekki við rök að styðjast, enda var samstarf fyrirtækjanna langt umfram það gildissvið sem samningurinn afmarkaði og sem var grundvöllur undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga. Á það m.a. við um gámaflutninga. Í beiðninni var ekki greint frá því víðtæka gámasamstarfi sem var á milli fyrirtækjanna, sbr. hér að framan um fundinn 6. október 2008 og samstarf og samninga í gámamálum eftir hann. Var þannig auk framangreinds ekki fjallað um aukið gámasamstarf t.d. um frystigáma, samning um frystigámaflutninga eða aðra þá samvinnu sem fyrirtækin höfðu sín á milli við flutning á gámum og fletum í kjölfar fundarins 6. október 2008, og í landflutningum. Þá ber að horfa til þess að samningurinn frá 7. janúar 2009 fól í sér breytingar sem tengdust BAF, sbr. umfjöllun hér að framan.
4199. Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009, dags. 22. desember 2009, var samningi Samskipa og Eimskips frá 7. janúar 2009 veitt undanþága frá samráðsbanni 10. gr. samkeppnislaga, sbr. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga. Sú undanþága gildi til 31. desember 2010. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að sú undanþága hafi verið veitt á grundvelli rangrar, villandi og ófullnægjandi upplýsingagjafar Eimskips og Samskipa í erindi þeirra 26. janúar 2009.
4200. Fyrirliggjandi gögn sýna reglubundið og umfangsmikið samstarf og samskipti Samskipa og Eimskips vegna Norður-Ameríkuflutninga allt rannsóknartímabilið. Áréttu ber að samvinna í Evrópu- og Norður-Ameríku flutningum og samvinna tengd gámum féll undir „*Nýtt upphaf*“ verkefnið og er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framangreind samskipti hafi verið liður í framkvæmd á því.
4201. Framangreind samskipti seinni hluta árs 2008 og byrjun árs 2009 voru tíð. Þá sátu fundina lykilstjórnendur hjá fyrirtækjunum sem m.a. komu að samkeppnislegri stefnumörkun þeirra og tóku ákvarðanir um verðlagningu á viðkomandi þjónustu. Höfðu Eimskip og Samskip tækifæri á þessum fundum að ræða hvers konar málefni sem tengdust flutningastarfsemi og hinu samfellda samráði fyrirtækjanna.
4202. Samskip og Eimskip endurnýjuðu samstarf í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku 9. desember 2010, sbr. kafla 14.33. Gildi samningurinn til 31. desember 2012. Á sama tíma endurnýjuðu fyrirtækin ólögmeitt samkomulag þeirra vegna Evrópuflutninga, svo nefnt „*neyðarsamkomulag*“. Engin undanþága samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga var í gildi vegna þessa samstarfs. Er það í samræmi við önnur gögn málsins um skeytingarleysi stjórnenda Samskipa gagnvart eftirfylgdi með samkeppnislögum og var þetta samstarf þáttur í samfelldu samráði fyrirtækjanna út rannsóknartímabil þessa máls.
4203. Til viðbótar við fyrirliggjandi samskipti starfsmanna fyrirtækjanna vegna daglegrar framkvæmdar samráðsins liggja fyrir gögn sem sýna að æðstu stjórnendur fyrirtækjanna áttu tíð samskipti vegna þessa á rannsóknartímabilinu. Þessi samskipti Eimskips og Samskipa drógu úr óvissu og sjálfstæði þeirra sem keppinauta m.a. varðandi verðlagningu til viðskiptavina. Styrktu þau framkvæmd samráðsins þ.á m. samfellda ólögmeita markaðsskiptingu um mikilvæga viðskiptavini.
4204. Í mgr. 1098 – 1120 í athugasemdum Samskipa við AI er fjallað um samráð um sjóflutninga til og frá Norður Ameríku. Samkeppniseftirlitið fjallar um athugasemdirnar í kafla 25.39.1 og 25.39.2, sbr. einnig kafla 27.



10.6.3. Stjórnarfundur Samskipa Holding 12. janúar 2009

4205. Stjórnarfundur Samskipa Holding var haldinn 12. janúar 2009 í París. Samkvæmt fundargerð voru eftirgreindir stjórnarmenn mættir á fundinn: (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjórnarm-H og (S)stjform-S. Einnig sátu fundinn m.a. (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-MCL, (S)forstj-frystig og (S)stjórnarm-fjármstj.²¹⁰² Í fundargerð kemur fram að (S)aðaleig-stjform-SH hafi haldið kynningu um uppgjör fyrir Ísland og var hún samkvæmt fundargerð meðfylgjandi.²¹⁰³
4206. Kynningin var ítarleg og fjallaði m.a. um þá erfiðu stöðu sem ríkti í íslensku efnahagslífi og áhrif þessa á flutninga. Sömuleiðis má sjá í kynningunni og fundargerðinni að á fundi stjórnarinnar hafi verið rætt um útlit og horfur fyrir árið 2009 á markaðnum á Íslandi. Rétt er að hafa í huga að kynning (S)aðaleig-stjform-SH á öllu framangreindu var tekin ítarlega upp í fundargerð stjórnar. Á hinn bóginn vekur sérstaka athygli að eftir að (S)aðaleig-stjform-SH hafði fjallað m.a. um og kynnt áhyggjur af innflutningi og þörf fyrir meira magn þá kemur eftirgreind glæra í kynninguna þar sem aðeins kemur þetta fram:



4207. Ekki er minnst á þessa glæru eða fjallað um hana í fundargerð stjórnarinnar. Við rannsókn málsins hefur ekki komið fram hvað valdi því að það sé ekki getið um það í fundargerð hvað þarna var rætt um á stjórnarfundinum. Vekur hins vegar eftirtekt að fram að þessari glæru hafði kynning (S)aðaleig-stjform-SH verið ítarleg ásamt því að í fundargerð stjórnarinnar hafði verið afritað orðrétt upp úr glærum (S)aðaleig-stjform-SH. Þegar kom að umræðulið um keppinautinn þá er honum sleppt í fundargerð og glæran efnislega auð. Í mgr. 1338 í athugasemdum Samskipa við AI er fjallað um

²¹⁰² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Minutes Board Meeting of Samskip Holding BV“. Fundargerð frá 12.01.2009. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.565206.

²¹⁰³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Glærukynning „5. jan 2009.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.564183.



þessa glæru og fundargerð. Segir að málefni keppinauta fyrirtækisins hafi ávallt verið til skoðunar. Ástæða þess að ekkert var bókað í fundargerð megi annað hvort rekja til þess að engin umræða hafi átt sér stað eða ekkert í þeirri umræðu hafi þarfnast bókonar í fundargerð. Þá kemur fram að afar lítill hluti umræðna á fundum skili sér í bókanir fundargerða og því sé engar ályktanir unnt að draga af því að ekkert hafi verið bókað um Eimskip í fundargerð Samskipa Holding.

4208. Samkeppniseftirlitið bendir á að Samskip útskýra ekki af hverju glæran um Eimskip var svona frábrugðin öðrum glærum í þessari glærुकynningu (S)aðaleig-stjform-SH. Er óhjákvæmilegt annað en að draga þá ályktun af glærुकynningunni í heild sinni að (S)aðaleig-stjform-SH hafi á stjórnarfundinum viljað fara yfir málefni sem vörðuðu Eimskip. Ella hefði hann ekki útbúið þessa glæru sem var hluti af glærुकynningu sem var farið yfir á fundinum. Líklegasta skýringin á því að ekkert efnislegt kemur fram á glærunni um Eimskip er að (S)aðaleig-stjform-SH hafi talið umfjöllunarefnið að því leyti það viðkvæmt að ekki væri við hæfi að birta áhersluatriði tengd því í glærunni, ólíkt því sem gert var varðandi aðra þætti í glærुकynningunni. Í ljósi yfirstandandi samráðs við Eimskip er líklegt að (S)aðaleig-stjform-SH hafi fjallað um samráðið við Eimskip. Ber í því sambandi að hafa í huga að fundargerðir Samskipa Holding eru ítarlegar og þess eðlis að ólíklegt þykir að almennt hafi farið fram umræða sem ekki hafi þótt ástæða til að geta um í fundargerð. Er líklegt að umfjöllun (S)aðaleig-stjform-SH um Eimskip og mögulegar tengdar umræður hafi verið þess eðlis að ekki hafi verið talið rétt að færa þetta til bókar.
4209. Ef vikið er að öðrum glærum í þessari kynningu (S)aðaleig-stjform-SH þá kemur m.a. fram í þeim að innflutningur Samskipa til Íslands hafi verið 45% undir áætlun í nóvember 2008. Þá má sjá í fundargerðinni og glærुकynningunni að (S)aðaleig-stjform-SH hafi fjallað um aðgerðir Samskipa á Íslandi frá síðasta ársfjórðungi 2008. Þar eru m.a. nefndar aðgerðir eins og almennar verðhækkanir, verðhækkanir gagnvart stórum viðskiptavinum og breytingar á siglingakerfinu:

SAMSKIP	Measures	Samskip hf.
Status on measures taken during last quarter:		
<div style="border: 1px solid red; padding: 10px;"><p>Price increases -general rate increases -special agreements</p><p>Staff</p><p>Systems -vessels -containers -trucks</p><p>Swedish services</p><p>Service level</p><p>Collections / cashflow</p></div>		
Ambitious budget for 2009 at Ebitda level of 1,050 mkr – an improvement of 250 mkr between years 2008 and 2009.		

4210. Í annarri glæru var lagt til grundvallar að útflutningur Samskipa hf. myndi aukast á árinu 2009 en hins vegar myndi innflutningur Samskipa hf. á árinu 2009 verða verulega minni en árin á undan. Kom



fram að á árinu 2007 hefði innflutningur Samskipa verið rúmlega 323 þúsund tonn en miðað var við að hann yrði rúmlega 140 þúsund tonn á árinu 2009. Engu að síður var áætlun fyrirtækisins fyrir árið 2009 „metnaðarfull“ („ambitious“) og gert ráð fyrir að EBITDA myndi aukast talsvert. Glærukynningin gefur einnig til kynna að á árinu 2009 hafi Samskip hf. ætlað að ná fram frekari hækkun á verði.

4211. Sýna þessi gögn vegna stjórnarfundar Samskipa Holding að Samskip á Íslandi hafði náð að hækka verð á seinni hluta ársins 2008 og gert var ráð fyrir frekari verðhækkun á árinu 2009 og betri afkomu. Er það í samræmi við önnur gögn málsins.
4212. Hér ber að líta til þess að á árinu 2009 voru Samskip með umfangsmikla flutningastarfsemi annars staðar í Evrópu, t.d. í Bretlandi, Þýskalandi, Írlandi og Svíþjóð. Var um að ræða bæði sjó- og landflutninga. Á mánaðarlegum fundum stjórnar Samskipa Holding var fjallað um þessa erlendu starfsemi. Jafnframt var fjallað um starfsemi Samskipa hér á landi. Leyfa þessi og önnur samtímagögn því ákveðinn samanburð. Hér ber og að rifja upp efnahagskreppuna hér á landi í framhaldi af bankahruninu haustið 2008. Einnig voru efnahagsörðugleikar annars staðar í Evrópu. Þeir voru hins vegar almennt ekki eins alvarlegir og hér á landi. Samtímagögnin sýna að samdráttur í eftirspurn og minna flutningamagn leiddi annars staðar en á Íslandi til lægra verðs og meiri samkeppni. Þrátt fyrir hið krefjandi ástand á Íslandi gerðist hið öndverða þar samkvæmt m.a. gögnunum frá Samskipum.
4213. Í framangreindri fundargerð vegna stjórnarfundar Samskipa Holding 12. janúar 2009 er fjallað um rekstur Samskipa og samkeppnisaðstæður annars staðar í Evrópu. Þar kemur m.a. fram: „*Trading conditions are challenging overall and particularly on Ireland and rates are under pressure.*“ Í þessu samhengi má einnig líta til fundargerða Samskipa Holding í febrúar, mars og apríl 2009:
- Í fundargerð vegna stjórnarfundar Samskipa Holding 13. febrúar 2009 segir í umfjöllun um aðstæður í öðrum Evrópuríkjum: „*The current economic climate seems to impact UK and Ireland volumes especially ... Unit revenues are generally under pressure on these routes, particularly from RORO²¹⁰⁴ operators and trailer companies desperate to fill owned assets.*“ Einnig kemur fram að náðst hafi 33% lækkun á kostnaði við leigu á tilteknum skipum.²¹⁰⁵
 - Í fundargerð vegna stjórnarfundar Samskipa Holding 10. mars 2009 segir:
 - Í umfjöllun um aðstæður annars staðar í Evrópu: „*Revenue is 9% lower than budget as BAF revenue is significantly lower than what was budgeted due to decline in oil prices. ... The market situation is very aggressive, particularly in the UK, with falling rates and customers using very aggressive procurment tacticts. Ireland seems to have bottomed out for now, however, substantial rate reductions has had to be conceded here as well in order to maintain operating volume. ... Vessel cost are lower than budget due to lower bunker cost as well as charter reductions ... Haulage cost has also reduced ... due to lower rates and lower fuel costs.*“
 - Um Samskip á Íslandi sagði: „*Conclusion – still optimistic we are able to achieve our ambitious budget*“.²¹⁰⁶
 - Í fundargerð vegna stjórnarfundar Samskipa Holding 7. apríl 2009 segir:
 - Í umfjöllun um aðstæður annars staðar í Evrópu segir: „*The market situation is still very aggressive, particularly on UK and Ireland where Cobelfret is very aggressive trying to generate volume to compensate for their loss of car volumes where they are very exposed. Volumes seems to have bottomed out, however, rates are continuously under pressure. We are taking a stance on our large customers thus retaining our share whilst taking reasonable risk on the*

²¹⁰⁴ Roll on- Roll off skip, þ.e. flutningatækjum er ekið um borð og frá borði.

²¹⁰⁵ Afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.03.2017. „2009-02 Minutes Samskip Holding Board Meeting 13 February 2009“. Fundargerð stjórnar Samskipa Holding frá 13.02.2009.

²¹⁰⁶ Afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.03.2017. „2009-03 Minutes Samskip Holding Board Meeting 10 March 2009“. Fundargerð stjórnar Samskipa Holding frá 10.03.2009.



pricing." Einnig tekið fram að auk minni tekna hafi einnig kostnaður við skip og í landflutningum minnkað. Í lýsingu á sænska markaðnum (general market situation) segir: „Swedish market is extremely hit by the economic crisis. ... Prices are extremely under pressure by the competition of road hauliers. Price reductions of 30% are more common than exception. Keeping the wheels turning is more important for them than generating at least an operating margin. ... On the spot market ... prices are still going down.”

- Í umfjöllun um Samskip á Íslandi sagði hins vegar: „It is expected that EBITA for March will be above budget by 250k and Q1 EBITDA to be 850k above budget.”
- Í umfjöllun um afkomu samstæðunnar í heild sinni sagði: „Group EBITDA is EUR 63k vs. budget of 72k or more or less in line with budget in February. YTD EBITA is EUR -438k vs. budget of EUR -484k or slightly better than budget. This is mainly due to to extremely good results from Iceland while Countries²¹⁰⁷ are substantially behind.”

4214. Umræddar fundargerðir Samskipa Holding frá janúar – apríl 2009 sýna með áþreifanlegum hætti hvaða áhrif efnahagsörðugleikar höfðu á þá flutningamarkaði þar sem samstæðan starfaði.
4215. Sýna fundargerðirnar að samdráttur í eftirspurn sem fylgdi efnahagskreppunni á árinu 2009 leiddi til þess að kaupendur á flutningsþjónustu annars staðar í Evrópu fóru að sýna mun meira aðhald og krefjast betri kjara. Flutningamagn fór minnkandi og fyrirtæki brugðust við með því að lækka verð og örva eftirspurn. Var jafnvel rætt um örvæntingu í þessu sambandi. Með þessu jókst samkeppni og er því lýst í fundargerðunum að nauðsynlegt hafi verið að lækka verð til þess að missa ekki mikilvæga viðskiptavinum úr viðskiptum.
4216. Lýsingin á aðstæðum og rekstri Samskipa á Íslandi í fundargerðunum dregur sem fyrr segir fram allt aðra mynd. Í kjölfar bankahrunsins og á tímum eins mesta samdráttar í efnahagslífinu hér á landi frá kreppunni miklu (og þar með mikilli minnkun í innflutningi) er í fundargerðunum greint frá afar góðum tíðindum frá Íslandi („*extremely good results from Iceland*“/ „*continuous good results from Iceland*“) og EBITDA umfram áætlanir.
4217. Að mati Samkeppniseftirlitsins er framangreint ein birtingarmynd hins ólögmeta samfellda samráðs Samskipa við Eimskip. Sökum þess gátu Samskip á Íslandi, á kreppu- og óvissutímum, lagt til grundvallar í upphafi árs 2009 að fyrirtækið myndi geta hækkað verð og bætt afkomu sína. Sýna framangreind gögn að markmiðið um að vernda og styrkja hlutverk Samskipa hf. sem „cash cow“ fyrir Samskip Holding náði fram að ganga á þessum tíma, sbr. ekki síst fundargerðin frá apríl 2009 þar sem fram kemur að afar góð afkoma á Íslandi hafi aðallega leitt til þess að afkoma samstæðunnar í heild var á þeim tíma í samræmi við áætlun.
4218. Hér ber og að horfa til þess að á árinu 2009 var velta hjá Samskipum á Íslandi um 24% af heildarveltu samstæðunnar en sú starfsemi aflaði um 82% af EBITDA samstæðunnar, sbr. upplýsingar í fundargerð stjórnar Samskipa Holding af fundi 14. til 16. desember 2010.²¹⁰⁸ Sýnir þetta áframhaldandi árangur Samskipa hf. sem „Cash Cow“, sbr. kafla 6.7.3. Hér ber að minna á að út frá sjónarhóli Samskipa var tilgangur „Nýtt upphaf“ verkefnisins að tryggja þessa stöðu Samskipa hf.
4219. Fjallað er um athugasemdir Samskipa er varða framangreinda umfjöllun í kafla 25.39.2. Athugasemdir Samskipa eru ekki í samræmi við samtímagögn og hrófla ekki við niðurstöðu málsins.

10.6.4. Verðhækkun Samskipa og Eimskips í janúar 2009

4220. Í upphafi er rétt að vísa til þess að hér að framan hefur það verið rakið að í kjölfar þess að „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips hófst í júní 2008 hafi fyrirtækin ráðist í umfangsmiklar

²¹⁰⁷ Önnur lönd þar sem Samskip rak flutningastarfsemi.

²¹⁰⁸ Sbr. kafla 14.33.15.



verðhækkunar, sbr. m.a. kafla 10.1, 10.4 og 10.5.4. Við mat á verðhækkunum á árinu 2009 er nauðsynlegt hafa þessar hækkunar fyrirtekjanna og tengd gögn í huga.

4221. Eftirfarandi gögn Samskipa gefa stutt yfirlit yfir verulegar verðhækkunar Samskipa á árinu 2008 og sýna að óvissu um viðbrögð Eimskips hafði verið raskað með samráði fyrirtekjanna, sbr. umfjöllun hér að framan um samtímagögnin:

- Í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH frá 7. október 2008 var greint frá því að Samskip hefðu á árinu náð fram verulegum verðhækkunum („massive increases“). Var m.a. um að ræða gjaldskrárhækkun sem tók gildi 1. september 2008 og ný gjöld (stykkjagjald og karagjald) og aukna gjaldtöku gagnvart viðskiptavinum (t.d. „troða“ olíugjaldi á alla viðskiptavini). Sýna gögn málsins að tilteknir starfsmenn Samskipa höfðu áhyggjur af þeirri miklu hækkun sem tók gildi 1. september 2008.
- Í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH frá 28. október 2008 kom m.a. þetta fram varðandi árið 2008:
 - „verðhækkunar effective 1. sept og hækkunar á ýmsa samninga í október [...]“
 - verðhækkun á alcoa [...]
 - *Olíuverð á hraðri niðurlæging og mun það hjálpa umtalsvert þegar magn minnkar, því við magnminnkun breytist baf úr því að vera jákvætt í neikvætt, þe framlegð.“*
- Í sama tölvupósti treysti (S)aðaleig-stjform-SH sér að gera ráð fyrir að verðhækkunar fyrir árið 2009 væru;
„komnar í gegn“.
- Þann 29. október 2008 birtust fréttir hér á landi þar sem greint var frá því að vegna efnahagsástandsins væri bæði verð á sjóflutningum og leiguverð á skipum á „hraðleið niður“ á erlendum flutningamörkuðum. Var sagt frá því að fram hefði komið í erlendum fjölmiðlum að „farmgjöld hafi aldrei lækkað jafn mikið áður.“ Gögn Samskipa sem tengjast þessu sýna að (S)aðaleig-stjform-SH taldi að Samskip væru í þeirri stöðu að komast upp með að lækka ekki verð á sjóflutningum til og frá Íslandi. Þvert á móti var það skýr stefna hjá fyrirtækinu að hækka verð.
- Í skýrslu (S)aðaleig-stjform-SH, sem fjallað var um á stjórnarfundum Samskipa Holding 4. nóvember 2008, kom þetta fram um verðhækkunar frá ágúst 2008:
„Alcoa contract“
 - *we are about to conclude an agreement with Alcoa on considerably higher rates*
Rate increases
 - *we are achieving so to say all rate increases that were planned end august“*
- (S)aðaleig-stjform-SH sendi 11. nóvember 2008 tölvupóst til stjórnanda hjá Samskipum erlendis. Kom fram hjá (S)aðaleig-stjform-SH að efnahagsörðugleikarnir á þessum tíma myndu leiða til minni kostnaðar, aukinnar samkeppni og lægra verðs á flutningum annars staðar í Evrópu. Á Íslandi gaf hins vegar „limited competition“ færi á verðhækkunum og margskonar gjaldtöku gagnvart viðskiptavinum. Samkvæmt (S)aðaleig-stjform-SH fól „íslenska leiðin“ í sér að bregðast við áskorunum á markaði með samstarfi við keppinauta og verulegum verðhækkunum gagnvart viðskiptavinum.

4222. Gögnin frá árinu 2008 sýna einnig að Samskip lögðu til grundvallar að ná fram ítrekuðum verðhækkunum á árinu 2009:



- Dagana 11. og 12. nóvember 2008 fengu (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl í hendur rekstraráætlanir landflutninga og innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2009:
 - Í áætlun landflutninga Samskipa fyrir árið 2009 kom m.a. þetta fram:
 - Almennt verð yrði hækkað um 10% í febrúar og um 5% í ágúst 2009.
 - Verð á fiskflutningum hækki á árinu 2009 „*almennt á bilinu 15 – 20%*“.
 - Óbreytt markaðshlutdeild yrði í landflutningum á árinu 2009.
 - Í áætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2009 kom m.a. þetta fram:
 - „*Í áætlun fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir að halda öllum núverandi viðskiptavinum [...]*“.
 - „*Gert er ráð fyrir að sjóflutningsgjöld hækki um 5% og þjónustugjöld innanlands um 8% 1. febrúar. Reiknað er með annarri hækkun á þjónustugjöldum innanlands sem og þjónustugjöldum í erlendum höfnum sem nemur 8,0% 1. júlí.*“
- Þann 6. desember 2008 var áætlun Samskipa hf. fyrir árið 2009 send til stjórnar Samskipa Holding. Í henni var m.a. þetta lagt til grundvallar varðandi árið 2009:
 - „*It is anticipated that Samskip will maintain similar market share [...]*“
 - *Pricing:*
 - *General rate increases in Jan/Feb and July.*
 - *Number of new agreements on significantly higher rates (incl Alcoa)*
 - *New tariffs/pricing policy*
 - *EBITDA is budgeted to increase from 875m ISK to 1.058m ISK.*“

4223. Ber í því sambandi að hafa í huga að m.a. samtímagögn frá Samskipum Holding sýna að samdráttur í flutningum sem stafaði af efnahagsörðugleikum á þessum tíma leiddi til verulegrar aukinnar verðsamkeppni milli skipafélaga í nágrennaríkjum. Í samræmi við þetta sýna framangreind gögn frá 11. og 12. nóvember og 6. desember 2008 að Samskip töldu á þeim tíma að fyrirtækið myndi á árinu 2009 geta ítrekað hækkað verð og á sama tíma halda sömu markaðshlutdeild og mikilvægum viðskiptavinum. Var þannig talið unnt að leggja til grundvallar að samkeppnislegt aðhald frá Eimskip myndi ekki koma í veg fyrir þessi áform Samskipa. Ástæða þessa var hið ólögmeta samráð við Eimskip.

4224. Líkt og Samskip hækkaði Eimskip verð ítrekað eftir upphaf „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins á árinu 2008, sbr. umfjöllun hér að framan:

- Í ágúst og september 2008 hækkaði fyrirtækið verð á landflutningum og gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Einnig vann fyrirtækið að aukinni gjaldtöku gagnvart viðskiptavinum, ekki síst vegna olíugjalda.
- Þá hækkaði Eimskip þjónustugjöld vegna inn- og útflutnings þann 18. nóvember 2008.
- Síðar í nóvember 2008 ákvað Eimskip að breyta gjaldskrá fyrir sjóflutning milli Íslands og annarra Evrópulanda úr íslenskum krónum í evrur. Samkvæmt skjali (E)forstö-innfl frá 25. nóvember 2008 fól þessi „myntbreyting“ í sér allt að 80% verðhækkun gagnvart viðskiptavinum í innflutningi.
- Um miðjan desember 2008 tóku m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl ákvörðun um að aftur skyldi hækka verð Eimskips verulega. Var starfsmönnum Eimskips þann 11. desember 2008 tilkynnt að ákveðið hefði verið að hækka verð í höfnum í Evrópu og að sú



verðhækkun tæki gildi 5. janúar 2009. Var um að ræða verulega verðhækkun og sýna gögn frá 12. desember 2008 að yfirmaður Samskipa í Danmörku taldi þessa verðhækkun „gjörsamlega ótæka“. Líkt og við verðhækkun Samskipa í september 2008 höfðu áhyggjur starfsmanna ekki þau áhrif að fallið yrði frá þessari verðhækkun Eimskips. (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-vöruþróun töldu sig enda á þessum tíma hafa vissu fyrir því að Samskip „komi með að hækka líka í Janúar eins og við erum að gera“, sbr. kafla 10.5.4 og 10.6.4.

4225. Í samræmi við framangreint hækkaði Eimskip þann 5. janúar 2009 þjónustugjöld í erlendum höfnum. Var um að ræða mikilvægar hafnir eins og í Rotterdam, Hamborg, Immingham og Árósum. Þessi verðhækkun þýddi m.a. það að íslenskir inn- og útflytjendur þurftu að greiða hærra verð fyrir þjónustu Eimskips. Var um að ræða umtalsverðar hækkanir. Svonefnd THC²¹⁰⁹ gjöld (lestun/losun) fyrir heilgáma hækkuðu að meðaltali um 30%. Afgreiðslugjöld hækkuðu að meðaltali um 7%, farmbréfastgjöld að meðaltali um 9%, gjald vegna m.a. tollskjala fyrir útflutning frá Íslandi um 8,4% og vegna m.a. tollskjala fyrir innflutning til Íslands um tæplega 15%.²¹¹⁰
4226. Sem fyrr segir átti sér stað sama dag frekari hækkun hjá Eimskip. Í tölvupósti (E)forstö-vöruþróun 5. janúar 2009 kom þannig fram: „Collection fee verður frá og með janúar 2009 innheimt í öllum lestunarhöfnum Eimskips. SAP reiknar gjaldið sjálfvirkt 10% á viðeigandi gjöld“. Var viðskiptavinum ekki tilkynnt um þessa hækkun. Daginn eftir kom fram að landflutningar Eimskips hefðu tekið upp nýtt gjald, „stykkjavörugjald“, sem talið var gefa „mun betur af sér en gjaldskrárhækkun.“
4227. Nýtt ár 2009 byrjaði einnig með áframhaldandi áherslu (S)aðaleig-stjform-SH að hækka verð þrátt fyrir mikinn samdrátt í flutningsmagni. Þann 2. janúar 2009 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl þar sem sagði: „er vert að kanna formúlu á bak við uppreikning á BAF nú þegar magn á flestum leiðum er og hefur minnkað verulega. Ég sé að deep sea línurnar eru í slíku þessa dagana – mjög rökrétt og eðlilegt.“ (S)frkvstj-millilandasv framsendir þennan tölvupóst til (S)forstö-flutnstj og sagði: „Vinsamlegast hugleida þetta og raedum svo“.²¹¹¹ Samskip virðast hafa talið magnsamdrátt í flutningum réttmætt tilefni til að endurmeta formúlu við útreikning á BAF. Af gögnum Samskipa má sjá að samdráttur í magni þýddi minni framlegð fyrir fyrirtækið af olúgjaldi, sbr. tölvupóst (S)aðaleig-stjform-SH til (S)stjórnarm-fjarmstj 28. október 2008 sbr. kafla 10.4.2. Ummæli (S)aðaleig-stjform-SH í byrjun árs 2009 um að breyta formúlu olúgjaldsins lutu því að því að finna leiðir til að hækka BAF og þar með verð til viðskiptavinanna. Hér skal einnig rífa upp að Eimskip og Samskip höfðu stuttu áður hækkað BAF fyrir Norður-Ameríku flutninga í nóvember 2008 þegar Eimskip breytti formúlunni fyrir útreikningana á gjaldinu, en samráð fyrirtækjanna tók til þess að BAF gjald Samskipa vegna Norður-Ameríku flutninga var samræmt að fullu gjaldinu hjá Eimskip, sbr. kafla 10.4.4.
4228. Í ljósi þessa ályktar Samkeppniseftirlitið að umræða um formúlubreytingu Samskipa hafi tekið til útreikning BAF vegna Evrópu flutninga, þar sem Norður-Ameríku BAF hafði verið samræmt gjaldi Eimskips. Samtímagögn sýna ekki frekari vinnu við breytingu á formúlu Samskipa til útreiknings BAF. Hins vegar er ljóst að Samskip og Eimskip unnu að því að fá alla viðskiptavini til að greiða BAF og takmarka veitta afslætti af gjaldinu, sbr. umfjöllun um ólögmet upplýsingaskipti fyrirtækjanna um efnið á fundi þeirra 4. desember 2008.
4229. Þann 7. janúar 2009 sendi (S)frkvstj-Safari, framkvæmdastjóri flutningsmiðlunarinnar Safari, tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH. Safari var dótturfélag Samskipa sem starfaði í Færeyjum.²¹¹² Hér

²¹⁰⁹ THC: Terminal Handling Charges.

²¹¹⁰ Afhent gagn frá Eimskip. Afhent þann 23.03.2015, fylgiskjal 3. „Gjaldskrárbreytingar Eimskips 2006 – 2014“.

²¹¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.546988. Svar [...] sama dag kl. 12:25.

²¹¹² Í frétt sem birtist á mbl.is 11. apríl 2006 er greint frá þessu: „SAMSKIP hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um kaup á 50% hlut í færeysku flutningsmiðluninni Safari Transport. Kaupverðið fæst ekki gefið upp. Haft er eftir [...], forstjóra Samskipa, í tilkynningu frá félaginu, að Safari Transport sé leiðandi flutningsmiðlun með sex starfsmenn. Viðskiptin séu liður í því að styrkja enn frekar markaðsstöðu Samskipa í Færeyjum og efla þjónustuna þar almennt. Samskip hófu siglingar að nýju til og frá Færeyjum fyrir um tveimur árum. Segir í tilkynningunni að mikill uppgangur hafi einkennt starfsemina og að stjórnendur Samskipa stefni að því að ná sömu markaðshlutdeild í Færeyjum og á Íslandi. Samskip hafa viðkomu í Færeyjum tvisvar í viku, í Þórshöfn og Klakksvík, á siglingaleiðinni milli Íslands, Bretlandseyja og



ber að hafa í huga að auk Samskipa og Eimskips annaðist keppinauturinn BWS (Smyril Blue Water) siglingar milli m.a. Íslands og Færeyja. (S)frkvstj-Safari benti á að BWS hefði ítrekað lækkað olúgjald sitt og lýsti yfir áhyggjum af því að Samskip hefði ekki gert hið sama:

„Smyril Blue Water has once again decreased the fuel down to 11% and this is the 5th time since September 2008, while Samskip only has decreased their fuel once from 42% to 35%. [...].

The customers hear about the highly reduced fuel everywhere, and it annoys them that Samskip doesn't follow. We absolutely do not need to provoke our customers to use other companies rather than us.”²¹¹³

4230. Daginn eftir sendi (S)frkvstj-Safari annan tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH: „Sorry to keep bothering you, but I really have to.

Right after I sent you the last email yesterday, I received a new price from Samskip. But unfortunately it was a price increase and not a decrease. This time they have increased the freight towards us with 23,5%. [...] It is my opinion that it is a very bad timing, to make a price increase at this moment, because every single businessman is very price conscious these days.”

4231. (S)aðaleig-stjform-SH svaraði tölvupósti (S)frkvstj-Safari þann 22. janúar 2009. Taldi hann ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af BAF gjaldi Samskipa og vísaði til gjaldtöku Eimskips í því sambandi:

„BAF

-we do follow the container services more, ie Eimskip, than RoRo, Smyril, and therefore adjust ourselves more to that market. Understand we are more or less in line on the baf with Eimskip.”²¹¹⁴

4232. Fjallað er um athugasemdir Samskipa er varða atvik í desember 2008 og byrjun árs 2009 í kafla 39.2.

4233. Þann 5. janúar 2009 lagði (S)forstö-innfl1 fyrir undirmenn að hækka verð gagnvart ýmsum mikilvægum viðskiptavinum og gaf jafnframt þau fyrirmæli að „lágmarksgjald“ ætti að hækka úr 16 þúsund krónum í rúmlega 31 þúsund krónur, sbr. umfjöllun hér framar í kafla þessum.

4234. Sem fyrr segir greindi (S)aðaleig-stjform-SH frá því á stjórnarfundum Samskipa Holding 12. janúar 2009 að Samskip hf. ætluðu á árinu 2009 að hækka verð og auka EBITDA fyrirtækisins verulega.

4235. Samskip héldu þann 15. janúar 2009 forstöðumannafund á Hótel Glymi. Á þessum fundi var tekið saman sérstakt sk. „action – skjal“ eða verkefnalisti fyrir Samskip, sem fól í sér tillögur frá fundarmönnum um komandi verkefni eða áherslur Samskipa fyrir árið 2009. Gögn málsins sýna m.a. að annars vegar voru settar fram hugmyndir um verðhækkanir hjá Samskipum, verðhækkun 1. febrúar 2009 og ný gjöld á m.a. mikilvæga viðskiptavini. Hins vegar voru einnig settar fram hugmyndir frá starfsmönnum um aukna samkeppni gagnvart Eimskip (t.d. „Tækifæri núna að keyra á viðskiptavini samkeppninnar“). Sýna gögnin að eftir að (S)frkvstj-millilandasv fékk í hendur listann voru felld niður verkefni sem miðuðu að samkeppni við Eimskip, sbr. kafla 14.1.3. Hins vegar tilkynntu Samskip síðar í janúar 2009 um hækkun á verði.

4236. Þann 19. janúar 2009 fengu (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útlfl tölvupóst frá samstarfsmanni varðandi mögulega verðhækkun 1. febrúar 2009. (S)forstö-innfl1 svaraði sama dag og sagði að hann og (S)forstö-útlfl væru sjálfir að skoða verðhækkun um mánaðamótin. Þeir ættu fund morguninn eftir til að ræða þetta við (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv.²¹¹⁵

meginlands Evrópu. Starfsmenn Samskipa í Færeyjum voru níu talsins en verða eftir þessi fyrirhuguðu kaup á Safari Transport orðinir 15.” Morgunblaðið. „Samskip kaupa helming í færeysku flutningafélagi”, dags. 11.04.2006. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1076718/>.

²¹¹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.549053.

²¹¹⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.556618.

²¹¹⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.842784.



4237. Hér ber að rifja upp að í byrjun nóvember 2008 sendi (S)forstö-útfli eftirfarandi tölvupóst til KL:
„Við munum ekki getað hækkað þjónustugjöld erlendis um áramótin, bara hér heima. ástæðan er sú að menn vilja halda samræmi milli innfl. og útfli. í þessum liðum erlendis og innfl. treystir sér ekki í hækkanir um áramót.“
4238. Að kvöldi sama dags sendi (S)forstö-umb.erl tölvupóst til stjórnenda hjá Samskipum erlendis (afrit til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli). Heiti póstsins er „Service charges 2009“ og var þar rætt um mögulegar hækkanir á þjónustugjöldum Samskipa erlendis: „Our competitor did not follow suit with a rate increase of his service charges when we implemented one this autumn. Therefore our rates are today about 10% higher.“
[(S)forstö-innfl1] and [(S)forstö-útfli] have been evaluating how to respond and they have come to the conclusion that we will not raise our service charges in the beginning of the year. We will increase our rates from 1.7.2009 of 5%.
4239. Samkvæmt framangreindu höfðu (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli komist að sameiginlegri niðurstöðu í byrjun nóvember 2008 um að Samskip myndu ekki hækka þjónustugjöld í upphafi ársins 2009 þar sem Eimskip hafði ekki „elt“ hækkun Samskipa á þjónustugjöldum haustið 2008. Engu að síður hækkuðu Samskip umrædd gjöld 1. febrúar 2009, sbr. nánar hér á eftir. Í millitíðinni höfðu a.m.k. (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli átt í ítrekuðum samskiptum við lykilstjórnendur Eimskips. Samtímagögn sýna því hvernig samskipti lykilstjórnenda fyrirtækjanna drógu úr æskilegri óvissu um markaðsaðgerðir þeirra og gerðu þeim kleift að hækka verð umtalsvert án óvissu um samkeppnisleg viðbrögð keppinautarins.
4240. Eftir fund (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli með (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv þann 20. janúar 2009 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstö-útfli síðar sama dag. Meðfylgjandi honum var excel-skjalið „Hækkanir 1. feb 2009“. Í því kemur m.a. fram:

	Samskip	Eimskip	Munur	Hækkun	8%	Munur	
Uppskipun							
tonn	3.663	3.505	4,5%		7.326	109,0%	
cbm	1.867	1.782	4,8%		3.734	109,5%	
lágmark	2.936	2.750	6,8%		5.872	113,5%	
20ft	52.046	50.640	2,8%		89.000	75,8%	36.954
40ft	90.514	87.130	3,9%	77.050	89.000	2,1%	89.000
40ftHC	100.958	97.182	3,9%		89.000	-8,4%	
Afgreiðslugjöld							
LCL	1.079	977	10,4%		1.165	19,3%	ATH
FCL	2.258	2.106	7,2%		2.439	15,8%	
Öryggisgjald							
tonn	3,0	2,7	11,1%		3,2	20,0%	
cbm	1,3	1,3	0,0%		1,4	8,0%	
20ft	39,1	20,0	95,5%		42,2	111,1%	
40ft	39,1	40,0	-2,3%		42,2	5,6%	
Staðsetningargjald							
tonn	13,7	15,0	-8,7%		14,8	-1,4%	
cbm	4,6	5,0	-8,0%		5,0	-0,6%	
20ft	85,4	93,0	-8,2%		92,2	-0,8%	
40ft	170,9	187,0	-8,6%		184,6	-1,3%	



4241. Skjalið sýnir samanburð á ýmsum þjónustugjöldum Eimskips og Samskipa og áhrif 8% og allt að 100% verðhækkunar Samskipa. Vekur eftirtekt að þrátt fyrir að verð Samskipa í ýmsum liðum væri þegar talsvert hærra en verð Eimskips var fyrirtækið samt sem áður með það til skoðunar að hækka verð sitt enn frekar. Eins og kemur fram í skjalinu hefði þá orðið mjög mikill verðmunur milli fyrirtækjanna í veitingu tiltekinnar þjónustu. Þrátt fyrir þetta tilkynntu Samskip þann 23. janúar 2009 um 8% hækkun á flestum þjónustugjöldum en um 24% hækkun á útskipun fyrir 20 feta gáma.
4242. Samtímagögn sýna að 21. janúar 2009 hittust (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-innanl á fundi hjá hagsmunasamtökum.²¹¹⁶ Sama dag átti (S)forstö-innfl1 einnig í samskiptum við (E)forstö-innfl , annað hvort í síma eða á fundi, þ.e. daginn eftir að Lykilstjórnendur Samskipa funduðu til að ræða verðhækkun, sbr. framangreint. Þetta kemur fram í tölvupósti sem (S)forstö-innfl1 sendi (S)frkvstj-millilandasv daginn eftir þar sem segir að (S)forstö-innfl1 hafi „heyrð í“ (E)forstö-innfl vegna þess liðar í „Nýtt upphaf“ verkefninu sem sneri að samstarfi í sjóflutningum til og frá Norður-Ameríku.²¹¹⁷
4243. Sama dag, 22. janúar 2009, sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst og tilkynnti samstarfsmanni sínum að verð yrði hækkað um mánaðamótin og að hann þyrfti að senda út tilkynningu þar að lútandi daginn eftir.²¹¹⁸ Daginn eftir, 23. janúar 2009, sendu Samskip eftirfarandi tilkynningu til viðskiptavina sinna:
- „Frá og með sunnudeginum 1. febrúar nk. mun þjónustugjaldskrá Samskipa almennt hækka um 8% og sjóflutningsgjaldskrá mun hækka um 5%.*
- Ofangreindar hækkanir eru til þess að mæta auknum rekstrarkostnaði og kostnaðarhækkunum.*
- Þjónustugjaldskráin er aðgengileg á vefsíðu Samskipa og nú er einnig hægt að nálgast gámaleigugjaldskrár þar.“²¹¹⁹*
4244. Í málinu liggur fyrir að verð Samskipa á sjófrakt til Norður-Ameríku hækkaði einnig um 5% en sú hækkun tók gildi mánuði seinna eða 1. mars 2009. Áréttu ber að sjófrakt var í erlendri mynt og kom þessi hækkun ofan á 16% hækkun á sjófrakt í Norður-Ameríku flutningum frá september 2008.²¹²⁰
4245. Lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips höfðu átt í ítrekuðum samskiptum í aðdraganda þeirrar hækkunar Samskip sem tók gildi 1. febrúar 2009, sbr. m.a. fundinn 7. janúar 2009. Auk umræðu um a.m.k. „Nýtt upphaf“ verkefnið sem tók til sjóflutninga voru samskiptin til þess fallin að draga úr sjálfstæði þessara keppnauta og raska æskilegri óvissu um fyrirætlanir hvors annars. Þar að auki voru þetta samskipti sem höfðu það að markmiði að raska samkeppni og höfðu þessir stjórnendur í samtölum sínum bæði hvata og tækifæri til þess skiptast á skoðunum um hverskonar málefni sem gátu haft áhrif á samkeppni milli Samskipa og Eimskips í sjóflutningum. Skiptir hér og miklu að í samtímagögnum kemur ekki fram að (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-innanl eða (S)aðaleig-stjform-SH hafi óttast samkeppnisleg viðbrögð Eimskips vegna þessara verðhækkunar sjóflutningsþjónustu í byrjun janúar 2009. Engu breytti þó stjórnandi hjá fyrirtækinu og viðskiptavinir væru mjög ósáttir, sbr. umfjöllun í næsta undirkafla. Til viðbótar kemur hvergi í samtímagögnum að (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl eða (E)forstj hafi íhugað að auka samkeppni og afla nýrra viðskiptavina þegar Samskip stigu fram með þessa miklu hækkun.
4246. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samskipti Samskipa og Eimskips hafi a.m.k. auðveldað eða skapað kjörskilyrði fyrir Samskip að hækka verð verulega í byrjun febrúar 2009. Þetta hafi aukið til muna þau skaðlegu áhrif sem voru til þess fallin að leiða af þessum samskiptum fyrirtækjanna. Þá ber til viðbótar að virða allar verðhækkanir Samskipa og Eimskips frá miðju ári 2008 til janúar 2009 í einu lagi og verður fjallað um það í næsta kafla.

²¹¹⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Samgonguhopur-SA-fundargerð-21-01-2009.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.328334.

²¹¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.712079.

²¹¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.711999.

²¹¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.845062.

²¹²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.714997.



4247. Fjallað er um athugasemdir Samskipa er varða framangreind atvik í köflum 25.39.2 og 26.2. Athugasemdir Samskipa eru ekki í samræmi við samtímagögn og hrófla ekki við niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins.

10.6.5. Undrun og óánægja vegna verðhækkana Eimskips og Samskipa

4248. Í kafla 10.4.5 er fjallað um tölvupóst sem (S)aðaleig-stjform-SH sendi (S)frkvstj-MCL 11. nóvember 2008. Samkvæmt framansögðu gaf „limited competition“ hér á landi færi á verðhækkunum og margskonar gjaldtöku gagnvart viðskiptavinum. „Íslenska leiðin“ fól í sér að bregðast við áskorunum á markaði með samstarfi við keppinauta og verulegum verðhækkunum gagnvart viðskiptavinum.

4249. Segja má að tölvupóstur sem (S)frkvstj-N-Am framsendi 6. janúar 2009 til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv staðfesti umræddra lýsingu (S)aðaleig-stjform-SH á því að sökum skertrar samkeppni hér á landi væri unnt að hækka verð og taka upp margskonar gjaldtöku gagnvart viðskiptavinum skipafélaganna. Tölvupósturinn, sem (S)frkvstj-N-Am framsendi, var frá framkvæmdastjóra Félags íslenskra stórkaupmanna (FÍS) til félagsmanna. Í honum sagði:

„Við boðum ykkur hér með á annan félagsfund og nú með [(E)frkvstj-EimÍsl], forstjóra Eimskips á Íslandi. Skipafélögin hafa fengið mikla krítik á sig að undanfögnu, reikningar frá þeim þykja flóknir, svo ekki sé meira sagt og þið hafið þurft að leggja mikla vinnu í það að yfirfara þá, þau hafa verið með alls konar gjöld eins og „staðsetningargjald“ sem að okkur finnst að geti ekki átt við lengur, mörgum fannst þau hafa verið með óeðlilegt gengi og gengisálag í haust þegar „allt hrundi“ og svo mætti lengi telja.

[(E)frkvstj-EimÍsl] kemur væntanlega til með að útskýra fyrir okkur uppbyggingu á reikningum Eimskips sem og skýra okkur frá rekstri félagsins og framtíð þess - en það hlýtur að vera stórmál fyrir okkur að það ríki samkeppni á flutningamarkaðinum.“²¹²¹

4250. Samkvæmt framansögðu höfðu Eimskip og Samskip tilkynnt viðskiptavinum um verðhækkunir í janúar 2009. Vakti þetta bæði undrun og óánægju viðskiptavina. Bentu viðskiptavinir á m.a. lækkandi olíuverð, laun hefðu lækkað og gengisþróun kallaði ekki á hækkun. Einnig var bent á að erlendis hefði flutningaverð lækkað vegna minnkandi eftirspurnar. Jafnvel stjórnandi hjá Samskipum sá engin rök fyrir verðhækkun á þessum tíma. Skal þessu lýst nánar.

4251. Fyrirtækið Northcoast Seafood í Grimsby í Bretlandi sendi tölvupóst 8. janúar 2009 til (E)forstö-útfl og mótmælti verðhækkun Eimskips: „I was contacted by (E)starfsm in your Immingham office whom tells me that the current rates that I have – attached are to go up for this year, we have already shipped one container. I have discussed this with [starfsmaður Northcoast] and we can not see how you can justify putting up prices as oil has in fact gone down significantly over the coming months.“²¹²²

4252. Einn stærsti viðskiptavinur Eimskips, Ölgerðin Egill Skallagrímsson (ÖES), brást einnig illa við verðhækkun Eimskips. Í tölvupósti ÖES til viðskiptastjóra hjá Eimskip, (E)viðskstj3, sagði:

„Ég veit ekki hvernig ykkur dettur þetta í hug.

Ég samþyk[k]i allar hækkunir sem eru undir 5% og þær sem eru yfir 5% hækka ekki meira en 5%.

Þið voruð með gríðarlegar hækkunir á þessum gjöldum fyrir nokkrum árum og það var þá sem við settum þetta þak inn í samninginn. Þá voru rökin að þetta væri leiðrétting á verðum þar sem þið voruð að reikna þetta aftur og nú ætti kostnaðurinn að bera sig og væri rétt reiknaður. Hvað er í gangi núna skil ég engan vegin og er ekki í takt við neitt sem er að qerast hjá öðrum skipafélögum í þessum höfnum.“²¹²³

²¹²¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.706235.

²¹²² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.307669.

²¹²³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.475814.



4253. Daginn eftir sendi (E)viðskstj3 tölvupóst til (E)forstö-vörupróun og (E)starfsm-innfl og fjallaði um þessa verðhækkun gagnvart ÖES. Meðfylgjandi tölvupóstinum var excel skjal þar sem verð Eimskips og Samskipa í höfnum í m.a. Immingham, Rotterdam, Hamborg og Árósum var borið saman: „Ykkur til upplýsinga tók ég saman FCL verð EI vs Samskip og hvaða áhrif hún hefur á Ölgerðina (gróflega). [(E)starfsm-innfl] láttu mig endilega vita ef þessi verð eru ekki rétt m.v. það sem þú hefur.“ (E)viðskstj3 framsendi þennan tölvupóst síðar sama dag til (E)frkvstj-flutnkerf og hann svaraði um kvöldið:

„Þetta er mikil hækkun 27% að meðaltali, hvað segja þeir er búið að kynna þessar hækkanir fyrir þeim???“

4254. (E)viðskstj3 svaraði tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf um hæl: „Já vandamálið er að í samningi þeirra stendur að þeir taki ekki meir en 5% heildarhækkun á þjónustugjöldum erlendis. Þeir hafa þegar sagt að þeir samþykkja þetta ekki, sjáum til hvernig málið endar en við ætlum að standa fast á að þeir taki þessar hækkanir eins og aðrir.“²¹²⁴

4255. Telur Samkeppniseftirlitið að samfellt samráð Samskipa og Eimskips hafi gert fyrirtækjunum kleift að grípa til þessara verðhækkana. Sökum þess að fyrirtækin gerðu ekki ráð fyrir samkeppni um mikilvæga viðskiptavinum taldi Eimskip sér fært að „standa fast“ á umræddri hækkun gagnvart ÖES. Hið sama skýrir þá ákvörðun Samskipa að treysta sér til þess að hækka verð það mikið að það gat þýtt yfir 100% hærra verð en hjá Eimskip fyrir tiltekna þjónustu.

4256. Ber og að hafa í huga að ÖES er öflugt fyrirtæki sem hafði ávallt þann valkost að snúa sér til Samskipa. Eins og lýst verður hér á eftir ákvað ÖES síðar á árinu að bjóða út alla flutninga sína. Voru atvik í tengslum við það útboð liður í háttsemi Samskipa sem fór gegn 10. gr. samkeppnislaga samningsins, sbr. kafla 14.3. Þá ber hér að hafa í huga ýmis gögn Samskipa frá árinu 2009, sbr. kafla 14.1 – 14.18. Þar er byggt á samskonar viðhorfi og í tölvupósti (E)viðskstj3, þ.e. að Samskip væru í þeirri stöðu að geta hækkað verð gagnvart þeim „stóru“, sbr. kafla 14.9.4 og 14.20.3. Var það samráð Samskipa og Eimskips um að keppa ekki um stærri viðskiptavinum hvors annars og áhrif af aðgerðum þeirra árið 2008 sem sköpuðu þetta viðhorf og sterka stöðu þeirra gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Í fyrrnefndri tilkynningu frá Samskipum um verðhækkun, sem send var 23. janúar 2009, var viðskiptavinum bent á að snúa sér til (S)forstö-innfl1 eða (S)forstö-útlfl ef þeir óskuðu nánari upplýsinga um verðhækkunina. Gögnin sýna að þetta nýttu sér ýmis fyrirtæki sem voru í viðskiptum við Samskip. Rétt er að tiltaka nokkur tilvik í dæmaskyni:

- Í tölvupósti frá Formaco sagði: „Ég mótmæli þessu algerlega. Þessar hækkanir eiga engan rétta á sér. Olía hefur lækkað. Vinnuafli hefur lækkað miðað við gengi og svo mætti lengi telja. Ef þið ætlið að halda þessu til streytu [svo] þá er mínum samningi sjálf sagt upp.“²¹²⁵
- Í tölvupósti frá Ísafold sagði: „Það væri gott að fá rökin fyrir þessum hækkunum. Ég samþykki ekki þessa hækkun nema hún sé rökstudd. Ekki eru laun að hækka, olíuverð o.þ.a.l smurolía osfr eru að lækka, flutningsfélög um allan heim að lækka verð vegna þess að flutningur er að minnka.“²¹²⁶
- Í tölvupósti frá Kötlu sagði: „Við teljum að þessar hækkanir séu öfugt við væntingar okkar þ.e. við núverandi þjóðfélagsaðstæður að gjaldskrá ætti að lækka en ekki hækka vísast þar m.a. til lækkandi kaupgjalds. Í ljósi þess viljum við segja upp samningi okkar við Samskip þar sem þessi hækkun gerir okkur ósamkeppnishæf.“²¹²⁷
- Í tölvupósti frá Heklu sagði: „Minni á samninginn okkar þar sem hækkanir eru samningsbundnar og taka ekki svona geðþótta hækkunum. Bið ykkur um að sjá til þess að þetta fari ekki ofan á

²¹²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.45900.

²¹²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.712824.

²¹²⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.712836.

²¹²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.712955.



okkar háu taxa." Krafðist Hekla einnig að svonefnt staðsetningargjald yrði fellt niður þar sem það væri óeðlilegt.²¹²⁸

- Í tölvupósti frá Garra sagði: „Ég get ekki séð hvaða kostnaðarbreytingar er um að ræða sem gefa kost á hækkunum af ykkar hálfu núna. Þvert á móti hefði ég haldið að stórir kostnaðarliðir í ykkar verðmyndun hafi lagast töluvert þannig að hægt væri, í það minnsta að halda áfram óbreyttu verðlagi?? Ég óska eftir frekari rökstuðningi.“²¹²⁹
- Í tölvupósti frá Icemar sagði: „Er ekki olía og laun að lækka ????“²¹³⁰
- Í tölvupósti frá fyrirtækinu Marcel Baey sagði: „Ja er tad vegna oliuverds? Sem tetta haekkar nuna. Tid erud nu meiri vitringarnir!!“²¹³¹
- Í tölvupósti frá Ögurvík sagði: „Nú þegar ég stend frammi fyrir lægri tekjum þá hækkið þið á mig, við þurfum að ræða þessi mál.“²¹³²

4257. (S)forstö-innfl1 svaraði hluta umræddra tölvupósta. Benti hann á að það væru „ýmsar ástæður fyrir þessari gjaldskrárhækkun, en eins og allir vita hefur rekstrarumhverfi fyrirtækja gjörbreytt og kostnaður hækkað til muna. Með þessum hækkunum erum við að reyna að bregðast við þessum breyttu aðstæðum. Rekstrar- og fjármögnunarkostnaður véla og tækja, leigukostnaður húsnæðis hefur m.a. hækkað í beinu sambandi við veikingu íslensku krónunnar.“²¹³³ Hann hafnaði því að fella niður umrætt staðsetningargjald en lýsti sig reiðubúinn til viðræðna við viðskiptavinum sem sögðu hækkunina gera þá ósamkeppnishæfa.

4258. Þá skal vakin athygli á því að hækkun Samskipa vakti ekki aðeins undrun og óánægju hjá viðskiptavinum heldur einnig hjá stjórnanda hjá fyrirtækinu. Yfirmaður Samskipa í Norður-Ameríku, (S)frkvstj-N-Am, brást við tilkynningu frá höfuðstöðvunum á Íslandi um verðhækkun með því að senda (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 tölvupóst. Í honum sagði m.a.:

„Má til með að leggja orð í belg þar sem þessi tilkynning kom mér á óvart.

Hver er ástæðan fyrir þessari hækkun? Jú hækkun á einingakostnaði vegna minnkandi flutninga sem stafa af heimskreppu, ýmynda [svo] ég mér. Hvernig lögum við það? Sennilega með því að skera niður kostnað og ekki síst að auka magnið aftur. Hvernig skerum við niður kostnað? Þið vitið allt um það. Hvernig aukum við magnið? Með því að sækja á örfa [svo] markaðinn. Hvernig sækjum við á markaðinn? Þið vitið allt um það. Hvernig örfum við markaðinn? Með hækkun flutningstaxta?, varla, allavega virkar það ekki sannfærandi, er það?

Mér þætti því afskaplega vænt um að heyra hver ástæðan er. Ég lít svo á að umhverfið sé svo langt frá því að kallast normal, þeir tímar þegar hækkarnir voru sendar út reglulega eins og um áskrift væri að ræða eru bara ekki til staðar.

Nú finnst mér að Samskip eigi að nota tækifærið og tilkynna verðstöðvun t.d. út árið og í sumum tilfellum boða lækkanir. Við viljum láta líta á okkur sem leiðandi fyrirtæki á flutningamarkaðinum og ekki síst ábyrgan þáttakand [svo] við að endureisa efnahaga [svo] þjóðarinnar sem nú er ein rjúkandi rúst. Okkar viðskiptavinir berjast í bökkum og þurfa á okkur að halda, þegar framlíða stundir og við höfum komist yfir það versta eftir 1 eða 2 ár munum við uppskera ríkulegan ávöxt um komandi ár.“²¹³⁴

²¹²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.557893.

²¹²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.713842.

²¹³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.845052.

²¹³¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.845324.

²¹³² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.845521.

²¹³³ Sjá t.d. afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.714191.

²¹³⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.715308.



4259. (S)frkvstj-N-Am ítrekaði þessa afstöðu sína með eftirfarandi hætti í tölvupósti til (S)aðaleig-stjform-SH í byrjun febrúar 2009:

„Svo vil ég aðeins ýtreka [svo] andstöðu mín[a] gagnvart fyrirhugaðri hækkun flutningstaxta en mér finnst hún algjörlega út í hött á þessum tíma. Gerið bara eins og ég, lækkið kostnað og aukið magnið, meðal sem virkar rosalega vel.“²¹³⁵

4260. Hér að framan var lýst stjórnarfundargerðum Samskipa Holding. Þar kemur fram að flutningafyrirtæki á t.d. Írlandi og Bretlandi hefðu brugðist við erfiðu umhverfi og minnkandi eftirspurn og flutningamagni með aukinni samkeppni og lægra verði. Er ljóst að (S)frkvstj-N-Am var undrandi yfir því að Samskip skyldu ekki grípa til slíkra aðgerða til þess að örva markaðinn og standa með sínum viðskiptavinum. Framangreind gögn sýna að ýmsir viðskiptavinir fyrirtækjanna hafi ekki séð nein málefnaleg rök fyrir þeim hækkunum sem Eimskip og Samskip gripu til í janúar 2009. Hið sama á við um (S)frkvstj-N-Am hjá Samskipum. Einnig ber að minna á undrun (E)frkvstj-Dk yfirmanns Eimskips í Danmörku yfir ákvörðun um verðhækkun fyrirtækisins í janúar 2009, sbr. umfjöllun um tölvupóst (E)frkvstj-Dk, dags. 12. desember 2008 í kafla 10.5.4.

4261. Samtímagögn sýna hins vegar ekki fram á að (S)aðaleig-stjform-SH og Samskip hafi látið „verkin tala“ og lagt áherslu á að ná í ný viðskipti, a.m.k. ekki stóra viðskiptavini. Þá er rétt að áréttta að í eðlilegu samkeppnisumhverfi fer ekki saman að hækka verð á sama tíma og ætlunin er að ná í nýja viðskiptavini.

4262. Einnig er hér vísað til tölvupósts frá (E)deildstj-útf1 til (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-útf1 frá 10. mars 2009. Samkvæmt honum hafði mikilvægur viðskiptavinur Eimskips í útflutningi, Brim, leitaði til Eimskips og fullyrt að verð Eimskips væri hærra en verð Samskipa í tilgreindum þáttum. Hefði Brim m.a. staðhæft að THC gjöld Eimskips væru hærri en sömu gjöld Samskipa. Þessu svaraði (E)forstö-útf1 í tölvupósti síðar sama dag til (E)deildstj-útf1 og (E)frkvstj-EimÍsl:

„Ein af ástæðunum fyrir því að við lyftum okkar THC gjöldum nokkuð ákveðið um síðustu áramót var tvenns konar, annars vegar að jafna framlegð milli hafna og að nálgast THC Samskipa sem við þóttum nokkuð langt frá. Á sama tíma var sagt að Samskip stæði á sínu THC það virðist vera fjarri lagi núna og þeir að semja niður á þennan þjónustupátt ... ???“²¹³⁶

4263. Samkvæmt þessu bjó Eimskip yfir upplýsingum um að Samskip reyndu að halda uppi THC gjöldum og á sama tíma hækkaði Eimskip THC gjöld sín verulega. Í ljósi þessa komu framangreindar staðhæfingar Brims um að Samskip væru að „semja niður“ THC gjald (E)forstö-útf1 mjög á óvart.

10.7. Framgangur annarra verkþátta í „Nýtt upphaf“ verkefninu

10.7.1. Skipaafgreiðsla

4264. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður að því hvort Eimskip og Samskip hefðu átt í viðræðum um sameiginlegan rekstur skipaafgreiðslu. (E)forstj svaraði því neitandi.²¹³⁷ Er neitun (E)forstj er í ósamræmi við samtímagögn.

4265. Samtímagögn sýna að hugmyndir um víðtækt samstarf Eimskips og Samskipa á sviði skipaafgreiðslu (e. „stevedoring“) höfðu komið fram fyrir árið 2008, sbr. kafla 5.12. Á glærum (E)frkvstj-innanl frá árinu 2003 er fjallað um að sameina gámahafnir Eimskips og Samskipa í Sundahöfn, en vinnuheitíð á því verkefni var „ISCO-The Icelandic Stevedoring Company“. Þessar samstarfshugmyndir fengu aftur á móti ekki undirtektir hjá Samskipum á þeim tíma. Samtímagögn Eimskips sýna jafnframt að horft var til samstarfs við Samskip um skipaafgreiðslu í Vestmannaeyjum á árinu 2006.

²¹³⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.562659.

²¹³⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.140374.

²¹³⁷ Endurrit af skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 134.



4266. Í áðurnefndum kafla 5.12 er því lýst að frá a.m.k. nóvember 2007 höfðu Eimskip og Samskip með sér ólögmeitt samstarfs í Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði þar sem Eimskip sinnti hafnarþjónustu fyrir Samskip (lestun og losun á vörum). Sá Eimskip þannig m.a. um að lesta það ál sem Samskip fluttu fyrir Alcoa til Rotterdam en Eimskip hóf jafnframt að afgreiða skip með annan vöruflutning fyrir Samskip (þ.e. annan en fyrir Alcoa). Var þetta samráð þannig fyrir hendi í júní 2008.
4267. Í byrjun júní 2008 var því fyrir hendi samstarf Samskipa og Eimskips í skipaafgreiðslu. Í upphafi glærुकyningarinnar sem [\(E\)frkvstj-aljpsv](#) vistaði 8. júní 2008 og [\(E\)forstj](#) daginn eftir kom fram að ákveðið hafi verið að „að meta hagkvæmni eftirfarandi verkefna með því að auka samstarf á milli Samskip og Eimskip
1. Sameiginlegur rekstur skipaafgreiðslu
- [...]
4268. Í kafla 7.5.4 er gerð grein fyrir því að „Nýtt upphaf“ verkefnið hafi tekið til þess að Samskip og Eimskip myndu kanna „hagkvæmni þess að reka eitt skipaafgreiðslufyrirtæki sem myndi þjónusta bæði félögin“. Verkefnið hafi jafnframt tekið til upplýsingaskipta um viðkvæma samkeppnisþætti fyrirtækjanna. Hafi Eimskip og Samskip átt að greina og bera saman kostnaðaruppyggingu af þessari starfsemi. Einnig hafi átt að greina núverandi framleiðslu og álagsdreifingu og ákveða hversu langt ætti að ganga í samstarfi um skipaafgreiðslu. Samkvæmt glærुकyningu um „Verkefnið Nýtt upphaf“ hafi átt að skoða eftirfarandi atriði tengd mögulegu auknu samstarfi í skipaafgreiðslu:
- „Skipulagsmál
 - Lóðamál
 - Faxaflóahafnir“
4269. Líkt og með aðra verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu hafi verið hafinn undirbúningur mögulegs aukins samstarfs milli Samskipa og Eimskips í skipaafgreiðslu.
4270. Í glærुकyningunni vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins var vísað til Faxaflóahafna. Önnur gögn málsins gefna til kynna að Faxaflóahafnir hafi haft ákveðna milligöngu í tengslum við mögulegt aukið samstarf Samskipa og Eimskips í skipaafgreiðslu.
4271. Í þessu sambandi ber að líta til þess að 1. apríl og 3. júní 2008 funduðu [\(S\)aðaleig-stjform-SH](#) og [\(S\)stjform-S](#) með Faxaflóahöfnum.²¹³⁸ Síðari fundurinn, 3. júní 2008, átti sér stað þremur dögum áður en [\(S\)aðaleig-stjform-SH](#) og [\(S\)aðaleig-stjform-SH](#) áttu fund með [\(E\)stjform](#) og [\(E\)forstj](#) þann 6. júní 2008. Tveimur sólarhringum eftir þann fund voru í tölvugögnum [\(E\)frkvstj-aljpsv](#) „Nýtt upphaf“ glærurnar, þ. á m. fyrrnefndar glærur um sameiginlega skipaafgreiðslu Samskipa og Eimskips.
4272. Í mgr. 606-607 í athugasemdum Samskipa við AI er fjallað um þessa fundi [\(S\)aðaleig-stjform-SH](#) og [\(S\)stjform-S](#) með Faxaflóahöfnum 1. apríl og 3. júní 2008. Segja Samskip að Samkeppniseftirlitið telji það vekja „sérstaka athygli að síðari fundurinn hafi farið fram aðeins þremur dögum áður en fundurinn var haldinn með [\(E\)forstj](#) og [\(E\)frkvstj-aljpsv](#) 6. júní 2008. Vísar stofnunin í því sambandi til þess að til skoðunar hafi verið hjá æðstu stjórnendum Samskipa að „hefja umfangsmikið samstarf“ við Eimskip og þar hafi [\(S\)aðaleig-stjform-SH](#) haft ríka aðkomu. Þessar tilhæfulausu ávirðingar eru rangar að öllu leyti. Í fyrsta lagi liggur fyrir að engar slíkar áætlanir um víðtækt samstarf við Eimskip voru til staðar innan Samskipa. Þá liggur fyrir að aðkoma [\(S\)aðaleig-stjform-SH](#) að samskiptum við fulltrúa Eimskips var bundin við áhuga á kaupum á tilteknum eignum Eimskips, eins og áður hefur verið rakið.“ Þá vísa Samskip til verkefnabókar hafnarstjóra Faxaflóahafna en þar komi fram að [\(S\)aðaleig-stjform-SH](#) og

²¹³⁸ Afhent skjal frá Faxaflóahöfnum 29.12.2016. „Fskj. A. Fundir með hafnarstjóra Faxaflóahafna sf með fulltrúum Eimskips og Samskipa árin 2008-2013“, bls. 1-2.



(S)stjform-S hafi mætt „til funda af allt öðru tilefni. Þeir voru í stjórn HB Granda og lutu að aðstöðu þess fyrirtækis í Reykjavíkurhöfn. Þetta má sjá af tilvísun til HB Granda fyrir aftan nöfn þeirra í verkefnabókinni, auk þess sem hafnarstjórinn greindi sérstaklega frá þessu í minnisblaði til Samkeppniseftirlitsins. Þá er enn fremur ljóst að engir fulltrúar Eimskips voru mættir til þessara funda. Þrátt fyrir þetta telur Samkeppniseftirlitið rétt að tengja umrædda fundi við fjarstæðukenndar kenningar um allsherjarsamráð við Eimskip. Að mati Samskipa eru þessi vinnubrögð Samkeppniseftirlitsins, og þessar tilhæfulausu ávirðingar, afar ámælisverð.“

4273. Framangreind umfjöllun Samskipa er að verulegu leyti í ósamræmi við samtímagögn. Samkeppniseftirlitið vísar hér fyrst til umfjöllunar í kafla 6.7 í heild sinni um samtímagögn frá fyrrihluta ársins 2008. Sýna þau ríka aðkomu (S)aðaleig-stjform-SH að undirbúningi að aukna samstarfi við Eimskip. Einnig sýna gögnin aðkomu (S)stjform-S en hann var framkvæmdastjóri Kjalars, fjárfestingarfélags (S)aðaleig-stjform-SH, stjórnarformaður Samskipa hf. og sat í stjórn Samskipa Holding. Er rétt að hafa hér í huga t.d. skýrslu Eglu sem (S)stjform-S fékk senda 12. maí 2008. Eglu var dótturfélag Kjalars og var skýrslan unnin að beiðni (S)aðaleig-stjform-SH. Í henni er lýst miklum ábata af samstarfi við Eimskip, sbr. kafla 6.7.5. Klukkan 22:52 þann 5. júní 2008, þ.e. kvöldið fyrir fund (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip, sendi (S)stjform-S tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH og hófst hann með þessum hætti: „Varðandi viðræður við Eimskip [...]“, sbr. kafla 7.2.1.2. Fundur (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 6. júní 2008 var haldinn á starfsstöð Kjalars. Þegar (S)aðaleig-stjform-SH hitti Eimskip aftur 25. júlí 2008 var sá fundur einnig haldinn á starfsstöð Kjalars. Þegar fundinum með Eimskip lauk fundaði (S)stjform-S með (S)aðaleig-stjform-SH og samkvæmt dagbók (S)stjform-S var efni fundarins þetta: „Fundur með [(S)aðaleig-stjform-SH] vegna New Beginning“, sbr. kafla 8.13.2.
4274. Ekki kemur fram í þeim gögnum sem Samkeppniseftirlitið hefur undir höndum að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH hafi fundað með (E)frkvstj-alþjv 6. júní 2008. Gögnin sýna að (E)stjform og (E)forstj sátu þann fund af hálfu Eimskips, sbr. kafla 7.2.2. Ekki er því ljóst af hverju Samskip halda því fram í mgr. 606 í athugasemdum við AI að (E)frkvstj-alþjv hafi setið fundinn. Fyrir liggur hins vegar að:
- (E)frkvstj-alþjv vistaði „Nýtt upphaf“ glærukynninguna sunnudaginn 8. júní 2008, sbr. kafla 7.3.
 - (E)frkvstj-alþjv sat í „Nýtt upphaf“ vinnuhópnum, sbr. kafla 7.3.
 - (E)frkvstj-alþjv fundaði með (S)frkvstj-MCL 23. júní 2008 og ræddi verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu, sbr. kafla 8.2.3.
 - (E)frkvstj-alþjv átti í samskiptum við (S)forstj-frystig vegna verkþátta í Nýtt upphaf“ verkefninu, sbr. kafla 8.2.3.
 - (E)frkvstj-alþjv upplýsti í skýrslutöku hjá lögreglu að hann hefði rætt verkefni sem fram koma á „Nýtt upphaf“ glærukynningu á fundi sem hann og (E)forstj áttu á árinu 2008 í höfuðstöðvum Samskipa með (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)stjórnarm-fjármstj. Hefði á fundinum m.a. verið rætt um umfangsmikið samstarf í skipaafgreiðslu með því að það yrði bara eitt „sameiginlegt skipaafgreiðslu fyrirtæki“ á Íslandi sem myndi annast slíka þjónustu. (E)frkvstj-alþjv taldi að fundurinn hefði verið haldinn um haustið 2008 en var ekki viss, sbr. kafla 7.3.6.2.3. Er a.m.k. ljóst að fundurinn var haldinn eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008.
4275. Þá er það rangt hjá Samskipum „að aðkoma (S)aðaleig-stjform-SH að samskiptum við fulltrúa Eimskips [hafi verið] bundin við áhuga á kaupum á tilteknum eignum Eimskips“. Vísast hér til umfjöllunar í kafla 7.3 um samtímagögn og til umfjöllunar í kafla 25.5 og áfram um sjónarmið Samskipa sem þessu tengjast.
4276. Það er hins vegar rétt hjá Samskipum að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S sátu í stjórn HB Granda á árinu 2008 og vel má vera að viðræður þeirra við hafnarstjórnann hafi tekið til aðstöðu þess



fyrirtækis í Reykjavíkurböfn. Samskip leggja hins vegar ekki fram nein gögn sem sýna efni þessara viðræðna. Þar að auki höfðu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S tækifæri til að búa í haginn fyrir aðkomu hafnarstjórans að viðræðum um mögulegt samstarf Samskips og Eimskips um skipaafgreiðslu í Reykjavík. Gerði glærुकyningin sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 efnislega ráð fyrir aðkomu Faxaflóahafna að þessu leyti vegna skipulags- og lóðarmála. Óþarfi er hins vegar slá neinu föstu um viðræður (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S við hafnarstjórnann þar sem önnur gögn um „Nýtt upphaf“ verkefnið og aðdraganda þess gefa saman glöggva mynd af atvikum málsins.

4277. Eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst sýna gögn málsins að (S)aðaleig-stjform-SH hafi borið ábyrgð á þessum verkþætti hjá Samskipum. Sem fyrr segir greindi (E)frkvstj-alþjsv lögreglu frá því að hann og (E)forstj hefðu rætt þennan verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins við m.a. (S)aðaleig-stjform-SH. Þá sýna gögnin að (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl komu að þessu máli hjá Eimskip. Þeir áttu báðir á síðari hluta ársins einnig ítrekuðum samskiptum við Samskip vegna annarra verkþátta umrædds verkefnis, sbr. umfjöllun í köflunum hér að framan.
4278. Á tímabilinu frá ágúst 2008 til febrúar 2009 átti (S)aðaleig-stjform-SH þrjá fundi á vettvangi Faxaflóahafna. Allir þessir fundir vörðuðu mögulegt aukið samstarf við Eimskip í skipaafgreiðslu. Á tímabilinu frá nóvember 2008 til febrúar 2009 átti (E)frkvstj-EimÍsl þrjá fundi á vettvangi Faxaflóahafna. Allir vörðuðu þeir mögulegt aukið samstarf við Samskip í skipaafgreiðslu.²¹³⁹ Verður þessi atburðarrás ásamt öðru tengdu rakin hér.
4279. Þann 7. ágúst 2008 átti (S)aðaleig-stjform-SH fund með hafnarstjóra hjá Faxaflóahöfnum um sérstakt sameiginlegt skipaafgreiðslufyrirtæki.
4280. Fjallað var um þetta samstarfsverkefni Eimskips og Samskips og aðkomu Faxaflóahafna í fundargerð Eimskips frá 8. nóvember 2008. (E)frkvstj-innanl er höfundur skjalsins. Þar er lýst fundi hans og (E)frkvstj-EimÍsl með hafnarstjóranum daginn áður, 7. nóvember 2008. Í lið 4 í fundargerðinni er fjallað um tillögu um sameiginlegt fyrirtæki um skipaafgreiðslu og að fyrirtækið yrði í eigu sameignarfélags Eimskips, Samskips og e.t.v. fleiri aðila.²¹⁴⁰ Sama dag, 7. nóvember 2008, sendi hafnarstjórinn hjá Faxaflóahöfnum tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH og óskaði eftir fundi með vísan til fundar hafnarstjórans með Eimskip.²¹⁴¹
4281. Samkvæmt upplýsingum sem Faxaflóahafnir afhentu Samkeppniseftirlitinu var sá fundur haldinn 12. nóvember 2008 og sátu hann (S)aðaleig-stjform-SH og hafnarstjórinn.²¹⁴² Með tölvupósti síðar sama dag upplýsti hafnarstjórinn (E)frkvstj-innanl um að hann hafi átt fund með (S)aðaleig-stjform-SH „og hann er jákvæður fyrir að skoða stevedoring kompaní – en ætlar að ræða það í sínum hópi áður en frekar verður að gert.“
4282. (E)frkvstj-innanl svaraði og sagði: „Ok. gott má!“. (E)frkvstj-innanl framsendi svo tölvupóstinn frá hafnarstjóranum til m.a. (E)forstj og (E)frkvstj-EimÍsl.²¹⁴³
4283. Samkvæmt upplýsingum frá Faxaflóahöfnum átti hafnarstjórinn fund með (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-EimÍsl þann 2. desember 2008. Fjallaði sá fundur einnig um skipaafgreiðslu.²¹⁴⁴
4284. Á aðfangadag jóla árið 2008 sendi (E)forstj sjálfum sér verkefnalista. Á þeim lista voru áfram verkefni sem tengdust samráðinu við Samskip, sbr. umfjöllun í kafla 10.5.2:

²¹³⁹ Afhent skjal frá Faxaflóahöfnum. Afhent 29.12.2016. „Fskj. A. Fundir með hafnarstjóra Faxaflóahafna sf með fulltrúum Eimskips og Samskips árin 2008-2013“, bls. 1-2. Afhent minnisblað frá Faxaflóahöfnum 29.12.2016, bls. 2.

²¹⁴⁰ Afrituð tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.265756.

²¹⁴¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskip [...] Doc. ID. 0.7.33.528196.

²¹⁴² Afhent skjal frá Faxaflóahöfnum. Afhent 29.12.2016. „Fskj. A. Fundir með hafnarstjóra Faxaflóahafna sf með fulltrúum Eimskips og Samskips árin 2008-2013“, bls. 2.

²¹⁴³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. Áframsend samskipti milli Eimskips og Faxaflóahafna sent [...] Doc. ID. 0.7.33.268765.

²¹⁴⁴ Afhent skjal frá Faxaflóahöfnum. Afhent 29.12.2016. „Fskj. A. Fundir með hafnarstjóra Faxaflóahafna sf með fulltrúum Eimskips og Samskips árin 2008-2013“, bls. 2.



„19. Stada Samskips samnings“;

„65. Hugmynd ad terminal fyrirtæki“ og

„67. BAF a alla samninga“

4285. Liður 65 í þessum verkefnalista varðaði verkþáttinn „Samstarf um skipafgreiðslu“ í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Sendi (E)forstj þennan verkefnalista til (E)frkvstj-alfjsv.²¹⁴⁵
4286. (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl funduðu 7. janúar 2008 vegna verkþáttarins „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í „Nýtt upphaf“ verkefninu, sbr. kafla 10.6.1. Sama dag var framkvæmdastjórnarfundur hjá Samskipum. Samkvæmt afhentri fundargerð voru mættir (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl ásamt (S)frkvstj-fjárm. Undir dagskrárliðnum „Áherslur á fyrsta ársfjórðungi 2009/Verk í vinnslu“ var vísað til „Nýtt upphaf“ verkþáttarins sem varðaði skipaafgreiðslu. Nánar tiltekið sagði þetta í fundagerðinni:
- „landkranar, samstarf við EI [Eimskip]“.²¹⁴⁶
4287. Þetta verkefni kom einnig fram á glærukynningu (S)aðaleig-stjform-SH á stjórnarfundum Samskippa Holding í París nokkrum dögum síðar eða 12. janúar 2009.²¹⁴⁷
4288. Framangreint staðfestir að, líkt og í öðrum þáttum í „Nýtt upphaf“ verkefninu, unnu Samskip og Eimskip að mögulegu auknu samstarfi í skipaafgreiðslu á síðari hluta ársins 2008. Sú vinna hélt áfram á árinu 2009 og var t.d. skipulagður fundur (S)aðaleig-stjform-SH og (E)frkvstj-EimÍsl með hafnarstjóra Faxaflóahafna í febrúar 2009. Á sama tíma var yfirstandi ólögmætt samráð fyrirtækjanna í skipaafgreiðslu á Reyðarfirði. Er fjallað um þessi atvik í kafla 19.
4289. Fjallað er um athugasemdir Samskippa er varða framangreind atvik tengd skipaafgreiðslu í kafla 25.39.4. Athugasemdir Samskippa fá ekki breytt mati Samkeppniseftirlitsins.

10.7.2. „Short sea“ og frystigeymslur

4290. Hluti af þeim verkþáttum sem féll undir „Nýtt upphaf“ verkefnið tengdust útflutningi á frystum fiski og öðrum sjávarafurðum. Var samráð tengt þessu fyrir hendi áður en „Nýtt upphaf“ verkefni Samskippa og Eimskips hófst í júní 2008.
4291. Í kafla 5.6 er lýst samstarfi tengdu útflutningi á sjávarafurðum frá m.a. Íslandi. Er þar lýst samstarfi Eimskips við fjölskyldufyrirtækið Kloosterboer fram að því að Samskip keyptu sjávarútvegsstarfsemi þess í apríl 2005. Var um að ræða bæði frystigeymslu- og frystiflutningastarfsemi Kloosterboer, m.a. frystigeymslur í Rotterdam og Ijmuiden í Hollandi. Fram á árið 2009 ráku Samskip þessa starfsemi undir nafni Kloosterboer. Kloosterboer fjölskyldufyrirtækið hélt hins vegar áfram rekstri á kæligeymslum fyrir t.d. ávexti. Eimskip keypti í september 2005 eignarhlut í Daalimpex en það fyrirtæki rak einnig frystigeymslur í Hollandi. Í janúar 2007 var greint frá því að Eimskip hefði eignast Daalimpex að öllu leyti.
4292. Í kafla 5.6 er því lýst að samráð Eimskips og Kloosterboer í þjónustu við m.a. útflytjendur á sjávarafurðum frá Íslandi hafi haldið áfram eftir að Samskip keyptu sjávarútvegsstarfsemi

²¹⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.400816. Síðar sama dag sendi [...] Doc. ID. 0.7.33.113717.

²¹⁴⁶ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 8 („2009“). Fundargerð framkvæmdastjórnarfundar „vika2_7.1.09“. Sbr. einnig sama skjal sem viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. Frá [...] til yfirstjórnar Samskippa „Fundur í dag – 6 jan“, 07.01.2009 kl. 17:42. Doc. ID. 0.7.33.549441. Um er að ræða vikulega fundi framkvæmdastjórnar Samskippa. Á afrituðu sameignardrifi Samskippa fundust fundargerðir framkvæmdastjórnar fyrir þessa vikulegu fundi árið 2009 eða til 14. viku. Í þeim fundargerðum má sjá að verkefni um „landkrana, samstarf við Eimskip“ er undir liðnum „Verk í vinnslu 2009“ allan þennan tíma. Er það í samræmi við afhentar fundargerðir Samskippa fyrir vikur 2-9, 11, 13 og 14 árið 2009, sbr. afhentar fundargerðir frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 8 („2009“).

²¹⁴⁷ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent þann 10.03.2017. „Minutes Samskip Holding Board Meeting 12 Jan. 2009“.



Kloosterboer. Daalimpex kom einnig að því samráði eftir að Eimskip hafði eignast hlut í því fyrirtæki. (E)frkvstj-alþjv sat í stjórn Daalimpex og sýnir umfjöllun í kafla 5.6 aðkomu hans að umræddu samráði.

4293. Samkvæmt glærukynningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið tók það til m.a. til aukins samstarfs í „„short sea“²¹⁴⁸ þjónustu“ og „frystigeymslurekstri“.
4294. Samkvæmt glærunum um „Samstarf í „Short sea“ þjónustu“ í glærukynningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið var búið að ákveða að fyrirtækin myndu meta möguleika á verulegu samstarfi Samskipa og Eimskips, sbr. kafla 7.5.2. Náði þetta m.a. til dótturfélaga Eimskips (Containerships og Eimskip-CTG) og Samskipa (Silver Sea). Kanna átti „sambættingu siglingakerfa“, skiptingu á „sloottum“, koma á fót einu „heildarkerfi“, renna saman dótturfélögum í Noregi og stofna á sameiginlegt félag sem sinnti frystiskipaþjónustu og flutningsmiðlun. Hér ber að rifja upp atriði tengd viðkomandi dótturfélögum:
- Containerships var finnskt skipafélag sem hefur einkum starfsemi í Eystrasaltinu, Grikklandi, Tyrklandi og Mið-Austurlöndum. Í september 2006 keypti Eimskip 65% hlut í félaginu.
 - Eimskip-CTG var norskt skipafélag sem sérhæfði sig í flutningum á frystum og kældum sjávarafurðum. Árið 2004 eignaðist Eimskip meirihluta hlutafjár í CTG og allt félagið ári síðar.
 - Silver Sea var norskt skipafélag sem sérhæfði sig í flutningum á frystum og kældum sjávarafurðum. Fram til ársins 2006 var félagið í 40% eigu Samskipa en á árinu 2006 jókst eignarhlutur Samskipa í 50%.
4295. Það samstarf sem átti að kanna samkvæmt glærukynningunni hafði beina tengingu við samkeppni hér á landi og hagsmuni viðskiptavina Samskipa og Eimskips, ekki síst útflytjendur á sjávarafurðum. „Short sea“ siglingakerfi Eimskips (á vegum Containerships) tengdist helstu viðkomuhöfnum Íslandsskipa Eimskips og Samskipa í Evrópu eins og t.d. Rotterdam, Hamborg, Aarhus og Immingham. Höfðu þau skip einnig viðkomu í Færeyjum á leið þeirra milli Íslands og Evrópu. Þá sýna gögnin að Samskip/Silver Sea og Eimskip/Eimskip CTG voru keppninautar í útflutningi á m.a. frystum fiski frá Íslandi, sbr. kafla 7.5.2.
4296. Samkvæmt glærunum um „Frystigeymslurekstur“ í glærukynningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið var vísað til þess að bæði Samskip og Eimskip rækju frystigeymslur í Hollandi og átti að kanna hagkvæmni þess að rekstur þeirra yrði sambættur að einhverju eða öllu leyti, sbr. kafla 7.5.1. Einnig átti að meta og skiptast á upplýsingum um hvar og hvernig samstarf gæti farið fram. Í þessu samhengi átti að horfa til frystiskipaþjónustu í tengslum við frystigeymslur. Jafnframt átti m.a. að „skoða sameiginlega“ Kloosterboer, Samskip og Daalimpex. Í þessu samhengi ber að rifja upp að í kafla 7.5.1 og 8.2.3 er því lýst að samhliða undirbúningi og tilurð „Nýtt upphaf“ verkefnisins í júní 2008 áttu (E)forstj, (E)frkvstj-alþjv og (S)aðaleig-stjform-SH í samskiptum við Kloosterboerfjölskylduna. Fjölskyldan rak enn flutninga- og frystigeymslustarfsemi þrátt fyrir að hafa selt hluta hennar til Samskipa á árinu 2005. Í samskiptum (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv við fjölskylduna var (líkt og í samskiptunum á árunum 2002-2004) rætt um alvarlegar samkeppnishömlur. Einnig var fjallað um mögulega yfirtöku Kloosteboerfjölskyldunnar á Daalimpex. (S)aðaleig-stjform-SH átti á sama tíma í viðræðum við Kloosteboerfjölskylduna um endurkaup hennar á frystigeymslum Samskipa í Rotterdam og Ijmuiden í Hollandi.
4297. Áréttu ber að vinna við þessa verkþætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins hófst strax í kjölfar fundar Samskipa og Eimskips 6. júní 2008. Ber hér að líta t.d. til eftirfarandi:

²¹⁴⁸ Í sjóflutningum er gerður greinarmunur á styttri sjóleiðum (e. short sea shipping) og lengri sjóleiðum (e. deep sea shipping). Í fyrrgreindum siglingum geta t.d. falist strandsiglingar en í hinum síðari felst að siglt er yfir úthöf.



- Tölvupóstur (S)aðaleig-stjform-SH 10. júní 2008 þar sem hann skipulagði fundi (E)frkvstj-alþjsv með stjórnendum hjá Samskipum í Rotterdam sem báru ábyrgð á starfsemi sem tók til „short sea“ þjónustu ((S)frkvstj-MCL) og rekstur frystigeymslna ((S)forstj-frystig), sbr. kafla 7.3.2.
- Fundur (E)frkvstj-alþjsv, (E)frkvstj-Contain (framkvæmdastjóri Containerships) og (S)frkvstj-MCL í Rotterdam 23. eða 24. júní 2008. (S)forstj-frystig og (E)frkvstj-alþjsv reyndu á sama tíma að funda í Rotterdam en tókst ekki, sbr. kafla 8.2.3.
- (E)frkvstj-alþjsv fundaði með Kloosterboerfjölskyldunni þegar hann var í Hollandi 23. og 24. júní 2008. Á nánast sama tíma átti (S)aðaleig-stjform-SH í samskiptum við fjölskylduna, sbr. kafla 8.2.3
- Tölvupóstur (S)frkvstj-Silver 8. júlí 2008 til (S)aðaleig-stjform-SH. (S)frkvstj-Silver var framkvæmdastjóri umrædds dótturfélags Samskipa, Silver Sea. Telur Samkeppniseftirlitið að í tölvupóstinum hafi (S)frkvstj-Silver spurt (S)aðaleig-stjform-SH hvenær hann ætli að hitta Eimskip næst, sbr. kafla 8.9.5.1. Eins fram kom hér að framan var það eitt af „Nýtt upphaf“ verkefnum að athuga hvort ætti að leggja ætti „saman félagin Eimskip-CTG og Silversea“.
- Í fundargerð vegna fundar stjórnar Samskipa Holding 14. júlí 2008 er m.a. lýst viðræðum við Containerships um samstarf og að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH muni ræða aftur við Eimskip á Íslandi, sbr. kafla 8.10.1.
- Tölvupóstur til (S)aðaleig-stjform-SH 22. júlí 2008. Skilaboð til (S)aðaleig-stjform-SH frá (S)aðaleig-stjform-SH um að (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig bíði eftir „update“ vegna fyrirhugaðs fundar með Eimskip, sbr. kafla 8.13. Sá fundur var haldinn 25. júlí 2008.
- (E)frkvstj-alþjsv sendi tölvupóst til framkvæmdastjóra Daalimpex 22. júlí 2008. Greindi hann frá viðræðum við Kloosterboerfjölskylduna á sjávarútvegssýningunni í Brussel: „Regading Daalimpex, then as you know me and [...] had a meeting with Kloosterboer in Brussel to discuss if there could be potential co-operation with Daalimpex and we were open for all suggestions from there (svo) side, bearing in mind that they had the initiative for that meeting. Since then I have talked two times with the brothers mainly to listening about their ideas, but no firm suggestion has come from there (svo) side and nothing on paper how we could co-operate. I am still waiting to hear their suggestions. [...]”²¹⁴⁹
- Tölvupóstur (S)frkvstj-MCL til (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH 24. júlí 2008. Vísaði (S)frkvstj-MCL til samtals við (E)frkvstj-Contain fyrr um daginn og bað (S)aðaleig-stjform-SH að ræða við sig fyrir fundinn með Eimskip sem haldinn var daginn eftir, sbr. kafla 8.13.
- Gögn málsins sýna að milli kl. 10:00 og 10:30 þann 6. ágúst 2008 átti tvennt sér stað. Annars vegar sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)frkvstj-MCL og spurði hvort hann hefði heyrð í Containerships. Hins vegar ætlaði (E)forstj að hringja í framkvæmdastjóra Containerships ((E)frkvstj-Contain), sbr. kafla 8.15.1.
- Tölvupóstur (S)frkvstj-Silver til (S)aðaleig-stjform-SH 11. ágúst 2008. Spurði framkvæmdastjóri Silver Sea (S)aðaleig-stjform-SH að þessu: „„Eimskip/CTG- any news development“, sbr. kafla 8.9.5.1
- Tölvupóstsamskipti (E)frkvstj-alþjsv og meðlims Kloosterboerfjölskyldunnar 20. ágúst 2008. Vísað til veiðiferðar á Íslandi helgina 16.-17. ágúst 2008 og ákveðið að hittast á Schiphol flugvelli 1. september 2008.²¹⁵⁰

²¹⁴⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.98304 / 0.7.33.98306 / 0.7.33.98312.

²¹⁵⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.100393 / 0.7.33.100513 / 0.7.33.100508.



- Tölvupóstsamskipti (E)frkvstj-alþjv og (S)forstj-frystig í lok ágúst og byrjun september 2008. Voru þeir að skipuleggja að funda í Rotterdam um mánaðarmótin september/október 2008, sbr. kafla 8.16.1.
- (E)frkvstj-alþjv sendi (E)forstj 4. september 2008 minnisblað um möguleg kaup Kloosterboerfjölskyldunnar á Daalimpex. Sagt að ákveðin niðurstaða liggi fyrir sem taka þurfi afstöðu til.²¹⁵¹
- Samkvæmt fundargerð vegna fundar stjórnar Samskipa Holding 3. október 2008 greindi (S)forstj-frystig frá hugmyndum um að selja frystigeymsluna í Ijmuiden og stjórnin samþykkti að þetta yrði skoðað áfram.²¹⁵² Sú frystigeymsla var sérstaklega tilgreind á glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Sýna gögnin að viðræður áttu sér stað við Kloosterboerfjölskylduna um þessa sölu.

4298. Eftirfarandi átti sér síðan stað varðandi Containerships, Kloosterboer og flutninga á frystum fiski (Silver Sea og Eimskip-CTG):

10.7.2.1. Containerships

4299. Gögn málsins sýna að samskipti Samskipa og Eimskips vegna „short sea“ siglinga héldu áfram í nóvember 2008. Þannig framsendi (S)aðaleig-stjform-SH þann 8. nóvember 2008 tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH sem (S)frkvstj-VDM (framkvæmdastjóri Van Dieren Maritime, dótturfélags Samskipa) hafði sent honum. Fjallaði hann um viðræður (S)frkvstj-VDM við (E)frkvstj-Contain, framkvæmdastjóra dótturfélags Eimskips (Containership). Heiti tölvupóstsins var: „Confidential Containership“ og í honum sagði:

„I tried to phone you yesterday, but you where (svo) I guess in a meeting. I had Thursday evening (late) talks with [(E)frkvstj-Contain] in Hamburg. We talked about our cooperation and market situation. Containership is (probably) for sale.“²¹⁵³

4300. Síðan komu fram í tölvupóstinum upplýsingar um að tiltekið tilboð í Containerships hafi verið of lágt, að veittar hafi verið fjárhagsupplýsingar um Containerships og að (E)frkvstj-Contain teldi það góða hugmynd að sameina Containerships og Samskip. Ber að rifja upp að eftir fund (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)stjform og (E)forstj þann 6. júní 2008 funduðu (E)frkvstj-alþjv og (E)frkvstj-Contain með (S)frkvstj-MCL í Rotterdam síðar í júní 2008 til þess að ræða þann verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem varðaði samráð í „short sea“ siglingum. Þann 24. júlí 2008 sendi (S)frkvstj-MCL tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH og greindi frá samtali við (E)frkvstj-Contain og bað (S)aðaleig-stjform-SH að hringja í sig áður en hann fundaði með Eimskip. Daginn eftir funduðu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip. Þá ber að hafa í huga gögn (E)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH frá því fyrir hádegi 6. ágúst 2008 og vörðuðu m.a. (E)frkvstj-Contain og (S)frkvstj-MCL.

4301. Framangreindur tölvupóstur (S)frkvstj-VDM sýnir því áframhaldandi samskipti Samskipa og Eimskips tengd „short sea“ siglingum.

4302. Hér ber og að nefna að í fundargerð stjórnar Samskipa Holding frá 12. janúar 2009 er gerð grein fyrir nýjum samningi við Containerships. Segir í fundargerðinni

„Especially the development via the Baltic States is appreciated in November, also with regard to the new agreement with Containerships.“²¹⁵⁴

²¹⁵¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Innanfélagspóstur. Daalimpex“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.101855.

²¹⁵² Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent þann 10.03.2017. „Minutes Samskip Board Meeting 3 Okt 2008.pdf“.

²¹⁵³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.33.528249.

²¹⁵⁴ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent þann 10.03.2017. „Minutes Samskip Holding Board Meeting 12 Jan. 2009“.



4303. Við skýrslutöku hjá lögreglu var áður nefndur tölvupóstur (S)frkvstj-VDM frá 8. nóvember 2008 borinn undir (S)aðaleig-stjform-SH. Sagði (S)aðaleig-stjform-SH að (S)frkvstj-VDM hefði verið eigandi fyrirtækis sem Samskip hefði keypt árið 2003 og hann starfað hjá Samskipum eftir það. Einnig sagði (S)aðaleig-stjform-SH þetta:

„Hann [(S)frkvstj-VDM] er með þetta fyrirtæki með, með mikla flutninga inn í hérna Rússland og þangað og ég veit það ekki, hann, hann, ég hugsa að hann hafi þekkt til fyrirtækisins, ... at top with var hérna Íslendingur sem stýrði fyrirtækinu Containerships [(E)frkvstj-Contain].“²¹⁵⁵

4304. Samkvæmt þessum framburði (S)aðaleig-stjform-SH virðast hafa verið tengsl milli (S)frkvstj-VDM og (E)frkvstj-Contain.

4305. Við gagnaöflun Samkeppniseftirlitsins veittu Samskip engar upplýsingar um samninginn við Containerships sem vísað var til í framangreindri fundargerð Samskipa Holding frá 12. janúar 2009. Við skýrslutöku (S)aðaleig-stjform-SH hjá lögreglu var einnig borin undir hann þessi fundargerð stjórnar Samskipa Holding. Sýnir fundargerðin að (S)aðaleig-stjform-SH sat þennan stjórnarfund. Aðspurður hvort þessi nýi samningur við Containerships hefði tengst „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa kvaðst (S)aðaleig-stjform-SH ekki þekkja það.²¹⁵⁶

4306. Í mgr. 589 í athugasemdum við AI fjölluðu Samskip hins vegar um þetta tilvik: „Í þessu sambandi ber að taka fram að Samskip Holding BV bauð á þessum tíma upp á flutningaþjónustu milli markaða í Evrópu og Rússlands og Eystrasaltsríkjanna í gegnum dótturfélag sitt, Van Dieren Transport. Van Dieren var ekki með eigin skip á þessum flutningaleiðum heldur gerði samninga við skipafélög sem voru starfandi á markaðnum. Van Dieren var því með samninga við flest skipafélög á þessum markaði, þ.m.t. Containerships [...] Viðræður á milli Van Dieren og Containerships snerust einvörðungu um að fá samkeppnishæf verð fyrir Van Dieren í flutninga á þessum flutningamarkaði. Um er að ræða viðskipti sem eru auk þess án nokkurra tengsla við íslenskan markað.“

4307. Í málinu liggur hins vegar fyrir að á fyrrihluta ársins 2009 seldi Eimskip eignarhlut sinn í Containerships.²¹⁵⁷ Sýna gögn málsins að í aðdraganda þeirrar sölu bjó (S)aðaleig-stjform-SH yfir viðkvæmum upplýsingum um viðhorf og möguleika Eimskips. Kemur þetta fram í eftirfarandi tölvupósti sem (S)aðaleig-stjform-SH sendi þann 5. mars 2009 til (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-MCL og (S)stjórnarm-fjármstj:

„Hi - understand purchase price is low, bought through cash of Containerships, the purchase being pushed through [(E)frkvstj-Contain] and the family“²¹⁵⁸, Eimskip as such against the acquisition. Eimskip has now the option to purchase the 35% stake of Containerships from the family at 55 m eur, if not, then the family has the option to purchase the 65% Eimskip helds (svo) today at 25 m eur - two complicated alternatives for Eimskip. Pls keep this confidential..“²¹⁵⁹

4308. Í mgr. 1241 í athugasemdum Samskipa við AI er þessi tölvupóstur (S)aðaleig-stjform-SH skýrður svo: „Þar greinir (S)aðaleig-stjform-SH frá því að Eimskip eigi möguleika á því að kaupa hlut fjölskyldunnar í Containerships, en að öðrum kosti geti fjölskyldan keypt hlut Eimskips. Í tölvupóstinum koma fram upplýsingar um verð sem (S)aðaleig-stjform-SH biður móttakendur tölvupóstsins um að halda fyrir sig. Ljóst er að á þessum tímamarki lá fyrir að Eimskip gat ekki uppfyllt samkomulag sitt við minnihlutaeigendur Containerships um kaup á 35% hlut í félaginu, enda var félagið ógjaldfært. Framkvæmdastjóri Containerships leitaði því leiða til að losa félagið úr þeirri ómögulegu stöðu og hafði að eigin frumkvæði samband við (S)aðaleig-stjform-SH. Eins og gögn

²¹⁵⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 122.

²¹⁵⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 123.

²¹⁵⁷ Í frétt RÚV 7. febrúar 2010 er rætt við [...] framkvæmdastjóra Containerships og segir m.a.: „Containership var frá september 2006 þar til í maí í fyrra að stærstum hluta í eigu Eimskipa hér á Íslandi. Finniskir eigendur keyptu aftur meirihluta í félaginu þegar Eimskip var endurskipulagt. Containership og Eimskip eru þó áfram í nánú samstarfi.“ Aðgengilegt á slóð: <http://www.ruv.is/frett/haettulegir-gamar-i-sjoinn>.

²¹⁵⁸ Finniskir meðeigendur Eimskips á Containerships.

²¹⁵⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.573900.



málsins sýna þá hafði Samskip lengi haft áhuga á kaupum á Containership, enda laut margnefndur fundur forsvarsmanna félaganna 6. júní 2008 að því félagi. Samskip reyndu í kjölfarið að koma á viðræðum og héldu þær tilraunir áfram um allnokkurn tíma en án árangurs. Ekkert í þessum samskiptum gefur tilefni til athugasemda."

4309. Orðalag og efni tölvupósts (S)aðaleig-stjform-SH 5. mars 2009 ber með sér að trúnaðarupplýsingarnar í honum voru komnar frá Eimskip. Það er staðfest í mgr. 1241 í athugasemdum Samskipa og gefið til kynna að það hafi verið (E)frkvstj-Contain, fyrirsvarismaður Containerships, sem hafi að eigin frumkvæði rætt við (S)aðaleig-stjform-SH. Ekki er unnt að fallast á skýringar Samskipa á tilefni þessara samskipta þegar af þeirri ástæðu að lýsing fyrirtækisins á efni fundarins 6. júní 2008 er röng, sbr. kafla 25.39.4.
4310. Fyrir liggur að „Nýtt upphaf“ verkefnið tók til „short sea“ þjónustu og stjórnendur fyrirtækjanna höfðu ítrekað rætt um samstarf Samskipa og Containerships. Möguleg sala Eimskips á Containerships hafði augljós áhrif á þennan þátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að Eimskip hafi með ólögmetum hætti miðlað umræddum trúnaðarupplýsingum til (S)aðaleig-stjform-SH og hafi það verið liður í framkvæmd „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitsins er viðurkennt að í brotum fyrirtækisins á 10. gr. samkeppnislaga hafi falist samráð við Samskip um miðlun á mikilvægum viðskiptaupplýsingum. Upplýsingarnar í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH voru af slíkum toga.
4311. Umrædd fundargerð Samskipa Holding frá 12. janúar 2009 sýnir ánægju með samstarfssamning við umrætt dótturfélag Eimskips. Sem fyrr sagði seldi Eimskip hins vegar Containerships nokkrum mánuðum síðar. Aukið samstarf Samskipa við Containerships var í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Í ljósi þess að Eimskip missti þannig yfirráð yfir Containerships á fyrri hluta ársins 2009 telur Samkeppniseftirlitið ekki þörf á því að fjalla frekar um umræddan samstarfssamning.

10.7.2.2. Kloosterboer

4312. Dótturfélag Eimskips í Hollandi, Daalimpex, varð gjaldþrota í byrjun árs 2009 og í febrúar 2009 keypti Kloosterboer fjölskyldufyrirtækið tiltekna frystigeymslur Daalimpex.
4313. Eftir yfirtöku Kloosterboer á Daalimpex átti Eimskip í samstarfi við Kloosterboer/Dalimpex. Nýtti Eimskip sér m.a. frystigeymslur Kloosterboer/Dalimpex við útflutning á fiski. Var Kloosterboer eftir sem áður keppinautur Eimskips.
4314. Í fundargerð vegna fundar stjórnar Samskipa Holding 13. febrúar 2009 er gerð grein fyrir viðræðum (S)forstj-frystig og (S)stjórnarm-fjármstj við Kloosterboerfjölskyldunina um kaup hennar á frystigeymsluna í IJmuiden í Hollandi.²¹⁶⁰ Endaði það með því að Samskip seldi fyrirtæki Kloosterboerfjölskyldunnar umrædda frystigeymslu til baka um mitt ár 2009. Gögnin sýna að Samskip litu áfram á Kloosterboer sem keppinaut sinn.
4315. Á árinu 2009 breyttu Samskip nafni frystigeymslnanna í Rotterdam og Álasundi. Höfðu þær verið reknar undir nafni Kloosterboer en nýja heitið var Frigocare. Í tengslum við þessar breytingar á frystigeymslustarfsemi Samskipa var (S)aðaleig-stjform-SH fengið það viðbótarverkefni að bera ábyrgð á rekstri Frigocare gagnvart stjórn Samskipa Holding.
4316. Í þessu samhengi er það lýsandi að eitt af fyrstu verkum (S)aðaleig-stjform-SH, sem yfirmanns Frigocare, var að stuðla að því að verð á þjónustu Frigocare gagnvart íslenskum viðskiptavinum (ekki síst íslenskum fiskútflytjendum) yrði hækkað. Þetta kemur fram í tölvupósti hans til (S)frkvstj-Frigo1, framkvæmdastjóra Frigocare, 30. október 2009, sbr. nánari umfjöllun í kafla 14.17.3.

²¹⁶⁰ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent þann 10.03.2017.



4317. Sýna gögnin að árinu 2009 og áfram áttu (S)aðaleig-stjform-SH og (E)frkvstj-albjsv í ítrekuðum samskiptum við meðlimi Kloosterboerfjölskyldunnar.
4318. Er þessu og öðrum aðgerðum Samskipa og Eimskips sem m.a. miðuðu að því að takmarka samkeppni í útflutningi á fiski á árinu 2009 og áfram ítarlega lýst í kafla 20.

10.7.2.3. Eimskip-CTG, Silver Sea og Green Reefers

4319. Sjávarafurðir voru fluttar frá Íslandi annars vegar með áætlunarskipum Samskipa og Eimskips og hins vegar með sérhæfðum skipum (frystiskip). Dótturfélög Samskipa og Eimskips, Eimskip-CTG og Silver Sea, ráku frystiskip og önnuðust útflutning á frystum fiski frá Íslandi og Noregi. Keppinautur Eimskips og Samskipa í útflutningi á frystum fiski frá m.a. Íslandi var norska fyrirtækið Green Reefers.
4320. (S)frkvstj-Silver var framkvæmdastjóri Silver Sea. Hér ber að rifja upp gögn frá apríl og maí 2008 sem sýna undirbúning að skýrslum um Eimskip sem félag (S)aðaleig-stjform-SH, Egla, vann að beiðni hans. Fyrri skýrslan lá fyrir í maí 2008, sbr. kafla 6.7.5. Síðari skýrsluna sendi (S)aðaleig-stjform-SH til (S)aðaleig-stjform-SH kvöldið fyrir fundinn 6. júní 2008 með Eimskip, sbr. kafla 7.2.1.2. Í fyrri skýrslunni er rökstutt að mikill ábati geti falist í auknu samráði við Eimskip og er m.a. fjallað um sjóflutninga til og frá Íslandi og Silver Sea og Eimskip-CTG. Við undirbúning skýrslunnar hafði Egla m.a. átt í samskiptum við (S)frkvstj-Silver.
4321. Í samræmi við þessa undirbúningsvinnu (S)aðaleig-stjform-SH kemur fram í glærunum „Samstarf í „Short sea“ þjónustu“ í „Nýtt upphaf“ kynningunni að skoða ætti að leggja „saman félögin Eimskip-CTG og Silversea“. Hefði sú aðgerð haft áhrif á m.a. útflutning á frystum fiski frá Íslandi.
4322. Tölvupóstur sem (S)frkvstj-Silver sendi (S)aðaleig-stjform-SH 8. júlí 2008 gefur til kynna að (S)frkvstj-Silver hafi vitað að til stæði að (S)aðaleig-stjform-SH ætlaði að funda með Eimskip.
4323. Heiti þessa tölvupóstar vísaði til umrædds keppinautar, Green Reefer. Í tölvupóstinum greinir (S)frkvstj-Silver frá því að hann hafi verið að ræða við mann sem hafi verið að hætta í stjórn Green Reefers. Hann sé framkvæmdastjóri keppinautar (Seatrade²¹⁶¹) og hafi lagt til að halda fund til að ræða samstarf. Síðan spyr (S)frkvstj-Silver (S)aðaleig-stjform-SH að því hvenær hann muni hitta „Mr. E“.²¹⁶² Verður að líta svo á að „Mr E“ vísi til Eimskips, sbr. kafla 8.9.5.1. Eins og rökstutt er í þeim kafla telur Samkeppniseftirlitið tölvupóstur (S)frkvstj-Silver gefi til kynna að hann hafi vitað að til stæði að Eimskip og Samskip myndu hittast eða hafa samskipti í júlí 2008 vegna „Nýtt upphafs“ verkefnisins. Skiptir í því samhengi m.a. máli tölvupóstur sem (S)frkvstj-Silver sendi 11. ágúst 2008 til (S)aðaleig-stjform-SH en í honum segir:
- „Eimskip/CTG- any news/developments?“
4324. Sýnir tölvupóstur (S)frkvstj-Silver 11. ágúst 2008 að (S)frkvstj-Silver hafði verið farið að lengja eftir fréttum af viðræðum (S)aðaleig-stjform-SH við Eimskip um verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu sem vörðuðu Silver Sea og frystiskipaþjónustu.
4325. Eins og lýst hefur verið átti (S)aðaleig-stjform-SH „stöðufund“ með (S)stjform-S 22. september 2008, sbr. kafla 8.16.9. Í glærुकynningu (S)aðaleig-stjform-SH á fundinum var farið yfir „stóru myndina“ en í henni var lýst tilteknum aðgerðum sem myndu skila verulegum ábata fyrir Samskip á Íslandi. Auk ábata af almennri verðhækkun, verðhækkun gagnvart Alcoa og takmörkun á flutningsgetu var lýst ábata af aðgerð sem nefnd var „short sea“. Kom ekki fram nánari lýsing á henni.
4326. Sú „short sea“ starfsemi sem tilgreind er í „Nýtt upphaf“-glærुकynningunni, og hafði mesta tengingu við Samskip hf., var flutningsþjónusta tengd útflutningi á frystum fiski frá Íslandi. Í þessu samhengi

²¹⁶¹ Seatrade var öflugt fyrirtæki á sviði frystiflutninga. Í bréfi Eimskips til Samkeppniseftirlitsins frá 13. október 2017 er greint frá því að Seatrade hafi verið að veita Eimskip og Samskipum samkeppni í flutningi á fiski frá Íslandi.

²¹⁶² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.478114. Tölvupósturinn hljóðar svo: [...]



ber að horfa til tölvupóstsamkipta (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-Silver nokkrum dögum eftir stöðufund (S)stjform-S og (S)aðaleig-stjform-SH.

4327. Þann 1. október 2008 sendi (S)frkvstj-Silver tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH. Fram kemur í honum að Samskip hafi óskað eftir samstarfi við Green Reefers og svar ekki enn borist frá þeim keppinauti. Hvatti (S)frkvstj-Silver (S)aðaleig-stjform-SH til að hringja í framkvæmdastjóra Green Reefers og gera henni grein fyrir því að Samskip/Silver Sea hefðu dregið úr samkeppni gagnvart Green Reefers á meðan beðið væri svars en það gæti breyst. Ekki mætti þó stilla þessu upp sem hótun. Þrátt fyrir að (S)frkvstj-Silver hefði sagt að ekki mætti stilla þessu upp sem hótun var þessi tillaga auðsýnilega hugsuð sem hótun eða a.m.k. hvatning til þess að stuðla að jákvæðu svari hið fyrsta frá Green Reefers.
4328. Þann 7. október 2008 sendi (S)frkvstj-Silver aftur tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH og spurði hvort hann hefði heyrt eitthvað frekar frá Green Reefers. Einnig bað hann (S)aðaleig-stjform-SH um að hringja og segja sér frá þessu:
- „Also – would be nice to hear abt [svo] situation in Iceland, freight payments, Eimskip, Samskip etc.“*
4329. Líkt og í tölvupóstinum frá 8. júlí 2008 spurði (S)frkvstj-Silver hér (S)aðaleig-stjform-SH aftur um viðræður eða stöðu á samskiptum við keppinauta, þ.e. Green Reefers og Eimskip.
4330. Framangreint sýnir að eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008 hafi (S)frkvstj-Silver ítrekað spurt (S)aðaleig-stjform-SH um samskipti við Eimskip. Þetta gerði hann á sama tíma og reynt var að fá keppinautinn Green Reefers til að taka upp samvinnu við Silver Sea/Samskip og draga með þeim hætti úr samkeppni í starfsemi sem féll undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Var þetta í samræmi við markmið þess verkefnis og til hagsbóta fyrir bæði Samskip og Eimskip.
4331. Samskip/Silver Sea hófu ekki samstarf við Green Reefer á árinu 2009 en undirbúningur að slíku samstarfi hélt hins vegar áfram á árinu 2009.
4332. Þá ber að líta til þess að á árinu 2009 eignaðist Silver Sea skip sem áður höfðu verið í þjónustu Eimskips-CTG. Sést þetta af tölvupósti sem (S)aðaleig-stjform-SH sendi (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S þann 23. júlí 2009 með heitinu „Silver Sea“. Í honum greindi hann frá umfjöllun fjölmiðla um að tvö skip Eimskips-CTG væru „komin til okkar“. Tölvupósturinn hljóðar svo; „fréttir um að fyrrum Eimskip frystiskip séu komin til okkar, þe Silver Sea, hafa birst á all nokkrum stöðum nú úti og mun morgunblaðið birta neðangreinda frétt um málið á morgun, þe almennt um Silver Sea og nýju skipin.“
4333. Samskip/Silver Sea og Green Reefers hófu samstarf á árinu 2010. Sýna gögnin að stjórnendur Eimskips voru ánægðir með þetta samstarf þar sem það dró úr samkeppni í útflutningi á frystum fiski frá Íslandi. Var það í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins.
4334. Er framangreindu og öðrum tengdum atvikum eftir árið 2008 lýst ítarlega í kafla 20.
- 10.7.3. Aukið samstarf í Færeyjum – Ógn frá BWS**
4335. Bæði Samskip og Eimskip ráku á rannsóknartímabilinu flutningastarfsemi í Færeyjum og buðu m.a. upp á sjóflutninga milli Íslands og Færeyja og Færeyja og Danmerkur.
4336. Samskip í Færeyjum heyrðu undir Samskip á Íslandi og var (S)aðaleig-stjform-SH því yfirmaður starfsmanna Samskipa í Færeyjum. Eimskip í Færeyjum heyrði undir Eimskip hér á landi og bar (E)frkvstj-alþjsv ábyrgð á þeirri starfsemi gagnvart (E)forstj.
4337. Blue Water Shipping (BWS) var keppinautur Samskipa og Eimskips í annars vegar sjóflutningum til og frá Íslandi og hins vegar til og frá Færeyjum.



4338. Einn verkþáttur í „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips tók til aukins samstarfs fyrirtækjanna í sjóflutningum, sbr. glærुकyningu (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv frá 8. og 9. júní 2008. Kom þar fram að skoða ætti sameiginlega siglingakerfi Eimskips og Samskipa til annarra Evrópuríkja. Var í því sambandi vísað til m.a. „skiptingar á erlendum höfnum“ og „fækkun[ar] /smækkun[ar] skipa“. Áætlunarsiglingar með viðkomu í Færeyjum voru m.a. hluti af siglingakerfum Eimskips og Samskipa.
4339. Eins og lýst er m.a. í köflum 8.19 og 9.12.2 ræddu Samskip og Eimskip á síðari hluta ársins 2008 um samstarf í flutningum tengdum Færeyjum. Tengdist þetta ólögsmætu samráði fyrirtækjanna varðandi breytingu á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu. Með þeim aðgerðum á seinni hluta árs 2008 misstu bæði Samskip og Eimskip tengingu í siglingaleiðum sínum milli Íslands og Færeyja. Samtímagögn frá ágúst fram í október 2008 sýna ítrekuð samskipti vegna þessa og samvinnu lykilstjórnenda fyrirtækjanna vegna samnýtingu flutningakerfa fyrirtækjanna milli Íslands og Færeyja.
4340. Í þessum kafla verður m.a. gert fyrir því að í nóvember 2008 ræddi (S)aðaleig-stjform-SH við framkvæmdastjóra Samskipa í Færeyjum, (S)frkvstj-Færeyj, um aukið samstarf milli Samskipa og Eimskips í Færeyjum og í kjölfarið greindi (S)frkvstj-Færeyj (S)aðaleig-stjform-SH frá viðræðum við (E)frkvstj-Færeyj, framkvæmdastjóra Eimskips í Færeyjum. Líkt og á Íslandi og í Hollandi hófust í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið viðræður milli Samskipa og Eimskips í Færeyjum um mögulegt aukið samstarf.
4341. Þá sýna gögn málsins að bæði Eimskip og Samskip höfðu áhyggjur af samkeppni frá BWS og beittu sér gegn henni. Var það til þess fallið að draga annars vegar úr samkeppni í útflutningi á ferskum fiski frá Íslandi og í sjóflutningum til og frá Færeyjum.
4342. Áður en nánar er vikið að þessu ber að gera nánari grein fyrir nokkrum almennum atriðum.

10.7.3.1. Starfsemi Samskipa og Eimskips í Færeyjum

4343. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samkeppnislaga taka lögin til athafna sem hafa eða er ætlað að hafa áhrif hér á landi. Af þessu leiðir að samráð framkvæmt erlendis sem hefur eða er ætlað að hafa áhrif hér á landi fellur undir 10. gr. samkeppnislaga. Þá tekur 53. gr. EES-samningsins til samráðs sem er til þess fallið að hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja, en samkvæmt 21. gr. samkeppnislaga skal Samkeppniseftirlitið beita m.a. 53. gr. EES-samningsins eftir því sem kveðið er á í lögum, m.a. 25.-28. gr. samkeppnislaga.
4344. Rétt er að lýsa hér stuttlega starfsemi Eimskips og Samskipa í Færeyjum og gera grein fyrir keppinautnum BWS.
4345. Í ágúst 2004 var greint frá því að Eimskip hefði eignast Faroe Ship og að rekstur flutningakerfa fyrirtækjanna til og frá Íslandi og Færeyjum yrði samhæfður. Á mbl.is þann 18. ágúst 2004 var fjallað um tilkynningu Eimskips um þessa yfirtöku: „GENGIÐ hefur verið frá samningi milli Eimskipafélags Íslands og Skipafélags Færeyja, Faroe Ship, um sameiginlegt eignarhald félaganna. Stjórnir beggja félaganna hafa samþykkt samninginn.

Í tilkynningu frá Eimskipi segir að með samningnum sé orðin til öflugasta fyrirtækjasamsteypa í flutningastarfsemi á Norður-Atlantshafi og lagður grunnur að hagkvæmari rekstri beggja félaganna og bættri þjónustu við viðskiptavini. [...]

Faroe Ship, sem á færeysku nefnist Skipafelagið Føroyar, var stofnað árið 1919 og er eitt elsta fyrirtækið í Færeyjum með rúmlega 200 starfsmenn og rekur nú þrjú skip í siglingum milli Færeyja, Skotlands og Danmerkur. Ársvelta Faroe Ship er yfir 3 milljarðar króna. Heildarvelta Faroe Ship og Eimskips í Færeyjum er áætluð 4-5 milljarðar króna eftir sameiningu. Faroe Ship rekur fjórar skrifstofur í Danmörku ásamt flutningsmiðlunarfyrirtækinu Spedition Atlantic sem er í Danmörku og er sérhæft í landflutningum og flutningum á frystum og kældum sjávarafurðum um alla Evrópu.



Velta 28-30 milljarðar

Samkvæmt tilkynningu Eimskips er áætlað að samlegðaráhrif og EBITDA framlegð af sameiningu Eimskips og Faroe Ship nemi 500 milljónum króna á ársgrundvelli í samstæðu Eimskips. Unnið verði að því að samhæfa rekstur flutningakerfa félaganna til og frá Íslandi og Færeyjum, jafnframt því sem stuðlað verði að aukinni hagkvæmni og bættri nýtingu þeirra. Að auki verði lögð áhersla á að samhæfa starfsemi félaganna í Danmörku og efla sölu- og markaðsstarf á öðrum markaðssvæðum. Stefnt sé að því að Faroe Ship yfirtaki rekstur Eimskips í Færeyjum, en Eimskip hefur rekið þar eigin starfsemi frá árinu 1990.²¹⁶³

4346. Til að undirstrika sterkt samband milli Eimskips og dótturfélags þess Faroe Ship þá voru siglingakerfi þeirra sameinuð undir siglingakerfi Eimskips í janúar 2008. Um leið var tekin upp sérstök siglingaleið, Austurleið, með tveimur skipum sem sigldu milli Íslands og meginlands Evrópu með viðkomu í Færeyjum á báðum leiðum. Lýsir þessi aðgerð því, ásamt öðru, að háttsemi og aðgerðir fyrirtækisins í Færeyjum voru til þess fallnar að hafa bein áhrif á flutninga til og frá Íslandi.

4347. Í skráningarlýsingu Eimskips (Prospectus) frá október 2012 er gefin þessi lýsing á starfseminni í Færeyjum:

„P/F Faroe Ship was founded in 1919 and is the oldest and largest transportation company in the Faroe Islands. The company was acquired by Eimskip in 2004. P/F Faroe Ship has taken a leading position in the Faroese transport market with the import and export demand in the Faroe Islands similar to the one in Iceland. P/F Faroe Ship has a similar set-up as Eimskip Ísland ehf., running stevedoring, terminal operation, warehousing, a chilled and cold storage, trucking and distribution, as well as taking care of Eimskip’s agency and related services in the Faroe Islands. Eimskip’s vessels are registered with P/F Faroe Ship. Sp/f Fossar, which is a wholly owned subsidiary of P/F Faroe Ship, that operates most of the vessels owned by the Company.”²¹⁶⁴

4348. Í október 2004 var sagt frá því að Samskip væru að auka starfsemi sína í Færeyjum: „SAMSKIP hafa opnað nýja skrifstofu í Þórshöfn í Færeyjum og ráðið Joel undir Leitinum sem yfirmann Samskipa í Færeyjum. Tveir starfsmenn til viðbótar voru ráðnir á Þórshafnarskrifstofuna og eru starfsmenn Samskipa í Færeyjum því orðnir fjórir en einn var fyrir í Klakksvík.

Í kjölfarið verður siglingaráætlun félagsins endurskoðuð, með það fyrir augum að bæta enn frekar þjónustuna við innflytjendur sem og aðra viðskiptavini í Færeyjum, segir í tilkynningu. Samskip hafa verið með reglubundnar áætlunarsiglingar frá því í byrjun apríl sl. og segir Knútur G. Hauksson, forstjóri Samskipa, að vel hafi gengið að ná fótfestu á færeyska markaðnum. „Opnun skrifstofunnar í Þórshöfn og reglubundnar áætlunarsiglingar þangað eru rökrétt framhald á Færeyjaútrásinni og við hyggjum á enn frekari landvinninga þar,” segir Knútur í tilkynningunni.”²¹⁶⁵

4349. Í frétt sem birtist á mbl.is þann 11 apríl 2006 var fjallað um aðra tilkynningu frá Samskipum: „SAMSKIP hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um kaup á 50% hlut í færeysku flutningsmiðluninni Safari Transport. Kaupverðið fæst ekki gefið upp. Haft er eftir [(S)forstj], forstjóra Samskipa, í tilkynningu frá félaginu, að Safari Transport sé leiðandi flutningsmiðlun með sex starfsmenn. Viðskiptin séu liður í því að styrkja enn frekar markaðsstöðu Samskipa í Færeyjum og efla þjónustuna þar almennt. Samskip hófu siglingar að nýju til og frá Færeyjum fyrir um tveimur árum. Segir í tilkynningunni að mikill uppgangur hafi einkennt starfsemina og að stjórnendur Samskipa stefni að því að ná sömu markaðshlutdeild í Færeyjum og á Íslandi.

²¹⁶³ „Eimskip og Faroe Ship sameinast“, dags. 18.08.2004. Mbl. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/813955/>.

²¹⁶⁴ „Prospectus October 2012“, dags. 22.10.2012. Eimskip. Aðgengilegt á slóð: <https://view.news.eu.nasdaq.com/view?id=b7878ddef2d29716fb026be5c0e33eb83&lang=en>.

²¹⁶⁵ „Samskip auka við sig í Færeyjum“, dags. 01.10.2004. Mbl. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/821320/>.



*Samskip hafa viðkomu í Færeyjum tvisvar í viku, í Þórshöfn og Klakksvík, á siglingaleiðinni milli Íslands, Bretlandseyja og meginlands Evrópu. Starfsmenn Samskipa í Færeyjum voru níu talsins en verða eftir þessi fyrirhuguðu kaup á Safari Transport orðnir 15.*²¹⁶⁶

4350. Á svipaðan hátt og á Íslandi voru Eimskip og Samskip þannig keppinautar í áætlunarsiglingum til og frá Færeyjum.
4351. Samskip í Færeyjum voru hluti af Samskipum hf. og heyrði því, (S)frkvstj-Færeyj, framkvæmdastjóri Samskipa í Færeyjum, undir (S)aðaleig-stjform-SH. Starfsemi Eimskips í Færeyjum heyrði undir (E)frkvstj-alþjv og var hann því yfirmaður (E)frkvstj-Færeyj, framkvæmdastjóra Eimskips í Færeyjum.

10.7.3.2. Blue Water Shipping

4352. Blue Water Shipping er danskt flutningafyrirtæki. Bauð það m.a. upp á vöruflutninga til og frá Íslandi og til og frá Færeyjum á rannsóknartímabili þessa máls. Í því skyni leigði það pláss í ferjunni Norrænu af Smyril Line. Frá árinu 2006 var sú flutningastarfsemi rekin af félaginu Smyril Blue Water (SBW) sem var alfarið í eigu Blue Water Shipping.
4353. Í fréttatilkynningu, sem birtist á heimasíðu Blue Water Shipping þann 13. janúar 2015, var greint frá því hvernig háttað var vöruflutningum milli Íslands, Færeyja og Danmerkur með ferjunni Norrænu á rannsóknartímabilinu:

„New agreement with Smyril Line

Smyril Line and Blue Water entered into cooperation for the first time in 1999 and have now agreed to go back to their old business model.

The Faroese shipping line, Smyril Line, and Danish transport company, Blue Water Shipping have since 1999 enjoyed a close cooperation covering transport and logistics between the Faroe Islands, Iceland and the rest of the world.

*Due to Smyril Line's financial problems, Blue Water became involved in Smyril Line in 2005 through the establishment of a joint venture, the freight company Smyril Blue Water, which was handling the freight on „Norrøna“.*²¹⁶⁷

In 2006, the company changed ownership to become 100% owned by Blue Water Shipping who made an agreement with Smyril Line to become in charge of the freight capacity on „Norrøna“ sailing on the service between Denmark, the Faroes and Iceland.

The economy in Smyril Line is now back on track and the parties have decided to change the agreement with effect from 1. January 2015 meaning that the responsibility for the freight capacity on „Norrøna“ returns to Smyril Line. Blue Water Shipping continues as partner and will provide transport and logistics services from and to „Norrøna's“ Danish port of call, Hirtshals, and the rest of the world. This means that the parties have basically returned to the old cooperation which was in force from 1999 to 2005.

²¹⁶⁶ „Samskip kaupa helming í færeysku flutningafélagi“, dags. 11.04.2006. Mbl. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1076718/>.

²¹⁶⁷ Sjá hér einnig frétt sem birtist á mbl.is 03.09.2009. Í fréttinni segir: „Umtalsvert tap var af rekstri ferjunnar fyrstu fjóra mánuði ársins, eða um 420 milljónir króna. Er nú unnið að hagræðingu. Ástæður taps eru raktar til færri farþega frá Færeyjum seinni hluta sl. vetrar og olíuverðshækkana. Öll fraktstarfsemi vegna skipsins er nú höndum Smyril Blue Water á Seyðisfirði og hefur Austfar hætt fraktsölu og umsýslu með frakt.“ Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1036200/>.



In connection with the new agreement, Smyril Line takes over the present Blue Water employees as well as the office and terminal facilities in Torshavn and Seyðisfjörður whereas the two companies will share location in Reykjavik, where part of the Blue Water staff will be transferred to Smyril Line."²¹⁶⁸

4354. Samkvæmt framansögðu var fyrirtækið sem bauð upp á vöruflutninga með ferjunni Norrænu, Smyril Blue Water, alfarið í eigu Blue Water Shipping á árunum 2006 til 2015. Er í málinu vísað til Smyril Blue Water og Blue Water Shipping í einu lagi sem BWS.
4355. BWS var keppinautur Samskipa og Eimskips bæði á Íslandi og í Færeyjum. Í umræddri skráningarlýsingu Eimskips frá október 2012 var bent á að aðstæður á Íslandi og í Færeyjum væru að þessu leyti áþekkar:
- „The business environment in the Faroe Islands is very similar to the business environment in Iceland, i.e. the export is mainly seafood products and import is a wide range of commodities. P/F Faroe Ship is the largest containerized liner operating in the Faroe Islands but its main competitors in the Faroe Islands are Smyril Blue Water P/F in trailers, Fresh Link in bulk and Samskip in container freight.“*
4356. Staða BWS í sjóflutningum til og frá Færeyjum var hins vegar mun sterkari heldur en í sjóflutningum til og frá Íslandi. Í t.d. glærुकynningu (S)aðaleig-stjform-SH frá 9. febrúar 2010 kemur fram að markaðshlutdeild BWS sé 1% í bæði inn- og útflutningi á íslenska markaðnum. Markaðshlutdeild BWS sé hins vegar mun hærrí í Færeyjum, 35% í innflutningi og 20% í útflutningi. Samkvæmt glærunum var markaðshlutdeild Eimskip í Færeyjum 55% í inn- og útflutningi og hlutdeild Samskipa í þessum flutningum var 10%, sbr. kafla 14.19.
4357. Af samtímagögnum verður ráðið að Eimskip og Samskip hafi talið mun meiri samkeppni ríkja í Færeyjum heldur en á Íslandi, sbr. t.d. kafla 14.10.2, 14.10.4, 14.11.8, 14.17.4, 14.32.3, 14.38.4.3 og 19. Stafaði það ekki síst af samkeppnisaðhaldi frá BWS.
4358. Flutningsþjónusta BWS hér á landi fólst ekki síst í því að annast útflutning á fiski.²¹⁶⁹ Í samtímagögnum Eimskips og Samskipa var ítrekað kvartað yfir samkeppni frá BWS í útflutningi á fiski frá Íslandi.

10.7.3.3. Rætt um aukið samstarf Samskipa og Eimskips í Færeyjum

4359. Gögn málsins sýna að framkvæmdastjóri Samskipa í Færeyjum, (S)frkvstj-Færeyj, kom til Íslands í tengslum í við áætlanagerð Samskipa hf. í nóvember 2008 og að þá hafi (S)aðaleig-stjform-SH rætt við hann um möguleika á auknu samstarfi Samskipa og Eimskips í Færeyjum. Síðar hafi (S)frkvstj-Færeyj átt í viðræðum við framkvæmdastjóra Eimskips í Færeyjum, (E)frkvstj-Færeyj.
4360. Þetta kemur fram í tölvupósti (S)frkvstj-Færeyj til (S)aðaleig-stjform-SH frá 24. nóvember 2008 með heitinu „Eimskip“.²¹⁷⁰ Í tölvupóstinum kemur einnig fram að (S)frkvstj-Færeyj og (E)frkvstj-Færeyj hafi rætt um BWS/Smyril Line. Á fundi þeirra hafi verið rætt um mögulega sölu á Eimskip í Færeyjum til Smyril Line.
4361. Sýnir þetta að eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst beindi (S)aðaleig-stjform-SH því til (S)frkvstj-Færeyj að huga að frekara samstarfi við Eimskip og að samskipti milli fyrirtækjanna hafi átt sér stað. Í þeim var m.a. rætt um BWS sem var keppinautur Eimskips og Samskipa bæði á Íslandi og í

²¹⁶⁸ „New agreement with Smyril Line“, dags. 13.01.2015. BWS. Aðgengilegt á slóð: <https://www.bws.net/en/media/news/2015/01/13/new-agreement-between-smyril-line-and-blue-water>.

²¹⁶⁹ Hefur fyrirtækið t.d. lagt áherslu á að veita íslenskum útflytjendum á fiski þjónustu. Á heimasíðu BWS segir t.d.: „Blue Water is also a very strong provider of transport of fish and other chilled products to and from the North Atlantic region. The dedicated staff of our local offices in Greenland and Iceland provide the very best service.“ (bws.net) Í bréfi Eimskips til Samkeppniseftirlitsins frá 13. október 2017 er greint frá því að frystiskip frá Smyril Line hafi verið að veita Eimskip og Samskipum samkeppni í flutningi á fiski frá Íslandi.

²¹⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.575795.



Færeyjum. Þá ber að áréttu að í samskiptum Samskipa og Eimskips í m.a. október 2008 var rætt um aukið samstarf fyrirtækjanna vegna flutninga milli Ísland og Færeyja.

4362. Hér ber og að líta til þess að í nóvember 2008 sendi (E)frkvstj-Færeyj til m.a. (E)frkvstj-alþjsv drög að áætlun Eimskips í Færeyjum fyrir árið 2009. Þar kemur fram að í sjóflutningum hafi dregið úr samkeppni við Samskip en hún verulega aukist við BWS. Markaðurinn í Færeyjum hafi dregist saman en upptalið sem „ógn“ var hörð samkeppni.²¹⁷¹ Líkt og Samskip ráðgerði Eimskip í áætluninni að halda sömu markaðshlutdeild í sjóflutningum í Færeyjum árið 2009, sbr. áætlun Samskipa hf. fyrir árið 2009 sem (S)stjórnarm-fjármstj sendi með tölvupósti til stjórnar Samskipa Holding (afrit til m.a. (S)aðaleig-stjform-SH) nokkrum dögum síðar, þ.e. 6. desember 2008 („*It is anticipated that Samskip will maintain similar market share, both in Iceland and Faroe Island for the coming year*“). Samkvæmt umræddri áætlun Eimskips vegna Færeyja fyrir árið 2009 átti samhliða þessu að hækka verð. Verður að telja að áður nefnd samskipti og aukið samstarf Samskipa og Eimskip á Íslandi hafi verið lykilkpáttur fyrir því að fyrirtækin treystu sér til að ráðgera sömu markaðshlutdeild og að í áætlun Eimskips var lögð áhersla á að hækka verð. Þetta tókst fyrirtækjunum með samráði þeirra frá miðju ári 2008.
4363. Samtímagögn sýna því að innan Samskipa var í nóvember 2008 rætt um aukið samstarf við Eimskip í Færeyjum og gerð grein fyrir samskiptum við (E)frkvstj-Færeyj. Í sama mánuði horfði (E)frkvstj-Færeyj til þess við mat á stöðunni á árinu 2009 að dregið hafði úr samkeppni við Samskip. Hér ber sömuleiðis að hafa í huga að í upphafi nóvember 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH sjálfum sér minnis-eða verkefnalista þar sem stóð á m.a.: „*Eimskip–nýir samningar*“. Þessi tilvísun til samninga í fleirtölu vísaði til margra samninga við Eimskip sem voru þegar komnir á eða í vinnslu í samræmi við „*Nýtt upphaf*“ verkefnið. Flutningar vegna Færeyja féllu þar undir. Hér má einnig vísa til og rifja upp tölvupóst (S)aðaleig-stjform-SH til (S)frkvstj-MCL dags. 11. nóvember 2008 um það sem nefna má hina íslensku samráðsaðferð. Sú leið fól í sér að haft væri samstarf við keppinauta þegar bregðast þyrfti við áskorunum á markaði og verð til viðskiptavina hækkað.
4364. Framangreind atburðarrás vegna Færeyja er í samræmi við önnur samtímagögn frá þessum tíma og framvindu í „*Nýtt upphaf*“ verkefni fyrirtækjanna.
4365. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að framangreind samskipti framkvæmdastjóra Eimskips og Samskipa í Færeyjum voru ekki samræmi við kröfur um sjálfstæði keppinauta. Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu (S)aðaleig-stjform-SH við þessi samskipti við Eimskip enda voru þau í samræmi við hið samfellda samráð fyrirtækjanna sem þá stóð yfir.
4366. Gögn málsins sýna að Samskip og Eimskip höfðu áhyggjur af samkeppni frá BWS, bæði í útflutningi á fiski frá Íslandi og sjóflutningum til og frá Íslandi. Jafnframt sýna gögn málsins frá 2009 og áfram nánast samhliða samskipti annars vegar Eimskips og BWS og hins vegar Samskipa og BWS. Bera gögnin með sér að tilgangur þessara aðgerða Samskipa og Eimskips hafi verið draga úr samkeppni frá BWS. Var það til hagsbóta fyrir fyrirtækin bæði hér á landi og í Færeyjum og í samræmi við markmið „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins.
4367. Er framangreindu og öðrum tengdum atvikum eftir árið 2008 lýst ítarlega í kafla 20.

²¹⁷¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Business plan – Faroe Ship 2009 (revised).doc*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.106692.



11. NIÐURSTAÐA UM BROT SAMSKIPA FRÁ JÚNÍ 2008 TIL BYRJUN ÁRS 2009

4368. Í þessum kafla er dregin saman niðurstaða Samkeppniseftirlitsins um brot Samskipa gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins á tímabilinu frá júní 2008 til byrjun árs 2009. Í köflunum þar á eftir verður fjallað um áframhaldandi samfelld brot Samskipa á tímabilinu frá árinu 2009 uns fyrirtækin drógu úr samráðinu á árinu 2013.

11.1. Aðstæður á flutningamörkuðum

4369. Í upphafi skal gerð grein fyrir aðstæðum á flutningamörkuðum tengdum Íslandi á árinu 2008.
4370. Á árinu 2008 buðu Samskip og Eimskip upp á áætlunarflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Á þeim markaði voru fyrirtækin samanlagt með 100% markaðshlutdeild. Á það bæði við um inn- og útflutning. Á árinu 2008 buðu fyrirtækin jafnframt upp á áætlunarflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda. Á þeim markaði voru þau samanlagt með um 90% markaðshlutdeild. Þegar Atlantsskip hættu siglingum og ákváðu að nýta sér þess í stað skip Eimskips jókst samanlögð markaðshlutdeild fyrirtækjanna í 95%.
4371. Á árinu 2008 voru Samskip og Eimskip langstærstu fyrirtækin í landflutningum. Miðað við landið allt voru fyrirtækin saman með rúmlega 80% markaðshlutdeild.
4372. Á árinu 2008 voru Samskip og Eimskip samanlagt með allt að 65% hlutdeild í flutningsmiðlun. Ef lögð er til grundvallar sú skilgreining á markaði, sem Samskip telja að eigi að miða við, var samanlögð markaðshlutdeild fyrirtækjanna um 90%.
4373. Á árinu 2008 voru Samskip og Eimskip því saman í mjög sterkri stöðu á umræddum mörkuðum sem einkenndust af fákeppni og mikilli samþjöppun. Markaðirnir voru því afar viðkvæmir í samkeppnislegu tilliti, sbr. kafla 3.

11.2. Lagasjónarmið

4374. Í kafla 4 er fjallað með ítarlegum hætti um túlkun 10. gr. samkeppnislaga. Rétt er að árétta hér nokkur grundvallaratriði.

11.2.1. Sjálfstæði keppnauta og æskileg óvissa eru afar mikilvæg á fákeppnismörkuðum

4375. Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 1. desember 2016 í máli nr. 360/2015 segir að mikilvægt sé að á fákeppnismarkaði sé fyrir hendi óvissa fyrirtækja „sem í hlut eiga, um hegðun keppinautanna“. Í dómi Hæstaréttar frá 7. janúar 2021 í máli nr. 42/2019 var þetta tekið fram: „Fákeppnismarkaðir eru sérstaklega viðkvæmir fyrir hvers konar samstarfi keppnauta þar sem auðveldara er að viðhafa samráð eða samkeppnishamlandi samhæfingu við slíkar aðstæður og því enn ríkari ástæða til að standa vörð um sjálfstæða ákvarðanatöku keppnauta og þá samkeppni sem ríkt getur á markaðnum þrátt fyrir fákeppnina [...]“. Í þessum málum var um að ræða samráð fyrirtækja sem samanlagt voru með yfirburðastöðu á viðkomandi markaði. Dómstóll ESB hefur með sama hætti ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að samskipti keppnauta á fákeppnismörkuðum séu afar viðkvæm í samkeppnislegu tilliti, sbr. kafla 4.
4376. Á árinu 2008 ríkti sem fyrr segir fákeppni á framangreindum mörkuðum sem Samskip og Eimskip störfuðu á. Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga gerðu því strangar kröfur til Samskipa um að eiga ekki í neinu samstarfi eða samskiptum við Eimskip sem voru til þess fallin að draga úr óvissu fyrirtækjanna um viðbrögð keppnauta sinna og skerða með því sjálfstæði þeirra.
4377. Í samkeppnisrétti hefur lengi verið lögð áhersla á mikilvægi þess að fyrirtæki eigi ekki í samskiptum sem draga úr óvissu þeirra um viðbrögð keppinautarins. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 13/1997, þar sem fjallað er um Norður-Ameríku samstarf Samskipa og Eimskips, er vísað



til þeirrar fákeppni sem sé til staðar í sjóflutningum til og frá Íslandi og bent á að við þær aðstæður sé „hvers kyns samráð milli hlutaðeigandi flutningsaðila um náð samstarf við framkvæmd mikilvægra þátta í flutningastarfseminni, eins og við á í þessu máli, mjög varasamt í ljósi þeirrar meginreglu samkeppnislaga að efla beri virka samkeppni í viðskiptum.“ Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2003 var aftur fjallað um Norður-Ameríku samstarf fyrirtækjanna og eftirfarandi tekið fram: „Samskip og Eimskip eru keppinautar sem starfa á sama sölustigi. Öll samvinna af þessum toga er til þess fallin að draga úr samkeppni milli keppinauta. Allt samstarf milli keppinauta skapar hættu á að viðkomandi fyrirtæki fari að taka tillit hvort til annars og þar með dragi úr virkri samkeppni á viðkomandi markaði.“

11.2.2. Samráð sem hefur að markmiði að raska samkeppni

4378. Hugtakið *samráð* er samheiti yfir samninga, samþykktir og samstilltar aðgerðir fyrirtækja, sbr. 4. mgr. 41. gr. a samkeppnislaga.
4379. Hugtakið samningur er túlkað rúmt í samkeppnisrétti. Um samning í skilningi 10. gr. samkeppnislaga er að ræða ef fyrirtæki hafa á einhvern hátt lýst yfir sameiginlegum vilja sínum til að hegða sér á markaði með tilteknum hætti. Ólögmaður samningur er t.d. fyrir hendi þegar aðilar hans fylgja sameiginlegri áætlun, sem takmarkar eða er líkleg til að takmarka sjálfstæða hegðun þeirra á markaðnum með því að stuðla að sameiginlegum aðgerðum eða athafnaleysi. Tilvist ólögmaðs samnings getur birst í hegðun viðkomandi fyrirtækja, t.d. með reglulegum samskiptum um málefni sem falla undir 10. gr. samkeppnislaga. Getur samningur falist í röð af aðgerðum eða tiltekinni framkvæmd, sbr. kafla 4.2.1.
4380. Hugtakið samstilltar aðgerðir tekur til þeirra samskipta fyrirtækja sem ekki hafa náð því stigi að teljast samningur í skilningi samkeppnislaga. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 107/2000 segir að skýra beri hugtakið samstilltar aðgerðir rúmt og í samræmi við EES/ESB-samkeppnisrétt á þann hátt að það taki til „*sérhverra beinna eða óbeinna samskipta milli fyrirtækja*“. Allar tegundir af samskiptum milli fyrirtækja falla því undir hugtakið samstilltar aðgerðir, t.d. fundir, óformleg samtöl, sending tölvupósta eða þegar þriðji aðili miðlar upplýsingum milli viðkomandi keppinauta. Jafnvel viðtaka tölvupósts, ein og sér, getur falið í sér ólögmaða samstillta aðgerð ef önnur skilyrði 10. gr. samkeppnislaga eru uppfyllt, sbr. kafla 4.2.2 og 4.2.3.
4381. Að lögum hefur ekki þýðingu að greina á milli þess hvort samráð sé í formi samnings, samþykkt eða samstilltra aðgerða. Samráði sem hefur það að markmiði að raska samkeppni er ólögmaðt hvort sem það er í formi samnings, samþykkt eða samstilltra aðgerða, sbr. kafla 4.2.2.
4382. Í 10. gr. samkeppnislaga er m.a. lagt bann við samráði sem hefur það „*að markmiði*“ að raska samkeppni. Í dómi Hæstaréttar frá 7. janúar 2021 í máli nr. 42/2019 var þetta tekið fram:
- „Til þess að samningar milli fyrirtækja og samstilltar aðgerðir í skilningi 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. EES-samningsins verði taldar hafa það að markmiði að raska samkeppni er nægilegt að samráðið geti mögulega raskað samkeppni. Litið er svo á að ákveðin samvinna eða samskipti milli fyrirtækja séu í eðli sínu skaðleg samkeppni. Við þær aðstæður er ekki þörf á að sýna fram á að samningarnir eða aðgerðirnar hafi haft áhrif á verðlagningu til neytenda, enda er ákvæðinu ekki einungis ætlað að vernda einstaka keppinauta eða neytendur heldur jafnframt uppbyggingu markaðarins og undirstöður samkeppninnar, sbr. til hliðsjónar dóm Evrópudómstólsins 4. júní 2009 í máli C-8/08, T-Mobile Netherlands.“*
4383. Þegar samráð hefur „*að markmiði*“ að raska samkeppni telst 10. gr. samkeppnislaga þannig brotin við það eitt að tiltekin samskipti eða háttsemi á sér stað. Þarf þá ekki að taka til athugunar áhrif samráðsins á samkeppni, þ.e. hvort það hafi í raun raskað samkeppni. Hinu sama hefur verið slegið föstu í dómaframkvæmd EFTA dómstólsins og dómstóla ESB, sbr. kafla 4.4.



4384. Ekki er tæmandi talið í 10. gr. samkeppnislaga hvaða tegundir af samráði fyrirtækja hafi það að markmiði að raska samkeppni. Eins og rökstutt er í kafla 4 telst m.a. eftirfarandi samráð hafa það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. laganna:

- Samráð þar sem keppinautar hafa með sér hagnýta samvinnu til að losna við þá óvissu sem felst í samkeppni, sbr. kafla 4.6.1.
- Samráð keppinauta um verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör, sbr. kafla 4.6.2.
- Samráð sem felst í því að keppinautar skipta með sér markaðnum eftir landsvæðum eða viðskiptavinum, sbr. kafla 4.6.4.
- Samráð keppinauta um takmörkun eða stýringu á framboði, framleiðslu, mörkuðum eða sölu. Í flutningastarfsemi fellur hér undir samráð keppinauta um að takmarka flutningsgetu og breyta siglingakerfum, sbr. kafla 4.6.5.²¹⁷² Er slíkt samráð ólögmett þó að það feli í sér viðbragð við erfiðum aðstæðum á markaði, sbr. kafla 4.6.5.
- Tiltekin upplýsingaskipti keppinauta, sbr. kafla 4.6.3. Greina má á milli eftirfarandi tegunda:
 - Upplýsingaskipti sem eru hluti af undirbúningi eða framkvæmd á víðtækara ólögmettu samráði keppinauta, t.d. til að tryggja það að þátttakendur starfi í samræmi við það sem ákveðið var í samráðinu.
 - Upplýsingaskipti keppinauta sem taka til atriða sem tengjast verðlagningu, takmörkun á framboði, viðskiptavinum og öðrum viðkvæmum samkeppnisþáttum sem falla undir ákvæði 10. gr. samkeppnislaga.
 - Upplýsingaskipti keppinauta á fákeppnismörkuðum sem taka til hvers konar viðskiptalegra málefna sem varða þann markað sem viðkomandi fyrirtæki starfa á.
 - Reglubundnar viðræður keppinauta á fákeppnismörkuðum um viðskiptaleg málefni eru sérstaklega viðkvæmar í samkeppnislegu tilliti. eru slík samskipti til þess fallin að draga með alvarlegum hætti úr sjálfstæði viðkomandi keppinauta og æskilegri óvissu á markaðnum.

11.2.3. Samfelld samráð

4385. Líta ber á samráð sömu keppinauta sem varað hefur í ákveðinn tíma og stefnir að sama markmiði sem eitt áframhaldandi brot sem allir þátttakendur bera ábyrgð á, sbr. kafla 4.5.

4386. Hefur áfrýjunarnefnd samkeppnismála lýst þessu m.a. svo í úrskurði í máli nr. 21/2004: „Í heildina tekið má því segja að starfi fyrirtæki reglubundið saman á ákveðnu tímabili til að ná fram sameiginlegu markmiði um að raska samkeppni andstætt ákvæðum 10. gr. samkeppnislaga megi líta svo á að um samfelld samráð þeirra allra hafi verið að ræða. Bann samkeppnislaga við samráði fyrirtækja taka samkvæmt framansögðu til allra fyrirtækja sem starfa reglubundið saman með endurteknum og skipulögðum aðgerðum í sama efnahagslega umhverfi.“

11.2.4. Undirbúningur og framkvæmd á samráði sem hefur það markmiði að raska samkeppni

4387. Sem fyrr segir hefur það þýðingu að lögum ef samráð keppinauta telst hafa að markmiði að raska samkeppni í skilningi samkeppnisréttarins.

²¹⁷² Í t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 21.02.2018 í máli nr. AT.40009 fólust mjög alvarleg brot skipafélaga m.a. í viðræðum og samræmingu á takmörkun á flutningsgetu og upplýsingaskiptum sem tengdust þessu. Sjá m.a. mgr. 34 í ákvörðuninni: „The parties engaged in various types of contacts, during which they, to varying degrees: [...] (c) discussed and coordinated capacity reductions [...] and (d) exchanged commercially sensitive information as a means to support the conduct described in points (a), (b) and (c) above.“ Viðkomandi skipafélög viðurkenndu þessi brot.



4388. Af þessu leiðir m.a. að upplýsingaskipti eða viðræður keppinauta sem miða að undirbúningi aðgerða sem hafa að markmiði að raska samkeppni fara gegn 10. gr. samkeppnislaga. Á þetta t.d. við undirbúning keppinauta á skiptingu markaða eða takmörkunar á framboði. Brotið er ekki háð því að viðkomandi samstarf komist til framkvæmda, sbr. 4.2.1. Er þetta einkar skýrt þegar viðkomandi keppinautar starfa á fákeppnismarkaði, sbr. kafla 4.6.3.2.
4389. Ef fyrir liggur aðgerðaáætlun eða sameiginlegt verkefni keppinauta, sem hefur það að markmiði að raska samkeppni, leiðir af sjálfu sér að öll samskipti keppinautanna þar sem unnið er að eða rætt um viðkomandi verkefni eða áætlun fara gegn 10. gr. samkeppnislaga. Þá ber að hafa í huga að tilvist ólögsmæts samráðs getur birst í reglulegum samskiptum keppinauta um samkeppnismálefni, sbr. kafla 4.2. Hafa samskipti keppinauta almennt séð mikla þýðingu í samkeppnisrétti, sbr. kafla 4.7.6.2. Með beinum eða óbeinum samskiptum geta keppinautar t.d. framkvæmt áætlun sem hefur að markmiði að raska samkeppni, dregið úr æskilegri óvissu, samræmt markaðshögðun sína og komið á eða viðhaldið samkeppnishamlandi ástandi, sbr. kafla 4.2.3.

11.2.5. Sönnun

4390. Í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 42/2019 er tekið fram að ríkir almannahagsmunir séu bundnir við skilvirka framkvæmd samkeppnisreglna og að í málum þar sem lagðar eru stjórnvaldssektir á fyrirtæki vegna brota á samkeppnisreglum gildi „*sérstakar sönnunarreglur sem ekki eru jafn strangar og í sakamálum.*“ Í dóminum tók Hæstiréttur fram að leggja yrði heildstætt mat á sönnunargögn, meðal annars í samræmi við þau sönnunarsjónarmið sem gildi í EES/ESB-samkeppnisrétti.
4391. Samkvæmt þessu ber í samráðsmálum að virða sönnunargögn með heildstæðum hætti en ekki hvert gagn einangrað fyrir sig. Samkvæmt því þurfa öll sönnunargögn ekki að vera jafn sterk heldur nægir að gögnin virt saman sýni fram á brot. Dómstólar ESB hafa einnig ítrekað bent á að þar sem bann við samráði og viðurlög við því séu þekkt fari þessi brot venjulega fram með leynd og sé gögnum haldið í lágmarki. Sönnunargögn sem samkeppnisyfirvöld afli séu yfirleitt stutturð og brotakennd. Sökum þessa verði í flestum tilvikum að byggja ályktun um tilvist samráðs á ýmsum tilviljunum (e. „*coincidences*“) og vísbendingum (e. „*indicia*“) sem virtar saman geti falið í sér sönnun á broti ef engin önnur sennileg skýring sé á þessum atriðum. Jafnvel þótt fyrir hendi séu gögn sem sýni fram á ólögsmæt samskipti milli fyrirtækja sé oft nauðsynlegt að beita ályktunum um einstök atvik málsins. Saman þýðir þetta annars vegar að sönnunargögn skuli virt með heildstæðum hætti og hins vegar að málsatvik geti talist sönnuð á grundvelli ályktana. Vísast um þetta til kafla 4.7.4.
4392. Dómstólar ESB hafa einnig bent á að vegna eðlis samráðsbrota verði að gera raunhæfar kröfur til styrks og umfangs sönnunar. Ef samráð milli keppinauta telst sannað er ekki skylt fyrir samkeppnisyfirvöld að sýna nákvæmlega fram á hvernig og hvenær það fór fram, sbr. kafla 4.7.4.
4393. Unnt er að sanna samráð á grundvelli beinna eða óbeinna sönnunargagna. Einnig getur sönnun, eðli málsins samkvæmt, stuðst við bæði beina og óbeina sönnun. Dæmi um gögn í samráðsmáli eru eftirfarandi:
- Sönnunargögn eins og tölvupóstur, fundargerðir, glærukynningar eða minnisblöð sem gefa til kynna bæði samskipti keppinauta og efni samskiptanna.
 - Sönnunargögn sem sýna aðeins samskipti keppinauta (en ekki efni samskiptanna). Þetta geta t.d. verið færslur í dagbók, yfirlit yfir símtöl, tölvupóstur eða minnispunktar.
 - Ályktanir sem dregnar eru af óbeinum sönnunargögnum eins og hegðun fyrirtækja á markaði. Dæmi um þetta er:
 - Samhliða hegðun viðkomandi keppinauta;
 - Hegðun viðkomandi fyrirtækja sýnir takmarkaða samkeppni;



- Eldra samstarf viðkomandi fyrirtækja.

4394. Við tilteknar aðstæður á fákeppnismörkuðum getur samhliða hegðun keppinauta skýrst af öðru en samráði þeirra. Ef samkeppnisyfirvöld byggja ásanir sínar um samráð *einungis* á samhliða hegðun geta fyrirtæki hnekkt slíkum ásökunum ef þau sýna fram á að hegðunin geti stafað af fákeppnisgerð markaðarins. Ef sönnun er hins vegar ekki (eða ekki alfarið) reist á samhliða hegðun fyrirtækja heldur á t.d. samtímagögnum eiga önnur sjónarmið við. Þá nægir almennt ekki fyrir viðkomandi fyrirtæki að sýna fram á að hegðun geti stafað af öðru en samráði heldur verða þau einnig að sýna fram á að viðkomandi gögn séu ekki traust eða af þeim séu ekki dregnar réttar ályktanir.
4395. Samkeppniseftirlitið ber sönnunarbyrðina um að brot á 10. gr. samkeppnislaga hafi átt sér stað, en sönnunarbyrðin getur aftur á móti snúist við. Ef gögn benda til samráðs nægir ekki fyrir viðkomandi fyrirtæki að vekja máls á atvikum sem geta dregið úr sönnunargildi gagnanna heldur verði þau í fyrsta lagi að sanna viðkomandi atvik og í öðru lagi að sýna fram á að það dragi úr gildi viðkomandi sönnunargagns, sbr. kafla 4.7.3.
4396. Ef samkeppnisyfirvöld finna t.d. sönnunargögn sem sýna að keppinautar hafi fundað (en ekki efni viðræðnanna) getur það eftir atvikum verið hluti af sönnun á samráði eða leitt til þess að sönnunarbyrðin snýst við. Ef viðkomandi keppinautar leggja ekki fram fundargerð eða önnur gögn sem sýna umræðuefni fundarins getur það gefið til kynna að þátttakendur á fundinum hafi viljað leyndu því sem rætt var á honum. Ber að hafa í huga að í samráðsmálum geta atvik talist sönnuð ef fyrirtæki setja ekki fram skýringar, sbr. 4.7.3.

11.2.6. Gildi viðurkenningar á þátttöku í ólögættu samráði

4397. Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur við mat á því hvort samráð hafi átt sér stað verið talið heimilt að líta til þess hvort annar eða aðrir þátttakendur í samráðinu hafi viðurkennt brot í sátt við Samkeppniseftirlitið, sbr. dóma réttarins frá 27. nóvember 2014 í máli nr. 112/2014 og 7. janúar 2021 í máli nr. 42/2019.
4398. Dómstólar ESB hafi almennt talið slíkar viðurkenningar hafa ríkt sönnunargildi. Getur því viðurkenning eins fyrirtækis á þátttöku í ólögættu samráði verið notuð til að sanna brot annarra þátttakenda í samráðinu. Ef aðrir þátttakendur neita broti nægir slík viðurkenning ekki, ein og sér, til að sanna brot þeirra. Ræðst þá sönnun af því hvort önnur atriði styðji það sem fram kemur í viðurkenningunni. Ef viðurkenningin er í samræmi við samtímagögn felur það saman óhjákvæmilega í sér mjög trausta sönnun, sbr. kafla 4.7.7 og 24.5.

11.3. Ólögætt samráð sem var fyrir hendi í byrjun júní 2008

4399. Í upphafi árs 2008 var fyrir hendi ólögætt samráð milli Eimskips og Samskipa. Tók það a.m.k. til skipaafgreiðslu, áætlunarflutninga til og frá Norður-Ameríku, áætlunarflutninga til og frá Evrópu, frystigeymslureksturs og landflutninga. Þetta samráð var allt fyrir hendi í byrjun júní 2008. Í sátt Eimskips vegna rannsóknar Samkeppniseftirlitsins, dags. 16. júní 2021, er og viðurkennt að í byrjun júní 2008 hafi verið fyrir hendi ólögætt samráð við Samskip.

11.4. Undirbúningur aukins ólögættis samráðs

4400. Undirbúningur aukins ólögættis samráðs Samskipa við Eimskip hófst á fyrri hluta ársins 2008. Við mat á þýðingu fundar Samskipa og Eimskips 6. júní 2008 skiptir miklu að hafa í huga eftirfarandi atvik í aðdraganda fundarins.

11.4.1. Janúar 2008 til 20. maí 2008

4401. **(S)aðaleig-stjform-SH** var aðaleigandi Samskipasamstæðunnar, sat í stjórn Samskipa hf. og var stjórnarformaður Samskipa Holding árið 2008. **(S)aðaleig-stjform-SH** var á þessum tíma næst stærsti hluthafi í Kaupþingi banka hf.



4402. Rekstur Samskipa hf. á Íslandi gekk mjög vel á fyrri hluta ársins 2008. Á sama tíma stóðu Samskip Holding og (S)aðaleig-stjform-SH á hinn bóginn frammi fyrir miklum fjárhagslegum áskorunum, annars vegar vegna krafna helsta lánveitanda Samskipa Holding, Fortis bank, og hins vegar vegna áskorana sem tengdust hlutabréfaeign fjárfestingarféлага (S)aðaleig-stjform-SH í Kaupþing banka. Í framburði (S)aðaleig-stjform-SH hjá lögreglu kom fram að „menn“ hafi á þessum tíma haft „áhyggjur af stöðunni, miklar áhyggjur af stöðunni [...]“. Innan Samskipa hf. var rætt um hvernig ætti að hækka verð og „bæta afkomu félagsins á árinu“. Mikilvægir viðskiptavinir Samskipa voru með lausa viðskiptasamninga og taldi fyrirtækið það „ógn“ auk þess að verðstríð við Eimskip gæti brotist út. Á sama tíma töldu stjórnendur Samskipa sig vita að innflutningur til landsins myndi fara minnkandi og ráðgerðu að útflutningur frá landinu myndi aukast, fyrst og fremst vegna flutninga tengdum stóriðju.
4403. Af samtímagögnum verður ráðið að á sama tíma og Samskip Holding og (S)aðaleig-stjform-SH stóðu frammi fyrir miklum fjárhagslegum áskorunum, eða í mars 2008, gaf (S)aðaleig-stjform-SH þau fyrirmæli til stjórnarmanna og lykilstjórnenda að grípa til aðgerða til að vernda og efla stöðu Samskipa hf. sem „cash cow“ fyrir Samskipasamstæðuna. Gögn málsins sýna að aukið samstarf við Eimskip var mikilvægur þáttur í þeim aðgerðum sem til skoðunar voru. Með því væri unnið gegn því að hugsanlegur samdráttur í eftirspurn eftir innflutningsflutningsþjónustu myndi leiða til aukinnar samkeppni og lækkunar á verði á flutningamarkaði. Sýna gögnin að (S)aðaleig-stjform-SH kallaði eftir upplýsingum frá (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj-frystig um Eimskip og lét félag í sinni eigu (Eglu) vinna skýrslur þar sem fjallað var um umfangsmikið samstarf við Eimskip bæði á Íslandi og í erlendri starfsemi Eimskips og Samskipa. Samkvæmt skýrslunum var mestur fjárhagslegur ábati fyrir Samskip talinn felast í auknu samstarfi Eimskips og Samskipa í siglingum til og frá Íslandi. Í stjórnarfundargerð vegna fundar Samskipa Holding 7. maí 2008 kom m.a. eftirfarandi fram í glærुकynningu (S)aðaleig-stjform-SH: „Eimskip, will be explored further...“.²¹⁷³ Í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH viku síðar velti hann vöngum yfir því hvort koma ætti á samsiglingum með Eimskip og „allar leiðir skoðaðar“.
4404. Samtímagögnin sýna að í lok apríl og í maí 2008 breyttist tónninn hjá stjórnendum Samskipa hf. Annars vegar var þá áfram rætt um aukið samstarf við Eimskip og hins vegar að Samskip myndu fara í „herferð“ eða „sækja sterkt“ á mikilvæga viðskiptavinum Eimskips. Ástæða þessarar umræðu innan Samskipa hf. um mikla samkeppni við Eimskip var ekki síst óánægja með að Eimskip hafði orðið hlutskarpast í tilraunum til að taka upp samstarf við Atlantsskip.
4405. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum voru þannig til skoðunar hjá Samskipum tvær ólíkar leiðir. Gefa gögnin til kynna að Samskip hf. hafi ætlað að skoða vel kosti og galla þess sem má annars vegar nefna „samvinnuleiðina“ og hins vegar „samkeppnisleiðina“. Það hagsmunamat og sá samanburður átti að leiða til þess að unnt væri að „teikna upp strategíuna“. Hún myndi síðan birtast í endurskoðaðri áætlun Samskipa („revised budget“) sem yrði leiðarstefið eða vegvísirinn í aðgerðum fyrirtækisins. Átti þessi skoðun að vera tilbúin eigi síðar en föstudaginn 6. júní 2008.

11.4.1.1. Eimskip

4406. Á fyrri hluta ársins 2008 var mikið umrót hjá Eimskip. Fyrirtækið hafði vaxið gríðarlega og stóð í miklum breytingum á starfsemi sinni. Átti Eimskip í miklum fjárhagslegum erfiðleikum og stjórnarformaður og forstjóri, sem stýrt höfðu útrás fyrirtækisins, höfðu látið af störfum. Nýr stjórnarformaður, (E)stjform, hafi tekið við og hafði, vegna eignarhluta í félaginu, persónulegra hagsmuna að gæta vegna reksturs Eimskips.
4407. Gögn málsins sýna að fjárhagslegir erfiðleikar Eimskips hafi ekki tengst flutningastarfsemi fyrirtækisins hér á landi heldur stafað af miklum skuldum vegna fjárfestinga erlendis.

²¹⁷³ Rauður áherslulitur í frumgagninu.



11.4.2. 20. maí til 6. júní 2008


4408. Tilkynnt var um ráðningu (E)forstj sem forstjóra Eimskips þann 20. maí 2008 en áður hafði hann um árabil verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins í Norður-Ameríku. Strax og tilkynnt var um ráðningu hans lýsti (S)aðaleig-stjform-SH því yfir við aðra lykilstjórnendur Samskipa að hann þekkti (E)forstj vel og að meiri „mýkt“ myndi fylgja forstjóratið hans. Rangfærslur (E)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH við munnlega upplýsingagjöf til Samkeppniseftirlitsins í september 2013 og í skýrslutöku hjá lögreglu í maí 2018 um samskipti þeirra gefa til kynna að þeir hafi viljað leyfa þeim.
4409. Skömmu eftir að (E)forstj hóf störf sem forstjóri Eimskips lagði hann áherslu á að sem fyrst yrðu hafnar viðræður við Samskip um Norður-Ameríku flutninga. Vildi (E)forstj að (E)frkvstj-alþjsv kæmi að þeim samskiptum en fyrir liggur að (S)aðaleig-stjform-SH þekkti (E)frkvstj-alþjsv einnig vel og að þeir höfðu átt í samskiptum. Á þessum tíma vann (E)frkvstj-alþjsv náði með (E)forstj á starfsstöð Eimskips á Íslandi. (E)frkvstj-alþjsv var framkvæmdastjóri alþjóðasviðs hjá Eimskip og bar ábyrgð á starfsemi Eimskips í Evrópu. Hafa ber í huga að (E)frkvstj-alþjsv bar ekki ábyrgð á sölu inn- eða útflutningsþjónustu Eimskips vegna Norður-Ameríku.
4410. Hin ríka áhersla (E)forstj á viðræður við Samskip og mönnun samskiptanna við Samskip var í engu samræmi við innanhússgögn sem sýna lítið vægi þessara flutninga fyrir Eimskip. Miðað við hina miklu fjárhagslegu erfiðleika sem Eimskip stóð frammi fyrir í lok maí og byrjun júní 2008 er órökrétt að nýr forstjóri hafi talið ástæðu til að leggja svo ríka áherslu á að koma á samskiptum við Samskip um Norður-Ameríku samstarfið, nema eitthvað annað og meira byggji undir. Önnur gögn málsins styðja það einnig, sbr. t.d. verkefnalista (E)forstj þar sem inn var komið verkefnið „Nýtt upphaf“, en það verkefni fyrirtækjanna tók til mun fleiri þátta en eingöngu samstarfs Samskipa og Eimskips í flutningum vegna Norður-Ameríku.
4411. Yfirmaður siglingakerfa Eimskips, framkvæmdastjórinn (E)frkvstj-flutnkerf, var í byrjun júní 2008 byrjaður að undirbúa breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins í flutningum til og frá meginlandi Evrópu. Þann 2. júní 2008 var ákveðið hjá Eimskip að (E)frkvstj-flutnkerf ætti að koma að umræddum viðræðum við Samskip. (E)frkvstj-flutnkerf bar ekki ábyrgð á inn- og útflutningi Eimskips frá Norður-Ameríku og Samskip voru ekki með skip í siglingum milli Íslands og Norður-Ameríku. Er aðkoma (E)frkvstj-flutnkerf að viðræðum við Samskip skýr vísbending um að ræða átti um breytingar á siglingakerfum milli Íslands og annarra Evrópulanda á fundum fyrirtækjanna, auk annarra málefna.
4412. Þann 4. júní 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til yfirmanns siglingakerfa Samskipa, (S)frkvstj-millilandasv, sem sýnir áframhaldandi skoðun á „strategíu“ þeirra frá fyrri hluta árs 2008, þ.á m. aukið samstarf við Eimskip sem fólst í að draga úr flutningsgetu í sjóflutningum („skera kapacitet af markaði“) „eða“ taka upp samskonar samstarf við Eimskip í flutningum til og frá Evrópu og var fyrir hendi í Norður-Ameríku flutningunum. Fjallað var um samráð af þessum toga í glærुकyningunni um „Verkefnið Nýtt upphaf“ sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði í tölvugögnum sínum sunnudaginn 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir.
4413. (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)stjform og (E)forstj áttu með sér þýðingarmikinn fund í hádeginu föstudaginn 6. júní 2008 í húsnæði Kjalars, eignarhaldsfélagi (S)aðaleig-stjform-SH, að Suðurlandsbraut. Gögn málsins sýna að dagana fyrir fundinn var unnið að undirbúningi hans. Kvöldið fyrir fundinn með Eimskip sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH en meðfylgjandi honum var ný skýrsla frá Eglu um aukna samvinnu við Eimskip. Fjallað var um þá samvinnu í glærुकyningu Eimskips um „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips. Samræmi er því í gögnum æðstu stjórnenda fyrirtækjanna á þeim tíma sem þeir áttu í samskiptum.
4414. Þá ber að líta til þess að verkefnið „Nýtt upphaf“ var eins og áður segir sett á verkefnalista (E)forstj, merkt 5. júní 2008 eða daginn áður en (E)forstj og (E)stjform sátu fundinn með (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH.



11.5. Stjórnarformenn og forstjórar ákveða 6. júní 2008 að hefja verkefni sem hafði að markmiði að raska samkeppni


4415. Við mat á háttsemi Samskipa ber að virða saman öll framangreind gögn frá árinu 2008. Ekki síst ber að líta í einu lagi til efnis skýrslanna sem (S)aðaleig-stjform-SH lét Eglu útbúa fyrir sig, áherslu (E)forstj á Samskip á fyrstu dögum í nýju starfi, aðkomu (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-alþjsv að fyrirhuguðum viðræðum við Samskip, samráðshugmyndum í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH frá 4. júní 2008 og að verkefnið „Nýtt upphaf“ var merkt 5. júní 2008 á verkefnalista (E)forstj. Horfa ber á þetta í samhengi við umræddan fund Eimskips og Samskipa föstudaginn 6. júní 2008 og efni glærukynningarinnar um „Verkefnið Nýtt upphaf“ sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði sunnudaginn 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir. Tölvupóstur sem (S)aðaleig-stjform-SH sendi m.a. (S)aðaleig-stjform-SH 10. júní 2008 skiptir einnig máli hér.
4416. Af framangreindum samtímagögnum verður ráðið að á fundinum föstudaginn 6. júní 2008 ræddu (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)stjform og (E)forstj saman um viðkvæm samkeppnisleg málefni fyrirtækjanna. Á fundinum var jafnframt ákveðið að fyrirtækin myndu saman meta ávinninginn af auknu samstarfi sín á milli. Á áður nefndum verkefnalista (E)forstj og í öðrum samtímagögnum Eimskips var þetta samráðsverkefni Eimskips og Samskipa nefnt „Nýtt upphaf“. Hjá Samskipum var rætt um „New beginning“.
4417. Á umræddri glærukynningu frá 8. og 9. júní 2008 kom eftirfarandi fram á upphafsglærunum:





Verkefnið Nýtt upphaf

- Ákveðið hefur verið að meta hagkvæmni eftirfarandi verkefna með því að auka samstarf á milli Samskip og Eimskip
 1. Sameiginlegur rekstur skipaafgreiðslu
 2. Gera með sér slot samning til að hagræða í siglingakerfi félaganna á Íslandi
 3. Samtarf í frystigeymslurekstri, einkum í Hollandi
 4. Samstarf í “short sea” þjónustu
 5. Innanlandspjónusta
- Til að taka þessi verkefni áfram hefur verið ákveðið að stofna til vinnuhóps
 - [REDACTED], [REDACTED], [REDACTED] auk bakhjarla verkefnisins



4418. Af þessu og öðrum gögnum málsins má sjá að Samskip og Eimskip voru búin að ákveða í byrjun júní 2008 að hefja „Nýtt upphaf“ verkefnið. Í því fólst að fyrirtækin ákváðu að meta saman hagkvæmni þess að auka samstarf í grundvallarþáttum í starfsemi þeirra beggja.
4419. Hvorugt fyrirtækjanna ritaði fundargerð um efni fundarins. Þannig hafa Samskip ekki lagt fram fundargerð eða önnur samtímagögn til að sýna fram á að tilgangur fundarins hafi verið lögmætur eða að umræður á fundinum hafi verið í samræmi við kröfur 10. gr. samkeppnislaga. Ef engar fundargerðir eða önnur gögn eru til sem sýna umræðuefni á fundi keppinauta getur það gefið til kynna að þátttakendur á fundinum hafi viljað leynd því sem rætt var á honum.
4420. Skýringar Samskipa í athugasemdum við AI og AII á fundinum og glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið og öðrum tengdum gögnum hafa auk þess verið mjög ótrúverðugar. Þær geta því ekki breytt þeim ályktunum sem draga má af samtímagögnum sem sýna aðdraganda og upphaf þeirra samskipta sem tengdust „Nýtt upphaf“ verkefninu og fyrirtækin ákváðu að ráðast í eftir fundinn.
4421. Atvik í aðdraganda fundarins, fundurinn sjálfur og framangreind glærुकyning sýna mikla áherslu fyrirtækjanna á aukið samstarf og þetta verkefni. Stjórnarformenn og forstjórar fyrirtækjanna höfðu forgöngu og stofnaður var sérstakur „vinnuhópur“ til að „taka þessi verkefni áfram“. Hann skipuðu forstjórar Samskipa og Eimskips, framkvæmdastjórinn (E)frkvstj-alþjsv, auk „bakhjarla verkefnisins“. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hafa hvorugt fyrirtækjanna upplýst um hverjir hefðu verið „bakhjarlar verkefnisins“. Með hliðsjón af samtímagögnum og stöðu hlutaðeigandi sem stjórnarformanna (ásamt eignarhaldi) er talið líklegt að (E)stjform og (S)aðaleig-stjform-SH hafi verið bakhjarlar verkefnisins. Með hliðsjón af samtímagögnum málsins, sem sýnir framkvæmd og framvinndu verkefnisins, er talið að „nn“ hafi verið aðstoðarforstjórinn og framkvæmdastjórinn (S)frkvstj-millilandasv.



4422. Tölvupóstur sem (S)aðaleig-stjform-SH sendi m.a. (S)aðaleig-stjform-SH þann 10. júní 2008 og varðaði skipulagningu á fundum (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain með stjórnendum Samskipa sýnir að strax var hafist handa við framkvæmd á „Nýtt upphaf“ verkefninu.
4423. Við mat á lögmati „Nýtt upphaf“ verkefnisins ber fyrst að hafa í huga að við upphaf þess var þegar fyrir hendi ólöglegt samráð Samskipa og Eimskips í þeirri starfsemi sem féll undir flest verkefni sem talin eru upp í tölulíðum 1 – 5 í framangreindri glæru. Það samráð sem var þegar fyrir hendi tók til skipaafgreiðslu á Reyðarfirði og landflutninga á Íslandi. Einnig tók það til sjóflutninga til og frá Íslandi. Í þessu sambandi skal áreittað að í skýrslunni, sem (S)aðaleig-stjform-SH lét Eglu vinna fyrir sig í maí 2008, kemur fram að mestur ábati felist í auknu samstarfi Samskipa og Eimskips í sjóflutningum tengdum Íslandi. Þá var yfirstandandi á þessum tíma m.a. verðsamráð og markaðsskipting milli Samskipa og Eimskips á frystigeymslumarkaðnum í Hollandi. Var það samráð til þess fallið að hafa áhrif á m.a. útflytjendur á fiski frá Íslandi. Samkvæmt „Nýtt upphaf“ verkefninu átti að skoða ábata af því að auka þetta ólöglega samstarf fyrirtækjanna. Hér ber einnig að líta til þess hvernig umræddum fimm undirverkefnum eða verkþáttum var lýst glærukynningunni.
4424. Af umfjöllun um verkþáttinn „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í glærukynningunni sést að hann laut m.a. að ólöglegri markaðsskiptingu (skipting eftir höfnum/skipting á slottum) og ólöglegri takmörkun á flutningsgetu (fækkun/minni skip). Til undirbúnings þessu átti að gera „greiningu á skipanýtingum brotið niður á hafnir í inn- og útflytningi.“ Jafnframt átti að stilla upp möguleikum þar sem ávinningur væri af því að skiptast á slottum og meta „hagræði félaganna að gangast í slíkt samstarf“. Einnig ætluðu Samskip og Eimskip að „endurskoða siglingakerfi félaganna“ með það að markmiði að lágmarka kostnað. Var þannig gert ráð fyrir upplýsingaskiptum og viðræðum keppinauta á fákeppnismarkaði um afar viðkvæm samkeppnisleg málefni.
4425. Af umfjöllun um verkþáttinn „Innanlandspjónusta“ í glærukynningunni sést að hann laut að því að auka verulega samráð í landflutningum. Í þessu fólst að fyrirtækin myndu meta saman möguleika á því að „samnýta betur“ landflutningakerfi fyrirtækjanna. Einnig átti að kanna saman kosti þess að ganga enn lengra í samstarfi og hvort stilla ætti upp sameiginlegu landflutningakerfi og afgreiðslustöðvum Eimskips og Samskipa. Eins og í tilviki sjóflutninga var gert ráð fyrir samvinnu og upplýsingaskiptum um viðkvæma samkeppnisþætti fyrirtækjanna. Áttu Samskip og Eimskip samkvæmt glærunni þannig að „kostnaðargreina“ helstu flutningaleiðir og meta saman „hvar ójafnvægi er í hvoru kerfi fyrir sig“.
4426. Verkþátturinn „Samstarf um skipaafgreiðslu“ fól í sér sameiginlega athugun Samskipa og Eimskips á stórauðinni samvinnu í skipaafgreiðslu og var í því sambandi m.a. vísað til hafna í Reykjavík, Grundartanga og Vestmannaeyjum. Þetta tók til þess m.a. að fyrirtækin skoðuðu saman þann möguleika að stofna sameiginlegt fyrirtæki á þessu sviði. Jafnframt var gert ráð fyrir upplýsingaskiptum um viðkvæma samkeppnisþætti fyrirtækjanna. Áttu Samskip og Eimskip samkvæmt glærukynningunni að greina og bera saman kostnaðaruppbyggingu af þessari starfsemi. Einnig átti að greina núverandi framleiðslu og álagsdreifingu og ákveða hversu langt ætti að ganga í samstarfi um skipaafgreiðslu.
4427. Af umfjöllun um verkþáttinn „Samstarf í „Short sea“ þjónustu“, sést að búið var að ákveða að fyrirtækin myndu kanna saman möguleika á verulegu samstarfi dótturfélaga Eimskips (Containerships og Eimskip-CTG) og Samskipa og dótturfélag þess Silver Sea. Kanna átti „samþættingu siglingakerfa“, skiptingu á „slottum“, koma á fót einu „heildarkerfi“, renna saman dótturfélögum í Noregi og stofnun á sameiginlegu félagi sem sinnti frystiskipþjónustu og flutningsmiðlun. Einnig var gert ráð fyrir upplýsingaskiptum um viðkvæma samkeppnisþætti fyrirtækjanna. Það samstarf sem átti að kanna hefur beina tengingu við samkeppni hér á landi og hagsmuni t.d. útflytjenda á íslenskum sjávarafurðum.
4428. Sem fyrr segir var fyrir hendi viðamikil ólöglegt samráð milli Eimskips og Samskipa í frystigeymslustarfsemi í Hollandi. Það samráð var sem fyrr segir til þess fallið að hafa áhrif á t.d.



viðskiptavini Samskipa og Eimskips hér á landi, t.d. útflytjendur á frystum fiski. Í glærunum um verkþáttinn „*Frystigeymslurekstur*“ er fjallað um enn frekari samvinnu Eimskips við Samskip í frystigeymslurekstri. Einnig tók skoðun Eimskips og Samskipa samkvæmt verkefninu til samvinnu á sviði frystiskipaþjónustu.

4429. Augljósar samkeppnishömlur eins og markaðsskipting og samráð um að takmarka flutningsgetu hafa það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Í „*Nýtt upphaf*“ verkefninu fólst sameiginleg ákvörðun keppinauta um að kanna ábata af slíkum skýrum samkeppnishömlum. Eins og réttarframkvæmd í samkeppnisrétti sýnir fela allir fundir eða upplýsingaskipti til undirbúnings að slíku samkeppnishamlandi samstarfi í sér ólögmetar samstilltar aðgerðir í skilningi 10. gr. samkeppnislaga, án tillits til þess hvort samstarfið kemst á endanum til framkvæmda. Í þessu máli liggur hins vegar fyrir að samráð um markaðsskiptingu og takmörkun flutningsgetu kom til framkvæmda.
4430. Það samráð sem tengdist verkefninu „*Nýtt upphaf*“ tók ekki aðeins til þess að kanna ábata af markaðsskiptingu og takmörkun á flutningsgetu heldur jafnframt stóru auknu samstarfi fyrirtækjanna í kjarnastarfsemi þeirra. Í undirbúningi þessa fólust upplýsingaskipti og viðræður um mikilvæg samkeppnisleg atriði í starfsemi beggja fyrirtækjanna. Samskiptin fólu enn fremur í sér skýr skilaboð fyrirtækjanna til hvors annars um að þau hefðu ríkan vilja til að „snúa bökum saman“ og mæta þeim áskorunum sem þau stóðu frammi fyrir með hagnýtri samvinnu en ekki samkeppni. Mikilvægt er að áréttu hér að Samskip og Eimskip voru samanlagt í yfirburðastöðu á mörkuðum sem tengjast landflutningum og sjóflutningum til og frá Íslandi. Var þannig fyrir hendi tvíkeppni eða fákeppni á umræddum mörkuðum og var því „*enn ríkari ástæða til að standa vörð um sjálfstæða ákvarðanatöku keppinauta og þá samkeppni sem ríkt getur á markaðnum þrátt fyrir fákeppnina*“, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 42/2019.
4431. Í ákvæði 10. gr. samkeppnislaga fólst og felst því ekki aðeins strangt bann við markaðsskiptingu og samráði í tengslum við takmörkun á flutningsgetu fyrirtækjanna heldur einnig bann við því að Samskip og Eimskip hefðu með sér slíka hagnýta samvinnu til að draga úr eða eyða þeirri áhættu sem felst í samkeppni.²¹⁷⁴ Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga felur jafnframt í sér strangt bann við því að keppinautar skiptist á upplýsingum um viðkvæm viðskiptaleg málefni, þar á meðal hugmyndum eða áætlunum, enda eru viðræður á milli keppinauta um viðskiptaleg málefni afar varhugaverðar í samkeppnislegu tilliti, sérstaklega þegar um að er að ræða fákeppnismarkaði. Voru slík samskipti Samskipa og Eimskips til þess fallin að draga með alvarlegum hætti úr æskilegri óvissu, skerða sjálfstæði fyrirtækjanna og draga til muna úr þeirri samkeppni gat ríkt þrátt fyrir fákeppnina.
4432. Í „*Nýtt upphaf*“ verkefninu sem slíku fólust þannig áform um ólögmetar hagnýta samvinnu og upplýsingaskipti. Ætluðu fyrirtækin að fara yfir grundvallarþætti í samkeppnisrekstri þeirra, skiptast á upplýsingum og meta saman framtíðarskipulag og stefnu fyrirtækjanna í viðkomandi flutningastarfsemi. Með öðrum orðum fólst í „*Nýtt upphaf*“ verkefninu sameiginlegur vilji Samskipa og Eimskips til þess að mæta áskorunum með auknu samstarfi í stað þess að hegða sér með sjálfstæðum hætti á markaði og taka ákvarðanir upp á eigin spýtur. Átti að finna sameiginlegar lausnir með auknum samskiptum og samstarfi þessara höfuðkeppinauta á íslenska flutningamarkaðnum. Sem fyrr segir fólst einnig í verkefninu sameiginleg ákvörðun keppinauta um að kanna ábata af skýrum samkeppnishömlum eins og markaðsskiptingu og takmörkun á flutningsgetu.

²¹⁷⁴ Sjá hér til hliðsjónar mgr. 83 í dómi dómstóls ESB frá 30.01.2020 í máli nr. C-307/18, Generics (UK), EU:C:2020:52: „[...] the Court has also held that agreements whereby competitors deliberately substitute practical cooperation between them for the risks of competition can be characterised as ‘restrictions by object’ (see, to that effect, judgment of 20 November 2008, *Beef Industry Development Society and Barry Brothers*, C-209/07, EU:C:2008:643, paragraph 34).“ Í tilvísaðri mgr. í dómi dómstóls ESB í máli nr. C-209/07 (mgr. 34) er vísað meginreglunnar um sjálfstæði keppinauta: „That type of arrangement conflicts patently with the concept inherent in the EC Treaty provisions relating to competition, according to which each economic operator must determine independently the policy which it intends to adopt on the common market. Article 81(1) EC is intended to prohibit any form of coordination which deliberately substitutes practical cooperation between undertakings for the risks of competition.“



4433. Með hliðsjón af öllu framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að á fundi Samskipa og Eimskips 6. júní 2008 hafi fyrirtækin ákveðið að ráðast í verkefni sem hafði að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga, sbr. einnig viðurkenning Eimskips á alvarlegum samráðsbrotum sem höfðu að markmiði að raska samkeppni.
4434. Af þessu leiðir að samskipti Samskipa og Eimskips á þessum fundi 6. júní 2008 fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Hið sama gildir um öll eftirfarandi samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um einstaka verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Í samræmi við dómaframkvæmd í samkeppnisrétti þýðir þetta að allir fundir, samtöl og tölvupóstar milli Samskipa og Eimskips til undirbúnings að slíku samstarfi, sem hafði það að markmiði að raska samkeppni, fela í sér ólögmætar samstilltar aðgerðir í skilningi 10. gr. samkeppnislaga, án tillits til þess hvort samstarfið á endanum komst til framkvæmda.
4435. Í samræmi við framangreint og samtímagögn er í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið viðurkennt að alvarlegt ólögmætt samráð Eimskips og Samskipa hafi hafist með fundinum 6. júní 2008. Samkvæmt sáttinni viðurkennir Eimskip að „hafa átt í samskiptum og samstarfi við Samskip“ á m.a. árinu 2008 sem hafi „falið í sér alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins.“
4436. Þessu er nánar lýst í 1. gr. sáttarinnar. Þar kemur fram að hið alvarlega ólögmæta samráð Eimskips og Samskipa „hafi falist í eftirfarandi aðgerðum sem gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærुकyningu Eimskips frá 9. júní 2008:
- 1.1 Samráð við Samskip á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi.
 - 1.2 Samráð við Samskip um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum. Samráð þetta var umfangsminna á lokaári rannsóknartímabilsins (á árinu 2013).
 - 1.3 Samráð við Samskip um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum. Samráð þetta var umfangsminna á lokaári rannsóknartímabilsins (á árinu 2013).
 - 1.4 Samráð við Samskip um landflutningaþjónustu á flutningaleiðum á Íslandi og skiptingu á mörkuðum á tilteknum flutningaleiðum.
 - 1.5 Samráð við Samskip um sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda, um gagnkvæma leigu eða lán á gámum og aðrar aðgerðir sem miðuðu að því að raska samkeppni í flutningsþjónustu.
 - 1.6 Samráð við Samskip um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku þegar ekki var í gildi undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga.
- Eimskip viðurkennir einnig að tiltekið ólögmætt samráð við Samskip hafi verið fyrir hendi áður en fundur fyrirtækjanna 6. júní 2008 átti sér stað. Það samráð var hins vegar umfangsminna en samráðið sem hófst eftir umræddan fund.“*
4437. Viðurkenning Eimskips á brotum er sem fyrr segir í samræmi við samtímagögn.
4438. Ekki var berum orðum fjallað um verðhækkanir Eimskips og Samskipa í glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Í lið 1.3 í sátt Eimskips er hins vegar viðurkennt að samráðið við Samskip hafi tekið til verðlagningar og til miðlunar á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum. Er það í samræmi við samtímagögn. Niðurstaða varðandi þann þátt málsins er dregin saman í kafla 11.21 hér á eftir.



11.6. Auknu samráði hrint í framkvæmd sumarið 2008

4439. Gögn frá 10. júní 2008 og áfram bera með sér að frá upphafi unnu Samskip og Eimskip samfelld og markvisst að þeim verkþáttum sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Voru haldnir fundir milli fyrirtækjanna vegna þessa og önnur samskipti áttu sér stað, bæði hér á landi og erlendis. Þeir sem sátu í „vinnuhópnum“ ((E)forstj, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)frkvstj-alþjsv og (S)frkvstj-millilandasv) komu hér við sögu. Hið sama á við um aðra stjórnendur fyrirtækjanna sem báru ábyrgð á þeim rekstri sem skoða átti samstarf um í „Nýtt upphaf“ verkefninu.
4440. Við skýrslutöku hjá lögreglu kom fram hjá (S)aðaleig-stjform-SH að á fundinum 6. júní 2008 hafi verið rætt um þau atriði sem eru nefnd í glærुकyningunni „Nýtt upphaf“. Eftir fundinn hafi „menn“ svo „farið og unnið frekar heima í húsi [...]“. Með öðrum orðum staðfesti (S)aðaleig-stjform-SH að eftir fundinn 6. júní 2008 hafi hann og aðrir stjórnendur fyrirtækjanna unnið að þeim verkþáttum sem tilgreindir eru í glærुकyningunni.
4441. Í samræmi við þetta sýna samtímagögn Eimskips að í kjölfar fundarins 6. júní 2008 hafi lykilstjórnendur fyrirtækisins, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-flutkerf, að undirlagi (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv, safnað saman upplýsingum, unnið að og rætt þá þætti sem tengdust „Nýtt upphaf“ verkefninu.

11.6.1. Fundur 23. júní 2008 í Rotterdam

4442. Samtímagögn staðfesta að (S)aðaleig-stjform-SH hrinti strax í framkvæmd skoðun á atriðum sem rætt er um í „Nýtt upphaf“-verkefninu. Fyrir liggur að þann 10. júní 2008 skipulagði hann fundi stjórnenda Samskipa í Hollandi með (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain. Annars vegar myndi (S)frkvstj-MCL hitta (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain vegna 4 t. í framangreindri glæru (samstarf í „short sea“ þjónustu). Hins vegar myndi (S)forstj-frystig hitta (E)frkvstj-alþjsv vegna 3 t. (samstarf í frystigeymslurekstri).
4443. Fyrir liggur að (S)frkvstj-MCL, (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain funduðu í Rotterdam 23.-24. júní 2008.
4444. (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj-frystig reyndu að hittast þegar (E)frkvstj-alþjsv var í Rotterdam 23.-24. júní 2008 en tókst ekki. Ákváðu þeir að ræða saman þegar (E)frkvstj-alþjsv kæmi úr orlofi um miðjan júlí 2008.

11.6.2. Fundur í höfuðstöðvum Samskipa hf.

4445. Við skýrslutöku hjá lögreglu staðfesti (E)frkvstj-alþjsv að hann og (E)frkvstj-Contain hefðu fundað með Samskipum í Rotterdam. (E)frkvstj-alþjsv upplýsti einnig um annan fund með Samskipum sem haldinn var á Íslandi. Þegar (E)frkvstj-alþjsv var spurður hjá lögreglu um glærुकyninguna „Verkefnið Nýtt upphaf“ vísaði hann ekki til fundarins 6. júní 2008 heldur til annars fundar sem (E)forstj hefði beðið hann um að koma með sér á. Sá fundur hafi verið haldinn í höfuðstöðvum Samskipa á Íslandi. Af hálfu Samskipa hafi (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv setið fundinn, auk (S)stjórnarm-fjármstj.
4446. Á fundinum hafi verið rædd atriði sem komu fram í „Nýtt upphaf“ glærुकyningunni. (E)frkvstj-alþjsv hélt fyrst að fundurinn hefði verið haldinn haustið 2008 en var síðan óviss um hvenær á árinu 2008 hann var haldinn. Að mati Samkeppniseftirlitsins er a.m.k. ljóst að fundurinn var haldinn eftir að (E)forstj hóf störf sem forstjóri Eimskips og eftir að búið var að ákveða að ráðast í „Nýtt upphaf“ verkefnið.

11.6.3. Fundir, samtöl og tölvupóstsamskipti milli annarra lykilstjórnenda

4447. Í samræmi við almenn sönnunarsjónarmið við úrlausn samráðsmála skiptir máli að virða heildstætt ítrekuð samskipti lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips sem hófust eftir fundinn 6. júní 2008.



4448. Auk fundanna í Hollandi og höfuðstöðvum Samskipa hf. eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008 áttu sér stað ítrekuð samskipti milli lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips, ekki síst (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-innanl.
4449. (E)frkvstj-EimÍsl var forstjóri Eimskips á Íslandi. Hann bar ábyrgð gagnvart (E)forstj á sjó- og landflutningum Eimskips á Íslandi. (E)frkvstj-flutnkerf var framkvæmdastjóri sem bar ábyrgð á siglingakerfum og sýna samtímagögn að eftir 6. júní 2008 fól (E)forstj honum að vinna að verðhækkun á sjóflutningum. (S)frkvstj-millilandasv var aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjóri sem bar ábyrgð á siglingakerfinu og inn- og útflutningi Samskipa. (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 voru forstöðumenn innflutningsdeilda sem báru ábyrgð á innflutningi gagnvart sínum yfirboðurum. (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl voru framkvæmdastjórar sem báru ábyrgð á landflutningi.
4450. Eftir 6. júní 2008 áttu sér því stað fjölmörg samskipti stjórnenda Samskipa og Eimskips sem báru ábyrgð á verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum í land- og sjóflutningum fyrirtækjanna. Saman höfðu fyrirtækin mjög sterka stöðu á viðkomandi flutningamörkuðum og voru þessi samskipti, ein og sér, afar viðkvæm í samkeppnislegu tilliti.
4451. Sýna samtímagögnin að umræddir stjórnendur, og eftir atvikum undirmenn þeirra, unnu samhliða annars vegar að verkþáttum sem féllu beint undir „Nýtt upphaf“ verkefnið eins og það var skilgreint í glærुकynningunni sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní og (E)forstj daginn eftir og hins vegar að aðgerðum í því skyni að hækka verð. Þetta ber að virða saman við mat á háttsemi Samskipa.

11.6.4. Samskipti stjórnenda á Íslandi frá 10. júní til og með 4. júlí 2008

4452. Auk framangreindra samskipta (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain við Samskip áttu sér stað í júní og byrjun júlí 2008 önnur mikilvæg samskipti milli fyrirtækjanna sem miðuðu að eða tengdust auknu samráði þeirra:
- Tölvupóstasamskipti yfirmanna innflutningsdeilda Samskipa og Eimskips ((S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl) dagana 10.-13. júní 2008. Var þar fjallað um framkvæmd á verðsamráði fyrirtækjanna.
 - Tölvupóstur undirmanns (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-flutnstj, til (E)frkvstj-flutnkerf frá 20. júní 2008. Vísaði hann til samtals við (E)frkvstj-flutnkerf deginum á undan. (S)forstö-útlfl fékk afrit af þessum tölvupósti.
 - (E)forstj fundaði með (S)frkvstj-N-Am, yfirmanni Samskipa í Norður-Ameríku, þann 25. júní 2008.
 - Þann 25. júní 2008 greindi viðskiptastjóri, (S)viðskstj, (S)aðaleig-stjform-SH frá samtali við (E)forstj.
 - (S)frkvstj-millilandasv átti samtali við undirmann (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-skiparekst, þann 2. júlí 2008.
 - Tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstj 3. júlí 2008 sýnir að hann hafði rætt við Samskip (líklega (S)frkvstj-millilandasv)
 - Framkvæmdastjórar landflutninga, (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl, funduðu 4. júlí 2008.
4453. Í framangreindum tölvupóstasamskiptum (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl dagana 10.-13. júní 2008 var hnykk á verðsamráði milli fyrirtækjanna sem fólst í takmörkun á afslætti fyrirtækjanna gagnvart viðskiptavinum. Fólu þessi samskipti því í sér, ein og sér, alvarlegt brot á 10. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur þessi samskipti einnig birtingarmynd á vilja fyrirtækjanna til aukins samráðs eftir fundinn 6. júní 2008.



4454. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutnkerf voru sem fyrr segir framkvæmdastjórar sem báru ábyrgð m.a. á siglingakerfi sinna fyrirtækja. Sökum þessa leiddu þeir viðræður Samskipa og Eimskips á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu. Gögnin sýna einnig að eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst gegndu þeir eins og áður greinir ábyrgðarhlutverkum við undirbúning verðhækkana fyrirtækja sinna á sjóflutningum.
4455. Þann 19. júní 2008 var (S)frkvstj-millilandasv í sumarfrí en fyrir liggur að undirmaður hans, (S)forstö-flutnstj, og (E)frkvstj-flutnkerf ræddu saman þann dag. Tók það samtali a.m.k. til „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tengdist sjóflutningum. Verkefnið hafði að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Samskipti fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga.
4456. Samskip staðhæfa að fundur (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am 25. júní 2008 hafi lotið að framkvæmd á Norður-Ameríku samstarfi fyrirtækjanna. Samkeppniseftirlitið dregur ekki í efa að (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am hafi á þessum fundi rætt þetta ólögmeta samráð sem þá stóð yfir og var þar að auki verkþáttur í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Þessi samskipti Samskipa og Eimskips fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga.
4457. Eftir að (E)forstj hafði hitt (S)frkvstj-N-Am 25. júní 2008 ræddi hann um fernt í tölvupósti sem hann sendi til (E)frkvstj-flutnkerf 27. júní 2008: (1) Samskip ætti að flytja meira magn með Norður-Ameríku skipum Eimskips og biðja ætti Samskip um að leggja af TA-samkeppni við Eimskip í Norður-Ameríku flutningum. (2) Flýta ætti gerð nýs Norður-Ameríku samnings við Samskip. (3) Hækka ætti verð á sjóflutningum í Norður-Ameríku siglingum og (4) almennar verðbreytingar. (E)frkvstj-flutnkerf svaraði þessum tölvupósti 3. júlí 2008.
4458. (S)frkvstj-millilandasv var kominn til starfa úr fríi í byrjun júlí 2008. (E)frkvstj-skiparekst sendi tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl 2. júlí 2008 og lýsti samtali sínu við (S)frkvstj-millilandasv þann dag. Hér ber einnig að hafa í huga samtalið við (E)forstj sem (S)viðskstj lýsti í tölvupósti til (S)aðaleig-stjform-SH 25. júní 2008. Í báðum tilvikum voru keppinauti veittar upplýsingar sem höfðu mikla samkeppnislega þýðingu. Þannig veitti (E)forstj Samskipum upplýsingar um fyrirhugaða eða mögulega minnkun á flutningsgetu Eimskips bæði í Evrópu og Norður-Ameríku sjóflutningum. Þá veitti (S)frkvstj-millilandasv Eimskip upplýsingar um mikinn samdrátt hjá Samskipum og hvernig Samskip teldu að aðstæður á markaði myndu þróast. Með þessum samskiptum var dregið úr óvissu um mikilvæga samkeppnisþætti á fákeppnismarkaði og fólst í þeim, einum og sér, brot á 10. gr. samkeppnislaga. Þetta voru hins vegar ekki einangruð atvik og ber líta til þess að efni þessara samtala féll undir þá samvinnu og upplýsingaskipti sem áformuð voru í glærunum með yfirskriftinni „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í glærukynningunni um „Verkefnið Nýtt upphaf“.
4459. Sem áður segir svaraði (E)frkvstj-flutnkerf tölvupósti (E)forstj þann 3. júlí 2008 vegna verðhækkunar og takmörkunar á samkeppni í Norður-Ameríku flutningum. Í því sambandi verður að hafa í huga að (E)frkvstj-flutnkerf svaraði þeim þætti í tölvupósti (E)forstj sem fól í sér beiðni til Samskipa um að draga úr TA-flutningum með því að vísa til samskipta við Samskip (líklega (S)frkvstj-millilandasv). Tillögu forstjóra Eimskips um alvarlegar samkeppnishindranir var þannig svarað með því að vísa til yfirstandandi viðræðna við Samskip. Er það rökrétt því þessar tillögur (E)forstj voru í samræmi við það sem fram kemur í glærunum um verkefni Samskipa og Eimskips um „Slotsamninga í siglingakerfinu“ í glærukynningunni sem (E)frkvstj-albjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj sjálfur daginn eftir. Sýnir þetta að hafin var vinna við þennan verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Þessi samskipti (E)frkvstj-flutnkerf við Samskip tóku þannig til „Nýtt upphaf“ verkefnisins og fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga.
4460. Í samræmi við framangreinda tillögu (E)forstj frá 25. júní 2008 kemur fram í samtímagögnum Samskipa að fyrirtækið hafi dregið úr TA-samkeppni og flutt meira með Eimskip. Kemur þetta m.a. fram í tölvupósti sem (S)frkvstj-N-Am sendi til (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 þann 15. október 2008. Þar er því lýst að Samskip í Norður-Ameríku hafi „stefnt allri frakt á Eimskip“. Í þessum tölvupósti (S)frkvstj-N-Am fólst samkvæmt orðalagi sínu að Samskip var



á þessum tíma búið að gera þá breytingu að draga úr TA-flutningum í samkeppni við Eimskip og beina þess í stað Norður-Ameríku flutningum sínum til Eimskips. Kvað (S)frkvstj-N-Am þessa breytingu ekki hafa verið ábatasama fyrir Samskip í Norður-Ameríku en „*hagur heildarinnar*“ hafi ráðið „*för*“. Var þetta í fullu samræmi við viðkomandi verkþátt í „*Nýtt upphaf*“ verkefninu og tölvupóst (E)forstj frá 27. júní 2008, sbr. einnig minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008. Sýnir þetta framkvæmd á þessum þætti hins ólögmeta samráðs.

4461. Framangreindur tölvupóstur undirmanns (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-flutnstj, til (E)frkvstj-flutnkerf frá 20. júní 2008 staðfestir einnig að vinna var hafinn við þann hluta „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins sem tók til sjóflutninga til og frá Íslandi. Sem áður segir var (S)frkvstj-millilandasv á þessum tíma í sumarfrí en (S)forstö-flutnstj forstöðumaður deildar sem bar ábyrgð á flutningastjórn í siglingakerfi Samskipa. Í tölvupóstinum vísaði (S)forstö-flutnstj til samtals við (E)frkvstj-flutnkerf deginum á undan. Jafnframt sagði þar að Samskip hafi flutt fyrir Eimskip á annan tug gáma til Vestmannaeyja. Áttu Samskip og Eimskip þannig í samskiptum um flutninga Samskipa fyrir Eimskip tengdum Vestmannaeyjum. Horfa ber til þess að samkvæmt glærunum sem (E)forstj vistaði 9. júní 2008 tók „*Nýtt upphaf*“ verkefnið m.a. til þess að skoða kosti þess að draga úr flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi og „*skiptingu á höfnum*“. Var í þessu sambandi sérstaklega vísað til Vestmannaeyja sem viðkomuhafnar sem féll undir verkefni fyrirtækjanna um aukið samstarf.
4462. Ljóst er að útflutningur á sjávarafurðum voru þýðingarmestu viðskiptin sem tengdust Vestmannaeyjum. (S)forstö-útfl, sem bar ábyrgð á útflutningi hjá Samskipum, fékk sent afrit af tölvupósti (S)forstö-flutnstj til (E)frkvstj-flutnkerf. (E)forstö-útfl bar ábyrgð á útflutningi hjá Eimskip. Sendi hann 1. júlí 2008 tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl með heitið „*Vestmannaeyjar*“. Í tölvupóstinum sagði (E)forstö-útfl að skjalið væri sent í „*framhaldi af fundi okkar*“ og komu þar fram upplýsingar um tekjur Eimskips af flutningaþjónustu tengdri Vestmannaeyjum. Sagði (E)forstö-útfl í tölvupóstinum að tekjurnar væru hærri „*en menn hafa verið að gera sér grein fyrir í umræðunni*“. (E)frkvstj-flutnkerf framsendi 9. júlí 2008 þennan tölvupóst (E)forstö-útfl til (E)forstj og tók fram að honum væri „*mjög illa við að láta þetta eftir*“, þ.e. að (E)frkvstj-flutnkerf væri mjög illa við að Eimskip myndi verða af þessum tekjum með því að hætta siglingum tengdum Vestmannaeyjum. Hér skiptir einnig máli að þann 8. júlí 2008 hafði (S)frkvstj-millilandasv vistað minnisblað, dagsett 9. júlí 2008, þar sem fram kom sú tillaga að flutningum Eimskips frá Vestmannaeyjum yrði „*sinnt með slot-samningi við Samskip*“, þ.e. að Eimskip hætti að sigla frá Vestmannaeyjum en keypti rými í skipi Samskipa. Saman sýnir þetta viðræður fyrirtækjanna um mögulega „*skiptingu*“ á flutningum tengdum Vestmannaeyjum.
4463. Samkvæmt framansögðu höfðu stjórnendur Samskipa og Eimskips átt í júní og byrjun júlí 2008 í samskiptum um málefni sem tengdust verkþættinum „*Slotsamningar í siglingakerfinu*“ í „*Nýtt upphaf*“ verkefninu. Fóru þau sem fyrr segir gegn 10. gr. samkeppnislaga.
4464. Framkvæmdastjórar landflutninga, (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl, funduðu sem fyrr segir 4. júlí 2008. Ljóst er að á þeim fundi var a.m.k. rætt um aukið samstarf Samskipa og Eimskips í landflutningum. Horfa ber m.a. til þess að daginn fyrir fundinn, þann 3. júlí 2008, bað (E)frkvstj-innanl lögmann Eimskips um senda til sín drög að samningi milli Eimskips og Samskipa frá árinu 2006. Í drögunum var fjallað um umfangsmikið samstarf Samskipa og Eimskips í landflutningum. Á þessum fundi Samskipa og Eimskips var því fjallað um þann verkþátt „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins sem varðaði aukið samstarf í landflutningum. Það verkefni hafði að markmiði að raska samkeppni í skilningi samkeppnislaga. Þessi samskipti Samskipa og Eimskips fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga.



4465. Samkvæmt framansögðu verður ráðið af samtímagögnum að eftir fundinn 6. júní 2008 og til og með 4. júlí 2008 áttu sér stað samskipti milli stjórnenda Samskipa og Eimskips sem báru ábyrgð á fjórum af fimm verkþáttum sem féll undir „Nýtt upphaf“ verkefnið.²¹⁷⁵
4466. Saman sýna gögn málsins að megintilgangur þessara samskipta var að hrinda af stað og vinna að verkefni Samskipa og Eimskips sem hafði það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Sem fyrr segir fólu þessi samskipti því í sér ólögmetar samstilltar aðgerðir.

11.6.5. Samhliða unnið að verðhækkunum og auknu samstarfi

4467. Samtímagögn frá 6. júní til og með 4. júlí 2008 gefa ekki aðeins til kynna að Samskip og Eimskip hafi aukið samráð fyrirtækjanna með samskiptum stjórnenda í tengslum við „Nýtt upphaf“ verkefnið heldur hafi fyrirtækin samhliða hafið aðgerðir í því skyni að að halda uppi eða hækka verð.
4468. Í framangreindum tölvupósti (E)forstj til (E)frkvstj-flutnkerf frá 27. júní 2008 kemur fram skýr vilji til að hækka verð á Norður-Ameríku flutningum og skoða almenna verðhækkun. Tölvupóstur sem (S)aðaleig-stjform-SH sendi (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl stuttu síðar, 3. júlí 2008, gefur til kynna undirbúning Samskipa að því að hækka verð á bæði sjó- og landflutningum.
4469. Sýnir þetta að stjórnendur Samskipa og Eimskips unnu á sama tíma að annars vegar verðhækkunum og hins vegar verkþáttum sem féllu undir „Nýtt upphaf“-verkefnið. Þessi samhliða vinna átti síðan eftir að aukast umtalsvert. Atvik 7. og 8. júlí 2008 eru skýrt dæmi um þetta:

7. júlí 2008:

- Sem fyrr sagði hafði (S)frkvstj-innanl hitt (E)frkvstj-innanl föstudaginn 4. júlí 2008. Fyrir hádegi mánudaginn 7. júlí 2008 vistaði (S)forstö-landfl (undirmaður (S)frkvstj-innanl og forstöðumaður landflutninga) skjal þar sem annars vegar var fjallað um aukið samstarf við Eimskip í landflutningum og hins vegar um hækkun á verði á þeirri þjónustu.
- Þann 7. júlí 2008 vistaði (S)frkvstj-millilandasv (framkvæmdastjóri millilandasviðs og ábyrgðarmaður á siglingakerfi Samskipa) tvö skjöl:
 - Excel-skjal þar sem var að finna nákvæmar upplýsingar um m.a. flutningsgetu skipa Samskipa og Eimskips fyrir árið 2007 og fyrri hluta 2008. Var einnig stillt upp mögulegri flutningsgetu markaðarins með hinum ýmsu útfærslum.
 - Minnisblað sem var dagsett 7. júlí 2008 með titilinn „Siglingakerfi“. Þar koma fram tillögur Samskipa til Eimskips um víðtækt aukið samstarf fyrirtækjanna tengdu sjóflutningum, þ.e. takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum, gerð slotsamninga og markaðsskiptingu. Í minnisblaðinu er m.a. lagt til að Samskip taki að sér flutninga vegna Vestmannaeyja og Eimskip taki að sér flutninga vegna Grundartanga. Jafnframt er þar lagt til að Samskip flytji meira með Eimskip til og frá Norður-Ameríku gegn því að Eimskip flytji meira með Samskipum milli Íslands og annarra Evrópuríkja.
 - Þessi skjöl (S)frkvstj-millilandasv eru í beinu samræmi við viðfangsefnin sem féllu undir verkþáttinn „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í glærुकyningunni um „Verkefnið Nýtt upphaf“. Þar kemur m.a. fram að gera eigi „greiningu á skipanýtingum“ og að „[e]ndurskoða siglingakerfi félaganna með það að leiðarljósi að lágmarka kostnað“ með m.a. „[f]ækkun / smækkun skipa“ í tengslum við mat á ávinningi við að Eimskip og Samskip skipti með sér slottum/höfnum.

²¹⁷⁵ Samhengisins vegna verður að taka hér fram að fimmti verkþátturinn í „Nýtt upphaf“ verkefninu (þ.e. „samstarf í skipaafgreiðslu“) verkefninu fór hægar af stað en aðrir þættir verkefnisins. [...].



- Þann 7. júlí 2008 fundaði (E)forstj með (E)frkvstj-flutnkerf þar sem lagt var á ráðin um verðhækkun hjá Eimskip. Innan fyrirtækisins var sama dag rætt um að „vinna væri í gangi varðandi endurskoðun á siglingakerfinu.“
- (E)forstö-innfl sendi fundarboð 7. júlí 2008 til (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-innanl og (E)forstö-útfli . Á fundinum var fjallað um mögulegar alhliða verðhækkanir, m.a. á landflutningum og á sjóflutningi til og frá Íslandi. Samkvæmt fundargerð Eimskips frá sama degi fjölluðu stjórnendur (þ.á m. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-útfli , (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-skiparekst, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-innanl) um endurskoðun á siglingakerfi fyrirtækisins.
- Eftir hádegi 7. júlí 2008 fjallaði (S)aðaleig-stjform-SH á stjórnarfundum Samskipa hf. á Íslandi annars vegar um fyrirhugaðar verðhækkanir gagnvart viðskiptavinum og hins vegar um atriði sem fram höfðu komið í framangreindum skjölum (S)frkvstj-millilandasv og tengdust siglingakerfum Eimskips og Samskipa og „Nýtt upphaf“ verkefninu.

8. júlí 2008:

- Að morgni þessa dags fékk (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst frá (S)frkvstj-Silver framkvæmdastjóra dótturfélags Samskipa í Noregi, Silver Sea. Mögulegt samstarf/sameining Silver Sea og Eimskip-CTG kom fram eins og áður segir í glærुकynningunni sem lýsti „Nýtt upphaf“ verkefninu. Tölvupósturinn gefur til kynna að (S)frkvstj-Silver hafi vitað að til stæði að Eimskip og Samskip myndu hittast eða hafa samskipti í júlí 2008 vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins.
- Í hádeginu sendi (E)frkvstj-innanl undirmönnum sínum tölvupóst og fól þeim að vinna að verðhækkun á landflutningaþjónustu og á þjónustugjöldum á Íslandi. Stuttu áður hafði (E)forstö-innfl boðað aðra stjórnendur Eimskips, þ.á m. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-útfli og (E)frkvstj-innanl, á fund viku síðar til að ræða verðhækkun í sjóflutningi og þjónustugjöldum til og frá Íslandi.
- Klukkan 13:44 þann 8. júlí 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv og gaf fyrirmæli um að vinna að hækkun á sjó- og landflutningum og tengdum gjöldum. Gaf (S)aðaleig-stjform-SH einnig fyrirmæli um undirbúning að verðhækkun gagnvart stórum viðskiptavinum, Alcoa, sem var með áframleiðslu á Reyðarfirði og einn umfangsmesti kaupandi á flutningsþjónustu hér á landi á rannsóknartímabilinu. Var þannig um að ræða undirbúning Samskipa að verðhækkun á nokkra mánaða gömlum samningi sem Samskip höfðu gert við Alcoa sem tók til alls útflutnings á áli Alcoa frá Reyðarfirði til Evrópu.
- Klukkan 14:23 sama dag sendi (S)frkvstj-millilandasv með tölvupósti til (S)aðaleig-stjform-SH nýja útgáfu af umræddu minnisblaði („Siglingakerfi“) sem hann hafði vistað deginum á undan sbr. umfjöllun hér að framan. Uppsetning hafði verið lagfærð og umfjöllun í skjalinu hafði verið stytta. Að öðru leyti var skjalið efnislega eins og í því voru áfram sömu tillögur um stórfellt samráð Eimskips og Samskipa í siglingum til og frá Íslandi. Þessi nýja útgáfa var ekki dags. 8. heldur 9. júlí 2008. Saman gefur tölvupóstur (S)frkvstj-millilandasv og ný útgáfa minnisblaðsins til kynna að (S)aðaleig-stjform-SH hafi þekkt umfjöllunarefni minnisblaðsins og að (S)frkvstj-millilandasv væri að fullvissa sig um að (S)aðaleig-stjform-SH væri sáttur við efni þess áður en það færi í frekari dreifingu.

4470. Framangreind atvik sýna með skýrum hætti að í kjölfar samskipta stjórnenda Samskipa og Eimskips 6. júní 2008 unnu fyrirtækin samhlíða að hækkun á verði á sjó- og landflutningaþjónustu og verkþáttum sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið og miðuðu að því að draga úr samkeppni á flutningamarkaði. Var þetta viðvarandi það sem eftir lifði ársins og áfram.

11.6.6. Viðræður Eimskips og Samskipa í viku 28 2008 (líklegast 9. júlí)

4471. Framangreind minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008 („Siglingakerfi“), hafa hér talsverða þýðingu. Fyrir það fyrsta sýnir réttarframkvæmd í samkeppnisrétti að gögn af þessum toga



geta haft sönnunargildi jafnvel þótt það liggi ekki fyrir sönnun um að þeim hafi verið dreift eða efni þeirra rætt á fundum keppinauta. Reynslulögmál sýna að keppinautar myndu sjaldnast undirbúa samkeppnishamlandi tillögur eða viðræður nema fyrir hendi væri viss sameiginlegur skilningur á milli þeirra. Tilvísun til t.d. markaðsskiptingar í slíkum gögnum gefur vísbendingu um að hún sé fyrir hendi eða að keppinautar séu sameiginlega að undirbúa slíka skiptingu. Slík gögn geta því stutt við niðurstöðu um ólögmætt samráð, sbr. kafla 4.7.6.3. Minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv hafa hins vegar aukna þýðingu þar sem samtímagögn sýna að Samskip og Eimskip hafi rætt tillögurnar í minnisblöðum (S)frkvstj-millilandasv.

4472. Hér skiptir máli að skýr og bein tengsl voru milli annars vegar þess sem kemur fram í glærunum með yfirskriftinni „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í glærukynningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið og hins vegar þess sem fjallað er um í minnisblöðum (S)frkvstj-millilandasv. Umræddar glæsur gefa m.a. til kynna að Samskip og Eimskip ætluðu að ræða um mögulega markaðsskiptingu vegna flutninga tengdum Vestmannaeyjum og að Samskip myndu draga úr TA-flutningum í samkeppni við Eimskip og flytja meira með Eimskip í Norður-Ameríku flutningum. Skoðun á þessum hugmyndum endurspeglast síðan í tölvupósti (E)forstj til (E)frkvstj-flutnkerf 27. júní 2008 (Samskip draga úr TA-flutningum og flytja meira með Eimskip) og tölvupósti (E)forstö-útfl til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl 1. júlí 2008 sem bar heitið „Vestmannaeyjar“ (athugun á fjárhagslegum áhrifum þess að Eimskip myndi hætta að sigla til/frá Vestmannaeyjum). Í minnisblöðum (S)frkvstj-millilandasv nokkrum dögum síðar eru síðan settar fram útfærðar tillögur sem tengjast Vestmannaeyjum, Norður-Ameríku flutningum og öðrum atriðum sem falla undir þann verkþátt þar sem nefndur var „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í umræddri glærukynningu sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní og (E)forstj daginn eftir.
4473. (S)frkvstj-millilandasv útbjó lokaútgáfu minnisblaðsins 8. júlí 2008 en dagsetti þá útgáfu 9. júlí 2008. Tölvupóstur (S)frkvstj-millilandasv til (S)aðaleig-stjform-SH 8. júlí 2008 gefur til kynna að frekari dreifingu á minnisblaðinu sem dagsett var daginn eftir. Gögn málsins, sér í lagi dagsetningar á minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv og tölvupósturinn til (S)aðaleig-stjform-SH, gefa til kynna að sú dreifing hafi átt að eiga sér stað daginn eftir. Þann dag, þ.e. 9. júlí 2008, sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (E)forstj. Framsendi hann til (E)forstj framangreindan tölvupóst (E)forstö-útfl frá 1. júlí 2008 („Vestmannaeyjar“) um tekjur Eimskips tengdar höfninni í Vestmannaeyjum. Tók (E)frkvstj-flutnkerf jafnframt fram að honum væri illa við að Eimskip myndi verða af þessum tekjum með því að hætta þessari starfsemi tengdri Vestmannaeyjum. Í þessu fólst að (E)frkvstj-flutnkerf hafi ekki verið hrifinn að framgreindri hugmynd um að Eimskip hætti siglingum tengdum Vestmannaeyjum og Samskip myndu taka yfir flutninga tengdri þeirri höfn. Varaði (E)frkvstj-flutnkerf þannig við hugmynd eða tillögu sem var að finna í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv sem dagsett var sama dag. Gögn frá 14. júlí 2008 skipta og máli:
- *Annars vegar* ber fundargerð vegna stjórnarfundar Samskipa Holding 14. júlí 2008 með sér að viðræður hafi átt sér stað við Eimskip um m.a. atriði sem féllu undir verkþáttinn „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í „Nýtt upphaf“ verkefniinu.
 - *Hins vegar* sýnir tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstj frá 14. júlí 2008 að (E)frkvstj-flutnkerf ræddi við (S)frkvstj-millilandasv í „síðustu viku“ (þ.e. vika 28 (7.-13. júlí 2008)).
4474. Þá ber að líta til þess að Samskip, (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv hafa við rannsóknina ekki sett fram neinar trúverðugar skýringar sem gefa til kynna að minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv hafi ekki tengst ólögmætu samráði við Eimskip. Sem dæmi má nefna að Samskip staðhæfa að minnisblað (S)frkvstj-millilandasv frá 7. júlí 2008 hafi verið „ófullbúið innanhúsgagn“ eða „drög að minnisblaði“ þar sem aðeins hafi verið dregin upp „fræðileg sviðsmynd“ af hagkvæmasta heildarflutningakerfi fyrir íslenskt samfélag. Engin samskipti við Eimskip vegna þess hafi átt sér stað. Samskip fjalla hins vegar ekki um að (S)frkvstj-millilandasv vistaði nýja og endurbætta útgáfu minnisblaðsins 8. júlí 2008 og sendi (S)aðaleig-stjform-SH sama dag. Sú útgáfa af minnisblaðinu var sem fyrr segir dagsett daginn eftir, þ.e. 9. júlí 2008.



4475. Þá er kjarnaatriði hér að efnistöð í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv eru í efnislegu samræmi við þann verkþátt sem Eimskip og Samskip höfðu ákveðið að ráðast í samkvæmt glærukynningunni sem fannst í tölvugögnum Eimskips mánuði áður. Samtímagögnum fyrirtækjanna ber þannig fyllilega saman og sýnir framgang ólögmetra aðgerða fyrirtækjanna á þessum tíma.
4476. Verður því að draga þá ályktun að minnisblað (S)frkvstj-millilandasv hafi tengst framvindu á auknu samráði fyrirtækjanna, ásamt því að gögnin metin heildstætt sýna að Samskip og Eimskip hafi rætt samráðstillögurnar í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv. Er líklegast að þau samskipti hafi átt sér stað sama dag og lokaútgáfa minnisblaðsins var dagsett og (E)frkvstj-flutnkerf setti fram áhyggjur sínar vegna Vestmannaeyja gagnvart (E)forstj, þ.e. í kringum 9. júlí 2008. Er líklegast að þetta samtal eða fundur Samskipa og Eimskips hafi átt sér 9. júlí 2008 og að fulltrúar fyrirtækjanna hafi verið (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutnkerf. Mögulega hafi (S)aðaleig-stjform-SH og (E)forstj einnig tekið þátt í þessum samskiptum. Í samkeppnisrétti nægir að sýna fram á að samskipti hafi átt sér stað milli fyrirtækja og þarf ekki að sýna fram á hvaða stjórnendur hafi komið að þeim. Í málinu liggur skýrt fyrir að samskipti fyrirtækjanna áttu sér stað í viku 28 á árinu 2008.
4477. Tilgangur fyrrgreindra samskipta var að vinna að verkefni fyrirtækjanna sem hafði það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Var þessi háttsemi hluti af ólögmetum samstilltum aðgerðum fyrirtækjanna sem gripið var til eftir fund stjórnarformanna og forstjóra þeirra þann 6. júní 2008.
4478. Tveimur dögum eftir að (S)frkvstj-millilandasv sendi minnisblaðið til (S)aðaleig-stjform-SH, eða þann 11. júlí 2008, sendi (S)forstö-útfli tölvupóst til undirmanns hjá Samskipum. Bað hann um athugun á hækkun verðs Samskipa gagnvart Alcoa. Þar sagði (S)forstö-útfli að miða ætti við allar „hugsanlegar tekjur er við getum kreist út úr þessu“. Einnig bað (S)forstö-útfli um athugun á því hvaða áhrif það hefði á gámanotkun Samskipa ef gámar Samskipa vegna Alcoa færu fjórum sinnum á ári með skipum Eimskips. Hafa ber hér í huga að kvöldið fyrir fund (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 25. júlí 2008 fékk (S)aðaleig-stjform-SH send skjöl frá undirmanni (S)frkvstj-millilandasv þar sem fjallað var um mögulega mun umfangsmeiri samvinnu við Eimskip varðandi flutninga fyrir Alcoa ef Samskip myndu breyta siglingakerfi sínu og takmarka flutningsgetu.

11.6.7. 14. júlí 2008: Vísað til viðræðna og fyrirhugaðra viðræðna við Eimskip

4479. Fundargerð vegna fundar stjórnar Samskipa Holding 14. júlí 2008 staðfestir að viðræður höfðu átt sér stað við Eimskip um verkþætti sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið, annars vegar um sjóflutninga til og frá Íslandi og hins vegar „short sea“ þjónustu. Kemur og fram í fundargerðinni að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH ætli að ræða aftur við Eimskip.
4480. Við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýstu hvorki Samskip né Eimskip um þessi samskipti sem samkvæmt fundargerð Samskipa Holding höfðu þegar átt sér stað. Voru því ekki afhentar fundargerðir, minnispunktar eða önnur samtímagögn sem gefa til kynna umræðuefni í þessum samskiptum fyrirtækjanna. Í athugasemdum Samskipa koma ekki fram neinar trúverðugar skýringar til stuðnings því að umrætt gagn gefi ekki til kynna ólögmett samráð Samskipa og Eimskips.
4481. Á stjórnarfundinum 14. júlí 2008 hélt (S)aðaleig-stjform-SH glærukynningu. Þar gerði (S)aðaleig-stjform-SH grein fyrir fyrirætlunum um miklar verðhækkanir Samskipa hf. á Íslandi (m.a. um að auka tekjur fyrirtækisins vegna olíugjalds, BAF). Jafnframt fjallaði (S)aðaleig-stjform-SH um tillögurnar sem komu fram í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv, dags. 9. júlí 2008, og lúta að auknu samstarfi við Eimskip tengdu takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningi og skiptingu á mörkuðum.
4482. Sama dag, 14. júlí 2008, sátu m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-útfli og (E)forstö-innfl tvo fundi innan Eimskips. Á öðrum þeirra var fjallað um víðtækar verðhækkanir og á hinum var umfjöllunarefnið breytingar á siglingakerfinu.



4483. Daginn eftir, 15. júlí 2008, var aftur haldinn fundur hjá stjórnendum Eimskips. Þar voru mættir m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-skiparekst. Samkvæmt fundargerð var þar m.a. fjallað um að (E)forstö-innfl væri að greina og undirbúa verðbreytingar gagnvart stærstu viðskiptavinum Eimskips í innflutningi. Á fundinum var einnig fjallað um tillögu (E)frkvstj-flutnkerf um að skoða strax að Eimskip myndi takmarka flutningsgetu verulega í flutningum til Íslands.
4484. Fyrir liggur því að sömu daga og Samskip unnu að og fjölluðu um breytingar á siglingakerfum og samráð við Eimskip sem tengdust þeim, var hjá Eimskip sömuleiðis teknar saman upplýsingar, unnið að og fjallað um breytingar á siglingakerfum, þ.e. dagana 7.-8. og 14. júlí 2008. Sömu daga var einnig unnið að verulegum verðhækkunum hjá báðum fyrirtækjunum. Þetta mynstur hélt áfram næstu daga og vikur og á þetta raunar við í aðalatriðum um atvik á síðari hluta árs 2008.
4485. Framangreind atvik frá júlí 2008 sýna með skýrum hætti að í kjölfar samskipta stjórnenda Samskipa og Eimskips var innan fyrirtækjanna unnið samhliða að hækkun á verði og unnið að og átt í samskiptum um verkefni sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið sem hafði að markmiði að draga úr samkeppni í flutningastarfsemi þeirra.

11.6.8. Samtöl 21. og 22. júlí 2008

4486. Eins og rifjað verður upp hér á eftir funduðu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 25. júlí 2008.
4487. Til stóð að þessi fundur (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip yrði 23. júlí 2008. Gögn málsins sýna vinnu í aðdraganda hans hjá báðum fyrirtækjunum varðandi annars vegar hækkun á verði og hins vegar atriði sem falla undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Einnig áttu sér stað samskipti milli fyrirtækjanna í aðdraganda þessa fundar:
- (S)aðaleig-stjform-SH hafði þann 21. júlí 2008 samband við Eimskip til að breyta fundartímanum, fundurinn yrði 25. júlí í stað 23. sama mánaðar.
 - (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj funduðu þann 22. júlí 2008. Efni fundarins var „Siglingakerfi“. Sama dag funduðu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv með (S)forstö-innfl1 til þess að ræða víðtækar verðhækkanir gagnvart viðskiptavinum.
 - (E)forstj, (E)frkvstj-alþjsv, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-markaðs funduðu 22. júlí 2008 til þess að ræða m.a. „breytingar á siglingakerfi“. (E)frkvstj-flutnkerf fundaði með undirmönnum sama dag til þess að ræða verðhækkun á Norður-Ameríku flutningum.
4488. Til viðbótar liggur fyrir að (S)forstö-innfl1 ræddi við (E)forstö-innfl 22. júlí 2008. (S)forstö-innfl1 sendi sama dag tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og upplýsti hann um þetta samtal við (E)forstö-innfl. Sýnir sá tölvupóstur að tilgangur þessara samskipta hafi a.m.k. verið að skipuleggja fund fyrirtækjanna. Var þetta fundur þar sem ræða átti málefni sem féllu undir verkþáttinn „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Ber hér að hafa m.a. eftirfarandi atvik í huga að:
- 14. júlí 2008 sat (E)forstö-innfl fund með m.a. (E)frkvstj-flutnkerf þar sem rætt var um almennar verðhækkanir.
 - 15. júlí 2008 var greint frá því innan Eimskips að (E)forstö-innfl ynni að verðhækkunum gagnvart stærstu viðskiptavinum Eimskips í innflutningi.
 - Þann 21. júlí 2008 ræddu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv við (S)forstö-innfl1 um víðtækar verðhækkanir gagnvart viðskiptavinum.



4489. Framangreind gögn frá júlí 2008 sýna með skýrum hætti að stjórnendur Samskipa og Eimskips unnu á sama tíma að annars vegar verðhækkunum og hins vegar verkþáttum sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið.
4490. Þar sem „Nýtt upphaf“ verkefnið hafði að markmiði að raska samkeppni í skilningi samkeppnislaga fóru öll samskipti milli Samskipa og Eimskips þar sem unnið var eða rætt var um einstaka verkþætti í verkefninu gegn 10. gr. laganna. Á það meðal annars við fyrrgreind samskipti (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstö-innfl1 við Eimskip 21. og 22. júlí 2008.

11.6.9. Samtöl 24. júlí 2008

4491. Þann 22. júlí 2008 bárust (S)aðaleig-stjform-SH skilaboð frá (S)aðaleig-stjform-SH um að (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig biðu eftir „update“ vegna fyrirhugaðs fundar með Eimskip.
4492. Þann 24. júlí 2008, daginn fyrir fund Samskipa og Eimskips, sendi (S)frkvstj-MCL tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH. Gerði (S)frkvstj-MCL grein fyrir samtali sínu við (E)frkvstj-Contain fyrr sama dag.
4493. Sem fyrr segir skipulagði (S)aðaleig-stjform-SH þann 10. júní 2008 fund (S)frkvstj-MCL með (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain og átti sá fundur sér stað 23. júní 2008. (E)frkvstj-alþjsv staðfesti þetta við skýrslutöku hjá lögreglu greindi frá því að frekari viðræður hefðu átt sér stað milli (E)frkvstj-Contain og (S)frkvstj-MCL um mögulegt samstarf Samskipa og Eimskips í „short sea“ flutningum. Er þessi samskipti staðfest í framangreindum tölvupósti (S)frkvstj-MCL frá 24. júlí 2008 og staðfestir hann jafnframt áframhaldandi viðræður fyrirtækjanna um verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu.
4494. Þá er í umræddum tölvupósti (S)frkvstj-MCL frá 24. júlí 2008 vísað til viðræðna (S)aðaleig-stjform-SH við Eimskip.
4495. Til viðbótar var (S)frkvstj-MCL ljóst að til stóð fundur Samskipa með Eimskip:
„[(S)aðaleig-stjform-SH], I would appreciate to have a brief talk with you prior to your meeting with Eimskip. Please call me at your convenience.“
4496. Umræddir stjórnendur Samskipa báru ábyrgð gagnvart (S)aðaleig-stjform-SH á þeirri starfsemi Samskipa sem féll undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. (S)forstj-frystig bar ábyrgð m.a. á frystigeymslurekstri í Hollandi, (S)frkvstj-MCL á „short sea“ siglingum í Evrópu og (S)aðaleig-stjform-SH á sjóflutningum til og frá Íslandi og á landflutningum og skipafgreiðslu hér á landi. Framangreind atvik gefa eindregið til kynna að ræða átti framgang „Nýtt upphaf“ verkefnisins á fundinum 25. júlí 2008. Skjölín sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk send um kvöldið 24. júlí 2008 sýna þetta einnig.
4497. Tölvupóstur sem (E)frkvstj-flutnkerf sendi til (S)frkvstj-JónaM síðdegis 24. júlí 2008 tengdist einnig „Nýtt upphaf“ verkefninu. Kom fram í tölvupóstinum að (S)frkvstj-JónaM hafi reynt að ná í (E)frkvstj-flutnkerf og hann hringt til baka en það hafi alltaf verið á tali hjá (S)frkvstj-JónaM. (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-JónaM ræddu saman í kjölfarið og í athugasemdum Samskipa við AI er sagt að samtalið hafi tengst „framkvæmd flutningasamningsins við Alcoa“. Segja Samskip að þar sem Eimskip hafi séð um skipaafgreiðslu fyrir Alcoa á Reyðarfirði hafi „eðlilega“ verið regluleg samskipti milli fyrirtækjanna. Samkeppniseftirlitið getur fallist á þessi samskipti hafi varðað flutninga fyrir Alcoa en að öðru leyti eru skýringar Samskipa ótrúverðugar. Skipaafgreiðsla Eimskips á Reyðarfirði féll ekki undir ábyrgðasvið (E)frkvstj-flutnkerf. Það gerði hins vegar siglingakerfið og virða ber þessi samskipti í samhengi við skjölín sem undirmaður (S)frkvstj-millilandasv sendi (S)aðaleig-stjform-SH um kvöldið sama dag þar sem settar voru fram m.a. tillögur um aðkomu Eimskips að flutningum Samskipa fyrir Alcoa í tengslum við fyrirhugaða takmörkun á flutningsgetu Samskipa. Telur Samkeppniseftirlitið að þessi samskipti (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-JónaM hafi tengst þessum verkþætti samráðsins.



4498. Ljóst er því að 24. júlí 2008 áttu sér stað samskipti milli Samskipa og Eimskips sem vörðuðu framkvæmd á „Nýtt upphaf“ verkefninu og fóru þau gegn 10. gr. samkeppnislaga.

11.7. Fundur stjórnarformanna 25. júlí 2008

4499. Fundur (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)stjform og (E)forstj 6. júní 2008 var haldinn í húsakynnum Kjalars á Suðurlandsbraut 18. Eins og fram kom á fundi stjórnar Samskipa Holding 14. júlí 2008 ætluðu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH að hitta Eimskip aftur.

4500. (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH funduðu aftur með Eimskip þann 25. júlí 2008 og var sá fundur einnig haldinn í húsakynnum Kjalars á Suðurlandsbraut 18. Fyrir liggur að (E)stjform sat fundinn af hálfu Eimskips. Samkeppniseftirlitið telur allar líkur á því að (E)forstj hafi einnig setið fundinn.

4501. Á fundi stjórnar Samskipa Holding 14. júlí 2008 var sem fyrr segir vísað til þess að þegar væru hafnar viðræður við Eimskip um þann þátt „Nýtt upphafs“ verkefnisins sem laut að auknu samráði í flutningum til og frá Íslandi („Slotsamningar í siglingakerfinu“). Ljóst er slíkar viðræður höfðu átt sér stað a.m.k. 19. júní ((E)frkvstj-flutnkerf og (S)forstö-flutnstj), 25. júní ((E)forstj og (S)frkvstj-N-Am), 3. júlí (þá vísaði (E)frkvstj-flutnkerf í viðræðna við Samskip) og 9. júlí 2008 (líklegast þennan dag milli (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv).

4502. Í fundargerðinni vegna fundar Samskipa Holding 14. júlí 2008 kom einnig fram eins og áður segir að halda ætti áfram viðræðunum við Eimskip. Í kjölfarið var undirbúið að framkvæmdastjórnir sem báru ábyrgð á siglingakerfunum og forstöðumenn innflutningsdeilda myndu funda sem fyrst, sbr. framangreindar viðræður (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl 22. júlí 2008. Til viðbótar sýna skjölin sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk send um kvöldið 24. júlí 2008 að á fundinum með Eimskip morguninn eftir átti einnig að ræða aukið samstarf í sjóflutningum til og frá Íslandi. Um var að ræða skjöl sem undirmaður (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-flutnstj, sendi til (S)aðaleig-stjform-SH og gefa þau ótvírætt til kynna undirbúning fyrir viðræður um þetta efni við Eimskip morguninn eftir. Sem fyrr segir hafði (S)forstö-flutnstj setið fundinn 22. júlí 2008 með (S)frkvstj-millilandasv og (S)aðaleig-stjform-SH til ræða breytingar á siglingakerfinu og hafði í fjarveru (S)frkvstj-millilandasv átt í samskiptum við (E)frkvstj-flutnkerf 19. og 20. júní 2008.

4503. Samtímagögn Eimskips sýna sömuleiðis að á þessum tíma var unnið að aðgerðum sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið, m.a. vegna siglingakerfa. Þannig undirbjó fyrirtækið á þessum tíma breytingar á siglingakerfinu og takmörkun flutningsgetu en þeim var hrint í framkvæmd í ágúst 2008. Upplýsingar um þessi áform Eimskips voru þann 24. júlí 2008 háðar trúnaði enda óhjákvæmilega um viðkvæmt samkeppnislegt málefni að ræða.

4504. Framangreind skjöl sem send voru (S)aðaleig-stjform-SH kvöldið 24. júlí 2008 sýna að Samskip bjuggu yfir trúnaðarupplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi Eimskips og takmörkun á flutningsgetu. Samskonar atburðarrás átti sér stað þegar Samskip breyttu siglingakerfi sínu og takmörkuðu flutningsgetu í lok október 2008. Sýna samtímagögnin að Eimskip bjó yfir trúnaðarupplýsingum um breytingu Samskipa áður en hún var gerð opinber. Er þetta hvort tveggja í samræmi við hið ólögmeta samráð sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi eftir fundinn 6. júní 2008.

4505. Í þessum skjölum sem send voru (S)aðaleig-stjform-SH kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008 var einnig finna umfjöllun um siglingakerfi Eimskips og Samskipa og áform um víðtækt ólögmaett samstarf við Eimskip; takmörkun á framboði í flutningsgetu og markaðsskiptingu. Var til dæmis fjallað um fjárhagsleg áhrif þess ef Eimskip tæki að sér, vegna takmörkunar á flutningsgetu Samskipa, að flytja „fyrir Samskip“ hluta af álflutningi Alcoa til Evrópu. Einnig var m.a. vísað til þess að Eimskip hætti flutningum tengdum Vestmannaeyjum og Samskip myndi annast flutninga um þá höfn fyrir Eimskip. Var þannig fjallað um atriði sem fram höfðu komið, beint eða óbeint, í (1) glærुकynningunni sem (E)frkvstj-albjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir, (2) tölvupóstum (E)forstö-útfl og



- (E)frkvstj-flutnkerf frá 1. og 9. júlí 2008 og (3) minnisblöðum (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008. Virt saman gefa þessi gögn skýrt til kynna sameiginleg viðfangsefni Samskipa og Eimskips á þessum tíma tengd sjóflutningum og að þetta hafi átt að ræða áfram á fundinum 25. júlí 2008.
4506. Árla morguns 25. júlí 2008, og stuttu áður en fundur (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip hófst, sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og vísaði til fyrri umræðu þeirra daginn áður um að það væri „útlit“ fyrir umtalsverða magnminnkun í innflutningi. Þar fjallaði (S)aðaleig-stjform-SH um hvaða möguleikar væru í stöðunni m.a. varðandi siglingakerfi, takmörkun á flutningsgetu og verðhækkningar. Það hann (S)frkvstj-millilandasv að hafa þetta sem „algjört trúnaðarmál“ milli þeirra tveggja og á næstu dögum þyrfti að taka ákvörðun um hvaða „kúrs ætti að taka“.
4507. Fundur (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip var bókaður milli kl. 08:30 – 10:00 þann 25. júlí 2008. Var hann sem fyrr segir haldinn í húsnæði Kjalars á Suðurlandsbraut 18. (S)stjform-S var framkvæmdastjóri Kjalars og náinn samstarfsmaður (S)aðaleig-stjform-SH. Hann var einnig formaður stjórnar Samskipa hf. og sat í stjórn Samskipa Holding. Dagbók (S)stjform-S sýnir að skömmu eftir að fundinum með Eimskip lauk (kl. 10:30) ræddu hann og (S)aðaleig-stjform-SH um „New beginning“. Leikur enginn vafi um að á þessum fundi hafi (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S rætt það sem fram fór á „Nýtt upphaf“ fundinum með Eimskip sem þá var nýlokið. Átti sér stað samskonar atburðarrás eftir fundinn með Eimskip 6. júní 2008. Sýna gögnin að strax eftir þann fund fyrirtækjanna funduðu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH með (S)stjform-S og allar líkur til þess að á þeim fundi hafi a.m.k. verið fjallað um niðurstöðu fundarins með Eimskip 6. júní 2008.
4508. Um leið og fundinum með Eimskip lauk 25. júlí 2008 hitti (S)aðaleig-stjform-SH þá undirmenn sína sem tekið höfðu saman framangreind skjöl vegna samstarfs við Eimskip í sjóflutningum (þ.e. (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj) og var fundarefnið: „Siglingakerfi-framhaldsfundur“.
4509. Hvorki Samskip né Eimskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um fundinn 25. júlí 2008. Með hliðsjón af því að engar fundargerðir eða önnur gögn eru til sem sýna umræðuefni á fundinum gefur það til kynna að þátttakendur á honum hafi viljað leynd því sem rætt var um. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst (S)aðaleig-stjform-SH ekki muna eftir þessum fundi og neitaði að tjá sig um tölvupóstinn sem (S)frkvstj-MCL sendi honum og (S)aðaleig-stjform-SH 24. júlí 2008. (S)aðaleig-stjform-SH kvaðst ekkert vita um skjölin sem (S)forstö-flutnstj sendi honum kvöldið fyrir fundinn með Eimskip. Gaf hann engar skýringar á því hvaðan Samskip höfðu fengið upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi Eimskips. Gaf hann heldur ekki skýringar á tillögum um samstarf við Eimskip sem fram komu í skjölunum. Skýringar Samskipa í athugasemdum við AI á ástæðum þess að fyrirtækið bjó 24. júlí 2008 yfir upplýsingum um þessa fyrirhuguðu breytingu á siglingakerfi Eimskips eru að sama skapi ótrúverðugar.
4510. Þann 29. júlí 2008 sendi (S)forstö-flutnstj gögn til (S)aðaleig-stjform-SH þar sem fjallað var um ávinning Samskipa af tilteknum aðferðum við að draga úr flutningaframboði/fækka skipum vegna flutninga tengdum Íslandi. Einnig var í þessum gögnum Samskipa metinn ávinningur Eimskips af fyrirhugaðri breytingu á siglingakerfinu sem kom fram í gögnum Samskipa 24. júlí 2008. Á þessum tímapunkti var heldur ekki búið að kynna fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi Eimskips fyrir starfsmönnum fyrirtækisins og því síður voru upplýsingar um þær orðnar opinberar.
4511. Samkvæmt framansögðu verður að draga þá ályktun að Eimskip hafi veitt Samskipum umræddar trúnaðarupplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi og takmörkun á flutningsgetu fyrirtækisins. Fyrir liggur að viðræður áttu sér stað milli fyrirtækjanna m.a. í viku 28 árið 2008. Þá þurftu samskipti að eiga sér stað milli fyrirtækjanna til þess að skipuleggja fundinn 25. júlí 2008. Áttu sér stað a.m.k. tvenn samskipti vegna þessa en (S)aðaleig-stjform-SH kannaði fyrir (S)aðaleig-stjform-SH þann 21. júlí 2008 hvort unnt væri að halda fundinn 25. júlí í stað 23. júlí 2008. Þá ræddu (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 saman 22. júlí 2008 og (S)frkvstj-MCL og (E)frkvstj-Contain ræddu



saman tveimur dögum síðar, 24. júlí sama ár. Þá var í tölvupósti (S)frkvstj-MCL 24. júlí 2008 (þar sem hann upplýsti (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH um samtalið við (E)frkvstj-Contain) vísað til viðræðna (S)aðaleig-stjform-SH við Eimskip. Ekki er þörf að slá því föstu í hvaða samskiptum upplýsingaskiptin áttu sér stað. Af gögnum málsins verður að telja ótvírætt að þessar upplýsingar hafi aðeins getað borist Samskipum frá Eimskip. Þá vörðuðu upplýsingarnar mikilvæga þætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Voru samskiptin hluti af ólögmetum samstilltum aðgerðum sem gripið var til eftir fund fyrirtækjanna 6. júní 2008. Þá ber að árétta samskonar atburðarrás átti sér stað þegar Samskip breyttu siglingakerfi sínu og takmörkuðu flutningsgetu í lok október 2008. Sýna samtímagögnin að Eimskip bjó yfir trúnaðarupplýsingum um þessa breytingu Samskipa áður en hún var gerð opinber.

4512. Með hliðsjón af samtímagögnum um aðdraganda fundar Eimskips og Samskipa 25. júlí 2008 verður að telja ótvírætt að hann hafi verið hluti af hinu ólögmetu samráði fyrirtækjanna þar sem rætt hafi verið um ýmis málefni sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Í ljósi heildarmats á samtímagögnum verður að draga þá ályktun að á fundinum hafi a.m.k. verið rætt um breytingar á siglingakerfum, takmörkun á flutningsgetu, mögulega flutninga Eimskips fyrir Samskip í kjölfar takmörkunar á flutningsgetu og skiptingu á flutningum fyrir Alcoa, auk samstarfs í frystigeymslurekstri og „short sea“ flutningum.
4513. Nokkrum dögum eftir fund fyrirtækjanna tilkynnti Eimskip um breytingu á siglingakerfinu og takmörkun á flutningsgetu.

11.8. Eimskip takmarkar í byrjun ágúst 2008 flutningsgetu í Evrópuflutningum

4514. Þann 30. júlí 2008 var almennum starfsmönnum Eimskips fyrst greint frá fyrirhuguðum breytingum á siglingakerfi Eimskips. Sem fyrr segir bjuggu Samskip yfir upplýsingum um breytingu Eimskips áður en hún var kynnt innan fyrirtækisins.
4515. Breytingin á siglingakerfi Eimskips tók gildi í fyrstu viku ágústmánaðar 2008. Í henni fólst veruleg takmörkun á flutningsgetu fyrirtækisins í flutningum milli Íslands og annarra Evrópuríkja. Var skipum í Evrópusiglingum fækkað úr sex í fimm en hvað varðar siglingar milli Íslands og Evrópu var skipum fækkað úr sex í fjögur. Engin breyting var gerð á þessum tíma á Norður-Ameríkuleið Eimskips, þ.e. áfram sigldu tvö skip á þeirri leið.
4516. Eftir samfellda vinnu beggja fyrirtækjanna frá byrjun júní 2008, og ítrekuð samskipti, gekk með þessu eftir hluti af samráði Eimskips og Samskipa sem tók til þess að takmarka verulega framboð flutninga hér á landi. Í „Nýtt upphaf“ glærukynningunni kemur eftirfarandi fram á glæru um slotsamninga í siglingakerfinu:
- „Evrópurútur
 - Endurskoða siglingakerfi félaganna með það að leiðarljósi að lágmarka kostnað
 - Skipting á erlendum höfnum
 - Fækkun / smækkun skipa
4517. Með þessum aðgerðum var stigið stórt skref í þá átt að „hagræða“ í sjóflutningum Eimskips og Samskipa í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 viðurkennir fyrirtækið að hafa átt í ólögmetu samráði við Samskip í tengslum við þessa breytingu fyrirtækisins á siglingakerfinu og takmörkun á flutningsgetu. Í samræmi við þetta sýna samtímagögn ítrekuð samskipti fyrirtækjanna og engan ótta hjá Eimskip við samkeppnisleg viðbrögð Samskipa vegna þessara aðgerða sem óhjákvæmilega skertu þjónustu Eimskips. Að sama skapi koma hvergi fram í samtímagögnum stjórnenda Samskipa hugmyndir eða vangaveltur um að blása til sóknar og nýta sér þessa breytingu hjá Eimskip til að ná til sín nýjum viðskiptavinum. Er þetta skýr birtingarmynd á samráðinu sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið til staðar.



4518. Frekari framgangur í þessum verkþætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins átti sér stað í lok október og nóvember 2008. Þá takmörkuðu bæði Eimskip og Samskip enn frekar flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi:

- Samskip fóru úr fjögurra skipa kerfi í þriggja skipa kerfi í siglingum milli Íslands og Evrópu. Í kjölfarið hóf Eimskip að flytja út hluta af áli Alcoa eins og fjallað er um í skjölunum sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk send kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008.
- Eimskip fækkaði skipum fyrirtækisins í Norður-Ameríku siglingum úr tveimur í eitt í nóvember 2008. Hér ber að áréttu að í tillögum í minnisblöðum (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008 um aukið samstarf Samskipa og Eimskips, var lagt til að Eimskip myndi draga úr flutningsgetu í siglingum til og frá Íslandi. Hvað Norður-Ameríku áhrærir var lagt til að Eimskip myndi fara úr tveggja skipa kerfi í eitt skip. Fyrirtækin myndu halda áfram samnýtingu flutningakerfa á þessari siglingaleið. Það gekk eftir.

4519. Í þessu sambandi skiptir sömuleiðis miklu máli að horfa til þess að Samskip og Eimskip viðhéldu síðan þessu ástandi á markaðnum (með verulegri takmörkun flutningsgetu og samnýtingu siglingakerfa) út rannsóknartímabil þessa máls. Þannig var um að ræða einn þátt af fleirum í áralöngu ólögmetu samfelldu samráði fyrirtækjanna.

11.9. Vísað til markaðsskiptingar Samskipa og Eimskips

4520. Meðal yfirmanna Samskipa erlendis var á þessum tíma rætt um að Samskip og Eimskip hefðu með sér ólögmett samráð. Þetta kemur fram í tölvupósti sem hollensk samkeppnisyfirdöld létu Samkeppniseftirlitinu í té við rannsókn málsins.

4521. Um er að ræða tölvupóst sem (S)frkvstj-frystig sendi þann 21. ágúst 2008 til stjórnenda Kloosterboer í Hollandi. Í honum reifaði (S)frkvstj-frystig samtal við annan stjórnanda hjá Samskipum, (S)forstj-frystig. Varðandi aðkomu (S)forstj-frystig að samráðinu við Eimskip ber hér að rifja upp að þann 10. júní 2008 skipulagði (S)aðaleig-stjform-SH að (E)frkvstj-alþjv myndi hitta (S)forstj-frystig vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins og að í skilaboðum (S)aðaleig-stjform-SH til (S)aðaleig-stjform-SH 22. júlí 2008 kom fram að m.a. (S)forstj-frystig biði eftir „update“ vegna fundarins með Eimskip sem haldinn var í húsnæði Kjalars þann 25. júlí 2008. Í byrjun september 2008 áttu (S)forstj-frystig og (E)frkvstj-alþjv í tölvupóstsamskiptum og reyndu að finna tíma fyrir fund. (S)forstj-frystig kom því að „Nýtt upphaf“ verkefninu og átti í samskiptum við Eimskip. Ekki fæst séð að (S)frkvstj-frystig hafi haft nokkurn hvata til að lýsa samtalinu sínu við (S)forstj-frystig með röngum hætti.

4522. Í þessum tölvupósti (S)frkvstj-frystig frá ágúst 2008 kemur nánar tiltekið fram að hann og (S)forstj-frystig hafi rætt um fjárhagsörðugleika (S)aðaleig-stjform-SH og að Samskip og Eimskip hafi með sér ólögmett samráð í sjóflutningum og skiptu með sér markaðnum. Er þetta samtímagagn trúverðugt og í samræmi við viðurkenningu Eimskips í sáttinni frá 16. júní 2021.

11.10. Viðræður og verðhækkunarir í ágúst-september 2008

4523. Eftir fund (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 25. júlí 2008 var á Íslandi áfram unnið samhliða hjá fyrirtækjunum að annars vegar verkþáttum sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið og hins vegar að áframhaldandi verðhækkunum.

4524. Samkvæmt gögnum málsins var tveimur virkum dögum eftir fund (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip, þ.e. 29. júlí 2008, fjallað verðhækkun og aukna gjalddöku á fundi m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-innanl. Sama dag fundaði (S)aðaleig-stjform-SH með (S)forstö-innfl1 til að ræða um verðhækkunarir Samskipa. Sem fyrr segir fékk (S)aðaleig-stjform-SH þennan dag aftur send gögn frá (S)forstö-flutnstj þar sem fram komu trúnaðarupplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi Eimskips.



11.10.1. Samtal 6. ágúst 2008

4525. Þann 31. júlí 2008 voru verðhækkunar aftur til umfjöllunar hjá (S)forstö-innfl1 og (E)frkvstj-flutnkerf. Sendu þeir báðir tölvupósta til undirmanna sinna um verðhækkunar þar sem komu m.a. fram tilmæli um hækkun á olúgjaldi í sjóflutningi (BAF) og að auka ætti tekjur af olúgjaldinu.
4526. Samskonar atburðarrás átti sér stað 5. ágúst 2008. Hjá Samskipum sendi (S)aðaleig-stjform-SH þann dag tölvupósta til m.a. (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv þar sem hann fjallaði um verðhækkun á gjaldskráum um miðjan ágúst, BAF og atriði sem tengdust samráði við Eimskip í siglingum. Sama dag sendi (E)frkvstj-flutnkerf glærुकynningu í tölvupósti til (E)forstj, (E)frkvstj-alpjsv og (E)frkvstj-EimÍsl. Þar var fjallað um verðhækkun um miðjan ágúst 2008, BAF og fyrirhugaðan nýjan Norður-Ameríku samning við Samskip.
4527. Þann 6. ágúst 2008 áttu sér stað samskipti milli Samskipa og Eimskips vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Standa líkur til þess að um hafi verið að ræða samtal (S)aðaleig-stjform-SH og (E)forstj. Einnig kann að vera að (E)frkvstj-Contain og (S)frkvstj-MCL hafi aftur rætt saman eftir hvatningu frá a.m.k. (S)aðaleig-stjform-SH.
4528. Þar sem „Nýtt upphaf“ verkefnið hafði að markmiði að raska samkeppni í skilningi samkeppnislaga fóru öll samskipti milli Samskipa og Eimskips þar sem unnið var eða rætt um einstaka verkþætti í verkefninu gegn 10. gr. laganna. Á það við þessi samskipti Samskipa og Eimskips 6. ágúst 2008.

11.10.2. Fundur og verðhækkun á landflutningum í ágúst 2008

4529. Eins og fram hefur komið funduðu (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl 4. júlí 2008 og sýnir tölvupóstur (S)frkvstj-innanl frá 17. júlí 2008 frekari viðræður þeirra. Glærुकynning (E)frkvstj-innanl frá 24. júlí 2008 sýnir a.m.k. að í bígerð var aukið samstarf á milli Eimskips og Samskipa í landflutningum á Austurlandi. Einnig veitir hún vísbendingu um að huga hafi átt að auknu samstarfi fyrirtækjanna í landflutningum á ferskum fiski. (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl áttu annan fund þann 11. ágúst 2008 og í þetta sinn með SVÞ til að vinna gegn samkeppni frá Íslandspósti. Þá hefur áðurnefndur fundur Eimskip og Samskipa 25. júlí 2008 mikla þýðingu þar sem hann staðfestir að á þessum tíma stóð yfir víðtækt samráð fyrirtækjanna.
4530. Sama dag og (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl funduðu í ágúst 2008, þ.e. 11. ágúst 2008, tók gildi tæplega 10% verðhækkun Eimskips á innanlandsflutningum og þjónustugjöld innanlands. Samskip tilkynntu 27. ágúst 2008 einnig um umtalsverða hækkun á verði á landflutningum, sbr. nánar hér á eftir.
4531. Framkvæmdu Eimskip og Samskip þannig í ágúst 2008 verðhækkunar sem (E)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-innanl og undirmenn þeirra hófu að undirbúa, sitt í hvoru lagi, eftir fund (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl þann 4. júlí 2008.
4532. (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl voru framkvæmdastjórar sem báru ábyrgð á verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum í landflutningum Samskipa og Eimskips. Fyrir liggur að þeir höfðu átt í samskiptum í aðdraganda þessara verðhækkana. Auk umræðu um a.m.k. „Nýtt upphaf“ verkefnið og samkeppni við Íslandspóst voru þessi samskipti til þess fallin að draga úr sjálfstæði þessara keppinauta og æskilegri óvissu um fyrirætlanir hvors annars. Þar að auki voru þetta samskipti sem höfðu að markmiði að raska samkeppni og höfðu þessir stjórnendur í samtölum sínum bæði hvata og tækifæri til að skiptast á skoðunum um hverskonar málefni sem gátu haft áhrif á samkeppni milli Samskipa og Eimskip í landflutningum. Skiptir hér og miklu að í samtímagögnum kemur ekki fram að (E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-EimÍsl eða (E)forstj hafi óttast samkeppnisleg viðbrögð Samskipa vegna þessara verðhækkana í ágúst 2008. Er það í samræmi við hið ólögmeta samráð sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma. Jafnframt kemur ekki fram í samtímagögnum (S)frkvstj-innanl, (S)aðaleig-stjform-SH eða annarra stjórnenda Samskipa að unnt væri að nýta þessa verðhækkun með því að auka samkeppni gagnvart Eimskip. Í samtímagögnum Samskipa kemur



heldur ekki fram að t.d. (S)frkvstj-innanl eða (S)aðaleig-stjform-SH hafi óttast samkeppni frá Eimskip í aðdraganda hækkunar Samskipa á landflutningum sem tilkynnt var síðar í ágúst 2008. Það var aðeins ef keppinauturinn var annar en Eimskip að áhyggjur komu fram innan Samskipa í tengslum við verðhækkunarir sem tilkynntar voru á þessum tíma, sbr. nánar hér á eftir.

4533. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samskipti Samskipa og Eimskips hafi a.m.k. auðveldað eða skapað kjörskilyrði fyrir fyrirtækin til að grípa til verðhækkana. Þetta hafi aukið til muna þau skaðlegu áhrif sem voru til þess fallin að leiða af þessum samskiptum fyrirtækjanna. Þá ber til viðbótar að virða allar verðhækkunarir Samskipa og Eimskips eftir júní 2008 til janúar/febrúar 2009 í einu lagi og verður fjallað um þær í kafla 11.21.

11.10.3. Fundur 14. ágúst 2008 - Hækkun og samræming á BAF

4534. Það voru ekki aðeins forstjórar fyrirtækjanna og lykilstjórnendur á sviði landflutninga sem áttu samskipti í ágúst 2008.
4535. Framkvæmdastjórnarnir (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv hittust á fundi 14. ágúst 2008. Til viðbótar sátu fundinn forstöðumenn innflutningsdeilda Eimskips og Samskipa, (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1. Þá sat forstjóri Eimskips á Íslandi, (E)frkvstj-EimÍsl, hluta fundarins. Voru þannig staddir saman á fundi stjórnendur Eimskips og Samskipa sem báru ábyrgð á siglingakerfum, flutningsgetu, verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum í sjóflutningum fyrirtækjanna.
4536. Daginn fyrir þennan fund Samskipa og Eimskips var hjá Samskipum unnið að breytingum á siglingakerfinu og hækkun á verði:
- Klukkan 09:00 þann 13. ágúst 2008 funduðu (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl. Var rætt um verðhækkunarir og aukin gjaldtaka ákveðin.
 - Klukkustund síðar sama morgun hófst fundur (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj þar sem rætt var um endurskoðun á siglingakerfinu.
 - Í hádeginu vistaði (S)frkvstj-millilandasv verkefnalista þar sem fram kom að hækka ætti verð í bæði inn- og útflutningi. Jafnframt ætti að hækka verð gagnvart Alcoa. Einnig voru tilgreindar aðgerðir vegna breytinga á siglingakerfinu og vörðuðu flutninga vegna Grundartanga og Reyðarfjarðar. Í því samhengi verður að hafa í huga að í skjalinu sem (S)forstö-flutnstj sendi (S)aðaleig-stjform-SH kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008 var stillt upp þeirri tillögu að Samskip myndu hætta að sigla til Grundartanga og nýta sér skip Eimskips í staðinn. Jafnframt myndi Eimskip hætta að sigla til Reyðarfjarðar og nýta sér skip Samskipa í staðinn.
 - Síðar sama dag vistaði (S)frkvstj-millilandasv hjá sér glærुकyninguna „Siglingakerfið“ þar sem fjallað var um siglingakerfi Eimskips og Samskipa. Í því skjali er listað upp nýtt siglingakerfi Eimskips og settar fram nokkrar útfærslur á breytingum á siglingakerfi Samskipa. Allar þær útfærslur fólu í sér takmörkun á flutningsgetu Samskipa.
4537. Telja verður ótvírætt að þessi gögn (S)frkvstj-millilandasv frá 13. ágúst 2008 (líkt og gögnin sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk send kvöldið fundinn með Eimskip 25. júlí 2008) hafi tengst undirbúningi fyrir fundinn með Eimskip daginn eftir. Hið sama við um eðlislík skjöl (S)frkvstj-millilandasv sem hann tók saman rétt fyrir eða rétt eftir fundi hans og (S)forstö-innfl1 með (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl 5. september og 6. október 2008.
4538. Á fundi m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-innanl, daginn fyrir fundinn með Samskipum, var rætt um að „hækka [þurfi] verð“ gagnvart mikilvægum viðskiptavinum og „innleiða BAF á þessa aðila“. Voru þær aðgerðir til viðbótar gjaldskrárhækkunum Eimskips sem höfðu tekið gildi tveimur dögum fyrr.



4539. Fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl hófst kl. 13:00 þann 14. ágúst 2008.
4540. Við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýstu hvorki Samskip né Eimskip um fundinn. Voru því ekki afhentar fundargerðir, minnispointar eða önnur samtímagögn sem sýna að tilgangur fundarins hafi verið lögmætur eða að umræður á honum hafi verið í samræmi við kröfur 10. gr. samkeppnislaga. Með hliðsjón af því að engar fundargerðir eða önnur gögn eru til sem sýna umræðuefni á fundinum gefur það til kynna að þátttakendur á honum hafi viljað leynd þvi sem rætt var um.
4541. Síðar sama dag, kl. 17:58, boðaði (S)aðaleig-stjform-SH þá (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli til fundar daginn eftir. Í fundarboði (S)aðaleig-stjform-SH sagði að á fundinum ætti að fjalla um næstu skref varðandi breytingar á siglingakerfinu. Einnig þyrfti að ræða „strategí[u]“ gagnvart Alcoa og að meta tímasetningu og ávinning af hugsanlegri verðhækkun gagnvart þeim mikilvæga viðskiptavinum. Þá átti að ræða um verðhækkunar í útflutningi á fiski, sértækar verðhækkunar í innflutningi og hækkun á ýmsu gjöldum til viðskiptavina.
4542. Sem fyrr segir hófst fundur Samskipa og Eimskips kl. 13:00 þann 14. ágúst 2008. Klukkan 13:02 sama dag vistaði (E)forstö-innfl1 hjá sér Excel skjal með upplýsingum um BAF Eimskips. Í því skjali koma fram upplýsingar um hækkun Eimskips á þessu gjaldi og að fyrirhugað væri að hækkunin tæki gildi 28. ágúst 2008.
4543. Þremur virkum dögum eftir þennan fund m.a. (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl1, þ.e. þriðjudaginn 19. ágúst 2008, sendi (S)forstö-innfl1 undirmönnum sínum tölvupóst um BAF vegna flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Þar fyrirskipaði (S)forstö-innfl1 að uppfæra skyldi BAF Samskipa í samræmi við BAF Eimskips og að „í framtíðinni“ ætti að uppfæra heimasíðu Samskipa „á sama tíma“. Þá kom einnig fram hjá (S)forstö-innfl1 um hvað BAF hjá Eimskip myndi hækka 28. ágúst 2008 og gaf hann undirmönnum þau tilmæli um að hækka gjaldið „strax“ hjá Samskipum til samræmis við Eimskip. Gögn málsins sýna að viðskiptavinir Eimskips hafi fengið tilkynningu um BAF hækkun Eimskips tíu dögum síðar.
4544. Varðandi BAF skiptir einnig máli að (E)frkvstj-alþjsv sendi tölvupóst til m.a. (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl þann 18. ágúst 2008 og fjallaði um „Íslandskerfið“ við álagningu BAF. Samkvæmt (E)frkvstj-alþjsv var „eitt kerfi á Íslandi“ og að „samkeppnin“ noti sama kerfi við álagningu BAF, þ.e. Samskip og Eimskip að nota sama kerfi. Á verkefnalista undirmanns (S)frkvstj-innanl, (S)forstö-landfl1, sem dagsettur var sama dag var fjallað um að leggja olíugjöld (BAF/FAF) á mikilvæga viðskiptavinum eða hækka verð gagnvart þeim með öðrum hætti. Einnig var vísað til samstarfs við Eimskip í sjóflutningum.
4545. Telja verður að á fundinum 14. ágúst 2008 hafi m.a. verið rætt um þann verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til sjóflutninga til og frá Íslandi. Þegar af þeirri ástæðu fóru samskiptin á þessum fundi gegn 10. gr. samkeppnislaga.
4546. Það er jafnframt niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að á þeim fundi hafi Samskip og Eimskip haft með sér ólögmæt samráð um verð. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 frá 19. ágúst 2008, virtur með öðrum fyrirbyggjandi gögnum, sýnir að Samskip og Eimskip ræddu um og miðluðu upplýsingum um olíugjald og fyrirhugaða hækkun Eimskips á því gjaldi. Þá sýnir tölvupóstur (S)forstö-innfl1 framkvæmd hins samfellda samráð fyrirtækjanna vegna álagningar á BAF, þ.e. að fyrirtækin hafi samræmt BAF vegna Norður-Ameríku flutninga að fullu. Skýr staðfesting á þessu er tölvupóstur sem undirmaður (S)forstö-innfl1 sendi til samstarfsmanns skömmu eftir að fundi (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl1 lauk 4. desember 2008. Þar segir að BAF Samskipa vegna Norður-Ameríku flutninga sé tekið „beint frá Eimskip, þ.e. sama BAF og þeir eru með á USA.“ Af þessu leiddi m.a. að aðgerðir Eimskips sem hófust í september 2008 og leiddu til hækkunar á m.a. Norður-Ameríku BAF bitnuðu einnig á viðskiptavinum Samskipa. Var þetta ólögmæt verðsamráð Samskipa og Eimskips til þess fallið að raska samkeppni með alvarlegum hætti.



11.10.4. Símtal 27. ágúst 2008

4547. Dagana 24.-26. ágúst 2008 vann m.a. (S)forstö-innfl1 að verulegri hækkun á sjóflutningum og tengdri þjónustu. Sömu daga undirbjuggu (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-innanl verðhækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum sem m.a. fólst í því að tryggja að þeir myndu greiða BAF.
4548. (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl ræddu saman í síma 27. ágúst 2008. Gefa gögnin til kynna að þeir hafi í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið rætt a.m.k. um aukið samstarf tengt Norður-Ameríku flutningum. Fóru þessi samskipti eins og önnur sambærileg samskipti gegn 10. gr. samkeppnislaga.
4549. Daginn eftir að (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl ræddu saman tilkynntu Samskip um verulega hækkun á sjóflutningsþjónustu og tók hún gildi 1. september 2008. Sama dag fjallaði (S)forstö-innfl1 í tölvupósti til samstarfsmanns um verðhækkun gagnvart tilteknum viðskiptavinum og tengdi þetta við fund með Eimskip í vikunni þar á eftir.

11.10.5. Símtal 28. ágúst 2008 og álagning karagjalds

4550. (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og aðrir stjórnendur Samskipa undirbjuggu sem fyrr segir verulega verðhækkun í ágúst 2008. Meðal annars vildi (S)aðaleig-stjform-SH að verð gagnvart útflytjendum á fiski yrði hækkað verulega. Átti að gera það með því að m.a. leggja á svonefnt karagjald. Ræddi (S)aðaleig-stjform-SH þetta við (S)forstö-útfl sem bar ábyrgð á verðlagningu á útflutningi á m.a. fiski gagnvart (S)frkvstj-millilandasv og (S)aðaleig-stjform-SH.
4551. Í samskiptum við (S)aðaleig-stjform-SH kom fram að (S)forstö-útfl hafði verulegar áhyggjur af því hvort Samskip kæmst upp með þessa verulegu verðhækkun, sem fólst í álagningu umrædds karagjalds, gagnvart öflugum viðskiptavinum. Hafði (S)forstö-útfl þannig ekki áhyggjur af viðbrögðum Eimskips heldur af mótspyrnu frá m.a. stórum útgerðum.
4552. Eftir að (S)forstö-útfl hafði lýst þessum áhyggjum sýna gögnin að hann sendi 28. ágúst 2008 tölvupóst til (E)forstö-útfl og bað hann um að hringja í sig. (E)forstö-útfl, líkt og (S)forstö-útfl, bar ábyrgð á verðlagningu á útflutningi á fiski.
4553. Fyrir liggur í málinu að (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl ræddu saman í kjölfarið.
4554. Ósamræmi er í skýringum Samskipa á þessu samtali. Annars vegar segja Samskip að (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl hafi rætt um synjun Eimskips á að flytja fyrir Samskip gáma með vörum Elkem til Norður-Ameríku. Hins vegar staðhæfa Samskip að þetta samtal (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl hafi verið „persónulegs eðlis og alls ótengd rannsóknarefnum þessa máls.“ Samskip lögðu ekki fram nein gögn til stuðnings því að (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl hafi annað hvort rætt umrædda ætlaða synjun á flutningum eða persónuleg málefni. Engin samtímagögn hafa fundist sem styðja þessar ólíku skýringar Samskipa á efni samtalsins.
4555. Ljóst er að eftir samtal (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl komu áhyggjur innan Samskipa af m.a. viðbrögðum útgerðarmanna ekki lengur í veg fyrir þessa gjaldtöku. Þannig tilkynntu Samskip þann 8. september 2008 um álagningu karagjaldsins. Sama dag sendi (E)forstö-útfl tölvupóst til samstarfsmanns og vísaði til „sinna heimilda“ um viðhorf innan Samskipa um álagningu þessa karagjalds. Daginn eftir var ákveðið að leggja á karagjald á alla gáma hjá Eimskip. Í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 er viðurkennt að á þessum tíma hafi verið til staðar ólöglegt samráð við Samskip um „álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum.“
4556. Þegar viðkomandi gögn eru virt saman telur Samkeppniseftirlitið sannað að í kjölfar tölvupósts (S)forstö-útfl 28. ágúst 2008 hafi Samskip og Eimskip rætt saman um fyrirhugaða álagningu á umræddu gjaldi. Fólust í þessu ólöglegu samstilltar aðgerðir.



11.10.6. Veruleg verðhækkun Samskipa 1. september 2008

4557. Sem fyrr sagði hækkaði Eimskip verð í landflutningum um tæplega 10% um miðjan ágúst 2008. Samskip tilkynntu um verðhækkun á landflutningum 27. ágúst 2008 og á sjóflutningum daginn eftir. Tóku þessar verðhækkningar á gjaldskráum í land- og sjóflutningum og tengdri þjónustu gildi 1. september 2008.
4558. Þessar verðhækkningar Samskipa 1. september 2008 voru verulegar. Gerði (S)aðaleig-stjform-SH stjórn Samskipa hf. grein fyrir því að að „*umtalsverðar hækkunar*“ 1. september 2008 kæmu til með að skila fyrirtækinu 400 milljónum króna aukalega í tekjur á ársgrundvelli. Í þessu samhengi má benda á að í skýringum Samskipa kemur fram að verðhækkningar fyrirtækisins á árinu 2008 hafi verið „*umtalsverðar og meiri en árin á undan*“.²¹⁷⁶
4559. Líkt og í landflutningum höfðu lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips á sviði sjóflutninga átt í ítrekuðum samskiptum í aðdraganda þessarar hækkunar, m.a. á fundinum 14. ágúst 2008. Auk umræðu um a.m.k. „*Nýtt upphaf*“ verkefnið sem tók til sjóflutninga og BAF voru þessi samskipti til þess fallin að draga úr sjálfstæði þessara keppinauta og æskilegri óvissu um fyrirætlanir hvors annars. Þar að auki voru þetta samskipti sem höfðu að markmiði að raska samkeppni og höfðu stjórnendur í samtölum sínum bæði hvata og tækifæri til þess skiptast á skoðunum um hverskonar málefni sem gátu haft áhrif á samkeppni fyrirtækjanna í sjóflutningum. Skiptir hér og miklu að í samtímagögnum kemur ekki fram að (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 eða (S)aðaleig-stjform-SH hafi óttast samkeppnisleg viðbrögð Eimskips vegna þessarar verulegu verðhækkunar sjóflutningsþjónustu. Til viðbótar kemur hvergi fram í samtímagögnum að (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl eða (E)forstj hafi íhugað að auka samkeppni og afla nýrra viðskiptavina þegar Samskip stigu fram með þessa miklu hækkun. Þess í stað var í fundargerð, vegna fundar m.a. (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl 2. september 2008, eftirfarandi haft eftir (E)forstö-innfl : „*Fundur boðaður með Samskip á fimmtudag til að fara yfir hækkunar. Er að fara að boða fund með Nathan og fara yfir hækkunar með þeim. Einnig að hitta Innes aftur vegna samnings þeirra sem er laus núna, verðum að ná inn hækkun á þann samning. Samskip var að hækka gjaldskrá sína í vikunni. Mikil gjaldskráhækkun frá og með 1. sept*“. Þetta áhugaleysi stjórnenda Eimskips, sem áttu höfðu í samskiptum við Samskip, um samkeppni er í samræmi við hið ólögmeta samráð sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.
4560. Vegna hækkana sem Samskip áformuðu eða tilkynntu í ágúst 2008 komu fram tvenns konar áhyggjur innan fyrirtækisins. Annars vegar áhyggjur af viðbrögðum öflugra útgerða við fyrirhuguðu karagjaldi. Eins og áður sagði lögðu Samskip það gjald á eftir að (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl ræddu saman. Hins vegar áhyggjur af viðbrögðum erlendra keppinauta Samskipa líkt og vikið verður að í næsta undirkafla.
4561. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samskipti Samskipa og Eimskips hafi a.m.k. auðveldað eða skapað kjörskilyrði fyrir Samskip til að hækka verð verulega 1. september 2008. Þetta hafi aukið til muna þau skaðlegu áhrif sem voru til þess fallin að leiða af þessum samskiptum fyrirtækjanna. Þá ber til viðbótar að virða allar verðhækkningar Samskipa og Eimskips eftir júní 2008 til janúar 2009 í einu lagi og verður fjallað um þær í kafla 11.21.

11.10.7. Aðeins áhyggjur af erlendum keppinautum

4562. Hin verulega verðhækkun Samskipa mætti undrun og jafnvel mótstöðu innan fyrirtækisins. Hinn 28. ágúst 2008 sendi (S)forstö-umb.erl tölvupóst til stjórnenda Samskipa í Evrópu þar sem fyrirtækið rak starfsemi sem tengist flutningum til og frá Íslandi. Í honum sagði að Samskip hf. hefðu ákveðið verulega verðhækkun. Í því fólst m.a. hækkun á þjónustugjöldum Samskipa erlendis. Gögn málsins sýna að á þessum tíma hafði dregið úr eftirspurn eftir flutningsþjónustu í nálægum ríkjum. Þegar starfsmenn Samskipa erlendis vísuðu til þess og spurðu hvernig Eimskip myndi bregðast við þessari

²¹⁷⁶ Mgr. 939 í athugasemdum Samskipa við AI.



hækkun 1. september 2008 var þeim svarað með þeim hætti að það gaf til kynna að stjórnendur Samskipa á Íslandi hefðu ekki nokkrar áhyggjur af því að Eimskip myndi bregðast við þessari hækkun með því að bjóða betri kjör í því skyni að ná til sín óánægðum viðskiptavinum Samskipa.

4563. Aftur á móti er ljóst að stjórnendur Samskipa á Íslandi höfðu enga slíka vissu um aðgerðir erlendra keppinauta í for- og áframflutningum annars staðar í Evrópu. Þvert á móti lögðu þeir til grundvallar að samkeppnisleg viðbrögð erlendra keppinauta myndu leiða til þess að fyrirtækið myndi missa viðskipti í for- eða áframflutningum. Eftir viðvaranir frá stjórnendum fyrirtækisins erlendis var ákveðið að verð á þeirri þjónustu yrði þannig ekki hækkað. Hækkunin tók þannig aðeins til þeirra þátta þar sem Eimskip var helsti keppinauturinn. Er þetta skýr birtingarmynd á hinu ólögmæta samráði sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.
4564. Það voru ekki aðeins starfsmenn Samskipa erlendis sem höfðu áhyggjur af þessari verulegu verðhækkun fyrirtækisins. Viðskiptastjóri í útflutningsdeild sendi (S)forstö-útfli tölvupóst og sagði að tiltekin verðlagning hjá Samskipum væri „hreint og klárt okur“ og gerði fyrirtækinu erfitt fyrir í samkeppni. Þetta breytti engu um afstöðu stjórnenda Samskipa enda var það Eimskip sem var helsti „keppinauturinn“ í þessu tilviki.

11.10.8. Frekari verðhækkanir

4565. Þrátt fyrir að starfsmenn Samskipa hafi haft áhyggjur af þessari verulegu verðhækkun vildi (S)aðaleig-stjform-SH engu að síður að ráðist yrði í enn frekari hækkun á verði. Í tölvupóstum (S)aðaleig-stjform-SH frá 30. ágúst og 1. september 2008 kemur fram að eftir 1. september 2008 eigi að ráðast í verulega verðhækkun gagnvart ýmsum mikilvægum viðskiptavinum, t.d. Alcoa, B&L, Icelandic Seafood og HB Granda.
4566. Í samræmi við þetta sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til undirmanna sinn 1. september 2008 og gaf fyrirmæli um „stóra verkefnið“. Fólst í því sérstök verðhækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum eins og t.d. Vífilfelli, Húsasmiðjunni, Kaupási, Rúmfatalagernum og Ísam. Var þetta hækkun umfram þá miklu almennu verðhækkun sem tekið hafði gildi þennan dag. Skyldu undirmenn (S)forstö-innfl1 annars vega hækka verð á akstri gagnvart mikilvægum viðskiptavinum og jafnframt „troða FAF á alla núna“ en FAF er olúgjald í landflutningum. Þann 9. september 2008 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH og sagði honum að tiltekinn erlendur kostnaður Samskipa hefði lækkað mjög mikið. Það hefði „gengið hjá okkur að skila þessum lækkunum ekki út“ og þýddi þetta að viðkomandi álagning Samskipa jókst um 400%. Þessi gögn (S)forstö-innfl1 sýna mikið sjálftraust og vissu hans sem stjórnanda hjá Samskipum um getu til að hækka eða haldi upp verði, en hann hafði átt í ítrekuðum samskiptum við þá stjórnendur Eimskips sem réðu verðlagningu þess fyrirtækis.
4567. Samkvæmt þessum gögnum (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstö-innfl1 frá 30. ágúst og 1. september 2008 stóð til að hækka verð verulega og auka gjalddöku gagnvart mikilvægum viðskiptavinum fyrirtækisins. Var þarna um að ræða öflugna viðskiptavini sem höfðu alla burði til að snúa sér til Eimskips ef þeim líkaði ekki kjör sín. Þessi gögn sýna enn og aftur að Samskip óttuðust ekki að ýmiskonar útfærslur á verðhækkun myndu leiða til samkeppnislegra viðbragða Eimskips. Það var aðeins ef keppinautarnir voru aðrir en Eimskip sem Samskip höfðu slíkar áhyggjur. Er þetta í samræmi við gögn Eimskips frá júlí og ágúst 2008. Hvergi kemur fram að Eimskip hafi óttast að Samskip myndu nýta sér tæplega 10% verðhækkun á landflutningum til þess að afla sér nýrra viðskipta með því að bjóða betur. Ekki er heldur að finna í gögnum málsins umfjöllun sem gefur til kynna að stjórnendur Eimskips hafi haft af því áhyggjur sumarið 2008 að samkeppni frá Samskipum myndi koma í veg fyrir aðrar verðhækkanir eða aukna gjalddöku sem þá var til umfjöllunar. Af þessu áhyggjuleysi yfir viðbrögðum Samskipa er ljóst að Eimskip treysti sér til hækka verð verulega í nóvember 2008. Er þetta í fullu samræmi við það ólögmæta samráð sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.



11.10.9. Yfirlit yfir atburðarrás frá september 2008

4568. Ólögmaett samráð Samskipa og Eimskips hélt áfram af fullum þunga frá september 2008. Unnu fyrirtækin áfram samhliða að annars vegar verkþáttum sem féllu beint undir „Nýtt upphaf“ verkefnið og hins vegar að frekari verðhækkunum.
4569. Í næstu köflum hér á eftir verða dregin saman atvik sem varða framkvæmd á „Nýtt upphaf“ verkefninu í land- og sjóflutningum. Verða rifjaðir upp mikilvægir áfangar sem náðust í september, október og nóvember 2008. Síðan verða reifuð atvik sem tengjast framkvæmd á öðrum verkþáttum sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið, t.d. aðgerðir til að draga úr samkeppni í útflutningi á frystum fiski frá Íslandi.
4570. Þar á eftir verða dregin saman atvik sem sýna samhliða vinnu Samskipa og Eimskips frá haustinu 2008 og fram á árið 2009 þar sem undirbúin var og framkvæmd frekari hækkun fyrirtækjanna á verði og aukinni gjaldtöku.

11.11. Landflutningar: Markaðsskipting og unnið að auknu samstarfi haustið 2008

4571. Samkvæmt glærुकyningunni sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir fólst m.a. í „Nýtt upphaf“ verkefninu að meta ábata af því að Eimskip og Samskip myndu „samnýta betur“ kerfi sín í landflutningum hér á landi. Átti að kostnaðargreina „helstu rútur“ og meta hvar „ójafnvægi er í hvoru kerfi fyrir sig“. Skoða átti sameiginlegar afgreiðslustöðvar fyrirtækjanna og meta hagræði af því að vera með „sameiginlegt kerfi“ í landflutningum.
4572. Eins og lýst hefur verið hittust (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl á kaffihúsinu Mokka 4. júlí 2008 og tölvupóstur (S)frkvstj-innanl frá 17. júlí 2008 sýnir frekari viðræður þeirra. Þá funduðu (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl aftur 11. ágúst 2008.
4573. Sýna gögnin að (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl höfðu rætt um aukið samstarf Samskipa og Eimskips í landflutningum í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið. Daginn fyrir fundinn 4. júlí 2008 kallaði (E)frkvstj-innanl eftir drögum að viðtækum „tvíhliða flutningasamningi“ milli Samskipa og Eimskips. Glærुकyning (E)frkvstj-innanl frá 24. júlí 2008 sýnir a.m.k. að í bígerð var aukið samstarf á milli Eimskips og Samskipa í landflutningum á Austurlandi. Einnig veitir hún vísbendingu um að huga ætti að auknu samstarfi fyrirtækjanna í landflutningum á ferskum fiski.
4574. Samskipti stjórnenda landflutninga Samskipa og Eimskips héldu áfram og aukið samstarf fyrirtækjanna var undirbúið. Gögn frá september og október 2008 sýna framgang í þessum þætti hins ólögmeta samráðs fyrirtækjanna.

11.11.1. Símtal 8. september 2008

4575. Þann 8. september 2008 ræddu undirmenn (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl, (E)rekststj-landfl og (S)rekststj-landfl2, saman. Vörðuðu þau samskipti mögulega flutninga Eimskips fyrir Samskip frá Akureyri til Austurlands. Kom fram í þessum samskiptum að Samskip væru reiðubúin að skoða aukið samstarf við Eimskip í landflutningum á Norður- og Austurlandi.
4576. Síðar sama dag sendi (E)frkvstj-innanl svæðisstjóra Eimskips á Austurlandi ((E)svæðisstj1) drög frá árinu 2006 að samningi Eimskips og Samskipa þar sem gert var ráð fyrir viðtæku samstarfi fyrirtækjanna í landflutningum á Íslandi. Eins og áður sagði hafði (E)frkvstj-innanl kallað eftir drögum að slíkum samningi frá lögmanni fyrirtækisins daginn fyrir fund hans með (S)frkvstj-innanl 4. júlí 2008.

11.11.2. Fundur 9. september 2008

4577. Þann 9. september 2008 var haldinn fundur Samskipa og Eimskips á Reyðarfirði. Samkvæmt gögnum Eimskips mætti á fundinn „sendinefnd“ frá Samskipum. Samkvæmt (E)svæðisstj1 átti á fundinum að



ræða mögulegt aukið samstarf Samskipa og Eimskips í landflutningum á Norður- og Austurlandi „og fleira“. Sátu fundinn umræddur (E)svæðisstj1, (S)forstö-landfl (forstöðumaður landflutninga Samskipa), (E)þjstj-Austur og (S)rekststj-landfl3.

4578. Á fundinum var a.m.k. rætt um samstarf Samskipa og Eimskip í flutningum milli Norðurlands og Austurlands og í flutningum milli staða á Austurlandi.
4579. Niðurstaða fundarins var a.m.k. sú að (E)þjstj-Austur og (S)rekststj-landfl3 var falið að halda viðræðum fyrirtækjanna áfram. Áttu þeir að „að fara yfir stöðuna, og finna út hvar við getum unnið saman, báðum til hagsbóta.“

11.11.3.Frekari viðræður og niðurstaða 16. september 2008

4580. Er ljóst að eftir 9. september 2008 áttu (E)þjstj-Austur og (S)rekststj-landfl3 í samskiptum og ræddu aukið samstarf fyrirtækjanna í landflutningum.
4581. Þann 16. september 2008 sendi (E)svæðisstj1 tölvupóst til (E)frkvstj-innanl og greindi frá niðurstöðu vinnu (E)þjstj-Austur og (S)rekststj-landfl3.
4582. Sýnir tölvupósturinn að Samskip og Eimskip höfðu náð saman um ólögmeata skiptingu landflutningamarkaða eftir landsvæðum. Samskip myndu annast flutninga fyrir Eimskip milli Seyðisfjarðar og Egilsstaða og þar með myndi Eimskip ekki stunda akstur á þessari leið í samkeppni við Samskip. Hið sama leiðir af samkomulaginu um flutninga Eimskips fyrir Samskip á flutningaleiðinni Reyðarfjörður – Eskifjörður og Neskaupsstaður.

11.11.4.Fundur 17. september 2008

4583. Daginn eftir að (E)frkvstj-innanl fékk upplýsingar frá sínum undirmönnum um að það hefði náðst niðurstaða um markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips á Austurlandi, 17. september 2008, fundaði hann með (S)frkvstj-innanl. Var fundarstaðurinn verslunarmiðstöðin Smáralind.
4584. Eins og áður sagði sendi (E)frkvstj-innanl þann 8. september 2008 til (E)svæðisstj1 drög að samningi Eimskips við Samskip þar sem gert var ráð fyrir víðtæku samstarfi fyrirtækjanna í landflutningum. Drögin voru dagsett 8. maí 2006. Í málinu liggja fyrir önnur drög að þessum sama samningi og eru þau dagsett sama dag og fundur (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl fór fram, þ.e. 17. september 2008. Þá liggur fyrir að daginn eftir fundinn með (S)frkvstj-innanl sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst til svæðisstjóra Eimskips á Norðurlandi, Austurlandi og á Vestfjörðum. Bað hann um að þeir tækju saman yfirlit yfir fyrirliggjandi samstarf við Samskip og settu fram hugmyndir um „tækifæri“ til að auka samstarf við Samskip í landflutningum.
4585. Sýna gögnin þannig að eftir að niðurstaða náðist um markaðsskiptingu í landflutningum á Austurlandi fjölluðu (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl á fundi sínum 17. september 2008 áfram um aukið samstarf Eimskips og Samskipa í landflutningum. Tölvupóstur (E)frkvstj-innanl daginn eftir fundinn með (S)frkvstj-innanl ber með sér undirbúning að verulega aukinni samvinnu fyrirtækjanna í landflutningum á Íslandi.
4586. Ekki var aðeins rætt um landflutninga á fundi (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl 17. september 2008. Sýna gögnin að á fundinum var jafnframt fjallað um sjóflutninga Samskipa fyrir Eimskip frá Reykjavík til Reyðarfjarðar og sjóflutninga Eimskips fyrir Samskip á sömu leið. Náðu (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl saman um verð fyrir þessa gagnkvæmu flutninga, sbr. tölvupóstur (E)frkvstj-innanl til m.a. (E)frkvstj-EimÍsl 18. september 2008 og tölvupóstur (S)frkvstj-innanl til (E)frkvstj-innanl sama dag. Var þetta m.a. hluti af undirbúningi fyrir takmörkun á flutningsgetu Samskipa sem tilkynnt var um í lok október 2008, sbr. og upprifjun á þeim ólögmeatu atvikum í næsta kafla.
4587. Var allt framangreint í samræmi við markmið „Nýtt upphafs“ verkefnisins um aukið samstarf og samnýtingu á flutningakerfum fyrirtækjanna í sjó og á landi.



11.11.5. „Mikil tækifæri“ í samvinnu við Samskip

4588. Í glærukynningu (E)frkvstj-innanl stuttu síðar, frá 29. september 2008, fjallaði hann um samstarf við Samskip í landflutningum og hækkun á verði. Í glæru með yfirskriftinni „Helstu breytingar á starfsemi 2008“ kemur m.a. þetta fram:

„Samvinna með Samskip á ýmsum flutningaleiðum – tvíhliða samningar – mikil tækifæri framundan í þessu“

4589. Þessi glæra (E)frkvstj-innanl frá 29. september 2008 gefur til kynna að Eimskip hafi talið að fundurinn með (S)frkvstj-innanl 17. september 2008 hafi skilað árangri, sbr. einnig samkomulagið sem (E)þjstj-Austur og (S)rekststj-landfl3 náðu um markaðsskiptingu á Austurlandi. Þetta gagn (E)frkvstj-innanl sýnir einnig að Eimskip taldi að aukið samstarf við Samskip í landflutningum væri mikilvægt. Var þetta í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins og sýnir framgang þess.

11.11.6. Mælt fyrir um áframhaldandi viðræður við Samskip

4590. Gögnin sýna frekari viðræður Samskipa og Eimskips um samstarf í landflutningum í október 2008. Í „Nýtt upphaf“ verkefninu fólst að skoða átti sameiginlegar afgreiðslustöðvar fyrirtækjanna og þar sem metið var hagræði af því að vera með „sameiginlegt kerfi“ í landflutningum. Tölvupóstur (E)frkvstj-innanl til (E)forstj og (E)frkvstj-Eimísl frá 10. október 2008 sýnir að unnið var að þessum verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu.

4591. Í þeim tölvupósti greindi (E)frkvstj-innanl frá því að verið væri að skoða stofnun á sameiginlegu félagi Samskipa og Eimskips sem „tæki yfir alla vöruafgreiðslustarfsemi, innansvæðisdreifingu á landsbyggðinni og einnig flutninga til/frá Reykjavík út á land“ fyrir fyrirtækin. Kom fram að þetta myndi þýða að hjá bæði Samskipum og Eimskip myndu þeir til fjórir starfsmenn af hverjum tíu á landsbyggðinni missa vinnuna. Vildi (E)frkvstj-innanl ekki halda viðræðum við Samskip um þetta áfram nema með samþykki (E)forstj og (E)frkvstj-Eimísl. (E)forstj svaraði samdægurs og lagði fyrir (E)frkvstj-innanl að halda viðræðunum áfram.

4592. Í glærukynningu (E)frkvstj-innanl frá 14. október 2008 er finna sömu ráðagerð um umfangsmikla samvinnu við Samskip í landflutningum og gert var í glærum hans frá 30. september 2008.

4593. Ljóst er að það hefði vakið mikla athygli ef Samskip og Eimskip hefðu lagt saman landflutningastarfsemi sína. Blasir við að fyrirtækin gátu ekki framkvæmt slíka augljósa og opinbera samvinnu án þess að hún yrði skoðuð á grundvelli samkeppnislaga. Óskuðu Samskip og Eimskip eftir fundi með Samkeppniseftirlitinu.

11.11.7. Fundur 16. október 2008

4594. (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl komu á fund Samkeppniseftirlitsins 16. október 2008. Með vísan m.a. til yfirstandandi efnahagsörðugleika greindu framkvæmdastjórnarnir frá því að Eimskip og Samskip væru að ræða saman um samstarf eða samruna fyrirtækjanna í landflutningum. Væri til skoðunar annars vegar að stofna sérstakt félag um vöruafgreiðslur og flutningabifreiðar fyrirtækjanna eða samnýta þessar eignir fyrirtækjanna.

4595. Á fundinum var ekki greint frá samkomulagi Samskipa og Eimskips um ólögmetta markaðsskiptingu frá því í september 2008. Þá var ekki greint frá „Nýtt upphaf“ verkefninu og ítrekuðum samskiptum lykilstjórnenda fyrirtækjanna. Var mikilvægum upplýsingum því haldið frá Samkeppniseftirlitinu og eftirlitið afvegaleitt.

4596. Í kjölfar fundarins með Samkeppniseftirlitinu barst engin samrunatilkynning eða beiðni um undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga frá fyrirtækjunum þrátt fyrir að þeim hafi mátt eða verið það ljóst að þess var þörf. Þrátt fyrir að þessi útfærsla á samstarfi Samskipa og Eimskips í landflutningum hafi verið lögð til hliðar var áfram stunduð ólögmett markaðsskipting í landflutningum og unnið samkvæmt



ólögmætum samningum um samstarf á einstaka flutningaleiðum og vöruafgreiðslustöðvum. Í bréfi Samskipa frá 24. nóvember 2017 er haft eftir (S)forstö-landfl að eftir fund (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl með Samkeppniseftirlitinu hafi honum verið falið að ganga til samstarfs við Eimskip.

11.11.8. Fundir 22. og 30. október 2008

4597. (E)frkvstj-innanl fundaði og átti samskipti við m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útlfl þann 22. október 2008. (S)frkvstj-innanl sat ekki þann fund.
4598. Gögn málsins gefa einnig til kynna að (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl hafi fundað aftur í lok október 2008. Hafi þeir a.m.k. fundað 31. október og mögulega einnig 29. október 2008.
4599. Samskipti Samskipa og Eimskips 22. október 2008 voru hluti af ólögmætu samráði fyrirtækjanna vegna breytinga á siglingakerfum, takmörkun á flutningsgetu og viðskiptum við Alcoa, sbr. umfjöllun í næsta kafla. Samkeppniseftirlitið telur að samskipti (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl 31. október 2008 hafi falið í sér frekari undirbúning fyrir aukið samstarf fyrirtækjanna í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið.

11.11.9. Niðurstaða

4600. Við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýstu hvorki Samskip né Eimskip um samtal (S)rekststj-landfl2 og (E)rekststj-landfl 8. september 2008. Hið sama gildir um fund (S)forstö-landfl, (S)rekststj-landfl3, (E)svæðisstj1 og (E)þjstj-Austur 9. september 2008²¹⁷⁷ og um samskipti (S)rekststj-landfl3 og (E)þjstj-Austur í kjölfarið. Ekki voru heldur veittar upplýsingar um samskipti (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl 17. september 2008 og 30. október 2008. Voru því ekki afhentar fundargerðir eða önnur samtímagögn sem gefa til kynna umræðuefni í þessu. Ef engar fundargerðir eða önnur gögn eru til sem sýna umræðuefni á fundi keppnauta getur það gefið til kynna að þátttakendur á fundinum hafi viljað leynd því sem rætt var á honum.
4601. Við skýrslutöku hjá lögreglu kváðust (S)aðaleig-stjform-SH og (E)forstj ekkert vita um þessi samskipti fyrirtækjanna og í athugasemdum Samskipa við AI koma ekki fram neinar trúverðugar skýringar til stuðnings því að umrædd gögn gefi ekki til kynna ólögmætt samráð Samskipa og Eimskips.
4602. Tilgangur framangreindra samskipta Samskipa og Eimskips 8., 9., 17. september og 31. október 2008 var að vinna að verkefni fyrirtækjanna sem hafði það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Fólu samskiptin því í sér ólögmætar samstilltar aðgerðir. Þá sýnir tölvupóstur (E)svæðisstj1 til (E)frkvstj-innanl 16. september 2008 að Samskip og Eimskip náðu saman um ólögmæta skiptingu landflutningamarkaða. Í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið er viðurkennt að fyrirtækið hafi eftir 6. júní 2008 átt í ólögmætu samráði við Samskip um „landflutningaþjónustu á flutningaleiðum á Íslandi og skiptingu á mörkuðum á tilteknum flutningaleiðum.“

11.12. Sjóflutningar: Undirbúningur á frekari takmörkun á flutningsgetu og auknu samstarfi haustið 2008

4603. Eftir fund (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl 14. ágúst 2008 var stefnt að því að þessir stjórnendur myndu hittast aftur 22. ágúst 2008. Þeim fundi var hins vegar frestað. (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl ræddu saman í síma 27. ágúst 2008.
4604. Samskipti stjórnenda sjóflutninga Samskipa og Eimskips héldu áfram í september og október 2008. Miðuðu þau ekki síst að undirbúningi fyrir frekari breytingum á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu.

²¹⁷⁷ Samskip upplýstu um samskipti [...]



4605. Huga verður hér sérstaklega að atvikum sem tengjast Alcoa. Vegna mismunandi aðstæðna í innflutningi og útflutningi var vandasamt fyrir Samskip að takmarka flutningsgetu og gera breytingar á siglingakerfum á þessum tíma. Slæmar horfur í efnahagsmálum og síðan efnahagshrunið drógu úr innflutningi. Aðstæður voru á hinn bóginn allt aðrar í útflutningi og mikill vöxtur, ekki síst vegna aukinnar álframleiðslu Alcoa. Viðfangsefni Samskipa var því að að tryggja sem mestar tekjur af flutningum fyrir Alcoa annars vegar og takmarka flutningsgetu hins vegar. Ef sú takmörkun yrði of mikil gæti það ógnað eða komið í veg fyrir flutninga fyrir Alcoa og sýna samtímagögn að Samskip skoðuðu áhrif þessa á tekjur fyrirtækisins. Þetta mátti leysa með því að Eimskip yrði falið að sinna þeim flutningum sem Samskip gátu ekki sinnt eftir að hafa takmarkað flutningsgetu sína. Sú tillaga eða hugmynd kom fram í skjölunum sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk send kvöldið fyrir fund hans og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 25. júlí 2008. Þá ber að áréttta að nokkrum klukkustundum eftir fund (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 með Eimskip 14. ágúst 2008 boðaði (S)aðaleig-stjform-SH þá tvo og (S)forstö-útfll til fundar daginn eftir. Átti á þeim fundi að fjalla um næstu skref varðandi breytingar á siglingakerfinu. Einnig þyrfti að ræða „strategíu“ gagnvart Alcoa og féll þar undir áformuð verðhækkun gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini. Einnig var í samtímagögnum rætt um „taktík“ gagnvart Alcoa. Tveimur virkum dögum eftir fundinn með Eimskip, þ.e. 18. ágúst 2008, óskuðu (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útfll eftir fundi með Alcoa og ráðgerðu Samskip að ræða verðhækkunar á tæplega árgömlum samningi við Alcoa um útflutning á áli í gámum til Evrópu.
4606. Sem fyrr segir héldu viðræður (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl1 áfram í september og október 2008. Samtímagögn bæði Samskipa og Eimskips frá sama tímabili gefa skýrt til kynna viðræður fyrirtækjanna um þann möguleika að hluti flutninga Samskipa fyrir Alcoa myndi færast til Eimskips. Samhliða samskiptum Samskipa við Eimskip átti fyrirtækið í viðræðum við Alcoa um hækkun á verði. Á þessu tímabili unnu Samskip og Eimskip einnig að öðrum verðhækkunum. Mikilvægt er að virða þessar staðreyndir saman.

11.12.1. Fundur fyrirhugaður 4. september 2008

4607. Til stóð að næsti fundur umræddra stjórnenda Samskipa og Eimskips yrði haldinn milli kl. 14:00 og 15:00 þann 4. september 2008. Fundargerð Eimskips frá 2. september 2008 sýnir að (E)forstö-innfl1 ráðgerði að eiga fund með Samskipum fimmtudaginn 4. september 2008 til að ræða um verðhækkun.
4608. (S)aðaleig-stjform-SH hafði boðað (S)frkvstj-millilandasv á fund morguninn fyrir fyrirhugaðan fund með Eimskip, nánar tiltekið kl. 09:30 þann 4. september 2008. Á þeim fundi átti að ræða „skipakerfi“. (S)frkvstj-millilandasv vistaði kl. 09:58 sama morgun glærुकynningu sem bar heitið „Siglingakerfi Samskipa“.
4609. Í þessari glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv var fjallað um breytingar á siglingakerfi Eimskips og mögulegar breytingar á siglingakerfi Samskipa. Reiknaður var út ávinningur af því að fækka skipum í siglingum til og frá Íslandi. Í kynningunni voru taldir upp mjög mikilvægir viðskiptavinir Eimskips (m.a. Ölgerðin og Byko) og sagt að „stóra spurningin“ væri hvað „gera skal“ með viðskipti við þessa viðskiptavini Eimskips. Í glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv daginn eftir fundinn með Eimskip 5. september 2008 var lagt til svar við þessari stóru spurningu.

11.12.2. Fyrirhuguðum fundi frestað

4610. Klukkan 10:58 þann 4. september 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv tilkynningu til (E)forstö-innfl1 um að hann kæmist ekki á fyrirhugaðan fund fyrirtækjanna eftir hádegið þann dag. Um hálf tíma síðar sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til Alcoa og setti fram beiðni um að haldinn yrði fundur eins fljótt og kostur væri. Nokkrum mínútum eftir að (S)frkvstj-millilandasv sendi fundarboð til Alcoa sendi hann fundarboð til (S)forstö-innfl1 með nýjum fundartíma fyrir fund Samskipa og Eimskips. Hafði (S)frkvstj-millilandasv þá fært fundinn til næsta dags, milli kl. 08:30 og 09:30 þann 5. september 2008.



4611. Milli kl. 13:00 og 14:00 þann 4. september 2008 funduðu meðlimir Eimskips í „Nýtt upphaf“ vinnuhópnum ((E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv) og ræddu mögulegar breytingar á siglingakerfi Eimskips í Norður-Ameríku flutningum. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að á þessum tíma féllu siglingakerfi og Norður-Ameríku flutningar ekki undir ábyrgðarsvið (E)frkvstj-alþjsv hjá Eimskip. Sýnir þessi fundur með (E)forstj áframhaldandi aðkomu (E)frkvstj-alþjsv að „Nýtt upphaf“ verkefninu og undirbúning Eimskips fyrir fundinn með Samskipum daginn eftir þar sem m.a. var rætt um þann verkþátt samráðsverkefnisins sem tók til Norður-Ameríku flutninga.
4612. Eftir hádegið 4. september 2008 sátu m.a. (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 langan fund sem bókaður var milli kl. 13:30 og 19:00. Verður að telja að þessi fundur hafi verið liður í undirbúningi fundar (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 með lykilstjórnendum Eimskips morguninn eftir.

11.12.3. Fundir 5. og 17. september 2008

4613. Klukkan 08:30 – 09:30 föstudaginn 5. september 2008 var haldinn áður nefndur fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl. Samkvæmt dagbók (E)forstö-innfl var heiti fundarins „Ameríkusamningur“.
4614. Þennan sama dag og fundurinn með Eimskip var haldinn vann (S)aðaleig-stjform-SH í skjali sem gerði ráð fyrir samstarfi við Eimskip vegna breytingu á siglingakerfi og takmörkun á flutningsgetu Samskipa. Voru flutningarnir fyrir Alcoa nefndir í því samhengi. Höfðu samskonar hugmyndir komið fram í skjalinu „Siglingakerfi – hagræðing“ sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk sent kvöldið fyrir fund hans og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 25. júlí 2008.
4615. Alcoa flutningar Samskipa voru einnig til umfjöllunar hjá Eimskip 5. september 2008. Sem fyrr segir var fundurinn með Samskipum haldinn að morgni 5. september 2008. Strax eftir fundinn áttu (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl bókaðan tveggja klukkustunda langan fund með öðrum lykilstjórnendum Eimskips, þ. á m. (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-skiparekst. Eftir hádegi þann dag sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl og vísaði til samtals við (E)frkvstj-flutnkerf á „fundinum í morgun“. Í tölvupóstinum var vísað til Samskipa, flutninga á áli fyrir Alcoa og til fyrirtækisins sem annaðist skipafgreiðslu í Rotterdam vegna útflutnings Samskipa á áli fyrir Alcoa (Steinweg). Hafa ber í huga að vísað var til Steinweg í umræddu skjali sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk sent kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008. Í því skjali var m.a. fjallað um samstarf við Eimskip í tengslum við takmörkun á flutningsgetu Samskipa. Ef Samskip myndu fækka skipum í siglingum úr fjórum í þrjú myndi Eimskip sinna hluti af álútflutningi fyrir Alcoa „fyrir“ Samskip. Í því samhengi var vísað til þess að bæði Eimskip og Samskip hefðu af því ábata ef Eimskip mynda samþykkja að nota gámasvæði Steinweg í Rotterdam fyrir geymslu á gámum vegna útflutnings fyrir Alcoa.
4616. Daginn eftir fund (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 með Eimskip, þ.e. laugardaginn 6. september 2008, sendi (S)frkvstj-millilandasv glærुकynningu til (S)aðaleig-stjform-SH. Í kynningunni setti (S)frkvstj-millilandasv fram fimm mismunandi útfærslur á breyttu siglingakerfi Samskipa og takmörkun á flutningsgetu. Var lagt mat á áhrif þessara útfærslna á afkomu fyrir bæði Samskip og Eimskip.
4617. Í fyrrgreindri glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv var jafnframt var gert ráð fyrir auknu samstarfi milli Samskipa og Eimskips og að mikilvægir viðskiptavinir færðust á milli fyrirtækjanna. Ein hugmyndin var að Samskip myndu hætta að sigla til Grundartanga og flutningar Samskipa fyrir Elkem á Grundartanga myndu færast til Eimskips. Á móti myndu flutningar Eimskips fyrir BYKO færast til Samskipa. Í kynningunni var jafnframt fjallað um þá útfærslu að hluti af flutningum Samskipa fyrir Alcoa myndu færast yfir til Eimskips og Eimskip myndi sinna flutningum á því umframmagni sem Samskip sinntu ekki vegna takmörkunar á flutningsþjónustu og skertrar þjónustu til Alcoa. Voru því í skjali (S)frkvstj-millilandasv áfram settar fram hugmyndir um ólögmæta markaðsskiptingu Samskipa



og Eimskips í tengslum við fyrirhugaðar breytingar Samskipa á siglingakerfinu og takmörkun á flutningsgetu.

4618. Þegar framangreind gögn frá 4.-6. september 2008 eru virt ber einnig að horfa til fundar Samskipa og Eimskips 17. september 2008 og eftirfarandi gagna frá sama mánuði:

- Á stjórnarfundum Samskipa Holding 8. september 2008, þ.e. fyrsta virka daginn eftir fundinn með Eimskip, gerði (S)aðaleig-stjform-SH grein fyrir „*cooperation with Eimskip*“ vegna „*sailing system*“ og verið sé m.a. að skoða að draga úr flutningsgetu í sjóflutningum. Einnig greindi (S)aðaleig-stjform-SH frá því að vinna væri í gangi við að undirbúa verulegar verðhækkunar gagnvart Alcoa og auka gjaldtöku á viðskiptavinum (umfram það sem hafði þegar verið hækkað í miklum verðhækkunum Samskipa 1. september 2008).
- Þremur virkum dögum eftir fundinn með Samskipum, þ.e. 10. september 2008, sendi (E)frkvstj-flutnkerf til (E)frkvstj-EimÍsl samanburð á siglingakerfi Eimskips og Samskipa og fjallaði sérstaklega um kerfi Samskipa sem tengdist Reyðarfirði og þar með sjóflutningum fyrir Alcoa. Daginn eftir gaf (E)frkvstj-EimÍsl (E)frkvstj-flutnkerf fyrir mæli um „*stilla saman*“ kostnaði, burðargetu álflutninga og annað í siglingakerfum Eimskips og Samskipa. Tengdist þetta annars vegar álflutningum fyrir Alcoa og hins vegar flutningum Samskipa sem gátu tengt saman Reyðarfjörð – Færeyjar – Immingham á Bretlandi. Varðandi síðarnefnda atriðið þá ber að líta til þess að með takmörkun Eimskips á flutningsgetu í ágúst 2008 datt út tenging milli Reyðarfjarðar og Bretlands og hamlaði það útflutningi Eimskips á fiski frá Austurlandi.
- Fundargerð vegna fundar (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl 15. september 2008 styður að til skoðunar var hjá Samskipum og Eimskip að tryggja Eimskip fasta aðkomu að álflutningum Samskipa fyrir Alcoa. Jafnframt átti að athuga hvort unnt væri að senda „*ferskan fisk með Samskip til Færeyja þar sem að honum er siglt áfram til Immingham.*“
- Sama dag og (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl ræddu um Alcoa, 15. september 2008, áttu (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útl fund með Alcoa. Á þessum fundi og þann 19. september 2008 settu Samskip fram kröfu um verðhækkun gagnvart Alcoa.
- Þann 17. september 2008 funduðu (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl. Á þeim fundi var ekki aðeins rætt um aukið samstarf í landflutningum heldur náðu fyrirtækin saman um gagnkvæma sjóflutninga milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. Eftir að Samskip takmörkuðu flutningsgetu í lok október 2008 féllu niður sjóflutningar fyrirtækisins milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. Á grundvelli þessa samkomulags flutti Eimskip tóma gáma Samskipa frá Reykjavík til Reyðarfjarðar sem voru síðan notaðir til flytja út ál Alcoa. Var þetta samkomulag frá 17. september 2008 því hluti af samstarfi og undirbúningi fyrir fyrirhugaða takmörkun Samskipa á flutningsgetu.
- Þann 21. september 2008 sendi (S)forstö-flutnstj tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útl. Meðfylgjandi var glærukynningin: „*Siglingakerfi Samskip – Aðlögun kerfa að minnkandi innflutningsmagn*“. Í henni var rætt um tvær aðferðir og m.a. hver væri „*ávinningur keppinauta af þeim*“. Aftur var sett fram sú hugmynd að Samskip myndu hætta að sigla á Grundartanga og gefi þannig frá sér viðskiptin við Elkem en á móti myndu BYKO viðskipti Eimskips færast til Samskipa. Enn á ný voru þannig í tengslum við samskipti fyrirtækjanna og fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfinu settar fram hugmyndir hjá stjórnendum Samskipa sem fela í sér ólögmetna markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips.
- Innan Eimskips var einnig unnið frekar að verkþáttum sem féllu undir „*Nýtt upphaf*“ verkefnið. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-skiparekst og/eða (E)frkvstj-EimÍsl áttu ítrekaða fundi eða samtöl við (E)forstj og/eða (E)frkvstj-alþj, eða a.m.k. mánudaginn 22. september, laugardaginn 27. september og mánudaginn 29. september 2008. Þann 1. október 2008 ræddu (E)frkvstj-EimÍsl og (S)frkvstj-millilandasv saman í síma.



4619. Samkvæmt þessu voru í september 2008 unnið að og ítrekað settar fram hugmyndir sem fela í sér ólögmæta markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips. Dómaframkvæmd í samkeppnisrétti sýnir að tillögur af þessum toga geta, einar og sér, haft sönnunargildi, þar sem reynslulögmál sýna að keppinautar sjaldnast undirbúa samkeppnishamlandi tillögur eða eiga í samkeppnishamlandi viðræðum nema fyrir hendi sé viss sameiginlegur skilningur á milli þeirra. Tilvísun til t.d. markaðsskiptingar í slíkum gögnum gefur vísbendingu um að hún sé fyrir hendi eða að keppinautar séu sameiginlega að undirbúa slíka skiptingu. Slík gögn geta því stutt við niðurstöðu um ólögmætt samráð.
4620. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv, dags. 9. júlí 2008, og skjalinu sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk í hendur kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008 komu einnig fram samkeppnishamlandi tillögur um m.a. markaðsskiptingu sem telja verður að Samskip og Eimskip hafi rætt um á fundunum 9. og 25. júlí 2008. Þegar þessi gögn eru virt saman með samskiptum Samskipa við Eimskip á umræddu tímabili veita þau ríkar vísbendingar um að Samskip og Eimskip hafi rætt saman um aðgerðir sem höfðu að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.
4621. Við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýstu hvorki Samskip né Eimskip um fund (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl 5. september 2008 eða fund (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl 17. september 2008. Voru því ekki afhentar fundargerðir, minnispunktir eða önnur samtímagögn sem gefa til kynna umræðuefni í þessum samskiptum fyrirtækjanna. Í athugasemdum Samskipa koma heldur ekki fram neinar trúverðugar skýringar til stuðnings því að umrædd gögn gefi ekki til kynna ólögmætt samráð Samskipa og Eimskips.
4622. Horfa ber hér einnig til þess að í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 er viðurkennt að alvarlegt ólögmætt samráð Eimskips og Samskipa hafi hafist með fundinum 6. júní 2008, sbr. nánari tilgreining í 1. gr. sáttarinnar. Er þessi viðurkenning Eimskips í samræmi við samtímagögn.

Niðurstaða

4623. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að á fundi Samskipa og Eimskips 5. september 2008 hafi verið fjallað um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Hið sama á við um fundinn 17. september 2008, sbr. umfjöllun hér að framan um samráð í landflutningum. „Nýtt upphaf“ verkefnið hafi haft það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af því leiðir að öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um einstaka verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Á það meðal annars við um samskipti fyrirtækjanna 5. og 17. september 2008.
4624. Þegar þau samtímagögn sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað eru virt saman ásamt öðrum gögnum málsins verður að telja að á fundinum 6. september 2008 hafi Samskip og Eimskip rætt um aukið ólögmætt samráð í sjóflutningum til og frá Íslandi og að fundurinn hafi verið liður í framkvæmd verkþáttarins „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að á fundinum hafi verið rætt um breytingu siglingakerfa og takmörkun á flutningsgetu. Einnig hafi verið fjallað um aðgerðir tengdar þessu sem fólu í sér markaðsskiptingu, þ.e. möguleg tilfærsla á mikilvægum viðskiptavinum og aðkomu Eimskips að flutningum Samskipa fyrir Alcoa. Þá hafi verið rætt um aukið samstarf í Norður-Ameríku flutningum. Var þessi fundur, líkt og aðrir fundir, vettvangur fyrir skipulagningu, framkvæmd og framgang hins ólögmæta samráðs fyrirtækjanna á þessum tíma.
4625. Á fundi Samskipa og Eimskips 17. september 2008 var rætt um aukið samráð í landflutningum. Á fundinum átti sér jafnframt stað samráð í sjóflutningum sem m.a. tengdist fyrirhugaðri takmörkun Samskipa á flutningsgetu og flutningum fyrir Alcoa.
4626. Samskip og Eimskip héldu áfram viðræðum og unnu að þessum málefnum í október 2008.



11.12.4. Samtal 1. október og fundur 6. október 2008

4627. Eins og áður segir ræddu (E)frkvstj-EimÍsl og (S)frkvstj-millilandasv saman miðvikudaginn 1. október 2008. Þennan dag boðaði (E)frkvstj-EimÍsl bæði (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl til fundar með Samskipum og vísaði í fundarboðinu til samtals við (S)frkvstj-millilandasv. Þessi fundur fyrirtækjanna var haldinn mánudaginn 6. október 2008.
4628. Daginn eftir samtal (E)frkvstj-EimÍsl og (S)frkvstj-millilandasv fékk (E)frkvstj-flutnkerf send drög frá samstarfsmanni að gagnkvæmum samningi milli Samskipa og Eimskips um leigu á gámum ásamt yfirlýsingu um að fyrirtækin myndu styðja við viðskiptasamstarf hvors annars. Var þetta undanfari aukins gámasamstarfs fyrirtækjanna sem hófst eftir fund þeirra 6. október 2008. Aukið gámasamstarf fól í sér meiri samnýtingu fyrirtækjanna á búnaði og tengdist samnýtingu á flutningakerfum. Var þetta í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins.
4629. Helgina fyrir fund Samskipa og Eimskips 6. október 2008 gerðist þetta:
- Samskip fóru 15. og 19. september 2008 fram á verðhækkun gagnvart Alcoa. Laugardaginn 4. október 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og spurði hvort svar hefði borist frá Alcoa. (S)frkvstj-millilandasv svaraði tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH neitandi.
 - Sunnudaginn 5. október 2008 sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv. Lagði (E)frkvstj-flutnkerf til að á fundinum daginn eftir yrði rætt um „gámamál í USA“ og flutninga Samskipa fyrir Eimskip frá Reyðarfirði til Færeyja.
 - Sama sunnudag bókaði (S)aðaleig-stjform-SH þá (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-fjárm á fund daginn eftir kl. 09:00 -10:00. Um kvöldið sendi (S)aðaleig-stjform-SH sér minnisatriði fyrir sjálfan sig. Þar voru m.a. atriði sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið, t.d. „kerfispælingar“, Silver Sea og Færeyjar.
4630. Mánudaginn 6. október 2008 var eins og áður greinir haldinn fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl. Hófst fundurinn kl. 13:15 þennan dag.
4631. Líta ber til þess að (S)frkvstj-millilandasv hafði fundað fyrir hádegi sama dag með m.a. (S)aðaleig-stjform-SH. Jafnframt vann (S)frkvstj-millilandasv sama morgun í skjölum sem tengdust „Nýtt upphaf“ verkefninu. Um klukkustund fyrir fundinn með Eimskip vistaði (S)frkvstj-millilandasv þannig skjöl þar sem fjallað var um breytingar á siglingakerfinu og áhrif þeirra á tekjur af flutningum fyrir Alcoa á Reyðarfirði og Elkem á Grundartanga. Sýnir þetta að (S)frkvstj-millilandasv undirbjó sig með samskonar hætti fyrir þennan fund með Eimskip og hann hafði gert fyrir fundina með Eimskip 14. ágúst og 5. september 2008. Jafnframt hafði undirmaður hans (S)forstö-flutnstj með áþekktum hætti undirbúið viðræður (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH við Eimskip 25. júlí 2008, sbr. skjölin sem hann sendi (S)aðaleig-stjform-SH um kvöldið 24. júlí sama ár.
4632. Um kvöldið 6. október 2008 vistaði (S)frkvstj-millilandasv glærukynningu. Fjallaði hún enn á ný um takmörkun á flutningsgetu Samskipa, en í þetta sinn miðað við að skipum fyrirtækisins yrði fækkað úr fjórum í tvö. Var gert ráð fyrir að með slíkri breytingu myndu Samskip missa álf lutninga fyrir Alcoa. Samskip myndu áfram sinna Grundartanga en fyrirtækið myndi hætta siglingum til Vestamannaeyja og Færeyja. Stuttu síðar sama kvöld boðaði (S)aðaleig-stjform-SH m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl til fundar morguninn eftir.
4633. Þann 7. október 2008 fundaði (S)frkvstj-millilandasv með (S)aðaleig-stjform-SH og hélt áfram að skoða atriði tengd mögulegum breytingum á siglingakerfi og takmörkun á flutningsgetu Samskipa. Stillti hann upp í skjali tveimur sviðsmyndum. Annars vegar að viðskipti Eimskips við Ölgerðina myndu færast til Samskipa og að viðskipti Samskipa við Elkem á Grundartanga myndu færast til Eimskips. Hins vegar að Ölgerðin yrði áfram hjá Eimskip og Elkem áfram hjá Samskipum. Í skjalinu var gert ráð fyrir að Eimskip myndu annast hluta af útflutningi Alcoa til Evrópu. Aftur voru þannig settar fram



hugmyndir sem fólu í sér ólögsmæta markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips. Samhengisins vegna er rétt að hafa þetta í huga þegar þetta og önnur skjöl (S)frkvstj-millilandasv frá september og október 2008 eru virt:

- Af samráði Eimskips og Samskipa leiddi að Eimskip hóf í lok nóvember 2008 reglubundinn gámaútflutning á áli Alcoa til Rotterdam, þ.e. þeim hluta sem Samskip sinntu ekki vegna takmörkunar á flutningsgetu.
- Samskip virtu markaðsskiptinguna við Eimskip og reyndu ekki að ná Ölgerðinni til sín í viðskipti þegar sá mikilvægi viðskiptavinur Eimskips bauð á árinu 2009 út flutningaviðskipti sín.

4634. Í sviðsmyndum (S)frkvstj-millilandasv á þessum tíma fólst óhjákvæmilega að þjónusta Samskipa gagnvart Alcoa myndi a.m.k. versna. Eftir sem áður héldu Samskip kröfum sínum um verðhækkun til streitu gagnvart Alcoa og höfðu sökum samráðsins ekki áhyggjur af mögulegum samkeppnislegum viðbrögðum Eimskips. (S)frkvstj-millilandasv sendi þannig tölvupóst til Alcoa þann 8. október 2008. Alcoa svaraði samdægurs og hafnaði verðhækkunarkröfu Samskipa. (S)frkvstj-millilandasv áframsendi samstundis svar Alcoa til (S)aðaleig-stjform-SH og sagði að þeir þyrftu að hitta stjórnendur Alcoa hið fyrsta. Þessi snöru viðbrögð (S)frkvstj-millilandasv við neikvæðu svari Alcoa eru rökrétt enda sýna gögn málsins að Samskip unnu á þessum tíma markvisst að breytingu siglingakerfis síns og takmörkun á flutningsgetu. Í þessu fólst að Samskip myndu halda a.m.k. hluta viðskipta sinna við Alcoa, ná fram verðhækkun ásamt því að skerða þjónustu til þessa viðskiptavinar. Það var því mikilvægt fyrir Samskip og áframhaldandi framgang samráðsins við Eimskip að náð yrði samningum við Alcoa.
4635. (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv áttu síðan fund með Alcoa 10. október og þann 13. október funduðu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv með (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfll og (S)forstö-flutnstj og ræddu m.a. um Alcoa í tengslum við takmörkun á flutningsgetu og kröfu um verðhækkun. Heiti fundarins var „Kerfi/kúnnar-strategía“ og eitt fundarefnið var „Alcoa-taktík“.
4636. Fjallað var um flutninga á áli fyrir Alcoa til Evrópu í skjali Eimskips sem tekið var saman nokkrum dögum eftir fundinn með Samskipum 6. október 2008, nánar tiltekið 11. október 2008. Hér ber að rifja upp eftirfarandi: Í (1) gögnunum sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk send kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008 var nefndur sá möguleiki að í tengslum við takmörkun á flutningsgetu Samskipa myndi hluti af flutningum fyrirtækisins fyrir Alcoa færast til Eimskips. Í (2) glærukynningunni sem (S)frkvstj-millilandasv vistaði daginn eftir fundinn með (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl 5. september 2008 var einnig nefndur sá möguleiki að hluti af flutningum Samskipa fyrir Alcoa myndi færast til Eimskips. Fundargerð (3) vegna fundar (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl 15. september 2008 sýnir að þessir viðmælendur Samskipa töldu líkur á því að Eimskip gæti fengið fasta aðkomu að álflutningum Samskipa fyrir Alcoa. Samskonar atburðarrás átti sér stað eftir fund Samskipa og Eimskips 6. október 2008. (4) (S)frkvstj-millilandasv fjallaði um þennan möguleika 7. október 2008 og (5) fjallað var um hið sama í umræddu skjali Eimskips frá 11. október 2008. Um var að ræða drög að viðskiptaáætlun fyrir árið 2009 sem (E)svæðisstj1 sendi þann 11. október 2008 til (E)frkvstj-innanl. Þar kemur fram að „spennandi tímar“ séu framundan hjá Eimskip og nefnt í því sambandi að mögulega geti hluti af álflutningum Samskipa fyrir Alcoa verið sinnt af Eimskip.
4637. Þessi gögn Eimskips frá 15. september og 11. október 2008 sýna að það var álitinn raunverulegur möguleiki að hluti af þessum flutningum Samskipa gæti farið til Eimskips. Hafa ber í huga að hvorki 15. september eða 11. október 2008 hafði Alcoa vitneskju um það að Samskip myndu takmarka flutningsgetu og þannig ekki geta sinnt öllum útflutningi á áli Alcoa til Evrópu. Rifja ber upp að samtímagögn sýna að Samskip töldu sig eiga tilkall til alls útflutnings Alcoa á áli til Evrópu. Skýringin á því að Eimskip töldu raunhæft að leggja til grundvallar að hluti flutninga Samskipa fyrir Alcoa myndi færast til Eimskips er hið ólögsmæta samráð sem fyrirtækið hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.



4638. Þann 9. október 2008 sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf. Taldi hann að náðst hefði samkomulag við Samskip tengt Norður-Ameríku samstarfinu á fundinum 6. október 2008. Kom m.a. fram að rætt hafi verið við Samskip um „tengingu við Transatlantic verð“, en þau verð tengdust þeirri samkeppni sem Samskip gátu veitt Eimskip í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Svar (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstö-innfl sama dag fjallaði m.a. um samnýtingu og aukna gámasamvinnu fyrirtækjanna sem var hluti af samráði fyrirtækjanna á þeim tíma.
4639. Sem áður segir ræddu (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl saman 1. október 2008 og daginn eftir fékk (E)frkvstj-flutnkerf send drög að gagnkvæmum samningi milli Eimskips og Samskipa um leigu á gámum. Í tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-millilandasv 5. október 2008 kom fram að m.a. ætti ræða gámamál á fundi fyrirtækjanna daginn eftir. Þann 13. október 2008 var síðan tekið fram innan Eimskips að gerður hefði verið nýr samningur við Samskip um gámaleigu. Sýnir þetta framgang í „Nýtt upphaf“ verkefninu.
4640. Við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýstu hvorki Samskip né Eimskip um fund (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl 6. október 2008. Hið sama gildir um samtal (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl 1. október 2008. Voru því ekki afhentar fundargerðir, minnispointar eða önnur samtímagögn sem gefa til kynna umræðuefni í þessum samskiptum.
4641. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)frkvstj-millilandasv spurður um áður nefndan tölvupóst sem (E)frkvstj-flutnkerf sendi honum 5. október 2008, fundinn sem hann sat ásamt (S)forstö-innfl1 með (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl 6. október 2008 og skjölin sem hann vann í fyrir og eftir fundinn með Eimskip. (S)frkvstj-millilandasv staðhæfði ranglega að á fundinum 6. október 2008 hafi aðeins verið rætt um Norður-Ameríku flutninga. Þegar honum var bent á að tölvupósturinn frá (E)frkvstj-flutnkerf sýndi annað bar hann við minnisleysi. Kvað (S)frkvstj-millilandasv sínar eigin hugmyndir í skjölunum um að Eimskip og Samskip skiptust á viðskiptavinum aðeins vera „einhverjar fabúleringar“. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst (S)aðaleig-stjform-SH ekkert vita um þessi atvik. Í athugasemdum Samskipa koma heldur ekki fram neinar trúverðugar skýringar til stuðnings því að umrædd gögn gefi ekki til kynna ólöglegt samráð Samskipa og Eimskips.
4642. Við mat á þessum atvikum hefur þýðingu að í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 er viðurkennt að alvarlegt ólöglegt samráð Eimskips og Samskipa hafi hafist með fundinum 6. júní 2008, sbr. nánari tilgreining í 1. gr. sáttarinnar. Er viðurkenning Eimskips í samræmi samtímagögn.

Niðurstaða

4643. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip og Eimskip hafi 1., 5. og 6. október 2008 fjallað um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Verkefnið hafi haft það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af því leiðir að öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt var um einstaka verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Á það meðal annars við um samskipti fyrirtækjanna 1., 5. og 6. október 2008.
4644. Þegar þau samtímagögn sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað eru virt saman ásamt öðrum gögnum málsins verður að telja að á fundinum 6. október 2008 hafi Samskip og Eimskip rætt um aukið ólöglegt samráð í sjóflutningum til og frá Íslandi og að fundurinn hafi verið liður í framkvæmd verkþáttarins „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að á fundinum hafi verið rætt um breytingu siglingakerfa, takmörkun á flutningsgetu og aukið gámasamstarf. Einnig hafi verið fjallað um aðgerðir tengdar þessu sem fólu í sér markaðsskiptingu, þ.e. möguleg tilfærsla á mikilvægum viðskiptavinum og aðkomu Eimskips að flutningum Samskipa fyrir Alcoa. Þá hafi verið rætt um aukið samstarf í Norður-Ameríku flutningum og verðlagningu á Trans Atlantic (TA) flutningum. Var þessi fundur, líkt og aðrir fundir, vettvangur fyrir skipulagningu, framkvæmd og framgang hins ólöglega samráðs fyrirtækjanna á þessum tíma.



Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samtal Samskipa og Eimskips 1. október og tölvupóstur Eimskips til Samskipa 5. október 2008 hafi falið í sér undirbúning fyrir þessar viðræður fyrirtækjanna.

11.12.5. Viðræður og tölvupóstsamskipti 14.-21. október 2008

4645. Stjórnendur sjóflutninga og siglingakerfa Samskipa og Eimskips héldu áfram samskiptum sínum síðar í október 2008. Þannig sendi (E)frkvstj-flutnkerf þann 14. október 2008 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv. Spurði hann hvort Samskip væru búin að skoða að sinna flutningum fyrir Eimskip frá Reyðarfirði til Færeyja.
4646. Sama dag vann (S)frkvstj-millilandasv áfram að takmörkun á flutningsgetu hjá Samskipum. Þann dag voru í tölvugögnum (S)frkvstj-millilandasv vistuð drög að viðauka við samning Samskipa og Alcoa sem fól í sér takmörkun á flutningsgetu Samskipa gagnvart Alcoa og verðhækkun.
4647. Sama dag sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl) og tiltók í honum það sem hann taldi hafa „náðst samkomulag um milli Eimskips og Samskip“ varðandi þann þátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tengdist auknu samstarfi í áætlunarsiglingum til og frá Norður-Ameríku. Staðfestir þetta að á fundinum 6. október 2008 var rætt um þann þátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Hér ber og að árétta að tölvupósturinn sem (E)forstö-innfl sendi 9. október 2008 til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl sýnir að á fundinum 6. október 2008 ræddu Samskip og Eimskip um verðlagningu á TA-flutningum sem voru að meira eða minna leyti í samkeppni við beina flutninga Eimskips milli Íslands og Norður-Ameríku.
4648. Vegna TA-flutninganna ber að hafa hér hugfast að (E)forstj fundaði með (S)frkvstj-N-Am, framkvæmdastjóra Samskipa í Norður-Ameríku, 25. júní 2008 og tveimur dögum seinna beindi (E)forstj þeim tilmælum til (E)frkvstj-flutnkerf að hann bæði Samskip um að hætta TA-flutningum í samkeppni við Eimskip. Samskip staðfesta að Eimskip hafi rætt við fyrirtækið um leggja af TA-flutninga og flytja allt með Eimskip en staðhæfa að fyrirtækið hafi hafnað þeirri ósk.²¹⁷⁸ Síðargreinda atriðið er í beinni andstöðu við tölvupóst sem (S)frkvstj-N-Am sendi til (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 þann 15. október 2008. Í tölvupóstinum kom fram að Samskip í Norður-Ameríku hafi frá miðju ári 2008 „stefnt allri frakt á Eimskip“. Í þessum tölvupósti (S)frkvstj-N-Am felst samkvæmt orðalagi sínu að Samskip hafi á þessum tíma dregið úr TA-flutningum í samkeppni við Eimskip og þess í stað beint Norður-Ameríku flutningum sínum til Eimskips. Kvað (S)frkvstj-N-Am þessa breytingu ekki hafa verið ábatasama fyrir Samskip í Norður-Ameríku en það hafi verið „hagur heildarinnar“ sem hafi ráðið „fö““. Var þetta í fullu samræmi við glæurnar „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í glærukynningunni sem (E)frkvstj-alþjv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir, tölvupóst (E)forstj frá 27. júní 2008 og minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. júlí og 9. júlí 2008. Endurspeglar framangreint framgang „Nýtt upphaf“ verkefnisins um aukið samstarf fyrirtækjanna.
4649. Seint að kvöldi 14. október 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv fundarboð til (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfll o.fl. með heitinu „Alcoa“. Boðaði hann til fundar morguninn eftir til að ákveða „næstu skref“.
4650. Fyrir hádegi 15. október 2008 áttu (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfll, (S)forstö-innfl1 umræddan „Alcoa“ fund. (S)aðaleig-stjform-SH sendi tölvupóst eftir fundinn og vísaði til niðurstöðu hans og verkaskiptingar milli fundarmanna. Sýnir sá tölvupóstur að á fundinum var auk Alcoa rætt um aukið samstarf við Eimskip og önnur málefni sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Í tölvupóstinum var (S)forstö-innfl1 falið að ræða við Eimskip „um almennt slotverð hjá þeim, hvort sem um er að ræða innfl eða útfll.“ Féll þetta undir aukið samstarf í sjóflutningi og samnýtingu flutningakerfa Samskipa og Eimskips, sbr. glæurnar „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í glærukynningunni sem (E)frkvstj-alþjv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir. Næsta skref var

²¹⁷⁸ Mgr. 934-937 í athugasemdum Samskipa við AI.



að Samskip og Eimskip myndu eiga viðræður um verðþáttinn. Gögn málsins sýna að (S)forstö-innfl1 ræddi við Eimskip þennan sama dag.

4651. Samkvæmt umræddum tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH var (S)frkvstj-millilandasv falið að ræða við Alcoa og sendi hann fyrirtækinu tölvupóst þennan sama dag þar sem vísað var til fundar deginum áður. Í tölvupóstinum fjallaði (S)frkvstj-millilandasv um atriði tengdri fyrirhugaðri takmörkun á flutningsþjónustu og atriði sem vörðuðu flutninga fyrir Alcoa.
4652. Sama dag, 15. október 2008, svaraði (S)frkvstj-millilandasv tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf frá deginum á undan. Sagði (S)frkvstj-millilandasv Samskip vilja gera „*almennan slot sharing samning*“ við Eimskip varðandi flutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda. Flutningar Samskipa fyrir Eimskip til Færeyja myndu falla þar undir. (E)frkvstj-flutnkerf svaraði tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv sama dag og sagði: „*Við erum tilbúnir að skoða allt komið með tillögu.*“ (S)frkvstj-millilandasv bað (S)forstö-innfl1 síðar sama dag að breyta „*neyðarsamkomulaginu*“ frá 2001 í „*slot sharing*“ samning og senda honum.
4653. Að kvöldi 15. október 2008 greindi (S)forstö-innfl1 (S)frkvstj-millilandasv frá viðræðum við Eimskip sem lutu að því að Eimskip myndi sinna sjóflutningum fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja. Eimskip myndi senda honum tillögu um verð morguninn eftir sem (S)forstö-innfl1 myndi nota sem „*innlegg*“ í slotsamninginn milli keppinautanna. Þetta og tölvupóstar (E)frkvstj-flutnkerf frá 5. og 14. október 2008 sýna að á þessum tíma voru m.a. til umræðu milli fyrirtækjanna annars vegar flutningar Samskipa fyrir Eimskip frá Reyðarfirði til Færeyja og hins vegar flutningar Eimskips fyrir Samskip frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Þar að auki var unnið að víðtækri samnýtingu flutningakerfa með samvinnu fyrirtækjanna í öllum sjóflutningum þeirra („*almennur slot sharing samningur*“).
4654. Að morgni 16. október 2008 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl og spurði hvort hann væri búinn að skoða flutninga Eimskips fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja. Ræddu þeir saman í kjölfarið.
4655. Síðar sama morgun greindi (S)forstö-innfl1 (S)frkvstj-millilandasv frá samtalinu við (E)forstö-innfl. Kvað hann Eimskip ætla að flytja fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja en (E)forstö-innfl ekki hafa gefið upp verð fyrir þá flutninga. Kvað (S)forstö-innfl1 (E)forstö-innfl hafa sagt að Eimskip vildi að verðið yrði svipað því verði sem Samskip myndu bjóða fyrir flutninga fyrir Eimskip frá Reyðarfirði til Færeyja. Einnig kvaðst (S)forstö-innfl1 vera að útbúa tillögu að almennum slotsamningi við Eimskip.
4656. Um kvöldið þennan sama dag sendi (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-millilandasv tillögu að almennum slotsamningi sem hann nefndi „*útvíkkað neyðarsamkomulag*“. Einnig ræddi hann um að breyta þyrfti verklagi hjá Samskipum ef fyrirtækið ætlaði að fara „*flytja meira*“ með Eimskip og nefndi þetta í dæmaskyni; „*s.s. frá Reykjavík til Færeyja og kannski frá Noregi til Reykjavíkur.*“
4657. Þann 17. október 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH fundarboð til (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-fjárm til að fara yfir stöðu mála kl. 15 sama dag. Meðal annars átti þar að ræða „*Siglingakerfi-(S)frkvstj-millilandasv -skipa og gámapælingar*“, „*Sölumál/strategíu út á markaðinn*“ og „*ebitda sept/okt/nóv*“. Klukkan 15:28 þennan dag vistaði (S)frkvstj-millilandasv nýja útgáfa af drögum að hinu „*útvíkkaða neyðarsamkomulagi*“ milli Samskipa og Eimskips sem tók til víðtæks almenns slotsamstarfs vegna sjóflutninga til og frá Íslandi. (S)frkvstj-millilandasv sendi þessi drög til (E)frkvstj-flutnkerf 20. október 2008, sbr. nánar hér á eftir.
4658. Við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýstu hvorki Samskip né Eimskip um framangreind samtöl fyrirtækjanna 15. og 16. október 2008. Voru því ekki afhentir minnisþingar eða önnur samtímagögn sem gefa til kynna umræðuefni í þessum samskiptum.
4659. Við skýrslutöku hjá lögreglu neitaði (S)frkvstj-millilandasv að tjá sig um framangreind tölvupóstsamskipti hans við (E)frkvstj-flutnkerf um „*almennan slot sharing samning*“ milli Eimskips og Samskipa. Jafnframt neitaði (S)frkvstj-millilandasv að tjá sig um drögin að samningnum sem hann



sendi (E)frkvstj-flutnkerf 20. október 2008. Kvaðst (S)aðaleig-stjform-SH ekkert vita um þetta. Í athugasemdum Samskipa koma ekki fram neinar trúverðugar skýringar til stuðnings því að hin tilvitnuðu samtímagögn bendi ekki til ólögmeats samráðs Samskipa og Eimskips.

4660. Horfa ber hér einnig til þess að í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 er viðurkennt að alvarlegt ólögmeatt samráð Eimskips og Samskipa hafi hafist með fundinum 6. júní 2008, sbr. nánari tilgreiningu í 1. gr. sáttarinnar. Er viðurkenning Eimskips í samræmi við samtímagögn.

Niðurstaða

4661. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að í samtölum Samskipa og Eimskips 15. og 16. október 2008 hafi verið fjallað um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Hið sama á við tölvupóstsamskiptin milli (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv sömu daga. „Nýtt upphaf“ verkefnið hafi haft það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af því leiðir að öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt var um einstaka verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Á það meðal annars við þessi samskipti fyrirtækjanna 15. og 16. október 2008.
4662. Framangreind gögn sýna áframhaldandi undirbúning Samskipa og Eimskips fyrir aukið samstarf í sjóflutningum og tengdist það eins og áður fyrirhugaðri breytingu á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu. Var þetta liður í framkvæmd á verkþættinum „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í „Nýtt upphaf“ verkefninu.

11.12.6. Samskip segjast vera að ljúka samningum við Eimskip og viðræður 22. október 2008

4663. Að morgni mánudagsins 20. október 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv umrædd drög að „útvíkkuðu neyðarsamkomulagi“ / „almennur slot sharing samningur“ til (E)frkvstj-flutnkerf. Í drögunum kom fram að Samskip og Eimskip myndu vilja „nýta flutningakerfi hvors annars í meira mæli en áður“ og að samkomulagið ætti að taka til „almennra flutninga félaganna án skilyrða“. Sýnir þetta með skýrum hætti vilja Samskipa til aukins samstarfs við Eimskip á þessum tíma.
4664. Sama dag beitti (S)aðaleig-stjform-SH sér fyrir því að birting á frétt um Samskip í erlendu fag tímariti yrði frestað um nokkra daga. Í þeirri frétt var rætt við (S)aðaleig-stjform-SH og kom fram að Samskip hygðust fækka skipum, sem hefðu sinnt flutningum til og frá Íslandi, um eitt. Ástæða þess að (S)aðaleig-stjform-SH vildi fresta birtingu fréttarinnar var þessi:
- „We are today, tuesday and wed. day finalizing agreements with vessel owner and Alcoa and Eimskip, and would be great if this can be delayed till Thursday.“*
4665. Gagnvart undirmönnum sínum gaf (S)aðaleig-stjform-SH þau fyrirmæli þennan dag að fara skyldi með nánari upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar hjá Samskipum sem „algjört trúnaðarmál“.
4666. Daginn eftir, 21. október 2008, boðaði (E)forstö-innfl þá (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl til innanhússfundar hjá Eimskip. Fundinn átti að halda í hádeginu 23. október 2008 og átti að ræða aukið samstarf við Samskip. Nánar tiltekið var fundarefnið eftirfarandi: „Samskip samningur ex USA og Neyðarsamkomulag um gámaflutninga“. Fyrir lá á þessum tíma að Samskip og Eimskip myndu funda 22. október 2008 á Reyðarfirði en fyrirtækin ætluðu að funda þann dag með Alcoa. Samkvæmt þessu ætluðu stjórnendur Eimskips, sem átt höfðu í samskiptum við (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1, að hittast daginn eftir samskipti Eimskips og Samskipa á Reyðarfirði til að ræða tvö málefni sem féllu undir verkþáttinn „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Var hér um að ræða samstarf í sjóflutningum til og frá Norður-Ameríku annars vegar og milli Íslands og annarra Evrópulanda hins vegar, sbr. einnig drögin að samkomulaginu sem (S)frkvstj-millilandasv hafði sent Eimskip 20. október 2008.
4667. Þann 22. október 2008 var haldinn fundur á Reyðarfirði. Fundurinn var tvískiptur. Fyrir hádegi funduðu Eimskip, Samskip og Alcoa. Fulltrúar Eimskips voru (E)frkvstj-innanl og (E)svæðisstj1. Fulltrúar



Samskipa á fundinum voru (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfl og (S)forstö-flutnstj. Eftir hádegi fundaði Alcoa aðeins með Samskipum.

4668. Að kvöldi 22. október 2008 sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst til (E)forstj og greindi frá samskiptum sínum við Samskip og Alcoa þennan dag. Sýnir þetta gagn að Eimskip bjó yfir trúnaðarupplýsingum um áformaða breytingu Samskipa á siglingakerfinu og takmörkun á flutningsgetu. Tölvupóstsamskipti milli m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-flutnstý og (E)frkvstj-skiparekst sama dag og daginn eftir sýna hið sama. Var í þessu sambandi talað um „nýtt Evrópukerfi Samskipa“. Af samtímagögnum verður ekki annað ráðið en að þessar viðkvæmu viðskiptaupplýsingar hafi borist Eimskip frá Samskipum. Er þetta sama atburðarrás og í aðdraganda þess þegar Eimskip breytti siglingakerfinu og takmarkaði flutningsgetu í ágúst 2008. Gögnin sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk send kvöldið fyrir fund hans og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 25. júlí 2008 sýna að Samskip bjuggu yfir trúnaðarupplýsingum um breytingarnar sem þá voru í undirbúningi hjá Eimskip. Saman fela þessi atvik í sér skýra birtingarmynd á hinu ólögmeta samráði fyrirtækjanna á síðari hluta ársins 2008.
4669. Eftir hádegi þann 22. október 2008 funduðu sem fyrr segir Samskip og Alcoa. Héldu þær viðræður áfram daginn eftir. Ljóst er að á þessum fundum átti m.a. að halda áfram viðræðum um kröfu Samskipa um hækkun á verði fyrir útflutning á áli Alcoa.
4670. Eftir hádegi 22. október 2008, undirbjuggu (E)deildstj-útfl1 og (E)frkvstj-Holl tilboð til Alcoa til að annast hluta af þeim flutningum sem féll undir samning Samskipa við Alcoa. Sýna gögnin að þennan dag vissi (E)deildstj-útfl1 annars vegar að Samskip væru að fara fram á verulega verðhækkun gagnvart Alcoa (orðaði (E)deildstj-útfl1 þetta sem „huge rate increase“) og hins vegar að Samskip áformuðu að breyta siglingakerfinu sínu og takmarka flutningsgetu.
4671. Daginn eftir, 23. október 2008, funduðu (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-Eimísl og (E)forstö-innfl til þess að ræða áfram aukið samstarf við Samskip í sjóflutningum til og frá Íslandi.
4672. Dagana 21. og 28. október 2008 áttu (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl í tölvupóstsamskiptum. (S)forstö-innfl1 sendi tölvupóst til (E)forstö-innfl. Vísaði (S)forstö-innfl1 til þess sem hafði verið rætt á fundinum 6. október 2008. Koma þar fram atriði sem varða samninginn um samstarf Samskipa og Eimskips í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku, m.a. um að halda fyrir utan samning „að staðsetja tóma RF gáma fyrir Samskip frá Boston til Richmond án endurgjalds“ og Samskip þyrftu staðfestingu á því að sama fyrirkomulag yrði áfram þó það væri ekki tilgreint í samningi. (E)forstö-innfl svaraði (S)forstö-innfl1 28. október 2008 og staðfesti það sem ætti að vera „utan samnings“. Í þessu samhengi skal hafa í huga að þetta samstarf Eimskips og Samskipa í Norður-Ameríku flutningum féll einnig undir bandarísk samkeppnislög. Annaðist FMC (Federal Maritime Commission) eftirlit með sértækum samkeppnisreglum sem gilda í sjóflutningum þar í landi. Lá fyrir að Eimskip bæri að tilkynna FMC um samninginn við Samskip. Sýnir tölvupóstur (S)forstö-innfl1 að Samskip og Eimskip höfðu rætt um áframhaldandi samstarf sín á milli í Bandaríkjunum sem átti áfram ekki að upplýsa samkeppnisyfirlönd um. Þetta gekk eftir.
4673. Við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýstu hvorki Samskip né Eimskip um samskipti (E)frkvstj-innanl, (E)svæðisstj1, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfl og (S)forstö-flutnstj 22. október 2008. Voru því ekki afhentar fundargerðir, minnispointar eða önnur samtímagögn sem gefa til kynna umræðuefni á þessum fundi.
4674. Sem fyrr segir neitaði (S)frkvstj-millilandasv við skýrslutöku hjá lögreglu að tjá sig um drögin að samkomulaginu við Eimskip sem hann sendi (E)frkvstj-flutnkerf 20. október 2008. (S)frkvstj-millilandasv var einnig spurður um samskiptin og fundinn 22. október 2008 með Eimskip og Alcoa. Bar hann fyrst við minnisleysi en sagði síðan að á fundinum hefði „væntanlega“ verið rætt um „operational mál“. Aðspurður af hverju Samskip hafi á fundinum veitt Eimskip upplýsingar um fyrirhugaða breytingu á siglingakerfi og siglingaáætlun fyrirtækisins sagði (S)frkvstj-millilandasv að Alcoa hafi þurft að „upplýsa þá [Eimskip] sem sína verktaka.“ (S)aðaleig-stjform-SH kvaðst ekki hafa haft vitneskju um að fulltrúar Samskipa hafi 22. október 2008 miðlað upplýsingum um fyrirhugaða



breytingu á siglingaáætlun Samskipa til Eimskips. Var framburður (S)aðaleig-stjform-SH óskýr um það hvort Samskip hefðu, vegna þjónustu Eimskips í Mjóeyrarhöfn, þurft að veita Eimskip upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á siglingahöfnum og gámastýringu. Aðspurður um tölvupóstsamskipti (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-flutnstý og (E)frkvstj-skiparekst dagana 22.-23. október 2008 neitaði (S)frkvstj-millilandasv því að hann hefði veitt Eimskip upplýsingar um hinar fyrirhuguðu breytingar. (S)aðaleig-stjform-SH kvaðst ekkert þekkja til meðferðar Samskipa á upplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru framburðir (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv ótrúverðugir og ekki í samræmi við samtímagögn. Í athugasemdum Samskipa koma ekki fram neinar trúverðugar skýringar til stuðnings því að umrædd gögn gefi ekki til kynna ólöglegt samráð Samskipa og Eimskips.

4675. Horfa ber hér einnig til þess að í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 er viðurkennt að alvarlegt ólöglegt samráð Eimskips og Samskipa hafi hafist með fundinum 6. júní 2008, sbr. nánari tilgreiningu í 1. gr. sáttarinnar og það m.a. tekið til takmörkunar á flutningsgetu og breytingu siglingakerfa. Er viðurkenning Eimskips í samræmi við samtímagögn.

Niðurstaða

4676. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip og Eimskip hafi átt í samskiptum 22. október 2008 þar sem fjallað hafi verið um atriði sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Tölvupósturinn frá (S)frkvstj-millilandasv til (E)frkvstj-flutnkerf 20. október 2008 miðaði að framgangi þessa verkefnis. „Nýtt upphaf“ verkefnið hafði það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af því leiðir að öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt var um einstaka verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Á það meðal annars við um þessi samskipti fyrirtækjanna 20. og 22. október 2008.
4677. Framangreind gögn sýna áframhaldandi vinnu Samskipa og Eimskips að auknu samstarfi í sjóflutningum og tengdist það eins og áður sagði fyrirhugaðri breytingu á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu. Var þetta liður í framkvæmd á verkþættinum „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Þá er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip veittu Eimskip trúnaðarupplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins og takmörkun á flutningsgetu og var það liður í ólöglegu samráði fyrirtækjanna.
4678. Tölvupóstsamskipti (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl voru einnig hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Þau gögn staðfesta að á fundinum 6. október 2008 ræddu Samskip og Eimskip um aukið gámasamstarf. Jafnframt ræddu fyrirtækin um að auka samvinnu sína með því að taka upp samstarf í vöruhúsaþjónustu í Norður-Ameríku.

11.12.7. Eimskip sendir Alcoa tilboð 24. október 2008

4679. (E)deildstj-útf1 sendi Alcoa þann 24. október 2008 tilboð í reglulegan útflutning áli frá Reyðarfirði til Rotterdam. Var þetta þannig tilboð í flutninga sem féll undir samning sem Samskip höfðu gert við Alcoa í kjölfar útboðs á árinu 2007. Skýrt kemur fram í samtímagögnum frá (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útf1 að Samskip töldu sig eiga rétt á „öllum“ útflutningi á áli fyrir Alcoa til annarra Evrópulanda.
4680. Þegar tilboðið var gert vissi Eimskip sem áður segir að Samskip ætluðu sér að ná fram „huge rate increase“ gagnvart Alcoa og á sama tíma draga úr þjónustu gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að við rannsóknina upplýsti Eimskip að fyrirtækið bjó á þessum tíma yfir mikilli ónýtttri flutningsgetu í útflutningi auk þess sem það bjó yfir mikilli reynslu af útflutningi á áli. Þannig annaðist fyrirtækið flutninga fyrir Norðurland og hafði um árabíl annast útflutning fyrir Alcan í Straumsvík en missti þá flutninga eftir útboð sumarið 2008. Var Eimskip þannig í kjörstöðu til að bjóða Alcoa samkeppnishæft tilboð með það að markmiði að ná til sín öllum útflutningi Alcoa. Tilboð Eimskips til Alcoa hafði hins vegar ekki þann tilgang.



4681. Við rannsókn málsins útskýrði Alcoa hvers vegna fyrirtækið samdi ekki við Eimskip um allan útflutning á áli eftir að fyrir lá að Samskip ætluðu að draga úr þjónustu og hækka verð verulega. Kvað Alcoa það hafa helgast af því annars vegar að Eimskip hafi gefið til kynna að fyrirtækið gæti aðeins tekið að sér að flytja hluta af útflutningi Alcoa á áli (25%) og hins vegar að verð Eimskips hafi verið hærra en það verð sem Samskip hafi farið fram á.
4682. Í samræmi við gögn sem tengdust samráðsfundunum og -símtölum Samskipa og Eimskips sumarið og haustið miðaði tilboð Eimskips að því annast hluta af útflutningi fyrir Alcoa „fyrir“ Samskip vegna takmörkun þess síðarnefnda á flutningsgetu. Sökum þessa er enga umfjöllun að finna í samtímagögnum stjórnenda Eimskips um möguleikann á því að reyna að veita Samskipum samkeppni með því að sækjast eftir mun meira eða jafnvel öllu flutningsmagni Alcoa á áli til Evrópu. Að sama skapi er ekki að sjá neinn ótta í samtímagögnum stjórnenda Samskipa við samkeppnislegum viðbrögð Eimskips þegar þeir gerðu ítrekaðar tilraunir til að fá Alcoa til að fallast á verulega verðhækkun og skerta þjónustu.
4683. Þannig fólust heildarhagsmunir Eimskips og Samskipa í því að fyrirtækin hefðu með sér samráð um niðurskurð á flutningsgetu en með því gátu þau bætt nýtingu siglingakerfanna, skipt með sér mikilvægum viðskiptavinum og kafið þá um hærra verð.
4684. Eðli tilboðs Eimskips til Alcoa er til vitnis um samráð Samskipa og Eimskips en Eimskip hefur viðurkennt að það hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

11.13. Flutningsgeta takmörkuð og verð hækkað gagnvart Alcoa

4685. Í lok október og nóvember 2008 breyttu Samskip og Eimskip siglingakerfum sínum og takmörkuðu flutningsgetu.
4686. Í nóvember 2008 náðu Samskip fram verulegri verðhækkun gagnvart Alcoa á sama tíma og fyrirtækið dró úr þjónustu gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini.
4687. Í sama mánuði hófust reglulegir flutningar Eimskips á því áli sem Samskip fluttu ekki lengur fyrir Alcoa eftir að hafa dregið úr flutningsgetu. Jafnframt var gripið til annarra ráðstafana til að stuðla áframhaldandi framgangi hins ólögmæta samráðs.
4688. Við heildarmat á framangreindum atvikum er nauðsynlegt að hafa hliðsjón af tilteknum gögnum forstjóra Samskipa og Eimskips. Verður nú vikið nánar að þeim atvikum.

11.13.1. Samskip takmarka flutningsgetu í lok október 2008

4689. Þann 30. og 31. október 2008 sendu Samskip út fréttatilkynningu um fækkun skipa og breytta siglingaáætlun vegna flutninga tengdum Íslandi. Breytingin á siglingakerfi Samskipa tók þegar gildi.
4690. Með breytingunni skiptu Samskip úr fjögurra skipa kerfi í þriggja skipa kerfi í siglingum milli Íslands og Evrópu og fól breytingin í sér verulega takmörkun á flutningsgetu fyrirtækisins í flutningum milli Íslands og annarra Evrópuríkja.
4691. Af breytingunni leiddi m.a. að Samskip sinntu ekki lengur öllum útflutningi á áli fyrir Alcoa til Evrópu. Hafði það verið eitt af viðfangsefnum Samskipa eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst hvernig fyrirtækið gæti annars vegar takmarkað flutningsgetu og hins vegar á sama tíma tryggt sem mestar tekjur af flutningum fyrir Alcoa. Hugmyndir um samstarf við Eimskip til að leysa þetta komu ítrekað fram í gögnum stjórnenda Samskipa sem tekin voru saman í tengslum við fundi lykilstjórnenda og stjórnarmanna Samskipa með Eimskip.
4692. Ólögmætt samráð við Eimskip var því lausnin á þessu og endurspeglast m.a. í tilboðinu sem Eimskip sendi Alcoa 24. október 2008.



11.13.2. Eimskip takmarkar flutningsgetu 17. nóvember 2008

4693. Þann 17. nóvember 2008, greindi Eimskip frá því að fyrirtækið hefði ákveðið að takmarka flutningsgetu í siglingum milli Íslands og Norður-Ameríku. Fólst það nánar tiltekið í því að Eimskip fækkaði skipum fyrirtækisins í Norður-Ameríku siglingum úr tveimur í eitt. Var það í samræmi við tillögur í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008.
4694. Rifja ber hér upp að samkvæmt tölvupósti sem (S)frkvstj-N-Am sendi til (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 þann 15. október 2008 höfðu Samskip gert þá breytingu að draga úr TA-flutningum í samkeppni við Eimskip og beina þess í stað Norður-Ameríku flutningum til Eimskips. Var þetta einnig í samræmi við tillögur í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008. Jafnframt var þetta í samræmi við glæurnar „Slotsamningar í siglingakerfinu“ í glærukynningunni sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir og tölvupóstinn sem (E)forstj sendi (E)frkvstj-flutnkerf tveimur dögum eftir að hann fundaði með (S)frkvstj-N-Am 25. júní 2008.
4695. Samkvæmt framangreindum samtímagögnum var „Nýtt upphaf“ verkefnið því framkvæmt að þessu leyti.
4696. Af samtímagögnum verður ráðið að Samskip bjuggu yfir trúnaðarupplýsingum um fyrirhugaðar breytingar Eimskips á siglingakerfinu og takmörkun á flutningsgetu sem hrint var í framkvæmd í ágúst 2008. Jafnframt verður ráðið að Eimskip bjó yfir trúnaðarupplýsingum um þær breytingar sem Samskip tilkynntu um í lok október 2008. Var í því sambandi talað um „nýtt Evrópukerfi Samskipa“, sbr. tölvupóst (E)frkvstj-skiparekst til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-flutnstý 22. október 2008. Þá bjuggu Samskip a.m.k. þann 12. nóvember 2008 yfir upplýsingum um áformaðar breytingar Eimskips sem tilkynnt var um 17. nóvember 2008, sbr. tölvupóst (S)frkvstj-N-Am til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv 12. nóvember 2008.

11.13.3. Samskip hækka verð og draga úr þjónustu gagnvart Alcoa 24. nóvember 2008

4697. Þann 24. nóvember 2008 féllst Alcoa endanlega á kröfu Samskipa um verulega verðhækkun þrátt fyrir skerta þjónustu. Af skýringum Alcoa til Samkeppniseftirlitsins er ljóst að fyrirtækið taldi sig ekki hafa aðra kosti. Eimskip hafði sett fram þá röngu fullyrðingu gagnvart Alcoa að fyrirtækið gæti aðeins flutt fjórðung af útflutningi Alcoa og hafði þar að auki í tilboðinu frá 24. október 2008 boðið herra verð en Samskip bauð. Var þetta markviss aðgerð hjá Eimskip til að tryggja að þessu leyti framgang hins ólögmeta samráðs.
4698. Í samræmi við samráðið við Eimskip er hvergi að finna í samtímagögnum Samskipa ótta við samkeppnisleg viðbrögð Eimskips þegar Samskip var haustið 2008 að boða mikla verðhækkun og skerta þjónustu gagnvart einum mikilvægasta viðskiptavini fyrirtækisins.
4699. Af öllu framangreindu leiðir að Samskip náðu fram breytingum á samningi sínum við Alcoa. Þann 24. nóvember 2008 undirrituðu Samskip og Alcoa viðauka við rúmlega árs gamlan samning fyrirtækjanna um útflutning á áli til Evrópu. Þær breytingar sem fólust í viðaukanum voru m.a. þessar:
- Alcoa samþykkti framangreinda breytingu á siglingaáætlun sem Samskip kynntu opinberlega í lok október 2008 og fól í sér verulegan samdrátt í þjónustu með því að annað af tveimur skipum Samskipa á Leið 2 var tekið úr umferð og tími milli viðkomu í Mjóeyrarhöfn lengdur.
 - Veruleg verðhækkun gagnvart Alcoa (131%).
4700. Var þetta verð Samskipa rétt lægra en verðið í tilboði Eimskips frá 24. október 2008.
4701. Séu verðlagsákvæði í viðauka Samskipa og Alcoa frá 24. nóvember 2008 og tilboð Eimskips til Alcoa frá október 2008 virt saman miðuðu þau þannig að því að Samskip önnuðust útflutning á um 300.000 tonnum á ári fyrir Alcoa. Var það nálægt hámarksflutningsgetu skips Samskipa á Leið 2 en Eimskip



tækju að sér flutning á áli Alcoa umfram þetta mark. Var þetta fyrirkomulag í samræmi við umfjöllun í samtímagögnum tengd „Nýtt upphaf“ verkefninu frá sumrinu og haustinu 2008 og auknu samstarfi þeirra sem hófst eftir fund (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)forstj og (E)stjform 6. júní 2008.

4702. Aðkoma Eimskips að álflutningum fyrir Alcoa til Evrópu gerði Samskipum kleift að (1) draga úr flutningsgetu og þar með kostnaði, (2) halda bróðurparti viðskiptanna við Alcoa og (3) hækka verð verulega gagnvart Alcoa. Aðgerðir Eimskips voru því í fullu samræmi við þær áætlanir sem Samskip og Eimskip höfðu unnið að og undirbúið fyrir á árinu og sýnir afsprengi samráðsins og röskun á samkeppni.

11.13.4. Eimskip hefja reglubundna flutninga á áli Alcoa

4703. Gögn málsins sýna að í lok nóvember 2008 hóf Eimskip að flytja ál Alcoa til Evrópu með reglubundnum hætti. Var þetta fyrirkomulag samfellt fram á árið 2013. Í samræmi við ólögmeitt samráð Samskipa og Eimskip var komið á því fyrirkomulagi að Eimskip sinntu umframflutningum á áli til Rotterdam sem Samskip tóku ekki með sínu skipi.
4704. Samkvæmt gögnum málsins fluttu Samskip árlega, tímabilið 2008 til 2012, um það bil 300.000 tonn af áli frá Íslandi til Evrópu fyrir Alcoa. Í nóvember og desember 2008 flutti Eimskip rúmlega 13.000 tonn af áli fyrir Alcoa til Rotterdam og eftir það um það bil 30.000 tonn á ári.
4705. Þrátt fyrir skerðingu á flutningsgetu og þjónustu Samskipa gagnvart Alcoa sýna skýr samtímagögn frá árunum 2009-2012 að Samskip töldu sig áfram eiga rétt á að flytja alla álframleiðslu Alcoa til Evrópu. Í sömu gögnum útskýrði Samskip að vegna takmörkunar á flutningsgetu fyrirtækisins væri Eimskip að sinna umframflutningum fyrir Alcoa sem Samskip gætu ekki lengur sinnt.
4706. Þetta kom t.d. fram í áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2011. Þar segir að samkvæmt samningnum við Alcoa sjái Samskip um „*allan flutning á framleiðslu Alcoa sem fer til Evrópu. Þessi samningur er í gildi til ársins 2012.*“ Er síðan vísað til viðaukasamningsins frá árinu 2008 við Alcoa „*þar sem einingaverð voru hækkuð verulega en á móti kemur einungis eitt skip og magnið sem Samskip áætla að flytja er 300 þúsund tonn á ári. Magnið hefur því minnkað um 29 þúsund tonn frá því sem áður var áætlað.*“ Síðan er gerð grein fyrir hinni reglulegu aðkomu Eimskips: „*Auk þess sér Eimskip um flutninga á umframmagni frá Alcoa sem ekki fer með [...] okkur.*“
4707. Staðfestir þetta að ólögmeitar samstilltar aðgerðir Samskipa og Eimskip byggðu á því að Eimskip sinnti flutningum fyrir Samskip, í sátt og samlyndi, sem Samskip taldi sig eiga tilkall til og þannig gekk m.a. takmörkun Samskipa á flutningsgetu upp.

11.13.4.1. „Skilgreint verklag“

4708. Varðandi flutninga Samskipa og Eimskips á áli Alcoa skiptir einnig máli að Samskip hafa upplýst að fyrirtækin hafi verið með „*skilgreint verklag um það hvar gámar Samskipa, sem Eimskip fluttu, enduðu*“. Var verklag eða samstarf tekið upp eftir að aukið samráð fyrirtækjanna hófst.
4709. Fyrirkomulagið hafi verið þannig að Eimskip notaði ekki endilega sína eigin gáma við flutning á áli Alcoa frá Reyðarfirði til Rotterdam. Hafi stærstur hluti af framleiðslu Alcoa verið lestaður í gáma Samskipa. Samkvæmt Samskipum fluttu Eimskip þannig álið „*oft á tíðum*“ í gámum í eigu Samskipa til Rotterdam. Allir fluttir gámar lestaðir af áli Alcoa, hvort sem þeir voru í eigu eða fluttir með Samskipum eða Eimskip, enduðu hjá Steinweg, hafnarþjónustuaðila Alcoa, í Rotterdam.
4710. Þetta „*skilgreinda verklag*“ er í samræmi við samtímagögn um gámasamstarf fyrirtækjanna. Þá er þetta verklag í samræmi við markmið „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins um aukið samstarf og á sér stoð í samtímagögnum sem urðu til í kjölfar fundar (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)stjform og (E)forstj 6. júní 2008, sbr. m.a. skjalið sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk sent til sín að kvöldið fyrir fund hans og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 25. júlí 2008. Í því skjali er vísað til



ábata bæði Samskipa og Eimskips af því að nota gámasvæði Steinweg í Rotterdam fyrir gáma vegna útflutnings fyrir Alcoa.

11.13.4.2. „Alsæla“ Eimskips – Samskip gátu varist kröfum Alcoa um verðlækkun

4711. Af samtímagögnum verður ráðið að stjórnendur Eimskips og Samskipa voru mjög ánægðir með þann ábata sem hlaut af samráði fyrirtækjanna varðandi flutninga fyrir Alcoa til Evrópu.
4712. Hjá æðstu stjórnendum Eimskips voru notuð orð eins og „alsæla“ og „snilla“ til að lýsa þeim ávinningi sem hlaut af viðskiptunum.
4713. Í viðaukasamningi Samskipa og Alcoa frá 24. nóvember 2008 fólst eins og áður segir veruleg verðhækkun gagnvart Alcoa auk lakara þjónustustigs. Á hinn bóginn er ljóst að Alcoa leit á þessa verðhækkun sem tímabundna ráðstöfun vegna efnahagsörðugleika á Íslandi á þessum tíma.
4714. Í viðaukanum var kveðið á um að endurskoða skyldi hann á sex mánaða fresti í því skyni að leita leiða til að lækka það verð sem Alcoa greiddi Samskipum.²¹⁷⁹ Samtímagögn sýna að Alcoa sneri sér á meginrannsóknartímabilinu ítrekað til Samskipa í því skyni að fá að verðið lækkað. Þrátt fyrir að Alcoa hafi verið öflugur kaupandi á flutningsþjónustu skiluðu þessar umleitanir aftur á móti ekki árangri. Þannig hélt verðhækkunin sem Samskip sömdu um í nóvember 2008 óskert til ársins 2013, eða þar til Alcoa slitu viðskiptunum í kjölfar útboðs og skipti um flutningsaðila. Í samtímagögnum Samskipa koma hvergi fram áhyggjur af mögulegum samkeppnislegum viðbrögðum Eimskips vegna óánægju Alcoa með verðlagningu Samskipa.
4715. Þegar þau samtímagögn sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað eru virt saman ásamt öðrum gögnum málsins er ljóst að það var hið ólögsmæta samráð Samskipa og Eimskips sem gerði Samskipum kleift að halda uppi verði gagnvart Alcoa fram á árið 2013. Þrátt fyrir að um öflugan viðskiptavin væri að ræða var því ástandi sem leiddi af samráðinu ekki haggð. Það breyttist hins vegar þegar keppinautur Samskipa og Eimskips bauð betur og hóf að flytja ál fyrir Alcoa á árinu 2013.

11.13.5. Gögn frá forstjórum Samskipa og Eimskips

4716. Samkvæmt framansögðu náðist árangur í „Nýtt upphaf“ verkefninu í lok október og nóvember 2008.
4717. Við heildarmat á framangreindum atvikum er einnig nauðsynlegt að hafa hliðsjón af nánar tilteknum gögnum forstjóra Samskipa og Eimskips. Eru þetta gögn sem varða atvik sem áttu sér stað á sama tímabili og undirmenn forstjóranna áttu ítrekað í viðræðum.

11.13.5.1. „Stóru málin“ hjá forstjóra Samskipa

4718. Ólögsmætt samráð Samskipa við Eimskip hafði ekki síst þann tilgang að verja og efla stöðu Samskipa hf. sem „cash cow“ fyrir Samskip Holding. Var þetta þýðingarmikið fyrir aðaleiganda Samskipa vegna m.a. erfiðrar stöðu samstæðunnar erlendis. Helstu samstarfsmenn (S)aðaleig-stjform-SH, þ.e. (S)stjform-S og (S)stjórnarm-fjármstj sem sátu einnig í stjórn Samskipa hf., fylgdust vel með aðgerðum (S)aðaleig-stjform-SH og hans undirmanna haustið 2008.
4719. Meðan undirmenn hans áttu í viðræðum við starfsbræður sína hjá Eimskip fjallaði (S)aðaleig-stjform-SH ítrekað um „stóru málin“ eða „stóru myndina“. Voru „stóru málin“ á þessum tíma (1) frekari hækkun á verði, (2) breytingar á siglingakerfinu og takmörkun á flutningsgetu og (3) Alcoa. Gerði (S)aðaleig-stjform-SH (S)stjform-S og (S)stjórnarm-fjármstj grein fyrir stöðu „stóru málanna“ í september 2008.

²¹⁷⁹ Orðað svo í viðaukanum: „As imports from other customers pick up their contribution will be used towards a reduction of the rate on the base volume of 300,000 MT. Samskip and Alcoa will review status of the contract and inbound volumes of other customers every 6 months to find ways to improve ocean rates.“



4720. Í þessu sambandi hefur þýðingu að helgina áður en verulegar verðhækkanir Samskipa tóku gildi mánudaginn 1. september 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv þar sem fjallað var um aðgerðir Samskipa sem m.a. tengdust samráðinu við Eimskip. Í þessum tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH, dags. 30. ágúst 2008, gaf hann (S)frkvstj-millilandasv fyrirmæli um að taka saman yfirlit um hvað verðhækkunin 1. september 2008 og fyrirhugaðar verðhækkanir gagnvart mikilvægum viðskiptavinum myndu skila Samskipum miklum ábata. Sagði hann að markmiðið væri að afkoma Samskipa hf. árin 2008, 2009 og 2010 yrði „ekki fjarrí“ afkomu fyrirtækisins á árunum 2006 og 2007, þó ytra umhverfi yrði „snúid“. Sagði (S)aðaleig-stjform-SH að hann ætti fund með (S)stjform-S og (S)stjórnarm-fjármstj og að hann þyrfti „að gefa þeim status“. Fyrir þann fund átti (S)frkvstj-millilandasv að vera búinn að taka saman yfirlitið. Þá sagði (S)aðaleig-stjform-SH einnig að það þyrfti að „ná utan um árið 2009“.
4721. Ummæli (S)aðaleig-stjform-SH um að afkoma Samskipa hf. skyldi verða í námunda við afkomu góðærisáranna 2006 og 2007 vekja sérstaklega athygli í ljósi þess að efnahagshorfur höfðu versnað og (S)aðaleig-stjform-SH gerði ráð fyrir samdrætti í innflutningi. Á þessum tíma tók aðallánveitandi Samskipa Holding, Fortis banki, fyrir málefni félagsins á lánanefndarfundi. Höfðu Samskip Holding átt í viðræðum við bankann vegna slæmrar stöðu erlendra starfsemi samstæðunnar. Rekstur Samskipa á Íslandi gekk aftur á móti vel. Samkvæmt samtímagögnum átti rekstur Samskipa á Íslandi að standa undir nær öllum þeim aðgerðum sem móðurfélagið lagði fram í viðræðum við Fortis banka. Sökum þessa lagði (S)aðaleig-stjform-SH í lok ágúst og haustið 2008 áherslu á góða afkomu Samskipa á Íslandi sem meðal annars átti að ná fram með verðhækkunum. Áframhaldandi góð afkoma Samskipa hf., sem (S)aðaleig-stjform-SH nefndi „cash cow“ Samskipa-samstæðunnar, skipti mestu í tillögum að björgunaraðgerðum sem Samskip Holding settu fram gagnvart Fortis banka. Sökum þessa var einkar mikilvægt fyrir stjórnendur Samskipa Holding að fylgjast vel með aðgerðum (S)aðaleig-stjform-SH á Íslandi.
4722. Á stjórnarfundi Samskipa Holding 8. september 2008, fyrsta virka daginn eftir fund (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 með Eimskip 5. september 2008, gerði (S)aðaleig-stjform-SH m.a. (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjform-S og (S)stjórnarm-fjármstj grein fyrir frekari verðhækkunum og lýsti samstarfi við Eimskip vegna takmörkunar á flutningsgetu í siglingakerfinu.
4723. Þann 17. september 2008 náðu (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl saman um gagnkvæma sjóflutninga milli Reykjavíkur og Reyðafjarðar. Þann 19. september 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH með heitinu „Eimskip“. Bað hann (S)aðaleig-stjform-SH um að hringja í sig. Telur Samkeppniseftirlitið að (S)aðaleig-stjform-SH hafi viljað ræða við (S)aðaleig-stjform-SH um Eimskip og „Nýtt upphaf“ verkefnið.
4724. (S)aðaleig-stjform-SH átti „stöðufund“ með (S)stjform-S 22. september 2008. Í glærukynningu (S)aðaleig-stjform-SH á fundinum var farið yfir „stóru myndina“ og í henni fólst að „aðgerðir“ myndu skila eftirfarandi ábata fyrir Samskip:

„Stóra myndin

Uppgjör ágúst – desember 390 mkr neikvæð frávik frá- áætlun, heildar frávik annualized áætlun 1,5 mia. Aðgerðir munu skila:

Launakostnaður	300mkr
Verðhækkanir	450mkr
Alcoa hækkun	300mkr
Short Sea	100mkr
Skipakerfi	500mkr
Sum	1650mkr

Samkeppnin ??”



4725. Samkvæmt þessu var tilgreindur ábati af því draga úr flutningsgetu í sjóflutningum og af því að hækka verð, bæði almennt og sérstaklega gagnvart Alcoa. Einnig var lýst ábata af öðrum verkþætti sem féll undir „Nýtt upphaf“ verkefnið, þ.e. „short sea“. Undir þann verkþátt féll m.a. útflutningur á frystum fiski frá Íslandi. Gögn málsins sýna að þann 1. og 7. október 2008 vann (S)aðaleig-stjform-SH að því að draga úr samkeppni í útflutningi á frystum fiski.
4726. Þegar fundur (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S átti sér stað 22. september 2008 var ekki komin endanleg niðurstaða í viðræður Samskipa og Eimskips um útfærslu í þeim verkþætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til takmörkunar á flutningsgetu eða samstarfi vegna Alcoa o.fl. Verður að telja að textinn „Samkeppnin ??“ vísi til þessa.
4727. Daginn eftir fundinn með (S)stjform-S fundaði (S)aðaleig-stjform-SH með yfirstjórn Samskipa hf. og var fyrsti dagskrárliðurinn „Almennt staða á stóru „málunum““. Um þennan dagskrárlið var eftirfarandi bókað: „Erfiðleikar Eimskips hjálpa til við verðhækkunar- en enn er óvissa hvað þeir gera í hækunum.“
4728. „Stóru málin“ tóku að skýrast betur í lok september 2008. Í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH 29. september 2008 til (S)stjórnarm-fjármstj kom fram að verið væri að vinna í „stóru“ málunum og að „mynd“ yrði komin á þetta 20. október 2008. Þessi „stóru“ mál voru samkvæmt tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH m.a. „skip“ (breyting á siglingakerfinu og takmörkun á flutningsgetu), „hækkunar“ og Alcoa.
4729. Umræddan dag, 20. október 2008, sagði (S)aðaleig-stjform-SH að Samskip væri um það bil að ljúka samningum við Eimskip og Alcoa. Einnig væru Samskip að ljúka samningi við eiganda leiguskipisins sem fyrirtækið ætlaði að hætta að nota í flutningum milli Íslands og Evrópu.

11.13.5.2. Forstjóri Eimskips uppfærir verkefnalistann sinn

4730. Samkvæmt framansögðu taldi (S)aðaleig-stjform-SH sig vita 29. september 2008 hvenær „mynd“ eða niðurstaða yrði kominn í „stóru málin“. Daginn eftir uppfærði (E)forstj verkefnalistann sinn.
4731. Í þessu samhengi ber að rifja upp að „Nýtt upphaf“ verkefnið birtist fyrst á verkefnalista (E)forstj daginn fyrir fund hans og (E)stjform með (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH 6. júní 2008:

104	June 5th	Nýtt Upphaf	
-----	----------	-------------	--

4732. Samkvæmt verkefnalista sem (E)frkvstj-alþjsv sendi til (E)forstj 16. júní 2008 var „Nýtt upphaf“ tilgreint sem eitt af verkefnum stjórnendanna tveggja, en (E)frkvstj-alþjsv ásamt (E)forstj voru tilgreindir sem hluti af vinnuhópi „Nýtt upphaf“ verkefnisins ásamt (S)aðaleig-stjform-SH.
4733. Athuga ber að samkvæmt verkefnalista (E)forstj var litur „Nýtt upphaf“ verkefnisins merktur rauður og áætlaður verktími frá júní til loka nóvember 2008. Í samræmi við tímaáætlun verkefnalistans unnu Eimskip og Samskip að „Nýtt upphaf“ verkefninu sumarið og haustið 2008.
4734. Þann 30. september 2008 vistaði (E)forstj hjá sér uppfærðan verkefnalista. Í því skjali hafði liturinn í skjalinu fyrir „Nýtt upphaf“ breyst úr rauðum í gulan. Er það til staðfestingar því að „Nýtt upphaf“ væri í vinnslu en því væri ekki lokið.
4735. Í þessum uppfærða verkefnalista (E)forstj 30. september 2008 var áfram gert ráð fyrir að „Nýtt upphaf“ verkefninu yrði lokið í nóvember 2008.
4736. Ljóst er að mikilvægum verkþáttum í „Nýtt upphaf“ verkefninu lauk í nóvember 2008. Þannig hafði flutningsgeta verið takmörkuð, landflutninga- og gámasamstarf aukið og gripið til ýmissa ráðstafana



til að hið ólögmæta samráð myndi ganga fram með skilvirkum hætti. Aftur á móti var áfram unnið að öðrum verkþáttum eins og t.d. nýjum Norður-Ameríku samningi og auknu samstarfi í skipaafgreiðslu.

4737. Sú staðreynd að gögn (S)forstj og (E)forstj sýna með eins dags millibili vissu um framgang í „Nýtt upphaf“ verkefninu endurspeglar hið ólögmæta samráð fyrirtækjanna og Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

11.13.5.3. Verðhækkanir „komnar í gegn“ og nýir samningar við Eimskip

4738. Á fundi (S)aðaleig-stjform-SH og annarra í yfirstjórn Samskipa 23. september 2008 kom fram að „enn [væri] óvissa“ hvað Eimskip hygðist gera „í hækkunum“. Þann 20. október 2008 greindi (S)aðaleig-stjform-SH aftur á móti frá því að Samskip væri um það bil að ljúka samningum við Eimskip.
4739. Við mat á þessu ber síðan að líta til þess að þann 28. október 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)stjórnarm-fjármstj og greindi frá því sem Samskip hf. voru gera á þessum tíma. Vísaði hann m.a. til verðhækkunar sem unnið var að gagnvart Alcoa og takmörkun á flutningsgetu sem tilkynnt var um nokkrum dögum síðar. Athygli vekur að (S)aðaleig-stjform-SH treysti sér til að gera ráð fyrir því að verðhækkanir fyrir árið 2009 væru „komnar í gegn“. Þetta gerði hann á sama tíma og það kom fram í fjölmiðlum að verð á sjóflutningum á erlendum mörkuðum hefði aldrei lækkað jafn mikið sökum þeirra efnahagsörðugleika sem stóðu yfir.
4740. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samráð fyrirtækjanna hafi verið grundvöllur þess að (S)aðaleig-stjform-SH taldi sig á þessum óvissutímum í október 2008 hafa vissu fyrir því að þær verðhækkanir sem um ræðir myndu ganga snurðulaust fyrir sig. Gekk það eftir.
4741. Í skjölum Samskipa frá 11. og 12. nóvember 2008 var einnig lagt til grundvallar að Samskip myndu hækka verð á sjó- og landflutningum ítrekað á árinu 2009. Jafnframt myndu Samskip halda öllum mikilvægum viðskiptavinum fyrirtækisins. Þann 11. nóvember 2008 greindi (E)frkvstj-EimÍsl undirmönnum frá því að búið væri að samþykkja tillögur um verðhækkun hjá Eimskip. Ýmsar verðhækkanir fylgdu í kjölfarið. Var sjóflutningsgjaldskrá Eimskips hækkuð verulega í lok nóvember 2008 og bæði Eimskip og Samskip hækkuðu verð enn á ný í byrjun árs 2009.
4742. Á sama tíma og tilkynnt var um takmörkun á flutningsgetu Samskipa og breytingu siglingakerfis sendi (S)aðaleig-stjform-SH sjálfum sér verkefna- eða minnislista, nánar tiltekið sunnudaginn 2. nóvember 2008. Á þessum lista var m.a. vísað til verðhækkunar gagnvart Alcoa og einnig kom þetta fram:
- „Eimskip -nýir samningar“
4743. Vísaði (S)aðaleig-stjform-SH sem sagt til nýrra samninga við Eimskip í fleirtölu, þ.e. ekki aðeins Norður-Ameríku samnings sem var í undirbúningi í nóvember 2008 og undirritaður var 7. janúar 2009. Er þetta í samræmi við önnur gögn málsins. Þannig sýna samtímagögn að í nóvember 2008 unnu Eimskip og Samskip áfram að og komnir voru á nýir samningar milli fyrirtækjanna tengdir auknu samstarfi í land- og sjóflutningum. Sýnir þetta verkefni (S)aðaleig-stjform-SH 2. nóvember 2008 þannig framvindu „Nýtt upphaf“ verkefnisins.
4744. Allt framangreint gaf (S)aðaleig-stjform-SH í kjölfarið tilefni til mikillar bjartsýni á tíma þar sem afar miklir efnahagsörðugleikar voru fyrir hendi m.a. á Íslandi. Einkar skýrt dæmi um þetta er umfjöllun í glærुकynningu hans á fundi stjórnar Samskipa Holding 12. janúar 2009. Kom fram að á árinu 2007 hefði innflutningur Samskipa hf. verið rúmlega 323 þúsund tonn en miðað var við að hann yrði rúmlega 140 þúsund tonn á árinu 2009. Engu að síður var áætlun fyrirtækisins fyrir árið 2009 „metnaðarfull“ („ambitious“) og gert ráð fyrir að EBITDA myndi aukast talsvert. Sýna gögn vegna þessa stjórnarfundar Samskipa Holding að Samskip hf. hafði náð að hækka verð á seinni hluta ársins 2008 og gert var ráð fyrir frekari verðhækkun og betri afkomu á árinu 2009.
4745. Í fundargerðum stjórnar Samskipa Holding síðar á árinu 2009 var síðan ítrekað vísað til afar góðrar afkomu Samskipa hf. („extremely good results from Iceland“/ „continuous good results from



Iceland" og afkoma (EBITDA) umfram áætlanir). Í fundargerð Samskipa Holding í apríl 2009 var til viðbótar tekið fram að afar góð afkoma á Íslandi hafi aðallega leitt til þess að afkoma samstæðunnar í heild hafi á þeim tíma verið í samræmi við áætlun.

4746. Samkvæmt framansögðu hafði samráð Samskipa við Eimskip, sem hófst í kjölfar fundarins 6. júní 2008, náð því markmiði að vernda og styrkja hlutverk Samskipa hf. sem „cash cow“ fyrir Samskip Holding.

11.13.6. Niðurstaða

4747. Samtímagögn sýna að í lok september 2008 sáu (S)aðaleig-stjform-SH og (E)forstj fyrir sér framgang í „Nýtt upphaf“ verkefninu. (E)forstj uppfærði stöðu „Nýtt upphaf“ á verkefnalista sínum og (S)aðaleig-stjform-SH taldi að „stóru málin“ færu að skýrast í síðari hluta október 2008, sbr. framangreind gögn frá 29. og 30. september 2008. Þetta gekk eftir.
4748. Í lok október og nóvember 2008 takmörkuðu Samskip og Eimskip flutningsgetu sína. Tilboð Eimskips til Alcoa frá 24. október 2008 var í samræmi við samráð fyrirtækjanna um að Eimskip myndi aðeins sækjast eftir hluta af flutningum Samskipa fyrir Alcoa til Evrópu. Samskip náðu 24. nóvember 2008 fram breytingu á samningnum við Alcoa sem fól í sér verulega verðhækkun og skerta þjónustu. Í sama mánuði hóf Eimskip reglubundna flutninga fyrir Alcoa að því leyti sem Samskip sinntu þeim ekki. Mikil gleði stjórnenda Eimskips sýnir að þetta voru mjög ábatasöm viðskipti fyrir fyrirtækið. Komu Eimskip og Samskip sér upp „skilgreindu verklagi“ til þess að láta hina sameiginlegu flutninga fyrir Alcoa ganga sem best fyrir sig. Einnig gripu fyrirtækin til annarra ráðstafanna til að mæta áskorunum og viðfangsefnum vegna breytinga á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu, sbr. reifun í næsta kafla. Sökum samráðsins við Eimskip tókst Samskipum á næstu árum að verjast kröfum Alcoa um að verð á flutningum yrði lækkað og þjónusta bætt.
4749. Í lok nóvember 2008 var því komin niðurstaða í „stóru málunum“, sem vörðuðu takmörkun flutningsgetu og viðskipti við Alcoa. „Stóra málið“ sem laut að frekari almennum verðhækkunum skýrðist einnig á þessum tíma. Í nóvember 2008 var lagt til grundvallar hjá Samskipum að fyrirtækið myndi geta haldið uppteknum hætti og hækkað verð ítrekað á árinu 2009. Eimskip ákvað í nóvember 2008 að hækka verð verulega og undirbjó einnig verðhækkun í byrjun árs 2009. Bæði Samskip og Eimskip hækkuðu síðan verð á árinu 2009.
4750. Í skýrslutöku (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv hjá lögreglu var lögð fyrir þá tilkynning Samskipa 31. október 2008 um breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins. Aðspurðir neituðu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv að þeir eða aðrir stjórnarmenn eða starfsmenn Samskipa hefðu verið í samskiptum við Eimskip við undirbúning breytinganna. Aðspurður neitaði (E)forstj því sömuleiðis að hann eða aðrir starfsmenn eða stjórnarmenn Eimskips hefðu verið í samskiptum við Samskip. Þessir framburðir eru ekki í samræmi við samtímagögn sem sýna ítrekuð samskipti Samskipa og Eimskips (með þátttöku eða að undirlagi (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv eða (E)forstj) vegna samráðsins frá miðju ári 2008 m.a. um þann þátt sem tók til siglingakerfisbreytinga, takmörkunar á flutningsgetu og aukið samstarf með gerð slotsamninga í sjóflutningum. Er það í samræmi við sátt Eimskips frá 16. júní 2021. Í henni viðurkennir fyrirtækið að hafa átt í samskiptum og samstarfi við Samskip sem hafi falið í sér alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í því fólst samráð við Samskip á síðari hluta ársins 2008 m.a. um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum, verðlagningu og skiptingu markaða eftir mikilvægum viðskiptavinum.
4751. Með hliðsjón af samtímagögnum og öðrum gögnum sem hefur verið aflað við rannsókn málsins er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að undirbúningur og aðgerðir Samskipa og Eimskips vegna breytinga á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu frá miðju ári 2008 hafi verið hluti af og endurspegli ólögmetar samstilltar aðgerðir fyrirtækjanna á þessum tíma. Hið sama gildir um undirbúning og aðgerðir vegna flutninga fyrir Alcoa. Þær breytingar sem tóku gildi í lok október og nóvember 2008 fólu í sér mikilvægan áfanga í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Í samræmi við eitt markmiða



Þessa verkefni náðu fyrirtækin að „hagræða“ í siglingakerfum sínum með „fækkun“ skipa. Með þessu drógu fyrirtækin verulega úr flutningsgetu í áætlunarsiglingum milli Íslands og annarra landa, samnýttu flutningskerfi sín og áttu í tengdu samstarfi. Með samráði sín á milli drógu fyrirtækin bæði úr getu og hvata til að keppa og sköpuðu þannig aukna möguleika á því að halda uppi eða hækka verð, ekki síst gagnvart mikilvægum viðskiptavinum.

4752. Í þessu sambandi skiptir sömuleiðis máli að horfa til þess að Samskip og Eimskip viðhéldu síðan þessu ástandi á markaðnum fram á árið 2013. Þannig var um að ræða einn þátt af fleirum í áralöngu samfelldu samráði fyrirtækjanna.
4753. Þær breytingar sem Samskip og Eimskip gerðu á flutningakerfum sínum á grundvelli hins ólögmeta samráðs haustið 2008 voru til þess fallnar að skila fyrirtækjunum miklum ábata. Ekki eingöngu var um að ræða mikla verðhækkun gagnvart Alcoa þá var verð sömuleiðis hækkað gagnvart öðrum mikilvægum viðskiptavinum, t.d. Vífilfelli, Ölgerðinni, Ísam, Húsasmiðjunni, Innnes, IKEA og Rúmfatalagernum. Auk þess var unnið að og hrint í framkvæmd verulegum verðhækkunum á gjaldskrá, ný gjöld tekin upp og afslættir afnumdir eða lækkaðir. Sökum þessa alls var í fundargerðum Samskipa Holding á árinu 2009 rætt um „*extremely good results from Iceland*“, „*continous good results from Iceland*“ og EBITDA umfram áætlanir hjá Samskipum hf.
4754. Ljóst er af gögnum málsins að breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu Eimskips og Samskipa sköpuðu áskoranir og drógu úr möguleikum fyrirtækjanna til að veita þjónustu á vissum siglingaleiðum. Allt voru þetta fyrirsjáanleg viðfangsefni og sýna gögn málsins að fyrirtækin höfðu með sér samskipti og aukið samstarf til að leysa þau. Er þetta rifjað upp í næsta kafla.

11.14. Stuðningsaðgerðir tengdar takmörkun á flutningsgetu

4755. Breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu Eimskips og Samskipa sköpuðu tiltekna áskoranir og drógu úr möguleikum fyrirtækjanna til að veita þjónustu á vissum siglingaleiðum. Allt voru þetta fyrirsjáanleg viðfangsefni og sýna gögn málsins að fyrirtækin höfðu með sér samskipti og aukið samstarf til að leysa þau.
4756. Þannig sýna samtímagögn að frá hausti 2008 áttu Samskip og Eimskip í margvíslegu samstarfi í því skyni að samráð þeirra tengt breytingum á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu myndi skila fyrirtækjunum þeim ábata sem að var stefnt.
4757. Ástæða er til reifa eftirfarandi atvik sem endurspeglar samráð fyrirtækjanna.

11.14.1. Sjóflutningar milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar og gámasamstarf

4758. Á fundi (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl 17. september 2008 náðu Samskip og Eimskip samkomulagi um gagnkvæma sjóflutninga milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar.
4759. Í ágúst 2008 dró Eimskip úr flutningsgetu og felldi niður siglingar til Íslands á Austurleið. Með breytingunni voru siglingar frá Reykjavík til Reyðarfjarðar og þaðan til Færeyja ekki lengur hluti af Austurleið Eimskips heldur hafði Norðurleið viðkomu á Reyðarfirði. Samskip sigldu hins vegar á þessum tíma milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. Gat því verið verulegur akkur fyrir Eimskip að hafa aðgang að þessum flutningum Samskipa sem voru fyrir hendi þar til Samskip drógu úr flutningsgetu í lok október 2008.
4760. Í september 2008 höfðu Samskip ekki þörf fyrir sjóflutninga Eimskips milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar enda sem fyrr segir með tvö skip í siglingum á þeirri leið. Hins vegar var það raunhæfur möguleiki í undirbúningi á þessum tíma fyrir takmörkun á flutningsgetu Samskipa að fyrirtækið myndi missa þessa tengingu milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar sem var mikilvæg ekki síst út af flutningum fyrir Alcoa. Þess vegna var það rökrétt að samningur fyrirtækjanna frá 17. september 2008 væri gagnkvæmur.



4761. Í lok október 2008 breyttu Samskip síðan siglingakerfi sínu og takmarkaði flutningsgetu en sú breyting Samskipa fól m.a. í sér það fyrirkomulag að sjóflutningum á vegum fyrirtækisins frá Reykjavík og Grundartanga til Reyðarfjarðar var hætt. Þetta þýddi meðal annars að Samskip fluttu ekki lengur tóma gáma sjóleiðina í eigin siglingakerfi frá Reykjavík og Grundartanga til Reyðarfjarðar. Þetta var þýðingarmikið þar sem fyrirkomulag Samskipa vegna flutningaþjónustu fyrir Alcoa hafði fram að breytingunni byggt að hluta til á því að nota tæmda innflutningsgáma, sem langflestir komu til Suðvesturlands, til að flytja út ál Alcoa til Evrópu.
4762. Gögn málsins sýna að Samskip og Eimskip unnu saman að því að mæta þessu viðfangsefni sem laut að því að tryggja flutning og framboð af tómum gámum í Mjóeyrarhöfn til að nýta fyrir útflutning á áli Alcoa frá höfninni.
4763. Samtímagögn Eimskips frá 12. og 13. nóvember 2008 endurspeglar þetta samstarf. Þannig óskuðu Samskip eftir því að Eimskip myndi flytja tíu gáma frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Þessi beiðni var send til (E)frkvstj-innanl sem svaraði henni með því að framsenda (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst sem (S)frkvstj-innanl hafði sent honum daginn eftir fund þeirra 17. september 2008. Í þeim tölvupósti (S)frkvstj-innanl kom fram það verð sem átti samkvæmt samningi fyrirtækjanna að gilda um þessa gagnkvæmu flutninga. Einnig tók (E)frkvstj-innanl fram að mögulega gætu Samskip þurft að láta flytja 200 gáma til Reyðarfjarðar í vikunni þar á eftir. Eftir að (E)frkvstj-skiparekst hafði fengið tölvupóstinn frá (E)frkvstj-innanl gaf hann undirmanni sínum tvenns konar fyrirmæli. Annars vegar að verða skyldi við óskum Samskipa um flutninga til Reyðarfjarðar, á bæði tómum og fullum gámum, og hins vegar það verð Samskip ættu að greiða fyrir flutninginn. Var það sama verð og kom fram í umræddum tölvupósti sem (S)frkvstj-innanl sendi (E)frkvstj-innanl 18. september 2008. (E)forstj var haldið upplýstum um þetta og ljóst að hann gerði sér grein fyrir því að þessir flutningar fólu í sér framkvæmd á samkomulaginu frá 17. september 2008. Spurði (E)forstj í tölvupósti til (E)frkvstj-skiparekst hvort Eimskip yrði ekki alltaf að hafa hliðsjón af flæði á gámum milli fyrirtækjanna („Er þetta ekki það sem við þurfum að skoða í öllum okkar tilboðum að taka tillit til þessa flow á gámum”).
4764. Tölvupóstar sem (E)frkvstj-skiparekst sendi 20. nóvember 2008 til samstarfsmanna staðfesta enn frekar að Eimskip gerði samkomulag við Samskip um að flytja gáma fyrir fyrirtækið frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Orðaði (E)frkvstj-skiparekst þetta m.a. svo Eimskip væri að flytja fyrir „félagana“ („tökum gáma fyrir „félaganna“ (svo)). Einnig sagði (E)frkvstj-skiparekst að skýrt væri hvaða verð gilti fyrir þessa flutninga („Það vita allir núna verðin sem eru í gangi milli félaganna“). Fulltrúum fyrirtækjanna sem að þessum málum kæmu ætti því að vera kunnugt um þetta fyrirkomulag sem gilti milli Samskipa og Eimskips.
4765. Atvik í janúar 2009 eru einnig dæmi um framkvæmd á samstarfi fyrirtækjanna tengdu flutningum til Reyðarfjarðar. Þann 6. janúar 2009 sendi starfsmaður Eimskips á Reyðarfirði tölvupóst til (E)frkvstj-skiparekst með heitinu „Samskip“. Sagði í honum að með Dettifossi hafi komið „nokkrir Samskip gámar og mér er sagt að þú vitir allt um verðið í þetta hingað austur.“ (E)frkvstj-skiparekst upplýsti samstarfsmenn sína um hvaða verð gilti gagnvart Samskipum. Til viðbótar sendi hann sama dag eftirfarandi tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl: „Tel eðlilegt, þar sem þið eruð að vinna samning(a) við Samskip, að þið séuð inn í slíkum málum og hafið umsjón með þeim þ.m.t. verðlagningu og að ekki séu of margir kokkar í að hræra í pottinum.“ (E)frkvstj-EimÍsl svaraði sama dag og sagði: „Rétt er það. Mun fylgja þessu eftir.“ Daginn eftir áttu (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl fund með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1.
4766. Til viðbótar ber almennt að hafa í huga samstarf Samskipa og Eimskips vegna leigu eða láns á gámum og undirbúning þess. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl ræddu saman 1. október 2008. Daginn eftir fékk (E)frkvstj-flutnkerf send til sín drög að samningi milli Eimskips og Samskipa um leigu á gámum ásamt yfirlýsingu um að fyrirtækin myndu styðja við viðskiptasamstarf hvors annars. Aukið gámasamstarf var rætt á fundi (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-



millilandasv og (S)forstö-innfl1 6. október 2008. Tölvupóstsamskipti innan Eimskips frá 13. október 2008 sýna að fyrirtækin höfðu gert samkomulag um gámasamstarf.

4767. Hvorki við upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013 né síðari upplýsingagjöf Samskipa og Eimskips við rannsókn málsins var upplýst um framangreint samstarf fyrirtækjanna. Við skýrslutöku hjá lögreglu kváðust (S)aðaleig-stjform-SH, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv aðspurðir ekki þekkja eða geta útskýrt samskipti fyrirtækjanna og samstarf vegna gámaflutninga tengdum Reyðarfirði. Við skýrslutöku hjá lögreglu neitaði (S)frkvstj-millilandasv að tjá sig um framangreindan tölvupóst sem (S)frkvstj-innanl sendi (E)frkvstj-innanl 18. september 2008. Einnig neitaði (S)frkvstj-millilandasv að tjá sig um þessa flutninga Eimskips fyrir Samskip. (S)aðaleig-stjform-SH kvaðst ekkert vita um þennan tölvupóst (S)frkvstj-innanl eða um samstarf við Eimskip um flutninga milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv staðhæfðu að þeir vissu ekkert um þetta samstarf. Þegar framangreind tölvupóstsamskipti milli (E)frkvstj-skiparekst, (E)forstj og fleiri starfsmanna Eimskips frá 12.-13. nóvember 2008 voru borin undir (E)forstj hjá lögreglu gaf hann til kynna að undirmenn hans hafi komið á auknu samstarfi við Samskip vegna flutninga til Reyðarfjarðar án hans heimildar eða vitneskju. (S)aðaleig-stjform-SH kvaðst áfram ekkert vita og (S)frkvstj-millilandasv neitaði áfram að tjá sig þegar lögregla bar undir hann að gögn sem gáfu til kynna að Eimskip hefði flutt fyrir Samskip á þessari leið milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. Engar skýringar komu því fram hjá þessum stjórnendum til stuðnings því að þetta samstarf fyrirtækjanna hefði haft lögmætt markmið.
4768. Fyrirséð var og það raungerðist að takmörkun á flutningsgetu Samskipa og breyting á siglingaáætlun hafði áhrif á gámastýringu fyrirtækisins á tónum gámum til Reyðarfjarðar til að sinna útflutningi fyrir Alcoa. Til þess að samráð Samskipa og Eimskips næði tilætluðum árangri höfðu Eimskip og Samskip með sér samstarf til að tryggja fullnægjandi flutninga fyrir Alcoa. Með því móti gátu bæði fyrirtækin notið ábata af breyttu fyrirkomulagi viðskipta við Alcoa sem komist hafði á í nóvember 2008 á grundvelli samráðs þeirra. Var samningur Samskipa og Eimskips um flutninga til Reyðarfjarðar og samstarf tengt gámum því hluti af samráði fyrirtækjanna og í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins.

11.14.2. Almennur slotsamningur

4769. Einn af verkþáttunum í „Nýtt upphaf“ verkefninu var að meta ábata Samskipa og Eimskips af því að gera „með sér slot samning til að hagræða í siglingakerfi félaganna á Íslandi“, sbr. glærukynninguna sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir. Fjallað var um „Evrópurútur“ og undir því verkefni átti að „[e]ndurskoða siglingakerfi félaganna með það að leiðarljósi að lágmarka kostnað“ og undir það féll m.a. slotsamningar og „Fækkun / smækkun skipa“.
4770. (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl funduðu 6. október 2008. Þann 13. október 2008 hafði gámasamstarfi Samskipa og Eimskips verið hrint í framkvæmd. Daginn eftir spurði (E)frkvstj-flutnkerf (S)frkvstj-millilandasv hvort Samskip væru búin að skoða að sinna flutningum fyrir Eimskip frá Reyðarfirði til Færeyja. Á fundi lykilstjórnenda Samskipa þann 15. október 2008 var (S)forstö-innfl1 falið það verkefni að ræða við Eimskip um „almennt slotverð hjá þeim, hvort sem er að ræða innfl eða útf“. Sama dag ræddi (S)forstö-innfl1 við Eimskip. Jafnframt sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf þar sem hann kvað Samskip vilja gera „almennan slot sharing samning“ við Eimskip varðandi flutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda. (E)frkvstj-flutnkerf svaraði og kvað Eimskip tilbúið að „skoða allt“. Þann 16. október 2008 ræddi (S)forstö-innfl1 aftur við Eimskip um samstarf fyrirtækjanna og sama dag sagði hann við (S)frkvstj-millilandasv að breyta þyrfti verklagi innan Samskipa ef fyrirtækið ætlaði að fara að „flytja meira“ með Eimskip.
4771. Á þessum tíma voru Samskip með fjögur skip í siglingum milli milli Íslands og annarra Evrópulanda og höfðu enga þörf fyrir að Eimskip myndi annast flutninga fyrir fyrirtækið á grundvelli „slotsamnings“. Engar opinberar upplýsingar lágu heldur fyrir á þessum tíma um að Samskip hygðust breyta



siglingakerfinu og takmarka flutningsgetu. Viðræður þessara keppinauta á þessum tímapunkti um flutninga Eimskips fyrir Samskip til og frá Evrópu voru því, einar og sér, mjög alvarlegar. Eðli og efni þessara samskipta umræddra lykilstjórnenda um almennan slotsamning endurspeglar það samráð sem Eimskip hefur viðurkennt og tók m.a. til breytinga siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu.

4772. Sama dag og (S)aðaleig-stjform-SH sagði að Samskip væru að ljúka samningum við Eimskip, Alcoa og eiganda leiguskipis Samskipa, þ.e. 20. október 2008, sendi (S)frkvstj-millilandasv til (E)frkvstj-flutnkerf drög að almennum slotsamningi (einnig nefnt „útvíkkað neyðarsamkomulag“). Þessi drög eru í fullu samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins um aukið samstarf fyrirtækjanna. Þar kemur til að mynda fram að fyrirtækin vilji „hafa möguleika á að hagræða í rekstri og nýta flutningakerfi hvors annars í meira mæli en áður. Samningur þessi tekur því ekki einvörðungu til flutninga sem skapast vegna bilana skipa, strands eða annarra óviðráðanlegra orsaka, heldur tekur nú til almennra flutninga félaganna án skilyrða.“
4773. Hvorki við upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013 né í síðari upplýsingagjöf Samskipa og Eimskips við rannsókn málsins var upplýst um hið „útvíkkaða neyðarsamkomulag“ sem (S)frkvstj-millilandasv sendi Eimskip 20. október 2008. Ekki var heldur greint frá samskiptum eða samstarfi vegna flutninga milli Íslands og Færeyja. Við skýrslutöku lagði lögregla gögn fyrir (S)frkvstj-millilandasv og bauð honum að tjá sig um „útvíkkað neyðarsamkomulag“. Neitaði (S)frkvstj-millilandasv að tjá sig um það.
4774. Umrædd drög að almennum slotsamningi, tilvist þeirra og aðdragandi er eitt af gögnum málsins sem virt saman sýna hvernig Samskip og Eimskip unnu með ólögumætum hætti saman að þáttum sem tengdust takmörkun á flutningsgetu fyrirtækjanna og þeim viðfangsefnum sem þær aðgerðir leiddu til.
4775. Við rannsókn málsins hafa fyrrgreind samningsdrög ekki fundist undirrituð. Hvað sem því líður sýna gögn málsins að fyrirtækin áttu í auknu samstarfi um sjóflutninga vegna takmörkunar á flutningsgetu, t.d. varðandi flutninga tengdum Færeyjum, Reyðarfirði, Alcoa og Bretlandi. Sýna þessar aðgerðir að fyrirtækin leituðust við að vinna saman að því að mæta þeim áskorunum sem leiddu af takmörkun á flutningsgetu og stuðla þannig að því að samráðið skilaði árangri.

11.14.3. Flutningar milli Íslands og Færeyja

4776. Takmörkun Eimskips á flutningsgetu í ágúst 2008 þrengdi að möguleikum fyrirtækisins til að veita þjónustu í flutningum milli Íslands og Færeyja og áfram til Bretlands og meginlands Evrópu. Eftir þetta átti Eimskip til dæmis í erfiðleikum með flytja út ferskan fisk frá Austurlandi til Bretlands.
4777. Með takmörkun Samskipa á flutningsgetu í nóvember 2008 lögðust af flutningar Samskipa frá Reykjavík til Færeyja.
4778. Flutningar á vörum frá Íslandi til Færeyja voru því ein af þeim áskorunum sem fyrirtækin stóðu frammi fyrir í tengslum við takmörkun á flutningsgetu á síðari hluta ársins 2008. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hafa fundist samtímagögn sem sýna ítrekuð samskipti milli lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips um aukið samstarf vegna flutninga milli Íslands og Færeyja. Eins og áður segir spurði (E)frkvstj-flutnkerf (S)frkvstj-millilandasv þann 14. október 2008 hvort Samskip væru búin að skoða að sinna flutningum fyrir Eimskip frá Reyðarfirði til Færeyja. Daginn eftir ræddi (S)forstö-innfl1 við Eimskip um flutninga fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja. Samtímagögn sýna að í kjölfarið hófst samstarf um flutninga til Færeyja.
4779. Hvorki við upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013 né síðari upplýsingagjöf Samskipa og Eimskips við rannsókn málsins var greint frá samskiptum eða samstarfi vegna flutninga milli Íslands og Færeyja. Við skýrslutöku hjá lögreglu taldi (S)aðaleig-stjform-SH að Samskip hefðu aldrei þurft að leita til Eimskips vegna flutninga til Færeyja en kvaðst lítið vita um það. (S)frkvstj-millilandasv gaf fyrst til kynna að „neyðarsamkomulag“ Samskipa og Eimskips frá árinu 2010 hefði



tekið til þessara flutninga en neitaði svo að tjá sig um gögn tengd Færeyjasamstarfi. (E)forstj kvaðst ekki vita til nokkurs samstarfs við Samskip tengdu flutningum til Færeyja. (E)frkvstj-alþjv, sem bar ábyrgð m.a. á flutningum vegna Færeyja, neitaði því að Eimskip og Samskip hafi leitað til hvors annars um siglingar eða slotsamninga vegna Færeyja. Þessir framburðir eru í ósamræmi við skýr samtímagögn og eru ekki til stuðnings því að þessi samskipti og samstarf fyrirtækjanna hafi haft lögmætt markmið.

4780. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samskipti og samstarf vegna sjóflutninga milli Íslands og Færeyja hafi verið þáttur í víðtæku samráði Samskipa og Eimskips. Í stað þess að mæta áskorunum upp á eigin spýtur unnu fyrirtækin saman að því. Var þetta í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins.

11.14.4. Flutningar frá Rotterdam til Reykjavíkur

4781. Annað úrlausnarefni vegna takmörkunar Samskipa á flutningsgetu voru flutningar á ferskvöru, grænmeti og ávöxtum, fyrir fyrirtækið Búr frá Rotterdam til Reykjavíkur. Voru þessir flutningar nefndir „Rotterdam express“ enda skammur flutningatími nauðsynlegur í innflutningi á þessum vörum. Eftir breytinguna í lok október 2008 gátu Samskip aftur á móti ekki sinnt umræddum flutningum.
4782. Fjallað var um mögulega lausn á þessu í skjalinu „Siglingakerfi – hagræðing“ sem (S)aðaleig-stjform-SH fékk sent kvöldið fyrir fund hans og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 25. júlí 2008. Þar er rætt um ábata Samskipa og Eimskips ef Eimskip muni annast „innflutning á grænmeti fyrir Samskip“ eftir takmörkun Samskipa á flutningsgetu. Eins og lýst hefur verið er í sama skjali fjallað um að Eimskip taki að sér hluta af flutningum Samskipa fyrir Alcoa. Samtímagögn benda einnig til þess að til skoðunar hafi verið að innflutningur fyrir Búr mynd flytjast frá Samskipum til Eimskips. Voru þessi gögn tekin saman í aðdraganda eða í kjölfar samskipta lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips sumarið 2008.
4783. Í athugasemdum við AI er ósamræmi í skýringum Samskipa á samskiptum fyrirtækisins við Eimskip vegna flutninga fyrir Búr frá Rotterdam til Íslands. Ýmist er fullyrt að engin samskipti hafi verið um BÚR milli Samskipa og Eimskips eða staðhæft að fyrirtækin hafi rætt möguleika á því að gera milli sín slotsamning þar sem Eimskip myndi sinna hluta af flutningum Búr fyrir Samskip.
4784. Atvik urðu síðan þau að eftir siglingakerfisbreytingu Samskipa í nóvember 2008 voru Samskip ekki lengur með hraðflutninga frá Rotterdam til Reykjavíkur. Sömdu fyrirtækin ekki um slotsamstarf heldur færðust flutningar fyrir Búr frá Samskipum til Eimskips í desember 2008. Með hliðsjón af gögnum málsins var tilfærslan hluti af samráði fyrirtækjanna og í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins.

11.14.5. Flutningar milli m.a. Bretlands og Íslands

4785. Takmörkun á flutningsgetu Samskipa í nóvember 2008 fól í sér að það þrengdi að möguleikum flutningsmiðlunar Samskipa (Jónar) til að bjóða upp á hvers konar flutningaþjónustu til og frá Íslandi, sér í lagi frá Bretlandi.
4786. Fyrir liggur að á árinu 2009 hófust verulegir flutningar Eimskips fyrir Jóna. Samskip hafa upplýst að aukið samstarf Eimskips og Jóna hafi komið til vegna breytinga á siglingakerfi Samskipa haustið 2008. Er þetta í samræmi við samtímagögn.
4787. Umræddir flutningar Eimskips fyrir Jóna tóku aðallega til innflutnings frá Bretlandi til Íslands. Einnig tók þetta samstarf m.a. til flutninga milli Íslands og Noregs. Var þetta samstarf viðvarandi út rannsóknartímabilið.
4788. Sem fyrr segir var um að ræða umfangsmikla flutninga Eimskips fyrir Jóna. Urðu þeir það miklir forstöðumanni innflutningsdeildar, (S)forstö-innfl1, þótti nóg um og beindi því til (S)aðaleig-stjform-



SH og (S)frkvstj-millilandasv í september 2011 að samstarfinu yrði hætt. Við því var ekki orðið af hálfu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv og hélt samstarf fyrirtækjanna áfram.

4789. Í upplýsingagjöf (E)forstj hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013 greindi hann frá samskiptum Eimskips við (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstö-útl „út af samningum frá Bretlandi“, þ.e. innflutningi Eimskips fyrir Jóna frá Bretlandi. Við skýrslutöku hjá lögreglu staðfesti (E)forstj að það hafi verið samningur milli Eimskips og Samskipa vegna flutninga Jóna frá Bretlandi. Bæði fyrir Samkeppniseftirlitinu og lögreglu staðhæfði (E)forstj ranglega að leitaði hafi verið eftir undanþágu vegna þessa samstarfs hjá Samkeppniseftirlitinu. Í upplýsingagjöf (S)aðaleig-stjform-SH hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013 greindi hann ekki frá þessu samstarfi við Eimskip. Við skýrslutöku (S)aðaleig-stjform-SH hjá lögreglu í maí 2018 kvaðst hann aðspurður ekki þekkja að Samskip og Eimskip hafi þurft að sinna saman flutningum vegna Bretlands í kjölfar siglingakerfisbreytinga haustið 2008. Kvaðst (S)frkvstj-millilandasv ekki kannast við neinn reglulegan innflutning Eimskips fyrir Samskip frá Bretlandi. (E)frkvstj-alþjvsv kvaðst aftur á móti halda að Eimskip sinni flutningum fyrir Jóna frá Bretlandi. Taldi hann réttilega að þetta samstarf hefði hafist á árinu 2009.
4790. Framburðir (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-millilandasv eru í beinu ósamræmi við skýr samtímagögn og upplýsingar sem Samskip/Jónar veittu Samkeppniseftirlitinu. Framburðir (E)forstj og (E)frkvstj-alþjvsv um þessa reglubundnu flutninga Eimskips fyrir Samskip eru aftur á móti í samræmi við gögn málsins. Á hinn bóginn er það rangt hjá (E)forstj að Samkeppniseftirlitið hafi verið upplýst um samstarfið og óskað eftir undanþágu samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga. Var þessu ólögmeta samstarfi haldið leyndu fyrir eftirlitinu.
4791. Þetta aukna samstarf Samskipa og Eimskips kom til vegna breytinga á siglingakerfum og takmörkun á flutningagetu fyrirtækjanna á seinni hluta árs 2008. Komu breytingarnar til vegna samráðs fyrirtækjanna og voru í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins um aukið samstarf fyrirtækjanna og samnýtingu flutningakerfa.

11.14.6. Skipið sem Samskip hættu að nota í lok október 2008

4792. Fyrir þá breytingu sem var gerð á siglingakerfi Samskipa í lok október 2008 sigldu tvö leiguskip fyrirtækisins, Akrafell og Hvassafell, á Leið 2. Með breytingunni var flutningsgeta Samskipa takmörkuð með því að Akrafell hætti siglingum og var skipum Samskipa í siglingum til og frá Íslandi því fækkað úr fjórum í þrjú.
4793. Gildistími leigusamningsins um Akrafell var fram í apríl 2010. Ekkert ákvæði var í samningnum um að Samskip gætu skilað skipinu áður en gildistími samningsins rynni sitt skeið. Þegar Samskip tilkynntu um takmörkun á flutningsgetu og breytingu á siglingakerfi í lok október 2008 lá ekkert fyrir um hvað yrði gert við Akrafell.
4794. Augljóst er að það var verulega kostnaðarsamt fyrir Samskip að hafa á leigu skip sem aflaði engra tekna. Kemur því ekki á óvart að í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH til (S)stjórnarm-fjármstj frá 28. október 2008 sagði að Akrafell væri „stærsta úrlausnarefni“ Samskipa á Íslandi.
4795. Áttu Samskip í viðræðum við eiganda skipsins um að skila því fyrr til baka en leigusamningur kvað á um. Til þess að liðka fyrir þessu bauðst Samskip til að greiða eigandanum peningagreiðslu en þann 3. nóvember 2008 greindi (S)frkvstj-millilandasv (S)aðaleig-stjform-SH frá því að eigandinn féllist ekki á þetta. Það var því fyrst eftir ákvörðun um breytingu á siglingakerfi Samskipa sem það lá fyrir að Samskip gætu ekki skilað Akrafelli til eiganda þess.
4796. Daginn eftir að (S)frkvstj-millilandasv greindi (S)aðaleig-stjform-SH frá niðurstöðu viðræðna Samskipa við eiganda skipsins, þ.e. 4. nóvember 2008, sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (S)forstö-skiparek sem var undirmaður (S)frkvstj-millilandasv. Kvaðst (E)frkvstj-flutnkerf vera skoða



verkefni fyrir Eimskip erlendis sem Akrafell gæti mögulega hentað í og óskaði eftir lýsingu á skipinu. (S)forstö-skiparek sendi umbeðna lýsingu samdægurs til (E)frkvstj-flutnkerf.

4797. Þann 7. nóvember 2008 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til (E)forstj, afrit til m.a. (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-alþjv. Þar kom fram að Akrafell „*liggur nú bundið við legubryggju í Rotterdam og verið er að reyna að finna verkefni fyrir skipið, en án árangurs hingað til.*“ Jafnframt sagði að „*Samskipamenn reyndu að fá eigendur til að taka við skipinu með „lumpsu“ greiðslu, en eigendur höfnuðu því snarlega.*“ Sýnir þetta að Eimskip bjuggu yfir viðkvæmum upplýsingum um rekstur Samskipa og samskipti við eiganda á leiguskipi fyrirtækisins. Verður að telja ótvírætt að þessar upplýsingar hafi borist Eimskip frá Samskipum. Hér skiptir einnig máli að daginn eftir að (S)aðaleig-stjform-SH var upplýstur um að eigandi skipsins vildi ekki taka við því sneri (E)frkvstj-flutnkerf, sem átt hafði í ítrefuðum samskiptum við m.a. (S)frkvstj-millilandasv, sér til undirmanns (S)frkvstj-millilandasv til að kanna verkefni fyrir skipið erlendis, þ.e. verkefni sem myndu ekki hafa þau áhrif að flutningsgeta í siglingum til og frá Íslandi myndi aukast aftur.
4798. Bæði Samskip og Eimskip höfðu mikla hagsmuni af því að Akrafell myndi ekki hefja aftur siglingar þar sem það gæti dregið úr líkum á því að ólögmaett samráð þeirra skilaði tilætluðum árangri. Niðurstaðan varð sú að Samskip lögðu skipinu við bryggju í Danmörku fram á árið 2010 þegar skipinu var skilað til eigenda þess.
4799. Þessi samskipti Eimskips og Samskipa voru í samræmi við markmið „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins og hluti af hinu ólögmaeta samstarfi á þessum tíma sem tók m.a. til breytinga á siglingakerfum, takmörkun á flutningsgetu og ýmsum viðfangsefnum sem þessu tengdust.

11.15. Aðgerðir til að draga úr samkeppni í útflutningi á frystum fiski

4800. Tölvupóstsamskipti (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-Silver í byrjun október 2008 hafa hér þýðingu og tengjast glærukynningu (S)aðaleig-stjform-SH á stöðufundi með (S)stjform-S 22. september 2008 þar sem rætt var um „*stóru myndina*“. Á fundinum gerði (S)aðaleig-stjform-SH grein fyrir ábata Samskipa m.a. af aðgerð sem nefnd var „*Short Sea*“. Undir verkþáttinn „*short sea*“ í glærukynningunni sem (E)frkvstj-alþjv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir féll útflutningur á frystum fiski frá Íslandi og Noregi. Hér ber að hafa eftirfarandi í huga:
- Frystur fiskur var fluttur frá Íslandi í annars vegar frystigámum í reglulegum áætlunarflutningum Samskipa og Eimskips og hins vegar með sérstökum frystiskipum. (S)frkvstj-Silver var framkvæmdastjóri Silver Sea, sem var dótturfélag Samskipa. Silver Sea rak frystiskip og annaðist m.a. útflutning á frystum fiski frá Íslandi og Noregi. Eimskip-CTG var dótturfélag Eimskips sem rak frystiskip og annaðist útflutning á frystum fiski frá Íslandi og Noregi. Norska fyrirtækið Green Reefers var mikilvægur keppinautur Eimskips/Eimskips-CTG og Samskipa/Silver Sea í útflutningi á frystum fiski frá Íslandi.
 - Gögn frá apríl og maí 2008 sýna undirbúning að skýrslum um Eimskip sem félag (S)aðaleig-stjform-SH, Eglá, vann að beiðni hans. Fyrri skýrslan lá fyrir í maí 2008. Síðari skýrsluna sendi (S)aðaleig-stjform-SH til (S)aðaleig-stjform-SH kvöldið fyrir fundinn 6. júní 2008 með Eimskip. Í fyrri skýrslunni er rökstutt að mikill ábati geti falist í auknu samráði við Eimskip og er m.a. fjallað um sjóflutninga til og frá Íslandi og Silver Sea og Eimskip-CTG. Við undirbúning skýrslunnar hafði Eglá m.a. átt í samskiptum við (S)frkvstj-Silver.
4801. Í samræmi við þessa undirbúningsvinnu (S)aðaleig-stjform-SH kemur fram í glærunum „*Samstarf í „Short sea“ þjónustu*“ í „*Nýtt upphaf*“ kynningunni að skoða ætti að leggja „*saman félagin Eimskip-CTG og Silversea*“. Tölvupóstur sem (S)frkvstj-Silver sendi (S)aðaleig-stjform-SH 8. júlí 2008 gefur til kynna að (S)frkvstj-Silver hafi vitað að til stæði að (S)aðaleig-stjform-SH ætlaði að funda með Eimskip. Þann 11. ágúst 2008 sendi (S)frkvstj-Silver tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH og spurði: „*Eimskip/CTG- any news/developments?*“. Sýnir þessi tölvupóstur (S)frkvstj-Silver að honum hafði



verið farið að lengja eftir fréttum af viðræðum (S)aðaleig-stjform-SH við Eimskip um verkþætti í „Nýtt upphaf“-verkefninu sem vörðuðu Silver Sea og frystiskipaþjónustu.

4802. Eins og lýst hefur verið átti (S)aðaleig-stjform-SH „stöðufund“ með (S)stjform-S 22. september 2008. Í glærुकynningu (S)aðaleig-stjform-SH á fundinum var farið yfir „stóru myndina“ en í henni var lýst tilteknum aðgerðum sem myndu skila verulegum ábata fyrir Samskip á Íslandi. Auk ábata af almennri verðhækkun, verðhækkun gagnvart Alcoa og takmörkun á flutningsgetu var lýst ábata af aðgerð sem nefnd var „short sea“. Kom ekki fram nánari lýsing á henni.
4803. Sú „short sea“ starfsemi sem tilgreind er í „Nýtt upphaf“-glærुकynningunni, og hafði mesta tengingu við Samskip hf., var flutningsþjónusta tengd útflutningi á frystum fiski frá Íslandi. Í þessu samhengi ber að horfa til tölvupóstsamskipta (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-Silver nokkrum dögum eftir stöðufund (S)stjform-S og (S)aðaleig-stjform-SH.
4804. Þann 1. október 2008 sendi (S)frkvstj-Silver tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH. Fram kemur í honum að Samskip hafi óskað eftir samstarfi við Green Reefers en ekki hafi borist svar frá þeim keppinanti. Hvatti (S)frkvstj-Silver þess vegna (S)aðaleig-stjform-SH til að hringja í framkvæmdastjóra Green Reefers og gera honum grein fyrir því að Samskip/Silver Sea hefðu dregið úr samkeppni gagnvart Green Reefers á meðan beðið væri svars en það gæti breyst. Ekki mætti þó stilla þessu upp sem hótun. Þrátt fyrir að (S)frkvstj-Silver hefði sagt að ekki mætti stilla þessu upp sem hótun var þessi tillaga auðsýnilega hugsuð sem hótun eða a.m.k. hvatning til þess að stuðla að jákvæðu svari hið fyrsta frá Green Reefers. Þann 7. október 2008 sendi (S)frkvstj-Silver aftur tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH og spurði hvort hann hefði heyrt eitthvað frekar frá Green Reefers. Einnig bað hann (S)aðaleig-stjform-SH um að hringja og segja sér frá þessu: „Also – would be nice to hear abt [sv] situation in Iceland, freight payments, Eimskip, Samskip etc.“
4805. Er ljóst að það gat skilað ábata fyrir bæði Samskip og Eimskip ef Green Reefers hefði dregið úr samkeppni.
4806. Framangreint sýnir að eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008 hafi (S)frkvstj-Silver ítrekað spurt (S)aðaleig-stjform-SH um samskipti við Eimskip. Þetta gerði hann á sama tíma og reynt var að fá keppinautinn Green Reefers til að taka upp samvinnu við Silver Sea/Samskip og draga með þeim hætti úr samkeppni í starfsemi sem féll undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Er líklegast að þetta hafi verið ábatinn af „short sea“ aðgerð sem (S)aðaleig-stjform-SH vísaði til í glærुकynningunni frá 22. september 2008.
4807. Eftir frekari viðræður á árinu 2010 var gripið til aðgerða sem fólu í sér að samkeppni milli Silver Sea og Green Reefers var lögð af með stofnun fyrirtækisins Silver Green sem tók yfir frystiskipaþjónustu Silver Sea og Green Reefers. Í samtímagögnum stjórnenda Eimskips er með velþóknun rætt um að þessi aðgerð hefði dregið verulega úr samkeppni í útflutningi á frystum fiski frá Íslandi. Var það í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins.

11.16. Samtal 6. nóvember 2008 um Containerships

4808. Þann 8. nóvember 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH og upplýsti hann um samtal stjórnanda hjá Samskipum erlendis við (E)frkvstj-Contain tveimur dögum áður. Til að varpa á ljósi á þetta ber að rifja upp eftirfarandi.
4809. (E)frkvstj-Contain var framkvæmdastjóri Containerships. Það var á árinu 2008 finnskt dótturfélag Eimskips sem annaðist m.a. „short sea“ flutninga milli hafna á meginlandi Evrópu.
4810. Samtímagögn frá apríl og maí 2008 sýna undirbúning að skýrslum um Eimskip sem félag (S)aðaleig-stjform-SH, Egla, vann að beiðni hans. Fyrri skýrslan lá fyrir í maí 2008. Síðari skýrsluna sendi (S)aðaleig-stjform-SH til (S)aðaleig-stjform-SH kvöldið fyrir fundinn 6. júní 2008 með Eimskip. Í fyrri



skýrslunni er rökstutt að mikill ábati gæti falist í auknu samráði við Eimskip í m.a. sjóflutninga til og frá Íslandi. Í síðari skýrslunni er lýst ábata af samstarfi Samskipa og Containerships.

4811. Í samræmi við þessa undirbúningsvinnu (S)aðaleig-stjform-SH kemur fram í glærunum „Samstarf í „Short sea“ þjónustu“ í „Nýtt upphaf“ kynningunni sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir að meta ætti hvort og „hvernig hægt væri að samþætta rekstur Containership og Samskip í „short sea““. Þann 10. júní 2008 skipulagði (S)aðaleig-stjform-SH að (S)frkvstj-MCL (sem bar ábyrgð á „short sea“ flutningum Samskipa gagnvart (S)aðaleig-stjform-SH) myndi hitta (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain í Hollandi. Sá fundur átti sér stað síðar í júní 2008. (E)frkvstj-alþjsv upplýsti hjá lögreglu að í kjölfarið hefðu (E)frkvstj-Contain og (S)frkvstj-MCL átt í frekari samskiptum. Er þetta í samræmi við samtímagögn, sbr. m.a. tölvupóstinn sem (S)frkvstj-MCL sendi (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH daginn fyrir fund þeirra með Eimskip 25. júlí 2008. Vísaði (S)frkvstj-MCL til samtals við (E)frkvstj-Contain þennan dag og bað (S)aðaleig-stjform-SH um að hringja í sig áður en hann fundaði með Eimskip. Sýnir þetta að ræða átti „short sea“ verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins á fundinum 25. júlí 2008
4812. Gögn málsins sýna að samskipti Samskipa og Eimskips vegna „short sea“ siglinga héldu áfram í nóvember 2008.
4813. Með framangreindum tölvupósti frá 8. nóvember 2008 framsendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH sem (S)frkvstj-VDM (framkvæmdastjóri Van Dieren Maritime sem var dótturfélag Samskipa) hafði sent honum. Var heiti tölvupósts (S)frkvstj-VDM „Confidential Containership“. Kvaðst (S)frkvstj-VDM hafa árangurslaust reynt að ná símasambandi við (S)aðaleig-stjform-SH. Lýsti hann síðan samtali sínu við (E)frkvstj-Contain í Hamborg í Þýskalandi 6. nóvember 2008. Hefðu þeir rætt um samstarf Samskipa og Containerships og aðstæður á markaði („We talked about our cooperation and market situation“). Jafnframt hefði (E)frkvstj-Contain upplýst að Containerships væri líklega til sölu. Síðan komu fram í tölvupóstinum upplýsingar um að tiltekið tilboð í Containerships hafi verið of lágt, að veittar hafi verið fjárhagsupplýsingar um Containerships og að (E)frkvstj-Contain teldi það góða hugmynd að sameina Containerships og Samskip.
4814. Sýnir þetta áframhaldandi viðræður milli Samskipa og Eimskips um þennan verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins.
4815. Ekki kom hins vegar til sameiningar Samskipa og Containerships þar sem Eimskip seldi eignarhlut sinn í skipafélaginu á fyrri hluta ársins 2009. Tölvupóstur (S)aðaleig-stjform-SH frá 5. mars 2009 sýnir að hann bjó yfir trúnaðarupplýsingum um fyrirhugaða sölu Eimskips á Containerships og verður að telja að hann hafi fengið þær upplýsingar frá Eimskip. Tengist þessi miðlun á upplýsingum ólögumætu samráði fyrirtækjanna.

11.17. Fundur 24. nóvember 2008. Aukið samstarf í Færeyjum kannað

4816. Bæði Samskip og Eimskip ráku á rannsóknartímabilinu flutningastarfsemi í Færeyjum og buðu m.a. upp á sjóflutninga milli Íslands og Færeyja og Færeyja og Danmerkur. Samskip í Færeyjum heyrðu undir Samskip hf. Bar (S)aðaleig-stjform-SH því ábyrgð á þeirri starfsemi. Eimskip í Færeyjum heyrði undir Eimskip hér á landi og bar (E)frkvstj-alþjsv ábyrgð á þeirri starfsemi gagnvart (E)forstj.
4817. Einn verkþáttur í „Nýtt upphaf“ verkefninu tók til aukins samstarfs fyrirtækjanna í sjóflutningum. Áætlunarsiglingar með viðkomu í Færeyjum voru m.a. hluti af siglingakerfum Eimskips og Samskipa.
4818. BWS var keppinautur Samskipa og Eimskips. Í sjóflutningum til og frá Íslandi var BWS smár keppinautur og keppti aðallega við Samskip og Eimskip í útflutningi á ferskum fiski. BWS var hins vegar mun öflugri keppinautur fyrirtækjanna í sjóflutningum til og frá Færeyjum.
4819. Framkvæmdastjóri Samskipa í Færeyjum, (S)frkvstj-Færeyj, kom til Íslands í tengslum í við áætlanagerð Samskipa hf. í nóvember 2008 og ræddi (S)aðaleig-stjform-SH þá við hann um



möguleika á auknu samstarfi Samskipa og Eimskips í Færeyjum. Síðar átti (S)frkvstj-Færeyj í viðræðum við framkvæmdastjóra Eimskips í Færeyjum, (E)frkvstj-Færeyj.

4820. Þetta kemur fram í tölvupósti (S)frkvstj-Færeyj til (S)aðaleig-stjform-SH frá 24. nóvember 2008 sem var með heitinu „Eimskip“. Í tölvupósti (S)frkvstj-Færeyj kemur einnig fram að hann og (E)frkvstj-Færeyj hafi rætt um BWS/Smyril Line.
4821. Í nóvember 2008 sendi (E)frkvstj-Færeyj drög að áætlun Eimskips í Færeyjum til (E)frkvstj-alþjvs. Þar kemur fram að í sjóflutningum hafi dregið úr samkeppni við Samskip en hún verulega aukist við BWS.
4822. Framangreint sýnir að líkt og með aðra þætti þar sem samkeppni gat ríkt milli Samskipa og Eimskips beitti (S)aðaleig-stjform-SH sér fyrir því að möguleikar á auknu samstarfi við Eimskip yrðu kannaðir. Er þetta í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins.
4823. Sem fyrr sagði lýsti (E)frkvstj-Færeyj því yfir að samkeppni hefði aukist verulega við BWS en minnkað gagnvart Samskipum. Í gögnum Samskipa og Eimskips frá árinu 2009 koma ítrekað fram verulegar áhyggjur yfir samkeppni frá BWS. (S)frkvstj-Færeyj kvartaði yfir mikilli samkeppni við BWS sem leiddi til hræðilega („awful“) lágs verðs. Á Íslandi kom fram óánægja hjá Samskipum og Eimskip með samkeppni frá BWS í útflutningi á fiski.
4824. Á árinu 2009 og áfram áttu Samskip og Eimskip í samhliða samskiptum við BWS sem miðaðu að því draga úr samkeppni frá því fyrirtæki, bæði á Íslandi og í Færeyjum.

11.18. Viðræður og undirbúningur verðhækkana sem tilkynnt var um í nóvember 2008 og janúar 2009

4825. Til stóð að fundur (E)frkvstj-flutkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 yrði haldinn 4. september 2008. Fundargerð Eimskips frá 2. september 2008 sýnir að (E)forstö-innfl ráðgerði að eiga fund með Samskipum 4. september 2008 til þess að ræða um verðhækkun. Þessum fundi Samskipa og Eimskips var síðan frestað um einn dag.
4826. Á stjórnarfundum Samskipa Holding 8. september 2008, þ.e. fyrsta virka daginn eftir fund (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 með (E)frkvstj-flutkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl, gerði (S)aðaleig-stjform-SH efnislega grein fyrir samráðinu við Eimskip vegna breytinga á siglingakerfinu og takmörkun flutningsgetu. Einnig greindi (S)aðaleig-stjform-SH frá undirbúningi að frekari verðhækkunum, þ.e. umfram það sem hafði þegar verið hækkað í miklum verðhækkunum Samskipa 1. september 2008. Var þetta í samræmi við áherslu (S)aðaleig-stjform-SH á „stóru málin“ sem áttu að tryggja stöðu Samskipa hf. sem „cash cow“ fyrir samstæðuna.
4827. Á fundi (E)frkvstj-flutkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl 15. september 2008 var annars vegar fjallað um atriði sem tengdust samráðinu við Samskip í sjóflutningum og hins vegar undirbúið að halda uppi eða hækka BAF Eimskips.
4828. Í fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips frá 23. september 2008 kemur fram að (E)forstö-innfl eigi að boða fund til að fara yfir mögulegar verðhækkanir. Í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH til samstarfsmanns sama dag var fjallað um dagskrá fundar daginn eftir hjá yfirstjórn Samskipa ((S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-fjarm). Fyrsta mál á dagskrá var staðan á „stóru málunum“ og þar var tilgreint m.a.: verðhækkanir“. Af fundargerð frá þessum fundi yfirstjórnar Samskipa má sjá að umræða fundarmanna laut að því hvað Eimskip myndi „gera í hækkunum“, þ.e. þar var ekki að greina neinn ótta hjá stjórnendum Samskipa um samkeppnisleg viðbrögð Eimskips við fordæmalausum verðhækkunum Samskipa m.a. 1. september 2008. Þetta er í samræmi við önnur gögn málsins sem sýna að Eimskip vann á þessum tíma markvisst að frekari verðhækkunum.



11.18.1. Hækkun á landflutningum á ferskum fiski í september/október 2008

4829. Eins og lýst hefur verið áttu sér stað ítrekaðar viðræður milli (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl, auk undirmanna þeirra. Funduðu (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl 4. júlí 2008 og sýnir tölvupóstur (S)frkvstj-innanl frá 17. júlí 2008 frekari viðræður þeirra. Jafnframt funduðu (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl aftur 11. ágúst 2008 og 17. september 2008. Þá ræddu undirmenn þeirra ítrekað saman á tímabilinu 8.-16. september 2008.
4830. Þá ber að hafa í huga glæsur sem (E)frkvstj-innanl vistaði daginn fyrir fund Eimskip og Samskipa, þ.e. 24. júlí 2008, í lokaglærunni kemur þetta fram:
- *Flytja vörur í gámum á Austurland, nota S [Samskip] og E [Eimskip] 2 ferðir pr viku- tvíhliða flutningasamningur*
– *Ath ferskur fiskur*.
4831. Í þessari glæru (E)frkvstj-innanl var lagt til grundvallar að Eimskip og Samskip myndu hafa samráð og standa saman að flutningum á Austurlandi. Til viðbótar gefur glæran til kynna mögulegt samstarf fyrirtækjanna vegna landflutninga á ferskum fiski. „Sendinefnd“ frá Samskipum fundaði með (E)svæðisstj1 og (E)þstj-Austur 9. september 2008 til ræða samstarf á Austurlandi og „fleira“. Frekari viðræður áttu sér stað og tölvupósturinn sem (E)svæðisstj1 sendi (E)frkvstj-innanl 16. september 2008 og greindi frá niðurstöðu viðræðna (E)þstj-Austur og (S)rekststj-landfl3 um ólögsmæta skiptingu landflutningamarkaða eftir landsvæðum á Austurlandi. Sem fyrr segir funduðu (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl daginn eftir og ræddu um aukið samráð í land- og sjóflutningum.
4832. Í glærukynningu (E)frkvstj-innanl frá 29. september 2008 fjallaði hann um samstarf við Samskip í landflutningum og hækkun á verði. Í glæru með yfirskriftinni „Helstu breytingar á starfsemi 2008“ segir m.a. „Samvinna með Samskip á ýmsum flutningaleiðum – tvíhliða samningar – mikil tækifæri framundan í þessu.“ Til viðbótar er þetta tekið fram á sömu glæru:
- „30% hækkun á flutningsverði í ferskfiskflutningum frá sept 2008“
4833. Þessa glæru ber að virða saman við glæru (S)frkvstj-innanl frá 19. október 2008. (S)frkvstj-innanl útbjó glæruna að beiðni (S)aðaleig-stjform-SH og var hún liður í kynningu (S)aðaleig-stjform-SH á „stóru myndinni“ fyrir stjórn Samskipa. Það (S)aðaleig-stjform-SH (S)frkvstj-innanl nánar tiltekið að útbúa glæru sem myndi innihalda „yfirlit yfir aðgerðir sem búið er að grípa til sem og mjög gróft væntan ávinning þar sem við á [...]“. Í glærunni er gerð grein fyrir m.a. verulegri hækkun 1. september 2008 og umtalsverðum árangri í aukinni álagningu á olúgjaldi í landflutningum. Þá er þetta einnig tilgreint sem verðhækkun sem var lokið:
- „– Ferskur fiskur
- Hækkunir samninga (skilar 10-12 m á ársgrundvelli) – innleitt 1. okt 2008“
4834. Höfðu þannig Samskip og Eimskip eftir ítrekuð samskipti bæði hækkað verð á landflutningum á ferskum fiski í september/október 2008. Til viðbótar kemur fram í þessari glæru (S)frkvstj-innanl að hann taldi raunhæft að hækka verð meira í flutningum á ferskum fiski þann 1. nóvember 2008. Til viðbótar kom fram í áætlun landflutninga Samskipa frá 11. nóvember 2008 fyrir árið 2009 að verð á fiskflutningum yrði hækkað á árinu 2009 „almennt á bilinu 15-20%“.
4835. Samkeppniseftirlitið vísar til umfjöllunar um verðhækkunar Eimskipa á landflutningum 11. ágúst 2008 og verðhækkunar Samskipa á landflutningum sem tilkynnt var um 27. ágúst og tók gildi 1. september 2008 og eiga sömu sjónarmið við hér. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samskipti Samskipa og Eimskipa hafi a.m.k. auðveldað eða skapað kjörskilyrði fyrir fyrirtækin til að grípa til þessara verðhækkana á landflutningum á ferskum fiski. Þetta hafi aukið til muna þau skaðlegu áhrif sem voru til þess fallin að leiða af þessum samskiptum



fyrirtækjanna. Þá ber til viðbótar að virða allar verðhækkanir Samskipa og Eimskips eftir mitt ár 2008 til janúar/febrúar 2009 í einu lagi og verður fjallað um það í kafla 11.21.

11.18.2. „Massive increases“ og von um mjög góða afkomu Samskipa

4836. Morguninn eftir fund m.a. (E)forstö-innfl með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 6. október 2008, þ.e. þann 7. október 2008, var innan Eimskips boðað til fundar hjá m.a. (E)forstö-innfl, (E)forstö-útfli og (E)forstö-vörupróun. Á fundinum átti að fjalla um „möguleika á verðbreytingum.“ Sama morgun vann (E)forstö-útfli að verðhækkunum er vörðuðu innleiðingu á olúgjaldi (BAF) á alla viðskiptavinum. Í framangreindri glæru (S)frkvstj-innanl frá 19. október 2008 var lýst árangri Samskipa á að leggja olúgjald (FAF) á viðskiptavinum.
4837. Sama dag, 7. október 2008, kom fram í tölvupósti (S)aðaleig-stjform-SH að Samskipum hefði tekist að ná fram afar mikilli verðhækkun („massive increases“) á þjónustu fyrirtækisins.
4838. Föstudaginn 24. október 2008, bókaði (S)forstö-innfl1 fundahrinu með undirmönnum sínum til að ræða áframhaldandi verðhækkanir Samskipa. Sama dag funduðu undirmenn (E)forstö-innfl og ræddu m.a. almenna verðhækkun sem var fyrirhuguð 1. nóvember 2008 og verðhækkun gagnvart einum mikilvægasta viðskiptavinum Eimskips, Ölgerðinni. Fundargerð frá fundinum sýnir áhyggjur undirmanna (E)forstö-innfl af verðhækkunum Eimskips gagnvart viðskiptavinum og tímasetningu þeirra. Líkt og hjá Samskipum skiluðu þessar áhyggjur undirmanna því ekki að stjórnendur Eimskips létu af verðhækkunum. Þvert á móti. Strax eftir helgina, mánudaginn 27. október 2008, boðaði (E)forstö-innfl undirmenn sína á fund þar sem átti að fara yfir „verðhækkanir á samningum í ISK“. Samkvæmt fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips var yfirmanni útflutningsdeildar, (E)forstö-útfli, falið að vinna að verðhækkun á útflutningi og var upphafsdagur þess verkefnis þriðjudagurinn 28. október 2008.
4839. Hér ber að rifja upp að sama dag, 28. október 2008, sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)stjórnarm-fjármstj og greindi frá því sem Samskip hf. voru gera á þessum tíma. Vísaði hann m.a. til verðhækkunar sem unnið var að gagnvart Alcoa og takmörkun á flutningsgetu sem tilkynnt var um nokkrum dögum seinna. Varðandi árið 2009 treysti (S)aðaleig-stjform-SH sér til að gera ráð fyrir að verðhækkanir fyrir það ár væru „komnar í gegn“. Þetta gerði hann á sama tíma og fram kom í fjölmiðlum að verð á sjóflutningum á erlendum mörkuðum hefði aldrei lækkað jafn mikið sökum þeirra efnahagsörðugleika sem þá stóðu yfir. Ekki kom fram neinn fyrirvari um hjá (S)aðaleig-stjform-SH um að samkeppni frá Eimskip gæti hindrað verðhækkanir. Til viðbótar treysti (S)aðaleig-stjform-SH sér til að ráðgera að aðgerðir Samskipa árið 2008 og verðhækkanir 2009 myndu vera hluti þess sem myndi skila Samskipum á Íslandi um einum milljarði króna í EBITDA árið 2009. Í þessu sambandi má rifja upp fyrirmæli (S)aðaleig-stjform-SH til (S)frkvstj-millilandasv frá sumrinu 2008 þar sem fram kom að afkoma Samskipa á Íslandi árin 2008, 2009 og 2010 ætti ekki að vera fjarri góðri afkomu árána 2006 og 2007 („Árin 2006 og 2007 voru félaginu góð, en afkoma má samt ekki verða mikið slakari en afkoma var þau árin, hún þarf að vera amk 1,2 - 1,5 mia per ár, og við verðum að bregðast við þannig að árin 2008, 2009 og 2010 verði ekki fjarri því, þó ytra umhverfi verði snúið.“).
4840. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 frá 29. október 2008 endurspeglar vissu (S)aðaleig-stjform-SH um að unnt væri að hækka verð á árinu 2009. Taldi hann að unnt yrði að hækka þjónustugjöld Samskipa ítrekað á því ári en tók fram að enn væri verið undirbúa umfang verðhækkunar á sjóflutningi.
4841. Umfjöllun (S)aðaleig-stjform-SH í tölvupóstinum til (S)stjórnarm-fjármstj 28. október 2008 tengdist því að sá síðarnefndi átti fund tveimur dögum síðar, 30. október 2008, með Fortis, helsta lánadrottni Samskipa Holding. Stuttu eftir fund (S)stjórnarm-fjármstj með Fortis fór fram stjórnarfundur Samskipa Holding í Rotterdam, nánar tiltekið 4. nóvember 2008. Samkvæmt fundargerð voru mættir á fundinn m.a. (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjórnarm-fjármstj. Í fundargerð frá stjórnarfundinum sést að fundarmenn áttu á fundinum umræðu um uppgjör Samskipa á Íslandi. Í fundargerðinni kemur fram að á tímabilinu frá janúar til júlí 2008 hafi velta Samskipa á Íslandi verið nokkuð hærri en áætlanir fyrirtækisins gerðu ráð fyrir. Þrátt fyrir efnahagshrunið í október 2008 og



mikinn samdrátt í flutningsmagni til landsins var samt sem áður ráðgert af hálfu (S)aðaleig-stjform-SH að rekstur Samskipa á Íslandi myndi skila jákvæðri EBITDA seinni hluta ársins og fyrir árið í heild. Velta fyrir árið í heild var sömuleiðis ráðgerð hærrí en í fyrri áætlun fyrirtækisins. Ef horft er til ytri rekstraraðstæðna á þessum tíma þá vekur þessi bjartsýna áætlun forstjórans óhjákvæmilega athygli. Af fundargerðinni er ljóst að forstjórinn horfði í þessu sambandi til aðgerða Samskipa á Íslandi sem hér að framan hefur verið fjallað um og tengdust samráði við Eimskip frá miðju ári 2008, t.d. eins og miklar verðhækkningar og takmörkun á flutningsgetu. Það voru því m.a. hinar ólögmetu samráðsaðgerðir sem voru grundvöllur þess að forstjóri Samskipa taldi tilefni til að áætla að árinu 2008 myndi lykta með jákvæðri EBITDA og hærrí veltu en fyrri áætlun gerði ráð fyrir. Það fór síðan svo að áætlunin, um jákvæða EBITDA Samskipa hf., gekk eftir.

4842. Hvergi í stjórnarfundargerðinni 4. nóvember 2008 var vísað til þess að (S)aðaleig-stjform-SH eða stjórnarmenn hefðu rætt um óvissu um viðbrögð helsta keppinautarins, Eimskips, hvorki vegna hækkunaraðgerða Samskipa, takmörkunar á flutningsgetu eða samdrætti í flutningamagni. Hvorki í stjórnarfundargerðinni né öðrum samtímagögnum var vísað til óvissu um verðþrýsting eða verðstríð („Price war“) eins og stjórnendur Samskipa höfðu í upphafi árs 2008 gert ráð fyrir að yrði afleiðingin ef það kæmu fram efnahagsörðugleikar hér á landi, sbr. glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv dags. 29. janúar 2008, sbr. einnig glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv frá 17. maí 2008 frá fundi með undirmönnum á millilandasviði Samskipa, þar sem fjallað var um að framundan væri efnahagssamdráttur með lækkandi einingaverðum, samkeppni og sókn í innflutningi.
4843. Samkvæmt fundargerðinni var fleira rætt á stjórnarfundum Samskipa Holding í byrjun nóvembermánaðar árið 2008. Vegna umræðu um rekstraráætlun Samskipa Holding fyrir árið 2009 er ljóst að stjórnendur og helsti eigandi Samskipa, unnu út frá því, og treystu sér til, um mánuði eftir fall íslensku bankanna, að áætla að Samskip hf. á Íslandi myndi standa undir stórum hluta EBITDA samstæðu Samskipa Holding. Þetta er talið fela í sér vísbendingu um að hlutaðeigendur hafi talið sig hafa náð að tryggja Samskip á Íslandi sem „cash cow“ samstæðunnar, líkt og (S)aðaleig-stjform-SH lagði áherslu á fundi framkvæmdastjórnar Samskipa Holding 18. mars 2008. Aukið samráð við Eimskip, sem hófst með fundi (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)forstj og (E)stjform 6. júní 2008, skipti hér sköpum.
4844. Samkvæmt stjórnarfundargerðinni frá 4. nóvember 2008 hafði (S)stjórnarm-fjármstj á fyrrnefndum fundi með Fortis 30. október 2008 upplýst að uppgjör Samskipa Holding kæmi til með að verða lakara en ráðgert hefði verið gagnvart bankanum fyrr á árinu 2008. Í fundargerðinni kemur einnig fram að Fortis hafi verið upplýst um að vegna þessa hafi allt árið 2008 verið gripið til aðgerða í rekstri Samskipa á Íslandi, meðal annars með verðhækkun gagnvart Alcoa og takmörkun á flutningsgetu. Þessi frásögn (S)stjórnarm-fjármstj um aðgerðir Samskipa hér á landi árið 2008 er í samræmi við gögn málsins. Í þessu samhengi ber að hafa í huga að strax í upphafi árs 2008 hóf lítill hópur stjórnenda og (S)aðaleig-stjform-SH hjá Samskipum á Íslandi undirbúning að aðgerðum vegna þess að fyrirséður væri samdráttur síðar á árinu 2008. Þær aðgerðir sem hópurinn skoðaði í þessu sambandi fólu í sér að auka samstarf við Eimskip, sbr. t.d. tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv til (S)aðaleig-stjform-SH 7. febrúar 2008, fund stjórnar Samskipa hf. 4. apríl 2008, skýrslu (S)aðaleig-stjform-SH útbúna af Eglu 12. maí 2008. Á grunni þessarar forvinnu hófst síðan aukið samráð Samskipa við Eimskip eftir fund þeirra 6. júní 2008.
4845. Það var því afar þýðingarmikið fyrir aðaleiganda og æðstu stjórnendur Samskip Holding samstæðunnar að sýna fram á styrkan rekstur í viðræðum sínum við Fortis, helsta lánadrottinn Samskipa Holding, á árinu 2008 og því máli langt frá því lokið þegar umræddur fundur stjórnar Samskipa Holding fór fram í byrjun nóvember 2008. Varðandi framgang á viðræðum Samskipa Holding og Fortis er ljóst að þar myndi afkoma Samskipa hf. á Íslandi skipta miklu máli. Meðal annars sökum þessa var hvati hjá Samskipum til að viðhalda áfram hinu ólögmetu samráði við Eimskip.
4846. Þann 3. nóvember 2008 hélt Eimskip áfram undirbúningi að verðhækkun í landflutningum. Þá sendi undirmaður (E)frkvstj-innanl, (E)rekstj-aksturst, tölvupóst til (E)forstö-landfl2, með afriti til



(E)frkvstj-innanl og (E)sölustj-innanl1. Var heiti póstsins „Hækkanir í nóvember 2008“. Meðfylgjandi var skjal þar sem komu fram „upplýsingar um valmöguleika varðandi hækkanir í nóvember.“ Í viðhenginu var rætt um 5% hækkun á gjaldskrá í landflutningum og upptöku svokallaðs stykkjavörugjalds sem átti að skila Eimskip „mun meira en bein gjaldskrárhækkun“ og jafnvel „100% meiri tekjum en gjaldskrárhækkun“.

4847. Á þessum tíma vann Eimskip einnig að hækkunum á flutningsverði Nathan & Olsen, sem var umfangsmikill kaupandi flutningsþjónustu hjá Eimskip. Í fundargerð innflutningsdeildar Eimskips frá 7. nóvember 2008 kemur fram að (E)viðskstj3 væri að fara að hitta viðskiptavininn síðar þann dag „til að opna á verðhækkanir.“ Einnig átti samkvæmt fundargerðinni fyrir lok 9. nóvember 2008 að vera búið að „[e]ndurskoða viðmiðunarverð“ hjá innflutningsdeild.

11.18.3. „Limited competition“ og samráð um álagningu karagjalds

4848. Þann 11. nóvember 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)frkvstj-MCL. Í tölvupóstinum fjallaði (S)aðaleig-stjform-SH um hvernig ætti að bregðast við erfiðum aðstæðum á flutningamarkaði. Í samræmi við almenn markaðslögmál, og önnur samtímagögn, kom fram hjá (S)aðaleig-stjform-SH að efnahagsörðugleikarnir á þessum tíma myndu leiða til minni kostnaðar, aukinnar samkeppni og lægra verðs á flutningum. Kvað hann málin aftur á móti horfa öðruvísi við á Íslandi vegna hinnar „takmörkuðu“ samkeppni („limited competition“) sem væri milli skipafélaganna sem gæfi færi á verðhækkunum og margskonar aukinni gjaldtöku gagnvart viðskiptavinum. Að mati Samkeppniseftirlitsins lýsti (S)aðaleig-stjform-SH því ástandi sem Eimskip og Samskip höfðu skapað á hinum íslenska flutningamarkaði með hinu ólögmeta samráði.

4849. Skýra birtingarmynd á þessari takmörkuðu samkeppni má finna í samtímagöngum þar sem Samskip og Eimskip státa sig að því að skila ekki kostnaðarlækkunum út til viðskiptavina. Dæmi um slík gögn eru eftirfarandi:

- Þann 9. september 2008 greindi (S)forstö-innfl1 (S)aðaleig-stjform-SH frá því að tiltekin kostnaður Samskipa hefði lækkað mjög mikið. Álagning Samskipa væri orðin veruleg (400%) en það hafi gengið hjá Samskipum að „skila þessum lækkunum ekki út“ til viðskiptavina.
- Starfsmaður Samskipa erlendis, sem hafði með sjöflutning vegna Íslands að gera, átti í tölvupóstsamskiptum við (S)forstö-útfll dagana 6.-7. nóvember 2008. Fyrir liggur að BAF-gjaldskrá skipafélagsins Maersk, sem Samskip skiptu við á siglingaleiðinni milli Evrópu og Austurlanda fjær, hafði lækkað mikið. Spurði starfsmaðurinn hvort Samskip ættu sökum þessa ekki að lækka BAF, þar sem Samskip væru að innheimta viðskiptavini um þrefalt hærra BAF-gjald en Maersk á siglingarleiðinni. (S)forstö-útfll hafnaði því með þessum rökum; „we stick to the current baf we are charging due to the situation and this is additional revenue for us that is needed“. Samskip ákváðu þannig að láta viðskiptavini sína (t.d. útflytjendur á fiski frá Íslandi til Austurlanda fjær) ekki njóta þessa heldur kröfðu þá áfram um olúgjald (BAF) samkvæmt þrefalt hærri gjaldskrá.
- Tölvupóstur (E)forstö-útfll til (E)deildstj-útfll1 frá 19. nóvember 2008, þar sem hann fjallaði m.a. um viðskipti við Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum (VSV) og sagði að Eimskip hefði fengið „[...] talsverða lækkun núna í haust sem við höfum ekki skilað út í markaðinn [...]“.

4850. Atvik sama dag og (S)aðaleig-stjform-SH sendi fyrrnefndan tölvupóst til (S)frkvstj-MCL, þ.e. 11. nóvember 2008, sýna samráð Samskipa og Eimskips um að leggja gjöld á viðskiptavini. Varðar þetta gjöld sem Samskip og Eimskip settu á vegna flutnings á fiskikörum sem voru í eigu Umbúðamiðlunar. Gögn frá m.a. 11. nóvember 2008 og varða (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl sýna að Samskip og Eimskip höfðu samráð um álagningu þessa gjalds. Sýna gögnin m.a. að (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl funduðu saman með m.a. Umbúðamiðlun sem annaðist þá leigumiðlun með fiskikör. Stærstu viðskiptavinir fyrirtækisins voru íslenskar útgerðir og fiskvinnslur.



4851. Gögn (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-landfl frá 11. og 12. nóvember 2008 hafa hér þýðingu. Þessi gögn forstöðumanna innflutnings- og landflutningadeilda Samskipa sýna að fyrirtækið taldi unnt leggja eftirfarandi til grundvallar á árinu 2009, sbr. einnig hér t.d. áður nefndan tölvupóst (S)aðaleig-stjform-SH frá 28. október sama ár:
- Almennt verð í landflutningum yrði hækkað um 10% í febrúar og 5% í ágúst 2009.
 - Verð á fiskflutningum yrði hækkað á árinu 2009 „almenn á bilinu 15-20%“.
 - Sjóflutningsgjöld yrðu hækkuð um 5% og þjónustugjöld innanlands um 8% í febrúar 2009.
 - Þjónustugjöld innanlands og í erlendum höfnum yrðu hækkuð um 8% í júlí 2009.
4852. Jafnframt var lagt til grundvallar að samkeppni frá Eimskip myndi ekki leiða til þess að þrýstingur væri á að verð myndi lækka eða að Samskip myndi missa markaðshlutdeild sína. Í skjali (S)forstö-innfl1 sagði einfaldlega að í áætlun fyrir árið 2009 væri gert ráð fyrir að „halda öllum núverandi viðskiptavinum.“
4853. Um miðjan nóvember 2008 töldu Samskip þannig að á árinu 2009 gæti fyrirtækið ítrekað hækkað verð án þess að missa markaðshlutdeild og mikilvæga viðskiptavinum. Hið sama kom efnislega fram í áætlun Samskipa hf. fyrir árið 2009 sem send var stjórn Samskipa Holding 6. desember 2008. Var þannig ítrekað talið unnt að leggja til grundvallar að samkeppnislegt aðhald frá Eimskip myndi ekki koma í veg fyrir áform Samskipa. Ástæða þessa var hið aukna ólögmæta samráð við Eimskip sem hófst í júní 2008.

11.18.4. Verðhækkun Eimskips 19. og 27. nóvember 2008

4854. Eimskip hélt áfram að hækka verð í nóvember 2008. Þann 14. nóvember tilkynnti fyrirtækið um verðhækkun í inn- og útflutningi og tók þessi hækkun gildi 19. nóvember 2008. Kom þar m.a. fram að „almenn þjónustugjöld ásamt akstri á Íslandi hækka um 9,8%.“ Sama dag var greint frá hækkun á svonefndum geymslugjöldum Eimskips. Var þetta hækkun sem var tengd landflutningum Eimskips hér á landi.
4855. Frá byrjun nóvember 2008 vann Eimskip einnig að verðhækkunum sem fólust í því að „breyta sem flestum samningum yfir í EUR á sem skemmstum tíma“, sbr. t.d. verkefnalista frá (E)forstö-innfl1 13. nóvember 2008. Samkvæmt glærुकynningu Eimskips átti að funda „maður á mann“ og „toga“ út hækkanir á samningum. Birtist þarna samskonar viðhorf eða stöðumat og hjá Samskipum, þ.e. að Eimskip væri í þeirri stöðu að geta hækkað verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum án þess að óttast samkeppnisleg viðbrögð Samskipa. (S)forstö-innfl1 gaf t.d. þau fyrirmæli í september 2008 að „troða“ sérstöku gjaldi á viðskiptavinum og hafði ekki áhyggjur af mögulegri samkeppni frá Eimskip.
4856. Þessi aðgerð Eimskips í nóvember 2008 fól í sér að gjaldskrá í Evrópuflutningum var breytt úr íslenskum krónum yfir í evrur. Í þessu sambandi skal lögð áhersla á að við breytinguna notaðist Eimskip við gengi evru gagnvart íslenskri krónu í upphafi árs 2008. Var þetta því viðmiðunargengið að teknu tilliti til hækkunar á vísitölu neysluverðs til 1. október 2008. Þar sem krónan hafði fallið skarpt á árinu 2008 hafði þetta áhrif til verulegrar hækkunar á verð til þeirra viðskiptavina Eimskips sem höfðu verið með verð í krónum, ásamt því að viðskiptavinir tóku eftirleiðis á sig áhættu af þróun íslensku krónunnar gagnvart evru.
4857. Hér ber að hafa í huga að á svipuðum tíma unnu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstö-innfl1 að aðgerðum sem miðuðu að því að færa eða auka gengisáhættu viðskiptavina Samskipa af þróun krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Sýna gögnin að þeir unnu frá 16. október 2008 að hækkun á gengisálagi, svokölluðu CAF-gjaldi (Currency Adjustment Factor), ásamt því að gripið var til markvissra aðgerða til að breyta samningum sem voru í krónum yfir í evrur. Lagði (S)aðaleig-stjform-SH áherslu á þessa vinnu og sagði þetta „mikið og stórt verk“.



4858. Þann 27. nóvember 2008 tilkynnti Eimskip viðskiptavinum um verðhækkunina með myntbreytingarfyrirkomulaginu. Tilkynningin var send með tölvupósti til á fjórða hundrað viðskiptavina Eimskips í innflutningi. Var því um að ræða mikinn fjölda viðskiptavina þar sem flutningsgjöld hækkuðu verulega. Fyrirtækið 66° Norður svaraði t.a.m. tilkynningu Eimskips með þessum orðum:
- „Eruð þið eitthvað klikkuð? Hver samþykkir 80% hækkun?“*
4859. Samtímagögn frá m.a. (E)forstö-innfl staðfesta að myntbreyting Eimskips gagnvart viðskiptavinum fól í sér verulega verðhækkun í innflutningi til Íslands.
4860. Verkefnalisti (E)forstj gefur til kynna að myntbreytingarverkefni Eimskips hafi verið lokið í janúar 2009. Um var að ræða miklar verðhækkningar gagnvart viðskiptavinum sem komu til viðbótar verðhækkunum Eimskips sem höfðu tekið gildi seinni hluta árs 2008.
4861. Lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips höfðu átt í ítrekuðum samskiptum í aðdraganda þessarar hækkunar, sbr. viðræður og fundi í október 2008. Auk umræðu um a.m.k. „Nýtt upphaf“ verkefnið sem tók til sjóflutninga voru þessi samskipti til þess fallin að draga úr sjálfstæði þessara keppinauta og æskilegri óvissu um fyrirtælanir hvors annars. Þar að auki voru þetta samskipti sem höfðu að markmiði að raska samkeppni og höfðu þessir stjórnendur í samtölum sínum bæði hvata og tækifæri til að skiptast á skoðunum um hverskonar málefni sem gátu haft áhrif á samkeppni milli fyrirtækjanna í sjóflutningum. Skiptir hér og miklu að í samtímagögnum kemur ekki fram að (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl eða (E)forstj hafi óttast samkeppnisleg viðbrögð Samskipa vegna þessara verðhækkunar sjóflutningsþjónustu í nóvember 2008. Til viðbótar kemur hvergi fram í samtímagögnum að (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 eða (S)aðaleig-stjform-SH hafi íhugað að auka samkeppni og afla nýrra viðskiptavina þegar Eimskip stigu fram með þessa miklu hækkun. Þess í stað var áfram unnið að verðhækkunum innan Samskipa. Er þetta í samræmi við hið ólögsmæta samráð sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.
4862. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samskipti Samskipa og Eimskips hafi a.m.k. auðveldað eða skapað kjörskilyrði fyrir Eimskip að hækka verð verulega í nóvember 2008. Þetta hafi aukið til muna þau skaðlegu áhrif sem voru til þess fallin að leiða af þessum samskiptum fyrirtækjanna. Þá ber til viðbótar að virða allar verðhækkningar Samskipa og Eimskips eftir mitt ár 2008 til janúar 2009 í einu lagi og verður fjallað um þær í kafla 11.21.

11.18.5. Fundur 4. desember 2008 og BAF

4863. (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl funduðu þann 4. desember 2008.
4864. Í svörum Samskipa og Eimskips við upplýsingabeiðnum Samkeppniseftirlitsins samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga voru ekki veittar upplýsingar um fundinn 4. desember 2008 eða umræðuefni hans.
4865. Samtímagögnin sýna að á fundinum var m.a. til umræðu sá verkþáttur „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til aukins samstarfs í flutningum til og frá Norður-Ameríku. Samkvæmt fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips frá 2. desember 2008 sagði (E)forstö-innfl að lokadrög að Norður-Ameríku samningi við Samskip hafi verið kláruð og er ljóst að þau drög voru til umræðu á fundinum.
4866. Eins og rökstutt hefur verið hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Er því ljóst að samskipti Samskipa og Eimskips á þessum fundi fóru gegn banni ákvæðisins.
4867. Gögnin sýna að nýr Norður-Ameríku samningur Samskipa og Eimskips var ekki eina málefnið sem átti að ræða á fundinum 4. desember 2008. Samkvæmt dagbókarfærslu (E)frkvstj-flutnkerf átti á þessum fundi með Samskipum að „[f]ara yfir samninga“. (E)frkvstj-flutnkerf vísaði þannig til samninga fyrirtækjanna í fleirtölu og er það í samræmi við gögn málsins um samskipti og samninga um aukið



samstarf fyrirtækjanna á þessum tíma, sbr. t.d. verkefni á verkefnalista sem (S)aðaleig-stjform-SH sendi sér 2. nóvember 2008: „Eimskip-nýir samningar“.

4868. Á fundinum 4. desember 2008 ræddu lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips einnig innheimtu á BAF-gjaldi viðskiptavina, sbr. tölvupóst (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-millilandasv dags. 10. desember 2008. Var það hluti af hinu samfellda samráði að fyrirtækin ræddu um hvort allir viðskiptavinir Eimskips í viðkomandi flutningum greiddu BAF eða ekki. Eðli málsins samkvæmt er um að ræða samkeppnislega viðkvæmt málefni og til staðfestingar á vissu fyrirtækjanna um stefnu hvors annars í þessum efnum. Til viðbótar felur tölvupóstur undirmanns (S)forstö-innfl1, sem sendur var sama dag og fundurinn með Eimskip var haldinn, í sér staðfestingu á samræmingu Samskipa og Eimskips um BAF sem viðskiptavinir í Norður-Ameríku flutningum greiddu, sbr. gögn sem tengjast fundi Samskipa og Eimskips 14. ágúst 2008.
4869. Sökum þessarar umfjöllun um BAF 4. desember 2008 er rétt að hnykkja á tilteknum samtímagögnum sem sýna samráð fyrirtækjanna um þennan þátt í verðlagningu þeirra. Í því sambandi skiptir máli að í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 er viðurkennt að fyrirtækið hafi haft samráð við Samskip „um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum.“

11.18.5.1. „BAF á alla“

4870. Í tengslum við umfjöllun um upplýsingaskipti Eimskips og Samskipa 4. desember 2008 um verðstefnu fyrirtækjanna tengda olúgjaldi (BAF) skal áréttað að samkvæmt samtímagögnum tók samráð fyrirtækjanna til álagningar á olúgjöldum (BAF í sjóflutningum / FAF í landflutningum) en bæði fyrirtækin unnu að því að auka tekjur af olúgjöldum með því að fjölga viðskiptavinum sem greiddu fullt olúgjald („BAF á alla“ eða lækka afslátt viðskiptavina af BAF-gjaldi), sbr. t.d. eftirfarandi gögn:
- (E)forstj átti fund með (S)frkvstj-N-Am 25. júní 2008. Þann 7. júlí 2008 átti (E)forstj fund með (E)frkvstj-flutnkerf. Af tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf daginn eftir er ljóst að (E)forstj hafði gefið fyrirmæli um að taka saman lista yfir viðskiptavinum í flutningum frá Norður-Ameríku og m.a. upplýsingar um hvort það væri verið að innheimta „BAF á alla“ viðskiptavinum, sbr. tölvupóst (E)frkvstj-flutnkerf til (E)forstö-innfl 8. júlí 2008.
 - Á glærुकynningu (S)aðaleig-stjform-SH frá stjórnarfundum Samskipa Holding 14. júlí 2008 kemur fram að Samskip væru að vinna að því að leggja olúgjald í landflutningum (FAF) á alla stærstu viðskiptavinum og að þeim aðgerðum ætti að vera lokið 1. september 2008. Á sömu glæru kemur fram að Samskip hafi breytt útreikningum á formúlu FAF og að því hafi verið lokið 1. júlí 2008.
 - 29. júlí 2008 var á fundi framkvæmdastjórnar Eimskips rætt um verðhækkningar og fengu (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-innanl það forgagnsverkefni að ræða við alla stærri viðskiptamenn sem ekki greiddu olúgjald (BAF/FAF) eða væru með mjög háan afslátt af olúgjaldi.
 - 5. ágúst 2008 sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (E)forstj, (E)frkvstj-alpjsv og (E)frkvstj-EimÍsl undir heitinu „Aðgerðir á næstunni“ og var þar fjallað um verðhækkningar framundan, m.a. að innheimta BAF-gjald af öllum viðskiptavinum í Norður-Ameríku flutningum.
 - 13. ágúst 2008 var haldinn fundur framkvæmdastjórnar Eimskips en samkvæmt fundargerð voru mættir (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-innanl og (E)forstö-innfl. Samkvæmt fundargerð átti (E)forstö-innfl fund með stórum viðskiptavinum í sömu viku. Átti að hækka verð, m.a. gagnvart Ísafold og Nathan & Olsen og innleiða BAF-gjald á þessa viðskiptavinum. Um var að ræða umfangsmikla kaupendur á flutningsþjónustu til Íslands.
 - (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-útfli o.fl. stjórnendur Eimskips funduðu 26. ágúst 2008. Á fundinum greindi (E)frkvstj-innanl frá því að unnið hafi verið að eftirfylgni gjaldskrárhækkunar Eimskips frá 11. ágúst 2008. Kom fram að Húsasmiðjan myndi taka



ákveðnum breytingum vegna BAF og að (E)frkvstj-innanl myndi hitta Aðföng til að ná fram „hækkun umfram samning“. Þá greindi (E)forstö-innfl frá því að hann væri að „vinna í að Samskip, Innes, Nathan o.fl. greiði okkur BAF gjöld núna í framhaldinu“.

- (S)forstö-innfl1 sendi tölvupósta 1. september 2008 til undirmanna sinna þar sem fjallað var um og gefin fyrirmæli um verðhækkanir þar á meðal að „troða FAF á alla núna á sama tíma og við erum að hækka aksturinn“.
- Daginn eftir fund Samskipa og Eimskips 6. október 2008 var áfram unnið að því innan Eimskips að leggja BAF á alla viðskiptavinum.

4871. Í fyrrgreindum tölvupósti sem (S)forstö-innfl1 sendi til (S)frkvstj-millilandasv 10. desember 2008 er vísað til viðræðna við Eimskip á „síðasta fundi“, þ.e. fundinum 4. desember 2008. Sýnir sá tölvupóstur skýrt sem fyrr segir að á fundinum var a.m.k rætt um þá stefnu Eimskips að allir viðskiptavinir í Norður-Ameríku flutningum greiði BAF. Jafnvel þótt þetta gagn væri virt, eitt og sér, fólust í þessu ólögumæt upplýsingaskipti. Eimskip og Samskip voru samanlagt með 100% markaðshlutdeild og samskipti um þennan þátt í gjaldtöku gagnvart viðskiptavinum höfðu að markmiði að raska samkeppni. Engu breytir þó Samskip hafi keypt flutningsþjónustu af Eimskip í þessum flutningum. Urðu þessir keppinautar að gæta því að ræða ekki verðlagningu til eigin viðskiptavina.
4872. Þetta var hins vegar ekki einangrað atvik og gögn (E)forstj frá 24. desember 2008 og (S)aðaleigstjform-SH frá 30. desember 2008 sýna að það var meðal áhersluatriða hjá forstjórum Eimskips og Samskipa fyrir jóla og áramót 2008 að tryggja að allir viðskiptavinir greiddu BAF.
4873. Má af framangreindu sjá birtingarmynd samráðs fyrirtækjanna þar sem þau án ótta um viðbrögð hvors annars hækkuðu verð gagnvart viðskiptavinum. Átti sér stað upplýsingamiðlun um þetta áhersluatriði (allir greiða BAF) á fundi lykilstjórnenda 4. desember 2008. Voru fyrirtækin mjög samstíga í því að ná þessu markmiði, á sama tíma og þau höfðu unnið að og voru að vinna að öðrum þáttum sem féllu undir ólögumætt samráð fyrirtækjanna. Hafa Samskip upplýst að stefna þeirra á þessum tíma hafi verið að tryggja að allir viðskiptavinir greiddu BAF, sbr. mgr. 1274 í athugasemdum Samskipa við AII.

11.18.5.2. BAF hækkað

4874. Gögn sem tengjast fundi (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl 14. ágúst 2008 sýna að rætt var um BAF í Norður-Ameríku flutningum. Á þeim fundi og í kjölfar fundarins var komið á því fyrirkomulagi að Norður-Ameríku BAF fyrirtækjanna var að fullu samræmt, þ.e. BAF Samskipa var eftirleiðis að fullu samræmt við BAF Eimskips á þeirri flutningaleið, sbr. t.d. tölvupósta (S)forstö-innfl1 19. og 20. ágúst 2008.
4875. Fólst í þessum aðgerðum fyrirtækjanna að þau innheimtu sama olúgjald gagnvart viðskiptavinum á markaði þar sem þau höfðu saman 100% markaðshlutdeild. Var þetta til þess fallið að raska samkeppni með alvarlegum hætti.
4876. Er framangreind samræming á BAF vegna Norður-Ameríku staðfest með skýrum hætti í tölvupósti sem undirmaður (S)forstö-innfl1 sendi eftir hádegi 4. desember 2008 (rifja ber upp að fyrir hádegi þann dag fór fram fundur með Eimskip).
4877. Nokkrum dögum eftir fund með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 með (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl 5. september 2008 hófu (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutnkerf undirbúning aðgerða sem höfðu það að markmiði að hækka hið samræmda olúgjald í Norður-Ameríku flutningum. Sést þetta af fundargerð vegna fundar þeirra og (E)frkvstj-innanl þann 15. september 2008.
4878. Sem áður segir var á umræddum fundi (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl þann 15. september 2008 fjallað um tvö atriði sem tengdust samráðinu við Samskip um breytingu á



siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu, annars vegar mögulega fasta aðkomu Eimskips að álflutningum Samskipa fyrir Alcoa og hins vegar mögulega flutninga Samskipa fyrir Eimskip frá Reyðarfirði til Færeyja.

4879. Til viðbótar var á fundi þessara framkvæmdastjóra hjá Eimskip rætt um aðgerðir til að halda uppi BAF og að útbúa ætti nýja reiknireglu fyrir Norður-Ameríku BAF Eimskips fyrir 1. október 2008. Gögnin sýna að tilgangur þessa var að hækka BAF-gjaldið.
4880. Í kjölfar þessa fór (E)frkvstj-flutnkerf að „fikta“ í BAF formúlu Eimskips, sbr. tölvupóst hans frá 23. september 2008, og komu (E)frkvstj-Eimísl og (E)frkvstj-innanl áfram að þessu verki.
4881. Fyrstu aðgerðir fólu í sér að í september 2008 var BAF vegna Norður-Ameríku hækkað. Var gjaldið ákvarðað með sömu formúlu og olúgjald Eimskips í Evrópuflutningum að viðbættu 20% álagi, en með breytingu fyrirtækisins í september 2008 var álagið á olúgjald í Norður-Ameríku flutningum hækkað úr 20% í 40%. Við þessar aðgerðir hækkaði BAF Eimskips vegna Norður-Ameríku flutninga óháð þróun á olíuverði. Út af samráðinu gerðist hið sama hjá Samskipum. Samtímagögn sýna að tilgangur þessara aðgerða var að auka tekjur af olúgjaldinu.
4882. Í nóvember 2008 héldu Eimskip áfram að „fikta“ í formúlu BAF til að hækka það. Breytti Eimskip þá forsendum í formúlu fyrirtækisins fyrir BAF-útreikningi. Breytt formúla tók bæði til olúgjalds vegna Evrópuflutninga og Norður-Ameríkuflutninga en olúgjald var aðgreint fyrir sitt hvora leiðina og útreikningar í formúlum ólíkir. Auk breytinga á forsendum formúlu olúgjalds var áfram innheimt álag. Var álag 20% á gjaldið bæði vegna Evrópuflutninga og Norður-Ameríkuflutninga. Álagið hækkaði svo í þrepum um 1% á mánuði frá september 2011 til janúar 2012 upp í 25%.
4883. Gögn málsins sýna að Eimskip hafði gefið viðskiptavinum sínum ranglega til kynna að BAF-útreikningar fyrirtækisins væru í föstum skorðum og réðust aðeins af heimsmarkaðsverði á olíu samkvæmt tiltekinni formúlu. Útreikningur Eimskips á BAF væri „algjörlega fræðilegur“, sbr. t.d. tölvupóst (E)forstö-innfl til Múrbúðarinnar 14. ágúst 2008. Gögn málsins sýna á hinn bóginn að olúgjöld Eimskips byggðu ekki á fræðilegri formúlu sem eingöngu endurspegluðu þróun á heimsmarkaðsverði á olíu. Sést þetta t.a.m. á tölvupósti (E)forstö-flutnstý til (E)forstj o.fl. frá 4. apríl 2013. Tölvupósturinn fjallaði um umræddar breytingar Eimskips á forsendum útreiknings BAF á árinu 2008. Tók (E)forstö-flutnstý í því samhengi fram að hann mælti „ekki sérstaklega með að dreifa þessu því það má bera þetta saman við olíuverð og sjá að við höfum fiktað í okkar formúlu!“. Samskip vildu heldur ekki að viðskiptavinir vissu hvernig BAF væri reiknað út. Í tölvupóstsamskiptum (S)frkvstj-millilandasv við starfsmann Samskipa þann 10. desember 2008 spurði starfsmaðurinn þetta varðandi BAF: „Þessa „leyni-formúlu“ höfum við nokkurn tíma gefið hana upp?“. (S)frkvstj-millilandasv svaraði: „Nei“.
4884. Ber að áréttu að gögn málsins sýna að heimsmarkaðsverð á olíu fór lækkandi seinni hluta ársins 2008. Samtímagögn sýna að viðskiptavinir voru óánægðir með að BAF fyrirtækjanna fylgdi ekki lækkandi olíuverði .
4885. Líkt og Múrbúðin í ágúst 2008 voru fleiri viðskiptavinir óánægðir með BAF-gjald Samskipa og Eimskips og vísuðu til lækkandi olíuverðs, sbr. til dæmis óánægju Aðfanga í október 2008:
- Dagana 3.-29. október 2008 áttu sér stað tölvupóstsamskipti Eimskips við mikilvægan viðskiptavin, Aðföng, um BAF og þróun olíuverðs. Þann 3. október 2008 bentu Aðföng á öra lækkun á heimsmarkaðsverði og BAF Eimskips: „Ég hef áhyggjur af því að þið séuð ekki að lækka á sama hátt og þið hækkið“. Eimskip svaraði ekki.
 - Viku síðar ítrekaði Aðföng beiðnina um skýringar og sagði: „Olía hríðfellur, og í þessu ástandi er það vel við hæfi að hafa þessa hluti á hreinu“ Í svörum Eimskips, líkt og (E)forstö-innfl hafði gert í svari til Múrbúðarinnar í ágúst 2008, var ranglega gefið til kynna að BAF-gjald Eimskips væri grundvallað á mælikvarða sem byggði eingöngu á verðþróun á viðkomandi olíu. Aðföng héldu



áfram að leita svara hjá Eimskip og fengu eftir beiðni afhent gögn frá Eimskip um olíuverðlagsþróun. Aðföng héldu eftir það áfram að mótmæla BAF-gjaldinu. Sendi fyrirtækið tölvupóst til Eimskips þann 29. október 2008 undir fyrirsögninni: „*bafið, sem er alla lífandi að drepa... nema skipafélögin*“. Vildu Aðföng fá lækkun á BAF til samræmis við lækkun á olíuverði. Þar sagði viðskiptavinurinn: „*Varðandi olíugjaldið, þá sé [ég] að olían sem þið notið hefur lækkað úr 538 í 266 dollara. Það er nánast 50% lækkun á einum mánuði. Ég vænti þess að þið lækkið a.m.k. samsvarandi því BAF-ið*“. Af innanhússamskiptum Eimskip í kjölfarið má leiða að BAF-gjald Eimskips myndi ekki ná 50% lækkun í takt við þróun á olíuverði, sem Aðföng hafði vísað til.

4886. Vegna Aðfanga er sömuleiðis þarft að hafa í huga að hækkun á BAF-gjaldi var ekki það eina sem sneri að þessum viðskiptavinum í samráði fyrirtækjanna. Gögn málsins sýna að 26. ágúst 2008 var ákveðið af stjórnendum Eimskips að (E)frkvstj-innanli myndi hitta Aðföng til að ná fram „*hækkun umfram samning*“. Nokkrum dögum síðar, 1. september 2008, gaf (S)forstö-innfl1 undirmönnum sínum fyrirmæli um „*stóra verkefnið*“, sem var að hækka tekjur með því að fella niður afslætti á heimastri hjá viðskiptavinum m.a. gagnvart Aðföngum. Sama dag gaf (S)forstö-innfl1 einnig fyrirmæli til viðskiptastjóra um að „*troða FAF [olíugjald í landflutningum] á alla á sama tíma og við erum að hækka aksturinn*.“ Gögn málsins sýna að Samskip hækkuðu einnig verð gagnvart Aðföngum í byrjun árs 2009, sbr. tölvupóst (S)forstö-innfl1 til undirmanna 5. janúar 2009 „*Hækkanir 1. jan*“. Aðföng voru síðan andlag ólögð mætrar markaðsskiptingar Eimskips og Samskipa frá árinu 2009 og fram á árið 2013.
4887. Erlendir viðskiptavinir Samskipa og Eimskips staðhæfðu að BAF-gjald á Íslandi væri óeðlilega hátt, sbr. t.d. tölvupóst 27. október 2008 frá Norske skog til Samskipa þar sem kom fram að BAF á Íslandi væri mun hærra en á öðrum mörkuðum, en þar sagði: „*Now that I have reviewed all markets and prices, I would like to point out, that the BAF for Iceland is quite high compared to other markets*.“ Skipafélagið Maersk kvartaði einnig yfir að BAF Samskipa væri miklu mun hærra en á öðrum flutningamörkuðum: „*extremely high and is not comparable to anything on the market (being upto 20 times as much as market level!)*“.
4888. Breytingar Eimskips á forsendum BAF frá nóvember 2008 sýna að innheimta gjaldsins hafði á þessum tíma þann tilgang að hækka gjaldið gagnvart viðskiptavinum og auka tekjur. Þessi hækkun hafði ekkert með þróun á heimsmarkaðsverði á olíu að gera. Öll samtímagögn Eimskips vegna þessara aðgerða eru í samræmi við önnur samtímagögn og verðhækkanir á þessum tíma. Samráð fyrirtækjanna hafði dregið úr æskilegri óvissu milli þeirra og enginn ótti um samkeppnisleg viðbrögð frá Samskipum. Með þessu hafði sjálfstæði fyrirtækjanna, m.a. við ákvarðanatöku kringum BAF, verið raskað.

11.18.5.3. Tökum „*BAF beint frá Eimskip*“

4889. Sem áður sagði funduðu (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv með Eimskip 4. desember 2008. Síðar sama dag fékk undirmaður (S)forstö-innfl1 ((S)forstö-flutnstj) tölvupóst frá öðrum starfsmanni Samskipa þar sem hann var spurður að því hvort ekki væri tilefni til að lækka olíugjald (BAF USA) Samskipa í Norður-Ameríku flutningum, en olíuverð hafði lækkað mikið frá ágúst 2008: „*Mér var svona að detta í hug hvort BAF-ið frá Ameríku hefði ekkert lækkað líkt og olíugjaldið frá Evrópu*“. (S)forstö-flutnstj svaraði sama dag: „*Varðandi USA þá tökum við BAF beint frá Eimskip, þ.e. sama BAF og þeir eru með á USA*“.
4890. Þessi tölvupóstur er í samræmi við samráð Samskipa við Eimskip um samræmingu á BAF vegna Norður-Ameríku flutninga, sbr. tölvupósta (S)forstö-innfl1, í kjölfar fundar hans með Eimskip, frá 19. og 20. ágúst 2008 þar sem hann gaf fyrirmæli að framvegis yrði BAF-gjald Samskipa vegna Norður-Ameríku það sama og BAF-gjald Eimskips.
4891. Samráð Samskipa og Eimskips um álagningu á BAF-gjaldi endurspeglast einnig í tölvupóstsamskiptum stuttu síðar, 11. desember 2008. Þann dag fékk (S)forstö-innfl1 sendan tölvupóst frá samstarfsmanni sínum með heitinu „*olíugjald USA*“. Í tölvupóstinum spurði starfsmaðurinn hvort ekki þyrfti að breyta



upplýsingum Samskipa um gjaldskrá olúgjalds (BAF-USA) á heimasíðu Samskipa. (S)forstö-innfl1 svaraði: „Jú þetta á að vera sama gjald og Eimskip rukkar. Láttu [(S)starfsm] laga þetta“. Sýnir þetta að Eimskip hafði hækkað BAF-gjaldið án nokkurs ótta um samkeppnisleg viðbrögð Samskipa sem fylgdu síðan í kjölfarið.

4892. Þar sem Samskip og Eimskip höfðu með samráði samræmt BAF vegna Norður-Ameríku flutninga, þá leiddu hækkanir Eimskips á BAF og „fikt“ í formúlu BAF-gjaldsins til þess að Samskip hækkaði einnig olúgjald til sinna viðskiptavina. Þetta átti líka við þegar álag á BAF var hækkað í skrefum úr 20% í 25% frá september 2011 til janúar 2012. Að mati Samkeppniseftirlitins endurspeglar þetta afleiðingar samráðsins á verðlagningu og þá röskun á samkeppni sem af háttsemi þeirra leiddi.

11.18.6. Samtal 8. desember 2008 og ákveðið að hækka verð í janúar 2009

4893. Tveimur dögum eftir fund (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 með (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl1 eða 6. desember 2008, lágu áætlanir Samskipa hf. vegna ársins 2009 fyrir hjá Samskipum Holding. Komu þar fram atriði sem (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og aðrir stjórnendur Samskipa hf. töldu raunhæft að leggja til grundvallar vegna næsta rekstrarárs.
4894. Áætlunin var í samræmi við önnur gögn málsins. Í henni er staðfest að samkeppni frá Eimskip hafði ekki komið í veg fyrir að Samskip næðu fram verulegum verðhækkunum í ýmsu formi árið 2008. Þá treystu stjórnendur Samskipa sér til að leggja til grundvallar að á árinu 2009 myndi fyrirtækið halda áfram að hækka verð ítrekað án þess að eiga á hættu að missa mikilvæga viðskiptavinum til Eimskips. Kom m.a. fram að Samskip myndu hækka verð í janúar eða febrúar 2009 á bæði sjó- og landflutningum. Engu breytti þó Samskip hefðu um þremur mánuðum fyrr hækkað gjaldskrár í sjó- og landflutningum umtalsvert ((S)aðaleig-stjform-SH t.d. talað um þá hækkun sem „myndarlega“ og „massive increases“).
4895. Samtímagögn sýna að þann 8. desember 2008 ræddu (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl saman í síma. Líklegt er að þeir hafi aftur rætt saman 10. desember 2008. Var þetta a.m.k. liður í hinni ólögsmætu framkvæmd á „Nýtt upphaf“ verkefninu sem tók til aukins samstarf í sjóflutningum.
4896. Í ljósi framangreinds kemur ekki á óvart að viðmælendur Samskipa innan Eimskips unnu einnig að frekari verðhækkunum. Þannig funduðu m.a. (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl1 10. desember 2008 og undirbjuggu verðhækkun Eimskips vegna Evrópuflutninga sem einnig áttu að koma til framkvæmda í janúar 2009.
4897. Daginn eftir sendi (E)forstö-vöruþróun tölvupóst til starfsstöðva Eimskips í Evrópu og tilkynnti um hækkun á gjaldskrá Eimskips. Heiti tölvupóstsins var „Tariff changes January 5th. 2009 – information process for all relevant parties“. Gerði (E)forstö-vöruþróun þar grein fyrir því að Eimskip á Íslandi hefði ákveðið að hækka verð í höfnum í Evrópu og myndi sú verðhækkun taka gildi 5. janúar 2009. Stuttu síðar sama kvöld sendi (E)forstö-vöruþróun tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf þar sem hún kvaðst vera „viss um“ Samskip myndi einnig hækka verð í janúar 2009. (E)frkvstj-flutnkerf svaraði strax með sömu vissu: „Sammála því [Samskip] munu hækka meira. [...]“. Hér ber að líta til þess að áform Samskipa um verðhækkun á árinu 2009 lágu fyrir þegar (E)frkvstj-flutnkerf fundaði með (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv 4. desember 2008, sbr. m.a. skjal (S)forstö-innfl1 frá 12. nóvember 2008.
4898. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samskipti (E)frkvstj-flutnkerf og annarra lykilstjórnenda Eimskips við lykilstjórnendur hjá Samskipum hafi skapað þessa vissu um verðstefnu Samskipa. Er þetta birtingarmynd á hinu ólögsmæta samráði sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma. Tölvupóstur frá yfirmanni Samskipa í Danmörku til m.a. (E)frkvstj-alþjvs 12. desember 2008 sýnir að Samskip veitti Eimskip upplýsingar um verðáform Samskipa í Danmörku. Var þetta einnig hluti af ólögsmætu samráði fyrirtækjanna á þessum tíma.



4899. Samtímagögn sýna óánægju starfsmanna Samskipa erlendis þegar fyrirtækið hækkaði verulega verð þann 1. september 2008. Samskonar gagnrýni kom frá starfsmönnum Eimskips erlendis þegar (E)forstö-vörubróun tilkynnti 11. desember 2008 um hækkun Eimskips í janúar 2009. Áhyggjurnar starfsmanna fyrirtækjanna erlendis leiddu á hinn bóginn ekki til þess að stjórnendur á Íslandi féllu frá verðhækkunum eða drógu úr þeim. Það var aðeins ef hætta var á samkeppnislegum viðbrögðum frá erlendum keppinautum að fallist var á slíkar voru breytingar, sbr. atvikin tengd hækkun Samskipa 1. september 2008.
4900. Verðhækkanir, sem var búið að undirbúa haustið 2008, voru meðal fyrstu viðfangsefna Samskipa og Eimskips í upphafi árs 2009. Einnig áttu fyrirtækin í áframhaldandi samskiptum um samráðsverkefnið.
4901. Eins og lýst verður funduðu (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl 23. desember 2008.
4902. Þann 5. janúar 2009 framkvæmdi Eimskip framangreinda hækkun. Fólst í þessu hækkun á þjónustugjöldum í erlendum höfnum. Var um að ræða mikilvægar hafnir eins og í Rotterdam, Hamborg, Immingham og Árósum. Í þessu fólst að íslenskir inn- og útflytjendur þurftu að greiða hærra verð fyrir þjónustu Eimskips.
4903. Var um að ræða verulega hækkun, til dæmis hækkuðu lesturnar- og losunargjöld (THC) fyrir heilgáma að meðaltali um 30%.
4904. Einnig innleiddi Eimskip nýtt gjald „collection fee“ sem var innheimt af viðskiptavinum í öllum lestunarhöfnum Eimskips. Daginn eftir kom fram að landflutningar Eimskips hefðu tekið upp nýtt gjald, „stykkgjavörugjald“, sem var sem áður segir talið gefa „mun betur af sér en gjaldskrárhækkun.“ Samskip tóku upp sambærilegt gjald.
4905. Sama dag, 5. janúar 2009, sendi (S)forstö-innfl1 undirmönnum sínum tölvupóst vegna verðhækkana gagnvart mikilvægum viðskiptavinum sem tók gildi 1. janúar 2009, s.s. Húsasmiðjunni, Rúmfatalagernum, Aðföngum og Ísam. Síðar sama dag gaf (S)forstö-innfl1 undirmönnum jafnframt fyrirmæli um að lágmarksgjald í samningum viðskiptavina í íslenskum krónum yrði hækkað. Eins og nánar verður lýst tilkynntu Samskip um alhliða verðhækkanir stuttu síðar, 23. janúar 2009.
4906. Hækkun Eimskips á þjónustugjöldum í erlendum höfnum olli reiði og undrun hjá viðskiptavinum. Einn þessara viðskiptavina var Ölgerðin sem var einn stærsti viðskiptavinur Eimskips á þessum tíma. Ölgerðin sendi tölvupóst til viðskiptastjóra hjá Eimskip 11. janúar 2009 og sagði: „Ég veit ekki hvernig ykkur dettur þetta í hug.“
- Ég samþyk[k]i allar hækkanir sem eru undir 5% og þær sem eru yfir 5% hækka ekki meira en 5%.*
- Þið voruð með gríðarlegar hækkanir á þessum gjöldum fyrir nokkrum árum og það var þá sem við settum þetta þak inn í samninginn. Þá voru rökin að þetta væri leiðrétting á verðum þar sem þið voruð að reikna þetta aftur og nú ætti kostnaðurinn að bera sig og væri rétt reiknaður. Hvað er í gangi núna skil ég engan veginn og er ekki í takt við neitt sem er að gerast hjá öðrum skipafélögum í þessum höfnum“.*
4907. Í innanhússamskiptum hjá Eimskip um þessa hækkun og óánægju Ölgerðarinnar kom fram hjá (E)frkvstj-flutnkerf: „Þetta er mikil hækkun 27% að meðaltali, hvað segja þeir er búið að kynna þessar hækkanir fyrir þeim??“ Viðskiptastjóri Eimskips svaraði tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf um hæl: „Já vandamálið er að í samningi þeirra stendur að þeir taki ekki meir en 5% heildarhækkun á þjónustugjöldum erlendis. Þeir hafa þegar sagt að þeir samþykkja þetta ekki, sjáum til hvernig málið endar en við ætlum að standa fast á að þeir taki þessar hækkanir eins og aðrir.“
4908. Lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips höfðu átt í ítrekuðum samskiptum í aðdraganda þessarar hækkunar Eimskips sem tók gildi 5. janúar 2009, sbr. t.d. fundina og samtölin 4., 8. og 23. desember 2008. Auk umræðu um a.m.k. „Nýtt upphaf“ verkefnið sem tók til sjóflutninga voru þessi samskipti



til þess fallin að draga úr sjálfstæði þessara keppinauta og æskilegri óvissu þeirra um fyrirætlanir hvors annars. Þar að auki voru þetta samskipti sem höfðu að markmiði að raska samkeppni og höfðu þessir stjórnendur í samtölum sínum bæði hvata og tækifæri til þess skiptast á skoðunum um hverskonar málefni sem gátu haft áhrif á samkeppni milli Samskipa og Eimskip í sjóflutningum. Skiptir hér miklu að í samtímagögnum kemur ekki fram að (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl eða (E)forstj hafi óttast samkeppnisleg viðbrögð Samskipa vegna þessarar verðhækkunar sjóflutningsþjónustu í byrjun janúar 2009. Engu breytti þó einn mikilvægasti viðskiptavinur Eimskips væri mjög ósáttur. Sökum samráðsins sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi gat fyrirtækið „staðið fast“ á að ÖES tæki miklu mun meiri hækkun en samningurinn við þann viðskiptavin leyfði. Til viðbótar kemur hvergi í samtímagögnum að (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 eða (S)aðaleig-stjform-SH hafi íhugað að auka samkeppni og afla nýrra viðskiptavina þegar Eimskip stigu fram með þessa miklu hækkun. Þess í stað var áfram unnið að verðhækkunum innan Samskipa. (S)forstö-innfl1 gaf fyrirmæli um hækkun á verði 5. janúar 2009 og síðan var tilkynnt um mikla verðhækkun 23. janúar 2009. Ölgerðin var síðan áfram andlag markaðsskiptingar Samskipa og Eimskips út rannsóknartímabil þessa máls.

4909. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samskipti Samskipa og Eimskips hafi a.m.k. auðveldað eða skapað kjörskilyrði fyrir Eimskip til að hækka verð verulega í janúar 2009. Hið sama á við um hækkanir Samskipa. Þetta hafi aukið til muna þau skaðlegu áhrif sem voru til þess fallin að leiða af þessum samskiptum fyrirtækjanna. Þá ber til viðbótar að virða allar verðhækkanir Samskipa og Eimskips eftir mitt ár 2008 til janúar 2009 í einu lagi og verður fjallað um það í kafla 11.21.

11.18.7. Samskipti 17.-23. desember 2008

4910. Þann 17. desember 2008 átti (S)forstö-innfl1 í tölvupóstsamskiptum við (E)forstö-innfl. Tóku þau samskipti til samráðs Samskipa og Eimskips um hámark á afslætti og til hins ólögmæta „neyðarsamkomulags“. Voru þessi samskipti hluti af hinu ólögmæta samráði fyrirtækjanna.
4911. Dagana 18. og 19. desember 2008 áttu (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 í tölvupóstsamskiptum. Afrit voru send til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl. Tóku þessu samskipti til þess verkþáttar í „Nýtt upphaf“ verkefninu sem tók til aukins samstarfs í Norður-Ameríku flutningum og fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga.
4912. (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl funduðu sem fyrr segir 23. desember 2008.
4913. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um þennan fund eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt var á honum. Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispointar sem teknir hafa verið saman á fundinum. Þar sem engar fundargerðir eða önnur gögn eru til sem sýna umræðuefni á fundinum gefur það til kynna að þátttakendur á fundinum hafi viljað leyfa því sem rætt var á honum.
4914. Fundarboð (E)frkvstj-flutnkerf sýnir hins vegar að ræða átti áfram um ný drög að Norður-Ameríku samningi. Tölvupóstur sem (E)frkvstj-flutnkerf sendi til (E)forstj, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl tæplega klukkustund eftir að fundinum sýnir að náðst hafði sameiginlegur skilningur um aukið gámasamstarf fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum. Sagði (E)frkvstj-flutnkerf í tölvupóstinum að „markmið“ Samskipa væri „að nota okkar gáma í framtíðinni“. Þetta „markmið“ um að Samskip myndi nota Eimskipsgáma í Norður-Ameríkuflutningum í framtíðinni (í stað eigin gáma), var í samræmi við markmið fyrirtækjanna um aukið samstarf og „Nýtt upphaf“ verkefnið.
4915. Í „Nýtt upphaf“ verkefninu fólst sameiginleg ákvörðun keppinauta um að kanna ábata af skýrum samkeppnishömlum. Allir fundir eða upplýsingaskipti til undirbúnings að slíku samkeppnishamlandi



samstarfi fela í ólögætar samstilltar aðgerðir í skilningi 10. gr. samkeppnislaga, án tillits til þess hvort samstarfið komst til framkvæmda.

11.19. Samskipti lykilstjórnenda 7. og 8. janúar 2009

4916. Þann 6. janúar 2009 veitti (E)frkvstj-skiparekst undirmanni upplýsingar um hvað verð gildi fyrir flutninga á gámum fyrir Samskipa til Reyðafjarðar. Eins og lýst hefur verið voru þeir flutningar Eimskips fyrir Samskip hluti af stuðningsaðgerðum til þess að tryggja að samráðið tengt takmörkun á flutningsgetu myndi ganga vel fyrir sig. Til viðbótar sendi hann sama dag eftirfarandi tölvupóst til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl: „*Tel eðlilegt, þar sem þið eruð að vinna samning(a) við Samskip, að þið séuð inn í slíkum málum og hafið umsjón með þeim þ.m.t. verðlagningu og að ekki séu of margir kokkar í að hræra í pottinum.*” Tilvísun (E)frkvstj-skiparekst til vinnslu Samskipa og Eimskips á samningum í fleirtölu er í samræmi við önnur gögn málsins, sbr. t.d. tölvupóst (S)aðaleig-stjform-SH til sjálfs síns 2. nóvember 2008 og dagbókarfærslu (E)frkvstj-flutnkerf 4. desember 2008. (E)frkvstj-EimÍsl svaraði sama dag og sagði: „*Rétt er það. Mun fylgja þessu eftir.*”²¹⁸⁰ Daginn eftir áttu (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl fund með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1.
4917. Þennan sama dag, nánar tiltekið kl. 11:00 þann 7. janúar 2009, áttu (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl fund með (E)forstj til þess að ræða m.a. Samskip. Verður að leggja til grundvallar að sá fundur hafi a.m.k. að hluta verið til undirbúnings fundi þeirra með Samskipum eftir hádegi. Sama dag hittust (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl og ræddu samstarf við Eimskip.
4918. Eftir hádegi sama dag, þann 7. janúar 2009, hittust (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutnkerf á fundi.
4919. Hvorki Samskip né Eimskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um fundinn 7. janúar 2009. Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispointar sem teknir hafa verið saman á fundinum. Þar sem engar fundargerðir eða önnur gögn eru til sem sýna umræðuefni á fundinum gefur það til kynna að þátttakendur á fundinum hafi viljað leynd því sem rætt var á honum.
4920. Ljóst er hins vegar af samtímagögnum, sem urðu til fyrir og eftir fundinn, að hann var liður í framkvæmd á hinu ólögæta „Nýtt upphaf“ verkefni.

11.19.1. Samstarf í skipaafgreiðslu

4921. Sem fyrr segir fundaði (S)frkvstj-millilandasv ekki aðeins með Eimskip 7. janúar 2009 heldur átti hann einnig fund þann dag með (S)aðaleig-stjform-SH og (S)frkvstj-innanl. Samtímagögnin sýna að á þeim fundi var rætt um „Nýtt upphaf“ verkþáttinn „Sameiginlegur rekstur skipaafgreiðslu“. Var þannig tekið fram að eitt verkefni í vinnslu væri;
- „landkranar, samstarf við EI [Eimskip]“.
4922. Ræddu þannig æðstu stjórnendur Samskipa um samstarf við Eimskip sama dag og fundað var með því fyrirtæki. Hér ber að rifja upp að 24. desember 2008 sendi (E)forstj sjálfum sér verkefnalista. Eitt verkefnanna varðaði umrætt samstarf við Samskip í skipaafgreiðslu („65. Hugmynd ad terminal fyrirtæki“). Sendi (E)forstj þennan verkefnalista til (E)frkvstj-alþjsv.
4923. Þetta sýnir að (S)aðaleig-stjform-SH, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv, sem voru í vinnuhópi „Nýtt upphaf“-verkefnisins, fjölluðu um samráðsverkefnið „Sameiginlegur rekstur skipaafgreiðslu“ um áramótin 2008/2009.

²¹⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskips. [...] Doc. ID. 0.7.33.306680.



4924. Annað sem var til umfjöllunar á fundi (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl 7. janúar 2009 var „*stragetía á markaði*“.

11.19.2. Nýr Norður-Ameríku samningur og samstarf „*utan samnings*“

4925. Á fundinum 7. janúar 2009 varð frekari framgangur þess verkþáttar „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins sem tók til aukins samstarfs í sjóflutningum.

4926. Hér ber að rifja upp að þegar Eimskip og Samskip hófu að eiga samskipti og sameiginlega skoðun á auknu samstarfi um mitt ár 2008 áttu fyrirtækin þegar í ólögmætu samstarfi á flutningamarkaði, meðal annars um flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Hafði hið ólögmæta samráð í þessum áætlunarsiglingum þá staðið yfir í um fjögur ár eða frá árinu 2004.

4927. Sem fyrr segir var unnt að flytja farm til og frá Norður-Ameríku með a.m.k. tvennum hætti. Annars vegar með beinum siglingum milli Norður-Ameríku og Íslands (þar sem Eimskip og Samskip voru í samstarfi) og hins vegar með siglingum gegnum Evrópu, t.d. gegnum Rotterdam og þaðan til/frá Norður-Ameríku (svonefndir „*Trans-Atlantic*“ flutningar eða TA flutningar). Þegar aukið samráð Samskipa og Eimskips hófst um mitt ár 2008 var staðan sú að Samskip fluttu farm með beinum skipum Eimskips milli Íslands og Norður-Ameríku en Samskip notuðust einnig við TA flutninga (að hluta til einnig Eimskip).

4928. Samkvæmt samtímagögnum var uppi ágreiningur á milli Eimskips og Samskipa um Norður-Ameríku samstarf þeirra á fyrri hluta ársins 2008. Í gögnunum kemur fram að fyrirtækjunum var fyllilega ljóst að þau störfuðu eftir útrunnum og ólögmætum samningi að þessu leyti. Þá var efnahagslegt vægi samstarfsins lítið og vildu tilteknir stjórnendur Eimskips hætta því. Hið sama var uppi á teningnum hjá stjórnendum Samskipa en á þessum tíma íhugaði (S)aðaleig-stjform-SH að auka samkeppni við Eimskip með því að hætta Norður-Ameríku samstarfinu og að Samskip myndu snúa sér alfarið að TA-flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku.

4929. Þrátt fyrir verulegar efasemdir hjá Eimskip varðandi samstarfið sagði fyrirtækið þann 30. maí 2008 upp Norður-Ameríku samningnum með formlegum hætti en óskaði um leið eftir tafarlausum viðræðum við Samskip um áframhaldandi samstarf. Var þetta aðeins nokkrum dögum eftir að (E)forstj tók við sem forstjóri Eimskips og áhersla hans á samstarf og samskipti við Samskip órókrétt miðað við lítið vægi Norður-Ameríku samstarfsins við Samskip. Er ljóst að annað og meira bjó að baki áhuga (E)forstj á samskiptum við Samskip. Var það hið umfangsmikla „*Nýtt upphaf*“-verkefni og var Norður-Ameríku samstarfið fellt undir það það.

4930. Í glærukynningu Eimskips frá 8. og 9. júní 2008 var eitt af viðfangsefnum „*Nýtt upphaf*“-verkefnisins nefnt: „*Slotsamningar í siglingakerfinu*“. Þetta verkefni tók m.a. til skoðunar á áframhaldandi og auknu samstarfi, ásamt upplýsingaskiptum vegna sjóflutninga milli Íslands og Bandaríkjanna og Kanada. Eftirfarandi kom fram á glæru Eimskips um þetta:

„-Frá US unnið að nýjum samningi og þarf að taka gildi frá 1. september

-Samskip tekur saman magn til/frá US og Kanada til að setja í kerfið [hjá Eimskip]“.

4931. Í þessu samhengi ber að árétta að samskipti og vinna fyrirtækjanna tengslum við áframhaldandi samstarf í Norður-Ameríku flutningum varðaði eins og aðrir þættir samráðs fyrirtækjanna skoðun og upplýsingaskipti vegna samnýtingar flutningakerfa.

4932. Hér ber að rifja upp að tveimur dögum eftir fund (E)forstj með (S)frkvstj-N-Am 25. júní 2008 beindi (E)forstj því til (E)frkvstj-flutnkerf að Samskip yrði beðið um að draga úr samkeppni í Norður-Ameríku með því að hætta TA-flutningum. Samskip hafa staðfest að Eimskip hafi sett fram þessa ósk og tölvupóstur (S)frkvstj-N-Am frá 15. október 2008 sýnir að Samskip drógu úr TA-samkeppni. Þá ber hér að nefna að í nóvember 2008 takmarkaði Eimskip flutningsgetu með því að fækka skipum úr tveimur í eitt í siglingum milli Íslands og Norður-Ameríku. Var þetta í samræmi við markmið „*Nýtt*



upphaf verkefnisins um „*fækkun*“ skipa. Eins og samtímagögn sýna var í aðdraganda og í kjölfar þessara breytinga engin óvissa hjá Eimskip um viðbrögð Samskipa og áframhaldandi samnýtingu skipa á þessari flutningaleið. Var það í samræmi við minnisblöð [\(S\)frkvstj-millilandasv](#), dags. 7. og 9. júlí 2008, þar sem fjallað var um víðtækt aukið samstarf fyrirtækjanna m.a. með takmörkun Eimskips á flutningsgetu í Norður-Ameríku siglingum og samnýtingu skipa með Samskip, sbr.: „*USA Vegna samdráttar í innflutningi frá Norður-Ameríku er hægt að ná fram kostnaðarhagræðingu í heildarflutningakerfinu til og frá Íslandi með því að Eimskip dragi úr tíðni og flutningsgetu á USA/CA og sinni svæðinu með einu skipi á 21 daga tíðni. Til að tryggja sem besta nýtingu á þessari rútu væri öðrum innflutning frá USA stýrt úr/í TAS kerfið eftir atvikum.*“ Framangreind umfjöllun í minnisblaði [\(S\)frkvstj-millilandasv](#), um takmörkun á flutningsgetu Eimskips í Norður-Ameríku flutningum og samnýting skipanna með Samskipum, gekk eftir.

4933. Á umræddum fundi Samskipa og Eimskips 7. janúar 2009 skrifuðu fyrirtækin undir nýjan slotsamning í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Samningurinn fól í sér samkomulag um áframhaldandi samstarf og samnýtingu skipa á þessari flutningaleið og ljóst að Samskip myndu t.a.m. ekki sinna þessum áætlunarflutningum alfarið upp á eigin spýtur (t.d. með því að sigla eigin skipi eða með TA-flutningum til og frá Íslandi að flestu eða öllu leyti). Var þetta sem fyrr segir í samræmi við markmið „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins og framangreind minnisblöð [\(S\)frkvstj-millilandasv](#).
4934. Þá ber að hafa í huga að í samræmi við markmið „*Nýtt upphaf*“ verkefnis Samskipa og Eimskips áttu fyrirtækin á seinni hluta árs 2008 ítrekuð samskipti um gámasamstarf, þ.á m. vegna Norður-Ameríku samstarfsins, sbr. t.d. tölvupóst [\(E\)frkvstj-flutnkerf](#) til [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) 5. október 2008, þar sem fundur fyrirtækjanna daginn eftir var undirbúinn. Þar átti m.a. að ræða „*Gámamál í USA*“, sbr. einnig tölvupósta [\(E\)frkvstj-EimÍsl](#) til [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) og [\(E\)frkvstj-flutnkerf](#) 10. og 11. desember 2008.
4935. Þessar gámasamstarfsviðræður Samskipa og Eimskips á seinna hluta árs 2008 skiluðu niðurstöðu en m.a. í áður nefndum nýjum samningi fyrirtækjanna vegna Norður-Ameríku frá 7. janúar 2009 var að finna ný ákvæði um aukið samstarf í gámamálum (sem hafði ekki verið í eldri samningum fyrirtækjanna vegna Norður-Ameríku samstarfsins). Í hnotskurn fól þetta aukna samstarf í sér að Eimskip útvegaði Samskip tóma gáma fyrir flutningana ef Eimskip hafði slíka gáma til reiðu. Var þetta því fyrsti skriflegi samningur fyrirtækjanna um gámamál vegna sjóflutninga milli Norður-Ameríku og Íslands og eitt dæmi af mörgum um afsprengi ólögumætra samstilltra aðgerða fyrirtækjanna á seinni hluta ársins 2008.
4936. Gögn málsins sýna að í kjölfar gámasamvinnu fyrirtækjanna notaðist Samskip ýmist við sína eigin gáma eða gáma frá Eimskip. Sýna gögn málsins frá árinu 2010 að um helmingur af gámum sem Samskip notuðu fyrir innflutning frá Norður-Ameríku voru gámar frá Eimskip og afgangurinn eigin gámar Samskipa.
4937. Þegar gögn málsins um gámasamstarf eru virt í heild er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að gámasamstarf Eimskips og Samskipa vegna sjóflutninga til og frá Norður-Ameríku hafi verið einn hluti af stærra samkomulagi um að fyrirtækin myndu aðstoða hvort annað með gáma óháð flutningaleiðum eða flæði/staðsetningu gáma hverju sinni, sbr. einnig samkomulag Samskipa og Eimskips vegna sjóflutninga tengdum Reyðarfirði, sbr. t.d. tölvupóst [\(E\)frkvstj-skiparekst](#) dags. 12. og 20. nóvember 2008 („*Reykjavík – Mjóeyri*“) og tölvupóst [\(E\)forstj](#) til [\(E\)frkvstj-skiparekst](#) 13. nóvember 2008 („*Reyðarfjörður*“). Gámasamstarfið varð til þess að auka enn á tíð samskipti fyrirtækjanna vegna framkvæmdar á samningnum.



4938. Fyrir utan að tengjast samstarfi sem tengdist takmörkun á flutningsgetu og breytingu á siglingakerfum þá skal hafa í huga að það gat verið mikill ábati fyrir fyrirtækin af samstarfi sem þessu og ná þannig saman fram hagræðingu vegna gámanotkunar og -stýringar í kerfum fyrirtækjanna.²¹⁸¹
4939. Á fundinum 7. janúar 2009 gerðu stjórnendur fleira en að skrifa undir nýjan samning. Gögn málsins sýna að stjórnendurnir tóku upp fyrri umræðu um aukið samstarf sem átti að halda fyrir „*utan samning*“ og ljóst að það voru „*nokkur verkefni*“ sem átti að vinna að milli fyrirtækjanna eftir undirskrift samningsins, sbr. tölvupóstsamskipti (E)forstö-innfl og (S)frkvstj-millilandasv 8. janúar 2008. Undir þetta féll t.d. aukið samstarf í vöruhúsaþjónustu í Norður-Ameríku, afsláttarsamkomulag og sér greiðslufyrirkomulag.
4940. Eins og áður segir var tekið upp gámasamstarf hjá Samskipum og Eimskip með nýjum samningi vegna Norður-Ameríkuflutninga 7. janúar 2009. Einnig var tekið upp nýtt ákvæði í samninginn sem fól í sér að Samskip greiddi 80% af BAF gjaldi Eimskips vegna Norður-Ameríku flutninga. Athygli vekur að í samtímagögnum er hvergi að finna umfjöllun eða frásögn af tilraun Samskipa til að nýta þennan 20% mismuninn af BAF-gjaldi Eimskips sem samkeppnisforskot gagnvart Eimskip. Þess í stað innheimtu Samskip áfram sama gjald og Eimskip vegna Norður-Ameríku flutninga, sbr. tölvupóst (S)forstö-flutnstj frá 4. desember 2008, ásamt því að Samskip, á grundvelli samráðsins við Eimskip, unnu áfram að þeim aðgerðum að allir viðskiptavinir myndu greiða fullt BAF.
4941. Þá má benda á að Samskip innheimtu ekki aðeins sama BAF gjald og Eimskip vegna beinna flutninga frá Norður-Ameríku heldur innheimti Samskip sama BAF-gjaldið vegna TA-flutninga. Hefur þetta þýðingu þar sem Samskip höfðu nýtt TA-flutninga í beinni samkeppni við Eimskip í flutningum milli Íslands og Norður Ameríku en einnig af þeirri ástæðu að BAF-gjaldtaka erlendra skipafélaga sem fluttu fyrir Samskip á milli Evrópu og Norður-Ameríku gat verið önnur og lægri en BAF-gjaldtaka Eimskips á sömu flutningsleið. Aðgerðir Samskipa sem fólust í því að innheimta sama BAF-gjald og Eimskip vegna TA-flutninga er því í samræmi við ákvörðun (S)forstö-innfl1 frá 19. ágúst 2008, sem kom í kjölfar ólögmatra samskipta við Eimskip m.a. um BAF-gjald 14. ágúst 2008.
4942. Þann 26. janúar 2009 sendu Samskip og Eimskip erindi til Samkeppniseftirlitsins og óskuðu eftir undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga vegna samningsins frá 7. janúar 2009, sbr. þágildandi 15. gr. laganna. Í þessu erindi til samkeppnisyfirvalda veittu Eimskip og Samskip engar upplýsingar um allt það samstarf og samskipti sem átt höfðu sér stað fram til 26. janúar 2009. Fyrirtækin upplýstu t.d. ekki um það mikilvæga atriði að umræddur samningur hafi verið liður í umfangsmikilli samvinnu fyrirtækjanna á seinni hluta ársins 2008, sbr. til dæmis glærुकyningin um „*Verkefnið Nýtt upphaf*“ frá 8. og 9. júní 2008 og minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 8. júlí 2008. Í erindinu gáfu fyrirtækin jafnframt ranglega til kynna að samkeppni ríkti á milli þeirra og að markmið samningsins væri að auka samkeppni og bæta hag neytenda.
4943. Þegar Samskip og Eimskip sóttu um undanþágu fylgdu hvorki gögn né skýringar um þau atriði sem var haldið „*utan samnings*“, jafnvel þótt þau atriði hafi varðað samstarfið og samninginn með beinum hætti. Sama mynstur var í háttsemi fyrirtækjanna 2010. Fyrirtækin gerðu þá „*hliðarsamning*“ þegar þau endurnýjuðu Norður-Ameríku samninginn. Sá hliðarsamningur var heldur ekki afhentur samkeppnisyfirvöldum.
4944. Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009, dags. 22. desember 2009, var samningi Samskipa og Eimskips frá 7. janúar 2009 veitt undanþága frá samráðsbanni 10. gr. samkeppnislaga, sbr. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga. Sú undanþága gilti til 31. desember 2010. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að sú undanþága hafi verið veitt á grundvelli rangrar, villandi og ófullnægjandi upplýsingagjafar Eimskips og Samskipa.

²¹⁸¹ Í mgr. 15 í bréfi Samskipa dags. 13.06.2023 skýrir fyrirtækið góða afkomu m.a. af því að fyrirtækið hafi getað fækkað gámum í rekstri.



11.20. Samskip tilkynna um verðhækkun 23. janúar 2009

4945. Í dagbók (S)forstö-innfl1 má sjá að strax eftir fundinn með Eimskip þann 7. janúar 2009 var haldinn innanhússfundur hjá Samskipum með heitinu „Markaðurinn“. Boðaðir á þann fund voru (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útfli. Sem fyrr segir hafði á fundi (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl sama dag verið til umfjöllunar „stragetía á markaði“.
4946. Gögn Samskipa og Eimskips tveimur dögum síðar, 9. janúar 2009, sýna markaðsstefnu fyrirtækjanna í innflutningi á þessum tíma. Ekki átti að keppa um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars enda hefði slík samkeppni sett markmið um verðhækkunar í uppnám. Þess í stað ætluðu Samskip og Eimskip að einbeita sér að „minni viðskiptavinum“.
4947. Stjórnarfundur Samskipa Holding fór fram 12. janúar 2009. Fundinn sátu m.a. (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjform-S, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-MCL, (S)forstj-frystig og (S)stjórnarm-fjármstj. Á fundinum hélt (S)aðaleig-stjform-SH kynningu um uppgjör vegna Samskipa á Íslandi og horfur á árinu 2009. Í fyrirbyggjandi glærुकynningu (S)aðaleig-stjform-SH var farið yfir áhyggjur af innflutningi og þörf fyrir meira magn, eftir það kom glæra sem eingöngu stóð á: „Eimskip“.
4948. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að (S)aðaleig-stjform-SH hafi undir þessum lið gert grein fyrir þáttum sem vörðuðu samráðið við Eimskip en áður hafði aukið samstarf við Eimskip reglulega verið til umfjöllunar á stjórnarfundum Samskipa Holding árið 2008. Í glærुकynningu (S)aðaleig-stjform-SH var sömuleiðis fjallað um aðgerðir Samskipa á Íslandi síðasta ársfjórðung ársins 2008 (þ.á m. verðhækkunar, flutningakerfi (skip, gámar og landflutningar)). Þrátt fyrir mikinn samdrátt í innflutningi átti að halda áfram að hækka verð árið 2009 og var áætlun fyrir 2009 sögð „metnaðarfull“ auk þess sem EBITDA myndi aukast umtalsvert.
4949. Sýna þessi gögn vegna stjórnarfundar Samskipa Holding að Samskip á Íslandi hafði náð að hækka verð á seinni hluta ársins 2008 og að gert var ráð fyrir frekari verðhækkun á árinu 2009 og betri afkomu. Er það í samræmi við önnur gögn málsins. Var það samráðið við Eimskip sem gerði fyrirtækinu þetta kleift.
4950. Öfugt við gott gengi Samskipa hf. á Íslandi og verðhækkunar kom eftirfarandi fram í stjórnarfundargerðinni um rekstur Samskipasamstæðunnar annars staðar í Evrópu: „Trading conditions are challenging overall and particularly on Ireland and rates are under pressure.“ Er þetta í samræmi við önnur samtímagögn Samskipa sem skýra frá allt annarri þróun á samkeppni á flutningamarkaði hér á landi miðað við þróunina á flutningamörkuðum annars staðar í Evrópu.
4951. Samskip tilkynntu þann 23. janúar 2009 um 8% hækkun á flestum þjónustugjöldum og 5% hækkun á sjóflutningsgjaldskrá og um 24% hækkun á útskipun fyrir 20 feta gáma. Tók hækkunin gildi 1. febrúar 2009. Mánuði síðar, 1. mars 2009, hækkuðu Samskip einnig sjófrakt vegna flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku um 5%. Aðeins voru nokkrir mánuðir liðnir síðan Samskip hækkaði verulega verð í sjó- og landflutningum, sbr. atvik tengd 1. september 2008, en sjófrakt til og frá Norður-Ameríku hafði þá hækkað um 16% (sjófrakt var í erlendri mynt).
4952. Samkvæmt framansögðu höfðu Eimskip og Samskip tilkynnt viðskiptavinum um verðhækkunar í janúar 2009. Gögn málsins sýna að hækkunarirnar vöktu bæði undrun og óánægju hjá mörgum viðskiptavinum fyrirtækjanna. Bentu viðskiptavinir m.a. að laun og verð á olíu hefðu lækkað og að gengisþróun kallaði ekki á hækkun. Einnig var bent á að vegna minnkandi eftirspurnar hefði flutningaverð lækkað erlendis.
4953. Hér að framan er gerð grein fyrir mikilli óánægju eins mikilvægasta viðskiptavins Eimskips, ÖES, með 27% hækkun. Annað dæmi var kvörtun 24. janúar 2009 frá stórum viðskiptavinum Samskipa, Ísafold: „Það væri gott að fá rökin fyrir þessum hækkunum. Ég samþykki ekki þessa hækkun nema hún sé rökstudd. Ekki eru laun að hækka, olíuverð o.þ.a.l smurólía osfr eru að lækka, flutningsfélag um allan heim að lækka verð vegna þess að flutningur er að minnka“.

4954. Jafnvel stjórnandi hjá Samskipum sá engin rök fyrir verðhækkun á þessum tíma. Yfirmaður Samskipa í Norður-Ameríku, (S)frkvstj-N-Am, brást við tilkynningu frá höfuðstöðvunum á Íslandi um verðhækkun með því að senda (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 tölvupóst. Í honum sagði hann verðhækkun Samskipa koma á óvart og spurði um ástæðu fyrir hækkuninni. Sagði hann síðan: „Jú hækkun á einingakostnaði vegna minnkandi flutninga sem stafa af heimskreppu, ýmynda [svo] ég mér. Hvernig lögum við það? Sennilega með því að skera niður kostnað og ekki síst að auka magnið aftur. Hvernig skerum við niður kostnað? Þið vitið allt um það. Hvernig aukum við magnið? Með því að sækja á örfa [svo] markaðinn. Hvernig sækjum við á markaðinn? Þið vitið allt um það. Hvernig örfum við markaðinn? Með hækkun flutningstaxta?, varla, allavega virkar það ekki sannfærandi, er það?

Mér þætti því afskaplega vænt um að heyra hver ástæðan er. Ég lít svo á að umhverfið sé svo langt frá því að kallast normal, þeir tímar þegar hækkanir voru sendar út reglulega eins og um áskrift væri að ræða eru bara ekki til staðar.

Nú finnst mér að Samskip eigi að nota tækifærið og tilkynna verðstöðvun t.d. út árið og í sumum tilfellum boða lækkanir. Við viljum láta líta á okkur sem leiðandi fyrirtæki á flutningamarkaðinum og ekki síst ábyrgan þáttakand [svo] við að endurreisa efnahaga [svo] þjóðarinnar sem nú er ein rjúkandi rúst. Okkar viðskiptavinir berjast í bökkum og þurfa á okkur að halda, þegar framlíða stundir og við höfum komist yfir það versta eftir 1 eða 2 ár munum við uppskera ríkulegan ávöxt um komandi ár.“

4955. (S)frkvstj-N-Am ítrekaði afstöðu sína í byrjun febrúar 2009 og sagði hækkun á flutningsverðum „algjörlega út í hött á þessum tíma“. Það ætti heldur að lækka kostnað og auka magn. Gögn málsins sýna að gagnrýni (S)frkvstj-N-Am breytti engu um stefnu Samskipa. Fyrirtækið hélt sig við hækkanir á grundvelli þeirrar vissu sem það bjó við vegna samráðsins við Eimskip.

4956. Lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips höfðu átt í ítrekuðum samskiptum í aðdraganda þeirrar hækkunar Samskipa sem tók gildi 1. febrúar 2009, sbr. m.a. fundinn 7. janúar 2009. Auk umræðu um a.m.k. „Nýtt upphaf“ verkefnið sem tók til sjóflutninga voru samskiptin til þess fallin að draga úr sjálfstæði þessara keppinauta og æskilegri óvissu um fyrirætlanir hvors annars. Þar að auki voru þetta samskipti sem höfðu að markmiði að raska samkeppni og höfðu þessir stjórnendur í samtölum sínum bæði hvata og tækifæri til þess skiptast á skoðunum um hverskonar málefni sem gátu haft áhrif á samkeppni milli Samskipa og Eimskips í sjóflutningum. Skiptir hér og miklu að í samtímagögnum kemur ekki fram að (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-innanl eða (S)aðaleig-stjform-SH hafi óttast samkeppnisleg viðbrögð Eimskips vegna þessara verðhækkunar sjóflutningsþjónustu í byrjun janúar 2009. Engu breytti þó stjórnandi hjá fyrirtækinu og viðskiptavinir væru mjög ósáttir. Til viðbótar kemur hvergi fram í samtímagögnum að (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl eða (E)forstj hafi íhugað að auka samkeppni og afla nýrra viðskiptavina þegar Samskip stigu fram með þessa miklu hækkun.

4957. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samskipti Samskipa og Eimskips hafi a.m.k. auðveldað eða skapað kjörskilyrði fyrir Samskip að hækka verð verulega í byrjun febrúar 2009. Þetta hafi aukið til muna þau skaðlegu áhrif sem voru til þess fallin að leiða af þessum samskiptum fyrirtækjanna. Þá ber til viðbótar að virða allar verðhækkanir Samskipa og Eimskips eftir mitt ár 2008 til janúar 2009 í einu lagi og verður fjallað um það í næsta kafla.

11.21. Niðurstaða um verðhækkanir eftir fund fyrirtækjanna í júní 2008 til febrúar 2009

4958. Samtímagögn sýna að að verðsamkeppni milli Samskipa og Eimskips var afar takmörkuð á megin rannsóknartímabilinu. Áherslan hjá báðum fyrirtækjunum var á að hækka verð, auka gjaldtöku, draga úr afsláttum og eftir atvikum vinna gegn verðlækkunum. Er þetta staðfest í athugasemdum Eimskips við AI. Þar segir að stefna fyrirtækisins á m.a. árinu 2008 hafi verið að halda þáverandi viðskiptavinum, verja markaðshlutdeild og „ná fram verðhækkunum“.



4959. Í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 viðurkennir fyrirtækið að „*hafa átt í samskiptum og samstarfi við Samskip*“ á m.a. árinu 2008 sem hafi falið í sér „*alvarleg brot*“ gegn 10. gr. samkeppnislaga. Samkvæmt sáttinni fólst hið alvarlega ólögmæta samráð Eimskips og Samskipa í tilteknum aðgerðum sem gripið var til eftir fundinn 6. júní 2008 og höfðu að markmiði að raska samkeppni. Er tekið fram að um hafi m.a. verið að ræða samráð um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu, markaðsskiptingu og samráð um „*álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum*“.
4960. Í athugasemdum Samskipa við AI og AII er að finna verulegt ósamræmi í umfjöllun um samkeppni á íslenska flutningamarkaðnum á rannsóknartímabilinu:
- Annars vegar er dregin upp sama mynd og fram kemur í athugasemdum Eimskips. Samskip hafi neyðst til „*að treysta á „ró” á markaðnum, í stað þess að ráðast í fyrirfram tapað verðstríð*“ við Eimskip. Samskip hafi lagt áherslu á að auka framlegð með verðhækkunum, kostnaðarlækkunum og að sækjast eftir viðskiptum við minni viðskiptavinum. Þá kemur einnig fram í athugasemdum Samskipa að stjórnendur beggja fyrirtækjanna hafi unnið gegn því að fyrirtækin kepptu í verði.
 - Hins vegar staðhæfir fyrirtækið að það hafi „*engan veginn*“ verið „*ró og friður*“ á markaðnum á árunum 2008-2013, heldur hafi þvert á móti ríkt „*virk samkeppni*“ og „*áframhaldandi sókn*“, þar sem Samskip hafi sótt á stóra sem smáa viðskiptavinum Eimskips. Hafi því verið „*mikil samkeppni*“ á markaðnum um „*alla viðskiptavinum*“. Virk samkeppni hafi líka endurspeglast í því að verð viðskiptavina hafi lækkað allt rannsóknartímabilið og hafi verðhækkunar eingöngu fylgt verðbólgu. Hörð samkeppni endurspeglar í því að „*miklar*“ sveiflur hafi átt sér stað í markaðshlutdeild Eimskips og Samskipa.
4961. Er því ekki ljóst hver afstaða Samskipa er í raun varðandi samkeppni á markaði á rannsóknartímabilinu, sbr. einnig umfjöllun fremst í kafla 33. Að því leyti sem Samskip byggja á því að verðsamkeppni hafi verið takmörkuð mótmælir fyrirtækið því að sá skortur á samkeppni hafi stafað af ólögmætu samráði við Eimskip. Fákeppni á flutningamarkaðnum sé ástæða þeirrar takmörkuðu samkeppni.
4962. Samkeppniseftirlitið tekur fram að í glærुकynningunni „*Verkefnið Nýtt upphaf*“ sem [\(E\)frkvstj-alþjvs](#) vistaði 8. júní 2008 og [\(E\)forstj](#) daginn eftir er ekki berum orðum fjallað um verðlagningu Eimskips og Samskipa. Er því ekki tekið fram í henni að Samskip og Eimskip hafi einsett sér að hafa samstarf um hækkun á verði. Gögn frá fyrri hluta ársins 2008 sýna aftur á móti að tilgangur Samskipa með hinu auknu samstarfi við Eimskip var m.a. að draga úr samkeppni og stuðla þannig að hækkun á verði eða vinna gegn verðlækkunum. Í glærुकynningu Samskipa hf. frá 29. janúar 2008 var varað við því að verðstríð kynni að vera framundan þegar samningar við mikilvæga viðskiptavinum myndu losna. Einnig var vísað til þess að aukin samkeppni í landflutningum hefði leitt til verulegrar lækkunar á verði. Í febrúar 2008 komu fram nokkuð skýrar hugmyndir innan Samskipa hf. um aðgerðir sem mögulega væri unnt að grípa til á árinu. Þær fólust m.a. í hækkun á gjaldskrár fyrir fyrirtækisins, fjölgun á gjaldskrárliðum og auknu samstarfi við Eimskip. Gögn frá fyrri hluta ársins 2008 gefa skýrt til kynna að Samskip hafi talið samráð við Eimskip heppilegustu leiðina til að verja og efla stöðu Samskipa hf. sem „*cash cow*“ fyrir Samskip Holding. Til þess að Samskip hf. gæti sinnt því hlutverki þurfti fyrirtækið að vera í þeirri stöðu að geta *annars vegar* hækkað verð eða varist kröfum um verðlækkun og *hins vegar* draga úr kostnaði og gera aðrar breytingar vegna samdráttar í flutningum sem stjórnendur Samskipa töldu mögulegan síðar á árinu 2008.
4963. Vegna m.a. óánægju í garð Eimskips í apríl og maí 2008 tóku stjórnendur Samskipa hf. það til skoðunar í maí og fyrstu dagana í júní 2008 að bregðast við spá um minnkandi eftirspurn eftir flutningum með því að auka samkeppni, fara í markaðssókn og afla sér þannig nýrra viðskiptavina frá Eimskip og Atlantsskipum sem þá voru enn starfandi. Ræddu stjórnendur Samskipa um að „*sækja sterkt*“ og um „*herferð*“ gegn Eimskip.



4964. Öll slík áform um m.a. aukna verðsamkeppni lögðust hins vegar af eftir fund (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 6. júní 2008 og eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í kjölfar fundarins.
4965. Aðgerðir til að hækka eða halda uppi verði voru í eðli sínu í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Þá voru aðgerðir til að hækka eða halda uppi verði afar mikilvægur þáttur í því að stjórnendur Samskipa hf. gætu framfylgt þeim fyrirmælum (S)aðaleig-stjform-SH að verja og efla stöðu félagsins sem „cash cow“ fyrir Samskip Holding.
4966. Eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008 áttu sér stað ítrekuð samskipti milli lykilstjórnenda hjá Samskipum og Eimskip. Auk funda (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)stjform og (E)forstj 6. júní og 25. júlí 2008 skipta hér miklu endurtekin samskipti (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-innanl. Jafnframt skipta máli samskipti undirmanna þessara stjórnenda. Var þannig um að ræða fjölmörg samskipti stjórnenda Samskipa og Eimskips sem báru ábyrgð á verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum í land- og sjóflutningum fyrirtækjanna.
4967. Gögn málsins sýna að eftir 6. júní 2008 unnu þessir sömu stjórnendur fyrirtækjanna (og undirmenn þeirra) að undirbúningi að hækkunum á gjaldskrá, hækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, lækkun eða niðurfelling afsláttá, hækkun á gjöldum og upptöku nýrra gjalda. Var þetta gert samhliða því að sömu stjórnendur áttu annars vegar í samskiptum og hins vegar unnu að framvindu verkþátta sem féllu beint undir „Nýtt upphaf“ verkefnið.
4968. Vegna umfangs samskipta og gagna er í eftirfarandi töflu gefið yfirlit yfir samskipti og samhliða vinnu stjórnenda Samskipa og Eimskips frá 6. júní 2008 og fram til febrúar 2009.
- Í dálkinum „Samskipti“ í töflunni eru taldir upp fundir og samtöl stjórnenda Samskipa og Eimskips og eftir atvikum tölvupóstar á milli þeirra. Taflan sýnir tilvist samskipta en um efni þeirra vísast til umfjöllunar í viðkomandi köflum þessarar ákvörðunar.
 - Í dálkinum „Umfjöllun eða aðgerðir sem féll undir „Verkefnið Nýtt upphaf““ er tilgreint hvaða dag var innan Samskipa og/eða Eimskips fjallað um atriði sem falla beint undir „Nýtt upphaf“ verkefnið eins og því er lýst í glærुकyningunni sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir. Er hér t.d. um að ræða bókun í fundargerð, sendingu á tölvupósti, vistun á glærुकyningu þar sem fjallað er um takmörkun á flutningsgetu og breytingu á siglingakerfi, boðun á fund til ræða slík málefni eða önnur atriði sem gefa til kynna umfjöllun innan viðkomandi fyrirtækis um atriði sem falla undir „Verkefnið Nýtt upphaf“. Er tilgreint hvaða stjórnendur komu að þessu, t.d. með því að vista viðkomandi gagn eða senda, taka við tölvupósti eða með fundarsetu.
 - Í dálkinum „Umfjöllun um verðhækkun“ er tilgreint hvaða dag var innan Samskipa og/eða Eimskips unnið að hvers kyns verðhækkunum, s.s. hækkun á gjaldskrá, verðhækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, takmörkun á afslætti, upptaka nýrra gjalda eða hækkun á fyrirliggjandi gjöldum. Er hér t.d. um að ræða bókun í fundargerð, sendingu á tölvupósti eða vistun á glærुकyningu þar sem fjallað er um verðhækkun, boðun á fund til ræða slík málefni eða önnur atriði sem gefa til kynna umfjöllun innan viðkomandi fyrirtækis um hvers kyns hækkun á verði. Er tilgreint hvaða stjórnendur komu að þessu, t.d. með því að vista viðkomandi gagn eða senda, taka við tölvupósti eða með fundarsetu.
 - Ef unnið var að verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu eða verðhækkunum innan fyrirtækjanna, sama dag og samskipti áttu sér stað, er það tekið fram í yfirlitinu.
 - Yfirliti þessu er ekki ætlað að vera tæmandi um framangreind atriði, eru t.d. ekki öll samskipti tilgreind eða allir starfsmenn sem komu hverju sinni að viðkomandi umfjöllun um „Nýtt upphaf“ verkefni eða hækkun á verði.



Tafla 2: Yfirlit yfir samskipti og samhliða vinnu stjórnenda Samskipa og Eimskips frá 6. júní 2008 og fram til febrúar 2009.

Dagsetning	Samskipti	Umfjöllun eða aðgerðir sem féll undir „Verkefnið Nýtt upphaf“	Umfjöllun um verðhækkun
6.6.2008	Fundur (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH, (E)stjform og (E)forstj		
Eftir 6.6.2008 ²¹⁸²	Fundur (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)stjórnarm-fjármstj, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv		
8.6.2008		(E)frkvstj-alþjsv	
9.6.2008		(E)forstj	
10.6.2008		(S)aðaleig-stjform-SH	
10-13.6.2008	Tölvupóstar milli (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl		
18.-20.6.2008		(E)forstj, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-innanl	
20.6.2008	Samtal (S)forstö-flutnstj og (E)frkvstj-flutnkerf		
23.6.2008	Fundur (S)frkvstj-MCL, (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain		
25.6.2008	Fundur (S)frkvstj-N-Am og (E)forstj Samtal (S)viðskstj og (E)forstj		
27.6.2008		(E)forstj, (E)frkvstj-flutnkerf	(E)forstj, (E)frkvstj-flutnkerf
1.7.2008	Samtal (S)forstö-skiparek og (E)frkvstj-skiparekst	(E)forstö-útfl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl	
2.7.2008	Samtal (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-skiparekst		
3.7.2008	Samskipti (E)frkvstj-flutnkerf við Samskip	(E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstj, (E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-EimÍsl	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl
4.7.2008	Fundur (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl		
6.7.2008		(S)aðaleig-stjform-SH	
7.7.2008		(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-landfl	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstö-landfl (E)forstj, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-innanl
8.7.2008		(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl (E)frkvstj-innanl
9.7.2008	Samskipti Eimskips og Samskipa	(E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstj	
10.7.2008		Eimskip	Eimskip
11.7.2008		(S)forstö-útfl (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl	(S)forstö-útfl
14.7.2008		(S)aðaleig-stjform-SH	(S)aðaleig-stjform-SH

²¹⁸² Fundur á árinu 2008 sem [...] upplýsti um við skýrslutöku hjá lögreglu. Dagsetning fundarins liggur ekki fyrir en ljóst bykir af framburði [...] að fundurinn átti sér stað eftir ákveðið var hjá Samskip og Eimskip að ráðast í „Nýtt upphaf“ verkefnið.



Dagsetning	Samskipti	Umfjöllun eða aðgerðir sem féll undir „Verkefnið Nýtt upphaf“	Umfjöllun um verðhækkun
		(E)forstj, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-skiparekst	(E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-útfl
15.7.2008		(E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl	(E)forstö-innfl, (E)frkvstj-flutnkerf
17.7.2008		(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-flutnstj (E)forstj, (E)frkvstj-alþjssv, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-Eimísl	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1
18.7.2008		(E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-Contain	
21.7.2008	Samskipti (S)aðaleig-stjform-SH við Eimskip	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstö-innfl1
22.7.2008	Samtal (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-flutnstj, (S)aðaleig-stjform-SH (E)forstj, (E)frkvstj-alþjssv, (E)frkvstj-Eimísl, (E)frkvstj-innanl	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 (E)frkvstj-flutnkerf
24.7.2008	Samtal (S)frkvstj-MCL og (E)frkvstj-Contain Tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-JónaM	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-MCL, (S)forstö-flutnstj	
25.7.2008	Fundur (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH og (E)stjform	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-flutnstj (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstj, (E)frkvstj-alþjssv, (E)frkvstj-Eimísl	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv
29.7.2008		(S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-flutnstj (E)forstj, (E)frkvstj-alþjssv	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstö-innfl1 (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-innanl
31.7.2008		(E)forstj	(S)forstö-innfl1 (E)frkvstj-flutnkerf
5.8.2008		(S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstö-flutnstj, (S)forstö-innfl1 (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstj, (E)frkvstj-alþjssv, (E)frkvstj-Eimísl	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstö-innfl1 (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstj, (E)frkvstj-alþjssv, (E)frkvstj-Eimísl
6.8.2008	Samskipti Eimskips og Samskipa	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-MCL, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-flutnstj	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstö-innfl1
8.8.2008		(S)aðaleig-stjform-SH	
8.8.2008			(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1
11.8.2008	Fundur (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl	(S)frkvstj-Silver, (S)aðaleig-stjform-SH	Eimskip
12.8.2008		(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv	Samskip/Eimskip
13.8.2008		(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-flutnstj	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-flutnkerf,



Dagsetning	Samskipti	Umfjöllun eða aðgerðir sem féll undir „Verkefnið Nýtt upphaf“	Umfjöllun um verðhækkun
			(E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-innanl
14.8.2008	Fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl	(S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstö-útfl (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfl
15.8.2008		(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfl	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfl
18.8.2008		(S)forstö-landfl	(S)forstö-landfl
19.8.2008		(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfl	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfl
22.8.2008			Eimskip Samskip
23.8.2008		(E)forstj, (E)forstö-innfl	Eimskip
24.8.2008			(S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfl
25.8.2008		(E)forstj, (E)forstö-innfl	Eimskip
26.8.2008		(E)forstj, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl	(E)forstö-innfl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-innanl
27.8.2008	Samtal (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl		Samskip
28.8.2008	Tölvupóstur (S)forstö-útfl til (E)forstö-útfl	(S)frkvstj-millilandasv	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfl
30.8.2008			(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv
1.9.2008		(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-millilandasv (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstj, (E)frkvstj-EimÍsl	(S)forstö-innfl1, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-millilandasv (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstj, (E)frkvstj-EimÍsl
2.9.2008		(E)forstö-innfl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-innanl	(E)forstö-innfl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-innanl
4.9.2008		(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv (E)forstj, (E)frkvstj-alþjvsv, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)deildstj-útfl1	(S)frkvstj-millilandasv
5.9.2008	Fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl	(S)aðaleig-stjform-SH (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-skiparekst	
6.9.2008		(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv	
7.9.2008		(S)aðaleig-stjform-SH	
8.9.2008	Samtal (S)rekststj-landfl2 og (E)rekststj-landfl	(S)aðaleig-stjform-SH (E)frkvstj-innanl, (E)svæðisstj1	(S)aðaleig-stjform-SH (E)forstö-útfl, (E)frkvstj-EimÍsl



Dagsetning	Samskipti	Umfjöllun eða aðgerðir sem féll undir „Verkefnið Nýtt upphaf“	Umfjöllun um verðhækkun
9.9.2008	Fundur (S)forstö-landfl, (S)rekststj-landfl3, (E)svæðisstj1 og (E)þjstj-Austur Fundur (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv	(E)frkvstj-innanl	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstö-innfl1 (E)forstö-útfl, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-innanl
Milli 9.9.-16.9.2008	Fundir eða samtöl (S)rekststj-landfl3 og (E)þjstj-Austur		
10.9.2008		(E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl	
11.9.2008		(E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl	
15.9.2008		(E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-innanl	(E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-innanl (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfl
16.9.2008			Eimskip
17.9.2008	Fundur (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl		(E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-EimÍsl
18.9.2008	Tölvupóstur (S)frkvstj-innanl til (E)frkvstj-innanl	(E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-EimÍsl	(S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfl
19.9.2008		(S)aðaleig-stjform-SH	(S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfl
21.9.2008		Samskip (S)forstö-flutnstj, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfl	
22.9.2008		Samskip (S)aðaleig-stjform-SH	Eimskip (S)aðaleig-stjform-SH
23.9.2008		(S)aðaleig-stjform-SH	(E)forstö-innfl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-innanl (S)aðaleig-stjform-SH
24.9.2008		Samskip (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl	Samskip (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl (E)frkvstj-flutnkerf
26.9.2008		(E)rekstj-aksturst, (E)svæðisstj1	
28.9.2008		(S)aðaleig-stjform-SH	(S)aðaleig-stjform-SH
30.9.2008		(E)frkvstj-innanl, (E)forstj	(E)frkvstj-innanl, (E)forstö-vörupróun, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv
1.10.2008	Samtal (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl	(S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1	(S)frkvstj-millilandasv
2.10.2008		(E)frkvstj-flutnkerf, (E)svæðisstj1, (E)rekstj-aksturst	
3.10.2008		(S)aðaleig-stjform-SH	
4.10.2008			(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv
5.10.2008	Tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-millilandasv	(S)aðaleig-stjform-SH	(S)aðaleig-stjform-SH



Dagsetning	Samskipti	Umfjöllun eða aðgerðir sem féll undir „Verkefnið Nýtt upphaf“	Umfjöllun um verðhækkun
6.10.2008	Fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl	(S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1	
7.10.2008		(S)frkvstj-millilandasv	(E)forstö-innfl , (E)forstö-útfli
8.10.2008			(S)frkvstj-millilandasv, (S)aðaleig-stjform-SH
9.10.2008		(E)forstö-innfl , (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl	
10.10.2008		(E)forstj, (E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-EimÍsl (S)frkvstj-millilandasv, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstö-útfli, (S)frkvstj-innanl	
11.10.2008		(E)svæðisstj1, (E)frkvstj-innanl	
13.10.2008		(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfli, (S)forstö-flutnstj (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-skiparekst, (E)forstö-flutnstý (S)starfsm, (E)starfsm-flutnstýr1, (E)fulltr.flutnstý	(E)forstö-vörubrúun, (E)frkvstj-innanl (S)frkvstj-millilandasv, (S)aðaleig-stjform-SH
14.10.2008	Tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-millilandasv Tölvupóstur (E)forstö-innfl til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv	(S)frkvstj-millilandasv (E)forstö-innfl , (E)frkvstj-flutnkerf	(E)frkvstj-innanl (S)frkvstj-millilandasv
15.10.2008	Samtal (S)forstö-innfl1 og Eimskips Tölvupóstsamskipti (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutnkerf	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfli (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-flutnstý	
16.10.2008	Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 til (E)forstö-innfl Samtal (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl Fundur (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl	(S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv	(S)forstö-innfl1, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl
17.10.2008		(S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-innanl	(E)forstö-innfl , (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-útfli
19.10.2008			(S)frkvstj-innanl, (S)aðaleig-stjform-SH
20.10.2008	Tölvupóstur (S)frkvstj-millilandasv til (E)frkvstj-flutnkerf	(E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl , (E)frkvstj-EimÍsl	
21.10.2008	Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 til (E)forstö-innfl	(E)forstö-innfl , (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl	
22.10.2008	Fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfli, (S)forstö-flutnstj,	(E)frkvstj-innanl, (E)forstj, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-skiparekst, (E)frkvstj-	



Dagsetning	Samskipti	Umfjöllun eða aðgerðir sem féll undir „Verkefnið Nýtt upphaf“	Umfjöllun um verðhækkun
	(E)frkvstj-innanl og (E)svæðisstj1	flutnkerf, (E)forstö-útfl, (E)deildstj-útfl1, (E)forstö-flutnstý, (E)forstö-útfl (S)forstö-flutnstj, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv	
23.10.2008		(E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-flutnstý, (E)frkvstj-skiparekst, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (E)forstö-útfl	
24.10.2008		(E)deildstj-útfl1	(S)forstö-innfl1 (E)forstö-innfl
27.10.2008			(E)forstö-innfl
28.10.2008	Tölvupóstur (E)forstö-innfl til (S)forstö-innfl1	(S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjórnarm-fjármstj, (S)frkvstj-millilandasv (E)forstö-útfl
29.10.2008	Fundur (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl	(S)forstö-innfl1, (S)forstö-umb.erl, (S)frkvstj-millilandasv
30.10.2008	Símtal (E)fulltr.flutnstý og (S)starfsm Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 til (E)forstö-innfl	(E)starfsm-flutnstýr1 Samskip (S)frkvstj-millilandasv, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstö-skiparek	
31.10.2008		(E)starfsm-flutnstýr1 (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-skiparek, (S)aðaleig-stjform-SH	
2.11.2008		(S)aðaleig-stjform-SH	
3.11.2008	Tölvupóstur (E)frkvstj-flutnkerf til (S)forstö-skiparek	(S)frkvstj-millilandasv, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstö-skiparek	
3.-4.11.2008		(S)forstö-útfl, (S)kostneftirl	(E)frkvstj-innanl, (E)rekstj-aksturst, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-útfl, (E)forstö-vöruþróun
4.11.2008		(E)frkvstj-skiparekst, (E)svæðisstj1	(S)forstö-útfl, (S)forstö-umb.erl, (S)forstö-innfl1
5.11.2008	Tölvupóstur (E)forstö-innfl til (S)forstö-innfl1		
6.11.2008	Samtal (S)frkvstj-VDM og (E)frkvstj-Contain Tölvupóstur (E)forstö-innfl til (S)forstö-innfl1 Tölvupóstur (S)frkvstj-millilandasv til (E)forstö-innfl		
7.11.2008		(E)frkvstj-skiparekst, (E)forstj, (E)frkvstj-alþjsv, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-innanl	Eimskip
8.11.2008		(E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-EimÍsl (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH	
11.11.2008			(S)forstö-landfl, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl



Dagsetning	Samskipti	Umfjöllun eða aðgerðir sem féll undir „Verkefnið Nýtt upphaf“	Umfjöllun um verðhækkun
			(E)frkvstj-EimÍsl
12.11.2008	Samtal (E)frkvstj-skiparekst við Samskip	(E)frkvstj-skiparekst, (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-innfl, (E)forstö-útf, (E)forstö-vörubróun, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstj (S)frkvstj-N-Am, (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv, (S)aðaleig-stjform-SH	(S)forstö-innfl1
13.11.2008		(E)frkvstj-skiparekst, (E)forstj	(E)forstö-vörubróun, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-EimÍsl
14.11.2008			(E)forstö-innfl, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-innanl
19.11.2008		(E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl	
20.11.2008		(E)frkvstj-skiparekst, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-innanl	
24.11.2008		Samskip (S)frkvstj-Færeyj, (S)aðaleig-stjform-SH	Samskip (E)forstö-innfl
25.11.2008		(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv (E)svæðisstj1, (E)frkvstj-skiparekst, (E)deildstj-útf1	(E)forstö-innfl
27.11.2008		(S)frkvstj-millilandasv, (S)aðaleig-stjform-SH	
2.12.2008		(E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-EimÍsl	
4.12.2008	Fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl		
6.12.2008			Samskip
8.12.2008	Samtal (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl	(S)forstö-innfl1	
9.12.2008		(S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv	
10.12.2008		(E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl	
11.12.2008		(S)forstö-innfl1	(E)forstö-vörubróun, (E)frkvstj-flutnkerf
12.12.2008		(E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstj, (E)frkvstj-EimÍsl	
23.12.2008	Fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl	(E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (E)forstj	
24.12.2008		(E)forstj	
29.12.2008	Samtal (E)frkvstj-EimÍsl og (S)forstö-innfl1		
30.12.2008			(S)aðaleig-stjform-SH



Dagsetning	Samskipti	Umfjöllun eða aðgerðir sem féll undir „Verkefnið Nýtt upphaf“	Umfjöllun um verðhækkun
3.1.2009		(E)deildstj-útf1, (E)frkvstj-skiparekst	
5.1.2009			(S)forstö-innfl1 (E)forstö-vörubróun, (E)forstö-innfl
6.1.2009		(E)frkvstj-skiparekst, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf	
7.1.2009	Fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl	(S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstj	(S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv (E)frkvstj-innanl
8.1.2009	Tölvupóstur (E)forstö-innfl og (S)frkvstj-millilandasv		(E)forstj, (E)frkvstj-alþjsv
12.1.2009		(S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjform-S	
19.1.2009			(S)forstö-innfl1, (S)forstö-útf1
20.1.2009	Samtal (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl		(S)forstö-innfl1, (S)forstö-útf1, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv
22.1.2009			(S)forstö-innfl1
30.1.2009		(E)frkvstj-skiparekst, (E)forstj, (E)deildstj-útf1, (E)svæðisstj1	

4969. Voru þetta samskipti lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips sem fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga þar sem „Nýtt upphaf“ verkefnið hafði það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Ástæða þess að „Nýtt upphaf“ verkefnið hafði það að markmiði að raska samkeppni var ekki einungis sú að það laut að markaðsskiptingu, takmörkun á flutningsgetu og hagnýtu samstarfi í kjarnastarfsemi Samskipa og Eimskips. Í því verkefni var einnig gert ráð samvinnu og upplýsingaskiptum um afar viðkvæma samkeppnisþætti fyrirtækjanna. Í sjóflutningum átti að gera „greiningu á skipanýtingum brotið niður á hafnir í inn- og útflutningi.“ Jafnframt átti að stilla upp möguleikum þar sem ávinningur væri af því að skiptast á slottum og meta „hagræði félaganna að gangast í slíkt samstarf“. Einnig ætluðu Samskip og Eimskip að „endurskoða siglingakerfi félaganna“ með það að markmiði að lágmarka kostnað. Í landflutningum áttu Samskip og Eimskip að „kostnaðargreina“ helstu flutningaleiðir og meta saman „hvar ójafnvægi er í hvoru kerfi fyrir sig“. Viðræðum keppinautanna um verkþætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins var þannig beinlínis ætlað að taka til trúnaðarupplýsinga sem hafa mikla þýðingu varðandi verðmyndun og verðákvarðanir.
4970. Í samtölum og á fundum þessara lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips, sem sannað er að fóru fram og tóku a.m.k. til framkvæmdar á verkþáttum sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið, höfðu þessir stjórnendur ástæðu, hvata og tækifæri til umræðna um hvers konar atriði sem gátu haft áhrif á verðákvarðanir þessara fyrirtækja sem saman voru með yfirburða markaðshlutdeild á flutningamörkuðum hér á landi. Þá skiptir máli að umræður og aðgerðir sem miðuðu að því að hækka eða halda uppi verði voru í samræmi við bæði markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins og aðgerðir til að verja og efla Samskip hf. sem „Cash Cow“. Þar að auki voru þessi samskipti sem slík til þess fallin að draga úr sjálfstæði þessara keppinauta og minnka æskilega óvissu um fyrirætlanir hvors annars.
4971. Gögn málsins sýna að eftir 6. júní 2008 hafi þessir sömu stjórnendur fyrirtækjanna (og undirmenn þeirra) unnið að undirbúningi að hækkunum á gjaldskrá, hækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, lækkun eða niðurfelling afsláttá, hækkun á gjöldum og upptöku nýrra gjalda. Eins og



yfirlitið dregur fram var þetta gert samhliða því að sömu stjórnendur áttu annars vegar í samskiptum og hins vegar unnu að framvindu verkþátta sem féllu beint undir „Nýtt upphaf“ verkefnið.

4972. Undirbúningur ýmissa verðhækkana Samskipa og Eimskips hófst í kjölfar fundar fyrirtækjanna 6. júní 2008. Unnið var að þessu sumarið 2008. Í ágúst og september 2008 hækkuðu bæði fyrirtækin verð og héldu síðan áfram undirbúningi og framkvæmd á ýmiskonar tegundum af verðhækkunum. Frá miðju ári 2008 var um að ræða aðgerðir sem fólu í sér undirbúning og hækkun á gjaldskrá og þjónustugjöldum. Sömuleiðis var um að ræða sértækar hækkanir gagnvart stórum viðskiptavinum og verðhækkanir á flutningum af tekjumiklum vörflokkum, eins og innflutningi á dagvöru og útflutningi á áli og sjávarafurðum. Tekin voru upp ný gjöld gagnvart viðskiptavinum, afslættir felldir niður eða lækkaðir og samráð við álagningu á olíugjaldi. Á sama tíma og unnið var að framangreindum verðhækkunum héldu lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips áfram viðræðum.
4973. Það er sammerkt með þessari atburðarrás, sem hófst eftir fundinn 6. júní 2008, að í samtímagögnum stjórnenda Samskipa og Eimskips er hvergi að finna ótta við samkeppnisleg viðbrögð helsta keppinautarins þegar verðhækkanir voru undirbúnar eða framkvæmdar. Breytti engu þó sumar hækkanirnar væru það miklar að þær vektu sterk viðbrögð hjá undirmönnum umræddra lykilstjórnenda og mikilvægum viðskiptavinum.
4974. Í samræmi við framangreint er heldur ekki að finna í samtímagögnum viðkomandi stjórnenda Samskipa og Eimskips umræðu eða undirbúning að því að nýta sér óánægju viðskiptavina helsta keppinautarins með verðhækkanir í því skyni að afla sér nýrra viðskipta með samkeppni.
4975. Eftir 6. júní 2008 komst þannig á það ástand á íslenska flutningamarkaðnum að Samskip og Eimskip gátu undirbúið og framkvæmt víðtækar verðhækkanir án ótta um viðbrögð hvors annars.
4976. Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga er ætlað að tryggja að samkeppnisaðilar hegði sér með sjálfstæðum hætti á markaði og taki ákvarðanir upp á eigin spýtur. Í ákvæðinu felst þannig bann við hvers konar beinum og óbeinum samskiptum milli keppinauta sem draga úr óvissu fyrirtækjanna um hegðan keppinauta þeirra með þeim afleiðingum að samkeppni er raskað. Fákeppnismarkaðir eru sérstaklega viðkvæmir fyrir hvers konar samskiptum og samstarfi keppinauta þar sem auðveldara er að viðhafa samráð eða samkeppnishamlandi samhæfingu við slíkar aðstæður og því enn ríkari ástæða til að standa vörð um sjálfstæða ákvarðanatöku keppinauta og þá samkeppni sem ríkt getur á markaðnum þrátt fyrir fákeppnina. Við túlkun 10. gr. samkeppnislaga ber einnig að hafa í huga að keppinautar geta dregið úr verðsamkeppni sér til hagsbóta með margvíslegum hætti. Dómstólar ESB hafa t.d. staðfest þá niðurstöðu framkvæmdastjórnar ESB að regluleg samskipti keppinauta hafi skapað gagnkvæma vissu um verðáform þeirra („*create a climate of mutual certainty as to their future pricing policies*“) og óþarfi hafi því verið fyrir keppinautana að sammælast um einstakar verðbreytingar.²¹⁸³ Vísast um þetta einnig til dóms Hæstaréttar Íslands frá 1. desember 2016 í máli nr. 360/2015.
4977. Framangreind umfjöllun gefur skýra mynd af þeirri atburðarás sem tengdist ákvörðunum fyrirtækjanna um að halda uppi eða hækka verð eftir að samráðsverkefni fyrirtækjanna hófst og fram í ársbyrjun 2009. Samráðsverkefnið hófst sem áður segir 6. júní 2008 með fundi forstjóra og stjórnarformanna fyrirtækjanna, (E)forstj, (E)stjform, (S)aðaleig-stjform-SH og (S)aðaleig-stjform-SH. Þeir (S)aðaleig-stjform-SH, (S)aðaleig-stjform-SH og (E)stjform funduðu síðan aftur 25. júlí 2008. Í millitíðinni höfðu undirmenn þeirra, framkvæmdastjórar og lykilstarfsmenn Samskipa og Eimskips átt í samskiptum og hist á fundum. Unnu fyrirtækin síðan samhliða að framgangi annarra verkþátta „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Undirbúningur verðhækkana Samskipa og Eimskips hófst í kjölfar fundarins 6. júní 2008 og er aðkoma (S)aðaleig-stjform-SH og (E)forstj að áformum um og

²¹⁸³ Sjá mgr. 72 í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli nr. m.a. IV/33.708. Staðfest með dómi undirréttar ESB 12.07.2001 í máli nr. m.a. T-202/98, Tate & Lyle gegn framkvæmdastjórninni, EU:T:2001:185. Dómur undirréttarins staðfestur með dómi dómstóls ESB 29.04.2004 í máli nr. C-359/01, EU:C.2004:255.



undirbúning verðhækkana fyrirtækjanna skýr. Eru samtímagögn afar skýr um að fundur fyrirtækjanna 6. júní 2008 markaði nýja stefnu hjá fyrirtækjunum.

4978. Á tímabilinu júní 2008 til janúar 2009 áttu umræddir framkvæmdastjórar og lykilstarfsmenn, (S)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-flutnkerf, (S)forstö-innfl1, (E)forstö-innfl, (S)forstö-útfli og (E)forstö-útfli í ítrekuðum samskiptum. Samhliða samskiptunum unnu þeir að undirbúningi og framkvæmd verðhækkana. Af samtímagögnum verður skýrt ráðið að verðhækkun annars fyrirtækisins fól ekki í sér viðbrögð þess við verðhækkun hins fyrirtækisins, enda hófst undirbúningur þeirra á sama tíma og löngu áður en tilkynnt var um fyrstu verðhækkun eftir upphaf samráðsverkefnisins. Þá var verðhækkun fyrirtækjanna mikil að umfangi og skörp.
4979. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samskipti Samskipa og Eimskips hafi a.m.k. auðveldað eða skapað skjólskyldu fyrir verðhækkunum á framangreindu tímabili. Þetta hafi aukið til muna þau skaðlegu áhrif sem voru til þess fallin að leiða af þessum samskiptum fyrirtækjanna. Þegar horft er á samskiptin og verðaðgerðir fyrirtækjanna í heild sinni dregst upp enn skýrari mynd af hinni ólögumætu háttsemi.
4980. Í tilefni af athugasemdum Samskipa skal tekið fram að hin ólögumæta háttsemi laut ekki að því að fyrirtækin hefðu sammælt um hverja og eina verðhækkun fyrir sig, þ.e. á fundum eða í öðrum samskiptum lykilstjórnenda. Samkeppniseftirlitið áréttar að þegar (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfli og (S)frkvstj-innanl hittust á fundum eða ræddu saman í síma var um að ræða bein samskipti stjórnenda Eimskips og Samskipa sem báru ábyrgð á siglinga- og landflutningakerfum, verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum í flutningum fyrirtækjanna. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að í reglubundnum samskiptum fyrirtækjanna á m.a. árinu 2008 hafi átt sér stað ólögumætt samráð sem miðaði m.a. að skapa skjólskyldu til að hækka verð eða vinna gegn verðlækkun. Voru samskipti umræddra lykilstjórnenda Eimskips og Samskipa einnig í eðli sínu til þess fallin að draga úr óvissu og sjálfstæði þessara keppinauta sem samanlagt voru með yfirburða markaðshlutdeild í sjóflutningum til og frá Íslandi og í landflutningum.
4981. Eftir því sem bein samskipti eins og þessi verða tíðari, reglubundnari og víðtækari aukast líkur á að þau dragi úr óvissu fyrirtækjanna um hegðun keppinautanna en sú óvissa er ein af meginforsendum þess að óheft verðsamkeppni geti átt sér stað á markaði. Regluleg samskipti og samráðsverkefni Eimskips og Samskipa eftir mitt ár 2008 skapaði þannig gagnkvæma vissu fyrirtækjanna um verðáform þeirra, þar sem var eins og áður segir óþarfi að sammælast nákvæmlega um einstakar verðbreytingar eða nákvæma tímasetningu þeirra.
4982. Þannig gerði samráð Samskipa og Eimskip, eftir mitt ár 2008, fyrirtækjunum kleift að halda uppi eða hækka verð og tók samráðið til álagningar og afsláttarkjara í flutningsþjónustu og miðlunar á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum. Í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 viðurkennir fyrirtækið að hafa á rannsóknartímabilinu átt í samskiptum og samstarfi við Samskip sem hafi falið í sér alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Nánar tiltekið viðurkennir Eimskip að brot þess hafi falið í aðgerðum sem hafi verið gripið til eftir fund þess með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærुकyningu Eimskips frá 9. júní 2008. Í þessu fólst samráð við Samskip m.a. um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningsþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum, sbr. tl. 1.3. í 1. gr. sáttarinnar. Er sú viðurkenning í samræmi við samtímagögn.
4983. Ber að hafa í huga að samráð Samskipa og Eimskip hafði það að markmiði að raska samkeppni óháð því hvort samráðið hafði í reynd áhrif á endanlegt söluverð til viðskiptavina. Þótt áhrif á verð hafi ekki úrslitabýðingu hér skal á hinn bóginn áréttað að fjölmörg samtímagögn sýna að samráð fyrirtækjanna gerði þeim ítrekað kleift að halda uppi og hækka verð gagnvart viðskiptavinum.

